# Einar Arnórsson - Réttarsaga Alþingis (1945)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

EINAR ARNÓRSSON

# RÉTTARSAGA ALÞINGIS

REYKJAVÍK
ALÞINGISSÖGUNEFND GAF ÚT
1945

# RÉTTARSAGA ALÞINGIS

EINAR ARNÓRSSON

# RÉTTARSAGA ALÞINGIS

REYKJAVÍK
ALÞINGISSÖGUNEFND GAF ÚT
1945

RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

# FORMÁLI

Rit það, sem hér er nú birt og *Réttarsaga Alþingis* heitir, er með nokkuð sérstökum hætti. Er fyrst réttarsaga þingsins frá öndverðu og til 1930 með efnisyfirliti, eins og venja er til. Síðan kemur í *Viðauka* greinargerð um breytingar þær, sem á skipun þingsins hafa orðið síðan 1930 og til þess er stjórnarskrá nr. 33/1944 kom út. Fylgir þeirri greinargerð einnig efnisyfirlit. Er blaðsíðutali hins eldra hluta ritsins þó áfram haldið. Slík bókgerð sem þessi, að sinn hluti bókar hafi sitt efnisyfirlit hvor og annað inni í riti milli texta þess, er einstæð, og verður að skýra mönnum, hvernig á því stendur.

Um fyrra hlutann, *réttarsögu Alþingis frá upphafi þingsins og til 1930,* er þessi greinargerð: Það er að minnsta kosti nærri lagi, að Alþingi hið forna hafi verið fyrst háð *árið 930,* enda þótt ekki verði það ákveðið með fullri vissu, en það hefur verið alllengi haldið, að svo hafi verið. Fyrir því var það talið, *að Alþingi ætti 1000 ára afmæli árið 1930.* Og sízt er upphafsár Alþingis hins forna talið 930 með lakari rökum en upphafsár Íslandsbyggðar, sem sett hefur verið 874. En á ársetningu þessari hvíldi *1000 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1874,* eins og alkunnugt er. Þessi tvö upphafsár undirstöðuatburða landssögunnar eru nú orðin svo föst í vitund almennings, að þeim verður naumast haggað.

Á Alþingi árið 1922 var þegar farið að hugsa fyrir hátíðahaldi í minningu 1000 ára afmælis Alþingis. Meðal annars var þá samþykkt ályktun þess efnis, *að skrá skyldi sögu þingsins,* auk staðfræði þess og greinagerða um meðferð ýmissa þjóðmála á Alþingi. Var þá og ráðinn ritstjóri, er standa skyldi fyrir verkinu, þar á meðal ráða menn til þess að rita einstaka þáttu þess, er ritstjórinn skyldi ekki sjálfur semja.

Þann 9. jan. 1924 gerði ritstjórinn samning við mig undirritaðan um það, að ég skyldi skrifa *réttarsögu Alþingis* hins forna frá upphafi og til loka 18. aldar, er það var lagt niður. Var rit það áætlað um 20 arkir í 8 blaða broti og átti að vera búið til prentunar ekki síðar en í árslok 1927. Tók ég síðan að vinna að riti þessu eftir föngum. Síðla ársins 1928 mun ritstjórinn hafa farið þess á leit við mig, að ég tæki einnig að mér samningu réttarsögu Alþingis eftir að það var endurreist og allt til 1930, eða á tímabilinu 1845 til 1930. Og varð það að ráði 9. jan. 1929, að ég tæki einnig að mér skráningu réttarsögu þingsins þetta tímabil, enda þótt það væri mér heldur óhægt vegna ýmissa annarra starfa, er ég hafði á hendi þau árin, enda mátti tíminn ekki naumari vera. Var viðbót þessi áætluð um 15 arkir, enda skyldi allt ritsafnið, þar á meðal réttarsaga þingsins, vera svo tímanlega fullgert til prentunar, að það gæti komið út fyrir Alþingishátíðina, sem ráðið var að halda síðla júnímánaðar 1930. Vann ég síðan að þessum hluta réttarsögunnar árið 1929 og fram á árið 1930. Hófst prentun réttarsögunnar þegar eftir nýár 1930, enda var verkinu svo snemma ársins lokið af minni hendi, að prentun varð og lokið á því fyrir Jónsmessu (24. júní) 1930, er Alþingishátíðin hófst. En svo hafði verið til ætlazt, að annar maður skyldi rita formála fyrsta bindis Alþingisritsins, sem vera átti réttarsagan, nokkuð rækilega um goðorð á Íslandi. En sá formáli var aldrei skráður, svo að réttarsagan var ekki gefin út þá, og reyndar ekkert annað af ritsafni því, sem áður er getið. Rit mitt lá síðan fullprentað full sjö ár í lausum örkum hjá bókbindara, nema hvað sjálfur fékk ég 30 heft eintök með óáprentaðri kápu, sem flest gengu til nokkurra manna, sem mér þótti hlýða að senda ritið. Auk þess mun nokkrum fræðimönnum og námsmönnum í háskólanum hafa tekizt að ná í á þessu sjö ára bili nokkur eintök af ritinu.

Forstöðumanni ríkisprentsmiðjunnar mun ekki hafa þótt sama, að ritið lægi með þessum hætti gleymt og grafið, enda kostnaður allur af útgáfu þess ógoldinn. Fyrir því var það af ráðið seint á árinu 1937, að láta ritið koma fyrir almennings sjónir. Samdi ég þá, að tilhlutun áðurnefnds forstöðumanns

ríkisprentsmiðjunnar, stuttan formála, dagsettan í desember 1937, sem ekki á nú alls kostar við, fyrir ritinu. Er þá sögu fyrra hlutans lokið að sinni.

Um *Viðaukann*, tímabilið 1930 til 1944, er sú greinargerð, sem nú segir: Þann 8. marz 1943 voru liðin 100 ár síðan tilskipunin um stofnun ráðgjafarþings kom út. Samkvæmt tilskipun þessari var svo Alþingi endurreist, eða svo erum vér vanir að kalla það, en fyrsta sinni kom hið endurreista Alþingi saman *1. júlí 1845*. Þann dag í ár voru því liðin 100 ár frá fyrsta samkomudegi hins endurreista Alþingis. Alþingi 1943 gerði ályktun um það, að nú skyldi bæta það, er ekki hafði orðið að framkvæmdum í minningu 1000 ára afmælisins. Mun formaður nefndar þeirrar, er skipuð var til að standa fyrir þeim framkvæmdum og nú er einnig ritstjóri þess ritsafns, sem koma skal, gera nánari grein fyrir þeim ráðum og framkvæmdum á sínum stað og sínum tíma. Hér skal þess einungis geta, að svo réðst, að ég skyldi semja greinargerð um þær breytingar, sem orðið hefðu á skipun Alþingis frá 1930 til 1944. Og eru þær greindar í Viðauka þess rits, sem fullbúið var 1930. Þótti hentara að skeyta Viðauka þessum aftan við réttarsögu Alþingis 930—1930 en að hafa hann einhvers staðar sérstakan í ritsafni þessu. Af auðsæjum ástæðum varð að gera sérstakt efnisyfirlit yfir Viðauka þenna. En með því að blaðsíðutal í Viðaukanum tekur við og heldur áfram, eftir að efnisyfirliti tímabilsins 930—1930 lýkur, þá ætti þessi tilhögun ekki að valda óþægindum, þeim er vitna kynnu í ritið eða þær tilvitnanir kynnu að nota.

Benedikt skjalavörður Sveinsson hefur lesið eina próförk af fyrra hluta ritsins, en dr. Björn Þórðarson fyrrv. forsætisráðherra af Viðaukanum. Kann ég þeim báðum þakkir fyrir.

Reykjavík, 25. okt. 1945.

EINAR ARNÓRSSON

# I Forspjall.

1. gr.

## Gerð grein fyrir efni.

I. Ritgerð sú, er hér fer á eftir, á að geyma *réttarsögu* Alþingis hins forna. Er þar með sagt, að lýsa skuli þeim *réttarákvæðum*, sem um Alþingi hið forna giltu, og hvernig þeim hafi verið fylgt. Utan við efnið liggur þá greinargerð um viðburði þá, er á Alþingi ár hvert hafi gerzt (viðburðarsaga Alþingis), og rannsókn á *sögustöðum* þess (Þingvelli o. fl.), að öðru en því, er beinlínis kynni að veita fræðslu um réttarákvæðin. Þó virðist sjálfsagt að lýsa nokkuð bæði *aðdraganda* að *stofnun* hins forna Alþingis og *niðurlagningu* þess.

II. Alþingi hið forna var háð árlega, eða nær því, frá 930—1800. Á þessum öldum verða gagngerðar breytingar á skipun þingsins og störfum. Þessu er því eigi hentugt að lýsa í einu lagi. Verður því að skifta réttarsögu þingsins í kafla, er miðaðir sé við tímabil þau, er sömu eða svipaðar reglur giltu um skipun þingsins og störf. Sú breyting á Alþingi, sem gagngerðasta má telja, verður þegar landið kemst undir konung árin 1262—1264 og þegar hin nýja skipun Járnsíðu komst á, 1271. Þá falla úr gildi hinar fornu reglur Grágásar, sem gilt höfðu um þingið meginhluta lýðríkistímans. Skipun þingsins og störf breytast verulega. Réttarsögu Alþingis hins forna verður því að skifta í tvo meginkafla:

A. Tímabilið 930—1262 (1271), og

B. Tímabilið 1271—1800.

Það verða að vísu nokkrar breytingar á skipulagi Alþingis á fyrra tímabilinu, svo sem stofnun fjórðungsdóma og fimtardóms og ef til vill fleiri. En samt mun yfirlitsgleggra að lýsa Alþingi á þessu tímabili í einum þætti og rekja hvert atriði frá upphafi til enda, eftir því sem kostur er á.

Þótt nokkrar breytingar yrði á skipun Alþingis og störfum á tímabilinu 1271—1800, þá virðist ekki ástæða til þess að skifta sögu þess á þessu tímabili í kafla með sama hætti sem sagt var um tímabilið 930—1800. Að vísu var aukið við dómstóli á Alþingi 1593 (24 manna dóminum, yfirréttinum), en stofnun hans breytti svip þingsins ekki svo verulega, að skifting sögunnar verði á henni byggð, enda hélzt þingið óbreytt að öðru leyti. Lögrétta hættir að gera samþyktir með lagagildi um 1700, en þingið breytist ekki heldur svo verulega við það, að ástæða sé til að skifta sögu þess í kafla, er miðaðir sé við það ár. Og breytingar þær, sem á skipun þingsins verða á 18. öld, fara aðallega í þá átt að fækka þingsóknarmönnum, en það var afleiðing af hinum nýju dómsköpum, er lögboðin voru hér á fyrra hluta 18. aldar.

III. Það kann að orka nokkuð tvímælis, *hvaða stofnunum og störfum* lýsa skuli í réttarsögu Alþingis hins forna. Um þetta virðist það öllu eiga að ráða, hvaða stofnanir og hvaða störf þjóðin taldi til hugtaksins *Alþingis*. Í fornöld, 930—1262 (1264) er ekki efi á því, að *lögréttan* og *lögberg* var á Þingvelli og það, er á þessum stöðum gerðist, var talið til athafna Alþingis. Sama var að segja um dómstóla þá, er á Þingvelli sátu, bæði um þann dómstól, er þar hefur verið fyrir 965, *fjórðungsdómana* og *fimtardóminn*. Enn var *prestadómur*, en heyja skyldi hann „í kirkju á Alþingi“[1]). Eftir því er ljóst, að löggjafinn hefur talið prestadóm til Alþingis með sama hætti sem t. d. fimtardóminn. Enn síðar var *yfirréttinum* bætt við.[2]) Það var að vísu ekki boðið að heyja dóm þenna á Þingvelli, heldur á einhverjum „hentugum stað og tíma“, en sú venja komst þegar á, að dómur þessi var háður á Þingvelli og virðist hafa verið talinn einn hluti þingsins, enda var hann niður lagður um leið og „lögþingin“, með tilsk. 11. júlí 1800 1. gr. Af því að yfirrétturinn var haldinn á Þingvelli og virðist hafa verið skoðaður hluti þingsins eins og lögrétta, virðist eiga að lýsa honum hér. Aftur á móti kann að vera öðru máli að gegna um *prestastefnurnar*. Meðan biskupsstólar voru tveir, hélt hvor biskup sína prestastefnu. Hólabiskup hafði árlega fund með

1) Grg. Ia 21, II 25 o. fl.
2) Kgsbr. 27. marz 1563 og 6. des. 1593.

sínum prestum norðanlands, oft á Flugumýri, en Skálholtsbiskup einhvers staðar í sínu biskupsdæmi, oft á Þingvelli. En þó voru prestastefnur fyrrum oft haldnar annarstaðar, svo sem í Skálholti, Miðdal í Laugardal og víðar. En frá því 1640 og síðan var það föst venja, að Skálholtsbiskupar héldu prestastefnur sínar á Þingvelli, enda var það beinlínis lögmælt í erindisbréfi biskupa 1. júlí 1746, 24. gr., að prestastefnu Skálholtsbiskupsdæmis skyldi árlega heyja þar. Prestastefnurnar hafa þó ef til vill ekki verið taldar hluti Alþingis, eins og lögrétta og yfirréttur. Prestastefnunum var t. d. ekki sérstaklega ráðstafað, þegar Alþingi var lagt niður. Samt sem áður verður að minnast á prestastefnur þessar þegar skrá skal réttarsögu Alþingis hins forna, því að án þess er ekki full lýsing þeirra starfa, sem fram fóru á Þingvelli á þingtímanum.

Jafnframt því sem lýsa skal stofnunum þeim, sem til Alþingis teljast, verður að geta starfa þeirra, sem þar voru unnin, hver þau voru og hvernig þau skyldi fram fara. Því verður t. d. að skýra það, hvernig lög hafi verið sett og hvernig dómar hafa verið skipaðir. Um dómsstörfin er þó þess að gæta, að *rækileg* skýring á réttarfarsreglum þeirra tíma mundi verða of umfangsmikið verk í þessu sambandi og taka of mikið rúm. Það eitt verður tekið, er nauðsynlegt þykir til þess að gefa nokkurn veginn glöggva hugmynd um það, hvernig dómstörfin hafi farið fram.

IV. Alþingi hinu nýja (1845—1930) verður með sama hætti lýst í II. þætti þessa rits, fyrst aðdraganda þess og skipulagi. Verður að greina sögu þess í tvö tímabil: Ráðgjafarþingin (1845—1873) og löggjafarþingin síðan 1875 og til 1930. Jafnvel þó að landið fengi viðurkennt fullveldi sitt með sambandslögum 30. nóv. 1918, þá breyttist ekki fyrir það *skipun* þingsins. *Verksvið* þess varð vitanlega rýmra en áður var, en það skifti ekki máli um skipun þess.

## 2. gr.

## Aðdragandi og upphaf Alþingis.

I. Ísland byggðist, svo sem kunnugt er, að mestu leyti úr Noregi á ofanverðri 9. og öndverðri 10. öld. Segir Ari fróði, að

á sex tigum vetra yrði landið fullbyggt „svá at eigi varð meirr síðan“[1]). Þetta sextiu ára bil (frá c. 870—930) hefur verið nefnt landnámsöldin. Landnámsmenn voru flestir norskir að uppruna. Þeir hafa haft með sér út norskan átrúnað, norskar venjur og norska réttarvitund. Noregur hafði til upphafs landnámsaldar verið skiftur í mörg smáriki, og var konungur yfir hverju. Konungur var foringi í ófriði og voru menn skyldir að verja land með honum,[2]) en ekki til herfarar úr landi. Líklega hafa smákonungarnir norsku líka staðið fyrir hofum og blótum, að minnsta kosti sumstaðar. Þar á móti munu þeir hvorki hafa sett lög né dæmt mál manna. Það gerðu þingin, sem haldin hafa verið árlega, og stundum oftar, í hverju þessara smárikja. Landnámsmennirnir íslenzku hafa flestir verið aldir upp við þetta skipulag, að minnsta kosti hinir eldri þeirra.

Þess var ekki að vænta, að nokkur ríkisskipun gæti þegar komizt á á Íslandi á fyrra hluta landnámsaldar. Landnámsmenn komu dreifðir til landsins og festu byggð eftir því sem bezt gekk. Í skjóli flestra hinna ríkari og göfgari landnámsmanna komu margir með þeim, frændur þeirra og vinir, leysingjar og svo mansmenn. Mörgum þessara manna gáfu þeir land í landnámi sínu. Má hér nefna til dæmis Skalla-Grím og Auði djúpauðgu. Auk þessa var það al-títt, að landnámsmaður, sá er fyrir var, gaf eða seldi ýmsum, er síðar komu til landsins, land í landnámi sínu. Með þessum hætti hafa sveitir landsins smám saman byggzt. Milli sveitarmanna hefur hafizt félagsskapur með ýmsum hætti. Menn höfðu fyrst og fremst langflestir sama átrúnað. Þess vegna hafa þeir komið saman til þess að þjóna guðum sínum. Hof hafa verið reist og menn héldu blótveizlur í félagi. Oft hefur sá staðið fyrir þessum athöfnum, sem elztur var landnámsmaður og göfgastur. Og oft hefur forstaða sveitar gengið í arf til niðja þess manns eða tengdasona. En allt af hefur þessu þó ekki verið svo farið. Aðrir menn í byggðinni eða utan hennar, sem framgjarnari voru, voldugri eða auðugri, hafa stundum náð mannaforráði undan þeim, sem áður höfðu þau, eða niðjum þeirra. Sam-

1) Íslendingabók 3. kap.
2) Sbr. Egilssögu 3. kap.

heldni sveitarmanna kom fram í því, að þeir vörnuðu aðkomumönnum vistar í takmarki sínu og hrundu í félagi af sér árásum af hálfu utansveitarmanna. Sveitarhöfðinginn hefur haft forstöðu sveitunga sinna um þessi mál. Svo hefur honum og verið skylt að setja niður deilur sveitunga sinna. Frásögn Eyrbyggju um Þórólf Mostrarskegg virðist yfirleitt staðfesta þetta.[1]) Sennilegt er, að sumstaðar hafi þing verið snemma háð til þess að setja mál manna. Svo mætti vera, að menn hafi sett sér einhverjar reglur til að fara eftir á þingum þessum, en mestmegnis hafa menn þó haldið sér við þær réttarhugmyndir og siðferðishugmyndir, sem þeir höfðu með sér frá Noregi. Eyrbyggjasaga[1]) segir t. d. frá fyrirmælum, er Þórólfur Mostrarskegg hafi sett um hofhald, blótveizlur, eiða og þinghelgi.

Frásagnir eru einungis til um tvö þing á landnámsöld. Annað þeirra var Þórsnessþing. Það setti Þórólfur Mostrarskegg, líklega fyrir 900, „með ráði allra sveitarmanna", og er það kallað „héraðsþing"[2]). Á þessu þingi hafa menn getað gert samþykktir og dæmt mál, er varnaraðili átti heima þar í sveit. Allir munu á það sáttir, að þingið í Þórsnesi hafi einungis verið héraðsþing Breiðfirðinga.

Hitt þingið, sem sögur fara af, og sett var á landnámsöld, var Kjalarnessþing. Setti það Þorsteinn Ingólfsson, Arnarsonar landnámsmanns, og höfðingjar þeir, „er að því hurfu" með honum[3]). Því hefur verið haldið fram af einum fræðimanni, að Kjalarnessþing hafi verið og talið sig vera allsherjarþing landsins[4]). Engin grein þess er þó gjörð, hvort Kjalarnessþing hafi verið allsherjar *löggjafarþing* eða *allsherjardómþing* eða hvorttveggja. Líklegt mun, að einungis sé átt við *dómþing*. Þangað til Alþingi var sett höfðu menn *ekki* ein lög, eftir frásögn Ara fróða, því að hann segir, að þá og ekki fyrr hafi menn haft *ein* lög í landi hér eftir að Alþingi var sett. Ef Kjalarnessþing hefði verið allsherjarlöggjafarþing Íslands, þá

1) Eyrbyggja 4. kap.
2) Eyrbyggja s. st., Landnáma II. 12. kap. (Sig Kr.).
3) Íslendingabók Ara 3. kap. Melabók.
4) Björn M. Olsen Germanistische Abhandlungen zum LXX Geburtstag K. v. Maurers bls. 127—131.
5) Íslendingabók 2. og 3. kap.

hefði eigi þurft annars slíks þings: Þá mundi sennilega hafa verið sagt, að þetta þing hefði verið *flutt* af Kjalarnesi og þangað sem það var haldið síðar.

En þó að Kjalarnessþing væri ekki allsherjarlöggjafarþing Íslands, þá mætti vera, að það hefði verið dómþing alls landsins. Í öndverðu hefir Kjalarnessþing alls ekki heldur verið dómþing alls landsins. Samkvæmt frásögn Ara fróða[1]) setti Þorsteinn þing á Kjalarnesi og „höfðingjar þeir, er at því hurfu". Þessir höfðingjar voru Helgi bjólan og Örlygr gamli, sem báðir bjuggu á Kjalarnesi, og ef til vill einhverir fleiri. Því má ganga að því vísu, að ekki hafi nema *nokkrir* af höfðingjum landsins um 900 „horfið" að Kjalarnessþingi. Þessvegna hefur það ekki verið allsherjardómþing á Íslandi í öndverðu. Þetta verður enn ljósara, þegar borin er saman frásögn Ara af stofnun Alþingis við frásögu hans af setningu Kjalarnessþings. Ari segir, að Alþingi hafi verið sett að ráði *allra* landsmanna, en Kjalarnessþing settu að eins *nokkrir* höfðingjar.

En þó að Kjalarnessþing hafi ekki verið dómþing alls landsins í upphafi, þá mætti hugsast, að það hafi orðið það síðar, því að menn gátu vanizt á að leggja þangað mál sín. Þingið hefði getað dæmt mál utanþingsmanna, ef þeir komu sér saman um að leggja þau þangað, og svo er ekki óhugsandi, að Kjalarnessþing hefði orðið venjuhelgað allsherjardómþing Íslands. Og svo gátu höfðingjar bæzt í þinglög eftir samkomulagi við þá, sem fyrir voru. Ef Kjalarnessþing hefur verið sett um 900, þá hefir það staðið nægilega lengi, þegar Alþingi var stofnað, til þess að það gæti verið orðið Allsherjdómþing. En margt mælir því þó í gegn, að svo hafi verið. Stofnun Alþingis vegur þyngst á metunum. Ef menn hefði haft allsherjardómþing á Kjalarnesi, þá lá næst að gera það þing einnig að alþjóðar-löggjafarþingi, í stað þess að fara að stofna nýtt þing á nýjum stað. Auk þess verður að athuga það, að landið var enn að byggjast lengi eftir að Kjalarnessþing var sett, eða allan tímann milli setningar þess og setningar Alþingis. En meðan svo var, er ekki líklegt, að menn hafi farið að hugsa að marki um sameigið löggjafar- og dómþing fyrir allt land. Menn gátu varla farið að hugsa um skipun allsherj-

1) Íslendingabók 3. kap.

arríkis fyrr en landið var orðið nokkurn veginn albyggt. Þegar byggingu landsins var lokið, eða að minnsta kosti langt komið, þá fóru menn þegar að hugsa um að koma á hjá sér allsherjarríki.

Í frásögn Ara fróða um setningu Alþingis er Kjalarnessþings getið, en eigi Þórsnessþings, sem Ari hefur þó auðvitað þekkt. Af þessu verður þó ekki leidd sú ályktun, að Ari telji Alþingi hafa komið í stað Kjalarnessþings að öllu leyti, heldur einungis hitt, að hann hafi talið Kjalarnessþing merkasta þing, sem þá var á Íslandi, eða ef þau hafa þá einungis verið tvö, þá merkara þingið þeirra tveggja. Það er eðlilegt, að Kjalarnessþing yrði efst í huga Ara, þegar hann skýrir frá setningu Alþingis, því að Alþingi hefur sennilega kastað nokkrum skugga á Kjalarnessþing. Þar á móti setti Þórsnessþing hvergi niður, þótt Alþingi væri sett, og voru því engin efni til þess, að Ari færi að tala um Þórsnessþing í sambandi við setningu Alþingis.

Afkomendur Ingólfs landnámsmanns Arnarsonar helguðu Alþingi í fornöld, og voru allsherjargoðar nefndir. Er þetta talinn vottur þess, að Kjalarnessþing hafi verið alþjóðarþing. En af þessu verður ekkert ályktað í þessu efni. Fyrst og fremst hefur goðorð þeirra Reykvíkinga staðið um Þingvöll, ef til vill að Öxará nokkurn veginn, og því var það eðlilegt og í samræmi við ákvæði Grágásar um helgun vorþinga,[1]) að Þingvallargoðinn helgaði Alþingi. Í öðru lagi er það ekki ósennilegt, að menn gerði það til sæmdar niðjum Ingólfs, hins fyrsta landnámsmanns, að láta þá helga Alþingi. Lögsögumaður, sem ekki þurfti að koma til þings fyrr en „föstudaginn fyrra í þingi“[2]), daginn eftir þingsetningu, hefur ekki helgað þingið, og þá var það eðlilegt, að þinghelgan væri falin mönnum af þeirri ætt goðorðsmanna, sem einhver virðulegust hefur verið, og líklegastir voru til þess að geta sótt þingið á réttum tíma.

Ari fróði[3]) segir frá því, að maður hafi orðið sekur um þrælsmorð eður leysings, og hafi sektarfé hans, land í Bláskógum, orðið allsherjar fé og verið lagt til Alþingisneyzlu, og af því sé þar „almenning at viða til Alþingis í skógum ok á heiðum hagi til hrossahafnar“. Má ætla, að þessi atburður

1) Grágás I a 97.
2) Grágás I a 210, sbr. I a 45.
3) Íslendingabók 3. kap.

hafi gerzt áður en Alþingi var sett. Það getur og vel verið, að mál á hendur manni þessum hafi verið sótt á Kjalarnessþingi og að Kjalarnessþing hafi lagt land hins seka manns til almennings nytja. En það gat Kjalarnessþing gert, þótt héraðsþing væri. Og sannar þetta því ekkert um það, að þing þetta hafi verið allsherjar-dómþing.

Frásögn Grettissögu 10. kap. um málarekstur út af vígi Ófeigs grettis, sannar ekkert um dómsvald Kjalarnessþings, því að bæði má vera, að aðiljar þeirra mála hafi verið í Kjalarnessþingi og svo, að þeir hafi komið sér saman um að láta dæma þau þar, og liggur næst að skilja svo orð sögunnar: „Var þá talat um málin ok voru *lögð* til Kjalarnessþings". Í Flóamannasögu 6. kap. er getið málaferla, er ætti að hafa gerzt fyrir setningu Alþingis, en þar segir ekki, hvar þau mál hafi verið sótt. Og er því enga fræðslu þar að fá um Kjalarnessþing. Í Gull-Þórissögu 15. kap. er einnig sagt, að deilur manna þar vestur, sem sagan segir frá, hafi ekki verið færðar í saksóknir, því að tíðindi þau hafi orðið fyrr en Úlfljótur flutti lög til Íslands. Bendir frásögn þessi því helzt til þess, að ekkert alþjóðardómþing hafi þá verið á landi hér.

Brestur því allar líkur til þess, að nokkurt allsherjarþing hafi verið til á Íslandi áður en Alþingi var sett.

II. Eflaust hafa ýmsir hinna vitrustu manna fundið til þess, að óheppilegt og jafnvel hættulegt væri, að landið væri án sameiginnar stjórnarskipunar. Eins og í haginn var búið, mátti vænta þess, að í landinu kæmi upp mörg smáríki, hvert með sínum réttarákvæðum og hvert með sinni stjórn. Út á við hefði landið orðið mjög veikt með því skipulagi og enn þá veikara en það varð með ríkisskipun þeirri, sem komið var á 930. Auk þess hafði Noregskonungur þegar gert tilraun til þess að ná landinu undir sig, er hann sendi hingað Una hinn danska í því skyni.[1]) Hafa þeir atburðir, sending hans, vist hér og víg, allir gerzt fyrir 930, og ef til vill á árunum 920—925.[2]) Ekki er ólíklegt, að þeir atburðir hafi heldur ýtt undir menn að sameinast og stofna íslenzkt allsherjarríki. Svo var það og kunnugt, að Haraldur konungur hárfagri, hafði þá fyrir nálægt

1) Landnáma IV 3. kap. (Sig. Kr.).

2) Dr. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður í Andvara XXXV árg. (Ísland gagnvart örðum ríkjum, bls. 14—17. Sbr. Einar Arnórsson (Skírnir 1929, bls. 153—154).

hálfri öld sameinað Noreg í eitt ríki, og höfðu menn þar eins konar fyrirmynd, sem auðvitað sýndi það, hve Noregur varð miklu sterkari út á við en áður, meðan þar voru mörg smáríki. Svo segir Ari fróði, að maður „austrænn" (þ. e. úr Noregi), er Úlfljótur hét, hafi fyrst haft út lög hingað úr Noregi. Annars verður fátt um Úlfljót vitað.[1]) Úlfljótur var kynstór maður. Móðir hans er talin Þóra Ketilsdóttir Hörða-Kára, og var margt stórmenni af Hörða-Kára komið, bæði í Noregi og á Íslandi.[2]) Úlfljótur kom út í Lóni austur, en eigi er hann meðal landnámsmanna talinn. Þórður skeggi seldi Úlfljóti land sitt í Lóni, og bjó Úlfljótur þar um skeið. Skömmu eftir 920 hafa menn sjálfsagt verið farnir að hugsa um stofnun allsherjarríkis á Íslandi. En til þess var lagasetning eitt skilyrðið. Fyrirmynd til landslaga var helzt að fá í Noregi, því að þaðan var mesti hluti landslýðsins runninn. Úlfljótur varð til þess að fara til Noregs og undirbúa lagasetninguna. Er auðsætt, að hann hefur verið talinn fyrir öðrum mönnum um þekkingu, vitsmuni og valmennsku. Annars hefði hann ekki verið til þessa erindis kvaddur. Ekki er líklegt, að hann og fósturbróðir hans, Grímur geitskór, hafi staðið einir að því ráði. Það er lítt hugsandi annað en að þeir hafi ráðgast um það við ýmsa aðra vitra menn og mikils megandi í landinu. Sagt er, að Úlfljótur hafi verið hálf-sextugur[3]) eða sextugur,[4]) og ætti því að vera fæddur 865—870. Úlfljótur dvaldist þrjá vetur í Noregi og undirbjó þar lagasetninguna og hafði við ráð frænda síns eins, er heimildarritin nefna Þorleif hinn spaka Hörða-Kárason, er kallaður er móðurbróðir Úlfljóts. Það er þó ekki alveg laust við að vera tortryggilegt, að Þorleifur þessi hafi verið sonur Hörða-Kára, enda ekki líklegt, að Úlfljótur, sem þá er um sextugt, ætti á lífi móðurbróður sinn.[5]) En ekki skiftir þetta máli í þessu sambandi. Hitt má telja víst, að Úlfljótur hafi

---

1) Sjá um Úlfljót, Einar Arnórsson í Skírni 1929, bls. 150—170.

2) Til marks um kyngöfgi Úlfljóts má líka hafa það, að Helgi magri gefur Gunnari syni hans dóttur sína. Ldn. Sturlubók, bls. 196.

3) Melabók (útg. F. J.), bls. 135.

4) Hauksbók (útg. F. J.), bls. 95.

5) Eftir ættfærslu Úlfljóts ættu þeir Hrafna-Flóki að hafa verið systrasynir. Flóki er orðinn fulltíða maður, þegar Úlfljótur fæðist. Flóki er líklega fæddur 820—830. Hörða-Kári virðist eigi geta verið síðar fæddur en um 800. Sonur hans er því ekki líklegur til að vera á lífi 920—930 og svo ern, að hann sé til aðstoðar og ráðagjörðar um lagasetninguna.

notið ráða einhvers lögspaks frænda síns í Noregi, ef til vill einhvers manns undir nafninu Þorleifur spaki. Það er ekki full ljóst hvaða ár Úlfljótur kom aftur til Íslands. Sumir annálar telja það hafa verið árið 927,[1]) en á því er varla fullt mark takandi, og verður útkomu-ár Úlfljóts því ekki ákveðið með vissu, því að aðrar heimildir um það brestur.

III. Þó að Úlfljótur væri kominn aftur til Íslands, þá var vandinn mesti eftir: að fá forystumenn landsmanna til þess að samþykkja lagafrumvarp það, sem hann hafði gert. Til undirbúnings því þurfti þrent: *Að* kynna mönnum uppástungurnar og vinna menn til fylgis við þær, *að* finna hentugan stað til að halda fyrsta þingið á og ákveða þingtíma, og loks *að* koma fundarboði út um allt landið. Til þessa hlýtur að hafa gengið eigi allskammur tími. Samgöngur voru þá erfiðar; víðáttumikið land og með öllu óvegað, en strjálbýli sennilega miklu meira en nú er.

Sagnir brestur nálega að öllu leyti um það, hvernig farið hafi um þenna undirbúning til hins fyrsta allsherjarþings. Ari fróði segir reyndar frá því, að Grímur geitskór hafi kannað Ísland allt að ráði Úlfljóts áður Alþingi væri átt.[2]) Það verður ekki með vissu ráðið af orðum Ara, hvort Grímur hafi farið þessa landkönnunarferð sína *meðan* Úlfljótur var í Noregi eða *eftir* að hann kom aftur þaðan til Íslands. Það virðist þó líklegra, að landkönnun þessi hafi orðið *eftir* að Úlfljótur kom aftur.[3]) Það hefði verið heldur fljótráðið að inna þetta verk af hendi áður en kunnugt var um erindislok Úlfljóts í Noregi. Og svo virðist líklegra, að ferðalag Gríms hafi ekki eingöngu í því skyni verið farið, að kanna landið til þess að ákveða þessu fyrsta fyrirhuguðu allsherjarþingi stað. Til þess þurfti fráleitt að kanna land allt eins og Ari segir, að Grímur hafi gert. Í því skyni þurfti alls ekki að kanna útkjálka landsins, því að engum gat til hugar komið að heyja þar allsherjarþing þess, t. d. á Vestfjörðum eða í Austfjörðum. Það verður engin full-

1) Ísl. Annaler (Stormsútg.) IV. V, VIII.

2) Ísl.bók 2. kap.

3) Sbr. ritgjörð Eiríks Briems í Árbók Fornleifafélags 1914, bls. 7—8 og ritgjörð Sigurðar Nordals í Vöku III, bls. 116 o. s. frv. og Einar Arnórsson í Skírni 1929, bls. 165. Sbr. og Ólafur Lárusson Yfirlit yfir íslenzka réttarsögu 1. hefti 1922, bls. 9.

skynsamleg grein gerð fyrir landkönnun Grims nema sú, að hún hafi verið farin til að kynna mönnum lagauppástungur Úlfljóts í aðalatriðum og vinna þá til fylgis við þær. Það er skynsamlegast að ætla það, að Úlfljótur hafi, vafalaust með ráði ýmsra vina sinna og annara forráðamanna, áður ákveðið stað og tíma til fyrsta allsherjarþings, og að Grímur hafi jafnframt á ferðalagi sínu lýst því fyrir mönnum og fengið loforð þeirra um það, að þeir skyldi sækja þingið. Vitanlega gat það ekki komið til mála, að Grímur geitskór eða nokkur annar einstakur maður gæti ákveðið allsherjarþingstað handa landinu til frambúðar. Hið fyrsta Allsherjarþing sjálft hlaut að gera það. Annað mál er það, að þeir, sem ákváðu samkomustað hinns fyrsta allsherjarþings, hafa sennilega verið svo heppnir í vali sínu, að þingið ákvað sér þann stað framvegis.[1])

IV. Enn er ekki leyst úr þeirri spurningu, *hvenær hið fyrsta allsherjarþing Íslands hafi verið háð*, eða með öðrum orðum: Hvenær Alþingi hafi verið sett á stofn. Sagnamönnum vorum ber ekki allskostar saman um þetta atriði. Guðbrandur Vigfússon taldi í hinni merku ritgjörð sinni um tímatal í Íslendingasögum Alþingi hafa verið stofnsett 929.[2]) Frá þessu — eins og öðrum tímatals-ákvörðunum sínum — hvarf hann þó síðar, og vildi þá láta þenna atburð hafa gerzt 30 árum síðar.[3]) En Magnús landshöfðingi Stephensen sýndi fram á það með glöggum rökum, að hin eldri skoðun Guðbrands væri rétt í aðalatriðum.[4]) Jón Sigurðsson virðist telja stofnun Alþingis til ársins 927.[5]) Sama er um norska sagnaritarann P. A. Munch.[6]) Konráð Maurer telur Alþingi þar á móti hafa verið stofnað

1) Vera mætti þó, að fyrsta þingið hefði verið haldið á Kjalarnesi, að Úlfljótur hefði fyrst kynnt mönnum lög sín á Kjalarnessþingi, eins og Sigurður Nordal getur til (í Vöku III. bls. 112), og að þar hafi menn því sambykkt að hafa Alþingi á Þingvelli, meðal annars af því, að þar var land almenningur, en ágangur var vitanlega mikill af þingsóknarmönnum og hrossum þeirra. Þótt sómi kunni að hafa verið talinn að hafa þingið í námunda við sig, þá mátti hitt þó vega nokkuð, að landspjalla mátti nokkurra af því vænta, ef það var háð í heimalöndum jarða.

2) Safn til sögu Íslands I 298—299, 495.

3) Corpus poeticum Boreale II 487, 489, sbr. 494—495.

4) Tímarit hins íslenzka bókmenntafélags, V 145 o. s. frv.

5) Safn til sögu Íslands II 12.

6) Det norske Folks Historie I 1. 567.

930,[1]) og þá skoðun aðhyllist Vilhjálmur Finsen.[2]) Sigurður Nordal heldur loks,[3]) að fyrsta samkoma höfðingja á Þingvelli hafi orðið árið 925. Spurningu þessari mun verða örugglegast svarað með því að athuga *lögsögumannatalið*, og kemur þá til greina tvennt: 1) Hver var fyrstur lögsögumaður og 2) Hvenær tók sá lögsögu.

Um 1.) Ari fróði segir,[4]) að Hrafn Hængsson hafi tekið lögsögu „næstr Úlfljóti". Er því svo að sjá sem Ari telji Úlfljót hafa verið lögsögumann. En Ari segir þó ekkert um það, hversu lengi Úlfljótur hafi haft lögsöguna á hendi. Um hina alla lögsögumennina langt fram á sína daga segir hann glöggt, hversu lengi hver þeirra hafi gegnt starfinu. Það er ekki sennilegt, að lögsöguár Úlfljóts hafi geymzt ver í frásögnum en lögsögutími hinna. Og það er ósennilegt, að Ari hefði ekki sagt, hversu lengi Úlfljótur hefði verið lögsögumaður, ef hann hefði á annað borð verið nokkurn tíma eiginlegur lögsögumaður. Þögn Ara um lögsöguár Úlfljóts verður varla skilin öðru vísi en svo, að Úlfljótur hafi einungis sagt upp hin *fyrstu* lög á hinu *fyrsta* allsherjarþingi, en síðan hafi verið kjörinn lögsögumaður samkvæmt hinum nýju lögum, og hafi Hrafn Hængsson orðið fyrir valinu. Uppsala-Edda svonefnd segir og í lögsögumannatali sinu, sem nær til lögsögu Snorra Sturlusonar í annað sinn, að Úlfljótur hafi sagt upp fyrst lög á Íslandi, en að hann hafi ekki haft lagauppsögn hér svo að það sé vitað (eða ritað)[5]). Og sama segir í Melabók.[6]) Jón Sigurðsson telur Úlfljót reyndar hafa haft á hendi lögsögu 3 þing (927—930), en það kemur af því, að hann telur Alþingi hafa verið stofnað 927, sama árið sem sumir annálar segja Úlfljót hafa út komið með lög sín, og ennfremur af því, að Ari telur, sem fyrr segir, að Hrafn Hængsson hafi tekið lögsögu „næstr Úlfljóti"[7]). En eins og áður segir, verður það ekki dregið af útkomu Úlfljóts, þótt byggja mætti á annálagreinum um það,

1) Ersch und Grübers Encyklopädie, greinin Graagaas, bls. 17, Ísland bls. 50, sbr. Altnordische Rechtsgeschichte, IV 12.

2) Om den oprindelige Ordning af nogle af den islandske Fristats Institutioner, bls. 35.

3) Vaka III 119.

4) Íslendingabók 3. kap.

5) Dipl. Isl. I, bls. 500.

6) Melabók, Kh. 1921, bls. 146.

7) Safn til sögu Íslands, II 12—13.

að Alþingi hafi þá þegar verið stofnað. Það er þvert á móti lítt mögulegt, að það hafi orðið sama árið. En af því, að Alþingi var ekki stofnsett 927, leiðir aftur, að frá stofnun Alþingis og til upphafs lögsögu Hrafns Hængssonar þarf ekki að hafa liðið nema mjög skammur tími. Og þar með er það aftur fengið, að lögsaga Úlfljóts þarf ekki að hafa náð nema til fyrsta allsherjarþingsins, eins og lögsögumannatal Uppsala-Eddu segir og Melabók. Því verður vitanlega ekki neitað, að líkur nokkrar eru til þess, að Úlfljótur yrði fyrstur lögsögumaður: lagaþekking hans og reynsla, er hvorttveggja hlaut að skapa honum traust manna. En á móti kemur það, að Úlfljótur hefur verið þá orðinn maður aldurhniginn, milli sextugs og sjötugs, ef til vill nær sjötugu. Hann bjó í afskekktri sveit, afar-langt frá Alþingisstaðnum, og er því líklegt, að hann hafi eigi viljað skuldbinda sig til þingsóknar ár hvert, enda óöruggt, að hann mætti þing sækja lengi úr þessu. Þess vegna virðist það vel skiljanlegt, þó að hann yrði ekki lögsögumaður lengur en hið fyrsta þing.

Það verður því haft fyrir satt, að Hrafn Hængsson sé fyrsti eiginlegi lögsögumaður á Íslandi, en Úlfljótur hafi einungis sagt upp, eða öllu heldur kynnt mönnum, lagafrumvarp sitt á fyrsta þinginu, en Hrafn hafi síðan verið kjörinn lögsögumaður á því sama þingi.

Um 2). Þess var áður getið, að Úlfljótur hafi komið út 927, að sögn sumra annála. En upphaf lögsögu Hrafns Hængssonar telja annálar sumir 928 og enn aðrir 930.[1]) og verður varla mikið á því byggt. Merkasta heimildin er Ari fróði hér, sem jafnan, um sögu vora í fyrnsku. Segir hann,[2]) að Hrafn hafi tekið lögsögu „nær" því er liðnir voru 60 vetur frá því er landið tók að byggjast. Þessi tímatals-ákvörðun hans er því ekki nákvæm, og getur oltið á nokkrum árum. En Ari miðar við aðra atburði, sem víst má telja, hvenær gerðust. Hann segir, að 60 vetur væri þá liðnir frá drápi Játmundar helga Englakonungs. Víg hans varð 870, og ætti Hrafn Hængsson samkvæmt því að hafa tekið lögsögu árið 930.

Ari hefur, eins og fyrr er að vikið, skrifað lögsögumannatal, og nær það til 1134. En í þessu sambandi er óþarft að

1) Íslenzkir annálar (útg. Storms) árin 928, 929, 930.
2) Íslendingabók 3. kap.

rekja lengra en til Skafta lögsögumanns Þóroddssonar. Segir Ari, að hann hafi andazt sama árið sem Ólafur féll Haraldsson hinn helgi Noregskonungur. En það var, sem alkunnugt er, árið 1030.[1]) Að tali Ara hafði Skafti lögsögu 27 sumur, og hefur því gegnt starfanum á 27 þingum. En Ari segir ekki, hvort Skafti hafi andazt fyrir eða eftir Alþingi 1030, en á því veltur, hvort hann hafi tekið lögsögu árið 1003 eða 1004. Af Grettissögu 78. kap. má helzt ráða það, að Skafti hafi andazt veturinn 1030—1031 („á þessum missirum"), og þá sjálfsagt fyrri hluta þess vetrar. Í 79. kapitula Grettissögu er svo sagt, að „þetta sumar var nýr lögmaður tekinn, Steinn Þorgestsson". Það er auðséð á sambandinu, að þetta gerðist á næsta ári eftir andlát Skafta lögsögumanns, og hlýtur því að hafa verið árið 1031. En þar af leiðir, að Skafti hefur haft lögsöguna á Alþingi 1030. Og hefur þess vegna tekið lögsögu árið 1004. Næstur undan Skafta hafði Grimur Svertingsson lögsögu og hélt henni 2 sumur. Hann hefur því orðið lögsögumaður 1002. Þar næst var lögsögumaður Þorgeir ljósvetningagoði 17 sumur, og hefur því tekið við starfanum 985. Þá var Þorkell máni 15 sumur, og hefur því gerzt lögsögumaður 970. Þá var Þórarinn Ragabróðir 20 sumur, eða frá 950. Loks kemur Hrafn Hængsson, er lögsögu hafði 20 sumur, og verður þá upphafsár lögsögu hans einnig eftir lögsögumannatali Ara 930.

*Alþingi hið forna hefur þá að öllum líkindum verið sett og fullskipað samkvæmt hinni nýju stjórnarskipun landsins árið 930.* Árið 1930 eru því þúsund ár liðin síðan Alþingi hið forna var stofnað.

V. Það er ekki kunnugt, hvenær á árinu Alþingi hið fyrsta var háð. Svo mikið er þó víst, að það hlýtur að hafa verið seint á vori eða fyrra hluta sumars. Til 999 var það ákveðið í lögum, að menn skyldi koma til Alþingis er 9 vikur væri af sumri.[2]) Þetta hefur þá þótt hentugasti tíminn, enda hefur þinghaldi verið venjulega lokið með því móti fyrir heyannir. Líklegt er, *að Alþingi hafi frá upphafi hafizt fimmtudaginn í 10. viku sumars.*

VI. Stofnun Alþingis er einn allra þýðingarmesti atburðurinn í sögu Íslands. Þar með var stofnað til allsherjarríkis-

1) Íslendingabók 8. kap.
2) Íslendingabók 7. kap.

skipunar að því leyti sem sameiginleg lög eru þar fyrst sett öllum landsmönnum, hvar sem þeir eru innan takmarka landsins. Sameiginleg löggjafarsamkoma öllum landsmönnum er sett á stofn og sameiginlegur Alþingisdómur. Loks er eitt embætti stofnað, sem nær til alls landsins, lögsögumannsembættið. Ísland verður *eitt ríki* 930, enda þó að sameiginlegt framkvæmdarvald skorti. Þetta kemur greinilega fram út á við, svo sem í skiftum landsins við Noregskonungana Ólaf Tryggvason og Ólaf Haraldsson. Þar er Alþingi í fyrirsvari fyrir land allt. Og inn á við kemur það ljóslega fram í því, að Alþingi setur öllu landinu lög og dómstólar þar dæma mál af öllu landinu.

VII. Á fyrsta allsherjarþinginu hlaut fyrsta verkefnið að vera það, að ná samkomulagi um stofnun hins íslenzka ríkis. Að vísu hafa forystumenn þess máls, Úlfljótur, Grímur geitskór og fleiri góðir menn, vafalaust þegar leitað hófanna hjá öllum þorra hinna ráðandi manna, en samþykki þeirra til fullnaðar hefur þó varla komið fyrr en á fyrsta Alþingi. Að því loknu hafa menn gengið að lagasetningunni, þar hafa merkustu fyrirmælin að líkindum verið þingsköp Alþingis og fyrirmæli um hofhald og goðadýrkun. Er það einkennilegt, að þau fyrirmæli úr Úlfljótslögum, sem bezt hafa geymzt, skuli einmitt hníga að helgisiðum og trúgæzlu landsmanna.[1]) Að sjálfsögðu hafa þá þegar og verið sett fyrirmæli um víg og líkamsárásir („vígslóði"), einhver ákvæði um erfðir og sifjamál o. fl. En alls kostar ókunnugt er nú, hvernig hin fornustu lög vor hafa verið, að undanteknum þeim fáu greinum, sem taldar eru í Hauksbók tilv. stað og víðar. Ari fróði segir,[2]) að lögin hafi verið sett flest að því, sem þá voru Gulaþingslög, en þó hafi verið af numið eða við aukið eða annan veg sett, eftir því sem ráð „Þorleifs hinns spaka" hafi verið til. En litlu eða öllu heldur engu nær eru menn fyrir þetta um efni Úlfljótslaga. Gulaþingslög frá þeim tíma eru eigi til, svo að sagt verði, hvað í þeim sé svo gamalt, og auk þess verður eigi vitað, hversu mikið hefur kveðið að viðaukum og úrfellingum úr Úlfljótslögum, þeim sem Ari nefnir, eða hversu þau hafi að öðru verið frábrugðin Gulaþingslögum.

---

1) Sjá Hauksbók, útg. F. J., bls. 503, Melabók, bls. 144 o. fl.
2) Íslendingabók 2. kap.

# I. þáttur.

## A. Tímabilið 930—1271.

### 3. gr.

### Þingstaðurinn.

I. Á fyrsta allsherjarþinginu ákváðu menn samkomustað Alþingis framvegis, eftir því sem Ari fróði segir,[1]) „þar er nú er". Það er enginn vafi á því, að Alþingi var háð í öndverðu á Þingvelli við Öxará, eins og það var jafnan út lýðríkistímabilið. Einungis eitt heimildarrita vorra segir, að Alþingi hafi um eitt skeið verið háð undir Ármannsfelli.[2]) Það var 965, er þeir áttu í málunum Þórður Gellir og Tungu-Oddur. Það brestur annars allar sagnir um flutning þingsins frá þeim stað, er það var sett á í fyrstu og síðan var háð á, upp undir Ármannsfell og þaðan aftur á Þingvöll. Þessi frásögn Hænsna-Þórissögu er annars tortryggileg. Hvaða ástæða gat verið til þess að flytja Alþingi af Þingvelli norðan til við Þingvallavatn upp undir Ármannsfell? Og hvaða ástæða var til þess að flytja það þaðan aftur? En ef sá flutningur hefur aldrei átt sér stað, hvernig gat sögusögnin um þinghald undir Ármannsfelli myndazt? Það er og verður líklega óráðin gáta. En líklegast þykir þó, að sögnin um þinghald undir Ármannsfelli sé röng.

II. Um *eignarrétt* að Þingvelli, þegar Alþingi var sett þar niður, eru ekki greinilegar sagnir. Landnáma segir, að Ingólfur Arnarson næmi land milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, „milli ok Öxarár" og öll nes út. Þetta verður varla skilið öðruvísi en þannig, að Öxará *takmarki* landnám Ingólfs. Hefði það þá í orði kveðnu átt að ná frá Ölfusá — Soginu — að Þingvallavatni sunnanverðu og vestan og norðan að því til þess er Öxará fellur í það. Landnám Ingólfs var, eins og landnám flestra hinna elztu meiri háttar landnámsmanna, svo stórt, að margir byggðu í því að hans

1) Íslendingabók 3. kap.
2) Hænsna-Þórissaga 15. kap.

ráði. Segir, að Hrolleifur Einarsson, Ölvessonar barnakarls, næmi lönd öll fyrir utan Öxará til móts við Steinröð, er bjó á Steinröðarstöðum og eignaðist öll „Vatnslönd", sem líklegast hafa verið Grafningurinn sunnanvert við Þingvallavatn. Virðist það ljóst af því, að Steinröðar er getið alveg á eftir Þorgrími, bróður Önundar bílds, sem nam Grafning neðanverðan og bjó að Bildsfelli.[1]) Ef „Vatnslönd" hafa verið efri hluti Grafnings, en eigi Þingvallasveit austan Öxarár, sem ekki virðist verið hafa, þá finnst þess ekki getið, að nokkur hafi slegið eign sinni á Þingvallasveit austan Öxarár. Sá, er helzt er líklegur til þess, er Ketilbjörn gamli, en það er einungis sagt um hann, að hann hafi numið efra hlut Grímsness, Laugardal og efra hlut ytri Tungunnar.

Samkvæmt framansögðu hefur þá nokkur hluti þess lands, er Alþingi hafi til umráða, verið í eign Ingólfs og seinna Hrolleifs landnámsmanns og svo eflaust síðar þess, er byggt hefur í landnámi hans, líklega á Kárastöðum, og Brúsastöðum ef til vill. En um eignarrétt að Þingvelli austan Öxarár er ekki kunnugt. Líklega hefur þó einhver byggð verið komin í Þingvallasveit austan Öxarár, þegar Alþingi var stofnað, því að á 60 vetrum segir Ari, að land hafi orðið albyggt, svo að ekki varð meir byggt síðan. Landeigendur hafa líklega látið land til sjálfs Alþingishaldsins af frjálsum vilja og líklegast fyrir ekki neitt. En það var ekki nægilegt, því að þingmenn þurftu hrossahaga og eldivið til ölhitu og matar. Og þá vildi svo til, eftir því sem Ari fróði segir,[2]) að maður nokkur hafði sekur orðið — líklega á Kjalarnessþingi — um þræls morð eður leysings. Þessi maður, sem Þórir hét Kroppinskeggi, átti land „í Bláskógum". Vegna glæps síns fyrirgerði maður þessi landi sínu og varð það að allsherjarfé, og síðan lagt til Alþingisneyzlu. „Af því er þar almenning at viða til Alþingis í skógum ok á heiðum til hrosshafnar". Það virðist vafalaust, að þetta land hafi ekki verið Þingvöllur sjálfur, heldur annað land stærra og þaðan í fjarska. En enginn veit nú með vissu, hvaða land hefur borið nafnið „Bláskógar" og „Bláskógaheiði". Það land, sem lagt var til Alþingisneyzlu að sögn Ara, hefur verið bæði skógland, sbr. orðin „at viða til Alþingis í

1) Landnáma (Sig. Kr.) bls. 224.
2) Íslendingabók 3. kap.

skógum", og heiðlendi eða mýrlendi hentugt til hrossabeitar, sbr. orðin: „Á heiðum hagi til hrossahafnar". Svo er að sjá sem þessi lýsing eigi helzt við Brunna eða mýrarnar norðanvert við Mosfellsheiði.

Ekki er kunnugt um það, hvenær bær hefur verið reistur í öndverðu á Þingvelli. Samkvæmt Þorleifsþætti jarlsskálds hefur býli verið á Þingvelli fyrir kristni[1]) og samkvæmt frásögn Njálu 123. kap. hefur verið þar býli 1011, því að þá er sagt, að gerðarmenn um víg Höskulds Hvítanessgoða hafi borið saman fé það, sem þeir höfðu heitið að leggja til, í „búanda kirkjugarði". En sjálfsagt hefur þá lengi verið þar býli.

Um búendur á Þingvelli í fornöld er lítt kunnugt. Sem fyrr segir, þá er ekki einu sinni kunnugt til fulls, hver slegið hafi eign sinni á sumt af því landi, sem til Þingvallar telst. Sá er talinn heita Þorkell, sem býr á Þingvelli, þegar Þorleifur jarlsskáld er veginn þar, en það er mjög óvíst, hvenær það hefur verið.[2]) Eins og fyrr segir, nam Steinröðr Melpatrixson, leysingi Þorgríms að Bildsfelli, land að Öxará að vestanverðu. Frá Steinröði er rakin ætt í Landnámu og 6. maður í beinan karllegg frá honum er talinn Brandur nokkur Þórisson á Þingvelli.[3]) Hann hefur átt að vera þar um 1100. Það er ekki líklegt, að miklir höfðingjar hafi búið á Þingvelli fram undir 1200. Væri þeirra líklega getið í heimildarritunum, ekki síður en t. d. manna eins og Gizurar hvíta, Skafta Þóroddssonar og ýmsra annara höfðingja í héraðinu. Það er því líklegra, að niðjar Steinröðar hafi búið á Þingvelli á 10. og 11. öld en niðjar Ingólfs Arnarsonar. Niðjar hans hafa búið að Arnarhóli eða í Reykjavík. Að minnsta kosti býr Þorkell máni í Reykjavík á lögsögumannsárum sínum.[4]) Þó getur goðorð þeirra niðja Ingólfs hafa staðið um Þingvöll og er sannlegt, að því hafi Alþingishelgun fylgt goðorði þeirra, eins og í Melabókar-viðbæti segir. En hitt mátti líka vera, að það væri gert til sæmdar niðjum Ingólfs, hins fyrst landnámsmanns, að fela þeim Alþingishelgun, hvort sem þeir ætti goðorð um Þingvöll eða ekki. Um 1200 býr höfðingi og goðorðsmaður á Þingvelli,

1) Fjörutíu Íslendingaþættir Rv. 1904 bls. 396.
2) Sbr. Safn til sögu Íslands I 391, 392.
3) Landnáma, Hauksbók og Melabók. Sturlubók hefur ekki athugasemdina um það, að Brandur þessi hafi búið á Þingvelli.
4) Harðarsaga 10. kap.

Guðmundur gríss Ámundason (d. 1210) og sonur hans, Magnús, er nefndur allsherjargoði[1]) og hafa þeir frændur ef til vill verið af ætt Ingólfs, en eigi verður það nú vitað.

Þinghaldið er kvöð, sem lögð hefur verið á landið, svo lengi sem Alþingi væri þar háð. Og er þess ekki getið, að Þingvallabóndi fengi í fornöld nokkra þóknun fyrir átroðning þann, sem þinghaldið hlaut að hafa í för með sér.

III. *Þingvöllur* heitir sá staður, er Alþingi var haldið á, þingstaðurinn í þrengri merkingu, sbr. t. d. Grág. I a 39, 43, 50, 65, 68. Það er eigi sagt berum orðum í lögunum, hvar þingvöllurinn var, enda gert ráð fyrir því sem alkunnu. Ekkert er sagt um stærð Þingvallar, en líklega hefur hann tekið yfir sléttuna (vellina) austanvert við Öxará, Öxarárhólmana og svæðið vestan við Öxará að gjábakkanum vestra. En stærra svæði mun þó hafa legið innan *þingmarka*, þ. e. það svæði, er þinghelgin náði yfir, og nefnt var einnig þinghelgi. Svo virðist stundum allt það svæði, sem lá í þingmarki, hafa verið nefnt Þingvöllur, sbr. t. d. Grág. I a 124.

Eigi segir um það í heimildarritum vorum, hvorki í lögum né öðrum, yfir hversu mikið svæði þinghelgin hafi tekið. Vegna fyrirmæla laganna um þinghelgina, sbr. Grág. I a 177, II 347, 355—356, og lagabannsins við brottför þingheyjenda þaðan, meðan Alþingi stóð, Grág. I a 44—45, var mikils um það vert, að þingmörk væri glögg. Einatt er svo að orði kveðið, að þetta eða hitt gerist „á Alþingi", t. d. Grág. I a 78, 177, I b 182, II 347, 391, eða „á Þingvelli", t. d. Grág. I a 10, II 12, og mun þá venjulega vera átt við þingmörkin, þinghelgina. En þó merkir það orðalag í Grág. I a 124 að líkindum það eitt, að sá atburður, sem þar greinir (hross seld í gæzlu um þingtímann), gerist þar í grend.

Fræðimenn hafa reynt að ákveða þingmörkin, en að vonum verður það ekki gert nema eftir því, sem líklegast má þykja. Sigurður Guðmundsson málari gerði tilraun til þess[2]) og Matthías Þjóðmenjavörður Þórðarson,[3]) sem rækilega hefur rannsakað Þingvöll, hefur talið takmörkin þessi: að vestan gjábakkann hærri, að norðan Kastalana svonefndu, að

1) Sturl. II 70.
2) Alþingisstaður hinn forni.
3) Árbók fornleifafél. 1911 bls. 5.

austan Flosagjá og framhald hennar til Þingvallavatns og að sunnan Þingvallavatn. Telur Matthías þinghelgina þá hafa náð yfir 400000 fermetra svæði.

IV. Þess er ekki getið, að í heiðnum sið hafi verið hof eða blóthús á Þingvelli. Og fornleifarannsóknir hafa ekki heldur leitt neitt áreiðanlegt í ljós um það atriði. Það verður ekki séð, að Þingvellir hafi verið höfðingjasetur fyrstu aldir íslenzka ríkisins. En hofin voru á höfðingjasetrum, á bæjum goðorðsmanna venjulega, og er því þess varla að vænta, að hof hafi verið í varðveizlu Þingvallarbúanda. Einungis mætti hugsa sér, að þar kynni að hafa verið hörgur (heimilishof, einka-blóthús), eins og sumstaðar mun hafa verið, en ekki hof, eitt þeirra þriggja, sem vera átti í þingi hverju *(þinghof)*. Hitt mætti heldur ætla, að *almenningshof* hefði verið reist á Þingvelli, eins og almenningskirkja var þar í kristnum sið. En þess er þó hvergi getið, enda er ekki víst, hvort þingmannakirkjan hefði verið reist, ef konungur Norðmanna hefði ekki sent til kirkjuviðinn, sjá síðar. Að vísu skyldi hver goði, að því er virðist, blóta nauti á þingum og rjóða hring þann, sem hann átti að hafa á hendi sér á þingi, í blóði þess. Þessi siður virðist hafa verið skipaður í Úlfljótslögum, og hefur víst tíðkazt á hverju hinna svonefndu skapþinga (Alþingi, vorþingum og leiðum). En það er alls eigi víst, að hof eða blóthús hafi verið á þingstöðum öllum eða í grend við þá. Helgisiðu þá, sem Melabók segir frá, mátti hafa um hönd, þó að eigi væri hof eða hörgur á Þingvelli. Og blót hafa þar sjálfsagt tíðkazt, jafnvel mannblót stundum, eins og mun hafa átt sér stað á héraðsþingum.[1]) Á fyrstu árum kristninnar hér á landi virðist kirkja hafa verið reist á Þingvelli. Það mun búandi Þingvallar hafa gert. Af því verður þó varla leidd önnur ályktun en sú, að hann muni hafa verið í betri bænda röð, því að ýmsir bændur hafa snemma reist kirkjur á bæjum sínum, þó að þeir væri ekki goðorðsmenn. Um „búanda kirkjugarð" á Þingvöllum er talað árið 1011.[2]) Það er að sjá sem höfðingjar hafi sótt tíðir í þessa kirkju um þingtímann. 1014 er þess getið, að Guðmundur ríki o. fl. hafi gengið

1) Melabók (Kh. 1921) bls. 145, sbr. Kristnisögu 11. kap. (Bps. I 23).
2) Njálssaga 123 kap.

til tíða og aftansöngs á Þingvelli,[1]) og hefur það verið í búanda kirkju þar. Fám árum seinna hefur almenningskirkja, eða þingmannakirkja, verið reist þar, því að um 1018 gefur Ólafur helgi við til kirkju á Þingvelli.[2]) Hungurvaka segir ennfremur, að Haraldur konungur Sigurðarson hafi sent við og klukku til kirkju á Þingvelli, en Snorri Sturluson segir hann hafa sent þangað klukku til kirkju.[3]) Þá kirkju braut í ofviðri 1118.[4]) Ef Haraldur konungur hefir sent *við* til Þingvallarkirkju, þá hefur það verið til viðgerðar kirkjunni eða stækkunar, eða hvorttveggja, því að kirkja sú, sem reist hefir verið á dögum Ólafs helga (c. 1020), hefur trauðla verið fallin á dögum bróður hans, Haralds konungs Sigurðarsonar (d. 1066). Þingmannakirkja hefur væntanlega staðið á Þingvelli lýðríkistímabilið út.[5]) Sú kirkja var til afnota þingmönnum. Þar voru sungnar tíðir þá helga daga, sem bar á þingtímann.[6]) Auk þess mátti hafa þingmannakirkju til þingstarfa, ef veður var „úsvást", lagauppsögu og prestadómhalds.[7]) Kirkjugarður fylgdi þingmannakirkju eigi, og hefur hún ekki verið graftarkirkja, enda skyldi Þingvallarbúandi færa lík þeirra manna til greftrunar, sem á Þingvelli andast eftir að þingmenn eru þaðan braut farnir.[8]) Búandakirkju fylgdi grafreitur, og skyldi greiða ýmiskonar gjöld, sem gjalda átti um þingtímann, í búanda kirkjugarði,[9]) og þar mátti einstöku stefnur birta.[10]) Svo er og að sjá sem aðrar fjárreiður manna á Alþingi hafi og stundum verið tengdar við búanda kirkjugarð, t. d. samskot þangað afhent, er höfð voru til hjálpar mönnum, er stórgjöld þurftu að inna af hendi, svo sem há vígs-

1) Ljósvetningasaga 16. og 17. kap.
2) Heimskringla (Kh. 1911) bls. 302.
3) Heimskringla bls. 470.
4) Bps. I 30, 71.
5) T. d. Sturl. (Sig. Kr.) II 171. („Sturla Sighvatsson reið til kirkju" á Þingvelli), og IV 133, þar sem sagt er, að Gizur Þorvaldsson og Hrafn Oddsson hafi tekizt í hendur á Alþingi 1262 „fyrir kirkjudurum". Mun þar vera við þingmannakirkju átt.
6) Sjá t. d. Sturlungu I 42, 43.
7) Grág. I a 216; II, 25. III 23.
8) Grág .I a 10, II 12.
9) Grág. I a 21, II. 25; I a 190, II 402; I a 209; I b 13, II 122; I b 16, II 126; I b 37, II 165; I b 148; II 224; II 248.
10) Grág. I b 13, II 122.

gjöld,[1]) þar voru og stundum sáttafundir haldnir[2]) o. s. frv. Kvarða skyldi marka á kirkjuvegg á Þingvelli.[3]) Segir eigi, hvort það skyldi gert á þingmanna kirkju eða búanda kirkju.

V. Búðir á Þingvelli. Alþingi stóð yfir allt að 2 vikum. Þingsóknarmenn þurftu því skýli yfir sig. Þau skýli eru venjulega kölluð *búðir*. Á Þingvelli hafa verið allmargar búðir í fornöld, og er þeirra viða getið í sögunum og í lögum. Þær báru sumar nöfn eigenda sinna, t. d. Snorrabúð, Njálsbúð, Mosfellingabúð, eða þær báru nafn af umhverfinu í kringum þær, t. d. Hlaðbúð, Byrgisbúð, Virkisbúð o. s. frv. Munnmælin hafa geymt ýms búðarstæðin, sum fram á þenna dag. Goði hver var skyldur að fá öllum þeim mönnum, sem hann gat að lögum kvatt til Alþingisferðar, búðarrúm, og mátti þingmaður þá ekki fá sér annað búðarrúm, nema goði leyfði, Grág. I a 44. Og ef goði fekk fleiri til að fara, t. d. af því að hann þurfti að hafa mikinn liðstyrk — en 9. hvern mann gat hann að lögum kvatt, Grág. I a 107. — þá hefur honum sjálfsagt verið skylt að fá þeim búðarrúm. En hætt er þó við, að eigi hafi allur þingheimur, þegar flest var, komizt í búðir þær, sem á Þingvelli voru. Hafa því stundum sjálfsagt verið höfð tjöld að einhverju leyti. Goðarnir munu hafa tjaldað búðir sínar að innan með vaðmáli, því að úr torfi og grjóti munu þær venjulega hafa verið að veggjum og með yfirgerð úr timbri, viði og torfi, en hver þingmanna átti svo að hafa tjald um þvera búð, Grág. I a 44, og hefur því víst átt að hólfa sér bás úr búðinni. En efasamt virðist, að þessu hafi verið fylgt.

Sá, sem einu sinni hafði reist sér búð á Alþingi — og fleiri menn en goðar hafa reist sér búðir, t. d. Njáll, — virðist hafa átt rétt á að hafa hana á sama stað, en skilyrðið var, að hann héldi búð sinni við. Sá, er hafði látið búð sína falla til jarðar og liggja niðri 3 sumur, fyrirgerði rétti sínum til þess búðarstæðis og mátti þá hver gera sér þar búð, sem vildi, Grág. I a 112.

Auk þingmanna búða er annara búða getið, svo sem svarðskriða (sverðfægjara) og sútara, sbr. Grág. I a 176, II 347, og

---

1) Sbr. t. d. Njálssögu 123. kap.
2) T. d. Sturl. I 99.
3) Grág. I b 250, II 288.

og jafnvel förumanna búða, sem óheilagar voru við broti,[1]) ef þeir biðja sér matar á þingi.

VI. Lögrétta. Í lögréttu fór löggjöfin fram og lögskýringar. Þar var fimtardómur háður. Sjá kaflana um þessar stofnanir. Í Grág. I a 211 segir, að lögrétta skuli vera hér hvert sumar á Alþingi og skuli hún sitja í þeim stað ávallt, sem lengi hefir verið. Lögréttuþáttur Grágásar, þar sem þetta fyrirmæli er, getur ekki verið eldri en 1106 í þeirri mynd, sem hann er nú í. Það sýna fyrirmælin um það, að biskupar landsins skyldi eiga þar sæti. Lögréttan var á völlunum austan eða norðan við Öxará. Það má ráða af frásögn Njálu um fimtardómshald og bardaga á þinginu 1012. Menn höfðu sótt mál í fimtardóm, en hann var háður í lögréttu. Í bardaganum hörfuðu brennumenn *vestur* yfir Öxará eftir að fimtardómsmálinu var eytt.[2]) Það er og auðséð á Ölkofra þætti 5. kap., sbr. 4. kap., að lögréttan var þá á völlunum austan við ána.[3]) 1234 hélt við bardaga milli Kolbeins unga og Snorra Sturlusonar á Alþingi, og af frásögninni um afstöðu flokkanna má tvímælalaust ráða það, að lögrétta var þá á völlunum austan Öxarár.[4]) Og svo hefur verið þetta tímabil út. Lögrétta var í hring eða ferhyrning, líklega þó fremur í ferhyrning rétthyrndum og jafnhliða (kvaðrat). Var hún sett þremur bekkjum, Grág. I a 211. Hefur ef til vill hver landsfjórðungur skipað sæti í hverri hlið lögréttu, sbr. orðin: úr þeirri lögréttu í Grág. I a 209. Lögréttan hefur sennilega verið gerð úr grjóti og torfi. Ekki var gert yfir hana og verður það ráðið af því, að lögréttustarf mátti fara fram í kirkju, ef veður var „úsvást", Grágás I a 216. En þessa fyrirmælis hefði ekki verið þörf, ef lögréttan hefði verið undir þaki.

VII. Lögberg. Vorþingin íslenzku virðast venjulega hafa verið sett á stað, þar sem var hóll eða brekka (þingbrekka), og þar fóru ýmsar birtingar eða lýsingar fram. Á Alþingi við Öxará er aldrei talað um „þingbrekku". Sá staður þar, sem svarar til þingbrekku, heitir „lögberg". Menn hefur mjög greint á um það, hvar lögberg hafi verið. Til þess ber það, að eftir að

1) Sbr. Grág. I b 14, II 124, 347, III 499. Njálss. 145. Gíslas. Súrssonar 26. kap. (vorþing).
2) Njálssaga 145. kap., sbr. 144. kap.
3) Fjörutíu Íslendingaþættir bls. 529.
4) Sturl. II 232—233.

þingskipun Járnsíðu og Jónsbókar komst á, þá hvarf lögberg úr sögu þingsins. Störf þau, sem fóru fram á lögbergi á lýðríkistímabilinu, hurfu annaðhvort með öllu, eins og lögsagan, eða fóru fram í lögréttu, t. d. veðlýsingar og mála o. s. frv. Menn gleymdu því þess vegna, hvar lögberg hafði verið. Munnmæli frá 18. öld eru um það, að lögberg hafi verið á rimanum milli Flosagjár og Nikulásargjár, og sumir fræðimanna vorra hafa haldið sér við þau. En aðrir hafa haldið því fram, að lögberg hafi aldrei verið á gjárima þessum, heldur hafi það verið vestan Öxarár á stalli einum (eystri gjábakkanum) í brekkunni milli árinnar og gjábakkans vestari. Lögberg hefur ekki verið á rimanum milli gjánna, heldur vestan Öxarár. Ber til þess:

1. Að lýsinga-staðir á þingum voru hafðir hærri en umhverfi þeirra (þingbrekka, þinghóll) og venjulega hæð að baki eða hamar, svo að hljóðið bærist sem bezt til þingheims. Sérstaklega er auðsætt, að á Þingvelli hafi menn lagt áherzlu á þetta. Og landsháttum er þar líka svo farið, að unnt var að finna þar stað, er þessa kosti hefði. Gjáriminn fullnægir alls eigi þeim skilyrðum, sem auglýsingastaður þingsins þurfti að hafa, heldur þvert á móti. Þar er engin slík brekka og því síður hæð að baki, er hljóð bergmáli frá. Fyrir vestan á mátti slíka staði fá. Þar er brekka og þar er vestari gjábakkinn að baki og sendir bergmálið yfir þingheim, sem hefur staðið neðanvert við lögberg, milli þess og árinnar.

2. Nokkrir staðir í Sturlungu sýna það alveg ótvírætt, að lögberg hefur á fyrra hluta 13. aldar verið vestan vert við Öxará, en ekki fyrir austan hana.[1]) Er of langt mál að fara hér nákvæmar út í þetta atriði.

VIII. Í Öxará eru og voru hólmar nokkurir. Þar háðu menn einvígi, er *hólmgöngur* voru kallaðar, sbr. orðatiltækið „að ganga á hólm“ við einhvern. Það var á 10. öld, að þeir, sem þóttust vanhaldnir í skiftum við aðra, eða bjuggust ekki við að fá mál sitt fram, buðu þeim hólmgöngu. En 1006 er sagt, að hólmgöngur væri úr lögum teknar.[2]) Samt sem áður er

1) Sturl. I 153, II 70, 72 171—172. Af öllum þessum stöðum má ráða, að lögberg hafi verið vestan Öxarár. Sjá annars ritgerð Matthíasar fornmenjavarðar Þórðarsonar í Árbók Fornleifafélagsins 1921—22, bls. 80 o. s. frv., þar sem rækilega eru raktar skoðanir fræðimanna á legu lögbergs.

2) Gunnlaugssaga ormstungu, 11. kap.

sagt frá því árið 1014 eða því nærri, að Þórir Helgason byði Guðmundi ríka hólmgöngu og Vigfús Víga-Glúmsson Einari Þveræing, og eigi vikið að því, að sú meðferð væri löglaus.[1])

## 4. gr.

## Þingtíminn.

I. Til ársins 999 skyldu menn vera til Alþingis komnir, er 9 vikur voru af sumri.[2]) Hafa goðar þá átt að vera til þings komnir fyrir sólarlag á Þingvelli fimmtudaginn í 10. viku sumars, og þá hefur Alþingi verið sett og helgað. Að sögn Ara fróða var þingtíma breytt þannig 999, að þar á eftir skyldi goðar vera til Alþingis komnir fimmtudaginn á 11. viku sumars áður sól gengi af Þingvelli, I a 37, 43, sbr. I a 112, 209. Alþingi hófst þá í fyrsta lagi 18. og í síðasta lagi 24. júní (samkvæmt „gamla stíl"), eftir því á hvaða mánaðardag sumardaginn fyrsta bar.[3]) En svo er að sjá, að lögrétta hafi getað ákveðið að þing skyldi fyrr hefjast, og hefur það líklega verið ákveðið með sama hætti og um leyfi var mælt. En ef ákveðið var, að Alþingi skyldi næsta sumar fyrr hefjast en fimmtudaginn í 11. viku sumars, þá skyldi lögsögumaður birta það þingheimi að lögbergi, Grág. I a 209. Einnig átti að birta það á leiðarþingum haustinu áður, ef Alþingi næsta sumar átti að hefjast fyrr en lögmælt var, Grág. I a 112. Hefur þingtíminn verið heppilega valinn. Þá er dagur lengstur, og því jafn ferðafært að degi sem nóttu. Þá eru grös venjulega svo gróin, að hrossahagar eru nægilegir komnir og hestar orðnir sæmilega ferðafærir eftir veturinn, en heyannir ekki byrjaðar.

II. Hin fornu lög segja það ekki beinlínis, hversu lengi Alþingi skyldi standa, en það er gert ráð fyrir því, að það standi 2 vikur. Þetta sést einkum á því, að oft er sagt, að greiðslur skulda eða sekta skuli fara fram á Alþingi „miðvikudaginn í mitt þing"[4]). Og mun Alþingi að jafnaði hafa staðið svo lengi.

---

1) Ljósvetningasaga, 16. og 17. kap.

2) Íslendingabók, 7. kap.

3) Sbr. Sturlungu, I 53 („ok riðu menn á þing hinn næsta dag fyrir Jóhannesmessu").

4) T. d. Grág. I a 21, II 25; I a 209, II 248. Sbr. og I a 55—56. („Annan dag viku hinn fyrra í þingi") o. fl.

Eftir því ætti þingi venjulega að hafa verið slitið miðvikudaginn 12 vikur af sumri. Það segir ekki, um hvert leyti dags þinglausnir skyldi vera. Um miðdegi skyldi segja vorþingi upp, Grág. I a 107, og er líklegt, að Alþingi hafi átt að segja upp í sama mund, þó mun þetta hafa farið nokkuð eftir ástæðum, sbr. Grág. II 248.

III. Það má rekja það nokkurn veginn eftir Grágás, hvað gera skyldi hvern dag, er Alþingi stóð, með öðrum orðum: búa til dagskrá Alþingis. Og skal hér gert stutt yfirlit yfir störfin á Alþingi í fornöld eftir því, sem næst verður komizt, og verða dagarnir taldir eftir röð:

1. *Fimmtudagur í 11. viku sumars:*

Áður sól væri gengin af Þingvelli skyldi goðar vera komnir til þings, sem fyrr segir. Þá um kveldið hefur Alþingi verið sett. Fleira hefur ekki verið gert af þingstörfum þann dag. Þá hafa sjálfsagt flestir hresst við búðir sínar og tjaldað þær, nema þeir hefði fyrr látið gera það.

2. *Föstudagur í 11. viku sumars* („föstudagr hinn fyrri í þingi"):

Þá skyldi lögsögumaður vera kominn til þings, Grág. I a 210. Þenna dag var gengið til lögbergs, og voru þar þingsköp uppsögð, ef veður leyfði, en ella í kirkju, Grág. I a 210, sbr. 216. Ef lögsögumaður fór frá, þá skyldi kjósa nýjan lögsögumann þenna dag, Grág. I a 208. Þar eftir skyldi menn ganga til lögbergs, Grág. I a 209. Þá skyldi og fjórðungsdómar vera skipaðir „í dag" (= föstudaginn fyrra í þingi, er þingsköp voru upp sögð), Grág. I a 38. Þá skyldi og skipa fimtardóm, Grág. I a 77, sbr. I a 38. Þá skyldi sækjendur mála lýsa sökum á hendur mönnum til fjórðungsdóma að Lögbergi, Grág. I a 40, og spyrja þar að heimilisfangi þeirra manna, er þeir vilja sækja á Alþingi, Grág. I a 40.[1])

3. *Laugardagur í 11. viku sumars:*

Þá var gengið til lögbergs, Grág. I a 45, og þá mátti þar lýsa sökum í fjórðungsdóma og spyrja að þingfesti manna, Grág. I a 39, 40. Þá skyldi færa dóma út til ruðningar, er svo var kallað, eigi síðar en þegar sól er á Gjáhamri,[2]) Grág. I a 39, 45.

1) Sbr. Njálssögu, 73., 121., 123., 135., 140., 141. og 144. kap., er allir tala um lögbergsgöngu og lýsingar að lögbergi.

2) Hér er átt við dagsmark, og mun vera nærri miðmunda, eða milli kl. 1—2 e. h.

En sú athöfn var fólgin í því, að goðar komu fram með menn þá, er þeir höfðu í dóma nefnt og buðu sakaraðiljum að ryðja þeim úr dómi, er eigi væri að lögum hæfir til að dæma mál almennt eða þeirra manna mál einhverra, sem sakir áttu þar þá saman, sbr. Grág. I a 38, 46—50. Þá skal goði þegar, sbr. þó um sunnudaginn fyrra í þingi, nefna mann eða menn í dóm í stað þess eða þeirra, sem rutt hefur verið úr dómi, Grág. I a 50. Þetta hefur stundum gengið lengi dags, og fram á nótt eins og sjá má á því, að goða er veittur frestur til dómnefnu í stað þeirra, sem rutt var úr dómi, til sólaruppràsar á sunnudagsmorguninn.

4. *Sunnudagurinn í 11. viku sumars* („Drottinsdagurinn fyrri í þingi"):

Þá var ef til vill lokið við dómruðningu og dómnefnu í stað þeirra, sem rutt var úr dómi, Grág. I a 50, þá skyldi lögréttan út fara, Grág. I a 212, til þess að gegna einhverjum þeim störfum, sem til hennar eru lögð og ekki skal vinna aðra daga. Um önnur þingstörf er ekki talað þá. Þá hafa auðvitað tíðir verið sungnar eftir að kristni var lögtekin.

5. *Mánudagur í 11. viku sumars:*

Þá var enn til lögbergs gengið, ef með þurfti, því að lýsa mátti sökum að lögbergi „annan dag viku, ef menn vilja þat í lögum hafa", Grág. I a 39. Og spyrja mátti líka að þingfesti verjanda á mánudaginn, því að þess var kostur þar til dómar fóru út til sóknar, en það var þann dag í fyrsta lagi, Grág. I a 40—41, sbr. 54. Dómar fóru ekki út til sóknar, sem kallað var, nokkurn ákveðinn dag, heldur „þann dag, er menn kveða á", Grág. I a 52. Þá er dómar fóru út til sóknar, hófst málsmeðferðin. Eins og tekið er fram, þá gátu dómar fyrst farið út til sóknar á mánudaginn fyrra í þingi, og svo framvegis eftir því, sem ákveðið var. En það var föst regla, að dómar skyldi eigi fara síðar út dag hvern til sóknar en svo, að sól væri komin á gjábakka hinn hærra úr lögsögumanns rúmi að sjá. Er það sjálfsagt dagsmark og er talið, að klukkan sé þá nálægt 2 síðdegis.

Það er gert ráð fyrir því, að fleiri mál en eitt skuli sækja og verja sama dag í sama dómi, og skyldi þá hlutkesti ráða, hver fyrstur skyldi segja fram sína sök. Áður en framsaga sakar hófst, átti sækjandi að vinna eið þess efnis, að hann myndi svo mál það sækja sem hann vissi sannast og réttast og

helzt að lögum. Síðan lýsti hann sakarefni, kom fram með sönnunargögn sín, kvið eða votta, og gerði kröfur sínar. Málflutningur var auðvitað munnlegur að öllu leyti. Síðan vann varnaraðili sams konar eið og færði fram varnir sínar. Að því loknu var málið dæmt. Hvert það mál, er sótt var dag hvern, skyldi leiða til lykta án þess að hlé yrði á, að því er virðist. Ef dómendur urðu eigi á eitt sáttir („vefang"), þá lýsti sækjandi því að lögbergi og stefndi dómi til rofs í fimtardómi, sjá Grág. I a 52 o. s. frv., Njálssögu 73, 74, 121, 141, 142, 143. kap. og 14. gr. Sjá nánar um fjórðungsdóma á Alþingi.

6. *Þriðjudagur í 11. viku sumars:*

Þá hefur verið háður dómur eftir þörfum, gengið til lögbergs og dómum lýst, sbr. Grág. I a 77, og sökum lýst í fimtardóm, ef því var að skifta. Þá hafa menn og beiðzt féránsdóma eftir þá menn, er þegar höfðu sekir orðið, Grág. I a 84.

7. *Miðvikudagur í 11. viku sumars* („Miðvikudagr í mitt þing"):

Þá gátu farið fram öll hin sömu störf sem þriðjudaginn og auk þess sjálfsagt fimtardómshald, sbr. Grág. I a 77 o. s. frv. Ennfremur var þá gjalddagi ýmsra skulda og sekta, er greiddar voru í búanda kirkjugarði.[1])

8. *Fimmtudagur í 12. viku sumars:*

Þá gátu farið fram öll sömu störf sem miðvikudag í mitt þing, nema fjárgreiðslurnar, og auk þess gat lögrétta haldið fund, og enn mátti nota daginn til lagauppsögu, ef tóm var til.

9. *Föstudagur í 12. viku sumars:*

Sömu störf sem fimmtudaginn í 12. v. s.

10. *Laugardagur í 12. viku sumars:*

Sömu störf sem fimmtudaginn í 12. v. s.

11. *Sunnudagurinn í 12. viku sumars* (síðari í þingi):

Þá skyldi lögrétta halda fund, Grág. I a 212. Svo hafa menn sótt tíðir í þingmanna kirkju.

12. *Mánudagurinn í 12. viku sumars.* (Mánudagurinn síðari í þingi):

Sömu störf sem fimmtudaginn í 12. v. s., eftir því sem þörf krafði.

13. *Þriðjudagurinn í 12. viku sumars* (hinn síðari í þingi):

Sömu störf sem fimmtudaginn í 12. v. s., eftir þörfum.

---

1) Sjá að framan, bls. 23, 9 nmgr.

14. *Miðvikudagur 12 vikur af sumri:*

Þá kom lögrétta saman, Grág. I a 212. Gengið hafa menn þá til lögbergs og mælt þar málum sínum eftir þörfum. Þá skyldi lögsögumaður segja upp missiristal, imbrudagahald, ef menn skulu fyrr koma til Alþingis en 10 vikur af sumri, svo og sýknuleyfi öll, Grág. I a 209. Jafnvel mátti þá láta dóma fara út til sóknar í málum, er á Alþingi gerðust, sbr. Grág. I a 177, II 248, 353. Þá var og þingi venjulega slitið (þinglausnir).

## 5. gr.

## Þinghelgun. — Þingslit (þinglausnir).

I. 1. Fyrsta þing-athöfn var *helgun Alþingis*. Hún átti að fara fram fimmtudaginn í 11. viku sumars, eins og fyrr segir. Um þinghelgun er eigi sagt berum orðum í lögum um Alþingi, en í Grág. I a 97 er svo berum orðum mælt um vorþingin og jafnframt sagt, að vorþing skuli helga sem Alþingi. Lögsögumaður þurfti eigi að vera kominn til Alþingis fyrr en á föstudaginn fyrra í þingi, Grág. I a 210, nema hann færi jafnframt með goðorð, sbr. Grág. I a 43, og hefur hann því eigi helgað Alþingi. Enda hefði ekki verið hentugt að fela honum þann starfa, því að hann gat átt heima hvar á landinu sem var, og því við búið, að honum legaðist í þingreið, svo að hann mætti ekki vera kominn fyrsta daginn. Grág. segir ekki, hver skuli helga Alþingi, en úr því að lögsögumaður gerði það ekki, þá hlýtur einhverjum goðanna að hafa verið falið það. Á vorþingum átti sá goði að helga þing, sem þinghelgi átti þar, þ. e. sá goði, sem þar átti þingmenn, er þing stóð, Grág. I a 97. Nú er ekki kunnugt, hver helzt hafi átt þingmenn um Þingvallasveit. En líklegastir eru Mosfellingar, Ölfusingar og Reykvíkingar (afkomendur Ingólfs Arnarsonar) til þess. Svo er sagt,[1]) að Þormóður, sonur Þorkels mána lögsögumanns, Þorsteinssonar Ingólfssonar landnámsmanns, hafi verið allsherjargoði árið 1000, er kristni kom á Ísland, og í öðru heimildarriti[2]) er Þormóður þessi borinn fyrir sögusögn um það, hvernig langfeðgar hans hafi helgað Alþingi. Af þessu má þá ráða, að Alþingishelgun hefur gengið í ætt Ingólfs Arnarsonar. Um 1200

1) Landnáma, I 9. kap.
2) Melabók (Kh. 1911), bls. 146.

er Magnús Guðmundarson griss allsherjargoði,[1]) og hafa þeir frændur því sjálfsagt verið afkomendur Ingólfs Arnarsonar. Sá goði, er Alþingi helgaði, var nefndur *allsherjargoði*. Nú er ekki vitað, hvers vegna Alþingishelgun gekk í ætt Ingólfs, hvort það hefur verið gert til heiðurs við son hins fyrsta landnámsmanns, Þorsteins Ingólfssonar, og niðja hans síðan, eða af því að goðorð þeirra frænda hafi mest staðið um Þingvöll. Næst liggur ef til vill að ætla, að Alþingishelgun hafi verið látin ganga í ætt Ingólfs til sæmdar þeim frændum.

2. Þinghelgun hefur fyrst og fremst verið fólgin í yfirlýsingu um það, að Alþingi væri *sett*. Frásögn Melabókar tilv. stað um orð þau, er höfð hafi verið, er Alþingi var helgað, eiga eigi við þá athöfn, heldur eru þau dómskapa-eiðar, er sá vann, er með sök fór í þinginu, eða sök dæmdi. Hinsvegar er mjög sennilegt, að Alþingi hafi verið sett í heiðnum sið í nafni goðanna og með einhverjum helgiathöfnum, t. d. blótum dýra og ef til vill stundum manna, en eigi segir neitt um það í heimildarritum. Í kristnum sið er einnig líklegt, að Alþingi hafi verið sett í nafni heilagrar þrenningar, eins og síðar var, eða með einhverjum helgiathöfnum. Jafnframt setningu þingsins hefur verið lýst griðum og ef til vill sagt til um þingmörk. Frá þessum öldum er enginn þingsetningarformáli til, en líklegt er þó, að þingsetningarformálar seinni alda eigi að sumu leyti rót sína að rekja til þingsetningarformála frá fornöld, því að slíkir formálar hafa oft geymzt furðu vel. Forsagnirnar, sem prentaðar eru í Alþingisbókum Íslands, I. bindi, bls. 1, eru sennilega að stofni til æfagamlar.

3. Verkun þinghelgunarinnar var sú, að þingheyjendur máttu eigi vera nótt eða nóttu lengur úr þingmarki, en fara máttu þeir um daga að leita hrossa sinna og þó því aðeins, að eigi tefðist þingstörf þess vegna, Grág. I a 44—45. En þingsafglöpun var það, ef þeir brutu þessi fyrirmæli, og varðaði fjörbaugsgarð. Verkanir þinghelgunarinnar komu ennfremur fram í því, að réttur manna jókst að helmingi, Grág. I a 177, II 252—253, sbr. og I b 182, II 391. En réttur voru bætur, eins konar miskabætur, sem sá átti að fá, er fyrir áverkum varð eða meiðandi ummælum og ýmsum öðrum misgerðum.[2])

1) Sturl. II 70, þar sem segir, að Magnús goði (ekki „góði") ætti Allsherjarbúð, en hana hefði hann ekki átt, nema hann væri allsherjargoði.

2) Sjá Grág. III, orðasafnið v. réttr.

Sá, er sekur varð skógarmaður fyrir víg á Alþingi, var gildur 3 merkum, en aðrir almennt 8 aurum, Grág. I a 178, II 348. Sá, er vann víg eða veitti mönnum áverka á helguðu þingi, hafði rofið þinggrið, og mátti eigi sættast á sár, er mönnum voru veitt á helguðum þingum, nema lögrétta leyfði, Grág. I a 176, II 345. Ef maður vildi hefna áverka, sem hann fékk á Alþingi, þar á staðnum, þá varðaði þó þeim, er fyrir stóðu, fjörbaugs garð, ef eigi var á vettvangi, en annars skóggang, Grág. II 353. Búðir manna mátti þá og rjúfa til að komast að spellvirkjanum. Einnig voru þeir menn, sem eigi áttu þingreitt, óhelgir við áverkum, og þeir, er í flokki þeirra eru og þeim veittu lið til þingreiðar, Grág. I a 175, II 342. Búðir göngumanna, er biðja sér matar á Alþingi, voru óheilagar við broti og göngumenn áttu ekki rétt á sér, þó að þeir væri hart út færðir úr búðum.[1]) Sekir skógarmenn voru vitanlega réttdræpir í þingmarki um Alþingi sem annarstaðar.

4. Það er alkunnugt, að bann var við því á Íslandi í heiðnum sið, að bera vopn í hof (hofhelgi). Nægir að nefna sögnina um það, er Ingimundur gamli gerði sverðið af Austmanninum fyrir það, að hann bar það í hofið.[2]) Og hefur sama venja um hofhelgi tíðkast í Noregi. Í kristnum sið er bann sett við vopnaburði í kirkju, Grág. I b 216, II 58—59. En í lögum er ekki lagt bann við því, að bera vopn á helguðu þingi. Og það er víst ekki heldur efi á því, að menn hafa hér almennt borið vopn í þingreiðum og á sjálfu Alþingi. Það var svo títt, að dómum var hleypt upp, og áverkar urðu ósjaldan með mönnum. Á brennu-þinginu 1012 barðist t. d. mikill hluti þingheims,[3]) enda segir Guðmundur ríki við sækjendur brennumálanna, að þeir skuli ganga með *vopnum* til allra lögskila, „en berjast þó ekki svá búit“.[4]) Það er annað mál, að vopnaburður kann að hafa minnkað á síðara helmingi 11. aldar,[5]) en einmitt um 1120 má sjá það, að það er siður höfðingja, að ganga með vopn til dóma, því að Hafliði Másson bar öxi, enda þótt hann væri ekki vanur að bera vopn til dóma á Alþingi, er Þorgils Oddason særði hann, en sagan getur þess eigi,

1) Sbr. bls. 25 nmgr. 1.
2) Vatnsdælasaga, 17. kap.
3) Njálssaga, 145. kap.
4) Njálssaga, 140. kap.
5) Sbr. Kristnisögu í Bps. I 29, 31.

að vopnaburður sé bannaður á Alþingi.[1]) Árið 1162 segja sumir annálar, að verið hafi „lögréttubardagi“, og bendir það ekki á, að menn hafi verið vopnlausir að þingstörfum. Um sama leyti eru deilur Sturlu í Hvammi og Páls prests í Reykjaholti, og þá eggjar sjálfur Þorlákur biskup helgi Pál prest á að bera vopn á Alþingi, þó að hann væri því óvanur, og ekki hefur biskup átt von á því, að Sturla og hans menn gengu vopnlausir. Biskup gefur í skyn, að þeir kunni að rjúfa þinggrið, en hann lætur ekkert á sér heyra um það, að bann sé við vopnaburði og að þeir Sturla brjóti það bann.[2]) Á Alþingi 1194 voru Rauðsmál svonefnd, og varð þá bardagi við dóma, mannvíg og sár,[3]) og er auðséð, að mikill er vopnaburður þá á Alþingi. 1230, sumarið eftir Sauðafellsför Vatnsfirðinga, er auðséð, að vopnaburður er á Alþingi. Sturla Sighvatsson ríður til kirkju, en skilur eftir vopnin við búðarvegg.[4]) 1234 segir, að Magnús biskup Gizurarson bannaði mönnum að bera vopn til dóma á Alþingi og að þeir hafi fylgt því banni.[5]) Þessi dæmi nægja til að sýna það, að vopnaburður á Alþingi muni ekki hafa lagzt niður lýðríkistímabilið út, eða að hann hafi að minnsta kosti haldizt fram á síðustu áratugi þess.

III. Þing hefur staðið til 2.—8. júlí. Það eru engin fyrirmæli um það, hvernig Alþingi var sagt upp (þinglausnir), eða hver það gerði. En vafalaust hefur annaðhvort allsherjargoðinn gert það eða lögsögumaður. Því hefur líklega verið lýst yfir að lögbergi, að Alþingi væri slitið, fremur en úr lögréttu. Verkanir þinglausna voru þær, að eftir þær eru árásir á menn í þingmörkum eigi friðrof á helguðu þingi og að nú verða lögrétta eða dómar eigi lengur látnir starfa. Nú er þingheyjendum einnig rétt að fara af þingi heim til búa sinna, en brottför var þeim bönnuð af Alþingi, sem fyrr var sagt.

Þingslit eru stundum og nefnd „vápnatak“, sbr. Grág. I a 11, II 13, sbr. t. d. I a 83, er sýna að vopnatak og þinglausnir merkja hið sama. Nú er eigi fullkunnugt, í hverju vopnatakið hafi verið fólgið. Það hefur að líkindum upphaflega verið fólgið í því, að þingheyjendur slógu saman vopnum sínum til

1) Sturlunga, I 44, 46.
2) Sturlunga, I 153.
3) Sturlunga II 10—11. Ísl. annálar.
4) Sturl. II 171.
5) Sturl. II 232.

merkis um það, að þeir væri samþykkir því, er gerzt hafði á þingi, líkt og menn sýndu síðar samþykki sitt með lófataki. Síður þessi hefur þó líklega lagzt snemma niður hér á landi, en af því að þessi athöfn hefur farið fram rétt í sambandi við þingsuppsögn, þá hafa þingslitin tekið nafn af henni. Annars eru fleiri tilgátur um merkingu vopnataksins hér á landi[1]).

## 6. gr.

## Þingsóknarmenn.

I. Þeir skulu hér fyrst taldir, sem *lögskylt* var að sækja Alþingi. Þeir voru þessir:

1. *Goðorðsmenn (goðar).* Samkvæmt Grágás I a 43 skyldu goðar allir koma til þings fimmtudaginn í 11. viku sumars áður sól gangi af Þingvelli. Þetta hefur fyrst og fremst náð til allra goðanna, 36, er voru á landinu, þar til því var skift í fjórðunga 965, því að þangað til virðast hafa verið 9 þing á Norðurlandi, þar sem þau urðu 12 eftir fjórðungaskiftinguna 965, sbr. Íslendingabók 5. kap. Og eftir fjórðungaskiftinguna var öllum goðunum 39, sbr. Grágás I a 211, skylt að sækja Alþingi á áðurnefndum tíma. Ennfremur hefur hinum 12 nýju goðorðsmönnum, sem til hafa orðið síðar og þátt áttu að taka í nefndu fimmtardómsins, Grág. I a 77, verið jafnt skylt að sækja þingið sem öðrum goðorðsmönnum. Þeir hafa og, þótt þeir tæki ekki þátt í lögréttuskipun sem aðrir goðar eða dómnefnu framar en sagt var, átt að segja til þingfesti þingmanna sinna, og mynda tylftarkvið fyrir þá, eins og aðrir goðar. Goðorðsmanni var, að því er virðist, skylt að sækja þing sjálfur og fara þar með goðorð sitt, nema nauðsynjar banni. Ella voru þeir sekir 3 mörkum („útlagir") og af goðorði, en samþingisgoðar hans áttu þá að ráða því, hver með goðorð hans færi, Grág. I a 43, sbr. I a 97, 98, 142. En svo má vera, að maður eigi goðorð, sem eigi er þingreiðarfær, og átti hann þá að selja meðför þess einhverjum þingmanna („þriðjungsmanna") sinna, Grág. I a 141, sbr. 142. Kona mátti eigi fara með goðorð og ef til vill ekki eiga það, og átti einhver þingmanna hennar

1) Sjá Grág. III orðasafnið v. *vápnatak*. Hrafnkelssaga Freysgoða kap. 12: „Þat heitir vápnatak, er alþýða ríðr af þingi".

að taka við meðför (eða eign) þess, Grág. I a 142. Goði, sem sagði sig í þing með öðrum goða, eins og Flosi á brennu-þinginu, mátti ekki sjálfur með goðorð fara, heldur einhver þingmanna hans, sbr. Njálss. 141, sbr. 143. kap. Svo gat ungur maður átt goðorð, og mátti hann fara með það, ef hann var 12 ára og þingmenn hans leyfðu það, Grág. I a 142. Ef fleiri menn en einn áttu goðorð saman, þá skyldi fela einum þeirra meðferð þess, Grág. I a 141. Sá, sem með goðorð fór, átti auðvitað að sækja þing og inna þar þau lögskil af hendi, sem goðorði fylgdu. Í lögum segir ekki, hvernig með goðorð skuli fara, ef einn maður á fleiri goðorð en eitt. Gat þetta þó vel orðið, því að lögum samkvæmt mátti maður kaupa sér goðorð, hann fekk það að erfðum með konu sinni og að gjöf o. s. frv. Gat þá einn og sami maður farið með tvö goðorð eða fleiri, eða átti hann að láta aðra fara með goðorð sín, nema það eitt, sem hann fór með?

Eins og fyrr er sagt, mátti goði ekki fara með goðorð, nema hann ætti heima með þriðjungsmanni sínum og eigi fela öðrum en þriðjungsmanni sínum meðferð goðorðs. Sá goði, sem átti t. d. 2 goðorð, A og B, hefur ekki getað átt heima í báðum eða hjá þingmönnum sínum í báðum þeirra. Og því síður hefur þetta mátt vera, ef sami maður átti enn fleiri goðorði. Í samræmi við reglu Grágásar áðurnefnda væri það því, að goðorðsmaðurinn hefði átt að fela einhverjum þriðjungsmanni sínum í hvoru eða hverju goðorði — að því fráteknu, sem hann sjálfur mátti fara með að lögum — meðferð þess goðorðs, sem sá taldist til. Sami goði gat að vísu nefnt menn í dóm fyrir fleiri goðorð en eitt, en hann gat ekki setið í lögréttu nema fyrir eitt goðorð, því að 48 menn áttu að sitja á miðpalli lögréttu, Grág. I a 211. Það virðist því líklegt, að löggjafinn hafi ætlazt til þess, að einn og sami maður gæti aldrei farið nema með eitt goðorð. En þessu mun ekki hafa verið fylgt í framkvæmd, því að á 13. öld, þegar mörg goðorð voru komin á eins manns hendur virðast þeir sjálfir hafa farið með þau öll — í lögréttu hafa þeir þó væntanlega sett mann fyrir hvert goðorð — eða sent einn mann til þings með þau öll, eða að minnsta kosti fleiri en eitt.[1]) Loks er þess getandi, að ýmsir höfðingjar gáfu goðorð sín upp í hendur Hákoni

1) Sturlunga II 126 (1223), 143 (1227).

gamla Noregskonungi 1253 og síðar og verður eigi séð, hvernig meðferð þeirra goðorða hefur verið. Ætla má þó, að með þau hafi farið þeir, er gáfu þau upp, svo að raunveruleg breyting hefur ekki orðið eða þurft að verða á meðferð goðorða eða skipun Alþings þess vegna.

2. *Lögsögumaður.* Hann skyldi vera kominn til þings föstudaginn fyrra í þingi, eins og fyrr getur, áður en menn gengi til lögbergs, og varð hann sekur 3 mörkum, ef hann kom síðar að nauðsynjalausu, enda gátu menn þá tekið sér annan lögsögumann, ef þeir vildu, Grág. I a 210. Líklega hafa menn gengið til lögbergs föstudaginn fyrra í þingi, er sól var á gjábarmi inum vestra (þ. e. nál. kl. 2 síðdegis), þó að eigi sé það sagt í lögum, sbr. Grág. I a 45. Ef lögsögumaður fór með goðorð, þá giltu auðvitað áðurnefndar reglur um goðorðsmenn um hann. Það kynni að orka tvímælis, hvort lögsögumaður hafi samtímis mátt hafa lögsögu og fara með goðorð. Um það segir ekki í lögum. En líklega hefur það viðgengizt, því að hvergi er bann við því í Grágás og ekki mun þess nokkru sinni getið í sögunum, að lögsögumaður, sem venjulega mun jafnframt hafa verið goðorðsmaður, hafi vegna lögsögunnar falið öðrum meðferð goðorðs síns.

3. *Bændur.* Goðorðsmaður gat kvatt búendur, sem þingmenn hans voru, til Alþingisreiðar, og eru þeir menn, sem þess vegna fara til þings, kallaðir þingheyjendur í lögum fyrst og fremst, Grág. I a 45. Goði gat kvatt þriðjungsmenn sína Alþingisreiðar í þingbrekku á vorþingi og var þá 9. hver maður skyldur til Alþingisreiðar, og skyldi hlutkesti ráða, hverir færi og hverir heima sæti, ef þeir gátu ekki á annað orðið sáttir, Grág. I a 107. Skilyrði þess, að maður væri skyldur til þingreiðar, var það, að hann væri búandi (þ. e. hefði ábúð á jörð eða jarðarhluta) og að hann væri svo efnum búinn, að hann ætti að gegna þingfararkaupi. En til þess var þess aftur krafizt, að hann ætti, auk nauðsynlegra búsmuna, eitt hundrað á landsvísu (= 1 kúgildi), eða bát eða nót á hvern ómaga sinn og hvert vinnuhjúa og enn fremur uxa eða hest, Grág. I a 159—160, II 320—321, III 173, 431—432. Einyrki varð þó að eiga tvöfalt til þess að hann yrði þingfararskyldur, I a 128, 159, II 320. Þingför eða greiðsla þingfararkaups hvíldi því á hverjum búanda, er hafði fé sem sagt var. Kona gat ekki verið þingheyjandi sjálf. Svo var maður auðvitað undanskildur þing-

för vegna sjúkdóms, ef hann mátti ekki fara fullum dagleiðum til þings, Grág. I a 160, II 321. 12 ára maður og eldri hefur mátt vera þingheyjandi fyrir bú sitt, því að 12 ára mann mátti nefna í dóm, Grág. I a 38. Ef búandi var eigi þingfær, þá mátti hann senda fyrir bú sitt son sinn, stjúpson, tengdason sinn og fósturson, heila og hrausta andlega og líkamlega. Fyrir bú konu voru sömu menn réttir þingheyjendur og svo bóndi hennar, ef hann er heimilisfastur með henni, Grág. I a 160—161, II 322.

Sá, sem til Alþingis fór, lagði sér sjálfur til hesta og mat. En hann fékk stundum kaup fyrir ferðina og þurfti ekki að gjalda sjálfur þingfararkaup, Grág. I a 44. Ókunnugt er um upphæð þingfararkaupsins. Ekki er ósennilegt, að það hafi verið eitthvað mismunandi eftir staðháttum, hærra þar sem langt var til þings að sækja. Þeir, sem goði kvaddi til þingfarar, skyldu vera komnir til þings fimmtudaginn í 11. viku sumars, eins og goðarnir sjálfir, nema nauðsynjar bönnuðu. Sá, er síðar kom, en þó eigi síðar en sunnudaginn fyrra í þingi, var að vísu réttur þingheyjandi, bæði um sín mál og annara, en hann gerði hvorki að gjalda né taka þingfararkaup, enda mátti hann ekki af þingi fara fyrir þinglausnir. Sá, er síðar kom, skyldi allt að einu gjalda þingfararkaup, enda var hann hvorki þingheyjandi um sín mál né annara og ónýtar sakir hans, varnir og vætti, ef hann var kvaddur heiman til vættis á Alþingi. Þeim var því rétt að fara aftur af þingi, þegar þeir vildu. Þingmenn goða voru skyldir að fara til búðar með honum, að viðlagðri 3 marka sekt, Grág. I a 44—45. Þeir menn, sem goði hafði rétt kvatt til þingfarar, eða ef nauðsynjar bönnuðu, þá þeir, sem í stað þeirra máttu koma, voru skyldir að gegna þeim þingstörfum, sem goðinn nefndi þá til lögum samkvæmt, svo sem að gegna dómarastörfum í fjórðungsdómi og fimtardómi, Grág. I a 38—39, 77, taka sæti í lögréttu, sbr. Grág. I a 211—212, ganga í goðakvið eða tylftarkvið, Grág. I a 66—67, bera vætti um athafnir, sem fram fara á Alþingi, svo sem um eiðspjöll aðilja, sbr. Grág. I a 46, 47, 54, 69, 70, 79, 80, dómara, sbr. Grág. I a 72, 76, 82, vera í kviði, er kvaddur er á Alþingi, Grág. I a 51—52, 66—77 o. s. frv.

Þó að eigi væri fleirum en 9. hverjum bónda skylt að sækja þing, þá hafa þó líklega oft fleiri farið eftir ósk goða, sem ef til vill þurfti mikils liðskostar við vegna málaferla sjálfs síns

eða til liðveizlu við aðra menn. Sæmd höfðingjans lá oft við, að hann fengi fram mál sín, og því var honum áríðandi að sýna liðsstyrk sinn á þingum. Ef hann reyndist eigi svo þingríkur sem andstæðingur hans, þá mátti hann búast við því, að mál hans yrði ónýtt fyrir honum, dómi hleypt upp með ofríki, eins og margoft hefur borið við. Og þar að auki var goðanum oft jafn mikið nauðsynjamál að styrkja þingmenn sína til þess að þeir mætti halda sínum hlut á þingum gagnvart þingmönnum annara goða, því að sá, sem eigi gat það, mátti eiga það víst, að þingmenn hans myndi segja sig úr þingi við hann og halla sér að öðrum ríkari goðorðsmanni.

4. Þá voru þeir þingheyjendur, sem löglega voru kvaddir til þingreiðar í því skyni að bera þar vætti eða kvið eða til að vera sannaðarmenn. Um skyldu manna til þingreiðar í þessu skyni munu sömu reglur hafa gilt, sem um þá, er goði kvaddi, Grág. I a 52, 159—160, II 320, þó að líkindum nokkru linari um eignir, sbr. og Njálssögu 142. kap. Þessir menn skyldi koma til þings sunnudaginn fyrra í þingi, og voru ónýt vætti þeirra, ef þeir komu síðar, enda máttu þeir þá fara af þingi, er þeir vildu, Grág. I a 40, 41, 56, 60. En fjörbaugsgarð varðaði vottum, ef þeir komu eigi til þings löglega kvaddir og að nauðsynjalausu, Grág. I a 55—56, en heimtingu átti vottur o. s. frv. á því að fá hest og mat til þingfarar og búðarrúm, nema goði hefði hann áður kvatt, Grág. I a 59. Ef kviðmenn, sem löglega voru heiman kvaddir þingfarar, komu ekki að nauðsynjalausu, þá varðaði það þeirri refsingu, sem frumsök hefði fylgt, ef hún hefði verið sönn og óspillt, Grág. I a 60. Ef varnaraðili hefði orðið fjörbaugsmaður, ef frumsök gekk fram, þá varðaði búa, er löglega var kvaddur, ólögleg heimaseta fjörbaugsgarð o. s. frv. Þeir menn, sem heiman voru kvaddir vættis eða kviðar, hafa sjálfsagt mátt fara af þingi jafnskjótt sem því máli eða þeim málum, sem þeir voru kvaddir til að bera vætti eða kvið í, var lokið.

5. Þá voru þeir menn, er sækja skyldu mál eður verja, þingheyjendur. En skylt var þeim að koma til þings eigi síðar en sunnudaginn fyrra í þingi, nema nauðsynjar bönnuðu. Ella voru ónýtar sakir þeirra og varnir, Grág. I a 44. En mátt hafa þeir fara af þingi, er þeir vildu, ef þeir áttu eigi öðrum störfum að gegna.

6. Biskupar landsins áttu setu í lögréttu, Grág. I a 211. Þeir

gátu stundum ráðið úrslitum um lögsögumanns kjör, Grág. I a 208, og þeir nefndu prestadóm á Alþingi og báru kviðu um þau mál með 2 prestum, Grág. I a 21, II 25. Biskupar munu því hafa verið skyldir til þingreiðar að lögum. Með því að prestar áttu að starfa í prestadómi og bera kviðu þar, þá virðast þeir einnig hafa verið skyldir að gegna kvaðningu biskups síns til þingreiðar að því leyti sem með þurfti til þess að dómstörf prestadóms mætti fara löglega fram. En annars eru engar reglur um þetta atriði í lögum. Viðurkennt vald biskupa yfir prestum sínum hefur þar komið í stað landslaga.

II. Auk þeirra, sem samkvæmt áður sögðu voru skyldir til þess að sækja Alþingi og dveljast á Þingvelli meðan þing stóð eða mál þau, er þeir áttu að bera um, voru óútkljáð eða þurftu að flytja þar mál, átti allur almenningur *rétt* á að koma til Alþingis. Enda sótti stundum mikill mannfjöldi Alþingi. Þar til má nefna menn, er komu þangað í atvinnuskyni, svo sem hrossagæzlumenn þingmanna, sbr. Grág. II 248, þar sem geymdar eru reglur um hrossagæzlu þingmanna, *svarðskriðar*, er munu hafa gert sér atvinnu af því að fægja og ef til vill gera við vopna manna, sbr. Grág. I a 176, II 347, sútarar, Grág. s. st., trúðar, sem munu hafa skemmt mönnum, líklega fyrir endurgjald, Grág. II 347. Svo er talað um ölhitumenn, eins og Ölkofraþáttur ber vitni um. Þá hafa höfðingjar haft með sér þjónustumenn, svo sem matgerðarmenn, sbr. Njálu 145. kap., Sturl. II 70, hestagæzlumenn o. s. frv. Þá er það alkunna, að unga fólkið reið mjög til þings sér til skemmtunar, en vitanlega hefur það þó mestmegnis verið fólk höfðingja og efnaðra búenda. Til Alþingis sóttu og hvers konar íþróttamenn, enda voru þar kveðin kvæði, sagðar sögur, glímur og sjálfsagt fleiri íþróttir iðkaðar, sbr. örnefnið Fangabrekka og Sturl. II 232. Þangað komu og þeir, er konungaerindi báru, eins og Þórarinn Nefjólfsson og sendimenn Hákonar gamla síðar.

III. Það var auðvitað aðalreglan, að hver maður, karl sem kona, mátti sækja Alþingi. Það var *réttur*, sem hver maður átti. Undantekningar frá því voru þó nokkrar.

1. Þeir, sem dæmdir voru sekir skógarmenn, áttu ekki þingreitt. Þeir voru réttdræpir, hvar sem þeir hittust, óalandi, óferjandi og óráðandi öllum bjargráðum.[1]) Þeir máttu ekki koma á

1) Grágás III orðasafnið v. *skóggangr*.

helgað þing, og mundu hafa verið réttdræpir þar sem annarstaðar. 1120 ætlar Þorgils Oddason, sem var orðinn sekur skógarmaður, að ríða á Alþingi, en Hafliði Másrson brýtur niður búð hans og ætlar að varna honum að komast í þinghelgi, og kallar það „ósóma mikinn, at sekr maðr ríði á helgat þing" og brot á landslögum.[1]) Grettir, sem var sekur skógarmaður, er þó sagður hafa komið á Hegranessþing, dulbúinn, og segir, að hann hafi fengið sérstök grið sér til handa. Þegar það var kunnugt, hver hann var, þá er að sjá sem sumir hafi ekki viljað hlíta þeim griðum, sem sett voru, en aðrir fengu því ráðið, að grið voru haldin.[2]) Þó að þessi saga væri sönn, þá verður ekkert af henni almennt ráðið, af því að Gretti voru sérstaklega grið sett, og menn virtu svo mikils orð sín, að þeir vildu ekki rjúfa grið á Gretti, þó að hann hefði leikið á þá.

2. Þeir, sem urðu sekir fjörbaugsmenn, áttu að eiga 3 heimili, sem þeir voru friðhelgir á, og á götu milli þeirra og að skipi og frá, er þeir leituðu til utanferðar af landinu.[3]) Af því er einsætt, að fjörbaugsmenn áttu eigi þingreitt. Þeir máttu hvergi fara, nema í þessum takmörkum, sem nefnd voru. Það er líka ætlandi, að þeir hafi ekki átt helgi á sér á Alþingi. Það hefur verið talin óhæfa, að þeir sækti helgað þing. Ari fróði segir frá því,[4]) að árið 1000 hafi Hjalti Skeggjason orðið eftir í Laugardal, af því að sumarið áður hafi hann „sekur orðit fjörbaugsmaðr of goðgá". Það er auðséð, að Gizur hvíti og aðrir hafa talið það óhæfu og brot á landslögum, að Hjalti, sekur skógarmaður, riði á Alþingi. Nærri má geta, hvort þeir hefði eigi annars látið Hjalta fara með sér, þar sem tilætlunin var að boða öllum þingheimi kristna trú.

3. Þeir, sem voru sakaðir um sár eða víg, enda hafi sárum eða vígum verið löglega lýst, áttu ekki þingreitt, sem kallað var. Ef þeir fóru á helgað þing, þá varðaði það fjörbaugsgarð. Ekki gat slíkur maður sótt eða varið sök á því þingi. Átti hann þegar að fara af þingi. Óhelgir urðu þessir menn og fyrir áverkum á þingi, Grág. I a 174—175, II 341—342, III 451. Sama var auðvitað, ef maður særði mann eða vó víg í þingför, ef lýst var, en sérstök ákvæði eru um þau tilvik, Grág. I a 181,

1) Sturl. I 53, 54.
2) Grettissaga 73. og 74. kap.
3) Grágás III orðasafnið v. *fjörbaugsgarðr*.
4) Íslendingabók 7. kap. Sbr. og Kristnisaga Bps. I 16—17, 21.

II 346. Þá hefur sá, er særði mann eða vá á helguðu þingi, því fremur átt að vikja þaðan, sbr. I a 176—177, sbr. I a 180—181, II 347.

IV. Eins og fyrr segir, gerðu menn sér búðir á Þingvelli. Goðar skyldi fá þingmönnum sínum búðarrúm, en að öðru leyti munu þeir hafa átt að sjá fyrir sér sjálfir á þingi. Kviðmenn og vottar áttu líka venjulega að sjá fyrir sér sjálfir. Þó skyldi sá, er kvaddi að heiman til vættis á Alþingi griðmenn eða búendur, sem eigi voru svo efnum búnir, að þeir ætti að gjalda þingfararkaup, sjá þeim bæði fyrir hestum og mat í þingferð. Þó að goðar skyldi sjá þingmönnum sínum fyrir búðarrúmi, þá er varla ætlandi, að nægilegt búðarrúm hafi verið handa öllum, er þing sóttu samkvæmt kvaðningu goða, þegar hann hafði liðskost miklu meira en venjulega, svo sem þegar stórmál voru á ferðinni. Má nærri geta, að ekki hefur verið búðarrúm til handa öllum þeim mannfjölda, sem höfðingjar á 12. og 13. öld drógu stundum til þings. Þá hljóta margir að hafa hafzt við í tjöldum eða jafn vel undir beru lofti, meðan þing stóð.

Vistaföng hafa menn orðið að flytja með sér til Alþingis. Sjálfsagt hafa höfðingjar haft með sér matgerðarmenn og matgerðartæki á Alþingi. Í Njálu 145. kap. er þess getið, að á brennu-Þinginu 1012 var manni varpað á höfuðið í soðketil mikinn, er hann hafði nýfært upp úr. Það hefur ekki verið eins dæmi, að menn syði mat á Þingvelli, heldur algengt. Ennfremur hafa menn hitað þar öl. Sjálfsagt hafa sumir höfðingjar líka haft með sér menn til þeirra starfa, en svo hafa sumir menn gert sér atvinnu að því að hita öl handa þingmönnum, eins og Ölkofri, sem segir frá í Ölkofraþætti, á öndverðri 11. öld. Eldiviður var nægur í skógum. Hefur þingvistin verið ánægjuleg, þegar veður var fagurt, en miður, þegar rigningar gengu um þingtímann. Hafa þá bæði tjöld og búðir lekið, eins og síðar reyndist.

Eins og nærri má geta, hafa menn komið með mikinn fjölda hrossa til Alþingis. Voru hrossahagar nægir í landi því, sem til Alþingisneyzlu var lagt eftir því, sem Ari fróði segir. Líklegt er, að höfðingjar hafi, að minnsta kosti oft, haft með sér hrossagæzlumenn (hestasveina). Sumir þingsóknarmenn hafa gætt hesta sinna sjálfir. Er gert ráð fyrir því í Grág. I a 44.

Þingmönnum er þar leyft að fara um daga að leita hrossa sinna, svo að eigi dvelji það gögn fyrir mönnum eða dómnefnu fyrir goðum. En auk þess, hafa margir komið fyrir hrossum sínum til geymslu, meðan þeir voru á þingi. Hafa sjálfsagt búendur í Þingvallasveit gert sér hrossageymslu um þingtímann að atvinnu, því að í lögum eru fyrirmæli um þá geymslu. Geymslumaður ábyrgist hross við handvömmum sínum og sýna skyldi hann það að þinglausnum kvikt eða dautt, Grágás I a 124. Í Grág. II 248 er nákvæmari regla um þetta efni og líklega yngri. Eftir henni á gæzlumaður að ábyrgjast hross og geyma sem sitt fé það, er hann vill vel geyma og skila kviku eða dauðu að þinglausnum. Gæzlu átti að kaupa alin á hvert hross og greiða miðvikudag í mitt þing í búanda kirkjugarði.

## 7. gr.

### Lögrétta. — Skipun.

I. Það mun mega ætla, að stofnun sú á Alþingi, er gengur undir nafninu *lögrétta* bæði í lögum vorum og sögum, hafi verið sett á stofn 930, er lýðríkið íslenzka var á stofn sett. Ari fróði[1]) talar um lögréttu sem þekkta stofnun, þar sem hann skýrir frá fjórðungaskiftingu landsins og hinum nýju ákvæðum um varnarþing 965, því að hann segir, að jöfn skyldi „lögréttuskipun“ úr Norðlendingafjórðungi, þótt þingin ætti að vera þar 4, sem úr hverjum hinna fjórðunganna, þar sem þing voru 3 í hverjum. Lögrétta hefur vafalaust þegar frá öndverðu verið aðalstofnun Alþingis, eins og hún hefur verið ávallt síðan. En það brestur skýrslur um skipun lögréttu í öndverðu. Goðorðin á landinu virðast hafa verið 36 frá upphafi lýðríkisins. Frásögn Ara í Íslendingabók 5. kap. virðist verða skilja svo sem fjölgað hafi verið vorþingunum um eitt vegna fjórðungaskiftarinnar. Og þessi skilningur virðist einn samrímanlegur orðum Grágásar I a 38, er kallar þing „óslitin“, er 3 hafi verið í fjórðungi hverjum en goðorð 3 í hverju þingi, með öðrum orðum, að goðorðin hafi verið 36 á landinu. Og þetta hlýtur að hafa verið fyrir þá skipun, sem á varð 965, er landinu

1) Íslendingabók 5. kap., sbr. Hænsna-Þórissaga 15. kap.

var skift í fjórðunga, og sama verður leitt af ummælunum í Grág. I a 211. Með fjórðungaskiftingunni gat vorþingaskiftingin breytzt nokkuð, af því að eitt vorþing mátti ekki vera í 2 fjórðungum. Fyrir fjórðungaskiftinguna gat t. d. Norðurþingeyjarsýsla, sem nú er, vel átt þingssókn til vorþings í Austfirðingafjórðungi, sem síðar varð. En þegar fjórðungaskiftingin var komin á, mátti það ekki vera, sbr. Grág. I a 140, 142. Norðurþingeyjarsýsla gat þá t. d. ekki verið í þingi Austfirðingafjórðungs og hefði orðið að sækja til Vaðlaþings, ef ekki hefði verið sett vorþing í Þingeyjarsýslum. En þingsókn til Vaðlaþings þótti þeim vist of örðug, og Húnvetningar vildu ekki heldur sækja þing í Skagafjörð. Hefur því orðið að samkomulagi að fjölga vorþingum 965, þegar landinu var skift í fjórðunga.

Með því að vist má telja, að goðorðin hafi verið 36 frá upphafi lýðríkisins og til 965, þá hafa goðar einnig verið 36. Þeir hafa vafalaust átt sæti í lögréttu. Hitt er alveg óvist, hvort lögréttan hafi verið skipuð fleirum mönnum á þessu tímabili. Af því skipulagi, sem var í Noregi á þeim tímum, verður varla ályktað um lögréttuskipun hér á landi. Á Gulaþingi var rétt eftir 930[1]) dómur skipaður 36 dómendum, og nefndu hersar í hverju þeirra þriggja fylkja, er til þingsins sótti, sína tylftina hver. En þessi dómstóll hafði fráleitt löggjafarvald. Það mun þingið hafa haft. Það virðist ekki verða leidd ályktun frá þessum dómi á Gulaþingi um það, hvernig lögréttan, sem þegar frá öndverðu hefur verið *löggjafarsamkoma*, hafi verið skipuð. Spurningin er hér þessi, hvort umráðamenn þeir, sem Grágás segir, að goðarnir eigi að nefna með sér til lögréttusetu og sæti áttu á frampalli og afturpalli lögréttu, hafi verið fyrir 965, eða sé eigi til komnir fyrr en síðar. Ari fróði getur þess ekki, að nokkur breyting hafi orðið á lögréttuskipun, nema sú, er leiddi af því, að goðarnir urðu 39 árið 965, og goðarnir úr 3 fjórðungum, Austfirðingafjórðungi, Sunnlendingafjórðungi og Vestfirðingafjórðungi, hafa þá tekið sér einn mann í viðbót til lögréttusetu úr hverju þingi — og jafn-marga til viðbótar á hvorn hinna pallanna, ef lögrétta hefur þá verið þrísett, eins og hún er eftir Grág. Eftir Njálu 97. kap. er pallaskipun lögréttu komin á um 1000. En það er engin fræðsla hér

1) Egilssaga Skalla-Grímssonar 56. kap.

sett um það, hvenær það hafi gerzt. Ríkisskipunin 930 hefur komizt á fyrir samkomulag allra fyrirmanna landsins. En fleiri hafa þeir þó líklega verið en 36, sem nokkuð kvað að og höfðu einhver mannaforráð. En þeirri forstöðu hafa þeir orðið að sleppa. Og þótt þeir hefði getað átt goðorð í félagi við aðra, og það hafa þeir sennilega átt — þá mátti aðeins einn eigenda *fara með goðorðið*. Nú er ekki líklegt, að allir þessir menn hafi verið fúsir til að sleppa þeim völdum og virðingum, sem þeir kunna að hafa haft. Þenna missi valda og virðinga mátti bæta þeim upp að nokkru leyti með því að veita þeim möguleika til meiri þátttöku í stjórn landsins en almenningi. Og þessi möguleiki var fólgin í því, að veita þeim *lögréttusetu*. Það er ofursennilegt, að þetta ráð hafi verið tekið, að lögréttan hafi verið sett 3 pöllum frá upphafi og að goðarnir hafi valið sér umráðamenn meðal áhrifamestu og vitrustu manna í þingi sínu. En þeir menn hafa vitanlega í öndverðu verið þeir forystumenn, er áður höfðu verið og eigi gátu fengið goðorð til eignar eða að minnsta kosti ekki til meðferðar.

Með því að eðli málsins bendir til að 36 goðarnir, sem lögréttu skipuðu frá byrjun, hafi þegar í upphafi kjörið sér 2 umráðamenn hver og með því að heimildarritin geta ekki um, að önnur breyting hafi orðið á skipun lögréttu 965 en sú, er leiddi af goðorðafjölgunum þá, þá virðist líklegast, að lögréttan hafi frá upphafi 930 og til 965 verið sett þremur pöllum, eins og hún er eftir Njálu 97. kap. og Grágás I a 211, og hafi goðarnir 36 setið á miðpalli, en á pallinum fyrir framan þá hafi setið 36 umráðamenn og aðrir 36 fyrir aftan þá, eða alls 108 menn. Auk þess hefur lögsögumaður átt sæti í lögréttu.[1])

II. Skipun lögréttu eftir Grágás. Eins og minnzt hefur verið á, var landinu skift í fjórðunga, að því er talið er árið 965.[2]) Þá urðu vorþinghár í Norðlendingafjórðungi 4 og goðorð þar því 12, því að þrjú goðorð voru í hverri vorþinghá. En í hinum fjórðungunum þremur voru þingin 3 í hverjum og því 9 goðorð í hverjum fjórðungi.[3]) Voru því goðorðin á

1) Vilhjálmur Finsen (Institutioner bls. 109) heldur, að lögréttan hafi frá öndverðu verið skipuð eftir sömu reglum sem hún var eftir Grágás, auðvitað með þeim mun, að lögréttumenn voru færri til 965.

2) Guðbrandur Vigfússon í Safni til sögu Íslands I 496 sbr. 348.

3) Íslendingabók 5. kap., Hænsna-Þórissaga 15. kap.

öllu landinu 39. Nú segir í innskotsgrein í Hænsna-Þórissögu, sem vel getur verið rétt, að norðlenzku goðarnir hafi allir viljað sitja í lögréttu, en Ari segir hins vegar, að úr Norðlendingafjórðungi skyldi vera jöfn lögréttuskipan sem úr hinum fjórðungunum. Þar af leiddi þá, að úr hverju vorþinganna 3 í þeim varð að nefna einn mann til setu með goðunum á miðpalli lögréttu. Urðu þá goðarnir 39 á miðpalli og auk þess 9 aðrir, 3 úr hverjum fjórðungi, eða alls 48 menn á miðpalli. Og er þetta sú skipun, sem Grágás ákveður í lögréttuþætti, Grág. I a 211. Í Grágás segir ekkert glöggt um það, hvernig velja skuli þess þrjá menn úr fjórðungi hverjum, eða 1 mann úr þingi hverju, til setu á miðpalli lögréttu. Það segir einungis, að samþingisgoðarnir (þ. e. þeir þrír goðar, sem saman eiga vorþing) skuli allir hafa með sér einn mann til setu á miðpalli lögréttu. Í Hænsna-Þórissögu segir, að einn maður skuli sitja fyrir hvert „forráðsgoðorð" í fjórðungunum þremur, öðrum en Norðlendingafjórðungi, svo að jöfn yrði lögréttuskipun úr þeim við hann. En enginn veit, hvað „forráðsgoðorð" merkir í þessu sambandi. Það er helzt að sjá, að það tákni goðorð, sem fremra sé að einhverju leyti heldur en hin, með öðrum orðum, að gert sé ráð fyrir því, að eitt af goðorðunum 3 í hverju vorþingi væri fyrir hinum. En eftir Grágás eru þau jöfn að öðru en því, að sá goði, er goðorð á um vorþingisstaðinn, skyldi helga vorþing, Grág. I a 97. Hann mun og hafa átt að helga leiðarþingin, því að þau skyldi helga sem vorþing. Á leiðum skyldi segja upp nýmæli, missirisdagatal, imbrudagahald og föstuinnganga, eftir að kristni var orðin ríkistrú, svo og um hlaupár og sumarauka o. fl. Grág. I a 37, 111—112. Þetta gerði Þingvallargoðinn, nema þeir skifti því öðruvísi með sér. Á vorþingum mátti og birta nýmæli, Grág. I a 37, og hefur Þingvallargoðinn líka gert það. Það mætti því láta sér koma til hugar, að þetta goðorð hefði verið kallað forráðsgoðorð, og að sá goðinn ,sem með það fór, hefði átt að nefna þenna aukamann á miðpalli lögréttu. En þetta er þó alger getgáta, sem eigi styðzt við fyrirmæli Grágásar. Eftir þeim að dæma má helzt ætla, að goðarnir þrír úr hverju vorþingi skyldi nefna þenna mann í sameiningu. Og ætti þá meiri hluti að hafa ráðið, ef þeir urðu ekki allir á sama mann sáttir, eða hlutkesti, ef sinn mann vildi hver hafa.

Það er auðsætt, að hvert norðlenzku goðorðanna 12 hafa minni hluttöku hvert í lögréttuskipan, en 9 goðorðin í hinum landsfjórðungunum. Hluttakan er sem 3 á móti 4. 12 norðlenzku goðorðin eiga jafna hluttöku í lögréttuskipun sem 9 goðorðin í hinum fjórðungunum. Þess vegna kallar Grágás goðorðin í fjórðungunum þremur „goðorð full ok forn“, en segir jafnframt, að goðorð öll í Norðlendingafjórðungi sé „fjórðungi skerð at Alþingisnefnu við full goðorð önnur öll á landi hér“, Grágás I a 211, sbr. I a 38. Norðlenzku goðorðin eru að vísu kölluð „forn“ til aðgreiningar „nýju“ goðorðunum, sem sögð hafa verið stofnuð, þegar fimmtardómur ver settur, sbr. Grág. I a 77 og Njálssögu 97. kap.

Aukamennirnir á miðpalli lögréttu virðast hafa haft sömu réttindi og skyldur sem goðarnir til að taka sæti í lögréttu og til að taka þar þátt í meðferð mála, sbr. Grág. I a 212. Það er sagt um alla miðpallsmenn, að þeir eigi „setur til fulls“, Grág. I a 213. Umráðamennirnir á aftur- og frampalli áttu þá eigi setur til fulls, því að þeir áttu eigi atkvæðisrétt um úrskurði lögmálsþrætna og lagafrumvörp. Miðpallsmenn einir eru stundum nefndir lögréttumenn, sbr. Grág. I a 215, 216, en stundum nær nafnið lögréttumaður líka til afturpalls og frampallsmanna, t. d. Grág. I a 96, 214. Stundum er vafasamt, hvort það tekur til miðpallsmanna einna eða til þeirra allra, Grág. I a 208, 210.

Svo er að sjá sem lögrétta hafi skifzt í deildir, þegar lögsögumannskjör fór fram, eftir fjórðungum, Grág. I a 208, 209. En annars er eigi slíkrar skiftingar getið.

Auk þeirra manna, sem fyrr er getið, átti lögsögumaður sæti á miðpalli lögréttu, Grág. I a 211, sbr. 209, 214, Hann átti atkvæði sem miðpallsmenn um mál, sem þar voru úrskurðuð, sbr. Grág. I a 214.

Loks áttu biskupar landsins sæti í lögréttu á miðpalli, Grág. I a 211 og höfðu eflaust atkvæðisrétt með sama hætti sem aðrir miðpallsmenn. Um lögsögumannskjör hafði biskup stundum sérstakt úrslitavald, Grág. I a 208, 209.

Samkvæmt framansögðu sátu í lögréttu fernar tylftir manna á hverjum bekkjanna þriggja eða alls 144, og lögsögumaður og biskupar 2 að auki, eða alls 147. Á miðpalli sátu 51, ef biskupar voru þar báðir.

## 8. gr.

## Lögrétta. — Fundahöld. — Refsiákvæði.

I. Þrisvar sinnum voru fundir lögréttu lögmæltir: Lögrétta skyldi koma saman báða sunnudaga í þingi og þinglausnadag. Þegar lögrétta kom saman þessa lögmæltu daga, þá hefur lögsögumaður ákveðið fundartíma og gert mönnum viðvart um hann. En þessa daga gat ekki orðið lögsögumannslaust, nema hann dæi eða yrði sjúkur á Alþingi, en þessa tilviks er eigi getið í lögum eða öðrum heimildum. Auk þessara lögmæltu fundarhalda skyldi lögrétta koma saman „er lögsögumaður vill, eða meiri hlutr manna, ok í hvert sinn, er menn vilja ryðja lögréttu", Grág. I a 212. Það er þá fyrst og fremst ljóst, að lögsögumaður gat kvatt lögréttu á fund, þegar honum þótti þess þörf. Ennfremur átti hann að kalla saman lögréttu, ef meiri hlutur manna vildi. „Meiri hlutur manna" hlýtur hér að merkja meira hlut lögréttumanna, því að hitt væri of óákveðið, að það merkti meiri hluta þingheyjenda. Þá átti lögrétta að hafa fund „ef menn vilja ryðja lögréttu". Að „ryðja" lögréttu merkir eiginlega að tæma hana, gera hana auða, en þó getur ekki verið átt við það bókstaflega, að menn fari úr lögréttu og ryðji bekki hennar, skilji þá eftir auða, því að ruðning lögréttu gerist þvert á móti á fundi, meðan menn eru þar saman komnir. Ruðning lögréttu hefir því verið svo skilin sem menn stæði upp af bekkjunum í því skyni að greiða atkvæði, ryddi þannig sæti sín í lögréttu. Þegar einhver óskaði, að atkvæðagreiðsla færi fram um eitthvert mál, sem lögrétta skyldi greiða úr, þá hefur hann átt heimtingu á því. Ef menn „þræta um lögmál", þá er það sérstaklega mælt, Grág. I a 213, að sá, er vill fá úrskurð lögréttu um lögmálsþrætur, skyldi fara og beiða við votta goða alla og lögsögumann að lögbergi, að þeir gangi í setur sínar í lögréttu og greiði lögmál það, er menn skilur á um. Það er ekki sagt, að sá, sem beiða vildi lögréttu leyfis, t. d. sýknuleyfis, skyldi fara svo að. Hann hefir sjálfsagt getað borið mál sitt fyrir lögréttu, ef hún var á fundi. En hann hefur líklega líka getað farið eins að og sá, sem þurfti að fá greitt úr lögmálsþrætu. Sá, sem vildi annars koma fram nýjum lögum eða breytingu

á gildandi lögum, hefur getað haldið tölu um bugmynd sína að lögbergi eins og Þórður gellir er sagður að hafa gert, þegar hann tjáði fyrir mönnum nauðsynina á nýjum lögum um varnarþing og skiftingu landsins í fjórðunga.[1]) Gizur hvíti og Hjalti Skeggjason gengu til lögbergs og báru fram erindi sín, þ. e. að kristin trú yrði í lög tekin.[2]) Munu þeir menn, sem nýmæli fluttu, þá hafa getað haft sömu aðferð og sá, er þurfti að fá greitt úr lögmálsþrætum í lögréttu: hann hefur getað skorað á goða og lögsögumann að ganga til lögréttu og gera þar út um málið, leiða í lög uppástungu hans eða fella hana. Lögsögumaður hefur þá átt að kveðja saman lögréttu, eins og hann mun annars hafa átt að gera, ef hans naut við. En ef lögsögumannslaust var í þingbyrjun, t. d. af því að lögsögumaður dó milli þinga, þá hefur einhver goðanna, sennilega allsherjargoðinn, kvatt saman lögréttu og stýrt fundi, unz nýr lögsögumaður var kjörinn. Lögsögumaður virðist annars hafa verið formaður lögréttu, sbr. Grág. 213 og 215, er sýna, að lögsögumaður sér um, að lögrétta verði löglega skipuð, þegar sótt er um leyfi til hennar, og einkum Grágás I a 214, þar sem svo er mælt, að atkvæði lögsögumanns ræður úrslitum, ef jöfn eru atkvæði.

Það er sagt, að lögsögumaður skuli láta hringja til dóma útfærslu, Grág. I a 45. En þess er ekki getið, að hann skuli láta hringja, þegar lögrétta skal hafa fund, eða „fara út", eins og það er líka kallað, en trúlegt er þó, að eitthvert slíkt merki hafi verið gefið áður en lögréttufundir hófust

Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, hefur lögrétta átt að halda fund 1. Þegar lögsögumaður ákvað, en skylt var honum að hafa fund lögréttu sunnudaga báða í þingi og þinglausnardag, sem fyrr segir, og svo til þess að lög yrði upp sögð, ef hann sagði þar lög upp, sbr. Grág. I a 216.

2. Ef meiri hluti lögréttumanna óskaði þess,

3. Ef einhver krafðist þess við votta að lögbergi til þess að lögréttan úrskurðaði lögmálsþrætu eða greiddi atkvæði um lög eða leyfi.

3. Ef einhver krafðist þess við votta að lögbergi til þess, að taka sæti í lögréttu og gegna þar löglega störfum sínum, og

1) Hænsna-Þórissaga 15. kap.
2) Íslendingabók 7. kap., Kristnisaga 11. kap. (Bps. I 22).

um refsingar, ef af þeim skyldum var brugðið. Ennfremur voru sett ýmiskonar fyrimæli um refsingar á hendur þeim mönnum, sem trufluðu eða hindruðu með öðrum hætti störf lögréttu.

A. 1. Lögsögumaður var formaður lögréttu, sem fyrr er að vikið. Það varðaði lögsögumann 3 marka sekt, ef hann leysti eigi að forfallalausu af hendi þau skil öll, er hann var skyldur til, en ef hann gerir þau ófjöt nokkur, er meiri hlutur manna vill kalla þingsafglöpun, þá varðaði honum það fjörbaugsgarð, Grág. I a 217. Þriggja marka sektin hlýtur að hafa átt við minni háttar yfirsjónir, er eigi mátti kalla veruleg brot á þingsköpum. Hrein vanræksla um skipun lögréttu hlýtur t. d. að hafa varðað lögsögumann fjörbaugsgarð, því að sú refsing lá við, ef goðar gengu eigi í sæti sín, er lögréttufund skyldi halda, Grág. I a 214. Vanstjórn á lögréttufundum hefur oft verið þingsafglöpun, en svo gat þó eflaust litið að henni kveðið, að meiri hlutur lögréttumanna, sem það atriði áttu að úrskurða, vildi ekki kalla þingsafglöpun.

2. Ef sá, sem skylt var að taka sæti í lögréttu, þegar úrskurða skyldi lögmálsþrætur, gerði það ekki, þá var það þingsafglöpun og varðaði fjörbaugsgarð, Grág. I a 214. Einnig mátti í þess stað láta goða varða slíka vanrækslu 3 marka sekt og goðorðsmissi. Ef lögrétta skyldi taka til meðferðar lagafrumvarp, þá gilti sama regla, enda var vanræksla af hálfu lögréttumanna þá þingsafglöpun, Grág. s. st. Ef beiðzt var leyfis lögréttu, þá gat lögsögumaður skipað einhverjum 48 mönnum, sem komnir voru í lögréttu, á miðpall, og ef einhver þeirra synjar um það, þá varðaði það 3 marka sekt. Skyldi lögsögumaður þá taka mann úr því vorþingi, er sá var úr, er glöpin gerði, og varðaði þá hverjum fjörbaugsgarð, sem synjaði að taka sæti í lögréttu í stað hans. En ef lögsögumaður gat ekki fengið neinn úr því vorþingi, þá átti hann að biðja samþingismenn þess, er skila varnaði, að þeir fái honum mann í stað þess manns, en ef það tekst eigi heldur, þá skyldi krefja manns í 2. og síðan 3. þing í þeim fjórðungi, enda varðaði brot hér fjörbaugsgarð, Grág. I a 215. Ennfremur var lögréttumönnum á miðpalli skylt að láta uppi álit sitt um lögmálsþrætu, greiða atkvæði, og varðaði það líka fjörbaugsgarð, eða goða í stað þess 3 marka sekt og goðorðsmissis, Grág. I a 215. Þegar upp átti að segja lög eða úrskurði um lögmáls-

þrætur, þá skyldi miðpallsmaður hver, eða ef hann hafði eigi tóm til, umráðamenn hans tveir, vera við og fylla uppsögu ávallt, en ef þeir vanræktu þetta, þá áttu þeir ekki að hafa atkvæði um skilning á þeim ákvæðum á því þingi og sekir 3 mörkum að auki, Grág. I a 216.

B. Meðan atkvæðagreiðsla fór fram í lögréttu, mátti enginn sitja fyrir innan palla, „nema þeir, er mál eigust við", Grág. I a 212. Þetta á ekki við venjulega lagasetningu, því að þar verður varla sagt, að nokkrir einstakir menn eigist mál við, heldur úrskurð lögmálsþrætna og ef til vill um leyfi, því að umræður gátu ef til vill farið fram milli þeirra um leyfi og skilyrði fyrir veitingu þess. En ef atkvæðagreiðsla fór ekki fram í lögréttu, þá máttu menn sitja innan palla, eftir ákvæðum lögsögumanns, Grág. I a 212. Er að sjá, sem innan lögréttu hafi verið einhver áheyrendapallur, og réði lögsögumaður hverir sæti þar. Getur það rúm varla hafa verið stórt. Einnig voru fyrirmæli, er miðuðu að því að halda uppi góðri reglu utan lögréttu. Því var mönnum bannað að standa upp að lögréttu, þ. e. þyrpast að henni, „þá er kæra skal lög eða lof", þ. e. er setja skal lög eða veita leyfi og eflaust líka, er lögmálsþrætur skal úrskurða, nema þeim, er „um mál manna skulu mæla". Menn hafa þá, ef þeir báðu leyfis eða ef leyfi varðaði þá, eða ef þeir óskuðu að tala um lagafrumvarp eða úrskurðan lögmálsþrætu, getað fengið leyfi lögsögumanns til að taka til máls. Svo segir einnig, að þeim mönnum sé rétt „at standa upp at lögréttu, er yztir eru þeirra, er þar eru komnir", Grág. I a 212. Ekki virðist vel ljóst, hvernig þetta ber að skilja, hvernig þeir, sem yzt standa eigi að komast fram fyrir hina að lögréttunni. Varðaði 3 marka sekt, ef menn tróðust að lögréttu. Einnig var bannað að gera hark eða háreysti við lögréttu, svo að glapist þess vegna mál manna, og varðaði þetta brot fjörbaugsgarð, sem hver önnur þingsafglöpun, Grág. I a 212. Þá varðaði aþð 3 marka sekt, ef maður, sem hafði tekið sér sæti í lögréttu og vék eigi þegar fyrir lögréttumanni, er það sæti átti og beiddi þess. En ef eigandi sætis beiddist sætis síns við votta, þá varðaði fjörbaugsgarð, ef hinn rýmdi þá ekki sætið, Grág. I a 212.

Brot þau, er ekki eru sérákvæði um og þingsafglöpun mátti kalla, vörðuðu öll fjörbaugsgarð, eins og sjá má af fyrirmælum þeim úr Grágás, sem hér að framan hefur verið vísað til.

9. gr.

## Lögrétta. — Störf hennar.

I. Lögrétta skyldi hafa þessi störf með höndum:
1. Velja lögsögumann.
2. Hafa eftirlit með lagauppsögunni.
3. Úrskurða lögmálsþrætur.
4. Veita leyfi (eða synja um þau).
5. Setja lög.

Þó að lagasetning lögréttunnar megi tvímælalaust telja langmerkasta starf hennar — og merkast allra starfa, sem á Alþingi voru unnin — þá vantar ákvæði um það í lögum lýðríkisins, hvaða þingsköp skyldi hafa, þegar lög voru sett í lögréttu. Þar á móti segir nægilega ljóst, hvernig fara skuli með öll önnur störf lögréttu. Verður því úrlausnarefnið, þegar rætt er um lagasetningaraðferð lögréttu, hvort fylgt kunni að hafa verið reglunum um einhver hinna starfa lögréttunnar og þá hverjum, ef einhver þeirra aðferða getur komið til mála. Eða ef svo vill til, að enga þeirra mætti telja hæfa, þá er athuganda, hvaða aðra aðferð menn kynni að hafa haft. Af þessari þögn heimildarrita vorra um lagasetningaraðferð í fornöld kemur það, að réttast er að lýsa því starfi lögréttu á eftir hinum störfum hennar, því að þá má vísa til lýsingar á þeim. Verður nú störfum lögréttu lýst í sömu röð sem þau eru nefnd hér áður.

II. A. *Lögsögumannskjör.* Lögsögumann skyldi lögrétta kjósa 3. hvert ár föstudaginn fyrra í þingi eftir að fráfarandi lögsögumaður hafði sagt upp þingsköpin. Endurkjósa mátti lögsögumann, ef hann vildi taka við kjöri og réð þá meiri hluti lögréttumanna, Grág. I a 210. Eigi er víst, hvort „lögréttumenn“ tekur hér til miðpallsmanna einna eða þeirra bæði og umráðamanna. Sennilegt virðist, að átt sé einungis við miðpallsmenn. Ákvæðin á þessum stað sýnast aðeins eiga við, ef ráða skal fram úr því, hvort *endurkjósa* skuli lögsögumann. Þar aðeins ræður meiri hlutinn óskorað. Ef lögsögumanns missir við áður kjörtími hans sé úti eða kjörtími hans er liðinn og hann er ekki endurkjörinn, þá var sú aðferð höfð, sem lýst er í Grágás I a 208—209. Þá er nýr maður í kjöri, en hann

er því aðeins kjörinn, að allir verði samhuga um hann. En ef eigi næst samþykki allra, þá skal varpa hlutkesti („hluta"), í hvern fjórðung lögsaga skal hverfa. Hefir lögrétta verið skift í fjórðunga þannig, að hver landsfjórðungur hefur verið út af fyrir sig, sbr. og Grág. I a 214: „at lögréttu þeirri". Sá hluti lögréttu, er hlaut, á nú að velja lögsögumann. Ræður nú meiri hluti, en eigi eru þeir bundnir við mann úr sínum fjórðungi. En ef þeir eru jafnmargir, er lögréttusetu eiga, er sinn mann vilja hvorir — en mótatkvæði mezt því að eins, að þeir hafi ákveðinn mann í kjöri — þá skulu þeir ráða, sem biskup í þeim fjórðungi styður. Ef t. d. lögsögumannskjör ber undir Vestfirðingafjórðung, og menn skiftast jafnt með tveimur, þá ræður Skálholtsbiskup. Um hitt segir ekki, ef fleiri en 2 eru í kjöri og enginn fær meiri hluta, eða ef 3 eða fleiri fá jöfn atkvæði hver. Löggjafinn gerir, að því er virðist, ekki ráð fyrir þessum möguleikum, enda eru minni líkur til þeirra af því að einungis fjórðungur lögréttu kaus og það menn eingöngu úr sama landsfjórðungi.

B. Það er skylda þeirra mana, er lögréttusetu eiga — en hér merkir þetta að eins miðpallsmenn — að fylla lagauppsögu lögsögumanns, hvort sem hann sagði lögin upp í lögréttu, að lögbergi eða í kirkju. Þeir gátu þó, ef þeir höfðu ekki tóm til að hlýða á uppsöguna, sent umráðamenn sína á fram- og afturpalli lögréttu fyrir sig, Grág. I a 210. Á lögréttu hefur því hvílt skylda til erfirlits með lögsögumanni í þessum starfa hans. Lögrétta hefur átt að gæta þess, að lögsögumaður sleppti ekki úr eða bætti við, svo og að hann færi annars rétt með.

C. *Úrskurðun lögmálsþrætna.* 1. „Nú þræta menn um lögmál, ok má þá ryðja lögréttu til, ef eigi skera skrár úr", Grág. I a 213. Hvarvetna þess er menn eru ósammála um eitthvert lagaefni, þá gátu þeir spurt lögsögumann, Grág. I a 216, en álit hans eða fræðsla um lög var ekki bindandi, eins og úrskurður lögréttu. Það er svo mælt, að lögréttu megi krefja úrlausnar um lagaágreining, ef ekki skera skrár úr. Ef skrár skera úr, þ. e. ef nægilega glögg fyrirmæli um þrætuefnið finnast í einhverju lagahandritanna („skrá"), þá þarf ekki að spyrja lögréttu, og þá eru lögréttumenn ekki heldur skyldir til að gefa úrskurð um lögmálsþrætur. En svo má vera, að þeir, sem um atriðið deila, telji, annarhvor eða báðir, ákvæði lagaskár

ekki nægilega skýrt, þó að aðrir hafi talið svo, og hafa aðiljar þá getað leitað úrskurðar lögréttu, því að þá skera skrár ekki óvefengjanlega úr. Þegar þetta ákvæði var sett, þá voru til nokkrar lagaskrár að minnsta kosti. Í Grág. I a 213, rétt á undan fyrirmælum þeim, sem til var vitnað, er kafli um lagaskrárnar og gildi þeirra. Elzt og merkust er talin „skrá sú, er Hafliði lét gera" veturinn 1117—1118, enda skyldi allt það hafa, sem á henni var, nema numið væri úr lögum eða breytt síðan. Ef aðrar skrár voru henni samhljóða, þá var ekki um að villast, hvað lög skyldi um efnið telja. En ef yngri skrár rákust á Hafliðaskrá og ætla mátti, að það væri ekki af því, að þær hefði yngri fyrirmæli að geyma, þá urðu þær að þoka. Hefur þetta einnig tekið til skráa biskupanna. En þar sem Hafliðaskrá skar ekki úr, en aðrar skrár voru ósamhljóða um atriði, þá skyldi biskupaskrárnar ráða, en ef þær skilur á, þá skyldi sú ráða, er rækilegri ákvæði hefur um sakarefni, en ef báðar voru jafnrækilegar, þá skyldi skráin frá Skálholti ráða.

2. Ef nú skrár skáru ekki glögglega úr, þá mátti leita til lögréttu. En þá er athugandi, *hvenær* menn hafi átt heimtingu til þess, að lögrétta veitti þeim úrskurð um lagaþrætu þeirra. Fyrst og fremst munu *þeir menn, er mál áttust við,* hafa getað borið ágreining sinn um lög undir lögréttu og krafizt úrlausnar hennar. Ágreiningur þeirra gat verið um það, hvort nokkur lög væri til um efnið. Annar gat talið eitthvert ákvæði í skrá eða fyrirmæli annarstaðar ná til þess, en hinn andmælt þeim skilningi. Einnig mátti vera, að þeir deildi um skilning á lögum, sem þeir töldu til vera og ná til þrætuefnis þeirra. Þessi atriði mátti og bera undir úrskurð lögréttu, sbr. Grág. I a 214: „tína lögmál þat, er þá skilur á". Hún gat komizt að þeirri niðurstöðu, að glögg lög væri til um efnið, og að þau þyrfti ekki að skýra eða auka. Og var þá einskis úrskurðar þörf. En svo gat niðurstaðan orðið sú, að til væri lög um efnið, en að þau væri torskilin eða ekki nógu rækileg fyrirmæli þeirra. Og þá gat lögrétta gefið bindandi skýringu á þeim og aukið við þau. Loks gat lögrétta gefið út alveg ný fyrirmæli, ef hún komst að þeirri niðurstöðu, að engin lög væri til um þrætuefnið, sbr. Grágás I a 214.

*Ef aðiljar áttust ekki ákveðið dómsmál við,* þá mætti ef til vill virðast tvísýnt, hvort þeir hafi getað borið mismunandi

skoðanir sínar á lagaatriði, hvort lög sé til eða hvernig þau beri að skilja um tiltekið málefni. En fyrirmæli Grágásar I a 213: „Nú þræta menn um lögmál", eru ekki bundin við ákveðið dómsmál. Þau eru víðtækari en svo. Menn gat greint á um tilvist eða skilning laga, þá sem nú, *áður* en til dómsmáls er komið. Og þeim gat líka staðið það á miklu að fá úrlausn lögréttu um atriði áður en til máls kæmi, alveg eins og mönnum mundi oft koma slíkt mjög vel enn í dag. Og jafnvel þótt sú hafði verið krafa laganna, að lögmálsþræta skyldi lúta að ákveðnu dómsmáli, þá hefði aðiljar getað farið í kringum það. Það er lang sennilegast, að aðiljar hafi getað borið ágreining sinn um tilvist eða skilning laga undir úrlausn lögréttu, þó að eigi væri þá enn byrjað dómsmál milli þeirra, þar sem ágreiningsefnið skifti máli.[1])

Hinsvegar heyrir það varla hér til, ef menn greinir á um það, hvernig lög *ætti* að vera, en ekki um tilvist þeirra eða skilning á þeim. Þó má ef til vill teygja orðin: „Nú þræta menn um lögmál" til þessa tilviks. En það skiftir trauðla miklu máli, hvort þetta tilvik hnígur undir ákvæðin um lögmálsþrætur eða ekki, því að, eins og áður er að vikið, gátu menn ávallt orðað ágreininginn svo sem hann lyti að tilvist laga eða skilningi á þeim. Og þó að fyrimælin um lögmálsþrætur hafi ef til vill ekki tekið til ágreinings um það, hvernig efni væntanlegra laga skyldi vera, þá mátti ávallt fara í kringum það án þess, að að yrði gert.

3. Aðferð sú, er hafa skyldi, var þessi: Sá, er úrskurðar æskti, skyldi beiða við votta goða alla og lögsögumann að lögbergi „at greiða lögmál þetta, svá sem héðan frá skal vera", Grág. I a 213—214. Skyldi þá lögsögumaður og goðar ganga til lögréttu, og goðar skipa umráðamönnum sínum á hvorn pall, fyrir framan sig og aftan. Að því loknu gátu þeir, er mál það áttust við, er úrlausnarefnið varðaði, gert grein fyrir því, um hvaða lögmál þá skildi á og segja til þess, í hverju ágreiningur þeirra var fólginn. Það er sýnilega ætlast til þess, að aðiljar lýsi þeim lögum, er þá greinir á um, eða sá þeirra, sem telur lög vera til um efnið, og að þeir skýri þau lög hvor

1) Sbr. Finsen De isl. Love bls. 63, Maurer Graagaas (í Esch u. Grüber's Encyklopädie) bls. 32, Island bls. 173, Altnord. Rechtsgeschichte IV. 347 o. s. frv.

eftir sinni hyggju. Um þessi efni hafa þeir haldið tölu annað hvort milli palla í lögréttu, sbr. Grág. I a 212, eða utan lögréttu, eftir fyrirmælum lögsögumanns. Síðan áttu lögréttumenn *allir* að athuga málið, en miðpallsmenn einir — goðar í Grág. I a 214 verður hér að taka til allra miðpallsmanna — áttu atkvæði um það. Aðiljar áttu að spyrja miðpallsmenn, hvaða úrlausn þeir veitti á málinu, og skyldi þá hver miðpallsmanna segja til, hvað hann vildi vera láta. Hverjum miðpallsmanna var skylt að greiða atkvæði um málið, sbr. Grág. I a 215. En eigi er að sjá, að umræður hafi farið fram meðal lögréttumanna, en vel getur það þó hafa verið. Meiri hluti miðpallsmanna réð úrslitum. En ef jafn margir voru hvorum megin, þá réðu þeir, sem lögsögumaður fylgdi, Grág. I a 214. Hið flesta voru 51 á miðpalli, eins og áður er lýst, og hefur biskupum líklega verið rétt og skylt að greiða atkvæði. Ef 51 var á miðpalli, þá fékkst allt af meiri hluti. En ef annan biskup vantaði, þá gátu verið 25:25, og hafa þeir þá ráðið, sem lögsögumaður fylgdi. Ef biskupa vantaði báða, þá gátu orðið 25:24, og var þá einnig fenginn löglegur meiri hluti. Ef einhver miðpallsmanna — því að „lögréttumaður" mun hér hafa þá merkingu — var sjúkur eða sár, og skyldi þá sækja orð hans til búðar, en ef hann er óviti eða ómáli, eða andaður, þegar leita þarf atkvæðis hans, þá átti sá að koma í stað hans, er nefna skyldi dóma í stað hans, ef hans hefði þá við misst. Þegar sýnt er, að miðpallsmenn geta ekki orðið ásáttir, þá skulu hvorir tveggja vinna nokkurs konar dómaraeið að sínu máli, þess efnis, að þeir hyggja sína úrlausn vera lög um það mál og kveða svo á, að hún skuli lög vera, Grág. I a 214. Þessi eiður heitir *vefangseiður*.

Svo virðist sem upphaflega hafi bæði meiri hluti og minni hluti alltaf átt að vinna vefangseið þann, sem í Grág. I a 214 getur. En í Grág. I a 215 eru fyrirmæli, sem virðast yngri vera og takmarka þessa almennu reglu í Grág. I a 214. Eftir hinni yngri reglu í Grág. I a 215 hafa minni hluta menn jafnan átt að vinna vefangseið, hvort sem þeir voru margir eða fáir. Í fyrstu mætti reyndar virðast sem eigi skyldi minnihluta menn eið vinna, ef þeir voru færri en 12 (sbr. Grág. I a 215, 4—6), en annað ákvæði (Grág. I a 215, 12—15) sýnir það ótvírætt, að þeir hafa unnið eiðinn, þó að þeir væri færri en 12. Ef minnihlutamenn voru færri en 12, þá þurfti enginn meirihlutamaður

að vinna vefangseið. En ef minni hlutamenn voru 12 eða fleiri, þá var greint milli þess, hvort lögsögumaður var með þeim eða með meirihlutanum. Ef lögsögumaður félst á skoðun minnihlutans, þá skyldi 2 meirihlutamenn hið fæsta vinna vefangseið, en ef lögsögumaður taldist með meiri hluta mönnum, þá þurfti enginn þeirra að vinna vefangseið. Ef menn urðu eigi á það sáttir, hverir meiri hluta menn skyldi eið vinna, skyldi hlutkesti ráða.

Þegar úrskurður hefur hlotið samþykki lögréttu samkvæmt því sem nú var sagt, þá skyldi einhver lýsa því að lögbergi og nefna sér votta að, hvað lögréttan hefði úrskurðað, en hinir gjalda samkvæði sitt á, Grág. I a 216. Það er líklegt, að lögsögumaður hafi oft gert þetta, en annars einhver lögspakur maður af miðpalli lögréttu.

4. Þá er að athuga, hvaða þýðingu úrskurður lögréttu um lögmálsþrætu hafi haft. Ef aðiljar áttust mál við, er dómur skyldi dæma, þá skifti úrskurðurinn því máli, að dómarar skyldi fara eftir honum sem lögum almennt. En úrskurður lögréttu var alls ekki *dómsígildi* um það mál. Hann var ekki aðfararhæfur. Auk þess, sem úrskurður var lagður til grundvallar um úrlausn þess dómsmáls, sem úrlausnar var á beðizt, þá var hann *almenn lög* um sams konar efni. Þetta er auðséð á því, hvernig Grágás talar um úrskurði þessa. Þar segir, að lögréttumenn skuli lýsa yfir því, að þeir hyggi það lög vera, er þeir halda fram, Grág. I a 214, og að einhver þeirra skuli „tína við votta *lögmál* það, er afl fæst til". Einnig sýna fyrirmæli Grágásar um það, að úrskurðinn skuli segja upp að lögbergi, að hann hefur verið talinn *lög*. Annars kostar hefði verið nægilegt að birta málsaðiljum hann í lögréttu. Ný lög almennt átti að birta að lögbergi þegar er þau voru sett, Grág. I a 37, og hefur því verið farið með úrskurði lögmálsþrætna að þessu leyti, eins og lög (nýmæli) almennt. Þeir voru líka oftast nýmæli, og það er ekki ólíklegt, að með þessum hætti sé mörg þeirra nýmæla, sem svo víða er getið í handritum lýðríkislaganna, til orðin.

D. *Veiting leyfa*. Eins og nú á dögum, var það ekki ótítt í fornöld, að ýmislegar athafnir, eða ástand, voru bannaðar, en þó máttu þeir, er með ríkisvaldið fóru, veita leyfi til þess að bregða af fyrirmælum laganna. Venjulega veitti lögrétta slíkt leyfi (eða lof, sem þau voru líka kölluð). Dæmi slíkra leyfa má

nefna: Leyfi lögréttu þurfti til að færa saman tvö vorþing, Grág. I a 108, eða til að halda leiðarþing annarstaðar en á vorþingstað, Grág. I a 111. Leyfi lögréttu þurfti til að gera sátt um ýms meiri háttar brot, svo sem víg og hin meiri sár, Grág. I a 174, II 341, og á sár, er manni voru veitt á helguðu þingi, Grág. I a 176, II 345. Sá maður, sem dæmdur var sekur skógarmaður, gat orðið sýkn, ef lögrétta veitti honum leyfi til þess og engi mælti því í gegn, Grág. I a 95, 212. Ef svo segir, að Alþingislofs þurfi til einhvers, þá merkir það, að leita skuli leyfis lögréttu, sbr. t. d. Grág. I a 174, II 341, sbr. við Grág. I a 212. Og eins er, ef aðeins segir, að biðja þurfi lofs til einhvers, en eigi sagt, hver lof veiti, sbr. t. d. Grág. I b 59, II 181 sbr. við I a 212. Aftur er vafasamt, hvað orðin í Grág. I a 142 merki, að maður 12 vetra megi fara með goðorð, „ef menn lofa". Hér er líklega átt við þingmenn goðans, því að þeir munu hafa átt að skera úr því máli heima í héraði áður en til Alþingis væri farið.

2. Aðferðin, sem hafa skyldi, þegar úrskurða skyldi um leyfi, var þessi: Sá, er leyfis vildi beiða, virðist hafa átt að leita til lögsögumanns, nema hann beiddist leyfis, meðan lögrétta var fullskipuð og mál hans yrði þá úrskurðað. Lögsögumaður skyldi skipa að minnsta kosti fernum tylftum einhverra lögréttumanna — það þurfti ekki að vera miðpallsmenn — á miðpall lögréttu, og skyldi lögsögumaður þá nefna sér votta að því, að þeir sæti allir í lögréttu að hans ráði, „réttir til at fylla lög ok lof. Nefni ek þetta vætti at lögum, hveim er njóta þarf". Og eru þessir menn þá réttnefndir til þess að skera úr málinu, en vikja skyldi þeir þó sæti fyrir miðpallsmanni, ef hann kom til. Þá hefur málið líklega verið reifað af hendi leyfisbeiðanda, annað hvort inni í lögréttu milli palla eða utan við hana, sbr. Grág. I a 212. Síðan hafa þeir, er í lögréttu sátu, getað rætt með sér málið, ef þeir vildu. Ef enginn þeirra er í lögréttu sátu, neitaði, þá var leyfið veitt, enda verði enginn lyriti utan lögréttu, Grág. I a 212—213. Samkvæmt þessu þurfti að vísu ekki beint jáorð lögréttumanna, en synjun eins einasta þeirra nægði til að fella beiðnina. Sú synjun þurfti ekki að vera með ákveðnum hætti. Aftur á móti varð sá, er utan lögréttu vildi koma í veg fyrir það, að leyfi væri veitt, að banna það með sérstökum, hátíðlegum hætti („verja lyriti"). Hann varð að lýsa yfir því í heyranda hljóði, að hann legði bann

við leyfisveitingu. Einn maður, utan lögréttu eða innan, hafði það með þessu móti á valdi sínu, hvort leyfi fengist eða ekki. Því fékkst t. d. ekki sýkna til handa Grétti, af því að Þórir í Garði synjaði um það.[1]) Það var reyndar ekki mjög óeðlilegt, því að ef sá, sem misgert var við, hefði eigi getað komið í veg fyrir sýknuleyfi, þá hefði honum fyrir lítið komið, þó að hann sekti óvini sína. Þá hefði lögrétta getað létt af þeim sektinni og þar með fyrirmunað þeim, sem fyrir broti varð, að koma fram hefndum fyrir það.

E. *Lagasetning.* 1. Svo segir, að í lögréttu skuli menn „rétta lög sín ok gera nýmæli, ef vilja", Grág. I a 212. Með þessu er átt við lagasetningu almennt, og er þetta starf lögréttu sérstaklega nefnt og greint frá lofum og lögmálsþrætum. „Að rétta lög" og gera „nýmæli" er í rauninni að mestu leyti sama. En þó mun lagarétting hafa átt við breytingu á eldri lögum og ef þau voru skýrar orðuð, en nýmæli hafa verið kölluð lög, sem sett voru um efni, er eigi voru lög áður til um. En hætt er við, að í framkvæmd hafi þessum greinarmun trauðla verið haldið alltaf.

2. Þó að kynlegt megi virðast, þá vantar fyrirmæli í Grágás[2]) um þá aðferð, er hafa skyldi í lögréttu, þegar lög voru almennt sett. Er það undarlegt, að þingsköp lögréttu, er fylgja skyldi, þegar merkasta starf hennar var unnið, skuli eigi vera skráð í Grágás. Líklega stafar þetta þó af því, að lagasetningin hefur annað hvort farið fram eftir þeim reglum, sem giltu um úrskurð lögmálsþrætna (C) eða eftir reglum þeim, sem giltu um leyfisveitingar (D). Og þá er úrlausnarefnið þetta: Voru lög sett með sama hætti sem leyfi voru veitt eða eftir þeim reglum, sem úrlausn lögmálsþrætna fór eftir? Maurer heldur að leyfaveitinga-aðferðin hafi verið höfð,[3]) en Finsen telur, að

1) Grettissaga 51. og 79. kap.

2) Frásögn Njálu 97. kap. í sambandi við stofnun Fimtardómsins er öll meira og minna röng. Nægir að benda á það, að þar er Njáll látinn segja, að til setu á lögréttumiðpalli skuli velja þá, er vitrastir eru og bezt að sér. Þetta hefur aldrei verið, nema ef til vill um þá 9, er kjörnir voru til setu á miðpalli eftir fjórðungaskiftingu landsins. Enn er Njáll látinn segja, að þeir, sem utan lögréttu eru, ónýti með lyritarvörzlu sinni öll lof lögréttumanna, „ok allt þat, er þeir mæltu til lögskila ok varði lyriti". Þetta brýtur þvert í bág við reglur Grágásar. Úrlausn lögréttu á lögmálsþrætu eða lögsögumannskjör varð ekki ónýtt með lýritarvörzlu, eins og áður hefur verið að vikið. Og þó segir í Njálu, að *Skafti lögsögumaður* hafi leitt þetta allt í lög!

3) Island bls. 173, Graagaas (i Ersch u. Grübers Encyklopädie) bls. 32, Altnordische Rechtsgeschichte IV 345.

sami háttur hafi verið á lagasetningu sem á úrskurðun lögmálsþrætna.[1]) Aldrei verður úr þessu skorið með óyggjandi vissu. Hver, sem þetta atriði athugar, getur einungis um það sagt, hvað honum þyki *sennilegra*. Þeim, er þetta ritar, þykir sennilegra, að farið hafi verið að eins og um úrlausn lögmálsþrætna. Ástæður fyrir því eru einkum þessar:

a) Úrskurður lögréttu um lögmálsþrætur var *lög*, þó að hann varðaði, að minnsta kosti oft, þrætuefni milli ákveðinna málsaðilja. Úr því að lögrétta átti að vera fullskipuð til þess að skera úr lögmálsþrætu, og miðpallsmenn allir á sínum bekk, þá virðist liggja næst að ætla sömu aðferð hafða, þegar breyta skyldi lögum annars eða setja ný lög. Þau lög, sem sett voru eftir reglunum um úrlausn lögmálsþrætna, gátu verið alveg eins þýðingarmikil og lög, sem annars voru sett. Það fór því í raun og veru alveg hið sama fram, að minnsta kosti oft, þegar almenn lög voru sett og þegar lögmálsþræta var úrskurðuð. Það hefði því verið fullkomið ósamræmi í því, ef fyrirmæli um hvor þessi störf hefði verið ólík í verulegum atriðum. Það lægi ekki fjarri að ætla það, að fyrirmæli um lagasetningu almennt vantaði í Grágás af því að vitað var, að fara ætti eftir þeim reglum, sem þar eru skráðar um lögmálsþrætur.

b) Sú aðferð, sem höfð var við úrlausn lögmálsþrætna, er að öðru leyti miklu sennilegri. Þegar lýðríkið var á stofn sett, þá má geta því nærri, að fyrirmenn landsins muni hafa tryggt sér ráð yfir svo mikilvægu atriði sem lagasetningu. En það hefði þeir alls ekki getað, ef hver óvalinn maður utan lögréttu hefði getað sett skorður við lagasamþykkt með því að leggja bann við henni, og hver maður í lögréttu hefði getað það með því að synja samþykkis síns. Löggjafarvaldið á Alþingi í fornöld hefur auðsjáanlega starfað mjög mikið. Um það bera fornlög vor ljósast vitni. Nýmælin hafa verið afskaplega mörg, og ný lög hljóta að hafa verið sett mjög oft, sjálfsagt á hverju þingi framan af. Ef hver maður hefði getað stemmt stigu fyrir þeim, þá er ólíklegt, að þau hefði orðið svo mörg.

c) Aðferðin við úrlausn lögmálsþrætna veitti betri tryggingu fyrir því, að lögin væri vel athuguð, en hin aðferðin. Ef

1) De islandske Love, bls. 63, Institutioner, bls. 8, Grágás III orðið lögrétta.

leyfisbeiðni skyldi íhuga, þá þurfti aðeins *einhverja* 48 menn á miðþall og eigi fleiri í lögréttu. En þegar úrskurða skyldi lögmálsþrætu, þá skyldi lögrétta *fullskipuð*. Leyfismálin hafa venjulega verið talin smámál, eins og þau eru enn í dag, er allan almenning skifti litlu, en einstakan mann eða fáa menn gátu þau varðað mjög miklu. Lagasetning almennt varðar þar á móti almenning miklu, en sjaldan einn einstakan mann sérstaklega. Þess vegna er skiljanlegt, og að þeirra tíma hætti eðlilegt, að bann einstaks manns við leyfisveitingu væri til greina tekið. Það gat varla orðið mikið þjóðartjón, þótt ekki yrði af leyfisveitingu. Það gat þar á móti vel orðið þjóðartjón, ef einstakur maður, sem taldi ný lög fara í bága við hagsmuni sína, hefði getað hindrað alveg samþykkt þeirra með því að banna hana eða synja samþykkis síns. Og það er ekki líklegt, að fyrirsvarsmenn landsins hafi viljað eiga slíkt á hættu.

d) Fyrirmælin um uppsögu nýmæla að lögbergi í Grág. I a 37 og III 443, benda ekki á það, að svo erfitt hafi verið að lögtaka þau, sem það hefði getað orðið, ef leyfisveitinga-aðferðinni hefði verið fylgt við setningu þeirra. Eftir Grág. I a 37 er svo að sjá, sem hvert nýmæli ætti aðeins að gilda 3 sumur og að svo ætti að þeim tíma liðnum að taka það til meðferðar í lögréttu: „Nýmæli ekki skal vera lengr ráðit en III sumur“. En ákvæðin síðar í sömu grein: „Laus eru öll nýmæli, ef eigi verða upp sögð hit III. hvert sumar“, sýna þó, að svo var eigi, heldur að nýmæli var brott fallið, ef lögsögumaður sleppti því úr lögsögu sinni, enda léti lögrétta það viðgangast. Þessi fyrirmæli hafa ekki verið heppileg að öllu leyti og heldur óákveðin. Hversu lengi skyldi lög, sem einu sinni voru nýmæli, bera það nafn? Eitt hundrað ára gömul lög voru einu sinni nýmæli, en fáir munu nefna þau því nafni, þegar þau hafa náð þeim aldri. Þau mundu hafa verið svo föst orðin í vitund þjóðarinnar, að óeðlilegt hefði verið, að lögsögumaður hefði numið þau úr lögum með því einu, ef hann hefði gleymt þeim og aðrir viðstaddir lögréttumenn ekki heldur munað eftir þeim eða hirt um þau.

Ákvæðið í Grágás III 443, er segir, að „nýmæli öll skuli 3 sumur til lögbergs lögð vera, síðan fyrir lög haldast“, er miklu ákveðnara og skynsamlegra, og gæti vel verið yngra ákvæði. Eftir því skyldi segja nýmæli upp 3 fyrstu árin hvert sumar. En síðan fer um þau eins og önnur lög. Eftir þessu eru þau

lausari en eldri lög fyrst, en komast síðan, eftir 3 ára reynslutíma, alveg á bekk með eldri lögum.

Hvernig sem þessu hefur verið varið, þá hafa þessi ákvæði um nýmælin átt að vera eins konar varnarákvæði við of bráðum nýmælum. Þau virðast vera eðlilegri, ef lög mátti setja með samþykki einfalds meirihluta miðpallsmanna — 26 gátu þeir verið — enda þótt þau mætti mikilli mótspyrnu, en ef einn einstakur maður gat tálmað lögtöku frumvarps, þótt allir hinir væri því fylgjandi.

3. Það segir auðvitað ekkert um það, hverir hafi átt frumkvæði að lögum á Alþingi. Það er auðráðið, að miðpallsmönnum lögréttu hefur öllum verið rétt að bera fram lagafrumvörp. Lögréttunni hefur verið skylt að taka þau til meðferðar. Það er líka líklegt, að umráðamennirnir á aftur- og frampalli lögréttu hafi átt tillögurétt til laga. Því hefur enn fremur verið haldið fram, að hver þingheyjandi hafi getað borið upp frumvarp til laga.[1]) Heimildir fyrir þessari staðhæfingu finnast þó ekki. Af rétti manna til að bera lögmálsþrætur undir lögréttu verður ekki leidd heimild til uppástunga til laga almennt. Hitt er annað mál, að sá, sem áhuga hafði á löggjöf, gat snúið sér til einhvers lögréttumanns og fengið hann til að greiða fyrir málinu. Líka gat hann fengið leyfi til að tala að lögbergi um löggjafar áhugamál, og þar með vakið áhuga lögréttumanna, eða í lögréttu, eins og sagt er, að Guðmundur prestur Arason, síðar biskup, hafi talað í lögréttu um helgi Jóns biskups Ögmundssonar.[2])

4. Til er enn safn af lögum Íslands frá fornöld. Safn þetta gengur undir nafninu *Grágás*. Nafnið er að vísu sprottið af misskilningi. Á fyrra hluta 16. aldar þekktu menn hér á landi lagahandrit mikil, önnur en Jónsbókar-handritin, sem þeir auðvitað vissu öll deili á. Héldu menn að þessi lagahandrit hefði að geyma lög, sem hinn heilagi Ólafur konungur hefði sett landinu, enda er eigi sjaldan talað um lög sankti Ólafs hér á fyrra hluta 16. aldar, og því haldið að útlenda valdinu, að Íslendingar vilji undir þeim búa, t. d. Ögmundur biskup. Nú munu menn hafa heyrt eða séð getið lögbókar, er Grágás var kölluð og Ólafur konungur á að hafa sett Noregi. Þegar

1) Páll Briem Tímarit Hins íslenzka Bókm.félags, VI 216. Sbr. Finsen De isl. Love, bls. 68 og Instituioner, bls. 7, 3. nmgr.

2) Sturl. I (S. Kr.) 200.

Þeir nú sáu hinar miklu skinnbækur, er höfðu hin fornu lög vor að geyma, þá skýrðu þeir þær Grágás og héldu, að þar væri sankti Ólafs lög. 1548 á Skálholtsdómkirkja eina slíka skinnbók, er kölluð er Grágás í úttektargjörð stólsins eftir Gizur biskup Einarsson.[1])

Það verður nú ekki rakið, nema að litlu leyti, hversu gömul sé einstök lagafyrirmæli Grágásar. Merki Úlfljótslaga sjást þar nú ekki, nema ef vera skyldi í Baugatali, sem virðist vera mjög fornt að stofni til. Vér höfum sagnir af setningu nokkurra laga, og skulu þær sagnir stuttlega raktar.

Um 940, að tali Guðbrands Vigfússonar,[2]) deildu Strandamenn um reka. Þá er sagt, að það hafi verið lögtekið, *að hver maður ætti reka fyrir sinni jörðu.*[3]) Sagan lætur þetta þó gerast miklu síðar, á lögsögumannsárum Þorkels mána (970—985), en það nær engri átt, að það hafi gerzt svo seint. En þetta ákvæði er frumákvæði rekaþáttar Grágásar, og er hann þá ekki eldri en frá því um 940.

Þá eru lögin um *sumarauka*. Menn höfðu, að sögn Ara fróða,[4]) talið 364 daga í ári, en fundu það, að það stóð ekki heima, degi of fátt, og var það ráð því tekið, að auka viku við 7. og stundum 6. hvert ár. Telur Guðbrandur Vigfússon, að þessi ákvæði hafi verið lögtekin 955.[5]) 965 voru, eftir því sem almennt er talið,[6]) sett hin merkilegu lög um fjórðungaskiftingu landsins. Þá urðu goðorðin og 39, í stað 36 áður, vorþingum þá sjálfsagt fjölgað úr 12 í 13. Þá hefir verið fjölgað um 12 á miðpalli lögréttu og að sama skapi á frampalli og afturpalli. Þá voru sett fjórðungaþing og skyldu fjórðungsmenn eiga saksóknir saman, en þar til hafði það verið lög, að vígsakir skyldi sækja á vorþingi, er næst var vettvangi. Svo má vera, að fjórðungsdómar hafi þá verið settir á Alþingi, sjá síðar, og sumir telja, að þá fyrst hafi löggjafarvald og dómsvald verið aðgreint.[7])

Í Skarðsárbók segir frá því, að í heiðni hafi orðið óaldarvetur mikill í þann tíma er Haraldur Gráfeldur féll í Noregi.

1) Dipl. Isl. XI bls. 618.
2) Safn til sögu Íslands I 495, sbr. 303.
3) Grettissaga 12. kap.
4) Íslendingabók 4. kap.
5) Safn til sögu Íslands I 336.
6 Guðbr. Vigfússon í Safni I 496.
7) Sjá Íslendingabók Ara 5. kap. og Hænsna-Þórissögu 15. kap.

Annálar segja, að harðæri þetta hafi verið árið 975. Hafi þá sumir lagzt út að stela og orðið fyrir það sekir skógarmenn. Þá var það lögtekið að ráði Eyjólfs Valgerðarsonar, föður Guðmundar ríka á Möðruvöllum, að hver skógarmaður frelsti sig, er þrjá dræpi seka.[1]) Fyrirmæli þessi hafa síðan haldizt tímabilið út, Grág. I a 187, II 399—400.

Árið 994[2]) var það lögtekið, að konur mætti ekki vera aðiljar vígsaka né karlmaður yngri en 16 ára.[3]) Héldust ákvæði þessi síðan í lögum lýðríkistímann út, sjá Grág. I a 168, 169, II 335. Ástæðan til þessarar lagasetningar er sögð sú, að eigi þótti svo mikill reki ger að vígsök eftir Arnkel goða Þórólfsson, er Snorri goði tók af lífi, sem vert þótt um slíkan mann, af því að konur voru einar til aðildar.

Árið 996 boðaði Stefnir Þorgilsson kristna trú á Alþingi og þótti tala verr en sæmdi um heiðna menn og goð þeirra. Var þá eða árið eftir, 997, lögtekið, að frændur kristinna manna „nánari en þriðja bræðra, en firnari en næsta bræðra" skyldi sækja þá um guðlöstun, því að kristnin var þá kölluð frændaskömm.[4]) „Næsta bræðra" eru þrímenningar, „annara bræðra" fjórmenningar og „þriðja bræðra" eru fimm-menningar. Sóknaraðiljar áttu því að vera skyldir sökunaut að þriðja og fjórða, fjórða og fjórða, þriðja og fimmta eða fjórða og fimmta.[5])

Árið 999 var það í lög tekið, að þar eftir skyldi menn koma

---

1) Landnáma, viðbætir (Rvík, útg. Sig. Kr.), bls. 228.

2) Guðbrandur Vigfússon, Safn til sögu Íslands I 339, 497.

3) Eyrbyggjasaga 38. kap.

4) Guðbrandur Vigfússon í Safni til sögu Íslands I 430, 498, Björn M. Ólsen Um kristnitökuna, bls. 23, Kristnisaga 6. kap. (Bps. I 10—11).

5) Sbr. Grág. I a 194—195. Kristnisaga segir frá því, að Stefnir Þorgilsson hafi verið sóttur um goðlöstun á Alþingi, og hafi synir Ósvífrs hins spaka sótt sökina samkvæmt hinum nýju lögum. En frændsemi þeirra Ósvífrssona og Stefnis var svo varið:

Ketill flatnefur

| | |
|---|---|
| Björn austræni | Helgi bjólan |
| Óttarr | Eilífr |
| Helgi | Þorgils |
| Ósvífr | Stefnir |

Synir hans (Laxdæla 1. og 32. kap., Bps. I 10).

Þeir Ósvífrssynir og Stefnir hafa þá verið að 4. manni og 5. frá Katli flatnef, og því „firnari en næsta bræðra" og „nánari en þriðja bræðra".

til Alþingis fimmtudaginn í 11. viku sumars.[1]) Hélzt það í lögum síðan, sjá Grágás I a 43.

Árið 1000, að því er ætlað er,[2]) á Jónsmessudag skírara. var kristin trú lögtekin á Alþingi. Skyldi allir menn á landi hér vera kristnir og trúa á guð föður, son og anda helgan, eins og segir í upphafi Kristinréttar forna, Grág. I a 1, II 1. En þó var enn leyfður útburður barna, hrossakjötsát og blótskapur á laun, en varða skyldi hann fjörbaugsgarð, ef maður var staðinn að honum með vottum.[3]) Kviðburður varð því eigi hafður í málum þessum, þótt hann væri langtíðasta sönnunargagn í fornöld.

Á lögsögumannsárum Skafta Þóroddssonar (1004—1030) voru sett nokkur merkileg lög. Skal hér fyrst nefna lögin um *Fimmtardóm*. Segir Ari fróði,[2]) að Skafti Þóroddsson lögsögumaður hafi „sett fimmtardómslög“ og Njála segir í 97. kap., að hann hafi „leitt fimmtardóm í lög“. Báðar kveða þessar heimildir ranglega að orði. Lögsögumaður hafði aldrei löggjafarvald. En Skafti kann að hafa átt frumkvæði að þessum lögum og hann hefur kunngjört þau í lögréttu og að lögbergi, eins og önnur ný lög. Guðbrandur Vigfússon hefur sýnt fram á það, að fimmtardómur hefur verið leiddur í lög 1004 eða því mjög nærri.[5])

Sama ár var það lögtekið, að stofna mætti ný goðorð, og nefnir Njála 97. kap. 3 þeirra: Melmanna goðorð í Miðfirði, Laufæsinga-goðorð í Eyjafirði og Hvítanessgoðorð í Rangárvallasýslu. Þessara nýju goðorða gætir að engu um Alþingisskipan nema að nýju goðarnir nefndu eina tylft dómenda í fimmtardóminn, Grág. I a 77.

Þá segir Ari fróði tilv. st., að á dögum Skafta hafi verið sett lög um víglýsingar, að engi mætti lýsa vígi á hendur öðrum manni en sér.

1006 er talið, að lög hafi verið sett, er bönnuðu hólmgöngur, og segir, að hólmganga Gunnlaugs ormstungu og Skáld-Hrafns hafi verið síðasta hólmganga á Íslandi. Það skal látið

---

1) Íslendingabók Ara 7. kap.
2) Björn M. Olsen, Um kristnitökuna á Íslandi, bls. 87.
3) Íslendingabók Ara 7. kap., Kristnisaga 11. kap. (Bps. I. 20—25).
4) Íslendingabók 8. kap.
5) Safn til sögu Íslands I 435.
6) Sama rit I 440, 498, Gunnlaugssaga ormstungu 11. kap.

liggja milli hluta, hvort frásögn Gunnlaugssögu um þetta er rétt eða röng. En minna má á það, að í Ljósvetningasögu 16. kap. segir, að Þórir Helgason skoraði Guðmundi ríka á hólm að lögbergi, svo að allur þingheimur heyrði, og síðan ætlaði Vigfús Víga-Glúmsson að skora Einar Þveræing á hólm á sama þingi, eftir því sem segir í Ljósvetningasögu 17. kap. Er eigi annars getið, en að þetta sé alveg lögleg aðferð, enda tekur Guðmundur ríki berum orðum við áskorun Þóris. Varla getur verið rétt frá skýrt í báðum sögunum. Atburðir þeir, sem lýst er í Ljósvetningasögu, gerðust 6—8 árum eftir að hólmgöngur voru úr lögum numdar að sögn Gunnlaugssögu.

Fyrirmælin í kristnitökulögunum um barnaútburð, hrossakjötsát og launblót, voru, að sögn Ara fróða, numin úr lögum fám vetrum síðar. Á fyrstu ríkisstjórnarárum sínum sendi Ólafur konungur helgi Íslendingum orð til þess, að þeir tæki úr lögum sínum það, er honum þótti mest kristnispell í vera. Er hér átt við þær leifar heiðinna siða, sem eftir voru látnar standa árið 1000, og voru þær afteknar að tilstuðlan Ólafs konungs.[1]) Hefur þetta orðið c. 1016.

Um 1022 var gerður samningur við Ólaf konung helga um rétt Íslendinga í Noregi og Norðmanna og Noregs konungs á Íslandi. Hefur samningur þessi verið samþykktur í lögréttu, að því er ætla má, og því lög á Íslandi, enda er hann skráður í lagahandritin 2, Konungsbók og Skinnastaðabók.[2]) Þetta er eini samningurinn, sem kunnugt er, að Alþingi hafi gert við erlendan þjóðhöfðingja í fornöld.

Grettissaga segir frá því, að árið eftir að Grettir féll — en það var haustið 1031[3]) — hafi verið sett á Alþingi lög um það, að allir „forneskjumenn“ skyldi útlagir. Orðalag sögunnar er mjög ónákvæmt, því að *forneskja* getur tekið yfir margt og all-óskylt. En í sögunni hlýtur að vera átt við þá grein forneskju, er *fordæðuskapur* var nefndur, þ. e. það að vinna öðrum mein, sótt eða bana, með fjölkyngi, sbr. Grág. I 23, II 27, þessi glæpur varðaði skóggang, en önnur forneskja varðaði fjörbaugsgarð. „Útlegð“ sú, er Grettissaga talar um, er þá skógganguríinn forni.

---

1) Heimskringla (útg. F. J. 1911), bls. 215, 217.
2) Grág. I b 195, 197, III 463.
3) Sbr. Safn til sögu Íslands I 482—483, 500.

Á fyrstu áratugum kristninnar á Íslandi voru engir innlendir biskupar. Nokkrir komu hingað erlendir, er biskupsvígslu höfðu eða þóttust hafa.[1]) En nálægt 1050, líklega þó heldur síðar, hafa verið sett lög um það, að biskupsstóll skyldi vera á Íslandi,[2]) en 1055 vígðist fyrsti íslenzki biskupinn, Ísleifur Gizurarson.

1056 virðist hafa verið lögtekið, að menn skyldi fasta tólfta dag jóla 3 næstu árin og árið eftir var þessi dagur lögtekinn föstudagur, nema hann bæri á drottinsdag.[3])

Annar íslenzki biskupinn, Gizur Ísleifsson, gaf óðal sitt, Skálholt, til biskupsseturs og lét leggja lög á það, að þar skyldi síðan vera biskupsstóll.[4]) Gizur var biskup frá 1081 til 1118. Á þeim árum hefur hann lagt Skálholt til biskupsstóls, líklega um það bil sem tíundarlögin voru sett, sennilega heldur fyrr, eftir því sem helzt verður ráðið af frásögn Hungurvöku.

1096 voru tíundarlögin sett, fyrstu íslenzku skattalögin, sem nú þekkjast. Annálar segja ýmist, að tíundarlögin hafi verið sett 1096[5]) eða 1097,[6]) en árið 1096 er þó líklegast, því að í Belgdalsbók (A. M. 347 fol.), einu skinnhandriti tíundarlaganna, stendur berum orðum, að þau hafi verið sett árið 1096.[7])

1103 virðist landinu hafa verið skift í tvö biskupsdæmi. Svo segir, að Norðlendingar hafi fellt þá bæn að Gizuri biskupi, þegar hann hafði setið 20 vetur að stóli, en 1083 kom hann til stóls síns. Hafa þá verið sett lög um biskupsstól norðanlands og skiftingu landsins í biskupsdæmi.[8])

Sumarið 1117 voru lög sett um það, að skrásetja skyldi lög landsins. Veturinn 1117—1118 voru lögin svo rituð að Hafliða Másssonar á Breiðabólstað í Vesturhópi eftir forsögn Bergþórs Hrafnssonar og annarra lögspakra manna. Skyldi þeir og gera frumvarp til nýmæla, þar sem þeim þótti það betur hlýða. Var þá ritaður Vígslóði og margt annað í lögum. Það er nú ekki kunnugt, hvað þetta „margt annat" hefur verið, né heldur hvaða nýmæli eða lagabreytingar hafa þá gengið fram.

1) Íslendingabók Ara 8. kap.
2) Bps. I 27, 55.
3) Skarðsárbók (Landnáma S. Kr. viðbætir, bls. 228—229).
4) Íslendingabók 10. kap., Bps. I 28, 67, 158.
5) Ísl. annálar VII.
6) Sama rit I, III, IV, VIII.
7) Grág. III 134, Dipl. Isl. I, bls. 20.
8) Sbr. Íslendingabók 10. kap., Bps. I 29, 68, 158—159.

En á Grágás I a 213 er að sjá sem Hafliðaskrá, elzta handrit fornlaganna, hafi haft, að minnsta kosti í öndverðu, megnið af lögum landsins að geyma, nema þann kaflann, sem vitanlega er yngri, Kristinrétt forna. Lög þau, sem skráð voru veturinn 1117—1118, voru svo lesin upp sumarið 1118 í lögréttu af kennimönnum — aðrir en klerkar hafa þá ekki verið læsir eða skrifandi á latínustafi — og síðan samþykkt.[1])

Á árunum 1122—1133 var settur Kristinréttur hinn forni. Það er sagt, að þá hafi verið biskupar Þorlákur Runólfsson í Skálholti[2]) og Ketill Þorsteinsson að Hólum. Þorlákur biskup lézt 1133, og Ketill kom til stólsins 1122. Á árunum 1122—1133 hlýtur Kristinréttur þessi því að hafa verið settur. Kristinrétturinn er kirkjulagasafn („Kodifikation") landsins og hefur auðvitað verið skráður þegar, enda er mikill fjöldi handrita enn þá til af honum.

Í embættistíð Þorláks biskups helga (1178—1193) voru lögteknar Ambrosíusmessa (7. des.), Ceciliumessa (22. nóv.) og Agnesarmessa (21. jan.), svo og að fasta náttföstur fyrir postulamessur og Nikulásarmessu.[3]) Á dögum þeirra biskupanna Þorláks helga og Brands Sæmundarsonar, og því fyrir 1193, er sagt, að sett hafi verið í landslög fyrirmæli um helgidagahald, og er líklega átt við hvítasunnuhald, en óljóst er, hversu mikið af kaflanum um hátíðahaldið í Grág. I a 28—29, II 36—38 o. fl., hefur verið sett á dögum þessara biskupa, og hvað sé eldra, enda er aðeins í einu handritanna sagt, að einhver þeirra fyrirmæla hafi verið sett á dögum þeirra.[4])

Árið 1199 var Þorláksmessa lögtekin á Alþingi.[5])

Árið 1200 var leiddur í lög Jónsmessudagur Hólabiskups.[6])

Á árunum 1195—1201 hafa lögin um stikumálið verið sett. Stikan var, sem kunnugt er, tvær alnir. Lög þessi voru sett á lögsögumannsárum Gizurar Hallssonar (1181—1201) og eftir að Páll biskup kom til stólsins (1195). Jón Sigurðsson telur þessi lög hafa verið sett árið 1200.[7]) Stiku skyldi marka á kirkjuvegg á Þingvelli, Grág. I b 250, II 288.

---

1) Íslendingabók 10. kap., Bps. 1 29.
2) Grág. I a 36, II 45—46, III 133 o. fl., Bps. I 73.
3) Bps. I 106. Sbr. Grág. I 30, II 38 o. fl.
4) Grágás III 79.
5) Bps. I 134, 303, 456, 458. Ísl. annálar, Sturl. I (S. Kr.) 299.
6) Bps. I 186, 466. Ísl. annálar, Sturl. I (S. Kr.) 200.
7) Bps. I 145, Dipl. Isl. I bls. 306.

Frá þessum tíma eru líka lögin um pundara, að því er Jón Sigurðsson telur, og er það mjög líklegt.[1])

Magnús biskup Gizurarson kom til biskupsstólsins 1216. Árið eftir[2]) segir, að hann hafi fengið lögtekin nýmæli nokkur samkvæmt Grág. I a 36—37:

1. Um lögföstur, að skylt væri að fasta nætur þær 8, er áður voru eigi lögskyldar: jólanótt, páskanótt, nóttina fyrir uppstigningardag, nóttina fyrir hvítasunnudag og miðvikunætur 4 um langaföstu.

2. Um það, að sifjar skyldi vera hjúskapartálmi með sama hætti sem frændsemi („jafna ætt skal byggja sifjar ok frændsemi"), að fimmta manni hvort tveggja.[3])

3. Fyrir 1217 átti maður að leggja 10 aura (vaðmála) með fimmmenningi sínum („þriðja bræðra") ef hann er ómagi, en það var þá af tekið.

Árið 1237 var lögtekin Þorláksmessa önnur.[4])

Það er sagt, að árið 1253 hafi verið sett lög þess efnis, að guðslög (þ. e. kirkjulögin) skyldi ganga fyrir landslögum, þar sem þau greindi á.[5]) Með lögum þessum var grundvöllur að kirkjuveldinu, eins og það varð að lögum, lagður, enda vitnaði Árni biskup Þorláksson (Staða-Árni) mjög í þessi lög í deilum sínum við eigendur kirkjustaða á síðara helmingi 13. aldar.

1262 var, sem menn vita, gerður sáttmáli á Alþingi við Noregs konung.

Þingsköpin fornu eru ekki úr lögum numin fyrr en 1271 með Járnsíðu. En hvernig Alþingi hefur verið háð þessi ár, vitum vér nú ógjörla.

III. Þó að þess sé ekki getið, þá mun lögrétta hafa verið í fyrirsvari fyrir landið út á við, þegar til þess hefur komið. En það var ekki oft á þessu tímabili, svo að sögur fari af. Hér mætti nefna tilmæli Ólafs konungs helga um það, að Íslendingar gerðist þegnar hans og gyldi honum þegngildi, en hann gæfi þeim réttarbætur. Þegar þessu var dauflega tekið, þá

---

1) Dipl. Isl. I, bls. 311, Grág. I b 249—250, II 289—290.
2) Íslenzkir annálar.
3) Sbr. Grág. I b 25—26, II 139—140.
4) Ísl. annálar, sbr. Grág. I a 31, II 40.
5) Kristinréttur Árna biskups 16. kap. (Norges gamle Love V. 29), Bps. I 718—719, 720, Dipl. Isl. II Nr. 1.

vildi konungur fá Grimsey hjá Íslendingum.[1]) Þórarinn Nefjólfsson bar málið upp að lögbergi, en lögréttan hlýtur að hafa svarað, ef samþykkt hefur verið gerð um svarið. 1022 var gerður samningurinn um rétt Íslendinga í Noregi og Norðmanna — og konungs þeirra — á Íslandi. Lögrétta hlýtur að hafa þar komið fram fyrir hönd Íslands. Árið 1260 lét Hákon gamli beinlínis bera það upp á Alþingi, að Íslendingar gengi honum á hendur, en þeir neituðu því.[2]) En loks árið 1262 fengust Norðlendingar, Vestfirðingar og Sunnlendingar utan Þjórsár til að ganga konungi á hönd, og gerðist það á Alþingi, enda segir berum orðum, að lögrétta hafi verið skipuð og nafngreindir menn sóru þar konungi eiða.[3])

## 10. gr.

### Dómstörf á Alþingi. — Upphafsorð.

Lögrétta hefur frá upphafi lýðríkistímans farið með löggjafarvald íslenzka ríkisins. Leikur ekki ef á því. Öðru máli er að gegna um meðferð dómsvaldsins. Það brestur í rauninni sagnir um það, hvernig um dómsstörfin hefur farið. Fyrst mætti hugsa sér það, að engin dómstörf hafi farið fram á Alþingi, þangað til fjórðungsdómar voru lögleiddir. Og hefði þá vorþingin verið einu almennu dómstólarnir í landinu. En niðurstaða þessi er í raun og veru mjög ósennileg. Á norsku þingunum fóru dómsstörf fram. Skýrir Egilssaga 56. kap. frá dómaskipun á Gulaþingi milli 930 og 940, en eftir Gulaþingslögum voru Úlfljótslög að mörgu sniðin. Er því líklegt, að á Alþingi hafi dómstóll verið frá öndverðu. En þar að auki eru frásagnir í sögunum um málaferli, er ráðið hafi verið til lykta á Alþingi. Guðbrandur Vigfússon[4]) telur, að deilur þeirra Kaldbeklinga og Árnesinga út af hvalreka á Reykjanesi á Ströndum hafi orðið fyrir 950. Segir, að þau mál hafi verið lögð til Alþingis og hafi nafngreindur maður orðið *sekur.*[5])

---

1) Heimskringla (1911), bls. 302—304.
2) Hákonarsaga konungs Hákonarssonar 300. kap.
3) Sturl. (S. Kr.) IV 132.
4) Safn til sögu Íslands I 237.
5) Grettissaga 12. kap.

Líklegt er þá, að Alþingisdómur hafi dæmt manninn sekan, þó að vera mætti, að hann hefði orðið sekur að sátt. Í annari sögu,[1]) segir frá vígsmáli á Alþingi. er Hrafnkell Freysgoði var sekur ger fyrir víg Einars Bjarnasonar, og telur Guðbrandur Vigfússon það hafa orðið á árunum 947—953. Málið var sótt, að því er sagan segir, í dómi á Alþingi, sem settur var að *lögbergi*. Gekk dómur um málið. Þingdeildir þeirra Þórðar Gellis og Tungu-Odds urðu eigi til lykta leiddar í héraði og komu því til Alþingis, enda er þá talað þar um „dóma".[2]) Þetta er sama sumarið sem fjórðungaskifting landsins var í lög leidd. Og er hér órækt vitni um dómstóla og dómstörf á Alþingi áður en fjórðungsdómar voru settir þar.

En þá er að leysa úr því atriði, hvernig dómaskipun Alþingis hafi verið farið. Fór lögrétta með dómsvaldið í upphafi og þar til fjórðungsdómar voru settir eða var sérstakur dómstóll eða sérstakir dómstólar, er með dómsvaldið fóru þegar frá öndverðu?

Ef sannað yrði, að á Alþingi hafi verið fleiri dómstólar en einn þegar frá upphafi, þá væri þar með sýnt, að lögréttan hefur ekki farið með dómsvaldið, því að ekki verður gert ráð fyrir því, að hún hefði verið hlutuð sundur í deildir til að dæma mál. En það eru trauðla sannanir fyrir því, að á Alþingi hafi verið nema einn dómstóll. Meðan landinu var ekki skift í fjórðunga, varð eigi fundin nein greining landshluta til grundvallar dómaskiftingu á Alþingi. En sú greining er að líkindum sú eina greining, sem slík skifting hefði orðið byggð á. Að vísu er svo að sjá sem dómar hafi fleiri verið en einn þá á Þingvelli, er Hrafnkell var þar sóttur: „Ok gekk hann (þ. e. Hrafnkell) til dóma". Og Hænsna-Þórissaga hefur samskonar orðalag. En vel mátti það hafa ruglað söguritarana, að fimm voru dómar á Alþingi, þegar þeir skráðu sögur sínar. Það er því alveg óvíst, að nokkuð verði upp úr þessu orðalagi þeirra lagt. Og verður því að gera ráð fyrir því, að Alþingisdómur hafi verið *einn* frá upphafi og þar til fjórðungsdómar voru settir. Og er þá að leysa úr því, hvort sá dómur hafi verið lögrétta eða sérstakur dómstóll, sem goðarnir, sem voru 36 til 965, hafi nefnt.

---

1) Hrafnkelssaga Freysgoða 11. kap.
2) Hænsna-Þórissaga 15. kap.

Fræðimenn hefur greint á um þetta atriði. Konráð Maurer taldi lögréttu hafa farið með dómsvaldið þangað til sérstakir Alþingisdómar hafi verið settir, þegar fjórðungaskiftingin var lögtekin.[1]) Vilhjálmur Finsen[2]) taldi aftur á móti sérstakan Alþingisdómstól hafa verið á Alþingi frá öndverðu, og sá dómstóll hefði þá átt að hafa verið lagður niður, þegar fjórðungsdómarnir voru settir. Heimildarrit vor geta þess hvergi, að löggjafarvald og dómsvald hafi nokkru sinni verið aðskilið. Og hefði það þó verið gert, ef dómsvaldið hefði í öndverðu verið hjá lögréttu. Þessi þögn heimildarritanna um þetta atriði er ekki vel skiljanleg, ef þesskonar aðgreining hefði farið fram. Hún hefði ekki verið ómerkilegri en t. d. stofnun fimmtardómsins, sem bæði Ari fróði og Njála segja frá. En auðvitað ræður þessi þögn heimildarritanna ekki úrslitum um skoðun manna í þessu efni. Ekki getur það heldur ráðið úrslitum, þó að sýnt sé, að lögrétta á norsku lögþingunum hafi haft dómsvald, eins og Egilssaga 56. kap. sýnir. Það sýnir ekki, hvernig tilhögun dómsvaldsins hefir verið hér á landi. Hinsvegar benda sumar heimildir vorar í þá átt, að dómstörf hafi þegar verið greind frá löggjafarvaldinu. Þegar Ari fróði skýrir frá fjórðungaskiftingunni, þá segir hann, að jöfn skyldi „*dómnefna*“ úr Norðlendingafjórðungi sem úr hverjum hinna landsfjórðunganna. Hann virðist því gera ráð fyrir því, að „dómnefna“ hafi áður farið fram á Alþingi en atburðirnir 965 gerðust, en það hefði ekki getað staðizt, ef lögrétta hefði farið með dómsvaldið, því að þá hefði goðarnir verið sjálfkjörnir dómendur. Af frásögn Ara fróða má því helzt ráða það, að hann hefi ekki annað vitað en að goðarnir hafi aðeins *nefnt* dóm eða dóma á Alþingi fyrir 965. Það er alls ekki sennilegt, að goðunum hafi verið fengið dómsvaldið í hendur, og ekki hefði það verið eftir norskri fyrirmynd. Aftur á móti hefði það verið nær norskri fyrirmynd, ef goðarnir hefði *nefnt* menn í dóma. Það gerðu norsku hersarnir, eftir því sem Egilssaga 56. kap. segir.

Í Hrafnkelssögu Freysgoða segir, þar sem lýst er málum Hrafnkels og Sáms Bjarnasonar, í 11. kap., að þeir Sámur hafi setið þar til „dómar fara út“. Áður er nú minnzt á það,

1) Upphaf allsherjarríkis á Íslandi bls. 159—160, Ísland bls. 62, Altnordische Rechtsgeschichte IV. 15, 353.

2) Inst. bls. 90 o. s. frv.

að hæpið sé að ályktа af þessu, að fleiri hafi verið dómar en einn á Alþingi um 950. En ef lögréttan hefði þá haft dómsvald, þá hefði ekki verið rétt frá sagt, að dómar færi út. Þá er líklegt, að sagt hefði verið, að lögrétta hafði farið út, eins og Grágás segir, sbr. t. d. Grág. I a 212. En svo segir í Hrafnkelsögu tilv. stað, að þeir Sámur hafi gengið *„til lögbergs. Var þar þá dómur settur"*. Ef þessi frásögn er rétt — og það getur hún vel verið — þá sýnir hún, að þessi dómur er ekki í lögréttu og er allt annað en lögrétta. Jafnframt segir, að Hrafnkell hafi ætlað sér að hleypa upp dóminum fyrir Sámi og hrekja hann svo af málinu, með öðrum orðum, að Hrafnkell hafi ætlað að sundra dómendum með ofríki. Ef nú þessi dómur hefði verið lögréttan, þar sem allir eða langflestir goðorðsmenn og beztu menn landsins sátu, þá er ekki líklegt, ef ekki alveg óhugsandi, að ekki meiri höfðingi en Hrafnkell Freysgoði var, hafi ætlað sér að ráðast í það stórræði að sundra með ofbeldi þeim dómi. Það hefði verið árás af hálfu eins manns á alla voldugustu menn landsins. Hrafnkell Freysgoði hefur fráleitt verið svo einsýnn ofurkappsmaður. Enda er þess aldrei getið á söguöldinni, að lögréttu hafi nokkurn tíma verið hleypt upp. Enginn einn maður hefur vogað sér það að ráðast svo á samkundu allra höfðingja landsins.

Bæði af eðli málsins, þögn heimildarritanna um aðgreining dómsvalds frá lögréttu, frásögnum Ara um fjórðungaskiftinguna og dómnefnu norðlenzku goðanna og Hrafkelssögu, virðist mega ráða það, að lögrétta hafi ekki haft dómsvaldið, heldur sérstakur Alþingisdómstóll, og hafa goðarnir nefnt dómendur í hann.

Vér vitum annars ekkert um þenna dómstól. Það er ætlandi, að hann hafi verið skipaður 36 dómendum, og hefur þá hver goði nefnt sinn dómanda. Á lögþingum Norðmanna voru 36 dómendur, eins og að hefur verið vikið áður, og bæði það og goðorða-talan bendir eindregið í þá átt, að dómendur hafi verið 3 tylftir.

Ekki er heldur fullvíst um það, hvenær þessi Alþingisdómur hefur verið lagður niður, og hvenær fjórðungsdómar hafa verið settir á Alþingi. Fyrri en 965, þegar landinu var skift í fjórðunga, getur það ekki hafa orðið. Ari fróði getur ekki um setningu fjórðungs*dómanna*, heldur einungis um

fjórunga*skiftinguna* og fjórðungaþing, sem Grágás II 356 nefnir, en gerir ráð fyrir, að kunni að vera enn þá sumstaðar höfð, en eigi sé það víst. Fjórðungsdómarnir hafa verið settir árið 965 eða mjög skömmu síðar.[1]) Í Njálu 8. kap. er sagt frá þingdeild Marðar og Hrúts, og lýsti Mörður sök í *„fjórðungsdóm“* þann, er sökin átti í að koma að lögum. Guðbrandur Vigfússon telur þetta hafa gerzt 969. Í Njálu 21. kap. segir og frá málum Gunnars og Hrúts[2]) og gekk Gunnar að *„Breiðfirðingadómi“*. Þetta gerðist, að tali Guðbrands Vigfússonar,[3]) árið 971. Árið 984[4]) er enn talað um „Rangæingadóm“ í Njálu 56. kap. Ef marka má frásögn Njálu, þá hafa fjórðungsdómar verið settir á Alþingi um leið og fjórðungaskiftingin varð eða næstu árin þar á eftir.

11. gr.

## Dómstörf á Alþingi. — Fjórðungsdómar.

I. Eins og nafnið bendir til, voru fjórðungsdómar á Alþingi fjórir, sinn fyrir hvern landsfjórðung, *Norðlendingadómur, Austfirðingadómur, Sunnlendingadómur (Rangæingadómur)* og *Vestfriðingadómur (Breiðfirðingadómur)*. Dómar skyldi nefndir vera „í dag“, þ. e. föstudaginn fyrra í þingi, daginn, sem lögsögumaður átti að segja upp þingsköp, Grág. I a 38. Goðarnir — eða nánar tiltekið: þeir, er *fóru með* goðorð á Alþingi — höfðu dómnefnu á hendi. Skyldi goði ganga í „hamraskarð“[5]), setja þar niður dómanda sinn og nefna sér votta 2 eða fleiri í það vætti, að hann nefndi þenna þegn í dóm, og nefna manninn, til þess að dæma um sakir þær allar, er í dóm þann koma og lög skylda hann um að dæma, Grág. I a 39. Þess skal getið, að norðlenzku goðarnir 12 höfðu eigi meiri hluttöku í dómnefnu en 9 goðarnir í hverjum hinna fjórðunga landsins, Grág. I a 38, sbr. Íslendingabók Ara 5. kap.

II. Það hafa verið skiftar skoðanir um það, hversu mörgum

1) Sbr. Maurer Island, bls. 55—56, Altnordische Rechtsgeschichte IV 15, og telur hann fjórðungsdómana setta þegar er landinu var skift í fjórðunga.
2) Safn til sögu Íslands I 416, 496.
3) Sama stað.
4) Sama rit I 417, 497.
5) „Hamraskarð“ þetta er ókunnugt, þó að getgátur hafi um það komið fram.

dómendum hver fjórðungsdómur hafi verið skipaður. Maurer[1]) hefur haldið því fram, að 36 hafi verið dómendur í fjórðungsdómunum, en Vilhjálmur Finsen[2]) og flestir aðrir með honum hafa ætlað þá hafa verið einungis 9, eða 36 samtals í fjórðungsdómunum öllum. Þessu ágreiningsefni verður sennilega aldrei ráðið til lykta, því að hvor skoðunin hefur nokkuð til síns máls. Fyrirmæli laganna virðast ekki fullskýr, og því hefur deila um þetta risið. Skal nú fyrst rekja þau ákvæði Grágásar, er hér hníga að. Ef þau reynast algerlega tvímælalaus, þá verður að byggja á þeim, hvort sem þau virðast sennileg eða heppileg.

Fyrst segir í Grág. I a 38[1—3]: „vér skulum eiga fjórðungsdóma. Skal goði hverr nefna mann í dóm, er fornt goðorð hefir ok fult". Þetta hefur verið skilið svo sem hver goðanna — en hér hafa 12 norðlenzkir goðar jafna dómnefnu við 9 goða í öðrum landsfjórðungum, eins og áður er getið — nefndi að eins einn mann í þann fjórðungsdóm, sem væri fyrir hans fjórðung, t. d. að sunnlenzkur goði nefndi einungis einn mann í Sunnlendingadóm, og í engan annan fjórðungsdómanna. Orðalagið er alls eigi tvímælalaust. Fyrst er sagt, að fjórðungsdómar skuli vera *fjórir*. Síðan segir, að goði hver skuli nefna mann í *dóm*. Þetta má alveg eins vel skilja þannig, að goði hver skuli nefna mann í hvern þessara fjögra dóma, með öðrum orðum: í hvern fjórðungdóm, eins og að hann skyldi nefna einn mann í einn af fjórðungsdómunum. Eins og áður segir, þá hefur einn verið dómur á Alþingi áður en fjórðungsdómar voru þar settir. Þá nefndi goði mann í dóm, 36 goðar 36 dómendur alls. Þá átti þetta orðalag: „skal goði hverr nefna mann í dóm" alls kostar við. Ekki er loku skotið fyrir það, að svo hafi þetta fyrirmæli þá verið orðað, og að ekki hafi þótt þörf á að orða það upp, því að það hafi þótt geta átt við hið nýja skipulag líka. Þetta fyrirmæli tekur því alls ekki af tvímælin um tölu dómenda í fjórðungsdómum á Alþingi. Af því verður ekki með vissu leitt meira en það, að hver goði hafi aðeins átt að nefna einn dómanda í hvern fjórðungsdóm, eða með öðrum orðum, að ekki hafi fleiri menn verið nefndir í

1) Island, bls. 174—175, Upphaf allsherjarríkis á Íslandi, bls. 160—161, Altnordische Rechsgeschichte IV. 353—356.

2) Om den oprindel. Ordning af nogle af den islandske Fristats Institutioner, bls. 10—31.

fjórðungsdóm hvern en 36, ekki t. d. fernar tylftir manna, eins og í fimtardóminn. Þessi lagastafur getur þá merkt það, að hver goði skyldi nefna sinn mann í hvern fjórðungsdóm, eða 4 dómendur alls.

Næsti staðurinn, sem hér skiftir máli, er Grág. I a $38^{10-11}$: „Skal goði hverr nefna sinn þriðjungsmann í dóm". Þetta orðalag sker ekki heldur úr málinu. Það er hér enn mögulegt, að þessi orð „í dóm" tákni hvern hinna fjögra fjórðungsdóma. „Dómr" hefur þá merkingu stundum annarstaðar í þingskapaþætti Grágásar. Það orð er haft í merkingunni „dómr hverr", „dóm hvern", svo sem í Grág. I a $51^{2}$ og $^{3}$, sbr. I a $50^{4}$.

Þá segir í Grágás I a $39^{9-10}$: „Goði skal ganga í hamraskarð ok setja þar niðr dómanda sinn". Þessi staður bendir til þess, að goði hafi nefnt *einn* dómanda og ekki fleiri, því að þá væri ætlandi, að fleirtölumyndin: „dómendr sína" væri höfð. En þó er hann ekki úrslitastaður. Fyrst og fremst getur hann verið leifar eldra skipulagsins, þegar einn var dómur á Alþingi og hver goði nefndi einn mann í þann dóm. En svo getur löggjafinn, þó að þessu væri ekki til að dreifa, hafa haft í huga hverja einstaka dómnefnu, að goði hafi átt að nefna í dómana í röð og skila hverjum fyrir sig í „hamraskarð". Yfirlýsing goða: Nefni ek í þat vætti o. s. frv. náði þá til dómnefnu í hvern dóm sér í lagi. Þegar goði hafði skilað dómanda í t. d. Norðlendingadóm („sett niður" dómanda sinn í hann), þá sneri hann sér að dómnefnu í næsta dóminn, t. d. Sunnlendingadóm o. s. frv.

Um ákvæðið í Grág. I a $45_{5}$ er alveg sama máli að gegna og um Grág. I a $39^{9-10}$.

En svo eru ákvæði í Grágás, sem benda til þess, að goðar hafi einmitt nefnt dómendur í fleiri en einn fjórðungsdóm, og meira að segja: Ef þeir staðir eru skildir eins bókstaflega og fylgjendur 9-dómenda kenningarinnar vilja skilja þá þrjá staði úr Grágás, sem hér hafa verið nefndir að framan, þá getur niðurstaðan ekki orðið önnur en sú, að hver goði hafi nefnt dómanda í fleiri en einn fjórðungsdóm.

Annar staðurinn er í Grágás I a $39^{3}$: „Ef goði .... nefnir í annan dóm en hann hefir hlotit". Varðaði goða það harðri refsingu. Hvaða merking er í hinum tilvitnuðu orðum? Ef það var fyrirfram ákveðið, eitt skifti fyrir öll í lögum, að goði skyldi nefna aðeins einn mann í þann fjórðungsdóm, er hann var í

fjórðungi, þá er alveg óhugsandi, að löggjafinn færi að leggja refsingu við því, ef sá goði færi að nefna mann í hina fjórðungsdómana, af því að það gat ekki komið fyrir, að goðinn gerði þá glópsku, að nefna mann í skakkan fjórðungsdóm, að t. d. goði úr Sunnlendingafjórðungi vissi það ekki, að hann ætti að nefna dómanda í Sunnlendingadóm, en ekki t. d. í Austfirðingadóm. Það væri líka undarlegt orðalag, að segja goðann hafa *hlotið* dóm til að nefna dómendur í, ef það var lögmælt eitt skifti fyrir öll, að goði hver skyldi nefna mann einungis í dóm síns fjórðungs. Að vísu gat 12 ára gamall maður farið með goðorð með leyfi þriðjungsmanna sinna, en það hafa þeir ekki látið verða, nema afburðamaður ætti í hlut, sá er vel kunni til laga. Þar á móti er þetta orðalag: „hlotið" samrímanlegt því, ef hver goði hefur eftir röð nefnt sinn mann í hvern fjórðungsdóm. Þá gat hafa verið hlutað um röðina. Þá var það villa, ef goði t. d. nefndi mann í Austfirðingadóm, þegar hann skyldi hafa nefnt hann í Norðlendingadóm. Og þá mátti hugsa sér, að goði kynni að ruglast í röðinni og nefna í annan dóm en hann skyldi.

Líka gæti komið til mála, að þetta ákvæði merkti það, að hlutkesti ætti að ráða, í hvern dóm goði nefndi dómendur, og veitti það þá enga fræðslu um dómendatöluna.

Þá er Grágás I a 51[9]: „Þar er maðr vill kveðja tylftarkviðar, hann skal nefna sér vátta at því vætti, skal hann kveða, at ek spyr þik at því, ok nefna goðann, ef þú hefir goðorð fult at þú nefnir *dóma*". Hér er fleirtölumyndin „dóma" höfð, og er eftir sambandinu átt við fjórðungsdómana, enda er fyrirmæli þetta vafalaust eldra en fimmtardómurinn, en yngra en fjórðungaskiftingin, því að tylftarkviðar þurfti að kveðja goða áður en fimmtardómur var settur, en greining fullra goðorða og annara verður eigi til fyrr en eftir fjórðungaskiftinguna. Fyrr voru goðorð engin „fjórðungi skerð", sbr. Grág. I a 38 upphafið.

Til eru fleiri ákvæði í Grágás, sem benda í þá átt, að goði hafi nefnt dómendur í fleiri en einn fjórðungsdóm. Til þess má fyrst nefna Grág. I a 39[17], þar sem svo segir, að goði skuli „kveða á, í hvern dóm hann nefnir". Ef goði nefndi lögum samkvæmt einn dómanda í einn fyrirfram lögákveðinn dómstól, í einn og aðeins einn fjórðungsdómanna, þá var öldungis óþarft að lýsa því hátíðlega yfir, að hann nefndi mann í þann

dóm, og eigi annan. Ef goði nefndi þar á móti mann í hvern fjórðungsdóm, þá var auðsætt, að þess þurfti að geta, í hvern fjórðungsdómanna hver um sig var skipaður. Og þá verður þessi staður vel skiljanlegur. Alveg tilsvarandi má segja um Grág. I a $48_3$ og $49_9$, þar sem segir, að sá aðili, sem ryður manni úr fjórðungsdómi, skuli segja goða það, að hann hafi rutt dómanda „ok kveða á dóminn". Ef nú goði nefndi einungis einn mann í einn fyrirfram lögákveðinn fjórðungsdóm, þá var óþarft að taka það svo rækilega fram, úr hvaða dómi var rutt, því að það var fyrirfram vitað.

Þá er að nefna þær ástæður, sem mæla kynni með hvorri þessara skoðana um sig. Og verða þá fleiri ástæður, eða jafnvel allar, er benda til þess, að dómendur hafi verið 36, en ekki 9. Fyrst má nefna það, sem áður hefur verið minnzt á, að lögréttan á Gulaþingi var skipuð 36 mönnum, er dæmdu mál manna. Og þetta skipulag virðist hafa verið á öðrum norskum lögþingum, þó að það standi ekki berum orðum í elztu norsku lögum, sem nú eru til.[1]) Í landslögum Magnúsar konungs lagabætis 3. kap. þingfararbálks[2]) segir, að lögréttan á norsku lögþingunum skuli vera skipuð þrennum tylftum manna. Skipulag Norðmanna hefur að einhverju leyti verið haft hér til fyrirmyndar. Alþingisdómur, er dómstörfum gegndi þar til fjórðungsdómarnir voru stofnaðir, hefur sennilega verið skipaður 36 mönnum. Vorþingsdómstólarnir voru skipaðir 36 mönnum, Grág. I a 98. Nú voru fjórðungsdómar yfirdómstólar vorþinga, því að þeim málum, sem ekki mátti lúka á vorþingi, mátti stefna til fjórðungsdóms þess, er vorþing var í fjórðungi, Grág. I a 101. Og það hefði verið harla undarlegt, ef yfirdómstóllinn hefði verið lakar skipaður en undirdómstóllinn. En það hefði hann verið, ef fjórðungsdómar hefði verið skipaðir aðeins 9 mönnum, því að ekki var betur til manna vandað í fjórðungsdóma en vorþingsdóma. 12 ára gamlan mann mátti nefna í fjórðungsdóm, og sjálfsagt hefur yngri maður en það ekki heldur mátt sitja í vorþingsdómi. Hafa um dómhæfi manna gilt sömu lög bæði um fjórðungsdóma og vorþingsdóma, sbr. Grág. I a 98—99. Enn má benda á það, að dómstólar heima í sveitum í fornöld voru sumir skipaðir fleirum mönnum en 9.

1) Frostaþingslög I—2 (Norges gamle Love I 127—128).
2) Noregs gamle Love II 14.

Féránsdómur var skipaður 12 mönnum, Grág. I a 84—85, afréttardómur einnig, Grág. I b 116, II 490. Í héraðsdómi svonefndum, sem var einskonar gestaréttur, voru og 12 dómendur, Grág. I b 73—74, II 263. Þar á móti voru engidómur og hreppadómur ekki skipaðir nema 6 dómendum hvor, Grág. I b 85, II 457; I b 175, II 253. Dómur með dómendatölunni 9 kemur þar á móti ekki fyrir á Íslandi í fornöld, svo að séð verði. Talan leikur á tylftum eða hálfri tylft.

Fjórðungsdómarnir komu í stað 36 manna Alþingisdómsins. Þeir voru, eins og hann, æðstu dómstólar landsins, þangað til fimmtardómur var settur. Þeir höfðu jafnveglegt og jafnvandasamt verk að inna af hendi sem Alþingisdómurinn hafði. Þeir höfðu sams konar mál, en færri hver þeirra. En þá er ekki heldur líklegt, að þeir hafi verið gerðir svo miklu mannfærri en Alþingisdómurinn forni var, og ekki voru meiri kröfur gerðar til dómenda en áður hefir verið. Það var auðsjáanlega styrkari dómstóll, sem skipaður var 36 dómendum að öðru jöfnu úr hverjum fjórðungi, en sá dómur, er skipaður væri 9 dómendum, öllum úr sama fjórðungi. 36 manna dómurinn, svo nefndur sem sagt var, var því líka líklegri til að verða óhlutdrægari en hinn, sem skipaður var 9 mönnum, öllum úr sama landsfjórðungi og sumum mönnum kunnugum málsaðiljum, að minnsta kosti varnaraðilja.

Þá eru enn fyrirmæli í Grágás, er líkur hafa verið leiddar af gegn þeirri skoðun, að verið hafi 36 dómendur í hverjum fjórðungsdómi. Í Grág. I a 72 segir, að dómendur skuli, ef þeim þykja menn troðast of mjög að dómi, skora á 3 goða úr þeim fjórðungi, sem dómur sá er við kenndur, að fá 3 menn til dómvörzlu. Það er auðvitað rétt, að dómvarzla 3 manna hefur ekki verið nægileg til að varna almenningi að þyrpast að dómi 36 manna, einkum ef aðiljar voru voldugir menn með mannaforráð og vildu hleypa dómi upp. En alveg sama má segja, þó að dómendur væri ekki nema 9. Svo fáir vörzlumenn voru líka alls kostar ónógir til þess að verja dóminn, ef menn hafa ruðzt að honum. Enda sýna sögurnar það, að menn áttu stundum fullt í fangi með að heyja dóma á Alþingi, ef varnaraðili beitti ofríki.

Eftir Grág. I a $74_2$ og $75^5$ mátti fjórðungsdómur dæma mál, ef að minnsta kosti 6 dómendur væru í dómi. Það er að vísu

lág tala, ef dómendur voru 36, en þetta sannar þó varla neitt, því að sama regla virðist hafa gilt á vorþingum, sbr. I a 99 og 101, þar sem vísað er til málsmeðferðar í fjórðungsdómum.

Þá er vefangs-ákvæðið í Grág. I a 75, er segir, að eigi skuli færri til vefangs ganga en 6 dómendur. Ef dómendur urðu ekki á sáttir niðurstöðu, þá kváðu hvorir tveggja upp dóm fyrir sig, aðrir t. d. sýknudóm, en hinir dæmdu áfall. En samkvæmt fyrirmælum Grág. I a 75 máttu eigi færri en 6 vera minni hlutamenn til þess að þeir mætti kveða upp sérdóm. Þannig virðist ákvæðið vera rétt skilið. Það má segja, að 6 menn hafi verið heldur lítið, en sú mótbára vegur ekkert, af því að dómendur á vorþingum voru 36, og þar segir, alveg eins og um fjórðungsdómana, að eigi skyldi færri til vefangs ganga en 6, Grág. I a 101. Gilti þar, í 36 manna dómum, alveg sama regla um tölu vefangsmanna sem í Grágás I a 75 segir um veföng í fjórðungsdómum. Ef færri en 6 voru í minni hluta — ef dómendatalan hefur verið 36 — þá máttu þeir sín einkis. Þeir gátu ekki kveðið upp neinn dóm. Það er að niðurstöðu til eins og þegar menn eru nú „taldir með meiri hlutanum", af því að þeir greiða ekki atkvæði.

Það er vitanlega rétt athugað, að í 36 manna dómar eru þyngri í vöfum en í 9 manna dómar. En þessi ástæða virðist varla mjög þung á metum. Þegar athugaðar eru mörgu flóknu og formbundnu reglurnar, sem öll málameðferð fór eftir í fornöld, þá virðist ekki sennilegt, að menn hafi látið þá erfiðleika aftra sér frá því að hafa fjórðungsdómana svo fjölskipaða sem tryggilegt þótti og tíðarandanum var samkvæmt.

Sögurnar skera ekki úr þessu máli. Af 97. kap. Njálu, frásögninni um stofnun fimmtardómsins, verður ekki ráðið neitt um skipun fjórðungsdómanna. Þar á móti virðist frásögnin í 9. kap. Kristnisögu (Bps. I 17) um það, er Hjalti Skeggjason varð sekur fyrir goðgá sína á þingi 999, eigi geta samrímst því, að í fjórðungsdómum hafi aðeins setið menn úr þeim fjórðungi, sem dómurinn var við kenndur. Þar segir, að enginn dómenda hafi viljað reifa málið fyrr en Þorbjörn son Þorkels úr Guðdölum settist í dóminn og reifði málið. Hjalti hefur auðvitað verið sóttur í Sunnlendingadómi, en Þorbjörn Þorkelsson frá Goðdölum hefur líklegast verið norðanlands heimilisfastur og er líklegast, að einhver skagfirzku goðanna hafi nefnt hann í dóminn.

Samkvæmt því, er hér hefur verið rakið, þykir líklegra, að hver fjórðungsdómur hafi verið skipaður 36 dómendum, og að hver goði, sem fullt goðorð hafði og fornt, hafi þá kvatt sinn mann í hvern fjórðungsdóm, eða 4 alls, en 12 norðlenzku goðarnir hafa þá eigi nefnt fleiri en 9 goðarnir úr hverjum hinna fjórðunganna.

III. Fjórðungsdómum var enginn ákveðinn staður markaður á Þingvelli. Skyldi lögsögumaður ráða því, hvar hver þeirra skyldi sitja, Grág. I a 45. Þess eru dæmi, að alþingisdómur hafi verið settur að lögbergi.[1]) Stundum varð að færa fjórðungsdóma úr stað vegna þess að þeir héldust ekki við, þar sem þeir voru upphaflega settir, sakir ofbeldis varnaraðilja. Svo var t. d. árið 999, er Hjalti Skeggjason var sekur gerður fyrir níð um hin heiðnu goð á Alþingi, og dóminum varð ekki haldið, unz hann var settur á brúnni á Öxará og brúarsporðarnir voru varðir með vopnum.[2]) Og er þess svo oft getið í sögunum, að menn hafi hleypt upp dómum með ofríki eða ætlað sér að gera það, að langur yrði uppi, ef tilfæra ætti öll þau dæmi, sem til eru um það.

IV. 1. Valdsvið fjórðungsdóma. Um þetta segir svo í Grág. I a 99, að sakir þær allar, er samþingismenn áttu saman, mátti höfða hvort er vildi á Alþingi eða vorþingi. Sakir þær, er einungis vörðuðu útlegð, þ. e. 3 marka sekt, átti þó allt af að höfða á vorþingi. Í málum, er gerðust heima í héraði milli þingunauta sín á milli og eigi námu 3 marka sekt, hafa fjórðungsdómar þá dæmt. Ef aðiljar voru ekki samþingismenn, þá hlýtur því fremur að hafa gilt sú regla, að sakaraðili mætti velja á milli þess að höfða mál á vorþingi eða á Alþingi. Og hafa þá fjórðungsdómar dæmt þau mál a prima instantia. Hins vegar er vafasamt, hvort 3 marka sök, er maður hafði á hendur utanþingsmanni sínum, skyldi höfða á vorþingi, eins og sagt var um mál milli samþingismanna, eða hvort aðili gat valið á milli málssóknar á vorþingi og Alþingi.

Ef maður gerði þingsafglöp á vorþingi, þá mátti kveðja þar kviðar, og ef sá kviður bar sökina á varnaraðilja, þá mátti stefna því máli til Alþingis, I a 100. Ef utanþingsmaður bar ljúgkviðu eða ljúgvitni á vorþingi, þá átti sakaraðili þess kost

1) Hrafnkelssaga Freysgoða 11. kap.
2) Kristnisaga 9. kap. (Bps. I 17).

að stefna þeim manni til Alþingis eða höfða mál á hendur honum á vorþingi.

Í þessum málum dæma fjórðungsdómar einnig sem fyrsti dómstóll. Um þingsafglöpun í engidómi, Grág. II 160 og í afréttardómi, Grág. II 192.

2. En auk þess mátti skjóta ýmsum málum frá vorþingi til þess fjórðungsdóms, er þingið er í fjórðungi. Eins og áður getur, voru dómendur á vorþingi 36. Ef þeir urðu ekki á dómsniðurstöðu sáttir, þá skyldi þeir til vefangs ganga, ef 6 dómendur voru að minnsta kosti í minni hluta. Þá mátti stefna dómendum til Alþingis og krefjast þess, að dómur yrði ónýttur („stefna dómi til rofs", sem kallað var). Grág. I a 101.

Um vefenging og stefnu dóms til rofs þess vegna gilti sams konar um engidóm, Grág. I b 86, II 459 og afréttardóm, Grág. II 493.

Ef á gögn var kveðið á vorþingi, þ. e. ef því var haldið fram, að borinn hefði verið ljúgkviður eða ljúgvætti, þá skyldi að vísu dæma málið á vorþingi sem gögn væri rétt borin, en stefna mátti þá dómi til rofs til fjórðungsdóms, Grág. I a 101. Það er á þessu að sjá sem menn hafi getað áfrýjað vorþingsdómum til fjórðungsdóms, ef þeir héldu því fram, að gögn væri login. En þar á móti hefur þess ekki verið kostur, þótt dómendur þætti fara rangt með lögin, nema þeir yrði ósammála um niðurstöðu og vefengdu dóminn.

Sams konar reglur giltu, ef kveðið var á gögn í engidómi, að þá mátti stefna dómi til rofs í fjórðungsdóm, og svo ef gögnum var haldið, Grág. II 458.

Utanþingsmanni varð ekki stefnt til vorþings til að þola þar dóm í máli, nema fyrir þingsafglöpun eða ef hann ber þar ljúgkviðu eða ljúgvætti, sbr. Grág. I a 100—101. Ef utanþingsmanni var stefnt að svara til sakar á vorþingi, þá gat hann, eða annar fyrir hann, farið til goða síns og látið goðann lýsa því, að aðili væri í þingi með honum og að goði bannaði að sækja hann á því vorþingi. Síðar var bann goðans borið fram á því þingi við votta, er báru vitni um það, að goðinn hefði bannað dómendum að dæma það mál, „varið lyriti", sem kallað var. Ef lyritur kom fram, þá áttu dómendur ekki að dæma málið, Grág. I a 102, 103—105. En ef lýritur kemur ekki fram, þá skyldi dómendur dæma málið, en aðili gat þá stefnt dómi til rofs í fjórðungsdómi á Alþingi, Grág. I a 102.

V. *Almenn dómaraskilyrði* voru þessi samkvæmt Grágás I a 38:

1. Dómari skyldi vera *karlmaður*. Konur máttu alls ekki var dómarar.

2. Dómari skyldi vera *12 vetra* eða eldri. Lögræðisaldur var að vísu eftir Grágás 16 ára aldur, en dómstörf sættu ekki þeirri reglu.

3. Dómari átti að vera *maður sem ráða kunni fyrir orði og eiði*. Er hér átt við andlegan þroska og andlega heilbrigði.

4. Dómari skyldi vera *frjáls maður*. Þrælar og eflaust lögskuldarmenn voru ekki dómgengir.

5. Dómari skyldi vera *heimilisfastur* á Íslandi. Allir skyldi lögheimili eiga. Göngumenn voru eftir þessu eigi dómgengir. Hins vegar hafa húskarlar verið réttnefndir í dóm.

6. Dómari skyldi hafa numið í barnæsku mál á „danska tungu" eða annars kostar verið 3 vetur eða lengur á Íslandi. Dönsk tunga hét þá sú tunga, sem töluð var um Norðurlönd og annarstaðar, þar sem Norðurlandamenn höfðu fest byggðir.

7. Þann mann, er *sóknaraðili var eða varnar eða hafði sókn máls eða vörn handselda*, mátti ekki nefna í dóm á því þingi. Það er augljóst, að mann muni ekki hafa mátt nefna í dóm, þar sem sök hans skyldi sækja eða verja. En svo er líka að sjá, sem engan þann mann hafi mátt í dóm nefna yfirhöfuð á því þingi, er hann átti aðild eða fór með aðild máls í dómi. Þann mann hefur t. d. ekki mátt nefna í Vestfirðingadóm, er mál átti að sækja eða verja í öðrum fjórðungsdómi. Ástæðan til þess gæti hafa verið sú, að dómstörf og málflutningsstörf kynni að rekast á tímans vegna. En ekki er þó samsvarandi ákvæði um kviðmenn eða votta.

Ef goði nefndi þann mann í dóm, er frá var skilinn, þá var hann sekur 3 mörkum fyrir og úr goðorði sínu, nema því aðeins að hann gæti þann kvið, að hann vissi eigi, að sá hefði sakir þar að flytja, Grág. I a 39. Hin skilyrðin hefur goðinn líklega sjálfur átt að athuga til hlítar. Það varðaði einnig þeim manni 3 marka sekt, sem frá var skilinn, ef hann lét nefna sig í dóm, eða ef maður selur öðrum manni sök, af því að hann vill í dóm nefnast, og ennfremur voru mál hans ónýt, sóknir eða varnir, nema hann gæti þann kvið, að hann vissi ekki, að sakir væri búnar á hendur honum, Grágás I a 38—39.

VI. Þó að maður hefði þá kosti til að bera, sem taldir eru í V, þá mátti vera, að hann stæði í því sambandi við aðilja, að hann mætti ekki dæma mál hans, eða málið væri honum svo skylt (skilyrði til að dæma einstök mál). Ef svo var ástatt um dómara, sem að neðan greinir, þá átti hann að víkja úr dómi:

1. *Frændsemi dómara og aðilja.* Ef þrimenningsfrændsemi („næsta bræðra") eða nánari var milli dómara og aðilja, Grág. I a 47. Skifti ekki máli, þó að dómari væri báðum jafnskyldur eða hvort hann var svo skyldur sóknaraðilja eða varnaraðilja. Sá, er ryðja vildi manni úr dómi af þessum sökum, skyldi kalla til votta og rekja ætt milli dómanda og aðilja, og leggja það undir þegnskap sinn, að sú frændsemistala væri sönn og rétt, Grág. I a 47.

2. *Mægðir.* Svonefndir námágar aðilja 3 skyldu víkja úr dómarasæti: Tengdasonur aðilja, systurmaður hans og stjúpfaðir hans, Grág. I a 47. Þar á móti hefur t. d. maður ömmu hans eða sonardóttur ekki þurft að ganga úr dómi. Ekki var manni skylt að rísa úr dómi, ef hann var skilinn við konuna, Grág. I a 48. Sá, er ryðja vildi dómara fyrir mægðasakir, lagði það undir þegnskap sinn, að svo væri mægðum farið með aðilja og dómara sem hann mælti, Grág. I a 47—48.

3. *Guðsifjar.* Ef dómari hefði haldið aðilja eða aðili dómara undir primsignun, skírn eða biskups hönd (biskupan, fermingu, confirmatio), þá gat hinn aðilja rutt dómara. Þar á móti gat aðili ekki rutt dómara af þessum sökum, þótt sjálfur hann hefði haldið dómara undir primsignun o. s. frv. eða dómari honum, sbr. Grág. I a 62, 158, II 318—319. Um ruðningar-aðferð gilti samsvarandi því sem segir um ruðningu vegna frændsemi eða mægða, Grág. I a 47, 48.

4. *„At sökum"* mátti ryðja manni úr dómi sem hér segir: Með „sökum" er við það átt, að óútkljáðar vígsakir væri meðal dómara og aðilja. Ef dómari hafði vegið frænda aðilja eða aðili hafði vegið frænda dómara, þá mátti ryðja dómara, ef dómari eða aðili var þremenningur hins vegna eða nánari maður, eða námágur hans einhver þeirra 3, sem fyrr segir, Grágás I a 47. Sá, sem ryðja vildi, átti að telja frændsemi að viðlögðum þegnskap með dómara og hinum vegna eða milli aðilja og hins vegna eða milli veganda og dómara, enda skyldi aðeins ryðja við þann, er kjörinn var til veganda að lögum, ef

fleiri voru að vígi, sbr. Grág. I a 178, 194, II. 348, en eigi við þá, þó að þeir væri aðiljar sakar. A, B og C hafa t. d. verið að vígi X. A er kjörinn vegandi. Y, bróðir X, er dómari. B eða C, sem eiga málið við Z, geta þá ekki rutt Y úr dómi né heldur getur Z það. Ef A ætti mál við Z, þá gæti hann þar á móti rutt Y. Um ruðningar dómanda segir svo, að dómar skyldi fara út til hruðningar „á morgun", þ. e. laugardaginn fyrra í þingi, hið síðasta, er sól er á Gjáhamri hinum vestra úr lögsögumannsrúmi að sjá á lögbergi, eða nál. kl. 1½—2 síðdegis. Skyldi lögsögumaður láta hringja til dóma útfærslu, Grág. I a 45. Hefur hann sjálfsagt átt að láta hringja klukkum í þingmannakirkju í þessu skyni. Þá skyldi sá, er dóm vildi ryðja, ganga að dómi þar, er sá situr, er hann ætlar að ryðja, enda skyldi aðili — eða umboðsmaður hans — vinna eið að krossi og við votta og segja það guði, að hann muni svo rengja mann úr dómi sem hann hyggi sannast og réttast og helzt að lögum. Síðan telur hann ástæður fyrir ruðningu og skorar síðan á dómanda að rísa úr dómi. Ef dómari vill ekki rísa úr dómi, þá getur ryðjandi varið honum lyriti (þ. e. lagt lögbann) ísetuna. Ef goði hefur ekki verið við, þá ber aðilja að skýra honum frá því, að hann hafi rutt dómanda hans úr dómi. Goði skal þá nefna mann í stað þess, sem rutt var úr dómi, og skal hafa unnið dóm fullan áður en sól er komin á Þingvöll sunnudagsmorguninn fyrra í þingi. Sjá Grg. I a 46—47, 48—50.

Það varðaði skóggang, ef ryðjandi taldi rangt frændsemi, Grág. I a 47. Þeim dómara, sem ekki vildi úr dómi rísa, varðaði fjörbaugsgarð, Grág. I a 48, en goða, er tálmaði ruðningu eða vann eigi dóm fullan, varðaði 3 marka sekt og goðorðsmissi, Grág. I a 49, 50. Þeim dómara, sem ekki vildi í dóm ganga í stað þess, er úr dómi reis, varðaði fjörbaugsgarð, Grág. I a 50.

VII. *Málflutningi* í fjórðungsdómum verður hér ekki lýst, nema í aðaldráttum. Höfuðeinkenni hans voru framúrskarandi formfestu um orð og atferli. Ef út af var brugðið, þá var sökin venjulega „ónýt", sem kallað var. Ef sök var rangt stefnt eða rangt lýst, ef gögn voru rangt fram borin, t. d. kviður fyrir vætti eða vætti fyrir kvið, þá var mál ónýtt.

1. *Stefna. Lýsing sakar.* Dómsmál þurfti þá, sem nú, að undirbúa með tilkynningu til þess, sem fyrir sök var hafður. Þessi tilkynning var venjulega kölluð *stefna*. Svarar hún til

einkastefnu nú á dögum. Stundum mátti „*lýsa sök*", sem kallað var, á þingi.

Stefna var munnleg tilkynning til varnaraðilja um það, að hinn stefni honum að tilkvöddum vottum, N. N. til þings fyrir þá sök, er hann nefnir, og greina hvaða refsingu hann telur varnaraðilja varða, sbr. Grág. II 62, 195, 196, 197. Stefna var venjulega birt á heimili varnaraðilja eða utan þess, þar sem hann hittist („stefna heiman"), t. d. Grág. I a 133, 181, II 160, 270, 455—456 o. fl., en þó stundum á þingi, t. d. Grág. I a 45, 58, II 346.

Lýsa skyldi sök, ef alþingisdómur átti að dæma hana, að lögbergi, að tilkvöddum vottum, svo að meiri hlutur manna og lögsögumaður sé hjá, og aldrei færri en 20 manns, Grág. I a 58. Skyldi nefna aðilja, sakarefni, hvað sóknaraðili telur varnaraðilja varða, og kveða á fjórðungsdóm þann, er sökin á að koma í. Venjulega skyldi sökum vera lýst föstudag og laugardag hina fyrri í þingi, en þó gátu menn haft það í þingsköpum, að það mætti gera á mánudag hinn fyrra í þingi, og jafnvel síðar, ef sök gerðist síðar og þó varð henni komið til dóms á því þingi, Grágás I a 39—40, sbr. Grág. I a 177, 181, II 347.

Þegar stefnt var að heiman, þá gat stefnandi spurt varnaraðilja að þingfesti hans, þurfti þess þá ekki á Alþingi. En ef það var eigi gert heima, þá skyldi það gert að lögbergi áður dómar færi út til sóknar og átti goði sá, er sér helgaði varnaraðilja, þá að ganga við þingfesti hans. Var þessi aðferð nauðsynleg til þess að sökin færi í réttan fjórðungsdóm, því að þar í fjórðungsdóm skyldi sök dæma, er varnaraðili fyrir dómi var í fjórðungi; annars ónýttist sökin, Grág. I a 40—43.

Stefnubirtingu og sakarlýsingu skyldi sanna fyrir dómi með stefnuvottum og lýsingarvottum, Grág. I a 54, sbr. 55—56.

2. *Dómar fóru út til sóknar,* þ. e. til þess að hlusta á málsmeðferð, þann dag, er menn komu sér saman um það („er menn kveða á") og aldrei síðar en sól kemur á gjábakka hinn hærra frá lögbergi úr lögsögumannsrúmi að sjá (eða kl. 1½—2). Þá skyldi lögsögumaður og goðar allir fara út með dómendur sína. Einnig skyldi sá maður, er með sök fór, fara til dómsins, en eigi mátti hann hafa með sér fleiri menn en 10 til dóms, svo að eigi yrði gagnaðili borinn ofurliði, og varðaði 3 marka sekt, ef af var brugðið, Grág. I a 52, 53. Sekur var hann og 3 mörkum, ef hann kom eigi svo til dóms nauðsynjalaust, Grág. I a 53.

Ef 6 dómendur hið fæsta voru út komnir, þá gat hver sá, er með sök fór, boðið „til hlutfalla“ öllum öðrum sækjendum saka. Í fjórðungsdómi hverjum hafa á hverju sumri verið nokkur mál, og var ákveðið með hlutkesti, í hvaða röð sækja skyldi mál og dæma. Ef sakir hafa geymzt ódæmdar frá fyrra sumri, skyldi þær þó jafnan ganga fyrir, og síðan þær, er gerzt hafa „hér á þingi“, Grágás I a 53—54. En þær sakir gátu þó verið síðar til komnar, og orðið dæmdar þó á sama þingi. Síðan komu þær sakir, sem hlutað var um, og gátu dómendur þó vikið frá röðinni, ef nauðsyn bar til, Grág. I a 54.

3. Þá kemur til framsögu sakar. Sækjandi skyldi fyrst bjóða verjanda að hlýða til eiðspjalls síns, og þeim goða, er tylftarkviðar hefur verið kvaddur um sakarefni. Að því loknu vinnur sækjandi eið þess efnis, að hann heitir því að segja sök sína svo fram sem hann veit sannast og réttast og helzt að lögum. Framsaga sakar er í því fólgin, að sækjandi nefnir varnaraðilja og greinir sakarefni og hvað hann telji honum varða og að hann segi svo skapaða sök yfir höfði honum. Þá skal bera stefnuvætti og vinna eið að. Ef gleymist að bjóða til eiðspjalls eða að vinna eið, þá skyldi það gera hvorttveggja og segja síðan sök fram, sem ósögð væri, en ónýt verður sök, ef þeim verður það oftar á en einu sinni í sama máli, sjá Grág. I a 54—57. Að því búnu leiðir sækjandi gögn sín. Er venjulega ákveðið í hinum fornu lögum, hvaða gögn fylgja skuli hverri sök, þ. e. með hvaða hætti sanna skuli sakaratriði. Langtíðasta sönnunargagnið var *búakviður* svonefndur. Svo var og goði sá, er varnaraðili var í þingi með, stundum kvaddur *tylftarkviðar* eða *goðakviðar*. Þá skyldi sum atriði sanna með *vottum* eða *sannaðarmönnum*. Voru þetta langmerkustu sönnunargögn. Öll þau gögn, sem maður þurfti við með sakarframsögu sinni („vottorð ok frumkviðu“) skyldi hann hafa útvegað sér áður en dómur færi út til sóknar í máli hans, þar á meðal tylftarkviðar, Grág. I a 51. Um hvert þessara sönnunargagna skal farið fáum orðum.

a. *Vottar* skyldi aðallega bera um dómskapaathafnir, svo sem stefnubirtingu (stefnuváttar), lýsingu sakar, umboð til að fara með mál (sakartökuvætti), kröfu til goða um nefnu goðakviðar, dómsuppsögn o. s. frv. Auk þess voru vottar auðvitað oft hafðir við kaupgjörninga og voru þá sönnunargagn í dómsmálum út af þeim. Vætti tveggja tilkvaddra votta var venju-

lega nægilegt, Grág. II 418. Það var almenn skylda að vera vottur, Grág. I a 58, og varðaði fjörbaugsgarð, ef vottar sátu heima forfallalaust löglega kvaddir þingreiðar, sbr. Grág. I a 56. Sá, er sök átti að flytja, gat kvatt þá votta, sem áður höfðu verið nefndir til að vera við og bera um þá athöfn eða það atvik, sem máli skifti, til þingreiðar til að bera þar vætti sitt, Grágás I b 200, II 327. Þeir, sem ekki áttu þingfararkaupi að gegna, áttu heimtingu á hesti og fæði hjá aðilja til þingferðar, Grág. I a 201, II 327, sbr. I a 59. Vottorð skyldi fyrr fram bera en kvið, ef hvorttveggja fylgdi sök, Grág. I a 60, 68. Sækjandi skyldi skora á votta sína að koma fram og bera vætti að dómi („rétta vætti"), og skyldi einn (eða annar) votta bera fram vættið og mæla þeim orðum, sem hann var kvaddur til að bera um, en hinir (eða hinn) skyldi gjalda samkvæði sitt á. Ef vottar urðu ósammála, þá skyldi meiri hluti ráða, sjá Grág. I a 57.

b. *Kviður*. Réttir í kvið voru aðeins búendur, sem svo voru efnum búnir, að þeir áttu þingfararkaupi að gegna og ef maður var einyrki, þá skyldi hann eiga að minnsta kosti tvö kúgildi á hvert skuldahjón sitt, Grág. I a 159, II 320. Búendur átti að kveðja þá, sem næstir voru vettvangi, þeim stað, er sá atburður gerðist, er máli skiftir (vættvangsbúar). Í stórmálum voru þeir 9, en í sektamálum og skuldamálum venjulega 5. Aðili varð sjálfur að kveðja búa heiman úr sveit, en stundum gat hann kvatt þá á þingi, sbr. Grág. I a 51—52, 159—161, II 321 o. s. frv. Í nokkrum stórmálum skyldi goði sá, er varnaraðili var í þingi með, mynda 12 manna kvið (goðakvið, tylftarkvið) eftir kröfu sækjanda, og var goðinn 12. maður í kviðinum, Grág. I a 41, 51.

Þegar aðili hafði sagt fram sök sína, þá skyldi hann bjóða verjanda að ryðja kviðinn. Sá, er ryðja vildi, átti áður að vinna eið og nefna sér votta að ruðningu. Úr kviði mátti ryðja manni, ef hann skorti almenn skilyrði til að sitja í kviði, var ekki búandi maður eða átti ekki lögmætar eignir. Einnig mátti ryðja kvið af því að aðrir væri búsettir nær vettvangi en sá eða þeir, sem kvaddur var. Vegna frændsemi, mægða og guðsifja mátti ryðja kvið eftir sömu reglum, sem sagt var um dómendur, Grág. I a 61—63.

Áður kviður sé borinn, áttu kviðmenn að vinna eið, og skal það standa, er meiri hluti þeirra verður sammála um. Ef búar

halda kviði, þá varðaði það fjörbaugsgarð, og var þingsafglöpun, Grág. I a 65, 66.

c. *Sannaðarmenn*, 2 og stundum 5, voru hafðir stundum til þess að sanna frændsemi og að votta um það, að þeir hyggði aðilja segja eða gera það, er hann hyggði sannast og réttast.[1]) Sá, er ruddi manni úr dómi vegna frændsemi, skyldi t. d. hafa 2 sannaðarmenn, er það legði undir þegnskap sinn, að frændsemistala aðilja væri sönn og rétt, Grág. I a 48.

4. Þegar sækjandi hafði sagt fram sök sína, vætti voru borin og kviður, þá hafði hann gert það, er honum bar að sinni. Sakir þær allar, er til eru búnar áður dómar fari út til sóknar, skyldi fram færðar fyrir sólarlag. Þetta getur ekki hafa gilt um aðrar sakir en þær, sem ákveðið hefur verið að í dóm skyldi þann dag koma, því að menn gátu ákveðið, að dómar færi út til sóknar, þegar þess var þörf og þeir vildu, Grág. I a 52. Frumgögn (þ. e. gögn sækjanda, er framsögu fylgja) áttu öll að vera borin fyrir sólarupprás daginn eftir að dómur fór út til sóknar í því máli, Grág. I a 66. Það var auðvitað aðalreglan, að sókn máls skyldi fyrr fram fara en vörn og frumgögn sækjanda fyrr borin en varnargögn. En þó er frá þessu vikið, ef verjandi hefur vottorð til varnar, því að þá skyldi vætti fyrr borið en kviður, enda skyldi bæði vottorð og kviður varða sama atriði, t. d. vist verjanda á ákveðnum stað. Þetta hefur komið af því, að vottar skyldi bera um það, er þeir skynjuðu sjálfir, en kviður bar um það, er kviðmenn huggðu svo eða svo vera. En er vætti var borið, mátti kviður eigi bera um það atriði. Og yfirleitt mátti aldrei andvitni bera á Alþingi. Vörnin beindist venjulega ekki að því, að kviður eða vitni hefði ósatt borið, heldur að því, að finna nýjar varnarástæður og sanna þær, t. d. að veginn maður hefði áður unnið sér til óhelgi, sbr. Grág. I a 68, II 458. Áður en gögnum mætti hrinda, þurfti að kveða á þau, þ. e. sanna að þau væri „ljúgkviðr“ eða „ljúgvitni“, og stefna dómi síðan til rofs, sbr. Grág. I a 101, II 458, um vorþingsdóma, o. fl., og hefur sennilega samskonar verið um dóma fjórðungsdómstóla, að þeim hefur mátt stefna til rofs í fimmtardóm, ef á gögn var kveðið, sbr. Grág. I a 73. En fjórðungsdómur átti að leggja framfarin gögn til grundvallar, þó að á þau væri kveðið, I a 74.

---

1) Sjá Grág. III orðasafnið, orðið *sannaðarmenn*.

Varnaraðili skyldi, áður hann færði fram vörn sína, fyrst spyrja hinn, hvort hann hefði framfært sókn sína, og svarar þá sækjandi, að svo sé, nema nokkuð það gerist í vörn hans, er hann þurfi að taka aftur til sóknar. Að svo mæltu býður sá, sem með vörn fer, gagnaðilja að hlýða til eiðspjalls síns og vinnur hann síðan eið samsvarandi þeim, sem sækjandi vann áður en hann sagði fram sök, Grágás I a 69. Tekur sá síðan til varnar, er með mál fer af hendi varnaraðilja. Gat vörnin bæði verið fólgin í því, að eigi væri rétt að málatilbúnaði farið og að varnir væri í málinu að efni til.

Varnir, er varðaði málatilbúnað og málsmeðferð, t. d., að stefnuvætti væri ekki löglega fram komið, málið væri höfðað fyrir röngum fjórðungsdómi, kviður eigi rétt myndaður, sókn ekki rétt fram borin o. s. frv. máttu varða ónýtingu sakar, en stundum mátti þó úr því bæta. Ef aðilja t. d. gleymdist að vinna eið áður en hann sagði fram sök sína, varð honum ekki ónýt sökin, ef hann vann eið og sagði fram sökina af nýju, Grágás I a 55. En sá, sem bar sök fram í rangan fjórðungsdóm, enda geti hann ekki sannað, að hinn aðilja eða goði sá, er hann er í þingi með, hafi glapið málið að því leyti, ónýtti sök fyrir sér, sbr. Grág. I a 40—43.

Varnir um sakarefni byggðust á nýjum málsatriðum, er frumgögn sækjanda höfðu ekki lotið að, t. d. að varnaraðili hefði aðeins komið fram lögmætri hefnd, að hinn vegni hefði áður unnið sér til óhelgi. Ef varnaraðili hafði einhverjar slíkar varnir, þá gat hann kvatt sér bjargkviðar. Bjargkviðar skyldi kveðja úr 9 búa kvið 5 þá, er næstir voru vettvangi þeim, er frá var kvatt, en ef 5 búa kviður var, þá skyldi kveðja þá alla bjargkviðar.

Þegar verjandi hefur lokið vörn sinni, þá er sækjanda rétt að spyrja hann, hvort hann hafi lokið vörn sinni. En eigi þurfti sækjandi þó að bíða þess, er öll varnargögn væri fram komin, því að hann mátti færa fram sókn sína gegn hverju þeirra fyrir sig og hinn þá vörn gegn þeirri sókn, og svo koll af kolli.

5. Þegar er sókn máls og vörn hefur verið færð fram, eins og aðiljar vilja, þá skal einhver dómenda „reifa“ bæði sókn og vörn. Skyldi sækjandi fá sér reifingarmann meðal dómenda og verjandi annan, er vörn reifði, og var látið hlutkesti ráða, hverir skyldi reifa, ef engir fengust til með öðrum hætti, en þingsafglöpun var það, er fjörbaugsgarð varðaði, ef þeir

reifðu ekki mál, er hlutur þeirra kom upp. Reifingin var fólgin í því, að dómandinn lýsti í heyranda hljóði sókn, hvaða gögn hefði fram komið og hvaða kröfur. Með sama hætti lýsti hinn reifingarmaðurinn þeim vörnum, sem fram höfðu komið, sbr. Grág. I a 71, 72. Síðan vinna dómendur eið að krossi þess efnis, að þeir skuli þann dóm dæma, sem þeir hyggja lög vera, Grág. I a 72. Þær sakir skyldi fyrst dæma, eins og áður segir, er ódæmdar voru frá fyrra sumri, þá þær sakir, er gerzt hafa á því þingi, ef sóttar eru þeim dómi, og síðan þær, sem fyrst eru reifðar, nema þær horfi til vefangs (þ. e. að líklegt sé, að dómendur verði ekki allir á eitt sáttir). Ef dómendur verða allir ásáttir, eða færri en 6 í minni hluta („skulut þeir færri til vefangs ganga en 6"); þá er uppkveðinn einn dómur, og skal einhver dómenda segja hann upp, Grág. I a 75. En ef dómendur skiftast í 2 hluta, og sé minni hlutinn 6 eða fleiri, þá skyldi vefengja málið, sem svo var kallað. Gengu þá hvorir í flokk sér og unnu svonefndan vefangseið að krossi eða bók, þess efnis, að þeir muni löglegan dóm upp kveða og nefna, hvað þeir ætli að dæma. Síðan kveða hvorir upp sinn dóm, Grág. I a 75—76. Laukst málið þá eigi í fjórðungsdómi.

## 12. gr.

### Dómstörf á Alþingi. — Fimmtardómur.

I. Í Njálu 97. kap. er sagt frá stofnun fimmtardómsins. Hér er nú ekki nauðsyn að rekja það nákvæmlega, hvort frásögn Njálu um tildrög dómstefnunar þessarar sé sennileg eða ekki, þau, að Njáll þarf að útvega goðorð handa Höskuldi Þráinssyni til þess að hann geti fengið Hildigunnar Starkaðardóttur, bróðurdóttur Flosa á Svínafelli. Frásögn Njálu um þetta er sýnilega að verulegu leyti röng. Njáll biður konu handa fóstursyni sínum. Konan vill ekki giftast goðorðslausum manni. Njáll fær 3 vetra frest til þess að afla Höskuldi goðorðs. En enginn vill selja goðorð. Á Alþingi næsta á eftir eru þingdeildir miklar. Margir sækja ráð til Njáls, „sem vant var". Hann reynist nú mönnum svo ljúgráður, að hann leggur það eitt til, að sóknir eyddust. Varð af því þræta mikil og riðu menn af þingi ósáttir. Ekki kemur þetta vel heim við skaplyndi Njáls, eins og það virðist annars vera. Og er eins og höf-

undur Njálu ætlist til þess, að vér trúum því, að engi hafi neitt til laga kunnað, nema Njáll. Er slíkt fjarstæða mikil. Á næsta þingi minnir Njáll menn á það, að nú sé mál að lýsa sökum, en þá segir, að menn væri þess ófúsir, og teldi sér hentara að sækja mál sitt „með oddi ok eggju". En þá kemur fram hinn rétti maður Njáls. Þá segir hann, að eigi hlýði, að menn hafi ekki lög í landi, en kveður mönnum þó vorkunn, þar sem málum þeirra hafi ekki orðið lokið í fjórðungsdómum. Og leggur hann nú til, að settur verði á Alþingi „hinn fimmti dómur", og að sótt verði þar þau mál, er ekki mætti lúkast í fjórðungsdómum. Hvort sem Njáll hefur átt nokkurn þátt í setningu fimmtardóms eða engan, þá er auðráðið, hvernig á setningu hans stendur. Það gat allt af farið svo, að dómendur í fjórðungsdómum yrði eigi á niðurstöðu sáttir, gengi til vefangs. Og þá lukust þau mál þar ekki. Þá var eigi annars kostur en að láta hlut sinn eða heimta mál sitt með „oddi ok eggju", eins og Njála lætur menn segja. En hvorugur var kosturinn góður. Ráð við þessu framvegis var ekki annað en að breyta reglum um dómsuppkvaðningu í fjórðungsdómum eða setja nýjan yfirdómstól, er skjóta mætti til málum þeim, sem vefengd yrði í fjórðungsdómum. Og þann kostinn taka menn. Og það er þessi þörf, sem til er orðinn vegna óheppilegrar skipunar á fjórðungsdómunum, en eigi fyrir sakir slægvizku Njáls bónda Þorgeirssonar, er knýr vitra menn — og Njáll er ef til vill einn þeirra — til þess að setja fimmtardóminn. Það er með öllu fráleitt að hugsa sér, að setning hans geti staðið í sambandi við kvonfang eins bóndasonar, að nauðsyn þess manns á því að fá stórlyndrar konu hafi valdið setningu æðsta dómstóls landsins.

En svo kemur annað atvik í sambandi við setningu Fimmtardómsins. Það er upptaka nýrra goðorða. Njála lætur Skafta lögsögumann spyrja Njál að því, hversu hann hugsi sér „at nefna fimmtardóminn — er fyrir forn goðorð er nefndr fjórðungsdómr — fernar tylftir, í fjórðungi hverjum". Innskotssetningunni: er fyrir forn goðorð er nefndr fjórðungsdómr" er í rauninni alveg ofaukið í þessu sambandi. Það varðar hér engu, hvernig fjórðungsdómar voru skipaðir. Og þessi innskotsgrein fræðir ekki heldur neitt um það. Það, sem máli skiftir hér, er þetta: Skafti lögsögumaður veit, að stungið er upp á því, að nefna „fernar tylftir" manna í hinn nýja dóm.

Og svo spyr hann, hvernig Njáll hugsi sér þátttöku hvers landsfjórðungs í dómnefnu í þenna dóm. Þetta virtist nú líka nokkuð einfalt mál. Á miðpalli lögréttu sátu, síðan landinu var skift í fjórðunga, 48 menn, þar af 12 norðlenzka goðarnir og 3 goðar úr hverjum hinna fjórðunganna, ásamt 9 mönnum til viðbótar. Það lá vitanlega alveg beint við, að þessir 48 menn, er setur áttu á miðpalli lögréttunnar, nefndi þessa 48 dómendur, sem fimmtardóm skyldi skipa áður en rutt væri. En þetta einfalda ráð var ekki tekið. Heldur eru, að því er virðist, sett lög um upptöku nýrra goðorða. Og hinir nýju goðar, sem virðast hafa verið 12, áttu að nefna eina tylftina í dóminn. Þrjár tylftir nefndu þeir goðar, er með goðorð fóru, þ. e. goðorðin, eins og þau voru fyrir 965. Norðlenzku goðarnir 12 hafa þá einungis nefnt 9 menn samtals. Upptaka hinna nýju goðorða er óskýrt og líklega óskýranlegt fyrirbrigði. En frásögn Njálu um það, að þau goðorð hafi verið upp tekin, verður ekki rekin, af því að Grágás segir berum orðum, að „goðar þeir, er hin nýju goðorð hafa", skuli nefna eina tylftina í dóminn,[1]) en hinar þrjár tylftirnar nefna gömlu goðarnir, 9 menn úr fjórðungi hverjum, Grág. I a 77. En eigi skyldi dæma fernar tylftir manna í fimmtardómi. Skyldi sækjandi ryðja 6 úr dómi og verjandi öðrum 6, og var ónýt sök, ef sækjandi ruddi eigi dóminn. Ef verjandi vildi ekki ryðja dóm, þá skyldi sækjandi taka alla 12 úr dómi. Ef dómendur vildu ekki rísa úr dómi, þá varðaði þeim það 3 marka sekt og ómæt orð þeirra. En eigi skyldi þeir burt ganga, meðan það mál var dæmt, enda settust þeir í dóminn að því loknu, því að rutt var í hverju máli, Grágás I a 82.

Fimmtardóm skyldi skipa, þá er fjórðungsdómar voru nefndir. Dómurinn sat í lögréttu, og því skyldi goðar ganga þangað og nefna þar dóminn og vinna eið að dómnefnu og kveðja votta til, Grág. I a 78—79. Eiðar, er vinna skyldi í sambandi við fimmtardóminn, voru allir hátíðlegri en eiðar þeir, er vinna

1) Um þessi nýju goðorð og nýju goða er allt annars mjög óvíst, annað en að þeir áttu þingmenn og nefndu eina tylft dómenda í Fimmtardóm. Það er yfirhöfuð að tala hvergi séð fyrir því, að goðorð þessi héldist öll 12, og það er meira að segja æði óvíst, að svo hafi verið. En ef nú goðarnir nýju sóttu ekki allir Alþingi eða ef þeir voru blátt áfram ekki svo margir til í landinu, hvernig hefur þá farið um nefnu dómenda í Fimmtardóm? Þessari spurningu verður ekki svarað fremur en mörgum öðrum atriðum, er þessa nýju goðorðaskipan varða.

skyldi vegna málsmeðferðar í fjórðungsdómi. Sá, er Fimmtardómseið vann, átti að taka í hönd sér bók, „er heilög orð eru á ritin ok meiri en halsbók", Grág. I a 80, sbr. I a 78, 79, 81, 82. Þessi bók hefur verið guðspjallabók, Davíðssálmar, ef til vill biblían, eða messubókin o. s. frv. Eiðvinnandi bað guð svo að hjálpa sér í „því ljósi ok öðru" sem hann hugði sig hafa rétt gert eða ætlaði rétt að gera, t. d. verja sök eða sækja eða dæma dóm.

II. Nafnið „Fimmtardómur" hefur orkað tvímælis. Fimmt þýðir 5 einingar, eins og kunnugt er. Njála 97. kap. lætur Njál segja, að setja skuli „hinn fimta dóm", og í Grágás I a 77 segir: „Vér skulum eiga hinn fimta dóm". Hugsunin er þessi: Fjórðungsdómarnir voru *fjórir*. Þar eru 4 einingar. Því má kalla nýja dómstólinn „hinn fimta dóm", og þegar hann bætist við hina, þá eru dómstólaeiningarnar orðnar fimm, og þá er nýi dómstóllinn rétt nefndur „Fimmtardómur". Hvort sem málfræðingarnir koma þessu heim við hugmyndir sínar um „fimmt", þá er ekki vafi á því, að þannig hafa menn skýrt dóminn af því að hann var þá fimmti dómur þingsins. Hinar skýringarnar á nafninu eru gripnar úr lausu lofti, bæði sú, að dómurinn hafi svo verið nefndur, af því að nýju goðorðin hafi verið 12 og kölluð fimmt til aðgreiningar hinum goðorðum í fjórum fjórðungum landsins, og sú, er telur nafnið stafa af því, að fimmtardómurinn hafi verið skipaður fimm einingum dómenda, og að hann hafi þess vegna verið nefndur fimmtardómur. Þessar 5 einingar eiga að hafa verið 4 sinnum 9 dómendur + 12, er nýju goðarnir nefndu. Nú er fyrst sá hængur á þessu, að dóminn skipuðu ekki nema sem svarar 4 fyrstnefndu einingunum, því að 12 skyldi ryðja úr dómi. Það hefði því alls eigi verið réttnefni að kalla dóminn fimmtardóm, ef það hefði átt rót sína að rekja til skipunar hans. En þar að auki hefði það verið kynlegt og varla samkvæmt merkingunni í orðinu „fimmt", að láta það tákna misstóra flokka, þótt 5 væri talsins. Það er talað um fimmt í merkingunni 5 sólarhringar, en t. d. 4 sólarhringar og ein vika mundi varla hafa verið kallaðir fimmt. En það hefði verið svipað og að nefna 4 flokka, 9 manna hvern, og 1 flokk 12 manna fimmt.[1])

1) Sbr. hér við Björn M. Olsen í Germanistische Abhandlungen, bls. 131—133, og þar nefnda höf.

III. *Dómsvald fimmtardóms.* Um það segir í Grágás I a 77—78: Má skifta þeim málum, sem í Fimmtardóm komu, í tvo flokka: a) Mál, sem eigi hafa komið fyrir dóm áður, og fimmtardómur dæmir því a prima instantia og jafnframt sem úrslitadómstóll, og b) Mál, er fyrir fjórðungsdóma hafa komið, en hafa verið þar vefengd. Í þessum málum dæmir fimmtardómur sem áfrýjunardómur og jafnframt sem úrslitadómur.

a) 1. Samkvæmt Grág. I a 77—78 áttu að koma í fimtardóm ýms brot, er stóðu í sambandi við málameðferð í dómum á Alþingi. Njála 97. kap. segir, að mál „of alla þingsafglöpun" skyldi koma í fimmtardóm, og nefnir svo sérstaklega ljúgvitni, ljúgkviðu. Og í brennumálunum eru mál út af ýmsum þingsafglöpunum látin fara þangað, sjá Njálu 144. kap. En eftir Grágás tilv. stað eru málin, sem til fimmtardóms eiga að fara ekki svo mörg. Sakir almennt um þingsafglöpun áttu ekki að fara til fimmtardóms eftir Grágás, heldur einungis mál um *ljúgvætti* og *ljúgvitni, ljúgkviðu* og *ef menn leggja rangt undir þegnskap sinn,* með öðrum orðum: Mál er risu af brotum manna á *sannsöglisskyldu* sinni í dómsmálum á Alþingi, ef maður fullyrti vísvitandi ranglega eitthvað í vitnisburði eða kviðburði eða sem aðili eða á annan hátt og lagði það undir þegnskap (drengskap) sinn, að hann segði það, er hann vissi sannast og réttast.

Þá var annar flokkur mála, sem til fimmtardóms skyldi fara og einnig stóð í sambandi við þinghaldið, og sjálfsagt einkum í sambandi við meðferð dómsmála. Svo segir í Grág. I a 78, að sakir um *„féboð* þau, er hér (þ. e. á Alþingi) verða ok *fétökur* þær, er hér verða eða svá ef menn *mæla sér hér fé".* Það er ljóst, að þetta á við það, ef dómendur taka við fé eða krefja sér fé fyrir að dæma mál á ákveðinn hátt. En það sýnist einnig hafa átt við það, ef umboðsmaður aðilja mælti sér eða fékk fé fyrir að framfylgja ekki máli, án þess að hafa þó heimild til að sætast á málið. Loks er að sjá af Njálu 144. kap., að það hafi varðað manni við lög og verið fimmtardómssök, ef hann tók fé á Alþingi fyrir að liðsinna manni í málaferlum hans, því að Eyjólfi Bölverkssyni er stefnt í fimmtardóm fyrir það, að hann hafði þegið fé fyrir liðsinni sitt við Flosa.

2. Þá skyldi koma í fimmtardóm sakir um *bjargir skógarmanna,* ef lýst var rétt sekt þeirra að lögbergi. Sá maður, sem sekur var skógarmaður, var óalandi (þ. e. menn máttu ekki

hýsa skógarmann, né gefa honum mat), óferjandi (þ. e. ólevfilegt var að flytja hann af landi burt) og óráðandi öllum bjargráðum (þ. e. óheimilt var að hjálpa honum með ráðum). Og bjargir við skógarmann vörðuðu fjörbaugsgarð.[1]) Sá er veitti sekum skógarmanni slíka björg, var þá sóttur í Fimmtardómi, ef sagt hafði verið til sektar skógarmanns á Alþingi.

3. „*Innihafnir skuldarmanna*". Samkvæmt lögum lýðríkisins gat lánardrottinn stundum lagt „lögskuld" á skuldunaut sinn eða menn gátu sjálfviljugir gengið í skuld fyrir aðra. Sá, sem skuldfestur var, gat svo unnið af sér skuldina. En meðan svo var ekki, þá átti hann að vinna lánardrottni sínum, en hann gat bannað að hýsa skuldarmann, ef sá hljópzt burt frá honum. Sá, er braut það bann, enda skyldi að lögbergi sagt til skuldfestingar, varð sekur fjörbaugsmaður.[2]) Og var mál á hendur honum sótt í fimmtardómi.

4. „*Innihafnir þræla*". Sá, er hýsti og þá verk að manni, er annar maður hafði lagt þrældóm á — þrældómur var stundum refsing fyrir þjófnað — varð fjörbaugsmaður fyrir, og ef til vill hefur þetta tekið til allra þeirra, sem hýstu þræla annara manna, ef sagt var að lögbergi til um þrælkunina. Mál á hendur þeim, er hýstu þræla annara eða þágu verk að þeim, skyldi fyrir þær sakir höfða í fimmtardómi.

5. „*Innihafnir kirkjupresta*". Sá maður, sem tók ungan mann á heimili sitt og lét læra hann til kirkju sinnar, átti rétt til að halda manninum á heimili sínu og gat lagt bann að lögbergi við því, að aðrir menn hýsti hann eða nyti verka hans. Varðaði þá þeim manni skóggang, er tók við presti, er flýði kirkju sína, og þá tíðir að honum, en fjörbaugsgarð vörðuðu samvistir við hann, Grág. I a 18, II 21. Mál af þessum sökum átti þá að höfða í fimmtardómi.

b) Þá mátti stefna þeim sökum til fimmtardóms, sem vefengdar voru í fjórðungsdómi. Þá voru, eins og fyrr segir, kveðnir upp tveir dómar, annar t. d. sektardómur, en hinn sýknudómur.

IV. *Málsmeðferð*. 1. Í stað stefnu kom lýsing sakar að lögbergi. Skyldi gera það föstudag hinn fyrra í þingi og í síðasta lagi þriðjudag hinn fyrra í þingi, en þetta hefur verið hið

1) Sjá Grágás III orðasafnið, orðið *björg*.
2) Sjá Grágás III orðasafnið, orðið *skuld*.

venjulegasta. Eins og áður getur, þá gátu sakir komið upp síðar á þingi og fjórðungsdóma mátti láta fara út til sóknar, þegar menn urðu ásáttir, og er því sýnt, að síðar gátu menn þurft að lýsa sökum en þriðjudag hinn fyrra í þingi, sbr. Grág. I a 83. Um lýsingaraðferð segir sérstaklega, er vefangsmál fóru í Fimmtardóm. Þá skyldi bæði sakarsækjandi og sakarverjandi ganga til lögbergs og nefna sér votta í það vætti, að þeir lýsti sök á hendur dómendum um það, að þeir hafi dæmt ólög og nefna dóminn. Þeir skulu lýsa til rofs dóminum, láta varða dómendum 3 marka sekt og lýsa sök til fimmtardóms, Grág. I a 78. Það var ákveðið skilyrði, að nákvæmlega væri tiltekið í lýsingu sakar, hver sökin væri og hvernig í máli lægi. Fyrirmælin í Grág. I a 78 um sakir um bjargir skógarmanns, að kveða skyldi á sökina og „veita honum í því lögmæta björg" (þ. e. mæla svo um, að varnaraðili hafi veitt skógarmanninum björg, svo að varðaði við lög), eru að eins dæmi um þessa reglu. Hún kemur fram í setningunni í Grág. I a 78: „Engi skal ifasök vera".

2. Fimmtardómur hefur farið út til sóknar, þegar þörf hefur verið á. Þá skyldi málflytjendur koma til dómsins, og var þá fyrsta verkið að kveða á um það, ef fleiri voru sakir en ein, í hvaða röð skyldi flytja þær. Var það gert með hlutkesti. Vefangssakir áttu þó að ganga fyrir öðrum sökum, og þær þurfti ekki að hluta, nema þær væri fleiri en fjórar. Þegar ákveðið var, í hvaða röð sakir skyldi sækja, þá skyldi sækjandi bjóða varnaraðilja að hlýða til eiðspjalls síns og framsögu sakar. Síðan vinnur hann Fimmtardómseið, enda tekur hann það sérstaklega fram í eiði sínum, að hann hafi hvorki fé boðið í dóm til liðs sér né heldur muni hann bjóða né heldur hafi hann gefið fé né muni gefa til liðs sér, hvorki til laga né ólaga. Svo skyldi 2 eiðvottar, er sannaðarmenn voru nefndir, fylgja honum, er vanda skyldi sem stefnuvotta. Sannaðarmenn unnu fimmtardómseið að því, að þeir hygði sækjanda mundu svo sækja sök sem hann vissi sannast og réttast og að eigi hafi hann boðið eða gefið fé sér til laga eða ólaga né heldur muni hann gera það. Að því loknu sagði sækjandi fram sök sína með slíkum hætti, sem í fjórðungsdómi, eftir því sem við átti, Grágás I a 79—80. Verjandi sakar skal þá bjóða að hlýða til eiðspjalls síns. Vinnur hann síðan Fimmtardómseið með sama hætti sem sækjandi, að breyttu breytanda, enda fylgja honum

einnig tveir sannaðarmenn, er Fimmtardómseið vinna með sama hætti sem sannaðarmenn sækjanda. Ef sami maður átti fleiri sakir en eina að sækja eða verja, þá skyldi hann og sannaðarmenn hans vinna Fimmtardómseið um hvora eða hverja sök, Grág. I 80—82.

Í Fimmtardómi hefur eflaust verið farið eftir sömu reglum sem í fjórðungsdómum að því leyti, sem við gat átt og eigi er sérstaklega látið um mælt öðruvísi í Grágás, svo sem um ruðningu manna úr dómi, ruðningu kviðar, kviðburð og vætti. Ekki er kunnugt um það, hvernig hefur verið farið með vefangsmál, hvort sönnunargögnin hafa aftur verið fram færð þau, er í fjórðungsdóm komu, eða hvort byggt hefur verið á því, sem þar kom fram.

V. *Dómsuppsaga.* Þegar sókn og vörn var lokið, þá skyldi reifa málið, eins og í fjórðungsdómum. Þeir 12, sem rutt var úr dómi, voru réttir til að reifa málið, en önnur afskifti höfðu þeir ekki af því, Grágás I a 82. Að reifingu lokinni áttu dómendur að vinna fimmtardómseið að því, að þeir mundu þann dóm dæma, er þeir hyggði lög vera og að þeir hefði ekki þegið né mælt sér fé, hvorki til laga né ólaga, né heldur mundi þeir það gera. Dæma skyldi hvert mál, er lokið er sókn og vörn, og síðan taka næsta mál með sama hætti, Grág. I a 83.

Það hefur ríkt efi um það, hvernig skilja beri fyrirmæli Grág. I a 83 um dómsuppsögn í fimmtardómi.[1]) Í Grág. tilv. stað er textinn þannig: „*Enda er vel, ef þeir* (þ. e. dómendur) *verða allir vel ásáttir. Nú verða þeir eigi ásáttur, þá ekal hinn meiri hluti ráða dómanda. En ef þeir verða allir jafnmargir, þá eigu þeir at dæma áfall. En þar er veföng eru, þá eigu þeir at hluta. En ef þeir eru allir jafnmargir í öllum stöðum þeim, er dómendr hafa vefengt ok hafa hvárirtveggja farið rétt at vefangi, ok á þeirra dómr at rofna, er síðr hafa at lögum dæmt. En ef aðrir hafa farit rétt at vefangi, en aðrir rangt, þá á þeirra dómr at standast, er rétt fóru at vefangi, þótt aðrir hafi haft málaefni betri fyrir öndverðu. En ef hvárugir hafa farit rétt at vefangi, þá á þeirra dómr at rofna, sem firr hafa farit því at vefangi, sem lög eru, ok á sá dómr at rofna, er þeim hefir þótt firr lögum dæmdr*“.

1) Sjá Björn M. Olsen í Arkiv för nordisk Filologi I 298—301 og Germanistische Abhandlungen, bls. 133—137, og Vilhjálmur Finsen í Arkiv II 152—157.

Eru þá þessi þrjú aðaltilvik hugsanleg:

A. Dómendur eru allir á eitt sáttir. Þá er ekki um að villast dómsniðurstöðuna.

B. Dómendur skiftast í meiri hluta (19 hið fæsta) og minni hluta (17 hið flesta). Þá ræður meiri hlutinn, og verður því niðurstaða hans dómur. Hér kemur í ljós aðalmunurinn milli fjórðungsdóms og fimmtardóms. Fimmtardómur skal kveða upp *einn* bindandi dóm í hverju máli, og því er ógjörningur að heimta það, að allir dómendur verði allt af á eitt sáttir.

C. Dómendur skiftast í tvo jafna hluti (18 : 18), þá er greint milli tveggja málategunda:

I. Mál, sem ekki eru vefangsmál, þ. e. þau mál, sem getur í III a) hér að framan. Þá er svo mælt, að þeir skuli ráða, er dæma vilja áfall. Þetta merkir það, að ef vottur var t. d. sóttur í fimmtardóm um ljúgvitni og 18 dómendur þar vildu dæma hann sekan, en hinir 18 vildu sýkna hann, þá átti að dæma hann sekan.

II. *Vefangsmál.* Um dómsniðurstöðu í þessum málum hafa dómendur í fjórðungsdómi ekki orðið ásáttir. Tveir dómar hafa þar verið uppkveðnir og báðir voru að lögum jafnmikils eða jafnlítils virði. Hér átti að fara svo að:

a. Dómendur skyldi hluta, þ. e. láta hlutkesti ráða, hvorra niðurstaða skyldi verða að dómi. Þetta byggist sjálfsagt á því, að jafnmargir eru dómenda báðum megin og skoðun annara er jafngóð skoðun hinna. En skylt var að kveða upp *einn* dóm, og því er þessi aðferð vel verjandi. Hún virðist líka vera talin *aðalreglan* eftir Grágás. En undantekningar eru eftir texta Grágásar:

b. 1. Ef dómendur í fjórðungsdómi hafa hvorir tveggja farið rétt að vefangi, og á þeirra dómur að rofna, er síður hafa að lögum dæmt *„ef þeir eru allir jafnmargir í öllum stöðum, þeim er dómendr hafa vefengt“.*

2. Ef aðrir hafa farið rétt að vefangi, en aðrir rangt, þá á þeirra dómur að standast, er rétt fóru að vefangi, þótt hinir kunni að hafa dæmt réttara að efni til.

3. Ef hvorirtveggja hafa farið rangt að vefangi, þá skyldi þeirra dómur rofna, sem dómendum í fimmtardómi þykir síður að lögum dæmdur.

Fljótt á litið virðist undantekningarnar (b. 1.—3.) gleypa hér aðalregluna (a.), því að dómendur í fjórðungsdómi hafa,

þá er þeir vefengdu mál, annaðhvort 1. farið hvorirtveggja rétt að vefangi, 2. aðrir rétt og hinir rangt eða 3. hvorirtveggja rangt. Ef öll vefangsmál, sem til fimmtardóms koma, hniga undir þessi 3 tilvik, þá er einsætt, að undantekningarnar gleypa aðalregluna. Þá mundi ekkert tilvik komast undir hana. Textinn væri þá eitthvað brjálaður. En ef til vill má finna skýringu. Orðin: „en ef þeir eru allir jafn margir í öllum stöðum þeim, er dómendr hafa vefengt" munu eiga að takmarka reglurnar þrjár (b. 1.—3.), sem á eftir kom og eru undantekningar frá aðalreglunni um hlutkestið. Það má, að því er virðist, skilja hina auðkendu setningu þannig, að undantekningarnar (C II. b. 1.—3.) frá aðalreglunni (C. II. a.) gildi einungis, þegar „allir eru jafnmargir í öllum stöðum þeim, er dómendr hafa vefengt". Það er vafasamt, hvernig eigi að skilja þessa setningu. Það er ólíklegt, að með þessum orðum: „eru allir jafnmargir" sé átt við dómendur í fimmtardómi, því að rétt áður hefur það verið sagt, hvað þá skuli gilda. En þá yrði þessi orð að eiga við það, að dómendur í fjórðungsdómi hefði verið jafnmargir um öll þau atriði, er þeir hefði vefengt, enda tæki orðin þá til tilvikanna þriggja (b. 1.—3.). Og væri þá reglurnar þrjár (b. 1.—3.) raunverulegar undantekningar frá aðalreglunni (a.) um hlutkestið, er gilt hefði þá jafnan, þegar dómendur í fjórðungsdómi hefði vefengt, en skifzt í meiri hluta og minni hluta. Það skal játað, að þessi skýring er alls ekki ugglaus. Sú skýring, sem Vilhjálmur Finsen hefur aðhylzt, að undantekningarreglurnar (b. 1.—3.) ætti aðeins við refsimál, er líka fjarri því, að vera tvímælalaus, enda hefur Björn M. Ólsen og Maurer, að því er Ólsen segir, mjög vefengt hana. En tilraun Björns M. Ólsens til að leiðrétta textann, fella burt „en" á eftir orðinu „hluta", er ekki heldur aðgengileg, svo framarlega sem nokkurt vit verður fengið úr honum. Og með báðum skýringunum, bæði Finsens og þeirri, sem hér hefir verið nefnd, verður fullt vit í textanum, án þess að gripið sé til þess að „leiðrétta" hann. En skýring Finsens styðzt trauðla við orðin í lagatextanum, því að dómur dæmdur „at lögum" má varla taka til refsimála einna, því að það að „dæma at lögum" merkir ekki að dæma eftir „strangleika laganna", heldur aðeins að dæma samkvæmt lögum, alveg eins og orðalagið *„at lögum"* í eiði manns, þar sem hann heitir því að sækja mál eða verja sem hann hyggur sannast og réttast og *„helzt at lög-*

*um*", merkir að eins „lögum samkvæmt". En tvímælalaus skýring á þessum fyrirmælum Grág. um dómsuppsögu í fimmtardómi verður líklega aldrei fundin.

Fimmtardómur verður auðvitað sjálfur að skera úr því, þegar hvorirtveggja hafa farið rétt eða rangt að vefangi, hvor dómanna er dæmdur lögum samkvæmt eða nær því að vera það. Og ef þeir skyldi vera ósammála um það, þá hefur orðið að hluta, ef atkvæði voru jöfn, um það atriði.

Samsvarandi er um úrskurð á því, hvorir farið hafi rétt eða rangt að vefangi. Fimmtardómur hlaut að dæma um það, ef með þurfti með hlutfalli.

Samkvæmt lagatextanum er það ljóst, að í tilvikum þeim, er greinir undir C. II. b. 1.—3. hér að framan, átti fimmtardómur alls ekki að dæma nýjan dóm, heldur einungis að skera úr því, hvor þeirra dóma, sem frá fjórðungsdómi voru komnir til hans, skyldi standa. Þetta er úrskurðað eftir *málaefnum*, ef báðir hlutar fjórðungsdómsins hafa farið rétt eða báðir rangt að vefangi. En ef aðrir hafa farið rétt að vefangi, en aðrir rangt, þá er ekki eftir því farið, hvorir hafi dæmt réttari dóm eftir málavöxtum, heldur skal sá dómur standa, sem er að formi til annmarkalaus.

Þar er dómendur í fimmtardómi eru allir sammála eða þeir skiftast í meiri hluta og minni eða þar er þeir er eiga að hluta um vefangsmál (C. II. a.), og gert er ráð fyrir því, að undantekningarnar (C. II. b. 1.—3.), tæmi ekki aðalregluna, þá segir það ekki, hvort fimmtardómur dæmi sjálfstæðan dóm eða ákveði einungis, hvor dómanna, er til hans eru komnir úr fjórðungsdómi, skuli standa. Það er ástæða til að ætla, að verkefni dómsins hafi jafnan verið það eitt, að kveða á um það, hvor dómanna skyldi standa. Úr því að svo er í tilvikunum C. II. b. 1.—3., þá virðist líklegt, að svo hafi annars verið um vefangsmál.

Niðurstaða fimmtardóm hefur verið birt með sama hætti sem dómar í fjórðungsdómi.

## 13. gr.

### Dómstörf á Alþingi. — Prestadómur.

I. Kirkjunni hafði ekki tekizt að ná undir sig almennt dómsvaldi í málum þeim, er hana varðaði, á Íslandi í forn-

öld. Almennir dómstólar dæmdu þjóna hennar, um eignir hennar og réttindi og mál þau önnur, sem hún taldi sér síðar og náði lögsögu yfir. En þó vottar fyrir dómsvaldi kirkjunnar í Kristnirétti hinum forna, sjá Grág. I a 21, II 25, III 23 o. fl.

II. 1. Prestadóm skyldi heyja á Alþingi, í kirkju þar, að því er segir í sumum handritum kristnirréttar forna (Grágás II 25, III 23), og hefur það eflaust verið þingmannakirkjan. Biskup sá, er yfir þeim fjórðungi var, sem prestur átti heima í, skipaði prestadóm 12 prestum, eflaust úr þeim fjórðungi eða fjórðungum, sem hann var yfir, en ekki sat biskup í dómi sjálfur. Um hæfileika dómara segir ekki, en almennt hafa þeir verið dómhæfir, því að það leiðir af prestsembætti þeirra. Og eflaust hefur mátt ryðja prestadóm eftir líkum reglum og fjórðungsdóma.

2. Sakir þær, er prestadómur átti að dæma, voru sakir á hendur *prestum* fyrir *óhlýðni* þeirra við biskup. Svo segir, að prestar skuli vera hlýðnir biskupi og sýna honum bækur sínar og messuföt. Biskup gat bannað presti messusöng og hann gat sett prestum reglur um hátterni þeirra í embætti og utan þess, svo sem um klæðaburð, krúnurakstur (tonsura) og skegg. E$^{f}$ biskup gerði presti áminningu um hátterni eða bannaði honum t. d. að syngja messu, þá varðaði það presti 3 marka sekt, ef hann braut boð biskups eða bann. Biskup átti þá sök og átti prestadómur að dæma hana.

3. Um málsmeðferð segir fátt. Ekki er kunnugt, hvort presti skyldi stefna að heiman eða lýsa sök að lögbergi. Biskup skyldi setja saman kvið, og skipaði biskup hann sjálfur ásamt 2 prestum. Bar kviður þessi um málið. Það er ekki talað um ruðning um kvið þann né um vörn prests, en biskup var sækjandi málsins jafnframt. Er sýnilegt, að biskup gat mestu um ráðið. Hann nefndi dómendur, hann nefndi kvið og bar sjálfur um sakaratriðið. Sjálfur þurfti biskup engan eið að vinna áður hann sækti sök, og hefur það verið gert biskupi til sæmdar. Ef prestur varð sannur að sök, þá átti að dæma hann til að gjalda biskupi, sem einnig fekk sekt, 3 merkur vaðmála miðvikudaginn í mitt þing í búanda kirkjugarði á Alþingi næsta sumar. Ef þá var ekki goldið, mátti sækja prest um dómrof, og lá þá fjörbaugsgarður við, sem öðru dómrofi. Hvergi er prestadóms getið annarstaðar í heimildarritum vorum, og er

það að vonum, því að sjaldan hefur hann starfað og líklega ekki orðið sögulegt við starf hans, því að svo voru ójafnir leikar, að prestur hefur orðið að hafa allt það, er dómur vildi og biskup.

## 14. gr.

### Þingstörf að lögbergi og fl.

I. Annarstaðar hefur verið getið um þann stað í þinghelgi Alþingis, sem lögberg hét, og hvar það hafi verið. Hér skal ræða um það, hvaða þingstörf og hvað annað hafi fram farið að lögbergi.

II. Á lögbergi átti lögsögumaður sérstakt sæti, og var það kallað *lögsögumannsrúm*. Þangað skyldi lögsögumaður ganga, þegar lögrétta hafði kosið hann, enda réð lögsögumaður, hverir mætti vera að lögbergi og varðaði 3 marka sekt, ef menn settust þar án leyfis hans. En ef menn vörnuðu lögsögumanni eða þeim, er hann leyfði að sitja að lögbergi, að ná sætum sínum eða tálmuðu þeim að ná sætum þar, þá varðaði það fjörbaugsgarð og var þingsafglöpun, Grág. I a 209, 216. Lögsögumaður hefur ráðið lögbergsgöngu, bæði til lögbergs og frá því. Hann hefur og ráðið því, hverir tala mætti að lögbergi, þ. e. úr þeim sætum, er lögsögumaður hefur ráðið yfir. Þar á móti hefur hann líklega ekki getað meinað mönnum að tala á búðarstæði sínu, sem var svo nærri lögbergi, að nema mætti þar mál hans. Bæði í Grágás og söguritum þeirra tíma er oft talað um *lögbergsgöngu*. Lögsögumaður gerði orð í búðir eftir því, sem í Kristnisögu[1]) segir, að menn skyldi til lögbergs ganga árið 1000, og vera má, að lögsögumaður hafi síðar hringt til merkis um það, að menn skyldi til lögbergs fara, sbr. Grág. I a 45 og Njálu 124 kap. Það er ekki að sjá, að menn hafi gengið í skrúðgöngu til lögbergs, heldur virðist hafa orðið stundum eigi lítill troðningur og jafnvel klæði manna spillzt í lögbergsgöngu.[2]) Til lögbergs streymdi þingheimur, því að þar var margt að heyra, svo sem sagt verður. Þar var að ýmsu leyti miðdepill þingsins.[3])

---

1) Bps. I 24.

2) Slæðurnar Arinbjarnarnautur urðu saurugar á Þorsteini Egilssyni í lögbergsgöngu, Egilssaga 97. kap.

3) Sbr. Kristnisögu t. d. l. c.: „Þar var allr þingheimr“ (þ. e. að lögbergi).

III. Þau störf, er fram fóru að lögbergi, voru margskonar, svo að seint er að telja þau til hlítar, en þessi voru merkust:

1. Þegar dómar voru færðir út til ruðningar, þá skyldi lögsögumaður og goðar allir fara með dómendur til lögbergs og gerðist það laugardaginn fyrra í þingi, Grág. I a 45. Er því að sjá sem ruðning dóma hafi farið fram að lögbergi.

2. Lögsögumannskjör hefur vafalaust verið birt þingheimi að lögbergi, þótt þess sé ekki sérstaklega getið, en fyrsta verk nýkjörins lögsögumanns var að fara þangað, Grág. I a 209.

3. Að lögbergi skyldi lögsögumaður segja upp öll sýknuleyfi, er lögrétta veitti, svo að meiri hlutur manna, þ. e. þingheyjanda, sé þar hjá, Grág. I a 209. Hefur þetta gilt um lof öll, er lögrétta veitti.

4. Úrskurði lögmálsþrætna skyldi segja upp að lögbergi, enda voru þeir lög, Grágás I a 216. Þá fór lagauppsagan þar fram, ef lögsögumaður vildi. Skyldi þingsköp segja upp á hverju sumri, föstudag hinn fyrra í þingi, en lögþáttu aðra alla á 3 sumrum. Nýmæli hvert hefur verið sagt upp jafnskjótt sem það var lögtekið, Grág. I a 37, 209, 216—217. Þar skyldi lögsögumaður og segja upp að þinglausnum missiristal (tímatalið), imbrudagahald og föstuinnganga og svo, ef menn skyldi fyrr koma til Alþingis en 10 vikur af sumri, Grág. I a 209.

5. Sökum, er höfðaðar voru fyrir dómi á Alþingi og lýsing kom í stað stefnu, skyldi jafnan lýsa að lögbergi, og varð sækjandi að gera það svo að lögsögumaður sé hjá og meiri hlutur manna, Grág. I a 39, 40; 78, 93, 178—179, 202—203, I b 10; 11, II 117; 188, 198, 349, 359, 361 o. fl. 20 menn áttu þá hið fæsta að vera við lýsingar eftir Grág. I a 58. Dómum fjórðungsdóms í vefengingarmálum var og lýst til rofs að lögbergi, Grág. I a 77.

6. Í fáeinum málum mátti stefna að lögbergi, Grágás I a 45, 74, I b 13, II 122, 346, sbr. I a 58.

7. Ef dómendur vanræktu að kveða upp dóm í fjórðungsdómi, þá mátti skora á þá að lögbergi að gera það, og skora á goðann, er þá nefndi, að færa þá út, Grág. I a 74. Að lögbergi átti líka að skora á goða alla og lögsögumenn að kveðja lögréttumenn saman til þess að leggja úrskurð á lögmálsþrætur, Grágás I a 213. Þar var spurt að heimilisfangi og þingfesti sekra manna, svo að vitað yrði, hvaða goði heyja ætti féránsdóm eftir þá, og þar var goði beiddur féránsdóms eftir þá

menn, er sekir urðu á Alþingi, Grágás I a 84. Þar var spurt að heimilisfangi og þingfesti varnaðilja í málum, er í fjórðungsdóm skyldi koma, Grág. I a 40—42. Þar mátti og kveðja goða tylftarkviðar, en rétt var að gera það að dómi, og viðar, sbr. Grág. I a 51. Margskonar aðrar áskoranir fóru fram að lögbergi, svo sem áskoranir um hólmgöngur, meðan þær voru í lögum, fjárkröfur o. s. frv.

8. Að lögbergi var venja að segja til sektar þeirra manna, er á Alþingi urðu sekir fjörbaugsmenn eða skógarmenn, sbr. Grág. I a 84. Þar fóru fram ýmsar tilkynningar, sem boðnar voru í lögum. Samninga nokkra átti að birta að lögbergi. Þetta gilti um mála (forkaupsrétt) að landi og veð í land manns, Grágás I b 98—99, II 433, samning kirkjueiganda við prestling, sem hann ætlaði að láta læra til kirkju sinnar, Grág. I a 18, II 21, III 19. Sá, er hirðir skothval, skal segja til skots og fjár að lögbergi, ef enginn hefur áður leitt sig til skots og skotfjár, Grág. I b 130, II 524—525. Samskonar gilti um þann, er vogrek hafði hirt. Hann skyldi segja til þrjú sumur að lögbergi, Grág. I b 135, II 536. Óskilafé skyldi lýst að lögbergi, ef eigi hefði gengið út 2 sumur eftir lýsingu á vorþingi, Grág. I b 158, II 233.

9. Að lögbergi hafa verið haldnar ræður um almenn málefni, þar á meðal um löggjafarefni. Kristniboðsmenn boðuðu t. d. kristna trú að lögbergi, seinast árið 1000, og þar frá, hversu vel þeim mæltist, segir Ari prestur, og þar hélt Þorgeir Ljósvetningagoði tölu um kristnitökuna á sama þinginu.[1]) Þar talaði Þórarinn Nefjólfsson, er hann flutti erindi Ólafs konungs helga við Íslendinga, og þar fluttu sendimenn Hákonar gamla erindi hans 1260, er konungur sá vildi fá landsmenn til að játa sér skatti. Að lögbergi buðu menn jafnvel til stórveizlna, eins og Ólafur pá til erfis eftir föður sinn. Að lögbergi hafa menn yfirleitt birt það, er þeir ætluðust til að heyrinkunnugt yrði um land allt. Jafnvel goðgár-kviðling sinn kvað Hjalti Skeggjason að lögbergi, eftir því sem Ari segir og Kristnisaga.[2]) Í sjálfum lögum lýðríkisins er jafnvel gert ráð fyrir því, að maður kveði níð um mann að lögbergi, Grág. I b 184, II 393.

---

1) Íslendingabók 7. kap.
2) Íslendingabók 7. kap., Bps. I 16—17.

## 15. gr.

## Goðar. — Lögsögumaður.

Auk biskupa, sem koma við lögréttuskipun og prestadóm, hafa goðar og lögsögumaður aðalforustu þinghaldsins. Því þykir hlýða að setja stutt yfirlit yfir þingstörf þeirra.

A. *Goði* hver skyldi vera kominn til Alþingis fimmtudaginn 10 vikur af sumri fyrir sólarlag, Grág. I a 43. Hann gat kvatt þingmenn sína (þriðjungsmenn) til þingreiðar með sér þá, er áttu að gegna þingfararkaupi, en fá skyldi hann þeim búðarrúm, Grágás I a 44. Goðar áttu eflaust að ganga til lögbergs þegar lögsögumaður kvaddi menn þangað. Er það sérstaklega sagt, að goðar skuli ganga til lögbergs með dómendur sína til dómsruðningar, Grág. I a 45, sbr. 46. Goði átti að handsala fyrir þriðungsmann sinn, sem eigi var á þingi, ómaga (þ. e. viðtöku ómaga) eða ómagafúlgu eða önnur fjármál, Grág. I a 124, svo og kveðja kviðar þriðjungsmanni sínum, sem ekki var á Alþingi og sóttur var um ómagamál, Grág. I b 24, II 118, 119. Goði átti að vera til svara, þegar spurt var að þingfesti manns, ef hann var goðans þriðungsmaður, Grág. I a 40—42. Goði átti að nefna tylftarkvið fyrir þriðjungsmenn sína, Grágás I a 41, 51, 67—68. Dómendur skyldi goði nefna í fjórðungsdóm, Grág. I a 38—39, og í skarð þeirra, sem rutt var úr dómi, Grág. I a 49—50. Goðar skyldi setja dómvörzlumenn, ef menn þyrpast að dómi, Grág. I a 72. Í fimmtardóminn nefndu gömlu goðarnir, sem höfðu goðorð full og forn, 36 og nýju goðarnir 12, Grág. I a 77. Þá áttu allir 39 goðarnir — eftir 965 — sæti á miðpalli lögréttu og tóku þar lögmæltan þátt í störfum hennar, lögsögumannskjöri, lagasetningu, leyfisveitingum, úrskurðum lögmálsþrætna og eftirlits með laga-uppsögu, Grág. I a 208—209. 211—217. Goðarnir eru máttarviðir Alþingishaldsins eigi síður en landsstjórnar utan Alþingis.

B. *Lögsögumannsdæmið* er jafngamalt Alþingi og lýðríkinu íslenzka. Hann var eini allsherjar embættismaður landsins. Sá er þó munur á honum og goðunum, að utan Alþingis gætir hans ekkert, nema að hann átti að veita mönnum fræðslu um það heima hjá sér, hvað lög væri um tiltekin mál, Grágás

I a 216. Hann hefur þá átt að vera nokkurs konar lögfræðilegur ráðunautur manna.

Lögsögumaður var að vísu ekki skyldur til að koma til Alþingis fyrr en daginn eftir að það var helgað, föstudaginn fyrra í þingi áður sól sé af gjáhamri, kl. 1½—2 síðd., því að þá skyldi til lögbergs gengið, Grág. I a 210, sbr. 45. Lögsögumaður átti fyrstur að ganga til lögbergs. Stýrði hann allt af lögbergsgöngu og réð, hvenær þangað var farið, að svo miklu leyti sem það var ekki lögmælt, sbr. Grág. I a 45, 209, 213. Hann réð því, hverir að lögbergi sátu, Grág. I a 209, 216. Lögsögumaður hefur verið formaður um allt, sem lögberg varðar. Hann hefur stýrt því, sem þar fór fram. Lögsögumaður átti því að ráða því, hverir mætti taka til máls að lögbergi, en skylt var að leyfa mönnum að mæla þar þau lögskil, sem þar skyldi fram fara, t. d. lýsingar ýmsar, stefnubirtingar o. s. frv.

Lögsögumaður skyldi ráða því, hvar fjórðungsdómar sátu og átti að hringja til dóma útfærslu, Grág. I a 45, enda átti lögsögumaður jafnan að fylgja dómum, er þeir fóru út til sóknar, Grág. I a 52—53. Skylt var lögsögumanni að leysa úr því á Alþingi, hvað væri lög um tiltekið efni, Grág. I a 208, 216, en eigi var hann skyldur til annara sakráða við menn. En það var mönnum eigi lítill kostur að geta snúið sér til lögsögumanns og krafið hann úrlausnar um það, hvað væri lög um hvert atriði. Þetta tók eigi aðeins til dómsmála, heldur og til annara efna, t. d. um það, hvenær maður leystist úr skóggangi, eins og Grettissaga 79. kap. ber vitni um.

Lögsögumaður var formaður lögréttu, að því er virðist, og átti hann setu á miðpalli hennar. Hann kveður lögréttu saman og stjórnar fundum hennar, Grág. I a 209, 212, 213, 215. Hefur hann átt sama rétt sem aðrir miðpallsmenn, sem ljóst er af því, að hans atkvæði sker úr, ef atkvæði um úrskurð lögmálsþrætu — og samþykkt lagafrumvarps — eru jafnmörg hvorummegin, Grág. I a 214, 215.

Þá átti lögsögumaður að segja upp lögin. Þingsköp átti hann að segja hvert sumar föstudag hinn fyrra í þingi, ef menn hafa tóm til að hlýða. En aðra lögþáttu átti hann að segja upp á þrem sumrum. En þar að auki átti hann að segja að þinglausnum missiristal, föstuinnganga og imbrudagahald og ef menn skyldi fyrr koma til Alþingis en fimmtudaginn 10

vikur af sumri, Grágás I a 37, 208, 209, 216. Svo skyldi lögsögumaður gerla alla þáttu upp segja, að engi vissi miklu gjörr, Grág. I a 209. Meðan eigi voru til skrifuð lög, var starf þetta mjög vandasamt og ekki á margra færi að leysa það vel af hendi. Lögin geymdust þá í manna minni, mann fram af manni, eins og sögur og kvæði. Má því búast við, að ýmislegt í lögum hafi breytzt og brjálazt í meðförunum. Lögsögumanni mátti það verða til styrktar, að hann hefur, sem aðrir, getað krafið lögréttu úrskurðar og leitað ráða þar um lögsöguna, enda átti lögrétta að hafa eftirlit með lögsögunni, Grág. I a 216. En svo gat lögsögumaður kvatt til 5 lögmenn (þ. e. lögspaka menn) eða fleiri næstu dægur áður en hann segir hvern þátt upp, og ráðgast við þá um lögin, Grág. I a 209. Hefur það sjálfsagt verið skylda að gegna þeirri kvaðningu lögsögumanns, enda verið vegsauki. Var mönnum og bannað að ganga ólofað á tal þeirra. Varðaði það 3 marka sekt og átt lögsögumaður þá sök. Eftir að lögin voru skráð, varð starf lögsögumanns stórum auðveldara. Þá var honum fyrst og fremst nauðsyn að afla sér góðrar lagaskrár, sbr. Grágás I a 213, og bæta við nýjum lögum og gera þær athugasemdir og úrfellingar, sem ný lög höfðu í för með sér. Og þar hafði lögsögumaður mikinn styrk af ákvæðum Grágásar I a 213 um lagaskrárnar.

Lögsögumaður skyldi segja upp að lögbergi leyfi þau, sem lögréttan veitti, Grág. I a 209, 216.

Lögsögumaður var oftast nær einhver af höfðingjum landsins. Og sérstaklega hefur honum verið nauðsynleg lögspeki og mælska. Því er það sagt um einn lögsögumannanna, að hann hafi sleppt lögsögu til frænda síns, auðvitað samkvæmt kjöri lögréttu, af því að hann hafi verið hásmæltur.[1]) Það var yfirleitt lögð mikil áherzla á það, að þeir menn allir, sem einhver lögskil áttu að inna af hendi, gerði það með málsnilld og prýði, einkum ef þau lögskil fóru fram að lögbergi.

Lögsögumann varðaði það 3 marka sekt, ef hann leysir eigi af hendi þau skil, er hann er skyldur til, að nauðsynjalausu. En fjörbaugsgarð varðaði hann, „ef hann gerir nokkur þau ófjöt, er meiri hlutur manna (þ. e. meiri hluti miðpallsmanna í lögréttu?) vill kalla þingsafglöpun, Grág. I a 217.

1) Íslendingabók 8. kap.

Tekjur lögsögumanns af starfanum voru ekki miklar. Af „lögréttu fjám" átti hann að hafa árlega 2 hundruð vaðmála (= 240 alnir = 2 kúgildi). Ekki er kunnugt, hvernig lögrétta hefur fengið tekjur sínar, nema að einhverju leyti fyrir leyfi t. d. hjúskaparleyfi. Þá átti lögsögumaður útlegðir (þ. e. 3 marka sektir) þær hálfar, sem dæmdar voru á Alþingi, og átti að dæma eindaga á þeim næsta sumar í búanda kirkjugarði „hér" (þ. e. á Þingvelli) miðvikudag í mitt þing. Hver maður, sem dæma lét þannig annan mann til fésekta, skyldi, að viðlagðri 3 marka sekt, segja lögsögumanni til, og svo hverir verið hafi dómsuppsöguvottar, Grág. I a 209—210. Ennfremur átti lögsögumaður 3 marka sektir — þó líklega aðeins hálfar, sbr. Grág. I a 117—118 — á vorþingi því, er hann sjálfur heyrir, Grágás I a 217.

## 16. gr.

## Niðurlagsorð.

I. Það hefur ekki, svo að kunnugt sé, verið efað, að Alþingi hafi verið háð árlega á söguöld landsins og fram yfir 1200. Þó verður fráleitt sannað af heimildunum, að Alþingi hafi verið uppi á hverju ári. Þetta stafar ekki af því, að þing hafi ekki verið *háð*, heldur af því, að engir þeir atburðir hafa gerzt á þeim þingum, er þeim tíðindum sætti, að þeir hefði skráðir verið eða geymst í minni manna með öðrum hætti. Það verður ekki heldur séð, að á þessu tímabili hafi nokkru sinni verið haldin nokkur skrá eða gerð skýrsla um það, sem á Alþingi fór fram. Þess er hvergi getið í lögunum né heldur í öðrum heimildum vorum, að skrá skyldi þingtíðindi, nema nýmæli þau, sem sett hafa verið, hafa sjálfsagt verið sett á skrá eftir að tekið var að skrásetja lögin. Meðal þeirra mörgu frásagna, sem til eru um Alþingishald á 10.—13. öld, eru sérstaklega merkilegar frásagnir um þinghald þau árin sum, er helzt hefði mátt vænta þess, að þing hefði ekki verið háð vegna sóttarfars eða óáranar. Í heiðni er getið óaldar mikillar, er sumir annálar telja verið hafa árið 975. Þá hefur Alþingi verið háð, því að frá því er skýrt í Skarðsárbók, að þá hafi verið lögtekið að ráði Eyjólfs Valgerðarsonar, föður Guðmundar ríka og

Einars þveræings, að sá skógarmaður leysti sig úr skógi, er þrjá dræpi seka. Frá öðru óárani er sagt um daga Ísleifs biskups Gizurarsonar, 1056. Þá var manndauði sem mestur af sulti, en Alþingi var þá uppi, því að þá er sagt, að Ísleifur biskup hafi fengið staðfest heit um föstuhald 12. dag jóla 3 árin næstu. Þó var þá „svá snæmikit hvarvetna, at menn gengu flestir til Alþingis.[1]) Má þó nærri geta, hvernig verið hafi fénaðarhöld eftir slíkan vetur, og hvernig menn hafi færir verið til þingreiðar eftir mannfellisvetur slíkan sem þenna. Í Hungurvöku[2]) er getið hallæris mikils árið 1120 og manndauða. En þing var þá háð, því að haft er eftir Sæmundi presti fróða, að hann hafi sagt á þingi það ár, að „eigi mundi færri menn hafa andast af sótt en þá voru til þings komnir". Segir þó, að þá hafi drjúgum hver bóndi riðið til þings. Vera má, að öfgar sé það, en gæta má þess þó, að hörgull mun varla hafa verið á verkafólki þá á landi hér og vinnukraftur ódýr. Og auðvitað á þetta aðeins við þá bændur, sem þingfararkaupi áttu að gegna. Hinir fátækari menn hafa vitanlega flestir setið heima. Og svo hefur þingsókn bænda sjálfsagt ekki lítið farið eftir landsfjórðungum. Hafa tiltölulega fleiri bændur — og fleira fólk — sótt þing úr héruðum þeim, sem nálæg voru Þingvelli, svo sem úr núverandi Rangárvalla-, Árness-, Gullbringu- og Borgarfjarðarsýslum.

Á 12. öld og fram á 13. er iðulega getið Alþingishalds, bæði í Biskupasögum og Sturlungu, og er óþarft að rekja það. Fer venjulega ekki mörgum sögum um þingið. Helzt er þess getið, ef málaferli eru þar milli höfðingja eða óregla er á þinghaldi. En það er sýnilega sjaldan. Og er þess þá sérstaklega getið. Árið 1163 geta sumir annálar og Prestssaga Guðmundar Arasonar (Bps. I 412) t. d. um „lögréttubardaga". Var það þing róstusamt með fádæmum. 1178 stendur í sumum annálum svofelld klausa: „Lögrétta í Haukadal". Ekki verður fullyrt neitt um það, hvernig þetta beri að skilja. Var þingið háð eða að minnsta kosti lögrétta skipuð í Haukadal? Svo virðist helzt hafa verið. Og orsökin til þess mætti hafa verið sú, að óeirðir hafi verið á Þingvelli. En allt eru þetta tilgátur. 1196 var róstu-

1) Landnáma (S. Kr.) viðb., bls. 228.
2) Bps. I 31, sbr. Ísl. annála ár 1120.

samt á Alþingi (Rauðsmál svonefnd)[1]). En efalaust hefur Alþingi yfirleitt verið reglulega háð á Þingvelli eftir þingsköpum Grágásar út 12. öld og fram á 13.

Vegna ófriðar þess, sem oft var milli höfðingja, og svo vegna þess, að goðorðin komust á fárra höfðingja hendur og jafnvel sum á síðasta áratugi lýðríkisins í hendur Hákonar gamla Noregskonungs, hafa sumir menn dregið í efa, að Alþingi hafi verið háð síðustu áratugi lýðríkisins.[2]) Dr. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður rannsakaði það vandlega ár fyrir ár frá 1220—1262, hvort Alþingi hefði verið háð þetta árabil. Niðurstaðan varð sú, að Alþingishalds er getið öll þess 42 ár, nema 5, árin 1245, 1247, 1256, 1258 og 1261. En vitanlega sannar það ekki, að Alþingi hafi ekki verið uppi þau ár, heldur það eitt, að ekkert sögulegt hefur gerzt þar þá. Það er stundum talað þar um *dóma* þessi ár og svo er að sjá sem venjuleg þingstörf fari þar fram, enda þykja það „ódæmi", þegar Alþingi er „hleypt upp" árið 1238.[3])

Það verður þó ekki fullyrt, að þingsókn úr öllum landsfjórðungum hafi verið öll árin með þeim hætti, sem lög mæla. Til 1237 virðist Alþingi þó hafa verið sótt reglulega á hverju ári. En árið 1238 er helzt að sjá, að Alþingi hafi ekki verið sótt úr sveitum Gizurar Þorvaldssonar, því að hann reið ekki sjálfur á þing, heldur á Beitivöllu nálægt Kálfstindum, en sendi Hjalta biskupsson til Alþingis með flokk manna, ekki til þess að gegna lögskilum, heldur til þess að hleypa upp þinginu.[4]) Árið 1244 var Flóa-bardagi á Jónsmessu skírara milli Þórðar kakala og Kolbeins unga. Tóku þátt í honum Vestfirðingar mjög margir og Norðlendingar. Er líklegt, að ekki hafi mikil verið þingreið úr þeim sveitum það ár. Var og svo sum árin fleiri, að formenn úr sumum héruðum riðu ekki til þings. Stundum má vera, að þeir hafi sent menn með goðorð sín og að allt hafi farið löglega fram. T. d. sekti Gizur Þorvaldsson 1254 þá, sem voru að brennu hans að Flugumýri árinu áður, en kvaddi heiman níu búa, eins og lög stóðu til.

En þegar svo bar við, að engin varð þingreið úr einhverju

1) Sturlunga (S. Kr.) II 10 .
2) Einkum Berlin Islands statsretlige Stilling I 29, sbr. 49—55.
3) Andvari XXXV 32 o. s. frv.
4) Sturl (S. Kr.) II 297.

goðorði eða jafnvel heilu þingi (vorþings-umdæmi) eða landsfjórðungi, eins og mun hafa verið 1244, hvernig mátti þá heyja Alþingi löglega? Ef goði kom ekki til þings eða sendi engan með goðorð fyrir sig, þá áttu samþingisgoðar hans (það er, þeir goðar tveir, sem með honum háðu vorþing) að ráða því, hver með goðorð hans skyldi fara, Grágás I a 43. En með þessu er óleyst úr því, hvernig með skuli fara, ef alla þrjá samþingisgoðana vantar, eins og líklegt er, að hafi verið 1238 og 1244. Brestur allar heimildir um þetta. Löggjafinn hefur ekki gert ráð fyrir því, að slík óskil myndi verða nokkurn tíma. En þá meðferð má hugsa sér, að þeir goðar, sem skil gerðu, hafi skipað lögréttu sínum mönnum í stað þeirra, er vantaði. Ef heilan fjórðung vantaði, þá hafa menn þó getað með sama hætti skipað fjórðungsdóm fyrir þann fjórðung og Fimmtardóm fyrir þá goða, er ekki gerðu nein skil á Alþingi. Það mátti vera, að sækja þyrfti mál á hendur manni úr þeim fjórðungi, er enginn goði innti af hendi lögskil fyrir, og þá varð að nefna dóm fyrir þann fjórðung.

II. Á Alþingi 1262 gerðist sá atburður í stjórnarsögu Íslands, er einna verstum tíðindum sætir. Þá lagðist lýðríkið niður. Lauk þannig róstum Sturlunga-aldar, sem svo er kölluð. Sendi Hákon konungur gamli Hákonarson erindreka sinn, Hallvarð gullskó, til landsins árinu áður með kröfu sína eða tilmæli um það, að Íslendingar gengi honum á hönd. Á þing 1262 sóttu Norðlendingar, Vestfirðingar og Sunnlendingafjórðungur vestan Þjórsá. Austfirðingar sóttu ekki þingið og eigi Sunnlendingar austan Þjórsár (Oddaverjar). Svo segir, að lögrétta hafi verið skipuð á Alþingi 1262, en eigi er sagt þar frá því, hvernig hún hafi verið skipuð, hvort þar hafi einungis setið 12 menn á miðpalli fyrir Norðlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung hvorn og einhverir, líklega 9 fyrir Sunnlendingafjórðung vestan Þjórsár, eða hvort lögrétta hafi verið fullskipuð eins og lög stóðu til. Eigi er heldur annara þingstarfa getið en svardaga þeirra í lögréttu, er fram fóru af hendi þeirra landshluta, sem þing sóttu. Sóru 12 úr Norðlendingafjórðungi konungi land og þegna og skatt, og jafnmargir úr Vestfirðingafjórðungi. Einhverir sóru og úr Sunnlendingafjórðungi, en eigi greinir, hve margir þeir voru.[1]) Líklega hafa þeir svarið, sem á miðpalli lögréttu voru fyrir þessa hluta landsins.

1) Sturlunga (S. Kr.) IV 121, 132—133, Íslenzkir annálar.

Árið 1263 játuðust Oddverjar undir konung og árið 1264 Austfirðingar.[1]) Það er sagt berum orðum, að Austfirðingar hafi svarið konungi skatt á Alþingi, en eigi segir, hvar Oddaverjar hafi gert það.

Vér vitum fátt um Alþingishald árin 1262—1271, er þingfararbálkur Járnsíðu var lögtekinn. Í orði kveðnu stóðu fornu lögin, og má vera, að lögrétta hafi verið skipuð svo mörgum sem í þeim segir á hvern pall. Og hafa þá gert það þeir forystumenn, er Gizur jarl (d. 1268) mun hafa sett yfir sveitir landsins, eða þeir, er hafa fengið forræði héraða beint af konungi. Dómar hafa og starfað á Alþingi, og er jafnlítið vitað um skipan þeirra og um lögréttuskipan. Um lagasetning á þessum árum eru engar sagnir og engin Alþingissamþykkt er til, sem vera mun frá þessum árum. Alþingi var háð 1264, þá er Austfirðingar gengu konung á hönd, en engar eru sagnir um þinghald þaðan frá til 1270. Þá er sögn um dómsmál á Alþingi. Segir svo í sögu Árna biskups Þorlákssonar,[2]) að hann hafi stefnt raunarstefnu um það, hvort Oddastaður væri kirkjueign, og að hann hafi riðið til þings og krafið dóms um það mál. Er sýnilega átt við Alþingi, því að á sama þingi krefur biskup Stað í Hítardal af Katli Loftssyni biskupssonar. Segir sagan, að dómur hafi dæmt Oddastað undir forræði biskups.

Frásögn þessi er ekki grunsöm að því leyti sem hún getur Alþingishalds, því að Alþingi hefur sjálfsagt verið háð árlega um þessar mundir. Hitt er þar á móti ekki grunlaust, að Oddastaður hafi þá þegar verið dæmdur kirkjueign. Það er ekki líklegt, að fjórðungsdómur eða dómur nefndur af leikmönnum, eins og Alþingisdómur hlýtur þó að hafa verið, hafi dæmt Oddastað á vald biskups, eins og sagan gefur í skyn. Er ekki ólíklegt, að biskup kunni að hafa nefnt presta sína einhverja til að segja álit sitt á málinu, eins og síðar gerðist siður til. Verður þó ekkert um þetta vitað.

Árið 1271 hefur Alþingi verið háð. Þó að frásögn heimildarritanna sé ekki greinileg, þá er víst, að þá kom lögbók sú, sem Járnsíða hefur verið kölluð, til landsins með Eindriða böggul, Sturlu lögmanni Þórðarsyni og Þorvarði Þórarinssyni. Þá var lögtekinn Þingfararbálkur hennar og um þegngildi

1) Íslenzkir annálar.
2) Bps. I 685.

konungs.[1]) Hefur það sennilega verið gert á Alþingi sumarið 1271. Með lögtöku þingfararbálks Járnsíðu var hinni fornu stjórnarskipun algerlega kollvarpað. Goðorðin hurfu eigi fyrr en nú úr sögunni, því að í orði kveðnu stóðu gömlu lögin um þau til þessa tíma. Vorþingin voru lögð niður og samband goða og þingmanna var nú ekki lengur slíkt sem verið hafði. Landinu varu skift í 12 þing og nefndu sýslumenn konungs menn til þingfarar. Lögberg hverfur líka úr sögunni. Lögréttan verður fyrst og fremst dómstóll, en heldur þó samþykktarvaldi í löggjafarefnum. Hin forna frægð þingsins hverfur. Nú hætta að mestu leyti aðrir að sækja það en þeir, sem tilnefndir eru, eða eiga þar málum að gegna. Og verður því öllu lýst rækilegar í næsta kafla.

# B. Tímabilið frá 1271—1800.

## I. kafli.

## Almenn greinargerð um Alþingi 1271—1800.

### 17. gr.

### Stjórnarbreytingin 1271.

Samkvæmt sögu Árna biskups Þorlákssonar (Staða-Árna)[2]) og íslenzkum annálum sendi Magnús konungur Hákonarson, sem kallaður hefur verið lagabætir, árið 1271 þá Þorvarð Þórarinsson, Sturlu sagnaritara og lögmann Þórðarson og hirðmann sinn, Indriða böggul að nafni, með lögbók til landsins, þá er jafnan hefur gengið undir nafninu Járnsíða. Svo virðist sem heldur hafi það verið torveldleikum bundið að fá landsmenn til þess að samþykkja lögbók þessa. Margt það, sem er í henni, hlaut að koma, því að gamla skipulagið var ekki samrímanlegt konungsvaldi á landinu. Þetta ár (1271) segir, að Þingfararbálki Járnsíðu hafi verið játað, líklega á Alþingi, þótt þess sé ekki getið. Auk þess var það ár játað ákvæðum

1) Bps. I 688, Íslenzkir annálar.
2) Bps. I 688.

Járnsíðu um þegngildi og nokkru fleira. En öll var bókin ekki lögtekin fyrr en 1273. Járnsíða hefur líklega hlotið þetta nafn af ytra útliti sínu. Hún kynni að hafa verið bundin í skinn með járnbentum spjöldum. Sumir hafa líka getið þess til, að hún hafi hlotið nafn sitt af því, hversu hörð sum ákvæði hennar hafi þótt. En hvað sem um það er, þá er víst, að hún átti sér skamman aldur. Hafa menn unað illa við hana, og fyrir því var bráðlega tekið að vinna að annari lögbók handa Íslandi. Með hana komu út Jón Einarsson, íslenzkur maður, er þá var lögmaður á Íslandi sunnan og austan[1]) og norskur höfðingi, Loðinn leppur að nafni. Var lögbók þessi borin upp til samþykkis landsmanna á Alþingi 1281. Gerðist þá margt til tíðinda. Segir Árna biskups saga Þorlákssonar allgreinilega frá þeim tíðindum.

Veturinn 1280—1281 höfðu menn kynnt sér nokkuð efni lögbókar-frumvarpsins. Hafði Árni biskup í einn stað gert langa skrá um þau atriði í bókinni, sem hann vildi ekki samþykkja kirkjunnar vegna. 1275 hafði Alþingi lögtekið kristinrétt þann, sem kenndur er við Árna biskup, enda stundum nefndur Kristinréttur hinn nýi. Var það mikill sigur kirkjunni á Íslandi, er sá kristinréttur var í lög tekinn. Og þótti biskupi nú á rétt kirkjunnar gengið með ýmsum ákvæðum Jónsbókar. Einnig höfðu bændur gert skrá um ýms atriði í bókinni, sem þeir vildu ekki ganga að. Urðu sögulegir atburðir um þetta á Alþingi. Krafðist sendimaður konungs þess, að menn játuðu bókinni óbreyttri, en búendur sögðust eigi mundu það gjöra, „at tapa svá frelsi landsins“. Kvað sendimaður konungs þá eiga fyrst að játa bókinni og biðja konung síðan miskunnar um þá hluti, sem nauðsyn þætti til standa. Svo stóð biskup og allfast á rétti kirkjunnar. Handgengnir menn konungs — þeir, er gerzt höfðu hirðmenn hans og nafnbótamenn — höfðu og líka nokkuð fundið að sumu í bókinni, en minnst er um þær aðfinningar sagt. Sú varð loks niðurstaðan, að öll alþýða manna samþykkti bókina með lófataki, „utan þau capitula, sem handgengnir menn vildu stæði til konungs úrskurðar ok erkibiskups“. Níu menn, er biskupi fylgdu, samþykktu bókina þó ekki.[2])

---

1) Safn til sögu Íslands II 42.
2) Bps. I 717—721.

Með þessum hætti var Jónsbók í lög tekin, lögbókin, sem margar aldir var höfuðlög landsins, enda þótt ýmsar breytingar væri á ákvæðum hennar gerðar og aukið væri við hana. Og með lögtöku hennar var nýja stjórnskipulagið fast orðið í landi hér, og hélzt öldum saman um margt.

II. Samkvæmt hinni nýju skipun var landinu skift í 12 umdæmi, og voru þau lengstum kölluð þing. Þessi 12 þing voru:

1. *Múlaþing*, er náði yfir Múlasýslur núverandi,
2. *Skaftafellsþing*, er tók yfir Skaftafellssýslur,
3. *Rangárþing*, er náði yfir Rangárvallasýslu,
4. *Árnessping*, er tók yfir Árnessýslu,
5. *Kjalarnessping*, sem náði yfir Gullbringusýslu og Kjósarsýslu,
6. *Þverárþing*, og náði það yfir Borgarfjarðarsýslu og Mýra,
7. *Þórsnessping*, náði yfir Snæfellsnessýslu núverandi og Dalasýslu,
8. *Þorskafjarðarþing*, náði yfir Vestfjörðu (Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur og Strandasýslu),
9. *Húnavatnsþing*, núverandi Húnavatnssýsla,
10. *Hegranessping*, Skagafjarðarsýsla,
11. *Vöðlaþing*, Eyjafjarðarsýsla, og
12. *Þingeyjarþing*, sem náði yfir Þingeyjarsýslur báðar.

Yfir þingin voru skipaðir *sýslumenn*, er framan af voru nefndir *valdsmenn*. Fór þó ekki saman þingatala og valdsmanna, því að sumir valdsmanna höfðu fyrrum yfirsókn um fleiri þing en eitt og þingunum var snemma skift, þannig að fleiri en einn urðu sýslumenn í sama þingi. Þorskafjarðarþingi var t. d. skift í 3 sýslur, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu, og sinn valdsmaður (sýslumaður) í hverri, Múlaþingi í 2 sýslur, og sinn sýslumaður í hvorri, Þórnesspingi í Dalasýslu og Snæfells(ness)sýslu o. s. frv. Það var auk þess alvenja, að valdsmenn höfðu umboðsmenn í nokkrum hluta þinga sinna eða sýslu, og voru þeir *sóknarmenn* nefndir og síðar *lögsagnarar*. Gerir Jónsbók, Þingfb. 2, ráð fyrir því, að valdsmenn hafi sóknarmenn, því að þar segir, að valdsmenn allir og sóknarmenn þeirra skuli sækja Alþingi. Sýslumenn og umboðsmenn þeirra (sóknarmenn, lögsagnarar) voru lögreglustjórar, skattheimtumenn og forstöðumenn dómgæzlu

hver í sinni sýslu. Hér verða ekki gjörr talin störf þessara manna, nema að því leyti sem Alþingi varðar.

Sá háttur komst snemma á, að konungsvaldið setti hér einn mann eða fleiri til yfirstjórnar á landinu. Stundum voru þeir fleiri en einn og höfðu þá hver eða hvor hluta af landinu undir sér, en síðar (fyrir 1400) var jafnan einum manni falin yfirstjórn hér á landi af hendi konungs. Var hann nefndur *hirðstjóri* á fyrri öldum, en frá því á síðara hluta 16. aldar og fram til 1683 ber hann nafnið *höfuðsmaður*. Hann hafði yfirumsjón með sýslumönnum og þeim, er eignir krúnunnar (jarðir, er orðið höfðu konungseign í sakeyri, og klaustraeignirnar síðar) höfðu að léni *(umboðsmenn* og *klausturhaldarar)*. Hirðstjórar og höfuðsmenn sátu oft eigi hér á vetrum, og stundum liðu svo mörg ár, að höfuðsmaður kom ekki til landsins, t. d. Henrik Bjelke. Fekk hann þá að hafa hér umboðsmann sinn *(fógeta)*, er fór þá með vald hans og dvaldist hér allt árið.

Eftir 1680 varð allmikil breyting á æðstu innlendu stjórn landsins. Þá var höfuðsmannsdæmið lagt niður 1683, og í staðinn settur svonefndur *stiftbefalingsmaður* (er og var snemma nefndur *stiftamtmaður)*, og varð hann æðsti embættismaður konungs hér á landi. Og átti hann að hafa eftirlit með öðrum embættismönnum hans. En það varð föst venja, að stiftbefalingsmenn komu ekki til landsins, heldur höfðu þar umboðsmenn sína, enda var stiftbefalingsmanni upphaflega að eins skylt að koma hingað til lands einu sinni á ári, og þurfti því eigi að dveljast hér vetrarlangt. Þegar amtaskiftingin varð, þá lagðist embætti þetta niður (tilsk. 15. maí 1770), og var þá stofnað *stiftamtmannsdæmið*. Stiftamtmaður var jafnframt amtmaður í Suður- og Vesturamtinu til 1787, er Vesturamtið var greint frá Suðuramtinu og þar settur sérstakur amtmaður (kgsúrsk. 6. júní 1787). Stiftamtmaður var jafnframt æðsti embættismaður konungsvaldsins hérlendur.

Með kgsúrsk. 17. jan. 1683 var ennfremur stofnað hér landfógetaembættið. Skyldi *landfógeti* einkum hafa eftirlit með því, að tekjur konnngs af landinu gyldist réttilega, og hafði hann að því leyti eftirlit með sýslumönnum, umboðsmönnum og klausturhöldurum.

Loks var amtmannsembættið stofnað hér á landi 1688. Var landinu þó eigi skift í ömt fyrr en 1770, eins og áður er getið. Amtmaður átti sérstaklega að hafa á hendi dómgæzlu í land-

inu. Eftir 1770 urðu amtmennirnir fyrst tveir, annar í norður- og austuramtinu og hinn, sem jafnframt var stiftamtmaður, í suður- og vesturamtinu, þar til þar var og skipaður sérstakur amtmaður, sem fyrr segir.

Amtmaður og landfógeti áttu að eiga heima á Íslandi. Og sama var um stiftamtmann, að minnsta kosti í framkvæmdinni. Meðan danskir menn gegndu embættum þessum, sátu þeir á Bessastöðum. En eftir að íslenzkir menn tóku að fara með þau, sátu þeir stundum annarstaðar, á jörðum konungs eða á óðulum sínum í grennd við Bessastaði lengstum (Leirá, Hólmi, Viðey).

Því hefur embættismanna konungs hérlendra svo verið minnzt hér, að þeir koma mjög við sögu Alþingis við Öxará alla tíð frá því að konungsvald kom á Ísland.

## 18. gr.

## Þingstaðurinn.

I. Í Járnsíðu Þingfb. 1 upphafi segir svo: „*Í nafni föður ok sunar ok andans helga skulu vér lögþing várt eiga at Öxará í þingstað réttum*“. Og í Jónsbók Þingfb. 1 upph. segir, að „*vér skulum lögþingi várt eiga at Öxará á þingstað réttum*“. Það hefir því ekki þótt hlýða að breyta um þingstað, þótt breyta skyldi stjórnarskipun landsins og stjórnarfari. Þingið skyldi heyja og þingið var háð áfram á þingstaðnum forna. Verður og ekki séð, að neinn afturkippur hafi komið í þinghaldið það, sem eftir var 13. aldar eftir lögtöku lögbókanna, Járnsíðu og Jónsbókar. En um aldamótin 1300 gerðist óöld mikil í landi, eldgos, harðindi, hallæri og manndauði,[1]) og auk þess líklega óstjórn nokkur. Er þá svo að sjá sem nærri því væri komið, að þingið við Öxará legðist niður sem þing alls landsins. Heimildir um það eru þó eigi aðrar en annálar frá þeim tíma. En hér fer svo sem jafnan síðan, að vondu árin segja til um Alþingissókn manna. Þá hætta þeir að sækja þingið að allmiklu leyti, eftir því sem sjá má á Alþingisbókunum. Um árið 1302 segir Forni annáll, að þing hafi verið í Þorskafirði. Mun þetta eiga að skilja þannig, að Vestfirðingar hafi ekki

1) Sbr. Þorv. Thoroddsen Árferði á Íslandi Kmh. 1916—1919 bls. 33—34.

sótt Alþingi það ár, heldur haldið héraðsþing í þess stað. Vitanlega gat þetta þing ekki haft meiri þýðingu að lögum en hvert annað dómþing, sem haldið var í héraði. Og það gat því ekki heldur að dómsvaldi til jafnast á við lögmannsúrskurð. 1303 segja annálar ekki um þinghöld, en næsta ár (1304) segja Konungsannáll og Flateyjarannáll, *að tekin hafi verið upp héraðsþing á Íslandi um Vestfirðingafjórðung og Norðlendingafjórðung, 2 í hvorum, og að Alþingi hafi ekki verið uppi haft af hluta.* Og Gottskálksannáll segir um sama ár, *að þing hafi verið uppi í sumum stöðum á Íslandi.* Verður þetta ekki skilið á annan veg en þann, að Norðlendingar og Vestfirðingar hafi alls ekki sótt Alþingi þetta ár. Þing þessi voru vitanlega ekki annað en héraðsþing og gátu enga aðra þýðingu haft en slík þing. Þó er vafasamt, hvort Alþingi við Öxará mátti löglega heyja, þar sem vantaði Norðlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung. Svara verður því þó játandi, að því leyti sem dómstörf máttu fara fram í lögréttu, því að lögréttumenn sunnan og austan mátti að þeirra tíma sið nefna eina til dóms í málum úr því lögdæmi — og önnur mál hafa líklega ekki verið þar. Hvort nokkuð hefur gerzt á Alþingi 1304, sem land allt varðaði, mun nú ekki verða sagt. 1302 var Hákon konungur háleggur hylltur á Íslandi og hefur sú athöfn farið fram á Alþingi, þótt Vestfirðingar hafi sennilegar fáir eða engir tekið þátt í henni.

Það er auðséð, að mönnum hefur hér þótt horfa til vandræða, enda var það sannast að segja óglæsilegt, ef menn skyldi bresta til hlítar samheldni til uppihalds allsherjarþings á landinu. Þess vegna hafa menn borið þessi tíðindi til konungsvaldsins og ef til vill beðið það að stemma stigu fyrir þessari uppreisnartilraun sumra landshlutanna.[1]) Árið eftir kemur réttarbót út, sem dagsett er 23. júní 1305, og er hún að sumu leyti, að því er ætla má, svar við málaleitan Alþingis 1302, því að sumir annálar segja, að lögbókin hafi þá verið „dæmd" í vald konungs til endurbóta, en að öðru leyti er hún svar við þeim skýrslum, sem konungsvaldinu hafa borizt um Alþingis-

1) Árið 1301 voru hér 2 norrænir lögmenn, Bárður Högnason og Loðinn af Bakka. Þinghald Vestfirðinga það ár gæti hafa verið svar við sendingu þessara manna. En þinghöldin í héraði 1304 geta ekki átt rót sína að rekja til slíkra lögbrota af hálfu konungsvaldsins, því að það ár eru lögmenn báðir íslenzkir og höfðu verið síðan 1302 (Safn II 51, 52).

hald í landinu. Í réttarbótinni 23. júní 1305 er 2. gr. um Alþingishaldið. Sú grein er að vísu í fæstum handritum hennar,[1]) en hefur þó áreiðanlega átt þar heima í öndverðu. Að afritarar hafa ekki síðar tekið 2. gr. í réttarbótina, stafar sjálfsagt af því, að ákvæði hennar um nefndarmannatöluna hafa aldrei komizt til framkvæmda. Og hefur þó nefndarmannafækkunin, sem réttarbót þessi býður, líklega verið ákveðin í því skyni, að gera mönnum í fjarlægum landshlutum Alþingishaldið aðgengilegra og léttara. Í 2. gr. réttarbótarinnar 1305 segir annars í nafni konungs, *að Alþingi skuli vera uppi* með þeim hætti, að það verði sótt svo sem nefndarmannatala réttarbótarinnar segir til. Hvort sem það er réttarbót þessari að þakka eða ekki, þá er hitt víst, að Norðlendingar og Vestfirðingar hafa hætt við héraðsþinghald hjá sér í staðinn fyrir Alþingi, því að þess er eigi getið um stund, að slík héraðsþing hafi verið háð. Hins vegar segja íslenzkir annálar, að árið 1305 hafi Alþingi verið uppi, og var þá mótmælt skattbeiðslum Krók-Álfs. En aftur getur konungsannáll þess 1320, *að uppi hafi þá verið Þorskafjarðarþing*. Samt sem áður hefur Alþingi þá og verið háð, því að þá var Magnúsi konungi smekk svarið land og þegnar. Síðan sést þess ekki getið, að þinghöld í héruðum í stað Alþingishalds hafi farið fram, þótt vera megi, að stundum hafi lítil eða engin þingsókn verið úr sumum héruðum landsins. Alþingi mun umyrðalaust hafa verið háð fyrir land allt á Þingvelli við Öxará fram á síðara hluta 16. aldar. En þá var gerð tilraun til að breyta um Alþingisstað. Hafa konungsmenn á Bessastöðum vafalaust flutt það til Danmerkur, að Þingvöllur við Öxará væri óhentugur þingstaður og hafa bent á Kópavog, sem var gamall fjórðungsþingstaður, að því er virðist, og hreppaþingstaður fyrr og síðar, og hann var þar að auki — og það hefur víst skift mestu máli í þessu sambandi — rétt hjá Bessastöðum, svo að þingsókn þaðan að Kópavogi var fyrirhafnarlaus að kalla. Því var gefið út kgsbr. 5. apríl 1574,[2]) og segir þar, að konungi sé kunnugt orðið, að Alþingi sé haldið á allóhentugum stað almenningi, sem þangað eigi að sækja, og að þing þetta megi halda svo, að hættulaust sé, á þeim stað, er Kópavogur heiti. Og er að lokum boðið, að

1) Dipl. Isl. II bls. 342—343.
2) Safn til sögu Íslands II 216—217. Alþb. Íslands I 266—267.

lögmenn, lögréttumenn og alþýða manna skuli hér eftir sækja Alþingi til Kópavogs.

Ekki eru sagnir, bréflegar eða munnlegar, um það, hvernig þessu konungsboði hefur verið svarað. En hitt er víst, að Alþingi var ekki flutt úr stað, og hefir það aldrei verið háð í Kópavogi. Hafa menn verið svo fastheldnir við forna venju, að þeir hafa beinlínis þverskallast við þessu konungsboði. Enda hefir öllum almenningi ekki verið hentugri þingstaður í Kópavogi en á Þingvelli við Öxará. Sýslumönnum og öðrum innheimtumönnum konungs hefði ef til vill mátt á sama standa, því að þeir hafa orðið, hvort sem var, að flytja sýslugjöld sín og afgjöld til Bessastaða, og voru þeir vanir að gera það um Jónsmessu leyti skírara, rétt fyrir þing.

Eftir þetta er eigi kunnugt, að ráðgert hafi verið að breyta um Alþingisstað fyrr en 1734. Í bréfi dags. 20. sept., lætur Magnús, þá lögmaður, Gíslason þau orð falla, að eðlilegast sé að stofna sérstakt lögþingi handa hvoru lögmannsdæmi, ef sér dæmi hvor lögmanna. En niður féll þessi hugmynd Magnúsar Gíslasonar.[1]) 1785 kom til mála að flytja Alþingi til Reykjavíkur, og lagði Levetzow stiftamtmaður það til. En Stefán amtmaður Thorarensen vildi láta stofna lögþingi norðanlands handa Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Skrifaði Stefán amtmaður Rentukammeri bréf 13. ág. 1785 og segist hafa lagt þetta þar til. 3. júlí 1786 beiðist Rentukammer álits stiftamtmanns og Stefáns amtmanns um málið. Rentukammer tjáðist ekki vera því mótfallið, að stofna sérstakt lögþing í Norðlendingafjórðungi, en þá yrði að athuga nákvæmlega, hvernig landinu skyldi skifta milli lögþinganna beggja, skipun yfirréttar, ritara þinganna, útgáfu lögþingisbóka og áhrif breytingarinnar á skatta og tollamál konungs. Hins vegar kveður Rentukammer eðlilegast, að lögþingi sunnanlands verði framvegis á Þingvelli við Öxará. Gömul venja helgi það og kvöð hvíli þar á landinu, að þingið verði þar ókeypis. Sendi amtmaður rækilegt álit um málið, dags. 11. sept. 1786, en stiftamtmaður mun ekkert hafa sinnt málinu, enda hefur hann lítinn áhuga á því haft, úr því að Rentukammer hneigðist ekki að tillögu hans um flutning þingsins til Reykjavíkur. Amtmaður mælir sterklega með breytingunni. Hann segist alls

1) Þjóðskjalasafn A nr. 75 I 4.

ekki leggja til, að lögþingi eða lögmennska verði afnumið, heldur það eitt, að hvort lögmannsdæmi fái sitt lögþingi, eins og sé í Noregi og reynist þar vel. Þykir sanngjarnt og hagfelt, að Norður- og Austuramtið fái sinn lögmann og sitt lögþing. Hann segist alveg láta stiftamtmann um tillögur varðandi yfirréttinn, sem stundum hafi 1—2 málum að gegna á ári, en stundum engum.[1]) Mál þetta sofnaði, og er Alþingi stöðugt háð á Þingvelli við Öxará 18. öldina út, nema 1799 og 1800, tvö síðustu árin, sem það stóð að nafninu til. 20. júlí 1798 gerir Magnús Stephensen, sem þá var lögmaður norðan og vestan, kunnugt, „að sökum Alþingis ónæðis og heilsuspillandi dragsúgs í gegnum gluggabrotið og opið lögréttuhús .... sé hann við réttarhald í þessum vindhjalli nú orðinn lasinn og veikburða", og kveðst því ekki munu sitja þingið þar svo lengi sem þurfti til að kveða upp dóm í tilteknu máli, heldur ætli hann að gera það innan 6 vikna eftir N. L. 1—5—8 og kgsbr. 28. apr. 1784 að heimili sínu Leirá í Borgarfirði. Kannast þingmenn við það, að háskasamlegt sé að sitja að störfum í lögréttuhúsinu.[2]) Dóm í tveimur málum kvað þó Magnús lögmaður Ólafsson upp í lögréttu 23. júlí 1798, en þá voru líka allir af þingi farnir.[3]) Svo kvað yfirréttur upp dóm þar þann dag.[4]) Magnús Stephensen setti þann 6. ágúst 1798 „lögþingisrétt" að Leirá og kvað þar upp dóm í máli því, sem hann hafði frestað að dæma á Alþingi um sumarið.

Næstu árin 2 var þingið (lögrétta og yfirréttur) háð í Reykjavíkurkaupstað á Hólavelli í húsi latínuskólans, og var þá nefnt „almennilegt lögþing"[5]). Settu það varalögmennirnir Stefán Stephensen og Benedikt Gröndal. Kom nú til orða að flytja þingið af Þingvelli til Reykjavíkur. Lagði Ólafur stiftamtmaður Stephensen í bréfi 12. sept. 1798 til kansellisins það til, að reist yrði hús til Alþingishalds í Reykjavík, því að lögréttuhúsið á Þingvelli við Öxará væri óbrúklegt. Svaraði Rentukammer stiftamtmanni svo í bréfi 1. júní 1799,[6]) að það

1) Eru skjöl þau, er þetta mál varða í þjóðskjalasafni.
2) Alþingisbókin 1798, bls. 71—72.
3) Sama bók, bls. 92.
4) Dómabók yfirréttar 1780—1800 í þjóðskjalasafni.
5) Alþ.bók 1799 nr. 1 og 1800 nr. 1.
6) Lovsamling for Island VI 370—371.

væri sammála honum um það, að heppilegt væri að flytja Alþingi frá Þingvöllum og til Reykjavíkur, en bæði af því, að kostnaðarsamt sé að reisa hús í Reykjavík og svo vegna þess, að hús muni bráðlega þurfa handa fleiri stofnunum, þá muni rétt að athuga, hvort ekki verði hægt að kaupa tiltekið hús handa þeim. Og 12. apríl 1800[1]) skrifar kansellíið stiftamtmanni bréf einnig þess efnis, að það sé honum samdóma um flutning þingsins af Þingvelli til Reykjavíkur, en kveðst síðar munu koma með tillögur sínar um það mál. En úr flutningi Alþingis varð þó ekkert, sem kunnugt er, heldur var það beinlínis lagt niður, og landsyfirréttur stofnaður í stað Alþingisdómstólanna, lögréttu og yfirréttar.

II. Það er ókunnugt, hvort *þinghelgin* hefur, eftir að nýja skipulagið komst á, tekið yfir nokkurt ákveðið svæði. Skifti það ekki heldur miklu máli, því að allir þeir, sem til þings riðu í nauðsynjaerindum, voru í griðum hver við annan til þings, á þingi og þar til heim var komið, Járns. Þingfb. 4 og Jónsb. Þingfb. 5. Þar á móti virðist það hafa skift máli gagnvart öðrum mönnum en þeim, sem þing sóttu, t. d. ef utanþingsmaður gerði á hluta einhvers þingmanns. Þá mun meira hafa sagzt á broti hans, ef hann vann það í þinghelgi, en ef það varð utan hennar, sbr. orðin í Járns. Þingfb. 4 og Jónsb. Þingfararb. 5: „Ef maðr særir mann á Alþingi (Öxarárþingi) eða veitir honum lemstrarsár". „Á Alþingi (Öxarárþingi)" merkir hér sama sem *á Þingvelli í þinghelgi*. En hitt segir ekki, hversu víðáttumikil þinghelgin hafi verið. Á fyrri öldum, meðan mannvíg og meiðingar voru tíðar, var það mikilsvert að marka þinghelgina sæmilega glöggt, en það er hvergi gert. Einungis sést það á þingsetningarformála frá 16. öld,[2]) að þinghelgin (grið) nær út fyrir lögréttu, því að lögmaður, sem þingið setur, lýsir friði og griðum allra manna á meðal, bæði *í lögréttu og utan*, meðan þing stendur. Griðin eða þinghelgin hafa þá líklega náð yfir það svæði, sem menn fóru um, er þeir voru að gegna þingstörfunum, án þess að nokkur ákveðin mörk væri sett.

Eins og fyrr var getið, var land það, sem Alþingi hafði til afnota í öndverðu lagt til Alþingisneyzlu. Og lögbækurnar

1) Lovsamling for Island VI 426.
2) Alþingisbækur I 4.

byggja á þessu ástandi. Þess er eigi getið til forna, að þingvallarbúandi hafi fengið nokkrar bætur fyrir átroðning þann og usla, sem þinghaldið hlýtur að hafa bakað honum. Og þess verður ekki heldur vart, að hann hafi mælt til bóta fyrir það fyrr en 1736. Þá ber síra Jón Halldórsson, prestur á Þingvöllum, sig upp undan því, að landi prestssetursins sé spillt með jarðraski og grjóttöku til búðagerðar og búðaviðhalds, og svo gangi hestar þingmanna í landi prestsetursins og hjáleigna þess, svo að beit handa þeirra peningi spillist og heykostur þverri. Lafrenz amtmaður lagðist fast á móti tilmælum prests, er Jón biskup Árnason hafði stutt. Sagði amtmaður, að landið hefði verið lagt til Alþingisneyzlu í fornöld (930) og hefði verið síðan þeirri kvöð bundið, enda hefði þingmenn alltaf átt þar frjálsa beit hrossum sínum og að þeim hafi jafnan verið heimilt eldsneyti handa sér. Sé landið almenning, svo sem forðum hafi verið. Hafi veraldarmenn á þingi haft bækistöð sína vestan ár, og engin spjöll gert prestsetrinu. Biskup og kennimenn hafi þar á móti haft tjöld sín og athvarf austan ár, og varði Alþingi það ekki.[1]) Um málaleitan þessa kemur svo konungsbréf 26. apríl 1737, sem birt var á Alþingi sama ár.[2]) Segir þar, að eigi skuli bregða að neinu leyti af þeirri skipun, sem verið hafi á Alþingisstaðnum frá fornu fari og megi því sýslunarmenn konungs hafa beit handa hestum sínum, þar sem og svo sem þeir hafi hingað til haft hana, og hafa búðir sínar og tjöld eftir því, sem henti bezt, enda skuli þeir eiga forræði á búðum sínum og tjöldum, er þeir hafi sett með sjálfra sinna kostnaði á þingstaðnum. En ef hestar þingmanna komi yfir ána og spilli túni prests eða engjum, þá skuli aðili bæta presti skaða eftir samkomulagi eða dómi. Þótt presti væri synjað um heimild til að amast við tjöldum eða búðum þingmanna, þá fekk hann þó þá ívilnun, að land hans austan ár átti að vera friðað fyrir ágangi þingmannahesta. Hann hefur þar á móti orðið að eiga um það við Skálholtsbiskup, hvernig fara skyldi um bætur fyrir usla af hestum biskups og kennimanna.

---

1) Bréf Lafrenz amtmanns er prentað í Árbók Fornleifafélags 1922/23, bls. 95—98.

2) Alþingisb. 1737 nr. XVIII 6.

## 19. gr.

## Lögrétta o. fl.

I. *Lögberg* hvarf alveg úr sögunni eftir 1271. Lögbækurnar geta þess eigi, því að þær athafnir, sem í fornöld voru tengdar við lögberg, annað hvort hurfu alveg úr sögunni eða fóru fram í lögréttu. Ekki er heldur kunnugt, hversu lengi *þingmannakirkja* hefur staðið á Þingvelli. Hennar finnst ekki getið, svo að kunnugt sé, eftir 1271, en má þó vera, að hún hafi staðið nokkru lengur. En eftir niðurlagningu þingmannakirkju hefur búandakirkja, og síðan lénskirkjan, eftir að Þingvellir voru orðnir lénsbrauð (beneficium), verið höfð til guðsþjónustu um þingtímann.

II. Í fornöld var *lögréttan* á völlunum austan Öxarár, eins og fyrr er vikið að. Það má telja víst, að hún hafi verið þar áfram nokkuð eftir að þingskipun lögbókanna komst á. En það er ókunnugt, hversu lengi hún hafi verið í gamla staðnum. Um 1500 virðist hún vera komin í Öxarárhólma, því að í bréfi einu frá 1592, sem fylgir Morðbréfabæklingum Guðbrands biskups,[1]) er skýrsla um það, að Gottskálk biskup hafi látið menn sína varna Jóni lögmanni Sigmundssyni að komast í lögréttu, nema í einum stað, „þar sem ein mjó bryggja lá yfir ána“. Kom Jón að bryggju þessari, sem líklega hefur verið borð lagt yfir ána, og gekk út á, en féll í ána, sem var honum of djúp og flaut að „hólminum“. En „einn sá maður, sem í hólminum var staddur, náði í hárið á Jóni og dró hann upp á hólmann“. Virðist Jón Sigmundsson hafa ætlað sér að fara yfir aðra árkvíslina út í hólmann til þess að komast í lögréttu, og hefur hún þá verið í hólma úti í ánni. En hvers vegna hefur lögréttan verið flutt úr stað og út í Öxarárhólma? Eiginlega er torvelt að hugsa sér nema eina ástæðu fyrir því, þá, að auðveldara var að verja lögréttu fyrir árásum, ef hún var umlukt vatni á alla vegu en ef hún var á völlunum. Á þessum öldum var víkingslundin enn rík í mönnum, svo að menn börðust stundum á Alþingi, eins og menn Árna Þórðarsonar og Jóns Guttormssonar

1) Sögurit I 215—216.

árið 1361.[1]) 1381 voru þeir Guðmundur Ormsson og Ormur Snorrason „þröngdir" með manngangi á Alþingi.[1]) Og á 15. öld og framan af 16. eru ýms slík dæmi um róstur þar, svo sem í deilum Ólafs biskups Rögnvaldssonar og Hrafns lögmanns Brandssonar, er menn lögmanns gerðu hark að biskupi og klerkum hans og „höstuðu" þeir biskup út af lögréttunni og sögðu, að hann ætti ekki þar að vera.[2]) Árið 1504 gekk Torfi í Klofa með menn sína að dóminum með tygjað fólk og náði einum dómendanna, Arnóri Finnssyni, á einmæli og umkringdi hann, svo að hann mátti ekki komast í dóminn.[3]) Það er reyndar líklegt, að lögréttan hafi þetta ár verið enn á völlunum, þó að vera megi, að Torfi hafi komizt með mannsöfnuð sinn út í hólminn. En einmitt slíkar aðfarir sem þessar hafa vel mátt verða til þess, að reynt yrði að koma lögréttu á óhultari stað en hún hefur verið á, meðan hún var á bersvæði á völlunum. Í hólmanum er lögréttan að minnsta kosti til 1563, því að með kgsbr. 20. marz það ár[4]) er leyft að flytja hana þaðan, enda er hólminn þá talinn nær eyddur af vatnagangi, og skyldi nú setja hana þar sem höfuðsmanni og lögmönnum þætti henta. 1577 er lögrétta flutt úr hólmanum og hefur þá verið flutt vestur fyrir ána að líkindum. Um 1700 er hún vestan ár, 1735 og 1750 sömuleiðis, og hefur verið það tímabilið út.[5])

III. Lögrétta var lengstum undir beru lofti.[6]) Eftir lögbókunum, Járns. Þingfb. 3 og Jónsbók Þingfb. 3, skyldi lögmaður *„láta gera vébönd á lögþingi á þingstað réttum,* svá við, *at þeir hafi rúm fyrir innan at sitja, sem í lögréttu eru nefndir"*. Utan um lögréttu voru settar upp stengur eða stjakar og bönd (véböndin) fest á þær, eftir því sem segir í Jónsbókarhandriti einu utanmáls með hendi frá 16. öld.[7]) Vébönd merkir friðbönd, og felst í því, að innan þeirra sé helgistaður og griða. Sama tilhögun var í Noregi, enda eru ákvæði lögbókanna um

---

1) Íslenzkir annálar IX.
2) Dipl. Isl. VI nr. 347.
3) Dipl. Isl. VI nr. 652.
4) Prentað í Árbók Fornleifafél. 1922/23, bls. 74.
5) Sbr. Matthías Þórðarson þjóðminjavörð í Árbók Fornleifafél. 1922/23, bls. 70 o. s. frv.
6) Sbr. Biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar (Sögufélagsrit II [Skálholtsbiskupar], bls. 331—332).
7) Alþingisbækur I 2 neðanmáls.

þetta þaðan komin. Í Egilss. 56. kap. segir, að heslistengur hafi verið reistar um dómstaðinn, er var á sléttum velli, en lögð um snæri umhverfis, og voru þau kölluð vébönd. Skáru þeir bræður Gunnhildar á böndin og brutu niður stengurnar en hleyptu upp dóminum. 36 lögréttumenn og lögmenn áttu sæti í lögréttu og að sjálfsögðu Alþingisskrifari eftir 1631. Þeir, er málum áttu þar að gegna, hafa ef til vill á fyrri öldum staðið utan við véböndin, svo og vottar, er vætti var af tekið í lögréttu. En síðar virðist það hafa orðið venja, á 17. öld og þar eftir, að málsaðiljar og vottar kæmi inn í lögréttu og flytti þar mál sín, enda sýna uppdrættirnir, sem til eru af lögréttu, að svo hefur verið.[1]) Jafnvel sökunautar í refsimálum virðast hafa verið leiddir inn í lögréttu til rannsaks. *Biskupar* komu og iðulega í lögréttu, en eigi virðast þeir þó hafa átt þar setu að lögum, enda „hasta" lögréttumenn Ólaf biskup Rögnvaldsson, er hann á í deilunum við Hrafn lögmann Brandsson, út af lögréttunni 1481[2]) og segja, að hann eigi þar eigi að vera. En hann kveðst vera „ríkisins ráð í Noregi ok bauð sig þá enn til að styrkja kongsins rétt". En lögmaður og lögréttumenn höfðu lög að mæla, því að Jónsbók Þingfb. 3 ætlar engum sæti innan vebanda, nema lögmanni og 36 lögréttumönnum, utan þeim, sem lögmaður leyfir. *Presta* biskups er getið í lögréttu með Ólafi biskupi, og buðust fylgismenn lögmanns til að draga þá út. Og vitanlega var það rétt, ef þeir fóru ekki eftir kröfu lögmanns. Veraldlegir embættismenn voru undir sömu lög seldir. Þess er iðulega getið í Alþingisbókum, að þessi eða hinn *sýslumaður, lögsagnari, klausturhaldari* eða *umboðshaldari* hafi „komið í lögréttu" með eitthvert mál eða erindi, en aldrei gefið í skyn, að þeir hafi átt þar sæti, eins og lögréttumenn eða lögmenn. Alveg eins er það orðað um *höfuðsmann* og *fógeta* (umboðsmann) hans, *amtmenn* síðar og *landfógeta*, að þeir hafi „*komið* í lögréttu" með mál, er vörðuðu þeirra embætti. Annað mál er það, að þessum mönnum hefur verið auðsótt leyfi lögmanns til að koma inn fyrir vébönd in. Uppdrættirnir af lögréttu sýna það glöggvast, að engum öðrum en lögmönnum og lögréttumönnum var ætlað sæti innan vebanda. Þar eru sýnd sæti lögmanna beggja og 18 + 18 lögréttumanna og Al-

1) Alþingisbækur I 2, II 364.
2) Dipl. Isl. VI nr. 347.

þingisskrifarans á öðrum uppdrættinum, en ekki á öðrum, sem því mun vera gerður fyrir 1631, en sýslumönnum og öðrum embættismönnum eru þar engin sæti ætluð. Þess skal þó geta, að á báðum uppdráttunum er staður, sem merktur er „sedes præfecti regis", á eldra uppdrættinum og „sedes satrapis sive præfecti regis" á hinum yngra, og merkir hvort tveggja „sæti umboðsmanns konungs". Höfuðsmanni og síðar stiftamtmanni hefur því verið ætlað sérstakt sæti í lögréttu, þegar hann var þar, en eftir lögbókunum átti hann ekki fremur heimtingu á að vera þar en aðrir menn. Kann þetta þó að hafa breytzt með tímanum eftir því sem konungsvaldið styrktist. Þó er naumast, að lögmenn hafi þurft að þola það, að nokkurir aðrir en lögréttumenn væri í lögréttu, meðan þeir báru sig saman um dómsniðurstöður sínar. Það var auðvitað auðsótt mál og vafalaust talið einsætt, að allir embættismenn og sýslunar fengi leyfi til að koma í lögréttu, ef þeir þurftu þar að bera fram mál varðandi embætti sitt.

Loks er mjög oft getið komu ýmsra í lögréttu, sem báru þar fram fyrirspurnir ýmiskonar, leituðu ráða, kröfðust laga og réttar, þurftu að birta eitthvað o. s. frv. Allir þessir menn hafa og auðveldlega fengið leyfi til að koma inn fyrir véböndin.

Véböndin komu í stað girðingar um lögréttuna. Þau voru í stað dómgæzlumannanna, sem vera skyldi eftir Grágás. Þau áttu að verja lögréttumenn truflun og áhrifum frá mönnum utan lögréttu. Það var vitanlega léleg vörn, ef á reyndi. Aðalvörnin lá og hlaut að liggja í því, að staðurinn væri helgur í hugum manna og friðlýstur, og að það væri þess vegna ólög og óhæfa að raska friði og helgi lögréttunnar.

Ekki er kunnugt um stærð lögréttunnar, meðan hún var undir beru lofti, enda hefur hún sennilega ekki verið ákveðin öðruvísi en svo, að rúm væri handa lögmönnum, lögréttumönnum, ritara og þeim, sem þar áttu erindi að rækja. Um lögun hennar frá fornu fari er ekki heldur vitað. Á uppdrættinum, sem sýndur er í Alþingisb. I 2 er lögréttan *hringmynduð* með inngöngum tveimur, öðrum að norðanverðu fyrir lögmann og lögréttumenn að norðan og vestan, og hinum að sunnanverðu fyrir lögmann og lögréttumenn að sunnan og austan. Sæti lögmanna, lögréttumanna og höfuðsmanns eru þar og sýnd. Þessi uppdráttur er sennilega af lögréttu áður en Alþingisritari var sett-

ur, því að honum er þar ekkert sæti ætlað. Og eigi er þar heldur markaður neinn staður handa málflytjendum. Á hinum uppdrættinum, sem sýndur er í Alþingisb. II 364, er lögréttan þar á móti réttbyrndur ferhyrningur aflangur. Inngangar eru og sýndir þar tveir, annar fyrir norðanmenn og vestan og hinn fyrir sunnan menn og austan. Var jafnan, meðan lögréttan var skipuð eftir Jónsbók, og að vísu síðar, greint milli „lögréttu að sunnan og austan“ og „lögréttu að norðan og vestan“, af því að lögréttumenn sátu sér úr hvoru lögdæmi. Var því og stundum talað um „Suður-lögréttu“ og Norður-lögréttu“[1]). Auk þess er sýnt sæti höfuðsmanns og Alþingisskrifara. Svo er þar og markaður staður, þar sem málflytjendur og vottar sé vanir að standa. Uppdráttur þessi virðist vera af lögréttu frá síðari tíma en hinn uppdrátturinn.

Einhvers konar sæti hafa verið í lögréttu handa þeim, sem áttu þar setu, sjálfsagt lengi framan af bekkir úr grjóti og torfi, en ef til vill síðar úr timbri.

Nærri má geta, að ekki hefur verið þægilegt að sitja að þingstörfum undir beru lofti, þegar regn var eða hvassviðri, jafnvel þó að um hásumartímann væri. Og algerlega er fyrir það girt, að Alþingisskrifari hafi þá alltaf jafn harðan mátt bóka það, sem fram fór í lögréttu. Þó er ekki sýnilegt, að þingstörf hafi tafizt að nokkru ráði af þessum ástæðum. Þingið stendur venjulega fáa daga og miklu skemmri tíma meðan lögréttan var undir beru lofti, en eftir að hún var komin undir þak. Samt sem áður hafa menn, og ekki hvað sízt hinir erlendu umboðsmenn konungsvaldsins, hlotið að hafa fundið óþægindin af þessu skipulagi. Enda hafa menn snemma farið að hugsa um að koma upp húsi til Alþingishalds, því að samkvæmt 46. gr. réttarbótar 2. júlí 1294 skyldi leggja þingvíti til þinghússgerðar. En ekkert varð þó úr framkvæmdum í þessa átt öldum saman. Loks stingur Hedemann landfógeti upp á því á Alþingi 1690, að gert skyldi skýli yfir lögréttu, lögréttuhús svonefnt. Lofaði landfógeti að leggja til viðu í húsið, en hver sýslumaður lofaði að leggja til 10 álnir vaðmála til þaks á lögréttuhúsið, og skyldi vaðmálið vera komið á Þingvöll næsta sumar (1691) á Péturs messu og Páls (29. júlí.[2]) Hafa

1) Sjá t. d. Alþb. 1691 nr. 44 og 1724 nr. 13.
2) Alþingisbókin 1690 nr. 9.

verið gerðir torfveggir að húsinu og grind úr tré innan vert, en vaðmáli tjaldað þakið og veggirnir að innan.[1]) Vaðmálið hefur, að því er virðist, verið niður tekið ár hvert í þinglok, og sett upp aftur næsta ár í þingbyrjun. Sést það, að svo hefur verið, meðal annars á því, að 15. júlí 1724 kvartar Páll lögmaður Vídalín yfir því, að lögréttan norðan og vestan sé „opin og ótjölduð"[2]). Lögmaðurinn norðan og vestan hefur sýnilega átt að sjá um tjöldun lögréttunnar að sínu leyti og lögmaðurinn sunnan og austan að sínu leyti. Lögmennirnir voru formenn lögréttu, og því var eðlilegt, að þeir ætti að hafa umsjón lögréttuhússins.

Engin ákvæði voru gerð um *viðhald* lögréttuhússins, þegar ráðið var að koma því upp 1690. Þingviti samkvæmt Jónsbók Þingfb. 3 skyldi þó ganga til þess, eins og síðar verður gerr sagt. Þar við sat, unz svo var mælt í tilsk. um dómsmálasjóðinn 14. nóv. 1764 8. gr. b, að kosta skyldi viðhald og endurbyggingu hússins af fé þessa sjóðs. Húsið var lengstum í hinni megnustu vanhirðu. Þegar árið 1720 er það orðið svo lélegt ,að ekki er þar þá talið starfandi í regni eða vindi.[3]) 1722 er húsið víst fallið að veggjum og viðum, því að þá ritar Páll lögmaður Vídalín sýslumönnum bréf um viðhald þess.[4]) En lítið hefur verið um bætt. Hefur húsið víst fengið að grotna niður um sinn, því að í bréfi 28. sept. 1732 til stiftbefalingsmanns lýsir Guðmundur Sigurðsson, þá Alþingisskrifari og síðar sýslumaður, lögréttuhúsinu svo, að bæði fyrir og eftir þing sé berir veggir úr grjóti og torfi hér um bil 2½ alnar háir, tvennar sé dyr á því, er fólk gangi út og inn um. Þegar þing sé haldið, þá sé reistar 4—6 sperrur, og yfir þær sé strengt íslenzkt vaðmál, en þó sé gaflar ótjaldaðir og dyr. Spillist skjöl og bækur af vatni og vindi, því að inn rigni, ef regn sé, enda fjúki skjöl og fjöður, nema því meiri gætni sé við höfð. Er stiftbefalingsmaður beðinn að leggja fyrir lögmenn að koma húsinu í betra horf „saa som der er næppe nogen barbare Nation at finde, der jo altid har et skikkeligt Raadhus eller Tinghus, hvori deres Overretter, om de ellers har nogen, maatte holdes". Magnús

1) Sbr. Biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar tilv. st. og Jón Sigurðsson í Safni II 139.
2) Alþingisbók 1724 nr. 13.
3) Alþingisbók 1720 nr. 23.
4) Bréf þetta kvað vera í safni Raska nr. 17

lögmaður Gíslason svarar þessu svo, að hann hafi lagt nýtt vaðmál til nú síðasta árið, en það leki allt af í stórrigningum. Segist hann ekki hafa efni á því, þótt hann feginn vildi, að halda húsinu við á sinn kostnað eða endurbyggja það.[1]) Lögmönnum var auðvitað allskostar óskylt að halda lögréttuhúsinu við eða endurbyggja það á sinn kostnað. Það var að sjálfsögðu skylda konungsvaldsins að gera það. Hefur nú líklega eithvað verið gert við húsið, enda mátti nú minnka það eftir að dómsköp Norsku laga voru komin á og lögréttumönnum var fækkað. Eftir 1720 þurfti ekki að nefna fleiri menn úr hvoru lögdæmi en 8 til lögréttusetu, enda dæmdu nú lögmenn einir í flestum málum. Mun lögréttuhúsið bæði hafa verið hresst við og minnkað á árunum 1733—1736. Séra Jón Halldórsson (d. 1736) segir einnig í Biskupasögum sínum, áður tilv. stað, að þá, er hann ritaði þá frásögn, hafi lögréttuhúsið verið minna en það hafi verið 1690, er árlega hafi verið nefndar þrennar tylftir manna til lögréttusetu.

Um viðhaldsleysi lögréttuhússins hefur bráðlega sótt í sama horf sem áður. Árið 1746 er t. d. talað um, að það þurfi enn viðgerðar „bæði til gólfs og rjáfurs".[2]) Á seinni helmingi 18. aldar var lögréttuhúsið lítið timburhús. Í kgsbr. 14. nóv. 1764 til stiftamtmanns var því heitið, að byggja mætti húsið upp af steini og kalki jafnskjótt sem efni dómsmálasjóðsins leyfði það. En efni sjóðsins leyfðu það ekki. Og framkvæmdasemi yfirstjórnar landsins var jafnan hin sama um þetta efni. Viðhald hússins var allt af á sömu bókina lært. 1781 er það t. d. orðið svo úr sér gengið, að þá er sagt, að 18. júlí hafi ekki verið unnt að hafast þar við vegna óveðurs og leka og að réttarskjölin myndi gjörspillast, ef setið væri þar þá að dómstörfum.[3]) Líklega hefur þetta verið látið dankast og lítt verið um húsið hirt. Skoðunargjörð á því er sagt, að fram hafi farið 1797, og að það hafi þá verið metið mjög hrörlegt. Loks 20. júlí 1798 lýsir Magnús Stephensen, þá lögmaður, síðar yfirdómsforseti, yfir því, „að sökum Alþingis ónæðis og heilsuspillandi dragsúgs í gegnum gluggabrotið og opið lögréttuhús, um hvert hann biður nákvæmlega konunglega embættismenn nú að

1) Þjóðskjalasafn A nr. 75 II 11.
2) Alþingisbók 1746 viðbætir.
3) Alþingisbók 1781 nr. 19.

vitna eftir sjón, sé hann við réttarhald í þessum vindhjalli nú orðinn lasinn og veikburða, svo hann ei treystist til að halda svo lengi fram lögþinginu sem þarf til dómsuppsagnar í máli" tveggja nafngreindra manna. Síðan bera þeir Vibe amtmaður, Magnús lögmaður Ólafsson, Stefán varalögmaður Stephensen, Finne landfógeti, 3 sýslumenn og lögréttumennirnir 4 það vitni, „að húsið sé óheilnæmara og verra hverjum vindhjalli og heilsa og líf þeirra í háska, sem þar neyðast til inni að sitja. Hússins hrörlega ástand sé með þessigtigelse í fyrra (þ. e. 1797) sýnt og sannað, hafi því síðan hnignað, en ei fram farið.[1]) 1798 var líka síðasta árið, sem lögréttuhúsið var notað til þinghalds, því að tvö árin síðustu, sem Alþingi stóð að nafninu til, var það háð í Reykjavík, eins og áður segir.

IV. Á þingstaðnum var *klukka*, er lögmaður hringdi bæði áður en þing var sett ár hvert og svo hverju sinni áður en ganga skyldi í lögréttu. Í lögbókunum Járnsíðu Þingfb. 3 og Jónsbók Þingfb. 3 segir, að allir skuli ganga til lögréttu, þegar lögmaður lætur hringja „(hinni) miklu klukku". Það er líklegt, að þessi klukka hafi verið í þingmannakirkjunni, ef hún hefur verið uppi standandi eftir 1271, en um það er ókunnugt. En klukka hefur allt af verið í sambandi við þinghald á Þingvelli við Öxará. Lögmenn virðast hafa skifzt á um að láta hringja til lögréttufunda, eftir því sem ráða má á orðum Páls lögmanns Vídalíns í Alþingisbók 1720 nr. 3. Klukku er getið við og við, auk þess sem iðulega er talað um hringingar fyrir þingsetningu. 1593 virðist ný klukka hafa verið fengin. Með hendi Árna Magnússonar segir á einum stað, að á Alþingisklukkunni standi: „Verbum domini manet in æternum", auk nafns smiðsins og smíðaárs (1593), og að Jón lögmaður Jónsson hafi víst komið út með þá klukku. Eftir því hefur komið ný klukka til Alþingis 1593 eða 1594 og er hún þá enn til 1703, því að þá hefur Árni gert þessar athugasemdir. 1723 er klukka þessi biluð, og býðst Oddur lögmaður Sigurðson þá til að láta gera við hana fyrir 60—70 ríkisdali, svo að hún verði góð,[2]) og vill, að lögmenn, sýslumenn og lögréttumenn „samt aðrir réttarins þénarar" leggi svo mikið til, að ein stór klukka fáist í hennar stað. En ekki er kunnugt, hvað úr því hefur orðið.

1) Alþingisbókin 1798 bls. 71—72. Skoðunarinnar 1797 er ekki getið í þess árs Alþingisbók.

2) Alþingisbók 1723 nr. 33.

En nú fekk Páll lögmaður Vídalín klukku að láni hjá Þingvallaklerki. Þessa klukku hafði Fuhrmann amtmaður á þingi 1727 beðið Pál að ljá sér til þess að hringja til þinghalds í yfirrétti það ár. En Páll hafði færzt undan að lána klukkuna og tafið með því samkomu yfirréttar, að því er amtmaður sagði. Stefndi amtmaður Páli þar á þingi, og var Páll dæmdur til sekta fyrir[1]) í lögréttu. Hafði lögmaður sér það til varnar, að hann hefði samið við prestinn um lán á klukkunni handa *lögréttu*, og hefði hann því ekki átt með að lána hana til þarfa yfirréttarins. En prestur vottaði það, að hann hefði engan varnagla slegið um notkun klukkunnar og hefði ekki vænzt neinnar tvídrægni í þessum efnum milli manna. Er klukkumál þetta nokkur spegill af samkomulagi manna á Alþingi um þessar mundir. Að lokum mun hin bilaða klukka þó hafa verið send út, brædd þar upp og steypt upp af nýju, því að víst er það sama klukkan, sem Magnús, þá lögmaður, Gíslason segir í bréfi til stiftbefalingsmanns 29. ág. 1733,[2]) að Benedikt lögmaður Þorsteinsson hafi sent út til Kaupmannahafnar og látið steypa upp. Hafi Keflavíkur-kaupmaður flutt þessa uppsteyptu klukku upp og liggi hún þar, enda vilji nú enginn greiða kostnað af steypu eða flutningi. Spyrst lögmaður fyrir um það, hvernig með þetta skuli fara. Í bréfi ári seinna, 1. sept. 1734,[2]) endurtekur hann þessa málaleitun. Hafi hann heyrt, að sýslumenn hafi lofað að leggja 1 rd. til klukkunnar hver, en það hafi ekki goldizt og gangist þeir nú ekki við þeim loforðum, enda muni ekki hægt að skylda þá til greiðsu. En lögmaður fekk að láni klukku hjá Þingvallaklerki þessi ár. Leggur hann nú til, að klukkan verði send aftur til Kaupmannahafnar og seld þar, því að hún sé of stór til notkunar hér. Er þetta mál eins og margt fleira, glöggur vottur um stjórn landsins á þessum tímum. En eigi er kunnugt, hvernig að lokum var leyst úr máli þessu.

Eftir að lögréttumönnum og dómendum í yfirrétti var fækkað, hefur minni þörf verið á klukku. Er hennar ekki getið í Alþingisbókum, en hringinga fyrir þingsetningu er getið við og við fram yfir 1760, en úr því sjaldan eða aldrei. Þarf sá síður þó ekki að hafa verið lagður niður fyrir því, af því að

1) Alþingisbók 1727 nr. 16.
2) Þjóðskjalasafn A nr. 75, I 4.

sum árin fyrir 1760 er engra hringinga getið, þó að þær hafi eflaust verið um hönd hafðar. Hitt er langliklegast, að forna siðnum hafi verið haldið alla þá stund, er þingið var háð á Þingvelli, og að lögrétta hafi sjálf átt klukku eða fengið hana að láni hjá Þingvallapresti.

## 20. gr.

### Búðir á Þingvelli. — Þingvist.

I. Eins og áður segir, höfðu höfðingjar lýðríkisins gert búðir handa sér og mönnum sínum á lýðríkistímanum. Ætla má, að búðum þessum hafi verið haldið við, sumum að minnsta kosti, eftir lok lýðríkisins, og að þær hafi verið notaðar af þingheyjendum. Búðarrúst var kennd við Ögmund biskup,[1]) og er það vottur þess, að menn hafi helgað sér búðir og haldið þeim við fram til siðaskifta.[2]) En svo hafa búðirnar smám saman fallið, án þess að þeim væri haldið við eða þær væri endurreistar. Stóð þing og stutt oftast á 16. og 17. öld, og hefur mönnum þá ekki þótt það svara kostnaði að halda búðunum við. Hefur þeim þótt betra að hafa tjöld og búa í þeim yfir þingtímann. Fram undir 1700 hafa allir þingheyjendur búið í tjöldum, nema ef svo er, sem Lafrenz amtmaður segir 1736, að Snorrabúð hafi haldizt við og að önnur búð hafi verið til, sem amtmaður hafi notað. En fleiri voru þær ekki. 1691 hefur fyrsta lögréttuhúsið verið gert og þá segir, að amtmaður og landfógeti hafi látið hlaða veggi að búðum sínum vestan ár, enda er talað um Hedemanns búð,[3]) en Kristofer Hedemann var landfógeti 1690 og átti frumkvæði að þinghússgerðinni þá, eins og sagt hefur verið. Þá hafa og fleiri menn smám saman tekið að gera sér búðir, skýli úr grjóti og torfi með þaki eða vaðmálstjaldi yfir. Þó er þetta varla orðið al-

1) Árbók Fornleifafél. 1885, bls. 141. Um búðir annars á Þingvelli má vísa til ritgjörðar eftir Matthías Þjóðminjavörð Þórðarson í Árbók Fornleifafélags 1922/23.

2) Lafrenz amtmaður segir í áliti sínu 1736 (Árbók 1922/23, bls. 97), að menn hafi, bæði fyrir og eftir lögtöku Jónsbókar, byggt á sinn kostnað og haldið við búðum á Alþingi.

3) Árbók Fornleifafél. 1885, bls. 141.

gengt fyrr en eftir 1720. Páll Beyer, sem var umboðsmaður amtmanns, hefur búð á Alþingi 1710,[1]) en þess var von, því að amtmaður og landfógeti hafa einmitt haft búðir ef til vill alla tíð og ef til vill höfuðsmaður (fógeti) á undan þeim. Aðrir þingheyjendur höfðust þar á móti við í tjöldum um þessar mundir. 1717 sést það glöggt, að flestir höfðu þann hátt á, þar á meðal lögmenn. En nú var þing farið að standa lengur en verið hafði næstu aldir, og má vel vera, að það hafi ýtt undir búðagerð á Þingvelli. Segir Lafrenz amtmaður í oftnefndu áliti sínu 1736 og, að menn sé fyrir nokkru teknir að gera sér búðir, og nú (þ. e. 1736) eigi amtmaður, landfógeti, lögmenn, Alþingisskrifari, sýslumenn og konungsþjónar (kongelige Betjente) sér allir[2]) búð á Þingvelli. Hafði Þingvallarprestur, sem fyrr segir, borið sig upp undan ágangi og usla á þingstaðnum af hálfu þingheyjenda, þar á meðal grjóttöku og jarðraski vegna búðagerðar. Búðir og tjöld veraldarmanna stóðu öll vestan ár og skyldi þeim samkvæmt áðnefndu kgsbr. 26. apríl 1737 vera heimilt að gera þar búðir handa sér og taka jarðefni til þeirra vestan ár án endurgjalds til handa Þingvallarpresti. Búðum héldu sumir við fram eftir öldinni, þó að aðrir hafi látið þær falla og hafzt við í tjöldum um þingtímann.

Biskupar og klerkar höfðu tjöld sín — búðir hafa þeir víst aldrei gert um þessar mundir — austan ár.

II. *Þingvist* hefur á þessu tímabili verið að ýmsu háttað líkt og áður. Um búðaskipun og tjöld er áður talað. Það hefur verið venjan á þessu tímabili sem áður, að menn hafa orðið að flytja vistir með sér til Alþingis. Meðan sýslumenn áttu að halda nefndarmönnum kost, þá hafa þeir þurft að flytja þangað miklar birgðir, sérstaklega sýslumenn í nærsýslunum við Þingvöll, því að þaðan voru nefndarmenn fleiri en úr fjarsveitum. Hafa menn lengstum lifað mjög með sama hætti um þingtímann. Ríkismenn, svo sem hirðstjóri og aðrir æðstu embættismenn konungs, og sennilega ýmsir sýslumanna og biskupar, hafa haft með sér matgerðarmenn og matgerðartæki, eins og höfðingjar hafa gert í fornöld. En margir hafa setið við þurran kost eingöngu. Svo hefur sjálfsagt verið um lög-

1) Alþingisbók 1710 nr. 10 og 1719 upph.
2) Sbr. og Árbók Fornleifafél. 1887, bls. 47.

réttumenn eftir að þeir urðu að fæða sig sjálfir. Stundum voru stórveizlur haldnar á Alþingi. Gerðu það hirðstjóri eða höfuðsmaður. Höfðu þeir oft í boði sínu heldri menn landsins á Alþingi. 1619 hélt fulltrúi konungs t. d. stórveizlu á Þingvelli eftir að konungshyllingarnar höfðu farið fram, og alloft er um slíkar veizlur talað.

Drykk fluttu menn og með sér til Alþingis. Er víst ekki um ölhitu þar getið á þessu tímabili. Og er þó sennilegt, að hún hafi átt sér stað fyrst eftir að landið komst undir konung. En síðan tók þýzkt öl að flytjast til landsins og svo sterku drykkirnir, aðallega brennivín. Höfðu margir gnægð slíkra drykkja til Alþingis. Og hefur kveðið mikið að vínnautn á Alþingi á 17. og 18. öld, eins og nánar verður að vikið.

Um hrossagæzlu þingsóknarmanna eru engin sérákvæði í lögum eða öðrum réttarreglum frá þessu tímabili svo að kunnugt sé. Þingvallarprestur kvartar meðal annars undan átroðningi af þingmanna hestum á fyrra hluta 18. aldar. Og virðist því svo sem þeir hafi þá verið hafðir í heimalandi jarðarinnar, en vestan ár. Skyldi prestur hafa það bótalaust með því að það sé gömul kvöð á landinu. Hestar biskups og presta voru þá austan ár og skyldi Þingvallarprestur eiga við biskup, eins og áður getur, um það. Meðan Alþingi var háð á Þingvelli, hljóta menn venjulega að hafa komið þar með allmikinn fjölda hesta, og virðist líklegt, að þeim hafi verið komið á haga brott af Þingvelli, eins og verið hefur fyrrum, því að varla hafa hagar enzt umhverfis þingstaðinn, að minnsta kosti ekki meðan nefndarmannatalan var samkvæmt Jónsbók og fyrirmenn höfðu þann stórmennskubrag á sér, sem tíðkaðist á fyrri öldum, og sjálfsagt fram á 17. öld. Á þeim öldum riðu lögmenn og sýslumenn með marga fylgdarmenn, eins og kunnugt er, og hafa þeir hlotið að hafa marga hesta á ferðum sínum. Á 18. öld fækkaði þingsóknarmönnum allmikið og hefur þá minnkað nokkuð örtröð sú, sem hestar þingsóknarmanna kunna að hafa gert í löndum jarða í Þingvallasveit.

## 21. gr.

### Nafn þingsins. — Þingtími.

1. Í fornöld var þingið alltaf nefnt *Alþingi* eða *Allsherjarþing*. Nafnið Allsherjarþing er þó miklu fátíðara, og er naumast haft nokkurn tíma eftir að þingskipan lögbókanna er komin á. Þar á móti heldur nafnið Alþingi sér ávalt, jafnhliða öðrum heitum, á þinginu. Höfundur Árna biskupssögu Þorlákssonar nefnir þingið Alþingi og slíkt hið sama annálar 13., 14. og 15. aldar. Í lögbókunum Járnsíðu og Jónsbók kemur nafnið Alþingi og nokkrum sinnum fyrir, t. d. Járns. Þingfb. 1 og 3, Jónsb. Þingfb. 1 og Þegnsk. 2. Í bréfum og gjörningum er sama að segja frá öllum öldum. Í Alþingisbókum er þetta nafn og haft, ásamt öðrum heitum. Í lagaboðum er þingið og iðulega nefnt Alþingi. Enda leggur t. d. Páll lögmaður Vídalín áherzlu á það á einum stað, að enn á hans dögum heiti þingið, ásamt fleirum tíðkuðum nöfnum, einnig Alþingi.[1]) Á vörum þjóðarinnar hélt það og þessu nafni allar stundir.

En auk þessa heitis hlaut þingið ýms önnur nöfn. Í lögbókunum er heitið *lögþingi* tíðast. Og er norska nafnið á samsvarandi þingum í Noregi tekið og Alþingi gefið það. Í höfuðákvæðum lögbókanna um þingið er það einmitt kallað lögþingi. „Skulum vér lögþingi várt eiga at Öxará á þingstað réttum". Járns. og Jónsbók Þingfb. 1 „Valdsmenn allir ... eru skyldir að koma til lögþingis", Jónsb. Þingfb. 2. Í bréfum og gjörningum er þingið og oft nefnt lögþingi, og yrði það of langt upp að telja. Sama er um Alþingisbækur að segja og lagaboð. Stundum er þingið og nefnt *Almennilegt lögþing*, sem vitanlega á að tákna það, að það sé þing alls landsins, til aðgreiningar fjórðungsþingum og öðrum héraðaþingum. Í samræmi við lögþingisnafnið er stundum í Alþingisbókum talað um *lögþingisréttinn* og er þar átt við lögréttu og orðið haft um hana til aðgreiningar yfirréttinum. En þetta lögþingisréttarnafn mun sjaldgæft vera fyrr en á 18. öld, eftir að lögréttumenn voru fáir orðnir og hættir að taka þátt í meðferð dómsmála. 1731 er lögréttan þó kölluð lögþingisréttur, en þá hafði

1) Alþingisbókin 1724 nr. 8.

líka verið boðið tvisvar að fara með dómsmál hér eftir Norsku lögum,[1]) þótt sú breyting kæmist varla að fullu í framkvæmd fyrr en eftir að kgsbr. 2. maí 1732 var gefið út.

Þá er þingið mjög oft nefnt *Öxarárþing*. Er það stundum nefnt því nafni þegar í Jónsbók, t. d. Þingfb. 3, og á 16. og 17. öld er þetta heiti mjög algengt og reyndar oft haft á 18. öld. *Öxarár alþingi* kemur líka fyrir, en sérstaklega er heitið Almennilegt Öxarárþing algengt á 16. og 17. öld.

Eftir danskri fyrirmynd er farið að nefna þingið *landsþing* eða stundum *Öxarár-landsþing*, einkum á 18. öld. Í Danmörku hétu samsvarandi þing þessu nafni, og er þingið því sérstaklega því nafni nefnt í munni Dana og dönskum bréfum, og verður þá „*Landsthing*" á þeirra máli.

II. Alþingi skyldi halda einu sinni á hverjum 12 mánuðum, eins og það er orðað í Járnsíðu og Jónsbók Þingfb. 1. Þingið var því háð að eins einu sinni á ári. Málum, sem þar lukust ekki, varð því að fresta eitt ár, nema þeim væri aftur vísað heim í hérað, á fjórðungsþing, er stundum voru haldin í Kópavogi og víðar eftir Alþingi, til sýslumanns eða ef til vill undir úrskurð lögmanns. Varð þetta mönnum einatt til óþæginda og kostnaðar, kostaði þingferðir árum saman. En um það verður rætt nánar á öðrum stað. Nokkuð bætti það úr þessu, er boðið kom um það, að lögmenn skyldi halda *aukalögþing* í sakamálum, kgsbr. 2. apríl 1745.

Samkvæmt Járnsíðu og Jónsbók Þingfb. 1, sbr. Járns. Þingfararb. 2, áttu þingheyjendur að koma til Alþingis Péturmessu aftan, eða að kveldi 28. júní ár hvert, og skyldi þing hefjast daginn eftir, *á Péturmessu og Páls, 29. júní*. Það virðist svo sem þessi ákvæði hafi yfirleitt verið nákvæmlega haldin fyrstu aldirnar, sem Jónsbók gilti, því að á 14., 15., 16. og 17. öld er auðséð af einstökum dómum og Alþingisbókum, að þing hefur hafizt á lögmæltum tíma. Í formálum þeim sumum, sem til eru frá 16. öld og öndverðri 17. öld um uppsögn Alþingis, er það brýnt fyrir mönnum, að þeir eigi að koma til Alþingis næsta ár samkvæmt lögbók kveldið fyrir Péturmessu og Páls.[2]) Er ennfremur sagt í þingbók Jóns lög-

1) Erindisbréf Fuhrmanns amtmanns 30. maí 1718 3. gr. og erindisbréf Peter Rabens stiftbefalingsmanns 27. apríl 1720 4. gr.

2) Alþingisbækur I 7, 8, 206, 308.

manns Sigurðssonar, að árið 1610 hafi báðir lögmenn og lögréttumenn samþykkt, að allir nefndarmenn skyldi vera komnir til Alþingis „tveim nóttum fyrir Pétursmessu, og þá skyldi Alþingi uppbyrjast".[1]) Þessi samþykkt hefur víst aldrei komizt í framkvæmd. Það er ekkert kunnugt, sem til þess bendir, að þingtíminn hafi verið færður fram samkvæmt þessari Alþingissamþykkt. Þvert á móti er sú samþykkt gerð 1637 — og er hún eiginlega að mestu áminning um að halda fyrirmæli Jónsbókar um þingsetningu — að þing skuli hefjast á Pétursmessu og Páls, nema ef hún fellur á helgidag. Þá skyldi þing hefjast næsta virkan dag, enda sé menn komnir til þings kveldið fyrir þingsetningardaginn, eins og hann er ákveðinn í samþykktinni.[2]) En áður hafði verið venja, að færa þingsetningardag aftur um einn dag eða jafnvel tvo, ef Pétursmessu bar á helgidag.[3]) Í þingsköpum Alþingis 1. júlí 1695 er mönnum enn boðið að koma til þings Pétursmessu aftan.

Eins og kunnugt er, var nýi stíll svonefndur lögleiddur með tilsk. 10. apríl 1700, er birt var þá á Alþingi um sumarið. Breytingin átti að byrja í nóvember árið 1700, þannig að næsti sunnudagur á eftir 16. nóvbr. skyldi verða 28. nóvbr. Samkvæmt þessu þurfti allmiklar breytingar að gera á ýmsum tímamótum, er máli skiftu um atvinnu manna og fleiri háttu. Um þessi efni var svo gerð samþykkt á Alþingi þetta sama ár, og þar var svo fyrir mælt, að „Öxarár-Alþing, sem hingað til venjulega byrjazt hefir á þann 29. júní, nefnilega Petri og Pauli (þ. e. Pétursmessu og Páls), skal hér eftir haldast sá fyrsti Alþingisdagur á Seljumannamessu, sem æfinlega innfellur á þann 8. júlii". Samkvæmt þessu átti þingið hér eftir að byrja 8. júlí, og þingheyjendur, lögréttumenn og embættismenn, að vera komnir á Þingvöll 7. júlí að kveldi, er svarar til Pétursmessu aftans, er þeir skyldi áður vera komnir á Þingvöll. Er nú þingið sett venjulega 8. júlí, t. d. þegar 1701, eða stundum 9. júlí, t. d. 1731. En þegar fer að líða fram á 18. öldina, þá verða allmiklir misbrestir á því, að Alþingi geti byrjað á tilsettum tíma eða að það geti tekið til starfa svo fljótt. 1740 getur lögréttan norðan og vestan t. d. ekkert gert fyrr en 13. júlí sakir fjarvistar lögmanns, en eigi var séð fyrir því, að annar

1) Alþingisbækur IV. 140.
2) Alþingisbókin 1637 nr. 33.
3) Alþingisbókin 1632 nr. 13.

maður gegndi lögmannsembætti þar til hann kom. 1745 endurtekst þetta algerlega. 1753 er þing sett 10. júli og 1754 11 s. m.

Lögmennirnir Sveinn Sölvason og Björn Markússon sendu um þessar mundir erindi til konungs um þinghaldið. Sögðu þeir, að þingið væri nú farið að standa svo lengi, að þeir tefðist mjög þess vegna frá ýmsum störfum og fóru fram á það, að þingið yrði látið byrja 3. júli, í stað 8. júli, eins og upp á væri stungið í uppkasti að íslenzkri lögbók, sem þá var á leiðinni. Með kgsbr. 25. jan. 1754 var því svo ákveðið, að þingið skyldi hefjast 3. júlí. Árið eftir, 1755, var Alþingi sett 4. júli, næstu 2 árin 6. júli og svo kemur það saman fram yfir 1770 3.—5. júli, þó að ekki væri báðir lögmennirnir allt af svo snemma komnir. Milli 1770 og 1780 er þing sett 8.—12. júli, enda áminna lögmenn þingmenn um það 1781[1]) — en þá var þing ekki sett fyrr en 10. júli — og skirskota til kgsbr. 12. apr. 1751 — sem ekki breytir neinu um *þingsetningartímann* — og 25. jan. 1754, að þeir eigi að vera til Alþingis komnir 3. júli. 1782 komu lögmenn 3. júli, en þingsókn var lítil fyrr en um og eftir 8. júli og eigi var það fyrr sett árið eftir. 1784 varð það fyrst sett 19. júli, enda þingreið afarlítil. Var þá eitt hið eftirminnilegasta vandræðaár í sögu landsins. Lýsir Stefán amtmaður Thorarensen ástandinu nyrðra greinilega. Segir hestleysi almennt um land allt og sýslumenn enga munu koma og jafnvel ekki lögmanninn í Suður- og Austurlögdæminu, sem þó eigi að eins eina dagleið að fara.[2]) Á þeim skelfingar-árum mátti þing auðvitað ekki snemma heyja. Af þessum ástæðum mun það hafa verið, að enn var breytt um þingtímann með tilsk. 28. apríl 1784 1. gr., og var nú ákveðið af nýju, að Alþingi skyldi sett 8. júli ár hvert af þeim lögmanna ,er kominn væri. En ef 8. júli bæri á sunnudag, þá skyldi Alþingi setja næsta virkan dag. Var þessu síðan sæmilega fylgt, meðan Alþingi var háð á Þingvelli við Öxará. Og bæði árin, 1799 og 1800, sem þingið var haldið í Reykjavík, hófst það 8. júli.

III. Járnsíða hafði ekki fyrirmæli um það, hversu Alþingi skyldi lengi standa. En Jónsbók Þingfb. 2 segir, að það skuli svo lengi standa „sem lögmaðr vill ok honum þykir fallit fyrir málsakir ok lögréttumenn samþykkja". Og þetta er endur-

1) Alþingisbókin 1781 bls. 46—47.
2) Alþingisbókin 1784 nr. 1 og 2.

tekið í þingsetningarformálum frá 16. öld og fyrra hluta 17. aldar.[1]) Lögmenn og lögréttumenn hafa því alveg ráðið þingtímanum. Vildu þeir auðvitað hafa þing sem stytzt til þess að þeir mætti komast heim til gæzlu búa sinna sem skjótast. Þingið virðist oft hafa staðið skamman tíma þegar á 13. öld eftir að lögskipun lögbókarinnar var komin á. T. d. skrifar Þorvarður Þórarinsson Magnúsi konungi 1277, að þeir Árni biskup og Hrafn Oddsson hafi mestu ráðið á Alþingi það ár og hafi haft þing „skammt ok meðallagi skilvíst".[2]) Bréf og gjörningar, sem gjörðir hafa verið á Alþingi á miðöldum, eru yfirleitt dags. 29. eða 30. júní eða 1. júlí. Þing hefur víst oft ekki staðið lengur en 3—4 daga. Vitnisburðir eru til um þetta frá 1593. Á Alþingi 1592 munu menn hafa tekið saman ýmsar kærugreinir, er þeir sendu út með Jóni lögmanni Jónssyni til konungs, og hefur þar á meðal verið kvörtun um það, að þing stæði of stutt. Segir í svari konungs 9. maí 1593, að það sé mælt, að Alþingi standi svo skamman tíma, stundum að eins einn eða tvo daga, að ekki lúkist þau mál, sem þangað komi, og verði því fátækir menn, sem þangað sé komnir, sumir yfir nær 100 mílna langan veg, að fara heim aftur án dóms eða úrskurðar um mál sín. Því býður konungur, að Alþingi verði hér eftir látið standa 8 daga eða lengur, eftir því sem þörf verði á, eins og landsmenn hafi beðið um, svo að engum málum skuli þar frávísað verða fyrr en þar er dómur á genginn.[3]) Það virðist hafa verið nokkur óþarfi af lögmanni að sækja konungsboð um það, hversu lengi Alþingi ætti að standa, með því að lögmenn réðu því, nema svo hafi verið, að erfitt hafi veizt að halda lögréttumönnum, sem oft voru heimfúsir, við þingsetu og þingstörf. Og er líklegt, að svo hafi verið, og hafi Jón lögmaður því viljað hafa skipun konungs að keyri á lögréttumenn að þessu leyti. En samt sem áður var það bæði óþarft og óheppilegt að fastákveða skemmsta þingtíma 8 daga, því að ekki er víst, að allt af þyrfti svo langan tíma til þess að lúka þingmálum. Og er víst, að þessu konungsboði var alls ekki fylgt bókstaflega. Og er nær að halda, að það hafi alveg gleymzt um stund. Á 18. öld er því þó haldið fram, að menn komi ekki til þings fyrr en seint og síðar meir, af því að þeir

1) Alþingisbækur I 204 og IV 241.
2) Bps. I 706.
3) Alþingisbækur II 362—363, sbr. 252—254, 344 og 361.

hafi treyst því, að þingið stæði allt af að minnsta kosti 8 daga, sbr. kgsbr. 12. apr. 1751. Virðist Alþingi ekki hafa staðið 8 daga eða lengur að jafnaði síðustu ár 16. aldar og fram eftir 17. öld. Og það er ekkert ótitt, að þingi sé slitið áður en dæmd væri öll þau mál, sem þangað komu og kostur hefði verið að lúka. Var þá beinlínis stundum á fyrra hluta 17. aldar ákveðið fjórðungsþing af lögmönnum til þess að dæma þau mál. Svo er t. d. gert 1637, eftir ósk lögréttumanna, sem ekki vildu lengur sitja þingið.[1]) Á Alþingi 1641 er gert ráð fyrir því, að þing skuli standa svo lengi sem málin til vinnist,[2]) og sýnast þá þinglok vera 1. júlí. Og svo hefur það oftast verið fram um 1650. Og er því það ár einmitt sagt upp þann dag,[3]) enda beiðast lögmenn þá undan lengri þingvist. En eftir miðja 17. öld tekur þingið að standa lengur, 5 daga eða jafnvel lengur. 1673 stendur það t. d. frá 29. júní til 5. júlí. 1677 stendur það frá 29. júní til 6. júlí, 1680 frá 29. júní til 8. júlí, 1683 frá 29. júní til 13. júlí o. s. frv. 1695[4]) er sagt, að þing sé farið að standa 10—14 daga, af því að menn komi þangað ekki á réttum tíma, þó að fyrrum hafi 3—4 dagar nægt. Og stendur það heima við það, að þing hafi á fyrra hluta 17. aldar staðið frá 29. júní til 1. eða 2. júlí. Á Alþingi 1695 1. júlí voru samþykkt þingsköp handa þinginu og var ætlazt til þess, að þau yrði til að flýta þingstörfunum, „svo að það langa og mæðusama Alþingi mætti því styttra verða með góðri skikkan og kostgæfilegu lagaréttarins framfylgi“. En þessar vonir brugðust með öllu. Þingsköpin frá 1. júlí 1695 gerðu ekkert gagn að þessu leyti. Menn komu ekki betur til þings en verið hafði áður og þingstörfin gengu ekkert greiðara, heldur þvert á móti. 1698 stóð þingið t. d. frá 29. júní til 9. júlí, eða 11 daga. En eftir 1700 lengist þinghaldið þó enn meir. 1706 stendur þingið frá 8.—23. júlí, eða 16 daga, ef báðir dagar eru með taldir. 1711 að þinglausnum kvarta lögmenn sáran yfir því, að fyrstu daga þingsins sé ekkert að gera, því að svo fáir málsaðiljar sé þá komnir, en síðara hluta þingtímans verði málafjöldinn svo mikill, að ekki verði yfir komizt. Sé ef til vill fyrst ekkert að gera 8 daga, en svo aðra 8 daga annir svo miklar, að ekki sjái út úr þeim. En

1) Þingbók Árna lögmanns Oddssonar í þjóðskjalasafni bls. 115 b—116 a.
2) Sbr. Alþingisbókina 1640 niðurl.
3) Alþingisbókin 1650 nr. 29.
4) Alþingisbókin 1695 nr. 4.

Þessar áminningar stoða ekkert. 1713 segja þeir „fullmektugu", Oddur Sigurðsson og Páll Beyer, að Alþingi sé farið að standa allt að 3 vikum.[1]) Árin 1720—1740 stóð þingið oft nær hálfum mánuði, og þó stundum lengur. 1740 t. d. stóð það frá 8.—28. júlí, eða 3 vikur fullar. Voru menn að vonum orðnir afarleiðir á þingbiðinni, því að enn var venjulega svo, að fyrra hluta þingsins var lítið að starfa, og þótt verið væri að rekast í rannsókn út af forföllum lögréttumanna og sýslumanna, sem seint komu til þings eða ekki, þá stoðaði það lítt. Sama var um sektir á hendur málflytjendum, er of seint komu. Og það verður tízka alla 18. öldina fram yfir 1780, að Alþingi stendur fullan hálfan mánuð og stundum allt að 3 vikum. Loks var það beinlínis ákveðið með tilsk. 28. apríl 1784, að þingið skyldi standa óslitið frá 8. til 22. júlí, að báðum dögum meðtöldum, ár hvert. Eftir 22. júlí skyldi engin ný mál taka fyrir, og enginn aðili átti eftir þann dag að fá að láta bóka nokkurn hlut í Alþingisbókina. En halda máttu lögmenn þinginu áfram lengur til þess að kveða upp dóma, enda skyldi þá bóka það, ef mál væri tekið til dóms, hvort dómur yrði kveðinn upp fyrir þinglausnir eða ekki. Í opinberum refsimálum skyldi lögmenn þó ávalt kveða upp dóm áður en þingi væri slitið. Þó mátti þing aldrei standa lengur en til júlímánaðarloka. Þessum fyrirmælum tilsk. 28. apríl 1784 virðist hafa verið framfylgt sæmilega meðan Alþingi var háð á Þingvelli. Árin 1799 og 1800, sem þingið var háð í Reykjavík, stóð það til 22. júlí, eftir því sem séð verður af Alþingisbókum þeirra ára.

## 22. gr.

### Alþingissetning. — Þinggrið. — Allsherjarregla á Alþingi. — Þinglausnir.

I. *Alþingissetning.* Eins og getið er áður, þá setti eða helgaði Alþingi hið forna allsherjargoði svonefndur, en ekki lögsögumaður. Nú hverfa goðorðin úr sögunni, þegar hin nýja skipun komst á, og verður þá að leysa úr því, hver setti og helgaði Alþingi eftir Járnsíðu og Jónsbók og síðan.

---

1) Alþingisbókin 1713 nr. 30.

Í lögbókunum er ekki leyst úr þessari spurningu berum orðum. Það er auðséð á ýmsum ákvæðum lögbókanna, að lögmaður skal miklu ráða um störf lögréttu. Honum er skipað að sækja Alþingi og að vera á Þingvöll kominn fyrir Péturs-messu og Páls, á undan öðrum mönnum, Járns. Þingfb. 2 og Jónsb. Þingfb. 2. Hann ræður því, hvenær lögrétta skuli saman koma, því að hann lætur hringja „hinni miklu klukku", áður en til lögréttu sá gengið, Járns. og Jónsb. Þingfb. 3. Það er því auðséð, að lögmaður var formaður lögréttu með svipuðum hætti sem lögsögumaður var formaður hins forna Alþingis. En sá er munur, að lögsögumaður þurfti ekki að vera kominn til þings fyrr en föstudaginn fyrra í þingi, en lögmaður átti að koma þangað fyrstur allra manna. Stafar þetta ákvæði af því, að hann hefur átt að sjá um, að allt væri í lagi, sem nauðsynlega þurfti til þinghaldsins og ríkisvaldinu var skylt að sjá um, svo sem að vébönd væri sett um lögréttu í tækan tíma. Af þessu má ráða það, að til þess muni líka hafa verið ætlazt, að lögmaður setti þingið og helgaði það, þótt það segi ekki berum orðum í lögbókunum. Sá hefur líka verið háttur á frá því er skipun lögbókanna komst á og alla tíð meðan Alþingi við Öxará stóð.

Fyrst eftir að nýja lagaskipunin komst á var einn lögmaður yfir land allt. Þá hefur hann sett þing, enda var lögrétta þá óskift, ekki greint milli lögréttu sunnan og austan og lögréttu norðan og vestan, eins og síðar varð. En 1276 urðu lögmenn tveir. En ekki er ljóst, hvernig þá skyldi fara um setningu þingsins, hvor hinna tveggja lögmanna skyldi setja það. Ef báðir voru komnir á Þingvöll á réttum tíma, þá mætti hugsa sér, að sá, sem lengur hafði lögmaður verið, setti þingið. En þessari reglu virðist ekki hafa verið fylgt. Jón Jónsson, sem lengi var lögmaður á 16. öld og fram yfir 1600 með Þórði Guðmundssyni, virðist að minnsta kosti stundum hafa sett þingið, og var hann þó yngri í lögmannsembætti en Þórður.[1]) Til er þingsetningarformáli, sem Jón lögmaður hefur haft, er hann setti Alþingi, svo að ekki er um að villast.[2]) Alþingisbækurnar segja venjulega ekkert um það fram á 18. öld, hvor lögmanna hafi sett þingið. Það virðist þó vera talið sjálfsagt,

1) Safn til sögu Íslands II 10, 125, 127.
2) Alþingisbækur I 203.

að báðir lögmenn sé komnir til þings, þegar það er sett, enda mun svo hafa verið jafnan, nema forföll bannaði, þar til á tímum Odds lögmanns Sigurðssonar. Árið 1719 er hann ókominn, þegar þing skyldi setja, og kveður hinn lögmaðurinn, Páll Vídalín, þá til lögréttu, sem komnir voru, og leitar álits þeirra um það, hvað gera skuli. Sýnist öllum það ráð, að Páll lögmaður skyldi „í drottins nafni setja lögþingið og innnefna sína lögréttumenn". Og það gerði hann.[1]) Nú eða nokkru síðar sýnist sá háttur vera upptekinn, að sá lögmaður setti þingið, er kominn var, ef eigi voru báðir til taks í þingbyrjun. Og sá, er síðar kom, nefndi svo menn í lögréttu fyrir sitt umdæmi.[2]) Stundum er svo að orði komizt eftir 1730, að þingið hafi verið sett af „báðum lögmönnum", t. d. 1734 og 1735, en svo næstu ár á eftir setur einungis annar lögmannanna þingið og mörg ár þar á eftir, þar til 1748, er sagt er í Alþingisbók þess árs, að *báðir lögmennirnir* hafi sett það, og svo er sagt við og við, t. d. 1753. Er helzt að sjá, að orðið hafi venja að bóka svo, að báðir lögmenn hafi sett þingið, ef þeir voru komnir til þings þingsetningardaginn,[3]) en það varð nær undantekning, þegar kom fram á 18. öldina, að lögmenn, sem heima áttu í Norðurlandi, væri komnir á alveg réttum tíma. Árin 1784—1786 kom lögmaðurinn að norðan og vestan t. d. aldrei á réttum tíma, enda var þá illæri mikið í landi og lögmannsembættið þá sameinað amtmannsembættinu í norðuramtinu. Síðustu árin, sem þingið var á Þingvelli, er sagt, að annar lögmaðurinn hafi sett þingið fyrir sig og vegna hins lögmannsins og setja þeir þá þingið sitt árið hvor. Seinasta árið, 1800, í Reykjavík, segir aðeins, að lögþingisrétturinn hafi verið settur í „nærveru" vara-lögmannanna tveggja, sem þá skipuðu réttinn.

Þegar svo segir, að þing hafi verið sett af *báðum* lögmönnunum, þá er sennilegt, að annar þeirra hafi þó haft upp þingsetningarorðin, en eigi báðir, svo að í raun og veru hafi annar sett þingið, en bæði í sínu nafni og hins, eins og það er orðað í Alþingisbókum milli 1790 og 1800. Það hefur sjálfsagt verið nokkurt metnaðarmál, hvor þingið setti. Í fyrri daga gættu menn þess allvandlega, að þeim væri ekki misboðið um þau

1) Alþingisbókin 1719 nr. 1.
2) T. d. Alþingisbókin 1731 nr. 1, 1751 nr. 1 og 1761 nr. 3.
3) 1783 sýnast þó báðir vera við þingsetningu, en svo er þó bókað sem aðeins annar hafi sett þingið.

efni. Má því fara nærri um það, að lögmenn muni ekki hafa viljað gefa eftir það sæmdarmerki, sem í því var falið, að setja þingið, ef þeir voru komnir til þings á réttum tíma. En eftir venjulegum reglum hefði þá eldri lögmaðurinn, annað hvort að áratölu eða embættisaldri, átt að setja þingið, eða þeir gerði það til skiftis í sínu nafni og embættisbróður síns, eins og þeir gerðu síðustu ár þingsins.

Venja var að hringja þrisvar áður en gengið væri til lögréttu til þingsetningar, sbr. áður um Alþingisklukku, 18. gr. IV. Sjálfsagt hefur átt að setja þingið fyrir hádegi, sbr. 2. gr. þingskapanna frá 1. júlí 1695, sem ætlaðist til, að lögrétta kæmi saman venjulega kl. 10 árdegis. En oft varð auðvitað misbrestur á því, að þingsetning gæti farið fram á réttum tíma dags, því að menn voru ekki komnir, einkum eftir 1700.

Ekki tala lögbækurnar um *guðsþjónustugjörð* í sambandi við Alþingishaldið. Í kaþólskri tíð hafa klerkar vitanlega haft þar helgirækni, eins og lög þeirra standa til. Og veraldarmenn hafa þá fengið að taka þátt í guðsþjónustu eftir reglum kaþólsku kirkjunnar. Í lútherskum sið hefur verið haldin guðsþjónusta í Þingvallarkirkju á helgum degi, er á þingtímann bar, en að lögum var guðsþjónustagjörð ekki frekar *skyld*. En hún hefur vafalaust orðið *venja*. 1576 segja þingmenn og setja sér þá reglu, að þeir skuli „að Pétursmessu, *að heyrðu guðsorði*, ráðslaga um, hversu landið mætti haldast í sínu frelsi" o. s. frv. Það hefur naumast lagzt niður, að einhver kennimaður — stundum Skálholtsbiskup sjálfur — héldi guðsþjónustu á Þingvelli við þingsetningu. Menn skorti annað meira á 17. og 18. öld en hina ytri guðrækni.

Þingsetning var að sjálfsögðu fyrst og fremst fólgin í *yfirlýsingu* um það, að þingið væri sett. En auk þess hefur það snemma orðið venja, að lögmenn héldi þingsetningarræðu, og hafa verið til forsagnir að þingsetningarræðum þessum, sem gengið hafa frá kyni til kyns. Þrjár slíkar Alþingissetningar-forsagnir eru til frá 16. og öndverðri 17. öld og að auki griðalýsingarforsögn frá 15. öld.[1]) Hóf lögmaður ræðu sína á því að lýsa friði guðs föður, lausnarans Jesú Krists og heilagsanda yfir lögþingismönnum nú og jafnan. Síðan lýsti hann því, að almennilegt Öxarárþing væri sett „með allan þann rétt og

1) Sjá Alþingisbækur I 1, 2, 203, IV 240.

rentu, stétt og stöðu, veg og virðingu, sem lögfullu lögþingi til ber að hafa eftir lögum". Þá lýsti hann friði og griðum bæði utan lögréttu og innan, og lýsti því, hverju varðaði, ef menn gengi á grið á þingi eða í þingför. Svo eru menn áminntir um rækslu þingstarfa, og minntir á þá embættiseiða, er þeir eiga að vinna, brýnt fyrir þeim að hegða sér með friði og spekt, meðan þeir eru á þingi og sagt hverju varði, ef af er brugðið, og að menn sitji þingið svo lengi sem lögmaður vill. Í forsögn Jóns lögmanns[1]) eru menn minntir á að lýsa öllum löglýsingum, sem fram eiga að fara á Alþingi og svo býður lögmaður sig til að gegna málum manna og gera hverjum manni rétt eftir samvizku og skyldu.

Ekki er nein þingsetningarforsögn í þingbók Árna Oddssonar 1631—1641, en það sannar ekki, að Árni lögmaður hafi ekki haldið þingsetningarræðu. Í þingbók Þórðar er ekki heldur nein slík forsögn, og var þó þing sett með ræðu bæði fyrir, um og eftir daga hans.

Hefur þessi gamli siður líklega haldið sér fram undir 1700, en varla lengur. Eftir það munu lögmenn hafa sett þingið án þess að halda ræðu, slíkar sem áður tíðkaðist.

II. Þess var áður getið, að Alþingi var bæði *friðarstaður* og *griða* hér, sem þingin í Noregi. Þessi regla heldur sér í aðalatriðum eftir að réttarskipun lögbókanna komst á. Höfuðákvæði um þingfrið eru í Járnsíðu Þingfb. 4 og Jónsbók Þingfararb. 5. Eftir þeim skyldi allir þeir menn, sem í Öxarárþingsför eru, í griðum vera hver við annan, þar til er þeir koma aftur til heimilis síns. Hefndir voru að vísu afnumdar í Jónsbók að lögum, en allt um það var ástæða til að gera ráð fyrir mannvígum og barsmíðum, því að hefndarandinn var enn ríkur í mönnum. Þó að menn væri ósáttir, þá átti það ekki að koma fram í áverkum eða vígum, meðan þeir voru í þingför. Þinggriðin hófust jafnskjótt sem menn lögðu af stað að heiman til þingreiðar og stóðu yfir þingið og þar til heim var komið. Þeir, sem í þingför voru, voru allir friðhelgir hver við annan. En það segir ekki um friðhelgi þeirra gagnvart *öðrum* mönnum, t. d. þeim, sem þeir hittu á leiðinni og ekki voru í þingreið. En menn, sem samkvæmt embættisskyldu sinni sóttu Alþingi — og ef til vill allir aðrir — munu hafa verið frið-

1) Alþingisbækur I 203.

helgir við árásum hverra manna sem vera skal. Og þessi skilningur er lagður í þinggrið í þinglausnaforsögnum 16. aldar.[1]) Í samræmi við fyrirmælin um þinggrið er það, að í báðum lögbókunum, tilv. stöðum, var bannað *að bera vopn* á Alþingi, "því at í öllum stöðum hæfir mönnum at gæta spektar ok siðsemdar, en þó einkannlega mest í þeim stöðum, sem til skynsemdar og spektar eru skipaðir af öndverðu, og flestum verðr mestr skaði af, ef nokkut skerst í", eins og það er orðað í lögbókunum. Ef nokkur gekk á þinggrið og vó mann eða veitti lemstrarsár, þá hafði hann fyrirgert fé og friði, landi og lausum eyri, og skyldi aldrei koma í land aftur, ef honum varð utankomu auðið. Ef menn voru særðir á Öxarárþingi eða urðu fyrir árásum annars í orði eða verki, þá jókst réttur þeirra að helmingi. En réttur var samkvæmt Járnsíðu og Jónsbók fébætur, sem menn fengu oft, ef á hluta þeirra var gengið, og fór upphæðin venjulega eftir metorðum þeirra, sem misgjört var við, en var ekki lögmælt, eins og áður var eftir Grágás. Ef maður var særður á þingi, þá var ennfremur öllum skylt að renna eftir sökunaut og hjálpa til að handsama hann, og átti síðan að binda hann og færa sýslumanni, er láta skyldi dæma manninn og refsa honum svo eftir dómi, Jónsbók, Mannhelgi 7. kap., sbr. Járns. Mannhelgi 13. kap.

Sjálfsagt hafa menn yfirleitt haldið þinggriðin. En út af því hefur þó við og við brugðið. Í lögmannsannál[2]) segir t. d., að Páll nokkur gaddur Guðmundsson hafi árið 1398 sært Jón bónda Hákonarson lemstrarsári í þingreið, að hann hafi komizt í kirkju, en verið borinn út þaðan sofandi af dulklæddum mönnum og verið síðan höggvinn. Sýnir það, að menn tóku allhart á griðrofum í þingreið, enda virðist sá maður, sem brotið framdi í þessu dæmi, hafa verið ofstopamaður. 1459 er maður sakaður um það, að hann hafi slegið og sært mann lemstrarsárum í þingreið, og er brotamaður dæmdur til að gjalda tvenn fullrétti og að öðru eftir lögbók.[3]) Á Alþingi hefur það jafnan þótt ódæmi, ef grið hafa verið rofin á mönnum. Og eru þess konar atburðir því færðir í frásagnir, þegar þeir gerast. 1367 er t. d. sagt, að menn Árna Þórðarsonar og Jóns

1) Alþingisbækur I 8, 206.
2) Íslenzkir annálar VII.
3) Dipl. Isl. V nr. 174.

Guttormssonar hafi barizt á Alþingi.[1]) Alkunn er sögnin um fjandskap þeirra biskupanna Ögmundar og Jóns Arasonar, er ætluðu að berjast á Alþingi með allt þinglið sitt. en létu þó nægja, að valinn maður sinn úr hvoru liði berðist hvor við annan. Þegar lögréttumenn eða lögmenn eða aðrir höfðingjar verða fyrir árásum eða ógnunum á þingi, þá er það í letur fært. 1385 voru þeir Guðmundur Ormsson og Ormur Snorrason þröngdir af „manngangi" á Alþingi, eins og það er orðað.[2]) Hafði Guðmundur og menn hans gert mikið illt fyrir sér það ár, og lá við sjálft, að þinggriðin mundi ekki hlífa þeim. 1504 er Torfi bóndi Jónsson í Klofa á Alþingi með „tygjað fólk", er hafði „boga, byssur, sverð, spjót og arngeira". Og virðist Torfi hafa ætlað að beita einn lögréttumann á þinginu fullri kúgun.[3]) Árin 1517, 1518, 1519 og 1520 var Alþingi heldur róstusamt. Þá var útlendur reyfari einn hirðstjóri, er Tyle Pétursson er nefndur. Kunni hann sér lítt hóf, bar vopn á Alþingi, sló og skaut lögréttumann einn á þingi, er það eitt hafði fyrir sér gert að bjóða sig undir lög og rétt, ætlaði að drepa Ögmund ábóta, síðar biskup, Pálsson, fyrir það, að hann mótmælti því, að hirðstjóri færi með rétt lög.[4]) Siðaskiftatímarnir voru nokkuð róstusamir á þessu landi, og kom það líka fram á Alþingi. Þegar vopnaburður lagðist niður, sem almennt hefur orðið fyrir og um 1600, hefur vígaferlum verið lokið í landinu og þinggrið að því leyti ekki brotin. Þó hefur ekki verið laust við það nokkru eftir 1700, að höfðingjar brygði sverðum sínum, þótt sjálfsagt bæri það ekki oft að hendi. Oddur lögmaður Sigurðsson er t. d. sagður hafa sært Þorleif prófast Arason á Alþingi með korða sínum.

En þó að vopnaburður legðist af og vígaferli hyrfi úr sögunni, þá mátti meiða menn í orðum. Og það bar stundum við, að menn gættu ekki tungu sinnar. Baulhúsa-Gvendur, sem mörg ár kemur við Alþingisbækur laust fyrir 1700, var t. d. dæmdur á Alþingi 1697 til að gjalda lögmanni tvöfaldan rétt fyrir illmæli um hann töluð á Alþingi.[5])

---

1) Íslenzkir annálar IX.
2) Íslenzkir annálar IX.
3) Dipl. Isl. VII nr. 652.
4) Dipl. Isl. VIII nr. 541, 559.
5) Alþingisbókin 1697 nr. 42.

III. *Regla og siðir á Alþingi.* Í lögbókunum eru nokkrar reglur um hegðun manna á Alþingi, auk þeirra, sem áður eru nefndar um þinggrið. Fyrstu störf manna eftir að þeir voru á Þingvöll komnir, hafa verið að dytta að búðum, meðan þær stóðu, og síðan að slá upp tjöldum sínum. Fyrsta kveldið hefur farið í það, svo og að hittast og heilsa hver öðrum og spyrjast almæltra tíðinda. Svo átti næsta dag að hefja þingstörfin. — Ganga skyldi menn til lögréttu, þegar lögmaður hringdi hinni miklu klukku, eins og segir í Járnsíðu og Jónsbók Þingfb. 3. Sá, er ekki kom forfallalaust, skyldi sekur hálfri mörk vaðmála. Tók þetta til allra þeirra, sem nefndir voru til setu í lögréttu. Í þingsköpunum frá 1. júlí 1695 voru settar nákvæmari reglur um lögréttusetu. Skyldi samkvæmt 1. gr. þingskapanna hringja þrisvar til lögréttufunda, fyrsta sinn á miðjum morgni (þ. e. kl. 6 árdegis), annað sinn á dagmálum (þ. e. kl. 9 árdegis) og þriðja sinn einni stundu þar á eftir. Og skyldi þá lögmenn og lögréttumenn vera í lögréttu komnir og taka mál þau til meðferðar, sem fyrir lágu. Áttu þeir að sitja í lögréttu til miðmunda (þ. e. til hér um bil kl. 1½ síðdegis). Þá áttu menn að ganga að tjöldum til máltíðar og sitja að máltíð til nóns. Þá átti að hringja einu sinni til lögréttufundar aftur og áttu þá lögmenn og lögréttumenn þegar að setjast í lögréttu og gegna málum manna fram til náttmála, eða til kl. 9 síðdegis. Þá skyldi gengið frá lögréttu og tekin hvíld til kl. 10 næsta dag. En eins og áður hefur verið sagt, skorti einatt mjög á, að menn kæmi til Alþingis á réttum tíma. Voru bæði lögréttumenn, sýslumenn og jafnvel lögmenn sjálfir á 18. öld sekir um vanrækslu í því efni. Málsaðiljar eru sagðir hafa treyst því, að þing stæði 8 daga, eins og í kgsbr. 9. maí 1593 segir, og þegar af þeirri ástæðu komu þeir oft ekki á réttum tíma til þings. Þess vegna hefur ekki þurft við þeirrar vinnuhörku, sem þingsköpin frá 1695 bjóða, fyrra hluta þingsins. Síðara hlutann hefur oft verið mikið unnið, en stundum líka fremur lítið til starfsins vandað

Eigi skyldi lögréttumenn ganga úr lögréttu, nema með leyfi lögmanns eða til nauðsynja sinna. Og varðaði brot á þessu 2 aura sekt.

Til þess að halda uppi góðri reglu að öðru leyti voru ýms fyrirmæli í lögbókunum, sem voru svo endurtekin í þingsetningarræðum, eins og áður er vikið að. Meðan lögréttan starfaði,

skyldi enginn, sem þar átti setu eða málum átti að gegna, „slásk í mat eða munngát ok rækja þat meirr en þingit“. Átti hann þá enga uppreist síns máls að fá á þeim degi. Mun með þessu bannað að taka mál hans fyrir og því mun hafa átt að refsa honum með því að láta hann ef til vill bíða, þar til málum annara er lokið. En þessu hefur þó sjálfsagt því aðeins verið fylgt, að þingið tefðist ekki fyrir það. Það var til þess ætlazt, að menn mötuðust og drykki á tilsettum tímum og ynni svo þess á milli óskiftir að þingstörfum eftir því, sem með þyrfti.

Eigi skyldi trufla lögréttu, meðan þar var setið yfir málum manna. Þeir, sem þar gerðu hark eða háreysti utan vébanda, svo að menn mætti ekki geyma dóma sinna, voru sekir eyri hver, ef hann var viðvaraður áður og lét ekki segjast, Jónsb. Þingfb. 3.[1]) Var og sérstaklega bannað að bera þangað drykk, til sölu eða á annan veg. Var drykkur þá upptækur og áttu þingmenn hann. Annars var mönnum hvorki meinað að hafa sjálfir drykk með sér til Alþingis né kaupa eða þiggja hann að öðrum. Það er víst líka mála sannast, að stundum hafa verið stórdrykkjur á Alþingi. Þegar á 15. öld er beinlínis talað um drykkjuskap landsmanna. Síðari hluti 16. aldar og 17. öldin voru allmiklir drykkjuskapartímar, sérstaklega víst 17. öldin, á Íslandi. Er þess getið í Alþingisbókum frá 17. öld, að menn hafi komið drukknir í lögréttu, svo að ekkert hafi orðið gert að málum þeirra.[2]) Hefur sá maður mátt vera mjög drukkinn, sem lögréttan vísaði á bug um þær mundir, því að þá var það varla komið í vitund manna almennt, að það væri hneyxli, ef maður sást ölvaður á almannafæri. Drykkjuskapur landsmanna á *Alþingi* virðist þó hafa náð hámarki á fyrra hluta 18. aldar. Sérstaklega mun hafa verið hneyxlanlegur drykkjuskapur á Alþingi milli 1710 og 1720, enda var þá hér mikill ribbaldaskapur í sumum mönnum. Og hafa sýnilega gengið ófagrar sögur af þinghaldinu á þessum árum. Bezt dæmi þess mun vera bréf Rabens sjóliðsforingja, sem þá var hér orðinn stiftbefalingsmaður, dags. í Hafnarfirði úti í fregátunni „Söridderen“ 10. júlí 1720. Er bréfið í 8 greinum, þar

1) Sbr. Alþingissamþykt 1642, Alþb. nr. 11.

2) Alþingisbókin 1656 nr. 37 (kom Þórarinn Eiriksson fordrukkinn í lögréttu og flæktist þar um stund til og frá), 1668 nr. 18 (kom Magnús Guðmundsson í lögréttu og „var drukkinn og hindraður“ að áliti lögréttumanna).

sem því meðal annars er hreyft, hversu fólk á Íslandi sé siðlaust, vinnuhjú, lausamenn og flakkarar nefndir o. s. frv. En í 2. gr. er vikið að drykkjuskap manna. Segir Raben, að „en Del af dem, som skal indfinde sig paa Altinget, og mesten af de fornemste, at de sig indfinder Retten at betjene drukna og rasende som vilde Bæster, hvilket foraarsager og kan foraarsage meget ondt". Og segir Raben ennfremur, að „den eller de drukne og rasende, som sig selv bedst kender, dette til et Advarsel, at förste Gang det sker igen, skal de være suspendert og ganske kassert", því að það sé ekki vilji konungs, „at Retten betjenes af nogle saadanne ufornuftige Dyr som et overmaade drukken og rasende Menneske". Þetta bréf stiftbefalingsmanns var „allerunderdanigst" lesið í lögréttu 11. júlí 1720.[1]) Lögmenn og lögréttan og sýslumenn gerðu rækilegar tillögur um mörg þau efni, sem vikið var að í bréfi Rabens, en um drykkjuskaparáburð hans segja þeir ekkert.[2]) Er það sjálfsagt sæmilegur vottur þess, að stiftbefalingsmaður muni ekki hafa farið ofhörðum orðum um hegðun sumra manna á Alþingi á þeim árum, því að annars mundu menn hafa reynt að bera eitthvað í bætifláka fyrir sig, og þá eflaust aðallega, að þeir hefði verið affluttur við hann.

Þá var enn ákvæði í Jónsbók, sem bannaði þeim öllum, sem fyrir utan vébönd voru, að gera þar *hark* og *háreysti*, „svá at lögréttumenn megi eigi náðulega geyma dóma sinna, eða þeir kæra mál sin, sem lögmanns og lögréttumanna lof hafa til". Sá, er þetta braut, eftir að hann hafði fengið áminningu, varð sekur eyri, Jónsbók Þingfb. 3. niðurl.

Á fyrri öldum, einkum 17. og 18. öld, var mönnum hér á landi tamt að hafa guðs nafn á vörum sér. Menn skrifuðu ekki svo bréf, hvort sem það var einkabréf eða embættisbréf, að ekki byrjaði það og endaði með löngum guðsorðalestri. Svo var og skyld kurteisi að gleyma aldrei titli þess manns og virðingarmerkjum, sem bréf var til skrifað. Sami háttur var hafður á dómum eftir því sem við varð komið. Er eiginlegt efni bréfa oft torfundið innan um guðsorðið, titlatogið og allt moldviðrið, sem það er í vafið. Má nærri geta, að athafnir á Alþingi, þar á meðal bréf og dómar og ræður, hafi verið með

1) Alþingisbókin 1720 nr. 12.
2) Þjóðskjalasafn A nr. 67, III 3.

þessu sama marki brenndar. Það er tvísýnt, hver öldin hafi skarað fram úr um guðrækni, titlatog og moldviðri í stílshætti. Er 17. öldin líklega einna fremst, enda hætta dómendur að ákalla guð í dómum sínum á 18. öld. Mælgin í bréfum 17. og 18. aldar er oft alveg afskapleg. Það, sem segja mátti í fám orðum, t. d. afsökun biskupsefnis af viðtöku þess embættis, lausnarbeiðni frá embætti o. s. frv., verður svo mærðarfult og langdregið þvaður, að það tekur margar blaðsíður, svo að kvöl er að lesa, einkannlega á 17. öld. Taki menn til dæmis afsökunarbréf Brynjólfs biskups Sveinssonar, þegar hann var kjörinn biskup. Til afsökunar þarf hann 9 blaðsíðna latínubréf.[1]) Árni lögmaður Oddsson beiðist lausnar frá lögsögumannsembætti, og ritar langt mál fullt af biblíutilvitnunum.[2]) Áður en Árni lögmaður Oddsson sór lögmannseið sinn, hélt hann allmikla tölu, sem mestmegnis var upptalning ritningarstaða.[3]) Dómarabænir og áminningar til dómanda og valdsmanna höfðu menn með svipuðum hætti,[4]) en ekki virðist guðhræðslan og heilagleikinn hafa haft mikil áhrif á lundarfar manna eða framkomu hver við annan. Þingsetningarræður sínar enduðu lögmenn oft með hvatningu til manna um að halda svo þingið, „að vorum herra Jesu Kristo sé til dýrðar, en vorum náðugasta herra, konunginum yfir Noregis og Danmerkur krúnu og hans lands stjórnarmönnum, bæði lærðum og leikum, til valds og virðingar, oss sjálfum, sem nú erum hér saman komnir, til syndalíknar og sálubótar, landinu og almúganum, sem vorum örfum og eftirkomendum til náða og nytsemda, friðar og frelsis og æfinlegra eftirdæma til allra góðra hluta. — Gefi þetta guð faðir og son og hinn heilagi andi, einn guð, kongur yfir öllum kongum, sá er lifir, ríkir og stjórnar um allar aldir veralda. Amen“.[5]) Þannig töluðu menn á 16. og 17. öld, og eru hin tilfærðu orð þó miklu fegurri stíll en síðar tíðkaðist.

IV. *Uppsögn Alþingis.* Lögbækurnar segja það ekki, hver segja skyldi upp Alþingi, en það var föst venja, að annarhvor lögmanna gerði það. En það virðist ekki hafa verið föst regla

1) Biskupasögur Jóns próf. Halldórssonar Sögurit II (I. Skálholtsbiskupar) bls. 229—238.
2) Alþingisbók 1662 nr. 21. Prentað í Ríkisréttindum Íslands bls. 116—118.
3) Alþingisbækur V 205—207.
4) Sama rit V 207—212.
5) Alþingisbækur I 204.

um það, hvor þeirra innti þetta starf af hendi. Í Alþingisbókum er þess venjulega ekki getið, hvor lögmaðurinn sagði upp Alþingi. Er sennilegt, að það hafi farið eftir samkomulagi, nema sá eldri hafi gert það. Uppsögn þingsins var fyrst og fremst fólgin í yfirlýsingu um það, að þingi væri lokið. Í þinglausnaforsögnum frá tímum Páls Stígssonar og Jóns lögmanns Jónssonar er guð faðir, sonur og heilagur andi fyrst beðinn að þakka og umbuna „öllum góðum mönnum, er þetta þing hafa sótt og setið í friði og frelsi, í heilum ráðum og hollum tillögum, bæði guðs vegna og manna". Lýst var því, að þeir menn allir, sem í Öxarárþingför eru, skyldi vera í griðum fyrir hverjum manni, þar til þeir væri komnir heim til sín. Og var það enn fremur brýnt fyrir mönnum, hverju varðaði, ef gengið var á grið þessi. Þá voru sýslumenn minntir á að halda leiðarþing — meðan þau héldust, en það var eigi lengur en fram undir 1700 —, og að nefna lögréttumenn (nefndarmenn) samkvæmt lögbók og að menn skyldi koma til næstkomandi Öxarárþings fyrir Pétursmessu og Páls — og þá Seljumannamessu eða 2. júlí síðar — þeir, er þingfararskyldir voru, og hverju varðaði, ef af væri brugðið forfallalaust.

Í fornöld voru, eins og áður segir, þinglausnir stundum nefndar *„vápnatak"*. En þetta orð er ekki lengur haft í þessari merkingu eftir 1271 í lögum eða dómum. Það kemur fyrir í Járnsíðu og Jónsbók þingfararbálki 5, og er þar haft í merkingunni „samþykki": „Nú ef maðr rýfr dóm þann, er dæmdr var á Öxarárþingi ok *vápnatak* er at átt innan lögréttu ok utan".

Eftir að þing fór að standa viku eða lengur, eins og varð eftir miðbik 17. aldar, reyndist stundum erfitt að halda lögréttumönnum til þingloka. Þeir voru einatt heimfúsir, og hafa talið sér nokkru þarfara að komast heim og gegna búverkum en sitja á Alþingi. Þinglausnir hafa því verið mörgum lausnarstund í bókstaflegri merkingu.

## 23. gr.

## Alþingisbækur.

I. Lögbækurnar, Járnsíða eða Jónsbók, hafa alls engin fyrirmæli um *þingbækur* eða yfir höfuð skráningu þess, sem fram

fór á Alþingi. Það, sem þar gerðist, var í öndverðu ekki sett á skrár. Menn lögðu það á minnið, eins og aðra atburði. En eftir að kristni var lögtekin hafa klerkar lært að rita, og þá var þess kostur að setja á skrá það helzta, sem bezt þurfti að geymast. Grágás hafði þó engin fyrirmæli um skráningu þeirra atburða, sem á Alþingi gerðust. Hún gerir, eins og áður segir, aðeins ráð fyrir því, að *lög* hafi verið skrásett. *Dómar* kveðnir upp í fjórðungsdómi eða fimmtardómi, hafa þar á móti aldrei verið skrásettir, í fornöld, svo að menn viti, því að enginn slíkur dómur er nú til. Alveg sama ástand hélzt eftir að hin nýja þingskipun komst á 1271 og 1281. Einstakir menn, þar á meðal einkum lögmenn og biskupar, hafa látið skrásetja sér til afnota *samþykktir* gerðar á Alþingi, og síðar *dóma,* sem þar hafa verið dæmdir, enda er til fjöldi einstakra Alþingisdóma frá 15. og einkum 16. öld. En engin embættisbók var haldin. Þeir, sem í málum áttu, hafa auðvitað fengið afskriftir af dómum í þeim, en dómana hafa lögmenn látið skrifa, oftast að minnsta kosti, áður en þeir voru sagðir upp. Snemma hafa lögmenn haldið bók handa *sjálfum sér aðeins*[1]) yfir það helzta, sem í embætti þeirra gerðist, bæði á Alþingi og utan þess. Þó er nú ekki vottur slíks bókhalds eldri en frá 16. öld. Frá 1570 og til 1606 héldu þeir lögmennirnir Þórður Guðmundsson og Jón Jónsson Alþingisbækur handa sjálfum sér, en engar embættisbækur voru enn haldnar. Alþingisritari var að vísu skipaður 1593, en ekki varð þó það embætti til frambúðar að því sinni. Frá 1607—1621 eru ekki til óslitnar þingbækur lögmanna heldur, en þær hafa þó til verið, en brunnið í stórbrunanum mikla í Kaupmannahöfn 1728 í safni Árna Magnússonar, sem safnað hefur þeim, eins og fleiru, héðan af landinu og flutt til Kaupmannahafnar. Frá 1622—1630 eru þar á móti til óslitin ágrip af því, sem á Alþingi gerðist þau ár, og munu vera skráð eftir alþingisbókum lögmannanna Gísla Hákonarsonar eða Halldórs Ólafssonar. Þær skýrslur, sem nú eru til frá Alþingi 1570—1630, hafa verið gefnar út í Alþingisbókum Íslands I—V bindi, Reykjavík 1912—1928. Og heldur sú útgáfa áfram.

1) Þetta virðist alveg vafalaust. Það verður því ekki séð, með hvaða rétti höfuðsmaður heimtar árið 1636 þingbók Gísla lögmanns Hákonarsonar af Vigfúsi sýslumanni syni Gísla. Gerðist þetta þá á Kópavogsþingi. Kvaðst Vigfús þá eigi hafa færi á að láta bókina, en lofar eftirriti af henni (þingbók Árna lögmanns Oddssonar, bl. 85 a—b, nú í Þjóðskjalasafni).

Má um bækur þær, sem til eru fyrir 1631, vísa til formálans fyrir I bindi Alþingisbóka Íslands, bls. I—XXI.

II. Árið 1631 var Alþingisskrifara-embættið af nýju stofnað, og komst sú ákvörðun nú til framkvæmda. Höfuðstarf Alþingisritarans var að halda skrá um það, sem á Alþingi gerðist Er þá aðeins ákveðið, að á þingi skuli vera „einn almennilegur Alþingisskrifari" og er gert ráð fyrir því, að hann láti mönnum í té eftirrit af dómum, sem þar verða dæmdir. En um gjörðabókarhald segir ekki, og hefur það þó eflaust verið tilætlunin, enda var gjörðabók haldin eða skrá um það helzta, sem fór fram á Alþingi 1631 og árin þar á eftir, og eru þær bækur enn til í eftirriti. Það er þó eigi fyrr en í konungsúrskurði 28. apríl 1638 12. gr., að greinilega er boðið að halda gjörðabók Alþingis. Þar segir svo, að Alþingisritari skuli halda „en rigtig Althingsbog med Landsens Indsegel igennemdraget og numereret". Það er ekkert sagt um löggildingu Alþingisbókarinnar, en amtmaður löggilti hana eftir að amtmannsembættið var stofnað, og eftir að landinu var skift í ömt stiftamtmaður, sem jafnframt var amtmaður í Suðuramti. Ekki segir heldur, hver hafi átt að kosta bókina, en væntanlega hefur konungsfjárhirzlan átt að gera það.

Ekki var boðið að halda nema *eina* bók, *Alþingisbókina*. Hún varð *aðalbókin*, enda innsigluð, tölusett og gegnumdregin. Hún er og stundum nefnd *landsbókin*, sbr. bréf Árna Geirssonar 12. ágúst 1684.[1]) Í hana hefur auðsjáanlega verið skráð það, sem opinberlega gerðist á þinginu og almenningi mátti verða kunnugt. Alþingisbók þessi var fyrir bæði lögdæmin, bæði á meðan lögmenn störfuðu í félagi og eins eftir að þeir tóku að dæma sér mál, hvor úr sínu lögdæmi. Er og aldrei aðgreindar skýrslur um birtingar, t. d. veðlýsingar, úr hvoru lögdæmi. Bækurnar hafa að geyma samfelldar skýrslur um þingatburði úr báðum lögdæmum. Eftir að lögmenn taka að starfa sér, þá er auðvitað sagt að N. N. lögmaður hafi kveðið þenna dóm, sezt í rétt þann eða þann dag, í stað þess sem áður var sagt, að þeir hefði *báðir* nefnt dómendur o. s. frv. En lögmenn munu sumir þó enn hafa haldið *einka-þingbækur* handa sjálfum sér, þar sem þeir skráðu eða létu skrá það, sem á þingi gerðist, auk annara úrskurða og dóma, sem þeir voru riðnir

1) Alþingisbækur I formálinn, bls. VIII.

við. Til er enn þingbók Árna lögmanns Oddssonar árin 1631—1640 og dómabók Þorleifs lögmanns Kortssonar. Auk þessa virðist Alþingisskrifari hafa haldið fleiri bækur en þessa aðalbók. Á fyrstu árunum eftir stofnun Alþingisskrifara-embættisins er stundum talað um *„klattbókina* Páls Gíslasonar“[1]). Þess er stundum getið í afskriftum Alþingisbóka, er nú eru til, að sumt, sem í afskriftinni er talið, finnist í þessari „klattbók“, en hafi ekki verið skráð í Alþingisbókina sjálfa. Þessu er eflaust svo varið, að Páll Gíslason, og sjálfsagt fleiri Alþingisskrifarar, hafa haldið minnisbók, eða gert uppkast, „kladda“, að gjörðabókinni, handa sjálfum sér, og þar hafa þeir stundum skráð ýmislegt, sem ekki var ritað í sjálfa *Alþingisbókina* eða *landsbókina*. Nú er ókunnugt um þessar „klattbækur“. Og eigi er heldur, svo að kunnugt sé, þeirra getið á 18. öld.

Í áðurnefndu bréfi Árna Geirssonar frá 12. ágúst 1684 er farið fram á það, að *„Alþingisbækurnar*, fyrir utan *protokollen* og þá *forsigluðu landsbók“*, mætti prenta, svo að hann losnaði við afskriftir hennar. Er gefið í skyn með þessu, að haldnar hafi verið *þrjár* bækur á Alþingi um 1680 eða er ónákvæmt orðalagið í bréfinu? Úr þessu verður víst trauðla skorið með fullri vissu. Fljótt á litið er svo að sjá, að þá hafi verið haldin: 1. *Landsbókin*, hin löggilta og forsiglaða aðalbók, 2. *„Protokollen“* og 3. *Alþingisbækur*. En þetta munu ekki hafa verið „Alþingisbækur“ þær, sem Árni Geirsson vill láta prenta, eru víst ekki annað en þær afskriftir, sem hann hugsar sér að gera af hinum bókunum eða *landsbókinni* til að láta prenta, en ekki þriðja bókin, sem haldin hafi verið og héti Alþingisbók. Að minnsta kosti þekkjast nú engin gögn fyrir því, að svo margar bækur hafi verið haldnar á Alþingi á þessum tímum. Og til hvers hefði þær átt að vera haldnar? Og hvað hefði þá verið í hverja þeirra skráð? Um það er ekkert sagt. Og þegar ákveðið var að prenta Alþingisbækurnar, þá er ekki heldur neitt, sem bendir til þess, að fleiri en ein bók hafi verið haldin. Það er leyft í bréfi yfirkansellisekretera 7. maí 1689[2]) að prenta „Tingbögerne“ og í bréfum amtmanns 17. júlí 1689 er talað um að prenta „alle Acta“, og er átt með þessu við allt það, sem á

1) T. d. Alþingisbækur V. 253. Á þeim stað er prentvilla: kla*kk*bók fyrir kla*tt*bók.

2) Alþingisbókin 1696.

Alþingi gerist og skráð er eða skráð verði. „Protokollen" gæti ef til vill táknað bók, sem ritari hefði haldið til að skrá í uppkast að sjálfri Alþingisbókinni, líkt og „klattbókin" Páls Gíslasonar hefur verið. En hvernig sem það hefur þá verið, þá verður ekki séð, að á 18. öld hafi verið haldin nema hin eiginlega *Alþingisbók* eða *landsbókin* og svo *þinglýsingabók*, sbr. síðar. Og það er ekki gott að sjá, hvað ritað hafi verið í aðra bókina, sem ekki hefði verið í hinni, nema „Protokollen" hefði verið uppkastsbók, eins og klattbókin áður.

Alþingisbókin er, eða að minnsta kosti flest árin, til í allmörgum afskriftum og misjafnlega fullum. Hafa ýmsir safnað þeim frá upphafi (1631) til enda (1800). Í Landsbókasafni er safn Steingríms biskups Jónssonar, gott eintak, og í Þjóðskjalasafni safn Bjarna amtmanns Þorsteinssonar, líka dágott, auk fleiri safna. Og nú hefur Þjóðskjalasafnið fengið annað safn (viðbót úr Ríkisskjalasafni Dana, gott safn). Í konungsbókhlöðu í Kaupm.höfn er og safn Jóns konferenzráðs Eiríkssonar, ágætt safn á kafla, og í The National Library (Advocates Library) í Edinborg er safn Finns prófessors Magnússonar, líka víða gott safn, auk annara fleiri. Frumrit Alþingisbóka eru nú ekki til, nema frá 1766—1800, og þó rota í árinu 1768. Er það líka í Þjóðskjalasafni. Þar á móti eru til prentaðar bækur frá mörgum árum og staðfest eftirrit Alþingisskrifara frá þeim árum flestum, sem prentaðar bækur eru ekki til frá. Alþingisbækurnar eru ágæt heimild, bæði um almenna sögu landsins, en einkum um réttarsögu þess og mannfræði.

Frá því á fyrra hluta 18. aldar mun hafa verið haldin bók, þar sem skráð voru orðrétt bréf þau öll, sem þinglýst var, svo sem afsalsbréf, veðbréf, gjafabréf, brigðalýsingar o. s. frv. Þessar *þinglýsingabækur* eru enn til frá 1768—1800 í Þjóðskjalasafni. Þessar bækur hafa að vonum ekki verið afskrifaðar, og eru því aðeins til í einu frumriti.

III. Eins og getið var, þá tóku menn að hyggja á *prentun* Alþingisbókanna á síðara hluta 17. aldar. Til þess tíma höfðu Alþingisritarar, samkvæmt embættisskyldu sinni, afskrifað hvers árs Alþingisbók og sent sýslumönnum, klausturhöldurum og lénsjarðahöldurum sitt eintak hverjum, auk þess sem biskupar og sjálfsagt ýmsir fleiri hafa líka útvegað sér afskriftir hjá ritara eftir þörfum sínum, ýmist af hvers árs bók í heild sinni eða þá af því, sem þeir töldu sig helzt varða eða girnt-

ust sérstaklega að vita. En það varð Alþingisritara stórfelt erfiði að taka 40—50 eftirrit af Alþingisbók á hverju ári. Og því var farið að hugsa um að prenta hana. Eins og áður er vikið að, skrifaði Árni Geirsson Alþingisskrifari Heidemann landfógeta bréf, dags. 12. ág. 1684 á Bessastöðum, þar sem hann fer þess á leit, að Alþingisbækurnar verði hér eftir prentaðar árlega „á norðurbiskupsstólnum af dómkirkjunnar bókþrykkjara". Ekki er kunnugt, hvað þá hefur verið gert í þessu máli, en ákvörðun mun ekki hafa verið um það tekin fyrr en 1689. 7. maí það ár er dagsett bréf yfirkansellisekretera til Müllers amtmanns, þar sem hann segist „ud i Canselli collegio" hafa „proponeret", að allar Alþingisgjörðabækur mætti prenta, og að Kanselli hafi fallizt á það. En ekkert varð þó af prentun bókanna að sinni. Loks 7. júlí 1796 skrifar Müller amtmaður Þórði biskupi Þorlákssyni, sem þá hafði fengið prentsmiðjuna til sín í Skálholt, á Alþingi og fer fram á það, að biskup vildi láta prenta bókina, og hefur Sören Matthíasson, sem þá var Alþingisskrifari, eftir því sem í bréfi amtmanns segir, gefið tilefni til þessarar framkvæmdar amtmanns.[1]) Og varð þetta til þess, að Alþingisbókin 1696 var prentuð, og bókin næsta ár, 1697. En eigi varð framhald á þeirri ráðstöfun, því að svo var hætt að prenta Alþingisbækur þangað til 1704. Var þess árs Alþingisbók prentuð. Síðan verður bil á prentun bókanna til 1713. Þá eru þær prentaðar árin 1713—1716. Árið 1717 fellur svo úr, en svo eru þær prentaðar frá 1718—1728, en svo falla árin 1729—1730 úr. Þá voru þær prentaðar 1731 og 1732. Svo fellur árið 1733 úr. Síðan eru þær prentaðar óslitið frá 1734—1737. Þá falla úr árin 1738—1742. Þá eru þær prentaðar árin 1743—1756, en eigi 1757. 1758 var bókin prentuð, en árin 1759—1764 falla alveg úr. 1765—1769 eru þær aftur prentaðar, en svo falla úr árin 1770 og 1772. 1771 og 1773—1800 eru bækurnar óslitið prentaðar. Prentuðu Alþingisbækurnar eru nú orðnar svo sem jafnsjaldgæfar og þær skrifuðu, svo að ný útgáfa beggja má nú kalla jafnnauðsynlega.

IV. Eins og nærri má geta, hlaut langur tími að fara í það að afskrifa öll þau eintök af Alþingisbókinni, sem senda þurfti til manna víðsvegar um land. Og svo voru sendingarnar að

1) Útdráttur úr bréfum þessum er prentaður framan við Alþingisbókina 1696.

vonum oft alllengi á leiðinni. Þá voru ekki póstferðir um landið, og varð því að sæta þeim ferðum, sem féllu manna á milli. Eftir að farið var að prenta Alþingisbækurnar, virðast þær varla hafa borizt fyrr út til manna en áður. Prentunin virðist stundum hafa gengið furðu seint, þó að einsætt ætti að vera, að henni hefði mátt fyrr vera lokið en afskriftunum öllum. 1789 er prentun Alþingisbókar þess árs t. d. ekki lokið fyrr en 5. desember það ár,[1]) enda hafði prentarinn ekki fengið allt efnið í hana fyrr en 21. okt. um haustið og 2 skjöl, sem áttu að fylgja henni, komu ekki fyrr en 6. des. Annars hefur hún sjálfsagt oftast verið prentuð á haustin. Nú gat mönnum stundum staðið á miklu að fá fljótt eftirrit Alþingisbókar eða einstakra hluta hennar. Var því stundum verið að brýna fyrir mönnum að greiða fyrir Alþingisbókasendingum, svo sem 1735. Þá segist Oddur Alþingisritari Magnússon hafa afgreitt frá sér allar fyrra árs Alþingisbækur — 1734 var bókin prentuð — 1. febrúar, en þær hafi þó mjög seint komizt til viðtökumanna, því biður hann fulltrúa amtmanns að leggja fyrir sýslumenn, að þeir sendi hver til hins næsta Alþingisbókina, þegar er hún kemur til hans. Fulltrúi amtmanns býður því öllum sýslumönnum að senda frá sér bækurnar tafarlaust, „paa det ingen med Uvidenhed om hvis paa Altinget er passeret, sig skulde kunne undskylde“[2]). Árið 1777[3]) segir amtmaður, að Alþingisbókin komi oft ekki fyrr en hálfu ári eftir þinglausnir til þeirra, sem eigi að fá hana, enda líði enn lengri tími, þangað til þeir fái hana, sem erfiðast sé að ná til. Eftir þessu hafa margir eigi fengið Alþingisbókina fyrr en um og eftir árslok og stundum löngu síðar.

V. Eins og áður segir, var lögrétta undir beru lofti til 1691. Meðan svo var, hefur ekki verið unnt að skrásetja gjörðir lögréttu samstundis, nema þegar veður var bæði lygnt og þurt. Dómar þeir, sem dæmdir hafa verið á Alþingi, samþykktir og annað slíkt, hafa verið færðir í letur venjulega áður en þeir hafa verið upp sagðir, og svo hefur Alþingisritari skráð dómana o. s. frv. í Alþingisbókina, annað hvort þegar á Alþingi eða heima hjá sér. Það, sem gerzt hefur í lögréttu og

1) Alþingisbókin 1789 niðurl.
2) Alþingisbókin 1735 niðurlagið.
3) Alþingisbókin 1777 nr. 30, 6.

ekki hefur verið áður skrátt, hefur ritari stundum lagt sér á minnið, þangað til hann var kominn undir þak. 1655 segir t. d. að það bréf, er herra biskupinn Brynjólfur Sveinsson lét lesa upp í lögréttu 1. júlí, hafi ekki þann dag orðið fært í Alþingisbókina vegna illviðurs og þingi upp sagt fyrr en innritun hafi getað átt sér stað. Ritari tók því bréfið með sér og geymir „þar til guð lofar því í hendur biskups að koma“.[1]) Má á þessu sjá, að Alþingisritari hefur stundum ekki gengið frá Alþingisbókinni fyrr en heima hjá sér. Stundum þurfti líka svo mikið að skrá í bókina, t. d. löng lagaboð, einkum á 18. öld, að ritari hefur ekki komizt yfir það á Alþingi. Þegar veður leyfði, þá mun hann hafa getað skráð það, er í lögréttu fór fram, í Alþingisbókina þegar í stað eða gert að því uppkast í lögréttu, annað hvort í sérstaka bók, „klattbók“, ef til vill, eða á laus blöð, og síðan skráð það í Alþingisbókina.

Eftir að lögréttan var komin undir tjald, og síðar þak, hefur þetta breytzt. Alþingisritari hefur þá, að minnsta kosti í skaplegu veðri, getað bókað jafnharðan það, sem gerðist í lögréttu. Dóma hafa menn vitanlega, eins og áður, samið og gert uppkast að í tjöldum eða búðum sínum og fengið ritara þá til hreinritunar í Alþingisbókina. En hitt, svo sem þingsetningu á hverjum degi, hverir komu í lögréttu og að hvaða málum var gert o. s. frv., gat ritari skráð í bókina, ef hann vildi, og svo framarlega sem ekki raskaðist við það röð málanna í bókinni, t. d. að eldri dómur kæmi ekki síðar í bókinni en það, sem hann hafði þegar skráð í hana og yngra var. Þegar illt var veður, þá var ógerlegt að halda bók í lögréttu jafnvel þó að vaðmáli væri tjaldað yfir hana. Bæði lak, ef að ráði rigndi, og svo blés þar í gegnum. Og er stundum eins og vonlegt er, kvartað undan því, að illt sé að geyma skjala og sinna ritarastörfum í lögréttu. Guðmundur Alþingisritari og síðar sýslumaður Sigurðsson segir í bréfi til stiftamtmanns 28. sept 1732,[2]) að lögréttan leki, ef regn er, skjöl og fjöður fjúki, ef vindur er, nema því meiri gætni sé höfð. Þegar svo var, þá er sýnt, að ekki hefur þar mátt haldast við skriftir Og vafasamt er, hvort ekki hefur eitthvað svipað orðið upp á teningnum í tjöldum eða búðum, sem líka var tjaldað yfir. Síðar var að vísu sett

1) Alþingisbókin 1655 nr. 30.
2) Þjóðskjalasafn A nr. 75, II 1.

reglulegt þak á lögréttuhúsið, en oft var því illa viðhaldið, og því blástur um það og sjálfsagt leki stundum. Hefur það því ekki allt af verið mikið sældarbrauð að sitja að skriftum á Alþingi. En það var ef til vill bót í máli, að fæstir voru góðu vanir í því efni heiman að. Víðast munu húsakynni hafa lekið á þeim tímum, ef rigningar gengu að marki, og aðbúð ritara á þeim tímum öll mjög bágborin.

Vera má nú og, að bókarhaldið hafi stundum verið verra en skyldi. Að minnsta kosti hafa Raben stiftbefalingsmanni borizt ófagrar sögur af því 1720.[1]) Hann segist hafa heyrt, að þingbókunum sé eigi haldið svo hreinum og nákvæmum sem vera eigi, og að yfirstrikað sé það, sem í þær hafi verið skráð, og útstrikað, og breytingar á því gjörðar. Nú er þess enginn kostur, að dæma um, hvort þetta sé rétt. En frumrit þau, sem enn eru til af Alþingisbókum (1766—1800), virðast yfirleitt vera vel gerð, skriftin góð þeirrar tíðar rithönd og hvorki breytt né útstrikað framar en fyrir kann að koma í hverri þingbók.

VI. Í konungsúrskurði 28. apr. 1638 12. gr. segir, að í hina innsigluðu, gegnumdregnu og tölusettu bók (Alþingisbók, landsbók, lögþingisbók) skuli skrá „alt, hvis paa Althinget bliver forhandlet, som i Thingbogen bör at indföres, og ikke andet der indskrive end vores udgivne Breve og Mandater, saa og Domme, som paa Althinget dömmes og for Retten forrettes, saa og hvis som ellers bliver af Lensmanden paa vores Vegne befalet". Önnur lagafyrirmæli eru ekki um það, hvað í Alþingisbókina skyldi skrá.

Eftir konungsúrsk. 28. apr. 1638 12. gr. má skifta því í tvo aðalflokka, sem í Alþingisbók skyldi rita:

1. Það, sem gert er („forhandlet") á Alþingi. Þar undir koma, eftir konungsúrskurðinum, sérstaklega *dómar*, sem þar eru dæmdir. Dómarnir eru aðeins nefndir sem dæmi. Tilætlunin hefur verið að skrá í Alþingisbókina skýrslu um gjörðir Alþingis yfirhöfuð. Hitt, hversu sú skýrsla yrði nákvæm, var auðvitað óhentugt að ákveða. Skýrslurnar áttu einungis að vera réttar að efni til. Nákvæmnin virðist annars hafa verið mjög mismunandi. Stundum hafa dómar verið teknir í heild sinni orðrétt, og sá er siður jafnan á 18. öld, en stundum hafa þeir, að því er virðist, einungis verið skráðir í ágripi, og það

1) Alþingisbókin 1720 nr. 12.

oft svo stuttu, að engin leið er að komast til botns í málunum. Í skýrslunum um *þinglýsingar* eru bréfin venjulegast ekki rituð orðrétt í Alþingisbók, heldur aðeins er þar greinargerð um aðalefni þeirra. Orðrétt voru bréf aðeins skráð í bókina, ef aðili beiddist þess sérstaklega. Og eftir að tekið var að halda sérstaka *þinglýsingabók*, þá voru kaupbréf, gjafabréf, veðbréf o. s. frv. skráð orðrétt í hana.

*Samþykktir* Alþingis, löggjafaratriði eða um landsnauðsynjar, t. d. bænarskrár („supplikatiur") til konungs, voru skráðar í Alþingisbækurnar, að minnsta kosti venjulega, þó að stundum bæri út af því. Þegar á 18. öld kemur, og stundum var það gert fyrr, er venja að skrá í Alþingisbók hið helzta, sem aðiljar eða umboðsmenn þeirra flytja fram í málum sínum, en sjaldan orðrétt. Svo er getið sóknarskjala eða varnar, sem þeir hafi lagt fram, ef því er að skifta, og stundum hins helzta úr innihaldi þeirra. Í refsimálum er einatt getið um yfirheyrslu sökunauts á Alþingi og hvað hann hafi játað og hverju neitað. Þá er mjög oft skýrt frá hinu og þessu í Alþingisbók, sem gerðist þar meðal manna, þótt það varði eiga beinlínis þingstörfin, t. d. sáttargjörðir og athugasemdir aðilja með þeim hinar og þessar. Eiríkur nokkur Sigurðsson meiðyrti t. d. Björn biskup Þorleifsson. Maðurinn biður biskup fyrirgefningar með knéfalli og undirskrifar fyrirgefningarbæn. Biskup skrifaði langan pistil og greinir þar, með þeirra tíma stíl, skilmála sína. Síðan verður sátt fyrir Müller amtmanni, og er allt þetta orðrétt skráð í Alþingisbókina.[1]) Stundum er skýrt frá samtali manna og þá rækilega og orðrétt eftir höfð illmæli manna hvors um hinn. Stundum er þetta þó gert vegna þess að til dómsmáls kom, svo sem rifrildi Jóns biskups Vigfússonar og Hedemanns landfógeta, sem skráð var í bókina 1689 eftir beiðni Heidemanns.[2]) Sérhvað það, er mönnum þótti nauðsyn, að geymdist eða yrði almenningi kunnugt, létu þeir birta á Alþingi og skrá í Alþingisbók. Og verða engin takmörk fundin fyrir því, hvers efnis þess konar yfirlýsingar eða skjöl skyldi vera. Fyrst og fremst náði þetta til skjala, er almenning varðaði að einhverju leyti. T. d. er grein úr arf-

1) Alþingisbókin 1697 nr. 38.

2) Alþingisbókin 1689 nr. 23. Sbr. og Alþingisbókina 1662 nr. 34, 1679 nr. 21.

leiðsluskrá Guðbrands biskups um prentverkið birt í Alþingisbók 1648 nr. 14. Ef einhver hafði eitthvað að kæra til einhvers, þá var altítt, að þeir létu lesa upp kærubréf í lögréttu og skrá síðan í Alþingisbók, t. d. „það langorða bréf" Torfa sýslumanns Erlendssonar, föður Þormóðar sagnaritara, er hann lét lesa upp á Alþingi 1661. Og þá mátti vera, að slík bréf fæddi af sér svar frá þeim, sem þeim var beint að, t. d. bréf Torfa svar höfuðsmanns.[1]) Þeir, sem fyrir einhverjum áburði höfðu orðið eða einhverri hneisu, höfðu stundum það ráð að ríða til Alþingis og vinna þar eið fyrir verknað þann, sem á þá hafði verið borinn, eða vinna eiðinn ef til vill heima og senda hann til Alþingis, láta birta hann þar og ef til vill skrá hann svo í Alþingisbókina. T. d. hefur Alþingisbókin 1661 nr. 14 að geyma eið Úlfhildar Jónsdóttur, ekkju Stefáns prests Hallkelssonar, þar sem hún synjar þess, að hún hafi haft samfarir við aðra en mann sinn. Jafnvel hvarf smáhluta á Alþingi birta menn í Alþingisbók. Árið 1688 lýsir Brynjólfur Hannesson lögréttumaður því, að honum hefði horfið úr tjaldi sínu á næturþeli svört klæðishúfa, en í staðinn væri kominn svartur hattur með skurði í barði og upp í koll, og er lýsing þessi birt í Alþingisbók 1688 nr. 33. Oft voru birtar á Alþingi og skráðar í Alþingisbók kröfugjörðir einstakra manna og framboð um hitt og þetta, yfirlýsingar um áfrýjun til æðra dóms, stundum stefnur, svo og voru þar lýsingar brotamanna, hvalskutla, fundins fjár, vogreka o. s. frv. Og er það ótæmandi, hvað mönnum hugkvæmdist að birta í Alþingisbókum. Þær voru líka eini auglýsingastaðurinn, að kalla mátti, þar sem auglýst var skrifað eða prentað mál.

2. Samkvæmt konungsúrskurði 28. apr. 1638 12. gr. skyldi skrá í Alþingisbók „Breve og Mandater" konungs til Íslands eða íslenzkra manna. Hér til töldust yfirleitt þau lagaboð eða yfirlýsingar konungs, sem almenn málefni varðaði, t. d. svör við bænarskrám, almenns efnis. Þess konar bréf voru venjulega skráð orðrétt í Alþignisbók þess árs, er þau voru birt. Þó voru ekki allar tilskipanir, sem lesnar voru á Alþingi, skráðar í Alþingisbók. Stundum er einungis getið fyrirsagna þeirra eða aðalefnis. T. d. var ekki talin nauðsyn á því, að tilskipun 29. maí 1744 um helgidagahald fylgdi Alþingisbókinni, af því að

1) Alþingisbókin 1661 nr. 37.

hún hafði áður verið birt á héraðsþingum.[1]) Með Rentukammerbréfi 30. jan. 1787 var boðið að senda Alþingisritara 60 prentuð eintök af öllum tilskipunum og konungsbréfum, sem birta skyldi á Alþingi. Þessi bréf eru ekki skráð í Alþingisbók, að minnsta kosti fæst. Önnur konungsbréf eru þar á móti framvegis skráð þar. Auk lagaboðanna voru alls konar yfirlýsingar konungsvaldsins birtar á Alþingi og skráðar í Alþingisbækur, t. d. staðfestingar á erfðaskrám, leyfisbréf handa brúðhjónaefnum til að eigast, sem það var bannað vegna frændsemi, uppgjöf saka, áfrýjunarleyfi o. s. frv.

Svo átti að skrá í Alþingisbók, eftir konungsúrskurði 28. apríl 1638, það er lénsmaður lét þar birta. Þetta tók til alls þess, er höfuðsmaður, stiftbefalingsmaður, stiftamtmaður, amtmenn og landfógetar létu birta á Alþingi. Það var auðvitað mjög margvíslegt, svo sem skýrslur um ólokin gjöld sýslumanna og þeirra annara, sem höfðu lén af konungsvaldinu, auglýsingar um lausar sýslur og lénsjarðir og uppboð á þeim, meðan þau tíðkuðust, áminningar til þeirra, sem skyldi sækja Alþingi, að gera það, auglýsingar um konungsjarðir, sem lausar voru úr ábúð. Hyllingareiðar konunga hafa stundum verið lesnir upp á Alþingi og birtir í Alþingisbók, að minnsta kosti var svo gert um eiðana, sem unnir voru á Bessastöðum 9. júlí 1670, þegar Kristján 5. var hylltur.[2]) Á Alþingi 1727 var birtur hæstaréttardómur, þar sem Oddur lögmaður Sigurðsson var dæmdur frá æru og eignum, en svo er líka birt á Alþingi 1736 uppreistarbréf hans og hvorttveggja skráð í Alþingisbók þeirra ára.[3]) Það voru annars, eins og um birtingar og tilkynningar einstakra manna á Alþingi, engin mörk sett um það, hvað konungsvaldið lét birta á Alþingi og skrá í Alþingisbók. —

Þá var og auðsætt, að lögmenn léti Alþingisbók flytja ýmsar birtingar eða tilkynningar, sem þeir létu fara fram í embætti sínu á Alþingi. Sama var um sýslumenn, um embættismálefni þeirra, t. d. áskorun til lánardrottna og skuldheimtumanna dánarbúa um að gefa sig fram *(proclamata)* o. s. frv.

Eins og áður getur, hefur ekki alltaf allt, sem til meðferðar hefur verið tekið í lögréttu, verið skráð í Alþingisbók, jafnvel

1) Alþingisbókin 1745 nr. 2.
2) Alþingisbókin 1670 nr. 1—2.
3) Alþingisbókin 1727 nr. 13 og 1736 nr. 21.

þótt Alþingisritari hafi getið þess í uppkasti sínu, t. d. „trakteran eiðs Magnúsar Sigurðssonar“ í galdramáli úr Dalasýslu.[1]) En stundum ber það við, að ritari hafði ekki fengið vitneskju um, hvað gert hafði verið. Gat það viljað til, ef lögmenn og lögréttumenn athuguðu málið utan lögréttu og ógreinilega kom fram, hvað að því hefði verið gert. Er sliks t. d. getið í Alþingisbók 1637 nr. 23.[2]) Hins vegar er mjög algengt, að ýmislegt fylgi Alþingisbók, sem alls ekki hefur gerzt á Alþingi. Er það þá venjulega skráð í bókarlok og ekki meðal málaraðar bókanna. 1632 í ágúst er t. d. skráð í Alþingisbókina sem nr. 15 samþykkt um fiskgjald til lausnar herteknu fólki. Á Alþingi hafði ekki fengizt samkomulag um þetta, en svo hafa menn komið sér síðar saman um það, og samþykktin hefur svo verið rituð í Alþingisbókina áður en hún hefur verið hreinrituð. Konungsvaldið og valdsmenn létu fylgja Alþingisbókum tilkynningar ýmiss efnis, svo sem áskoranir til skuldheimtumanna dánarbúa, uppboðsauglýsingar o. s. frv. Stundum voru dómar upp kveðnir utan Alþingis, líka skráðir í Alþingisbók, t. d. Bessastaðadómur frá 1631 í galdramáli Jóns lærða í Alþingisbók 1637. Einstakir menn fengu jafnvel að auglýsa í Alþingisbók, t. d. auglýsingar um prentaðar bækur eða prentun bóka, t. d. Jónsbókar 1783[3]) o. s. frv. Það voru ekki heldur neinar fastar reglur um það, hvað menn mætti fá að láta fylgja Alþingisbókum, þótt það hefði ekki komið fram á Alþingi. Guðmundur Sigurðsson sýslumaður í Snæfellsnessýslu hafði t. d. talað eitthvað óvarlega um Lafrentz amtmann í málsskjali, sem hann lagði fram á dómþingi að Ingjaldshóli 28. ágúst 1739, en afsakaði það í bréfi, sem hann lætur fylgja Alþingisbókinni 1740. Var bókin með þessu jafnframt orðin einskonar lögbirtingablað, sem bæði yfirvöld og einstakir menn létu flytja yfirlýsingar sínar ýmiskonar efnis.

VII. *Málið* á Alþingisbókunum er að vísu nokkuð mismunandi eftir þeim tíma, sem þær eru frá. Mál landsmanna er að vísu orðið spillt á 16. öld að því leyti sem það birtist í embættisskjölum, og oft eigi nema svipur hjá sjón hjá því máli, sem talað hefur verið og ritað á 12. og 13. öld. En alþýðumál hefur sjálfsagt verið nokkru betra. Um 16. aldar mál á Alþing-

1) Sbr. Alþingisbækur V 253.
2) Sbr. og Alþingisbók 1637 nr. 18.
3) Alþingisbókin 1783 bls. 67—68.

isbókum — en þær eru aðeins einkabækur lögmanna, eins og fyrr er sagt — má segja það, að það ber að mörgu leyti keim af dönsku þeirra tíma, þó að orðin sé flest íslenzk. Hirðstjórar létu þá og birta konungsbréf og aðrar skipanir konungsvaldsins á dönsku. Þeir töluðu sjálfir og þjónar þeirra dönsku og dönskublending. Og skifti þetta vafalaust eigi litlu um tungu landsmanna, og þó einkum embættismálið. Í dómum og ræðum manna á 16. og fyrra hluta 17. aldar bregður þó oft fyrir fallegum orðum og orðasamböndum, er minna á sögumálið, enda hafa geymzt úr því og fornu lagamáli ýmsar gamlar forsagnir langt fram á 17. öld. En tungunni smáhrakar á 17. öld og er orðin í riti og ræðu embættismanna á 18. öld næsta grátt leikin. Það á að vísu að heita svo, að málið á Alþingisbókum 18. aldar sé íslenzka, að því leyti sem skýrt er frá aðgjörðum lögmanna, en svo er það dönskumeingað, bæði að orðavali og orðaskipan og setninga, að íslenzkum mönnum ókunnugum 18. aldar embættismáli mun ægja við því. Það er auk þess afar títt á 18. öld, að alíslenzkir embættismenn setja bréf á dönsku í Alþingisbækurnar. Og nöfn sjálfra sín taka þeir að afskræma á ýmsar lundir, svo að þau mætti fá sem danskastan keim. Oddur lögmaður Sigurðsson, einhver mesti vandræðamaður 18. aldar meðal embættismanna, kallar sig t. d. ekki sínu rétta nafni í Alþingisbókum, heldur heitir hann þar „Otto“ eða „Odder“ „Sivertsen“. Þá taka menn og að afbaka nöfn sín í „sen“ úr „son“ og kenna sig við afa sína í stað feðra. Þótti þá meiri höfðingsbragur á þeim nöfnum en gömlu íslenzku nöfnunum. Ólafi gamla stiftamtmanni, sem annars var að mörgu leyti sæmdarmaður, þótti seinni hluta ævi sinnar meira í munni að afbaka föðurnafn sitt úr „Stefánsson“ í „Stephensen“. „Þórarinssynir“ sumir afbaka þá nafn sitt í „Thorarensen“, eins og kunnugt er, og margir fleiri. Og kennir þessara nýju nafna vitanlega í Alþingisbókum 18. aldar, eins og annara málspjalla.

## II. kafli.

## Þingsóknarmenn.

### 24. gr.

### Almennt um þingsóknarmenn.

Þingsóknarmönnum á tímabilinu 1271—1800 má skifta í þrjá aðalflokka:

A. Flokkur. Þeir, sem samkvæmt embættisstöðu sinni eða samkvæmt yfirvaldsboði skyldi sækja þing. Þessir menn voru:

I. *Lögmenn.* Því eru þeir hér fyrst taldir, að þing mátti ekki heyja, nema þeir væri þar. Þeir voru formenn lögréttu, og þingstörfin fóru þar fram öll undir stjórn lögmanna, þar til yfirréttur var á stofn settur.

II. *Lögréttumenn (nefndarmenn).* Því eru þeir næst lögmönnum nefndir, að ekki mátti Alþingi löglega heyja án þeirra, þó að aðrir væri þeim fremri að völdum og mannvirðingum.

III. Hér verður að telja næstan *Alþingisskrifarann.* Hann er líka, eftir 1630, einn sá starfsmanna þingsins, sem nauðsynlegur er til þess, að það megi löglega heyja.

IV. *Æðstu umboðsmenn konungs hérlendir.* Þeir gátu verið bæði a) fastskipaðir eða b) sendir í sérstökum erindagjörðum. Þeir, sem ná vildu tali af fyrirsvarsmönnum landsins, leituðu venjulega til Alþingis. Og svo var það um sendimenn konungsvaldsins bæði fyrr og síðar.

a) Af hinum fastskipuðu æðstu umboðsmönnum konungsvaldsins má nefna:

1. *Hirðstjóra* og síðar *höfuðsmenn,* ef þeir sátu hér á landi, en ella umboðsmenn þeirra, er tíðast voru nefndir fógetar. Eftir stofnun yfirréttarins verður návist höfuðsmanns á Alþingi, eða umboðsmanns hans, nauðsynleg, þegar mál þarf að dæma í 24 manna dóminum (yfirréttinum).

2. Eftir niðurlagningu höfuðsmannsembættisins komu *stiftbefalingsmenn,* sem sátu alls eigi á landinu,[1]) heldur höfðu

1) Raben einn kom hingað til lands og dvaldist nokkrar vikur á skipi sínu í Hafnarfirði. Eigi kom hann til Alþingis.

hér fulltrúa sína, en síðan *stiftamtmenn*, sem jafnframt urðu *amtmenn*, og sóttu þeir auðvitað venjulega Alþingi. Stiftamtmaður þurfti að sækja þingið einnig vegna formennsku sinnar í yfirrétti.

3. Eftir 1683, er amtmannsdæmið var stofnað, sótti *amtmaður* þingið í embættisnafni. *Amtmaður* hafði líka forsæti í yfirrétti í fjarvist stiftbefalingsmanns eða stiftamtmanns, og hlaut því að sækja Alþingi.

4. Loks sótti *landfógeti* Alþingi samkvæmt embættisskyldu sinni.

b) Til sendimanna konungsvaldsins, sem í sérstökum erindagjörðum voru hingað sendir, en mátti þó ekki telja til nokkurs þeirra, sem greinir í a. 1—4 hér næst fyrir ofan, skal nefna sendimenn konungs á síðaskiftatímanum og síðar, þá, er sendir voru til að taka hyllingareiða af landsmönnum konungum til handa, nefndardómara o. s. frv.

V. Þá ko*ma handgengnir menn konungs, sýslumenn* og *lögsagnarar* þeirra. Auk almennrar embættisskyldu sinnar til þingsóknar, áttu þeir að koma þangað til þess að taka sæti í yfirrétti eftir að hann var stofnaður.

VI. Þá bar þeim að sækja þing, er annars höfðu lén af konungi. Tók þetta til umboðsmanna yfir jarðagózi, er í hlut konungs féll eftir brotamenn, og svo þeirra, er klaustraeignirnar fengu að léni eftir síðaskifti *(umboðsmenn og klausturhaldarar)*.

VII. *Andlegrar stéttar menn* (biskupar, ábótar, prófastar og prestar).

VIII. Þeir, er *skipaðir voru til að flytja dómsmál á Alþingi* fyrir ríkisvaldið eða einstaka menn, sem eigi þóttu hafa þekkingu eða menningu til að gera það sjálfir.

B. *Málsaðiljar*. Þeim má skifta í tvo flokka:

1. Aðiljar mála þeirra, sem nú á tímum eru til einkamála talin. Þessum mönnum var í rauninni í sjálfs vald sett, eins og nú, hvort þeir sóttu þing eða ekki.

2. Þeir, er fyrir stórsökum voru hafðir, er refsingu vörðuðu og ríkisvaldið tók sér sókn á *(„delinquentar")*.

C. Í þriðja flokk koma allir aðrir, sem til Alþingis komu. Þar til má telja þjónustumenn ríkismanna, þá er þeir höfðu með sér á Alþingi. Ýmsir fóru þangað, er ekki höfðu ákveðnu máli að gegna, til þess að fræðast um réttaratriði, eða kæra

mál, er eigi var dómsmál orðið, en þeir þóttust bera af skarðan hlut, til að vinna eiða o. s. frv. Aðrir kunna að hafa komið til að kynnast höfðingjum, „sýna sig og sjá aðra", o. s. frv.

## 25. gr.

## Lögmenn.

I. Lögsögumannsdæmið fell niður með Járnsíðu, en lögmaður kom í staðinn, eftir norskri fyrirmynd. Um *tölu* lögmanna segir ekkert í lögbókunum. Járnsíða gerir ráð fyrir einum lögmanni, að því er virðist, og var lögmaður einn frá 1271 til 1277[1]). Eftir Jónsbók mun það látið laust og bundið, hvort einn væri lögmaður eða fleiri. Segir í Árna biskups sögu,[2]) að Árni biskup Þorlákssson hafi ekki viljað samþykkja þá grein, að einn væri lögmaður yfir guðs lögum og landslögum, hvort sem konungur vildi lögmann hafa einn eða fleiri. Þessa grein vantar í Jónsbók, og hefir hvorki verið sagt um dómsvald lögmanns yfir „guðs lögum" (þ. e. í kirkjumálum) né um tölu lögmanna. Í réttarbót frá 2. júlí 1294 36. gr. virðist gert ráð fyrir tveimur lögmönnum. Í skilmálabréfi fyrir hyllingu Magnúsar Eirikssonar smeks, er það beinlínis sett upp, að lögmenn sé tveir, og sé annar lögmaður fyrir sunnan land, en hinn fyrir norðan.[3]) Sú varð og venjan, að þeir væri jafnan tveir á landinu. Þó virðast vera undantekningar frá þessari reglu, því að rök finnast til þess, að einn hafi verið lögmaður. Þorsteinn Eyjólfsson mun hafa verið einn lögmaður árin 1369—1370 og 1372—1373[4]) og Teitur Gunnlaugsson árin 1444—1450.[5]) Árið 1519 er Vigfús Erlendsson nefndur í 4 bréfum lögmaður yfir „allt Ísland"[6]), en nokkuð er óljóst um það, en þó mun Vigfús hafa gegnt einn lögmannsembætti fram yfir þing 1519, en þá er sagt, að Grímur Jónsson á Ökrum hafi verið kjörinn lögmaður norðan og vestan á Alþingi.[7]) Gísli Hákonarson mun gegnt hafa einn báðum lögdæmum frá þingi 1618 til þings

1) Safn til sögu Íslands II 4, 39, 42, Alþingisbækur I formálinn XCVIII.
2) Bps. I 718.
3) Dipl. Isl. II nr. 343.
4) Safn II 68, Alþingisb. I form. bls. CII.
5) Safn II 85, Alþingisb. I form. bls. CIII.
6) Dipl. Isl. VIII nr. 534—537.
7) Safn til sögu Íslands II 108, sbr. 198 („Grimur Jónsson laugman", 1519).

1619.[1]) Síðan finnst þess eigi getið, að einn hafi verið lögmaður yfir Íslandi, nema rétt í viðlögum, ef t. d. annar var veikur eða fjarverandi, t. d. 1376 að líkindum,[2]) enda segir Páll Vídalín 1724, að margir góðir lögmenn hafi haft það svo, að annar lögmaður gegndi embættum beggja á Alþingi, ef hinn veiktist þar.[3]) —

Landinu var venju samkvæmt skift í tvö lögdæmi: Norður- og vesturlögdæmið frá Hvítá í Borgarfirði og að Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi og Suður- og Austurlögdæmið þaðan og að Hvítá í Borgarfirði. Þessi skifting hefur orðið föst fyrir venju. Þegar til tals kom að stofna sérstakt lögþingi á Norðurlandi 1785 og 1786, þá var og orðuð breyting á lögdæmaskiftingunni, þannig að Norðlendingafjórðungur og Múlasýslur sækti lögþingi Norðurlands, sem hugsað var til að heyja í Eyjafirði.[4])

Síðan 1697 var venja að skipa varalögmann. Var fyrstur varalögmaður Páll Jónsson Vídalín. Varalögmaður átti að gegna lögmannsstörfum í forföllum lögmanns og ef hans missti við, þar til nýr lögmaður var skipaður.[5]) Það þótti þó einu sinni vafasamt, hvort Benedikt Þorsteinsson, sem þá var varalögmaður Odds Sigurðssonar, mætti gegna lögmannsstörfum í fjarvist Odds og eftir beiðni hans, en án þess að fregn væri komin um forföll hans. En Páll Vídalín og sýslumenn þeir, sem þá voru komnir til þings, töldu það löglegt úrræði og báðu varalögmanninn „í drottins nafni forrétta lögmannsstörfin norðan og vestan", og það gerði hann á því þingi.[6]) Síðan var það venja, að varalögmenn gegndu störfum lögmanna á Alþingi, þó að ekki væri fregn komin um forföll þeirra, en vitanlega átti lögmaður að greina forföll, ef hann kom ekki til þings í tækan tíma, og ef þess var kostur.

II. Um *skipun* lögmanna voru engin fyrirmæli í lögum sett berum orðum. Það má vera, að konungur hafi litið svo á fyrst eftir lögtöku Járnsíðu og Jónsbókar, að hann ætti að skipa lögmenn og veita þeim lausn. Og svo er að sjá, að konungur hafi líka, að minnsta kosti stundum, gert það, því að svo er

1) Alþingisbækur IV. 437.
2) Safn II 71.
3) Alþingisbókin 1724 nr. 8.
4) Sbr. að framan 18. gr. I.
5) Sbr. vara-lögmannsbréf Páls Vídalíns 20. apr. 1697 (Safn II 243).
6) Alþingisbókin 1720 nr. 6.

einatt mælt í heimildarritum, að þessi eða hinn hafi komið út *„með lögsögu“*. Segir t. d., að Sturla Þórðarson hafi verið skipaður lögmaður um allt land, þegar hann kom út með Járnsíðu, ásamt Þorvarði Þórarinssyni og Indriða böggul,[1]) og er fráleitt, að hann hafi verið kosinn á Alþingi til starfans, enda var hann fyrstur lögmaður og skipaður samkvæmt Þingfararbálki Járnsíðu, sem enn var ekki lögtekin af landsmönnum. 1279 segir í annálum, að Loðinn af Bakka, norrænn maður, hafi komið út „með lögsögu“.[2]) 1283 kom út Erlendur sterki *„með lögsögu“*. Aftur á móti er líklegt, að Alþingi hafi kosið Þorlák Narfason lögmann 1290, enda segir, að hann hafi tekið lögsögu.[4]) Aftur segir í konungsannál 1298, að Þorlákur Narfason hafi komið út með lögsögu það ár. En hvort hann hafi verið kjörinn á Alþingi fyrst, segir ekki, og mun það ekki hafa verið. Þá hefði hann farið nýkjörinn og verið árlangt af landinu, en þá hefði þess verið getið, hver gegndi lögmannsembætti í stað hans. 1301 komu út tveir lögmenn norrænir, Loðinn og Bárður Högnason.[5]) Má nærri geta, að konungur hefur skipað þá lögmenn á Íslandi að Alþingi fornspurðu, enda varð lögmennska þeirra skammæ, því að árið eftir eru komnir íslenzkir menn í bæði lögmannsembættin. Það virðist áreiðanlegt, að Alþingi hafi kosið að minnsta kosti suma lögmennina á 14. öld, t. d. Guðmund Sigurðarson 1319, að minnsta kosti til bráðabirgða. Er þó oft óljóst, hvort menn hafi tekið lögsögu samkvæmt kosningu Alþingis eða skipun konungs, bæði á 14. og 15. öld. Mun það hafa verið ýmist. 1346 segir t. d., að Jón Þorsteinsson hafi verið *„skipaður“* lögmaður fyrir sunnan land, og sama ár segir, að Grímur komi út (Þorsteinsson) með lögsögu,[6]) og er þá auðséð, að konungsvaldið skipar sama árið báða lögmennina. 1369 og 1371 hefur konungur enn skipað lögmenn.[7]) Voru um þessar mundir mjög tíð lögmannaskifti, sem mun hafa stafað af því, að hinir og þessir metorðagjarnir menn sigldu og komu sér inn undir hjá konungsvaldinu og fengu af því á víxl embætti og nafnbætur, en voru svo

1) Sturl. IV. (Rv.) 147.
2) Ísl. annálar I. V. IX.
3) Sama rit IV.
4) Sbr. Safn II 44.
5) Íslenzkir annálar IV, V, VII.
6) Ísl. annálar V.
7) Safn II 68.

settir af, þegar annar kom, sem betur bauð eða rægði þann duglega, sem fyrir var. Þetta hefur landsmönnum þótt óþolandi, og þess vegna taka þeir árið 1375 saman skjal eitt í Skálholti á messu hins heilaga Þorláks á sumar (20. júlí), þar sem þeir gera ýmsar kröfur um landsstjórnarmenn. Meðal annars segjast þeir vilja „jafnan hafa lögmenn hina sömu forfallalaust, ok ekki umskifti á gjöra, *þá eina þó, er í lögréttu eru samþykktir með réttu þingtaki*, ef þeir halda hlýðni við vorn konung og lög við þegnana".[1]) Þessi orð eru greinileg mótmæli gegn þeirri óvenju, sem á var komin, að sá kunni að verða rekinn úr lögmannsstöðu, sem hann hafði, án þess að nokkrar lögmætar sakir væri til, og svo dengt upp á menn mönnum, erlendum eða innlendum, sem fár eða engi vildi hafa. Kjör Alþingis átti að fyrirbyggja þess konar, bæði hin tíðu lögmannaskifti og svo hitt, að óhæfir menn væri settir í lögmannsembættin. En þessar kröfur virðast ekki hafa hrifið. 1381 er getið útkomu Hrafns Bótólfssonar og hafði konungur veitt honum lögsögu um hálft land æ meðan hann lifði.[2]) Konungur skipaði þennan mann í lögmannsembætti. Að því leyti er skipunin í samræmi við vilja landsmanna samkvæmt Skálholtssamþykkt, að staðan er veitt til óákveðins, langs tíma. En samþykki lögréttu mun varla hafa verið til veitingarinnar. 1387 skipar dróttseti lögmann,[3]) og segir, að það hafi þótt nýlunda, en sjálfsagt er þetta svo að skilja, að nafn dróttseta hafi staðið undir skipunarbréfinu, og hafi hann skrifað það í umboði konungsvaldsins. Og er varla neitt sérstakt athugavert við það. 1391 er sagt,[4]) að Þorsteinn Eyjólfsson hafi verið skipaður lögmaður yfir Norðlendinga- og Vestfirðingafjórðung af hirðstjóra með samþykki almúgans. Hér er víst fyrsta tvímælalausa frásögnin um þátttöku Alþingis í lögmannsskipun. En svo er þó að sjá sem aðalskipunin sé frá hirðstjóra. Á 15. öld eru sagnir um skipun lögmanna sízt greinilegri. Það kemur fyrir, að getið sé skipunarbréfa konungs, t. d. um Odd Ásmundsson. Torfi Arason hirðstjóri útvegar honum veitingarbréf konungs með hangandi innsigli fyr-

1) Ríkisréttindi Íslands bls. 16—17.
2) Safn II 72, Ísl. annálar IX.
3) Ísl. annálar VIII (1386), IX (1387).
4) Íslenzkir annálar IX.

ir lögmannsembætti[1]) og hefir kostnað af, sem Oddur verður að greiða. Um hluttöku Alþingis í lögmannskjöri um þessar mundir er óljóst. En eftir 1500 eru sæmileg rök fyrir því, að Alþingi taldi sér ihlutunarrétt um lögmannskjör og að það hafi verið skoðun manna, að svo ætti að vera. 1518 segist Alþingi vilja hafa og halda Vigfús Erlendsson fyrir lögmann eftir konungsins bréfi og skipan, *nema annar verði kjörinn út af landit af vorum mönnum með biskupanna samþykki ok almúgans*".[2]) Er svo að sjá sem landsmenn hafi talið samþykki Alþingis skýlaust skilyrði þess, að maður mætti fá löglega skipun í lögmannsembætti. 1529 skrifar Jón biskup Arason Alþingi bréf, þar sem hann segir meðal annars, að sér þyki „*stór nauðsyn, at þér útveljið einn ærlegan mann til lögmanns norðan og vestan á Íslandi. Má þat verða gagnlegt, at almúganum verði samþykkilegt, hvern þar skal til hafa, og hann fái síðan vors heygbornasta herra kongsins bréf þar upp á*". Jafnvel þó að ráða mætti af bréfi þessu, að bréfritarinn telji kjör þingmanna ekki óhjákvæmilegt skilyrði, þá telur hann auðsætt, að lögmannsskipun eigi að haga þann veg, að Alþingi kjósi manninn, en hann fái svo staðfestingu konungs. Þetta virðist ekki ólíkt hugsað og þar sem almenningur nú kýs embættismenn, t. d. presta, eftir gildandi lögum, en ráðherra staðfestir kjörið eða veitir embættið eftir kosningu safnaðarins. Í erindisbréfi Páls Hvítfelds var honum heimilað að setja af lögmenn og að setja aðra í staðinn, hvorttveggja með ráði „almúgans" á Alþingi (þ. e. lögréttu), erindisbréf 2. sunnudag í föstu 1552.[3]) Það mun nú hafa orðið nokkurn veginn föst venja, að Alþingi kysi lögmenn og gæfi út þeim til handa kosningarbréf. Vafasamt er þó, hvort Ormur Sturluson hafi haft kosningu Alþingis, þegar hann varð lögmaður 1547 (Sbr. Safn II 118). Og í síðara skiftið, 1568, er víst, að hann var skipaður af einræði konungs, enda veittist honum erfitt að halda embætti og mannvirðingum (sbr. Safn II 123—125). Menn sóru lögmannseið sinn samkvæmt Alþingiskjöri og gegndu starfanum sem reglulegir lögmenn á tímabilinu frá kjöri Alþingis og til útgáfu veitingarbréfsins frá konungi. Oddur lögmaður Gottskálksson var t. d.

1) Safn II 89.
2) Dipl. Isl. VIII nr. 508.
3) M. Ket. I 302.

kosinn lögmaður á Alþingi 1554, en veitingarbréf konungs fyrir embættinu er ekki gefið út fyrr en 1556.[1]) Eggert Hannesson var kjörinn lögmaður á Alþingi 1556, en fékk veitingarbréf konungs 1558.[2]) Og svo var þessu hagað upp þaðan, að minnsta kosti venjulega.[3]) Á 17. öld má nefna mörg dæmi, svo sem Árna Oddsson, sem kjörinn var lögmaður 1631 á Alþingi, vann þar lögmannseið sinn „með knéfalli" og gegndi lögmannsdæminu þegar í stað, en veitingarbréfið kom árið eftir og hefir þá verið birt á Alþingi.[4]) Sama er um Þorleif Kortsson að segja. Hann er kjörinn á Alþingi 1662, gegnir embættinu það ár, en veitingarbréfið frá konungi kemur árið eftir,[5]) o. s. frv.

16. apr. 1695 skipaði konungur Lauritz Kristjánsson Gottrup, danskan mann, lögmann norðan og vestan á Íslandi. Fekk Alþingi engin afskifti að hafa af því kjöri. Síðan lagðist kjörréttur Alþingis með öllu niður. Skipaði konungsvaldið nú eitt lögmenn alla tíð, meðan lögmannsembættið stóð. Í viðlögum setti stiftbefalingsmaður (amtmaður), síðar stiftamtmaður, lögmann, t. d. 1787[6]) í forföllum og eftir beiðni Stefáns Thorarensens, sem þá var jafnframt amtmaður norðanlands. Varalögmaður mun þó tíðast, annað hvort eftir sérstakri skipun eða án hennar, hafa[7]) gegnt lögmannsstarfa í forföllum lögmanns. 1794 virðist lögmaður (Magnús Stephensen) biðja hinn lögmanninn (Magnús Ólafsson) að vinna sín lögmannsstörf á Alþingi þar til hann komi.[8])

Eins og vikið var að, þá var það föst venja, að lögmenn unnu *embættiseið* áður en þeir tóku til starfa. Var eiðurinn, meðan Jónsbókarlög giltu, bókareiður. Lögmaður lagði hönd á helga bók, biblíuna eða saltarann o. s. frv., og skaut því til guðs, að hann skyldi vera sínum herra konunginum hollur og trúr og að hann skyldi þau lög segja, sem hinn heilagi Ólafur

---

1) Safn. II 120—121.
2) Sama rit II 121.
3) Jón Sigurðsson segir þó, að ekkert veitingarbréf sé til eða hafi fundizt til handa Þórði lögmanni Guðmundssyni, sem kjörinn var 1570 og var lögmaður 35 ár.
4) Sbr. Alþingisbækur V 204—205, 235—236.
5) Sbr. Alþingisbók 1662 nr. 3.
6) Alþingisbókin 1787 nr. 2.
7) Sbr. t. d. sama rit 1716 nr. 9, 1764 nr. 7 og 1765 nr. 1.
8) Sama rit 1794 nr. 2.

konungur hóf og hans réttir eftirkomendur hafa samþykkt við þá, sem landið byggja. En hvarvetna þar sem lögbók skæri ekki skilríklega úr, þá skyldi hann eftir því hvers manns mál dæma, sem hann vildi andsvara fyrir guði á dómadegi, að réttlega væri eftir sinni samvizku, og þó með þeirra vitrustu manna ráði og samþykki, sem hjá honum væri, svo um ríkan sem fátækan, ungan sem um gamlan, sakaðan sem um sifjaðan, skyldan sem um óskyldan. „Svo sé mér guð hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg"[1]). Eftir Norsku Lögum áttu dómarar að vinna eið, og fylgir eiðstafurinn bókinni. Konungsumboðsmaður tók eið af lögmanni í lögréttu.

III. Lausn lögmanna frá embætti. Lögmannsembættið var ekki skoðað sem skyldustarfi, er maður skyldi taka og gegna að forfallalausu, hvort sem honum væri það ljúft eða leitt. Því gat lögmaður sagt af sér embætti með sama hætti sem embættismenn almennt, enda eru þess fjölmörg dæmi. Sýnist Alþingi þá hafa veitt þeim lausn með því, að það kaus þegar annan í staðinn. Jafnvel setningu til algerra bráðabirgða virðast menn ekki hafa talið sér skylt að taka. 1716 t. d. þverneitar Sigurður Sigurðsson Alþingisskrifari að taka við setningu til að gegna lögmansstörfum norðan og vestan, af því að Gottrup lögmaður sótti ekki Alþingi, og varð niðurstaðan af því þjarki sú, að Sigurður kom sér undan vandanum, en Benedikt Þorsteinsson gekk að lokum undir hann eftir að skipun Pauls Beyers loksins kom til.[2]) Það, sem þarf sérstaklega að athuga hér, er það, hver hafi getað sett lögmenn af embætti. Það virðist sem konungur hafi einatt skift um lögmenn á 14. öld, og benda til þess hin tíðu lögmannaskifti og áður nefnd ummæli í Skálholtssamþykkt 1375. En um þetta eru engin ákvæði framan af fremur en um skipun þeirra. Á 16. öld eru þess dæmi, að lögmönnum var vikið frá embætti: 1553 var báðum lögmönnunum, Erlendi Þorvarðssyni og Ormi Sturlusyni, vikið úr embætti.[3]) Var Páli Hvítfeldt höfuðsmanni boðið í áðurnefndu erindisbréfi sínu að grennslast eftir því á Alþingi, hvort lögmenn væri hollir og trúir konungi og gegndi starfi sínu samvizkusamlega. Skyldi hann íhuga málið með „den menige

1) Sbr. eið Árna lögmanns Oddsonar 1631. Alþingisbækur V 204—205.
2) Alþingisbókin 1716 nr. 2—9.
3) Safn II 111 og 120.

Mand"; þá hafði hann heimild til að setja aðra í staðinn með „den menige Mand", þ. e. hann átti að fara að ráðum lögréttu um frávikning og skipun. Svo mátti dæma lögmann frá embætti bæði fyrir almenn brot og embættisbrot. Nefndardómur (Friðrik Fris og Jörgen Vind, „herramennirnir") dæmdu Jón lögmann Sigurðsson af embætti 1618 fyrir ávirðingar í kvennamálum og fyrir það, að hann hefði fengið mág sinn til að leysa barnsmóður sína í kirkju, þó að hún segði ekki til faðernis barnsins.[1]) Það má nærri geta, að þeir, sem með konungsvaldið fóru, hafa talið sér rétt að setja lögmenn frá embætti eftir að Alþingi var hætt að taka þátt í lögmannskjöri. T. d. viku þeir fullmektugu Páll Beyer og Oddur Sigurðsson Páli Vídalín úr lögmannsembætti á Alþingi 1713 og yfirréttur dæmdi hann þá af embætti.[2]) Yfir Odd sjálfan gekk svipað. Hann var settur af embætti 1724, dæmdur frá því 1725 og sá dómur staðfestur í hæstarétti 1727 og þá lesinn upp á Alþingi.[3]) En þar skildi, að Páll vann mál sín í hæstarétti í öllu verulegu, hélt lögmannsdæmi og mannvirðingu til dauðadags, en Oddur missti bæði embætti, mannvirðingu og fé um stund, þótt hann yrði auðugur maður í annað sinn fyrir erfðir.

IV. *Skilyrða* til þess að geta gegnt lögmannsembætti er ekki getið í lögum. En landsmenn settu snemma það skilyrði, að lögmenn skyldi vera *íslenzkir* og *af þeirra ættum, sem goðorðin hafa að fornu upp gefið*. Þessi krafa er gerð í sáttmála Íslendinga við konung, sem sumir telja frá 1263 og 1264,[4]) 1300 eða 1302, í samþykktinni frá 1302 eða 1306,[5]) í hyllingarskilyrðum Magnúsar konungs Eirikssonar smekks 1320,[6]) í Skálholtssamþykkt 20. júlí 1375[7]) og í Áshildarmýrarsamþykkt 1496.[8]) En ekki var þessu fylgt til hlítar. Eins og fyrr segir, var norskur lögmaður sendur hingað, Loðinn af Bakka, 1279 og 1301 voru hingað sendir tveir norskir lögmenn. En hvorugt skiftið hafa þeir haldizt hér við, hefur ekki þótt fýsileg vist hér í óþökk allra landsmanna. Síðan voru hér ekki

1) Alþingisbækur Íslands IV 437—441.
2) Safnt II 146.
3) Sama rit II 149.
4) Ríkisréttindi Íslands, bls. 7.
5) Sama rit, bls. 12.
6) Sama rit, bls. 14.
7) Sama rit, bls. 16.
8) Sama rit, bls. 20.

norskir menn settir í lögmannsembætti né útlenzkir[1]) fyrr en 1695, er Lauritz Gottrup var skipaður lögmaður. Auk hans voru stuttan tíma á 18. öld 3 danskir lögmenn skipaðir og einn settur.[2]) Það var mjög eðlilegt, að landsmenn vildi hafa íslenzka menn eina í lögmannsembætti, því að það var auðvitað mikils um það vert, að dómendur landsmanna — en lögmenn voru æðstu innlendu dómendur þar til yfirréttur tók til starfa — þekkti vel íslenzk lög og íslenzka háttu.

Lögvísi var ekki skilyrði til starfans, þótt Alþingi veldi varla aðra en þá, sem það treysti vel í þeim efnum. Í veitingarbréfum lögmanna, sem flest voru eins, að breyttu breytanda, var það venjulega tekið fram, að þeir ætti að halda landsmenn við „islandsk Lov, Ret og Skel". Eftir 1736, þegar lögfræðisnám var sett á stofn við Kaupmannahafnar háskóla, voru lögmenn flestir löglesnir þar. Þótt það mætti telja sjálfsagt, að hver lögmaður væri *búsettur* á heppilegum stað í lögdæmi sínu, þá var því alls ekki alltaf svo farið. Lögmaðurinn sunnan og austan var stundum heimilisfastur í Norðurlandi og lögmaðurinn norðan og vestan á Suðurlandi. Og þó var ekki heldur fengizt um það, þó að þeir ætti heima á enda lögdæmis síns. Árni lögmaður Oddson bjó t. d. lengi á Holtastöðum í Langadal í Húnavatnssýslu og var þó lögmaður sunnan og austan.[3]) Sigurður lögmaður Jónsson bjó í Einarsnesi, vestan Hvítár í Borgarfirði, og var þó lögmaður sunnan og austan.[4]) Magnús Stephensen var lögmaður norðan og vestan og bjó að Innra-Hólmi og Leirá,[5]) o. s. frv. Krafa um búsetu í lögdæmi virðist ekki koma fram nema í bréfi Jóns biskups Arasonar til Alþingis 1529.[6]) Segist biskup vilja samþykkja þann lögmann norðan og vestan, sem menn samþykki að kjósa á Alþingi, með svoddan skjal og fororð, að hann hafi eiginlegt bú og peninga í Norðlendingafjórðungi, sem lengstum hefur gamall vani til verið". En biskup vildi koma Ara syni sínum í lög-

1) Hrafn Bótólfsson mun reyndar hafa verið norskur í föðurætt, en í móðurætt var hann íslenzkur og átti íslenzka konu (sbr. Safn II 72).
2) Safn II 10—11, 141, 151, 154.
3) Safn II 133.
4) Sama rit II 137.
5) Sama rit II 160.
6) Dipl. Isl. IX nr. 411.

mannsembættið norðan og vestan, og má vera, að hann hafi einkum gert þessa kröfu af þeirri ástæðu.

IV. *Laun* lögmanna voru ekki ákveðin í lögbókunum eða öðrum lögum fram til 1688. Lögmenn voru, eins og áður segir, embættismenn konungs, og átti hann því að greiða þeim kaup af tekjum þeim, sem hann fékk af landinu. Til er skrá eða eins konar minnisgrein um lögmannskaup,[1]) sem vel getur verið allforn, sennilega frá fyrra hluta 14. aldar. Dr. Jón Þjóðskjalavörður Þorkelsson hefur talið hana frá nálægt 1320. Þar segir svo, að af Norðlendingafjórðungi eigi að lúkast hálft fimmta hundrað og af Vestfirðingafjórðungi hálft fjórða hundrað. Lögmaðurinn norðan og vestan ætti þá að hafa fengið 8 hundruð á landsvísu, eða 8 kýrvirði. Ef kýrverð að vorlagi er kr. 300, þá hefur lögmannskaupið norðan og vestan verið kr. 2400. — Af Austfirðingafjórðungi átti samkvæmt skránni að greiða hálft þriðja hundrað og af Sunnlendingafjórðungi hálft fjórða hundrað, eða samtals 6 hundruð á landsvísu, eða 6 kýrverð, sem yrði með sama mælikvarða sem áður er sagt kr. 1800. Og þar að auki átti að gjalda 1 hundrað af vísaeyri (skatt konungs), líklega hvorum lögmanni um sig. Hitt hefur verið tekið af þingfararkaupum. Eftir þessu hefur lögmaður norðan og vestan haft hærra kaup en lögmaður sunnan og austan. En þann skilning má ef til vill leggja í þessi ákvæði, að hvorum lögmanni ætti að greiða (af þingfararkaupum) 14 hundruð og 1 hundrað af skattinum, eða alls 15 hndr. Það braut að vísu bág við Jónsbók Þegnsk. 1, að taka lögmannskaup af þingfararkaupum, en konungur gat þó veitt sýslurnar með þessari kvöð. Og meðan efnahagur manna var enn sæmilegur, hefur orðið rífur afgangur, þótt lögmannskaup kæmi á þingfararkaupin. Skýrslur um lögmannskaup, þær er hér á eftir verða nefndar, benda til þess, að lögmannskaupið muni hafa verið 15 hundruð frá öndverðu. 16. júní 1467[2]) geldur Björn ríki Þorleifsson Brandi lögmanni Jónssyni jörðina Bæ í Súgandafirði með 6 kúgildum „fyrir peninga, sem oftnefndum Birni bar að lúka Brandi Jónssyni lögmanni í sitt lögmannskaup". Að fornu mati var Bær í Súgandafirði 24 hundruð á landsvísu. En þetta bréf fræðir engan um *árskaup* Brands lög-

1) Dipl. Isl. III nr. 14.
2) Dipl. Isl. V nr. 433.

manns, því að hann hefur vafalaust átt ógreitt lögmannskaup sitt fyrir fleiri ár en eitt. Ef hann hefði átt að fá 8 hundruð á ári, eins og gamla skráin segir, þá svarar verðmæti Bæjar í Súgandafirði til 3 ára lögmannskaups. Brandur gat vel hafa átt það hjá Birni Þorleifssyni, sem ekki mun hafa verið alltaf mjög nákvæmur um reikningsfærslu sína. Aftur á móti er bréf Henriks Mæðings, umboðsmanns hirðstjóra, frá 10. júlí 1488[1]) miklu meira virði um lögmannskaup. Þá geldur umboðsmaður hirðstjóra Finnboga lögmanni Jónssyni lögmannskaup með sýslugjaldi Finnboga, og segir í bréfinu, að Finnboga lögmanni beri *„fimmtán hundruð"* í sitt lögmannskaup.

Ef nú rétt er skýrt frá í skránni frá nál. 1320, og skilja á hana svo, að lögmaðurinn norðan og vestan hafi átt í kaup 9 hundruð (og hinn 7 hundr.) þá hefði lögmannskaup norðan og vestan átt að hafa hækkað um 6 hundruð á landsvísu frá því að skráin var gerð og þar til 1488. Þetta getur verið, en ekki er það þó líklegt. Aftur á móti verður bréfið frá 1488 alls ekki rekið, því að það er tvímælalaust. Ekki er líklegt, að lögmannskaup hafi verið breytilegt eftir því, hver embættinu gegndi, eins og stundum varð um sýslurnar, nema þegar svo var, að lögmaður kann að hafa átt að taka sýslugjald upp í lögmannskaup sitt og bera að öllu leyti áhættu af innheimtu sýslugjaldsins. En það er ekki, að sjá að Finnbogi lögmaður hafi átt að sæta þeim kostum. Frá hér um bil 1490[2]) er Alþingisdómur nefndur af Diðrik Pining og Finnboga lögmanni um ýmislegt, er lögmenn varðaði. Þar er ekkert sagt um fastakaup þeirra, en þar virðist tilraun gerð til að afla þeim *aukatekna*. Segir þar í þriðju grein, að dómsmönnum litist svo *„að allir skattbændr skyldi gefa lögmanni XX alnir í sinn toll og almennilegan góðvilja, en hinir, sem minna fé eiga, X alnir hver"*. En þetta getur ekki staðizt, ef það ber svo að skilja, að gjald þetta skyldi gjalda á hverju ári. Það nær auðvitað engri átt, að 24 dómsmenn á Alþingi og hirðstjóri hefði samþykkt, að hver skattbóndi skyldi gjalda lögmanni 20 alnir vaðmála árlega. Vér vitum að vísu ekki um tölu skattbænda um 1490, en þeir gæti þó hafa verið 3000—4000, og 20 alnir af hverjum skattbónda væri þá 60—80 þús. alnir vaðmála. Ef lægri talan

1) Dipl. Isl. VI nr. 559.
2) Sama rit VIII nr. 73.

er tekin, þá koma í lögmannskaup 500 kýrvirði, sem verða, ef kýrverð er talið 300 kr. í núgildandi peningum, 150 þús. krónur. Þetta nær engri átt, og er hér, ef nokkurt vit á að vera í þessu, átt við skattgjald til konungs og þingfararkaup. Aftur á móti er það ákvæði þessa Alþingisdóms, að lögmenn skyldi *„eignast öll sakferli inn til 13* marka, ef þau eru fyrir *honum klöguð og hann þar dóm yfir segir“*, ekki allskostar ósennilegt. Um sama efni er annar Alþingisdómur, nefndur af Þorvarði Erlendssyni og Finnboga Jónssyni lögmönnum, sagður hafa gengið á Alþingi á árunum 1499—1508.[1]) Segir þar, að lögmenn skuli sakferli eignast sem fyrr segir og að skattbændur skuli greiða í „almennilegan góðvilja“ 20 álnir. En ekki segir berum orðum, að þessar 20 álnir eigi að fara til lögmanna, og er það þó líklega tilætlunin. En ef svo er, þá er það vitanlega jafn fjarstætt í síðara Alþingisdóminum sem þeim fyrra. Það eru hvergi gögn fyrir því annars, að lögmenn hafi haft há laun, heldur þvert á móti.[2]) Þeir áttu oft miklum ferðalögum að gegna og urðu að halda sig höfðinglega. Jafnvel þótt skattbændum væri skylt að veita lögmönnum næturbeina, þá hljóta ferðalögin alls og alls að hafa kostað þá mikið. Er og beinlínis sagt í kgsbr. 7. apríl 1688, að konungi hafi til eyrna borizt, hversu laun lögmanna væri lág, og að þeir gæti ekki á þeim lifað vegna kostnaðar, sem ferðalög þeirra hefði í för með sér. Til er og skrá,[3]) sem yngri er en áðurnefndar heimildir frá 14. og 15.—16. öld, en þó eldri en konungsbréfið frá 7. apr. 1688, og segir þar, að lögmannskaup takist af þingfararkaupum, en þó skyldi hver skattbóndi greiða 10 alnir samkvæmt þegnsk. Jónsbókar 1. kap. Segir í skránni, að lögmannskaup sé 16 hundruð, og ef ekki hrökkvi þingfararkaupin til að gjalda lögmönnum og lögréttumönnum,

1) Dipl. Isl. VIII nr. 74.

2) Í bréfi Árna lögmanns Oddssonar 3. ág. 1633 (Alþb. V 322) er þessara gömlu samþykkta getið, og segir þar, að samkvæmt þeim skuli „hver skattbóndi gjalda lögmanni, þá hann um land ríður, 20 álnir í góðvilja, en hinir 10 álnir, sem minna eiga, þó í skiftitíund“. Lögmaður segir þá kvitta af þessu gjaldi, sem hýst hafi hann eða gert honum hestaskifti. Segist hann eigi meira krefja en hver vilji góðviljuglega láta af hendi rakna, „og strengi eg þar ekki meira upp á en hvers eins góðvilji er til“. Þetta gjald, þó að það kunni að hafa goldizt að einhverju leyti á 16. og fram á 17. öld, þar sem lögmenn fóru um land, hefur varla heimzt eftir þetta.

3) Dipl. Isl. III, bls. 34 neðanmáls.

þá skuli hirðstjóri taka það, sem á vantar, af sakeyri. Hvort lögmannskaupið hafi verið hækkað úr 15 hundruðum í 16 hundruð og þá hvenær það hafi verið gert, er ókunnugt.

Opna bréfið 7. apríl 1688 átti að bæta úr bágbornum launakjörum lögmanna. Með því var lögboðinn sérstakur skattur, sem nefndur var *lögmannstollur*. Auk hinna föstu launa átti nú hvor lögmanna að fá 2 fiska eða 4 skildinga danska af hverjum „Bondegaard" eða býli á landinu og 1 fisk af hverjum manni, sem tíundaði 1 hundrað, svo og af þeim, sem bjuggu á jarðarhluta (halve Bole) eða voru húsmenn og gátu haft eina kú eða fleiri. Tollur þessi var óviss mjög, því að hann greiddist oft illa, einkum í harðærum. Í opna bréfinu segir ekki um innheimtu tollsins, og hafa lögmenn vist átt sjálfir að sjá um innheimtu hans, en það varð þeim auðvitað ómögulegt. Amtmaður bauð því sýslumönnum að innheimta tollinn með bréfi 10. febr. 1694, hverjum í sinni sýslu, og árið 1696 6. júlí lætur amtmaður lesa upp á þingi bréf sitt, þar sem hann býður sýslumönnum enn að innheimta tollinn og gera grein fyrir innheimtunni.[1]) Sýslumenn hafa innheimt tollinn og fengið fyrir innheimtuna fjórða hluta hans, eftir því, sem segir í kgsbr. 14. apríl 1759. Báðu lögmennirnir Sveinn Sölvason og Björn Markússon um, að sýslumönnum yrði gert skylt að innheimta lögmannstollinn ókeypis, en í konungsbréfi þessu var þeim veittur sjötti hluti hans fyrir innheimtuna. Sumstaðar virðist innheimtan hafa gengið treglega. 1776 bar Sveinn lögmaður Sölvason sig t. d. upp undan vanrækslu sýslumanna í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Strandasýslu um innheimtu tollsins, og bauð Thodal amtmaður eftir skipun Kancellis sýslumönnum á Alþingi að innheimta hann og gera rétt skil á Alþingi ár hvert eða í síðasta lagi fyrir ágústmánaðarlok. Ella gæti lögmaður krafizt aðfarar hjá sýslumanni, enda skyldi sekta sýslumenn fyrsta sinn 2 rd. kúrant og síðan 4 rd. kúrant til dómsmálasjóðs.[2])

Á 18. öld eru hin föstu laun talin 60 rd., sbr. kgsbr. 5. febr. 1737 og 22. des. 1741. 15 hundruð á landsvísu svara til 15 jarðarhundraða. 4 rd. svöruðu oft til eins jarðarhundraðs, og 60 rd. svara því til 15 hundraða. Og er hér fengin ein staðfesting

1) Alþingisbókin 1796 nr. 22.
2) Alþingisbókin 1778 nr. 23.

á því, að lögmannslaunin hafi verið 15 hundruð á landsvísu. Magnús lögmaður Gíslason segir í bréfi um launakjör sín, að föst laun og lögmannstollur samanlögð nemi 150 rd., og þar af greiðist ekki helmingur í peningum. Eftir því hefur lögmannstollurinn numið 90 ríkisdölum, eða sem næst 22½ hundraði á landsvísu, ef 4 rd. jafngilda einu hundraði. Alls hefur lögmaður sunnan og austan þá haft 37½ hundrað. Miðað við verðgildi peninga nú á dögum hefur lögmannskaupið þá líklega numir 10000—11000 kr. Og var þó 40 ríkisdölum bætt við. En aðgætandi er, að ferðalög hvíldu á embættinu eigi lítil.

Lögmannskaupið og lögmannstollurinn greiddist eftir á. Og mun hafa verið miðað við fardaga, að minnsta kosti lögmannstollurinn.[1])

Lögmannstollurinn hélzt, þó að lögmannsembættin væri lögð niður, og rann nú í féhirzlu konungs. Tollurinn var afnuminn með lögum nr. 21, 14. des. 1877 1. gr.

Í bréfinu frá 1320 um hyllingu Magnúsar konungs Eiríkssonar gera Íslendingar þá kröfu, að *lögmenn hafi eigi sýslur.* Það hefur þótt óhentugt, að sami maður væri bæði lögmaður og sýslumaður. Lögmaður var yfirdómari sýslumanna og því mátti það illa saman fara, að sami maður gegndi í senn báðum embættunum. Og svo hefur lögmannsembættið verið talið of virðulegt til þess, að lögmaður væri samtímis sýslumaður, og ræki sýsluna sjálfur eða hefði til þess umboðsmann. En hvernig sem landsmenn hafa rökstutt kröfu sína, þá er hitt víst, að henni var alls ekki sinnt, því að lögmenn munu oftast hafa haldið sýslur eða önnur lén af konungi, klaustur eða jarða-umboð, og var það oft eins konar launauppbót handa þeim. Magnús lögmaður Gíslason hafði enga sýslu, en vegna þess, hversu lögmannslaunin voru lág, þá fór hann þess á leit, að hann fengi sýslu næst er sýsla losnaði í lögdæmi hans, eða að laun hans yrði hækkuð. Eins og áður segir, veitti konungur honum launabótina, en eitt skifti fyrir öll var svo ákveðið, að enginn lögmaður mætti hér eftir hafa sýslur, kgsbr. 15. febr. 1737.

Auk fastra launa, og síðar lögmannstollsins, höfðu lögmenn nokkrar aukatekjur og hlunnindi. Áður er getið um það,

---

1) Sbr. Alþingisbók 1793 nr. 24 (bls. 31) og Acta yfirréttar 1794. (Mál ekkju Björns lögmanns Markússonar við Magnús lögmann Ólafsson).

að þeim voru dæmd allt að 13 marka mál, er þeir dæmdu og fyrir þeim voru kærð. En eigi er kunnugt, hvort eftir því hefur verið farið. Er nær að halda, að svo hafi ekki verið, því að þess finnst ekki getið, þar sem um lögmannslau er talað. Hins vegar voru önnur hlunnindi, sem sjálfsagt hafa verið heimt. Hverjum þeim búanda, sem átti til 10 hundraða eða meir, var skylt að hýsa þá, er til þingreiðar voru skyldir, er þeir voru í þingför, þó svo að eigi væri fleiri þingreiðarmenn en hálfu væri færri en hjú hans, Jónsbók Þingfb. 2., og varðaði 2 aura sekt fyrir hvern, sem ekki var alinn lögum samkvæmt, réttarbót 2. júlí 1294 26. gr. Náði þetta og til lögmanna. Í Alþingisdómunum frá 1490 og 1499—1508[1]) er ennfremur ákveðið, að lögmaður eigi heimtingu á tveimur máltíðum með menn sína af hverjum skattbónda.[2]) Loks voru lögmönnum veittar aukatekjur með kgsbr. 14. apríl 1759, einn hálfur ríkisdalur fyrir hvert kaupbréf, veðbréf, gjafabréf og þesskonar skjöl, sem lesin verða og birt á Alþingi,[3]) sbr. og Rentukbr. 5. júní 1790, þar sem Magnúsi Stephensen var neitað um að taka þinglýsingargjald eftir norsku aukatekjureglugjörðinni, en vísað til kgsbr. 14. apr. 1759. Sbr. og Kancbr. 7. maí 1791. Ennfremur var þeim neitað um gjöld fyrir að setja innsigli sín undir stefnur í dómsmálum, þar á meðal sakamálum, enda þótt sakborningur ætti eignir til að greiða þau, með þeirri rökfærslu, að landsmenn hefði hingað til verið undan slíkum álögum þegnir.

*Settir* lögmenn hafa fengið hluta af lögmannslaunum og tolli í hlutfalli við þann tíma, sem þeir gegndu embættinu. Þeir hafa og talið sér kaup fyrir setningu til að gegna dómstörfum á einstaka þingi vegna fjarvistar eða forfalla hins reglulega lögmanns. Sigurður Alþingisskrifari Sigurðsson afsakar sig meðal annars á Alþingi 1716, þegar hann er settur til að gegna lögmannsembætti þá á þingi, með því, að honum

1) D. Isl. VIII. nr. 73 og 74.

2) Á Berufjarðarþingi 1572 er maður dæmdur sekur 8 mörkum í bréfabrot fyrir að synja Ormi lögmanni Sturlusyni greiðskapar, „þá er hann reið um til kongsins erinda", og jafnframt var hverjum bónda, er átti til 10 hundraða, dæmt skylt að hýsa þingreiðarmenn, þar á meðal lögmenn, og auk þess virðist maðurinn dæmdur til að gjalda lögmanni fullrétti fyrir úthýsinguna (Alþb. I 140—141).

3) Sbr. auglýsingu lögmanna og Alþingisskrifara 1781 (Alþb. 1781 bls. 47—48) um það, að menn verði að greiða sama gjald fyrir brigðalýsingar jarða, og verði þær ekki annars teknar.

hafi ekki verið boðið kaup fyrir, en honum er svarað því aftur, að kaup verði greitt fyrir starfið.[1]) Magnús lögmaður Gíslason, sem hafði verið settur til að gegna lögmannsstörfum að norðan og vestan á Alþingi 1736, átti að fá fyrir það 20 rd., samkvæmt kgsbr. 26. apríl 1737.

V. Lögmannstaðan var mikil virðingarstaða. Það kom fyrst og fremst fram í *rétti* þeirra, þ. e. bótum fyrir móðganir. Þeir voru þar jafnir gerðir biskupum samkvæmt Alþingissamþykkt einni frá 1526 eftir því sem talið er.[2]) Er fullrétti hvorratveggja, biskups og lögmanns, ákveðið 9 eða 12 merkur, en fullrétti sýslumanna og prófasta var 3 mörkum lægra o. s. frv. Ákvæði samþykktarinnar 1526 var endurnýjuð á Alþingi 1599.[3]) Í Jónsbók þegnsk. 2 er ákveðið, með hversu marga menn sýslumaður megi ríða, er hann rekur sýslu sína, en eigi til tekið um lögmenn, hversu fjölmennir þeir megi vera. Í áðurnefndum samþykktum frá 1490 og 1499—1508 er því ákveðið um þetta atriði, og er lögmönnum þar leyft að ríða við tíunda mann eins og sýslumönnum, og er skyldan til að ala lögmann og fylgdarmenn hans miðuð við þá tölu. Fleiri mátti hann eigi hafa, nema hann héldi þá alveg á sinn kostnað. Alþingissamþykktin síðari nefnir það, að lögmaður ríði við fleiri menn af því að hann eigi að óttast „ofríki", og er það vottur þess, meðal margra annara bréfa, að enn á 16. öld máttu menn vera við fyrirsátum og ofbeldi búnir. Jafnvel dómendur voru ekki allt af óhultir, er þeir sátu að dómum sínum, eins og dómur í máli Arnórs Finnssonar og Torfa í Klofa sýnir.[4]) Eftir Alþingissamþykkt 1. júlí 1501,[5]) er talin er samþykkt af hirðstjóra, lögmönnum og lögréttumönnum utan og innan vébanda, átti hirðstjóri að halda báðum lögmönnum við 10. mann hvorum kost á Alþingi. Ef lögmaður hafði fleiri fylgdarmenn, þá átti hann að halda þeim sjálfur kost. Það voru forréttindi lögmanna, að þeim skyldi ekki stefna, heldur skyldi þeir bjóða sig undir lög á Alþingi til að svara þar til sakar, ef einhver hefði sakir á hendur þeim, og varnarþing þeirra var því lögrétta (Alþingi). Var þetta samþykkt á Alþingi

1) Alþingisbókin 1716 nr. 2.
2) Dipl. Isl. IX. nr. 301.
3) Alþingisbækur III 166.
4) Dipl. Isl. VII. nr. 652, 653.
5) Dipl. Isl. VII. nr. 550.

1503.[1]) Er það og algengt á 16. og 17. öld, að lögmenn bjóða sig til að svara máli sínu á Alþingi, ef einhver hefði þeim eitthvað „til að tala", eins og það er stundum orðað. Og töldu lögmenn sér því óskylt að svara til sakar í héraði fyrir dómnefnd sýslumanna. Þessi regla um varnarþing lögmanna hefur fallið niður með N. L., því að eftir N. L. 1—2—6 áttu embættismenn konungs yfirleitt að svara til sakar fyrir héraðsdómi með sama hætti sem menn almennt. Því er t. d. málið, sem ekkja Björns lögmanns Markússonar höfðaði gegn Magnúsi lögmanni Ólafssyni til greiðslu lögmannstolla fyrir hluta ársins 1790 og 1791, höfðað fyrst í héraði á heimilisvarnarþingi lögmanns og síðan fer það til lögþingisréttar (lögmannsdóms á Alþingi) og svo til yfirréttar.[2])

VI. Aðalstarf lögmanna var *dómarastarfið*. Heima í héraði héldu þeir dómþing frá fornu fari og fram eftir öldum. Og í sakamálum héldu þeir aukalögþing eftir 1745. Ennfremur var altítt, að menn sneru sér til lögmanna, bréflega eða munnlega, með vandamál sín og fengu ráðleggingar eða úrskurð lögmanns um það, hvað rétt væri. *En dómstörf lögmanna á Alþingi* skifta hér aðalmáli.

Þess er áður getið í sambandi við þingtíma og setningu Alþingis, að lögmönnum var skylt að sækja Alþingi og að vera komnir þangað kveldið fyrir þingsetningu (28. júlí, meðan þing var sett á Pétursmessu og Páls, 2. júlí, þegar setja átti það 3. júlí, og 7 júlí, þegar þing átti að hefjast á Seljumannamessu). Það verður ekki annað séð, en að lögmenn hafi yfirleitt gætt þessarar skyldu óaðfinnanlega fram yfir 1700. Auðvitað verður ekki sagt um öll ár til 1570, því að til þess tíma eru engar Alþingisbækur til. En dómar þeir og önnur bréf, sem frá Alþingi eru til, sýna það, að Alþingi muni venjulega hafa verið háð á lögmæltum tíma. Og á 18. öld má líka fullyrða, að *flestir* lögmenn hafi verið skylduræknir menn, sem sóttu þing á tilsettum tíma, nema forföll bönnuðu. Þess eru vitanleg allmörg dæmi, að lögmaður kæmi til þings síðar en lög buðu, en þá sönnuðu þeir venjulega forföll sín, svo sem veikindi, aðrar embættisannir, t. d. Magnús Stephensen 1794, Stefán Thorarensen 1787 o. s. frv. Sá lögmaður, sem verulega

1) Dipl. Isl. VII. nr. 605.
2) Sbr. Alþingisbók 1793 nr. 24 og Acta yfirréttar 1794.

virðist hafa vanrækt þingsókn, var Oddur lögmaður Sigurðsson. Hann var lögmaður frá 1715—1726 að nafni til. 1716 var hann erlendis, en gerði þó ekkert ráð fyrir forstöðu lögmannsembættisins það ár. Varð þá, þó að erfiðlega gengi, loks fenginn maður til að gegna lögmannsembætti hans á þinginu.[1]) 1719 kom hann að vísu, en ekki fyrr en að kveldi þess 8. júlí, svo að ekkert varð gert þann dag að gagni.[2]) 1720 var Oddur heima um þingið og kom Benedikt, þá varalögmaður, Þorsteinsson, til þings með bréf Odds, að hann kæmi ekki til þings, en forföll sannaði Oddur alls engin, enda vottaði skilríkur maður, að 1. júlí hefði hann séð Odd í „krambúðinni" á Stapa, en aðrir sögðu hann „kvildan"[3]). Benedikt vara-lögmaður Þorsteinsson kom reyndar ekki heldur á réttum tíma þetta ár, en þó gegndi hann lögmannsembætti á Alþingi þá. 1724 endurtekur sig sama sagan, og það þó því verr, að Oddur lögmaður virðist ekkert ráð hafa gert fyrir því, hvernig fara skyldi um lögmannsembætti hans þar á þingi. Og var þá loks tekið það ráð, að setja Niels Kjer vara-lögmann sunnan og austan til að gegna lögmannsembætti Odds, því að Benedikt Þorsteinsson vara-lögmaður hans kom ekki heldur á réttum tíma.[4])

Þess hefur áður verið getið, að lögréttan hafi verið greind í tvær deildir: Lögréttuna sunnan og austan og lögréttuna norðan og vestan. Lögmaður hvors lögdæmis var svo formaður sinnar deildar og nefndi lögréttumenn til hennar og tók eið af þeim. Það var venja, að því er virðist frá öndverðu og áreiðanlega fram yfir miðja 16. öld, að annar lögmanna aðeins nefndi dóma af lögréttumönnum úr sínu lögdæmi til að dæma mál, þar sem fyrir sök var aðili úr hans lögdæmi. Dæmi þessa má mörg finna í Íslenzku Fornbréfasafni frá 15. öld og fram yfir miðja 16. öld. Er hér átt við dóma í málum ákveðinna manna, en ekki ákvarðanir Alþingis, sem eru löggjafareðlis eða svara til reglugjörða nú, þó að þær sé líka einatt nefndar Alþingisdómar.[5]) 1478 nefnir Brandur lögmaður Jónsson 12

1) Alþingisbókin 1716 nr. 2, 4, 5, 6, 7, 10.
2) Sama rit 1719 nr. 1.
3) Sama rit 1720 nr. 6.
4) Alþingisbókin 1724 nr. 1, 3, 5, 6, 8.
5) Jafnvel þess konar „dóma" kveða stundum upp á Alþingi dómsmenn nefndir af öðrum lögmanninum einum, t. d. Alþingisdómur um lausamenn 30. júní 1531 (Dipl. Isl. IX. nr. 480).

manna dóm um legorðsmál milli Jóns Erlingssonar og Vigfúsar Guðmundssonar.[1]) Hér um bil 1485 nefnir Eyjólfur Einarsson dóm til að dæma um áverka.[2]) 1487 nefnir Finnbogi Jónsson dóm um ættleiðing Péturs Loftssonar.[3]) 1552 nefnir Ormur lögmaður Sturluson sex manna dóm til að dæma í jarðartilkallsmáli.[4]) En svo breyttist þessi venja eftir miðja 16. öld, því að 1570, þegar Alþingisbækur byrja, er það orðin jafnföst venja, að lögmenn nefna báðir menn í sama dóm, sína lögréttumenn hvor og jafnmarga hvor. Þegar fyrsta árið, sem Alþingisbækur eru til frá, 1570, er þessi skipun komin á. Laugardaginn næstan eftir Pétursmessu á Alþingi 1570 nefna *báðir* lögmennirnir, Ormur Sturluson og Þórður Guðmundsson, 6 manna dóm um eignatilkall, og annan dóm nefna þeir sama dag, tylftardóm, um mál Guðbrands biskups um Víðidalstungu o. fl.[5]) Þessi skipun stendur óbreytt alla 17. öld. Þessu til vitnis eru Alþingisbækurnar og vitnisburður skilríkra manna. Árni Magnússon segir 1711,[6]) að „embættisverkin, sem báðum (þ. e. lögmönnum) sameiginleg voru, voru þau, sem á lögþingi gerast áttu. Þar sátu þeir báðir svo sem einn maður og gerðu hið sama, sem sá eini lögmaðurinn hafði gert áður en tveir urðu. Þ. e. þeir præsideruðu til samans í lögréttunni og voru höfuð þeirra 36 lögréttumanna, sem áður höfðu staðið undir einum lögmanni. Þeir nefndu báðir menn til skoðunar stórmæla, hvaðan af landinu, sem málin voru .... Þeir samþykktu báðir þessa dóma, og engin var hér í, svo mikið sem af dokumentum sjást kann, distinktion á þeirra umdæmum ....". Þessi ummæli Árna Magnússonar eru vitanlega alveg hárrétt um það tímabil, sem Alþingisbækurnar náðu yfir, þ. e. tímabilið 1570 og til daga Árna. En þau eru ekki rétt um eldri tímann, því að þá nefndi hvor lögmaður venjulega aðeins menn til að dæma í málinu, þar sem varnaraðili var úr hans lögdæmi. En Árni fræðir ennfremur um það, „að nokkrir, eigi alls fyrir löngu, hafa disputera viljað, að lögmaðurinn

1) Dipl. Isl. VI nr. 137.
2) Sama rit VI nr. 484.
3) Sama rit VI nr. 531.
4) Dipl. Isl. XII nr. 226.
5) Alþingisbækur I 25, 27.
6) Alþingisbækur II formáli 2. heftis, bls. V. Sbr. Arne Magnussons Embedsskrivelser, bls. 433 o. s. frv.

norðan og vestan væri alleina præses í þeim Alþingisdómum, sem gengi á málin úr hans lögmannsdæmi", Þessa kennir nú ekki í Alþingisbókum frá þessum tímum, því að lögmenn dæma enn í félagi. 1720 setur Páll Vídalín að vísu þingið einn, af því að hvorki lögmaður né varalögmaður norðan og vestan kom á réttum tíma. Og Páll nefnir nefndarmenn að sunnan og austan, gengur með þeim í lögréttu, kallar upp málsaðilja og bauð sig að dæma mál manns eftir embættisskyldu sinni. En svo koma fram tvö stórmæli úr Árnessþingi, en þá segir svo: „Lögréttan að sunnan og austan afsakar sig hér í stað að ganga dóma um þessi mál svo snarlega, þar sem lögréttan að norðan og vestan er auð með öllu. En kveðst reiðubúin að dæma, þegar á hinu síðu er rétturinn setinn". Og var svo gengið frá lögréttu.[1]) Loks 10. júní kom varalögmaður (Benedikt Þorsteinsson) og þá getur lögréttan tekið reglulega til starfa.

1724 verður sama uppi á teningnum. 11. júlí var þá hvorki lögmaður né varlögmaður norðan og vestan kominn til þings. Páll Vídalín kom á réttum tíma, sem hans var vani, og tjáði amtmanni nú „þetta vandræði landsins. Sagði, hvað sér sýndist eftirfylgja vilja, að þessi lögþingisréttur mundi slitinn verða í tvo staði, ef að nú skyldi á mót óslitinni og langvarandi forfeðra venju hálf lögréttan dæma hvert mál af landinu, einir sunnan og austan, aðrir norðan og vestan". Segir Páll ennfremur „að engin vor vitum dæmi til, að hálf lögréttan hafi fyrirtekið hér mál almennilega",[2]) og varð því úr, að amtmaður setti varalögmanninn sunnan og austan til að gegna lögmannsembættinu norðan og vestan, svo að lögréttan mætti löglega starfa. Nú er aðgætandi, að 1718 og 1720[3]) var amtmanni boðið, að láta málameðferð fara eftir Norsku Lögum Kristjáns fimmta, en eftir þeim átti hver lögmaður að dæma einn í málum sins lögdæmis, sbr. N. L. 1—5—22 sbr. 1—7—2. Og jafnvel þótt einn af dómum Odds lögmanns Sigurðssonar væri ónýttur í lögréttu 22. júlí 1720 af því að hann „var ei gjörður eftir kongl. majest. Norsku Laga formaliteter, eftir hverjum hans majest. hefur allranáðugast befalað, að hér í landið haldast skyldi",[4]) þá höfðu beztu menn landsins, eins

1) Alþingisbók 1720 nr. 3 og 4.
2) Sama rit 1724 nr. 5 og 7.
3) Erindisbréf 30. maí 1718 3. gr. og erindisbréf 27. apr. 1720 4. og 8. gr.
4) Alþingisbókin 1720 nr. 23.

og Páll Vídalín, enn ekki athugað það, að eftir N. L. átti einmitt lögþingsrétturinn að „slitna", eins og hann orðaði það, og hver lögmaður að dæma mál úr sínu lögdæmi. En það átti nokkuð í land, að þessi breyting, sem leiddi af ákvæðum N. L., kæmist í kring til fulls. Á lögmannsárum þeirra Nielsar Kjers og Benedikts Þorsteinssonar fara lögmenn að dæma hvor sér í málum úr sínu lögdæmi. Verður þessa vart 1729.[1]) Segir Magnús lögmaður Gíslason í bréfi 20. sept. 1731,[2]) að Benedikt Þorsteinsson hafi fyrstur dæmt einn sér, og hafi hann byrjað á því vegna ósamkomulags við Niels Kjer lögmann, og sé það þvert á móti íslenzkum lögum og æfagamalli venju.[3]) Það sé skaðlegt, að lögmenn starfi hvor í sínu lagi, af því að ein sé lögrétta og einn þingritari. Ef lögmenn dæmi hvor í sínu lagi, þá þurfi tvær lögréttur og tvo þingritara. Tefjist þingstörfin að öðrum kosti. Beiðist hann konungsúrskurðar um það, hvort lögmenn skuli dæma einir sér eða í sameiningu.

Með konungsbréfi 2. maí 1732 hafði skipunin um það, að meðferð dómsmála á Íslandi skyldi fara eftir Norsku Lögum, verið endurtekin. Og er því hálfundarlegt, að lögmaður skyldi vera að tala um þetta í bréfi sínu, enda var svarið það, að nú væri boðið að fara með dómsmál eftir Norsku Lögum, og að það væri samræmara ákvæðum þeirra, og væri líka venja í Noregi, að hvor lögmaður fyrir sig dæmdi mál úr sínu lögdæmi, enda væri það að sumu leyti hallkvæmara almenningi að þurfa að eins við einn lögmann að skifta. Einnig var ákveðið, að þingritarinn skyldi einn vera, kgsbr. 7. maí 1735. Síðan rannsakaði hvor lögmaður og dæmdi einn mál úr sínu lögdæmi, meðan lögmannsembætti stóð.

Um sjálfa málameðferð í lögréttu verður talað nánar í sambandi við störf Alþingis.

---

1) Alþingisbókin 1729 nr. 12, 13 og 16.

2) Þjóðskjalasafn A nr. 75 I 4.

3) Það var nú reyndar ekki dæmalaust, að annar lögmaður dæmdi einn vegna ósamþykkis við hinn. Páll lögmaður Vídalín segir frá einu slíku dæmi úr Þingsögu sinni og Gottrups lögmanns árið 1706 (Sögurit III bls. 41).

26. gr.

**Nefndarmenn. — Lögréttumenn.**

I.Það voru lög í Noregi, að ákveðin tala búþegna skyldi skipa lögréttu á lögþingum Norðmanna með lögmanni. Sú regla er og tekin í lögbækurnar báðar. Valdsmaður eða löglegur umboðsmaður hans átti að nefna í hverju hinna 12 þinga, sem landinu var skift í, svo marga menn til þingfarar sem lögbók vottaði. Sýslumenn voru upphaflega og reyndar lengi vel nefndir valdsmenn, og var það því starfi sýslumanna að nefna menn til þingreiðar og gátu þeir síðan orðið nefndir til lögréttusetu. Þessir búendur, sem þannig voru til nefndir, hétu einu nafni *nefndarmenn*, enda eru þeir oft líka allir kallaðir *lögréttumenn*. Og það er tíðasta heitið á þeim. Menn höfðu, eins og um svo margt annað, gert sér forsagnir eða fyrirmyndir að lögréttumanna nefnu. Er ein slík forsögn frá 15. öld prentuð í Alþingisbókum I bls. 10.[1]) Sýslumaður eða umboðsmaður hans lýsti því fyrst og fremst yfir, að hann nefndi þenna ákveðna mann til næsta Öxarárþings og brýndi fyrir honum þær skyldur, sem kvaðningunni fylgdu, bæði um Alþingisför á réttum tíma, um skyldu til að sitja í dómum samkvæmt skipun lögmanns og um hegðun á þingi. Skyldi vottar vera við kvaðninguna, er skírskotað var undir. Sjálfur átti sýslumaður eða umboðsmaður hans að vinna bókareið að því fyrstan særan þingdag og skjóta því til guðs, að þá menn hafi hann nefnda til Alþingis að því sinni, sem honum þóttu vel til fallnir og færir og vænastir til skila eftir sinni samvizku og tók hann þar eigi aðra muni til, og að svo skuli hann jafnan gera, meðan hann hefur þetta starf. Járns. og Jónsbók Þingb. 1. Eið þenna þurfti sami maður þó ekki að vinna oftar en einu sinni. Ef maður nefndi eigi mann eða nefndi mann ranglega, þ. e. þann, sem annaðhvort var ekki skyldur til þingreiðar að lögum eða var eigi þeim kostum búinn, sem lögréttumenn áttu að hafa, þá varðaði það 12 marka sekt fyrir hvern, sem ónefndur var eða rangnefndur eftir Járns. Þingb.

1) Samskonar forsögn er í Dipl. Isl. X bls. 589.

2, en 12 aura eftir Jónsbók Þingb. 2.[1]) Vanræksla á kvaðning lögréttumanna var eftir 1764 látin varða 2 rd. og 24 sk. kúrant í dómsmálasjóð, tilsk. 16. nóv. 1764 4. gr. Það er ljóst, að sýslumönnum bar að sjá um það, að nógu margir þingreiðarfærir bændur væri til taks árlega í hverri sýslu, er nefndir væri til þingreiðar, en misbrestur var stundum á efndum sýslumanna í þessu efni. Árið 1708 eru t. d. taldir upp sýslumenn, er rangnefnt hafi eða vannefnt hafi lögréttumenn og ákveðið að sekta þá fyrir. Páll sýslumaður Torfason í Ísafjarðarsýslu er t. d. sakaður fyrir að hafa nefnt Snæbjörn son sinn (Mála-Snæbjörn) og talinn munu verða sekur um 12 aura fyrir ranga nefnu.[2]) 1732 er útgefin á Alþingi almenn áminning til sýslumanna um að nefna löglega lögréttumenn, að viðlögðum sektum,[3]) og árið 1744 áminnir Björn lögmaður Markússon sérstaklega sýslumenn af Vestfjörðum að nefna lögréttumenn lögum samkvæmt.[4]) Var það borgaraskylda, að taka við starfanum hverjum þeim, sem hæfur var að lögum til að gegna honum. Því þykir Snæbjörn Pálsson (Mála-Snæbjörn) vera sekur 12 aurum fyrir að hafa neitað að taka við nefningu föður síns, enda þótt faðir hans þyki hafa rangnefnt son sinn til lögréttumanns.[2]) Það var auðvitað áríðandi, að lögréttumenn væri nefndir svo snemma, að þeir hefði nægan tíma til þingreiðar. Því var sýslumönnum boðið að nefna þá fyrir páska ár hvert, Járns. og Jónsb. Þingb. 1, og eftir tilsk. um dómsmálasjóðinn 16. nóv. 1764 4. gr. áttu sýslumenn að gera það á manntalsþingum, sem haldin voru á vorin í apríl og maí venjulega.

Lögréttumenn voru ekki nefndir til ákveðins tíma. Skyldu þeir gegna starfanum óákveðið, svo lengi sem þeir væri færir til og þeim kostum búnir, sem til starfans þurfti. Engan átti því „til lausnar nefna", Jónsb. Þingb. 2. Í þessu orðalagi mun það eiga að felast, að engan mátti nefna með því skilorði, að hann mætti leysa sig undan starfanum fyrr en hann mætti það vegna skorts á lögmæltum skilyrðum til starfans. Ekki máttu sýslumenn heldur skifta um lögréttumenn, heldur áttu

1) Þetta hafa lögmenn fyrrum brýnt fyrir sýslumönnum í þinglausnarræðu sinni, t. d. Gísli lögmaður Hákonarson, sjá Alþingisbækur IV 281.

2) Í D I VII nr. 61 er sýslumaður dæmdur fyrir vanrækslu um kvaðningu nefndarmanna. Sbr. og Alþingisbókina 1708 nr. 11.

3) Alþingisbókin 1732 nr. 4.

4) Alþingisbókin 1744 nr. 1.

þeir að láta þann halda starfanum, sem einu sinni var til hans nefndur. Jónsb. s. st. Eftir Jónsbók er vafasamt, hvort sama nefndarmann skyldi nefna á ári hverju. Eftir Þingfb. 1 er helzt svo að sjá, sem það hafi átt að gera. En það var óþarfi, því að brýnt hefur það verið fyrir mönnum, að þeir skyldi gegna starfanum, þangað til lög leysti þá undan honum, eða það hefði mátt brýna fyrir þeim. En af því að lögbók skar ekki skilríklega úr um þetta mál, þá var gerð um það samþykkt á Alþingi 1574 og er hún endurnýjuð, að því er virðist, 1578.[1]) Segir þar, „að enginn nefndarmaður þurfi að nefnast til þings oftar en um sinn, utan hann færist héraða á milli". Og er þá skýrt að kveðið, að sama mann þurfi eigi að nefna oftar en einu sinni, meðan hann er í sama þingi, því að svo mun hérað hér verða að skýra. En ef þeir fluttust úr þingi í annað, þá var þingsetu þeirra fyrir það þing lokið, er þeir fluttust úr.

Nú var þingunum 12 hinum fornu, sem talin eru í Járnsíðu og Jónsbók síðar skift í *sýslur* og sýslumenn urðu því fleiri. Og varð því að kveða á um það, hversu marga lögréttumenn hver þeirra skyldi nefna. Þorskafjarðarþing verður t. d. allsnemma greint í þrjár sýslur, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu. Og var þá lögréttumannanefnu skift með þeim. 1644 segir, að úr Strandasýslu skuli nefna 1 lögréttumenn og 2 úr hvorri hinna.[2]) Það er sennilegt, að lögmenn og lögréttan hafi ráðið því, hversu marga lögréttumenn skyldi nefna úr hverri sýslu, þegar svona stóð á, innan þeirra takmarka, sem lögbók setti um tölu nefndarmanna úr því þingi. —

Fyrirmæli Jónsbókar um nefningu lögréttumanna stóðu óbreytt þangað til fram á 18. öld. Með kgsbr. 24. marz 1705, birtu á Alþingi 1705, var boðið að nefna lögréttumanna skyldi framvegis fara eftir fyrimælum N. L. 1—7—2. En samkvæmt þeirri grein átti amtmaður eða fógeti, og sórenskrifari í forföllum amtmanns og eftir beiðni hans, að nefna á síðasta þingi á ári hverju 8 búfasta menn í hverri þingsókn til að vera lögréttumenn. Átti að nefna þá til eins árs og búendur í hverri þingsókn skiftast á um að gegna starfanum. Hér hefði því

1) Alþingisbækur I 237—238 og 351.
2) Alþingisbókin 1644 nr. 1.

amtmaður átt að nefna lögréttumenn eftir N. L. 1—7—2 sbr. kgsbr. 24. marz 1705. En konungsbréfið, sem gefið var út í Kaupmannahöfn 24. marz 1705, komst ekki til Íslands fyrr en með kaupmönnum það vor eða sumar og var því ekkert viðlit, að nefning lögréttumanna það ár gæti farið fram eftir því. Það var því „amtmannsins, lögmannanna og lögréttunnar allraundirdánugasta beþenking, að það verði í þetta sinn að blífa við þá fornu og frá árildstíð venju og landsins lög um lögréttumanna nefnd þangað til að menn með guðs hjálp kunni því að koma til leiðar, sem áðurnefnd kongl. majest. allranáðugasta forordning (þ. e. kgsbr. 24. marz 1705) befalar".[1]) Þá voru lögréttumenn, nefndir að fornum hætti, komnir til þings, og voru síðan nefndir af þeim svo margir til lögréttusetu sem lög stóðu til.

Ástæðan fyrir nýmæli þessu var sú talin, að lögmenn væri vanir því, þegar dómum þeirra væri skotið til yfirréttar, að fá sýslumenn og lögréttumenn, sem dæma skyldi í yfirrétti, á sitt band, og að þeir væri því flestir fyrirfram ákveðnir. Þetta er auðsæ tylliástæða, enda er ekki auðvelt að sjá það, að þeir menn hlyti að verða sjálfstæðari, sem amtmaður nefndi til eins árs en þeir, sem sýslumaður nefndi til ævifloka.

Næsta ár hefði nú mátt ætla, að Kristján Müller amtmaður, sem auðsjáanlega hefur valdið því, að kgsbr. 24. marz 1705 var gefið út, hefði séð um, að nefna lögréttumanna færi fram eftir nýmælinu í konungsbréfinu. En á þingi 1706 fer þetta öðruvísi . Lögmenn spyrja þegar 8. júlí, hvort nokkur vissi um það, hvort amtmaður eða nokkur hans vegna hafði haft nokkurn undirbúning til þess, að boð konungsbréfsins mætti verða framkvæmt að því sinni. Og svöruðu allir neitandi, en amtmaður var ókominn. Töldu menn að vonum ómögulegt að fara eftir konungsbréfinu. „Því í nafni drottins taka lögmennirnir það til ráðs að breyta hér um eftir lögunum og þeirri venju, sem að skipan laganna hefur í næstu 420 ár viðhaldizt". Og nefndu lögmenn nú 18+18 menn í lögréttu meðal lögréttumanna, sem til þingsins voru komnir og nefndir voru að fornum sið. En 10. júlí kemur loks bréf amtmanns, þar sem hann býður harðlega, að lögmenn fari eftir konungsbréfinu og segist ekki finna ástæðu til þess, að ekki sé hægt

1) Alþingisbókin 1705 nr. 1.

að hafa sömu skipun um þetta efni sem í Noregi. Lögmenn skírskota til þess, er þeir höfðu áður ákveðið,[1]) enda var þeim ómögulegt að beita ákvæðum konungsbréfsins, þar sem amtmaður hafði algerlega vanrækt að gera það, sem honum bar, til þess að koma því í framkvæmd.

1707 fer enn á sömu leið. Amtmaður hafði ekkert gert né gera látið til að framfylgja konungsbréfinu. Og féll það algerlega úr sögunni. Lögréttumenn voru áfram nefndir af sýslumönnum, eins og bréfið væri ekki til.[2]) Tilsk. um dómsmálasjóðinn 16. nóv. 1764 breytir þessu ekki, heldur ákveður sekt á hendur þeim sýslumönnum í sýslum þeim þremur, þar sem lögréttumenn skyldi nefna, fyrir vanrækslu um lögréttumannanefnu, sjá 4. gr. tilsk. 1764. Sést ekki heldur, að nokkur breyting hafi orðið í þessu efni, þó að lögréttumönnum væri enn fækkað með kgsbr. 30. apr. 1777 og tilsk. 3. júní 1796 24. gr. Sú venja komst þó á, á 18. öld, að landfógeti nefndi lögréttumenn í Gullbringusýslu, sbr. Rentukammerbréf 17. maí 1764.

II. *Löghæfi nefndarmanna.* Lögbækurnar hafa heldur ófullkomin ákvæði um það, hvaða kostum þeir menn skyldi búnir, er nefna átti til lögréttusetu. Þessum mönnum var ætlað að dæma mál manna og ráða fram úr allskonar vandamálum á Alþingi. Það er því ljóst, að til þessa starfa þurfti góða menn, og var því einsætt að taka þá eina, eftir því sem föng voru á, er vissu eitthvað í lögum, voru fullþroskaðir, skynsamir, sjálfstæðir og heiðarlegir menn. Lögréttumannsstaðan er einatt nefnd embætti og var talsverð virðingarstaða, eins og kemur fram í því, að þeir voru rétthærri en bændur almennt. Hins vegar varð að taka þessa menn úr flokki bænda. Kennimenn voru aldrei nefndir til lögréttu. Því er það, að Halldór Þórðarson í Oddgeirshólum biður sig undanþeginn lögréttusetu. Hann ætti að fá uppreist hjá konungi til „geistlegheita" vegna frillulífisbrots. Sýslumaður er talinn vítalaus af að nefna hann, en það er látið bíða að útkljá málið, og segjast menn ekki vilja standa því í vegi, að hann fái uppreist. Er gert ráð fyrir því, að „geistlegheitin" leysi manninn undan lögréttumanns-kvöðinni.[3]) Eigi skyldi heldur nefna sýslumann til þess

1) Alþingisbókin 1706 nr. 1 og 4.

2) Sama rit 1707 nr. 1. Sbr. frásögn Páls Vídalíns í Aldarfarsbók hans (Sögufélagsrit III bls. 39, 49—50).

3) Alþingisbókin 1711 nr. 3.

starfa eða umboðsmenn þeirra. Eftir því, sem ráðið verður af lögbókunum og síðara tíma ákvæðum og venju, virðast þessar kröfur hafa verið gerðar til lögréttumanns:

1. Að hann væri *búandi maður*. Járnsíða og Jónsb. Þingfb. 1 segja báðar, að þá eina megi nefna, er „forverksmenn" eigi. En í þessu felst, að til lögréttusetu megi ekki nefna einyrkja, en sá *bóndi* nefnist *einyrki*, sem ekki hefur, auk sjálfs síns, verkfæran karlmann á búi sínu. Lögréttumaður átti því að hafa *jarðnæði til afnota*. Það var því óheimilt að nefna lausamenn eða vinnumenn. Og konur hafa aldrei verið nefndar, jafnvel þótt ræki búskap. 1712 var nefndur í Dalasýslu ungur maður, Pálmi Sigurðsson að nafni, og segir að faðir hans hafi ekki einu sinni verið bóndi, heldur vinnumaður. Að þessu er fundið í konungsbréfi einu frá 7. júlí 1714, og sagt, að lögréttumenn skuli vera *bændur*. Er boðið að nefna annan í stað þessa manns. En ekki virðist neitt hafa úr því orðið, því að 1716 er þessi maður nefndur í lögréttu á Alþingi og næstu ár þar á eftir er hann talinn meðal lögréttumanna, enda hefur hann smásaman fullnægt aldurs-skilyrði og ef til vill orðið búandi maður.

2. Ekki er berum orðum sagt um *aldur* til þess að verða lögréttumaður. Lögræðisaldur Jónsbókar var 20 ár, en eftir réttarbót 14. júní 1314 12. gr., var sá, er lifað hafði 20 jólanætur, kallaður 20 ára. Undir tvítugu hefur því fráleitt mátt nefna nokkurn lögréttumann. Árið 1576 voru meðal annars endurskoðuð ákvæðin um hæfileika lögréttumanna, og þar er svo mælt, að þeir eigi að vera *„settir"* dandismenn. Í þessu felst krafa um fullan andlegan þroska og lífsreynslu, að menn sé staðfastir og ráðsettir. En krafa þessi er harla óákveðin og mikið álitamál um það, hvort maður fullnægi henni eða ekki. Eftir kgsbr. 7. júlí 1714 hefur 20 ára aldur ekki þótt nægur, en bréfi þessu var ekki fylgt. Meðan fyrirmæli Jónsbókar stóðu í gildi um lögræðisaldur, hlaut tvítugsaldur að vera takmarkið niður á við. Takmark upp á við var ekkert sett, en aðrar orsakir gerðu það auðvitað að verkum, að gamalmenni gátu ekki gegnt starfanum.

3. *Efnahagur*. Það vanta einnig bein fyrirmæli um það atriði. Í kröfunni um það, að ekki mátti einyrkja nefna, mun hafa átt að felast krafa um það, að lögréttumenn væri efnalega sjálfstæðir menn. En þó gat einyrki vitanlega verið efna-

lega sjálfstæður. Aðrar takmarkanir eru ekki settar í lögbókunum um fjárhag manna en hjúahaldið. Það er þó ekki nokkurt vafamál, að slíkar takmarkanir hafa verið um löghæfi manna til lögréttusetu. Sá maður, sem þegið hefur af sveit, mun alls ekki hafa þótt hæfur til lögréttusetu. En þar eru líka ef til vill mörkin. Það hefur verið vafasöm heimild til að binda kjörið við *skattbændur* eina, þó að þeir hafi sjálfsagt einkum orðið fyrir því. En dómur einn eða lögréttuálit frá 1589[1]) virðist þó gera ráð fyrir því, að takmörk sé sett um efnahag manna til lögréttusetu. Og þau takmörk eru sýnilega önnur en sveitarstyrksþága. Og þá eru þau varla önnur en þau, að aðili skuli vera svo efnum búinn, að hann ætti skatt að gjalda, ef hann væri ekki lögréttumaður. Og á þessari reglu virðist lögréttuálitið 1589 byggja. Og 1723 sagði Halldór Þórðarson lögréttumaður í Árnessþingi af sér starfanum, meðal annars af því að hann ætti engar eignir afgangs skuldum.[2]) Þetta er, meðal annara ástæðna, talin afsökun. En ekki kemur það þó beinlínis fram, að það sé nauðsynlegt, að aðili sé *skattbóndi*. Að vísu er þess ekki heldur getið, svo að kunnugt sé, að nokkur rannsókn ætti að fara fram um það, að lögréttumenn ætti fé til skattgjalds öll þau ár, sem þeir gegndu starfanum, en lögréttuálitið 1589 virðist benda á það, að lögréttumann skyldi leysa frá starfanum jafnskjótt sem hann var svo fátækur orðinn, að hann ætti ekki skatt að greiða.

4. Minnzt hefur verið á þá kröfu, að nefna skyldi þá menn eina, er forverksmenn áttu á búi sínu. Í þessu felst naumast það, að einyrki gæti ekki gegnt starfanum alveg eins vel og sá, er betri hefði mannaskipan á búi sínu. En ástæðan til þessa ákvæðis hefur verið sú, að einyrkja væri óskylt að gegna þingfararkvöð, því að heimili hans mætti ekki án hans vera. Enginn væri þá til að vinna nauðsynleg bústörf.[3]) Það var því varla neitt því til fyrirstöðu, að einyrki gæti verið lögréttumaður, ef hann vildi taka það að sér. Hins vegar átti hann heimtingu á lausn frá starfanum, ef hann varð einyrki. En einyrki var sá, er eigi hafði 16 ára karlmann verkfæran á búi

1) Alþingisbækur II 135.

2) Alþingisbókin 1723 nr. 8.

3) Einyrkja var almennt óskylt að sækja þing í þingsókn sinni, að 4 þingum undanteknum: Þingi, þar er lesa skyldi konungsbréf, manndrápsþingi, manntalsþingi og hreppstjórnarþingi.

sínu, Jónsbók Kvennagiftingar 34. Þótt bóndi hefði kvenfólk til verka á búi sínu, en karla enga, þá var hann einyrki samkvæmt Jónsbók. Og svo var það einnig skilið. Halldór lögréttumaður Þórðarson, sem áður er nefndur, er sagður hafa eina kvenpersónu til verka á búi sínu, og er hann þó kallaður einyrki.

5. Járnsíða og Jónsbók Þingfb. 1 segja, að þá skuli sýslumaður nefna, sem honum þykja *„vænastir til skila"*. Í Alþingissamþykkt frá 1576 segir, að lögréttumenn skuli vera *„settir"* dandismenn. Í þessu á að felast almennur hæfileiki til þess að gera skyldu sína með skynsamlegum hætti eða krafa til *áreiðanleika* og *vitsmuna*. Aðrar kröfur til *þekkingar* þeirra eða skynsemdar eru ekki gerðar. Í þessum skilyrðum felast líka kröfur til *siðferðis* lögréttumanna, að þeir hafi einnig *vilja* til að gera embættisskyldu sína og *staðfestu* til þess. Í áðurnefndri samþykkt frá 1576 eru siðferðiskröfurnar nákvæmar greindar. Þar er ennfremur sagt, að þeir eigi að vera *„þráttunarlausir, frómir dandismenn, guðhræddir"*. Felst í þessu, að þeir hafi fyrst og fremst algerlega *óflekkað mannorð*. Og þessa virðist hafa verið gætt allstranglega á 17. öld. Sá, er í einhverjum óbættum sökum stóð við konungsvaldið, virðist ekki hafa þótt tækur í lögréttu. Því neitar Árni lögmaður Oddsson 1637 að nefna Grím lögréttumann Bergsson til að taka sæti í lögréttu, því að hann viti ekki, hvort Grímur hefði leyfi konungs til að búa með þeirri konu, „er hann heldur sína eigin konu, ef hann hefði með henni hórast"[1]). Hins vegar er þess dæmi, að maður var dæmdur til konungs náða fyrir hór, en var náðaður og síðan gerðist hann lögréttumaður.[2])

6. *Líkamleg heilbrigði* var auðvitað skilyrði til þess að nefna mætti mann til lögréttusetu. Í Jónsbók Þingfb. 1 kemur þetta fram í því, að nefndarmaður skyldi vera *„fær at þingmannadagleiðum"*. Það var einmitt fyllsta ástæða til þess að miða heilbrigði manna við það, hvort þeir mættu teljast færir til ferðalaga með þeim hraða, sem heilum manni mátti teljast hæfilegur eftir samgöngum þátímans, frá heimili sínu og til þings og þaðan aftur heim. Sá, sem ekki treystist vegna veikleika til að hafa þau ferðalög, var undan skyldunni þeginn. Því

1) Þingbók Árna lögmanns Oddssonar, bls. 56 b—57 a.
2) Alþingisbækur III 66.

er maður úr Skaftafellssýslu leystur frá starfanum 1679 og sýslumanni leyft að nefna annan í stað hans.[1]).

Sá, sem eigi þóttist skyldur til að taka við starfanum gat borið málið undir sýslumann og síðan undir lögréttu eða síðar, eftir að lögréttumenn hættu að dæma, undir lögmenn.[2])

III. *Lausn frá nefndarmannsstarfi.* Jónsbók Þingfb. 2 segir, eins og fyrr getur, að engan skuli til lausnar nefna og því aðeins umskifti á gera, að þeim gangi lögleg forföll til, sem fyrr er nefndur. Sömu mennirnir, sem einu sinni voru nefndir, áttu að halda starfanum meðan þeir lifðu og gátu. Ef þá skyldi leysa frá honum, þá skyldi góðar og gildar ástæður vera til þess. Þær ástæður voru sumar svo vaxnar, að nefndarmann skyldi leysa *án vilja* hans, en aðrar svo, að hann skyldi leysa *samkvæmt* beiðni hans.

1. Ef maður varð óhæfur til að gegna starfanum vegna vanheilsu, andlegrar eða líkamlegrar, þá var sjálfsagt, að hann yrði leystur undan honum, t. d. sá, sem ekki verður ferðafær til Alþingis.[1]) Sama er, ef mannorð þeirra spillist svo, að eigi þykir sæmilegt vera að láta þá gegna starfanum, sbr. dæmið um Árna Oddsson og Grím Bergsson, eða maður komst á sveit. Þegar lögréttumönnum var fækkað 1764, þá voru allir hinir eldri lögréttumenn sjálffarnir úr stöðunni þeir, er úr þeim sýslum voru, sem þar eftir lögðu enga lögréttumenn til. Og jafnvel úr hinum sýslunum þurfti af nýju að nefna lögréttumenn, því að *færri* voru nú þaðan nefndir en áður. Sjá síðar um tölu nefndarmanna. Svo voru lögréttumenn sjálffarnir úr stöðunni, ef þeir urðu prestar eða aðrir embættismenn, t. d. sýslumenn, Alþingisskrifari, klausturhaldari, sbr. það, sem áður er sagt um Halldór Þórðarson í Oddgeirshólum. Þá voru þeir og sjálffarnir, ef þeir fluttust búferlum úr þinginu, en nefna mátti þá, ef þurfti, í þingi því, er þeir fluttust í,[3]) og sama virðist hafa gilt, ef lögréttumaður fluttist sýslna milli, þó að þær væri í hinu forna þingi báðar, t. d. úr Strandasýslu í Barðastrandarsýslu.

---

1) Alþingisbókin 1679 nr. 15 og 19.

2) T. d. Alþingisbókin 1737 nr. 1 (Arnór Jónsson lögréttumaður úr Dalasýslu færist undan að vinna eið sinn, þar til sýslumaður komi, því að „hann er ekki með nefndina fornægður").

3) Alþingisbækur I 237—238, 351.

Þá eru þess dæmi, að lögréttumaður er afsettur vegna vanrækslu á þingsókn,[1]) en þessi meðferð var þó venjulega ekki höfð, heldur var reynt að knýja þá til þingsóknar með áminningum og þingvítum. Það ber þó við, að lögrétta leysir mann frá starfi, er hann hefur greitt þingviti, en líklega hefur maðurinn haft löglegar ástæður til undanfærslu.[2])

2. Ef lögréttumaður varð forfallaður að staðaldri eða hagur hans breyttist annars svo, að hann þurfti ekki að hafa starfann lengur á hendi, t. d. vegna fátæktar, þá gat hann krafið sig undanþeginn. En segja skyldi hann sýslumanni til þess svo löngum tíma fyrir páska,[3]) að forföll megi meta og sönnur skyldi hann leiða að því, að hann skýrði rétt frá um hagi sína. Halldór Þórðarson í Oddgeirshólum skrifar því sýslumanni 14. marz 1723, að hann vilji ekki lengur vera lögréttumaður og færir ástæður fyrir því. Til styrkingar máli sínu sendir hann vottorð 8 þingsóknarmanna úr Hraungerðishreppi þess efnis, að hann sé félaus maður að afteknum skuldum og hafi engan verkfæran mann „fyrir utan eina kvenpersónu“[4]). Lögmenn og lögrétta meta þetta löglega undanfærslu og leysa manninn frá starfanum. Annars ætlast Alþingissamþykktin frá 1574 og 1578[3]) til þess að sýslumaður meti ástæður, ef lögréttumaður beiðist lausnar, enda varð svo að vera, því að hann átti að nefna mann eða menn í staðinn, svo að nefndin yrði full. En dæmi þetta sýnir þó, að sýslumenn hafa stundum látið þetta mat undan falla, og lögréttan skar þá úr málinu.

IV. *Fjöldi nefndarmanna:* Hér verður að greina a) á milli þeirra, sem nefna átti til þingreiðar og b) þeirra, er nefna skyldi til setu í lögréttu.

a) Samkvæmt Járnsíðu Þingfararbálki 2 átti að nefna til þingreiðar úr:

| | | |
|---|---|---|
| Múlaþingi | 6 | menn |
| Skaftafellsþingi | 6 | — |
| Rangárþingi | 15 | — |
| Árnessþingi | 20 | — |
| Kjalarnessþingi | 15 | — |
| Þverárþingi | 15 | — |

1) Alþingisbókin 1742 nr. 6.
2) Alþingisbókin 1714 nr. 5.
3) Alþingisbækur I 237—238, 351.
4) Alþingisbókin 1723 nr. 8.

| | | |
|---|---|---|
| Þórsnessþingi | 12 | menn |
| Þorskafjarðarþingi | 8 | — |
| Húnavatnsþingi | 10 | — |
| Hegranessþingi | 15 | — |
| Vöðlaþingi | 12 | — |
| Þingeyjarþingi | 6 | — |
| Samtals | 140 | |

Er auðsséð, að nefndarmannafjöldi úr hverju þinganna 12 fer ekki eingöngu eftir stærð eða mannfjölda, heldur að miklu leyti eftir því, hversu erfitt og kostnaðarsamt er að sækja Alþingi. Því eru t. d. nefndir einir 12 menn úr Austfirðingafjórðungi öllum, en 15 úr Rangárþingi einu, 20 úr Árnessþingi og 15 úr Kjalarnessþingi eða alls 50 menn úr Sunnlendingafjórðungi. Samkvæmt skattbændatalinu frá 1311[1]) voru skattbændur í Austfirðingafjórðungi þá 464 — annað handrit hefur 484 — og í Sunnlendingafjórðungi 828. Eftir því hefðu nefndarmenn í Sunnlendingafjórðungi átt að vera rúmlega tvisvar sinnum fleiri en í Austfirðingafjórðungi, en eru meira en fjórum sinnum fleiri eftir Járnsíðu. Er auðsætt, að hér er kvöðin höfð sem léttust á þeim héruðum, sem lengsta höfðu og erfiðustu þingsókn. En þar að auki hefur það sjálfsagt nokkru ráðið um, að þingreið úr fjarlægum sveitum var kostnaðarsamari en úr nálægum, og hefur því stærra skarð höggvið í skattinn af landinu en þingreið jafnmargra manna úr nálægu héraði. Nefndarmannatalan eftir Járnsíðu var óþarflega há, því að allur sá mannfjöldi hafði ekkert að gera á þingi, því að einir 36 af þeim voru nefndir til lögréttusetu. Af þessu hefur ákvæðum Járnsíðu um nefndarmannafjöldann verið breytt með Jónsbók.

Samkvæmt Jónsbók Þingfb. 2 var nefndarmannatalan svo sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Úr Múlaþingi | 6 | menn |
| — Skaftafellsþingi | 6 | — |
| — Rangárþingi | 8 | — |
| — Árnessþingi | 12 | — |
| — Kjalarnessþingi | 9 | — |
| — Þverárþingi | 8 | — |

1) Dipl. Isl. II nr. 205.

| | | |
|---|---|---|
| Úr Þórsnessþingi | 6 | menn |
| — Þorskafjarðarþingi | 5 | — |
| — Húnavatnsþingi | 6 | — |
| — Hegranessþingi | 8 | — |
| — Vöðlaþingi | 6 | — |
| — Þingeyjarþingi | 4 | — |
| Samtals | 84 | |

Svo virðist sem Jónsbók hafi tekið rikar til greina mannfjölda í þingi hverju en Járnsíða gerði, en látið það miður skifta máli, hvort erfið þingsókn var úr héraði eða hæg. Hefur löggjafanum nú ef til vill fundizt bezt við eiga, að öll þingin tæki hlutfallslega jafnan eða sem jafnastan þátt í þingstörfunum, þótt varla hafi það verið alveg í réttu hlutfalli við fólksfjölda í þingi hverju.

Ekki er kunnugt um það, að landsmenn hafi verið óánægðir með nefndarmannafjöldann, eins og hann var ákveðinn eftir Jónsbók. Það er að visu svo, að Vestfirðingar og Norðlendingar hafa gert tilraun til þess að taka upp hjá sér fjórðungsþing eftir 1300, eins og áður er getið, en það hefur varla komið til af óánægju með nefndarmannafjöldann. Ef svo hefði verið, þá hefði þeirri fækkun nefndarmanna, sem verða átti eftir réttarbótinni 23. júní 1305[1]) sjálfsagt verið tekið tveim höndum. En sú fækkun kom aldrei í framkvæmd, eins og síðar verður sýnt.

Réttarbótin frá 23. júní 1305 býður valdsmönnum að nefna lögréttumenn úr hverju þingi þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Múlaþingi | 3 | menn |
| Skaftafellsþingi | 3 | — |
| Rangárþingi | 4 | — |
| Árnessþingi | 6 | — |
| Kjalarnessþingi | 4 | — |
| Þverárþingi | 4 | — |
| Þórsnessþingi | 3 | — |
| Þorskafjarðarþingi | 3 | — |
| Húnavatnsþingi | 6 | — |
| Hegranessþingi | 3 | — |

1) Dipl. Isl. II. nr. 182.

Vöðlaþingi ..... 3 menn
Þingeyjarþingi ..... 3 —

Samtals 45 menn

Þessi er talan eftir því handriti (Á. M. 126 4to, Codex Thorlevianus), sem lagt er til grundvallar útgáfu réttarbótarinnar í Íslenzku Fornbréfasafni, en annað handrit (Stokkholms Skinnbók 26 4to) hefur töluna III aftan við Húnavatnsþing. Og er líklegra, að sú tala sé rétt, því að þá væri fækkað nefndarmönnum úr Húnavatnssýslu með svipuðum hætti sem úr hinum þingunum. Og þá stæði það heima, að nefndarmönnum hefði átt að fækka um réttan helming, niður í 42.

Það vantar alveg *bein* gögn um það, hvort ákvæði réttarbótarinnar frá 1305 um fækkun nefndarmanna hafa nokkurn tíma komizt í framkvæmd, því að lögréttumannatöl, er það sýni, eru ekki til og engin slík töl fyrr en frá fyrra helmingi 17. aldar. En óbein gögn eru til um þetta, sem taka alveg af skarið. Fyrst má nefna það, að í þinglausnaforsögnum, sem tíðkazt hafa á 16. og 17. öld,[1]) voru valdsmenn áminntir um að nefna „svo marga menn til þingreiðar úr hverju þingi sem lögbók (þ. e. Jónsbók) vottar". Ef nefndarmannatalan hefði átt að fara eftir *réttarbótinni,* þá hefði auðvitað ekki verið skirskotað til *lögbókar,* heldur til *laga* eða *réttarbótarinnar* sjálfrar. Þetta er því greinilegur vottur þess, að nefndarmenn hafa ekki verið kvaddir eftir réttarbótinni á 16. öld. En svo er fjöldi af lögréttumannatölum frá 17. og 18. öld, sem öll sýna það, að nefndarmannatalan hefur farið eftir Jónsbók, en ekki eftir réttarbótinni frá 1305. Elzta nefndarmannatalið, sem nú er til, svo að kunnugt sé, er frá 1632.[2]) Þá eru nefndarmenn, að því er bezt verður séð, taldir nálægt 80. Og er það miklu nær Jónsbók en réttarbótinni. 1632 virðist nefndarmannatalan vera yfir 80. Og svo má rekja þessa tölu nokkurn veginn frá ári til árs í Alþingisbókunum. Reyndar er stundum einungis sagt, hverir hafi verið nefndir til lögréttusetu („innan vébanda"), en eigi taldir upp allir nefndarmenn. En svo oft er það gert, að unnt er að ganga úr skugga um það, hvaða reglum hefur verið fylgt um nefnu lögréttumanna á 17. öld. T. d. eru nefnd-

1) Alþingisbækur I 8, 206.
2) Alþingisbækur V 236—239.

armenn 1638[1]) 81 og 1639 80. 1651 eru þeir 82, 1659 81, 1663 84, nákvæmlega eins og Jónsbók segir. 1679 84 einnig, 1701 eru þeir um 80 taldir, 1701 eru þeir taldir upp þannig, að talan fer auðsjáanlega eftir Jónsbók. 1710 eru taldir 81, 1719 84 taldir, er nefndir hafa verið, en 3 taldir dánir, án þess að enn hafi verið nefnt í stað þeirra. Árin 1720—1732 fer nefndarmannatalan algerlega eftir Jónsbók. 1718 og 1720 hafði að vísu verið boðið að láta meðferð dómsmála fara eftir Norsku Lögum, eins og áður er sagt, en þetta boð hafði engin áhrif á nefningu nefndarmanna, að því er séð verður, því að þeir eru taldir í Alþingisbókum þessara ára alveg eins og áður. Skipunin frá 1718 og 1720 var endurtekin með konungsbréfi 2. maí 1732, og er þá hætt að geta um aðra nefndarmenn en þá, sem kvaddir voru til að sitja í lögréttu.

Björn M. Ólsen hefur í ritgjörð sinni Um skattbændatal á Íslandi 1311[2]) gengið að því vísu, að nefndarmannafækkunin, sem réttarbótin frá 1305 býður, hafi komizt á, án nokkurrar rannsóknar um það efni. En það varð aldrei, eins og sýnt hefur verið hér að framan. Ályktanir þær, sem B. M. Ólsen dregur um verkanir þessarar réttarbótar á þingsókn og tekjur sýslumanna, fá því alls ekki staðizt.

Þegar málameðferð N. L. var komin á, þá þurfti einungis 16 menn til setu í lögréttu, og þeir urðu einungis þingvottar. Því varð alger óþarfi að krefjast árlegrar þingreiðar af öllum þeim nefndarmönnum, er nefndir voru eftir Jónsb. Því ákveður Benedikt lögmaður Þorsteinsson 1730, að 10 menn alls úr hans lögdæmi skuli sækja þingið úr Þverárþingi, Þórsnessþingi, Húnavatnsþingi og Hegranesþingi 2 hverju, og 1 úr Vöðlaþingi og Þingeyjarþingi hvoru. Skyldi sýslumenn segja þeim til árlega, er fara skyldi.[3]) Ekki er kunnugt, hvort svipuð meðferð á þessu hefur verið höfð í hinu lögdæminu, enda koma þaðan, einkum framan af, fleiri en 10 nefndarmenn til Alþingis.

Samkvæmt tilskipun 16. nóv. 1764 2. gr. skyldi nefna 20 menn til lögréttustarfans. Þar af voru úr Árnessþingi 10, úr

1) Þeir eru venjulega taldir fremst í hvers árs Alþingisbók, svo að þeir eru auðfundnir hverjum þeim, sem vill kynna sér þetta efni í Alþingisbókunum.

2) Safn IV 332.

3) Alþingisbókin 1730 viðbætir 2.

Gullbringusýslu 8 og Kjósarsýslu 2. Þar af skyldi 10 sækja Alþingi árlega. Þetta var mjög eðlileg fyrirskipan, því að fyrst og fremst var alveg óþarft, eins og nú var komið, að hafa lögréttumennina fleiri en þetta, og í annan stað var líka alveg óþarft orðið að leggja þingreiðarkvöð á menn úr fjarlægum héruðum til þess eins að vera vottar á dómþingi við Öxará. Reyndar *gat* það borið við, að lögréttumaður væri, vegna dómara skorts, kvaddur til að taka sæti í yfirrétti, en til þess mátti þá alveg eins taka bændur úr nærsýslunum. Í tilsk. frá 1764 3. gr. voru ákvæði um það, hverir 10 af lögréttumönnunum 20 skyldi hvert ár fyrir sig sækja Alþingi. Áttu sýslumenn að ráðstafa því á manntalsþingum í maímánuði árlega, þannig að sitt árið hvorir 10 sækti þingið til skiftis. Var þessu fylgt eftir því sem bezt verður séð. Ef maður dó eða forfallaðist, átti að nefna í staðinn, svo að enginn þyrfti að sækja þing meir en eitt ár í senn.

Þeim mönnum, sem til þingfarar átti að nefna, var ekki síðan fækkað, þó að þingvottum væri fækkað og því þyrfti færri að sækja þing en áður. Eftir að þingvottar, er sækja þurftu Alþingi, voru orðnir 5, var þessari kvöð jafnað á lögréttumenn þá, sem nefndir voru í Árnessýslu og Gullbringusýslu til skiftis, en nefndarmannatalan hefur verið hin sama og ákveðið er í tilsk. 17. nóv. 1764.

b) Samkvæmt Járnsíðu Þingfararbálki 3 átti lögmaður „ok valdsmenn“ að nefna til lögréttusetu af nefndarmönnunum 140 3 menn úr þingi hverju. Þingin voru 12 og var því lögréttan skipuð þremur tylftum manna, eins og tíðkaðist í Noregi. Það er engin grein á því gerð annars, hvern þátt valdsmenn áttu að eiga í nefnu manna til setu í lögréttu („innan vébanda“). Þessi ákvæði Járnsíðu giltu aðeins 10 ár (1271—1281), svo að þess eru engar vonir, að rakið verði nú, hvernig þau hafa verið framkvæmd. Hitt má þar á móti telja víst, að lögmenn hafi, er þeir urðu tveir (1276), nefnt sína 18 menn hvor til að sitja innan vébanda.

Í Jónsbók Þingfararbálki 3 er alveg sama regla. Þar segir líka, að nefna skuli lögmaður og valdsmenn 3 menn úr þingi hverju innan vébanda, svo að þrennar tylftir manna verði í lögréttu. En aldrei er þess getið, svo að kunnugt sé, í skýrslum um Alþingi, að sýslumenn hafi hlutast til um kvaðningu nefndarmanna til lögréttusetu. Lögmennirnir gerðu það einir,

og það varð alveg föst regla, að hvor skyldi nefna 18 menn úr sínu lögdæmi, svo að nefndin yrði full, eins og það er stundum orðað, þ. e. að lögrétta yrði fullskipuð. Það bar stundum við, einkum í hörðum árum, að eigi voru svo margir lögréttumenn komnir úr norðan og vestan lögdæminu, að lögmaðurinn í því lögdæmi gæti fyllt sína tölu. Var þá alsiða, bæði fyrr og síðar, að hinn lögmaðurinn, sem jafnan hafði einhverja aflögu, léði honum einhverja sína nefndarmenn til setu innan vébanda. 1632 lánar Árni lögmaður Oddsson t. d. Halldóri lögmanni Ólafssyni 9 af sínum nefndarmönnum, svo að lögréttan norðan og vestan mætti verða löglega skipuð. Alveg sama var 1678. Þá vantar 9 að norðan og vestan til þess að lögréttan megi verða skipuð lögum samkvæmt, og Þorleifur lögmaður Kortsson fær þá 9 lögréttumenn lánaða hjá Sigurði lögmanni Björnssyni af lögréttumönnum sunnan og austan. Og er þá sagt, að það hafi oft undanfarið verið fengnir að láni lögréttumenn að sunnan og austan til þess að lögréttan norðan og vestan gæti orðið fullskipuð.

Þegar af því, sem sagt hefur verið um lán á lögréttumönnum úr sunnan og austan lögdæminu til setu í lögréttu fyrir norðanmenn og vestan, sem ekki komu til þings, má ráða það, að oft hefur verið ómögulegt að fara bókstaflega eftir því ákvæði lögbókanna, að nefna skyldi þrjá menn til setu í lögréttu úr hverju þingi. Þegar ekki voru komnir 18 menn úr öðru lögdæminu, þá gátu ekki 3 menn orðið nefndir úr þingi hverju í því lögdæmi í lögréttu. Og jafnvel þótt 18 eða fleiri kæmi til þings úr lögdæminu öllu, þá mátti vel vera, að færri en þrír eða jafnvel alls enginn væri kominn úr fjarlægustu þingunum, t. d. úr Múlaþingi, Þingeyjarþingi eða Þorskafjarðarþingi. Þá varð auðvitað að tjalda því, sem til var, og fylla lögréttu, þótt nefndarmenn vantaði alveg úr einu þingi, með nefndarmönnum úr hinum, meðan til vannst.

Hinsvegar virðist þess alltaf hafa verið stranglega gætt meðan farið var eftir fyrirmælum Jónsbókar um meðferð dómsmála, að lögrétta væri fullskipuð. Það var áreiðanlega litið svo á, að engar athafnir mættu fara fram í lögréttu, hvort sem það voru dómstörf, löggjafarsamþykktir eða birtingar og þess konar, nema hún væri fullskipuð.

Eftir að málameðferð Norsku laga var komin á, varð breyting á skipun lögréttunnar. Var nægilegt eftir N. L. 1—7—2, að

8 menn væri í lögréttu með lögmanni og gegndu þingvottastarfi. Erindisbréfið 30. maí 1718, þar sem boðið var í 3. gr., að framvegis skyldi um meðferð dómsmála fara eftir N. L., var ekki birt fyrr en 1719, en annað hvort er, að erindisbréfið hefur verið mönnum kunngjört að þessu leyti þegar 1718 eða breytingin hefur legið í loftinu einhvern veginn, því að þá á þinginu sýnist hafa verið óregla á um nefnu manna í lögréttu. Páll lögmaður Vídalín virðist reyndar hafa nefnt 17 eða 18 menn til lögréttusetu af sinni hálfu, en Oddur Sigurðsson virðist ekki nefna nema 11 af sinni hálfu, og þess er ekki getið, að hann hafi fengið lánaða lögréttumenn hjá Páli, þótt þess væri vel kostur. 1719 nefnir Páll Vídalín líka 18 til lögréttusetu, en Oddur Sigurðsson að eins 10. Kennir þess nú, að gamla skipulagið er að hverfa úr sögunni, því að ekki hefði það áður þolazt, að lögréttan væri ekki fullskipuð, meðan Alþingi stóð yfir. 1720 sýnist Páll lögmaður enn nefna lögréttu af sinni hálfu eftir gamla laginu, en nú virðist lögmaðurinn í hinu lögdæminu að eins nefna 8 menn af sinni hálfu, og áminnir Fuhrmann amtmaður hann um það, „að hann tilhaldi átta lögréttumönnum að norðan og vestan að sitja hér réttinn eftir Norske Lovs Formaliteter, þar til þinginu væri uppsagt“.[1]) Og gerði lögmaður það. Líklega er þetta boð amtmanns vottur þess, að hann hefur ætlazt til, að 8 vottar sæti í lögréttu nefndir af hvorum lögmanni fyrir sig, eða 16 alls, en ekki það, að nóg væri að 8 sætu þar alls af beggja lögmanna hálfu. 1721 virðast vera nefndir 12 að sunnan og austan og 6 að norðan og vestan, en sumir þeirra komu eftir þingsetningu. Er nú komin á regla Norsku laga um þingvottatöluna, nema fyrstu árin hér á eftir eru enn fleiri en 8 nefndir í lögréttu af lögmanninum í Suður og austur lögdæminu, en stundum færri af hinum.[2]) Gildir það nú, að þingvottar í lögréttu sé 8 úr hvoru lögdæmi, eða ef eigi er full tala úr öðru, þá sé lánað úr hinu, eins og áður hafði verið.[3]) Þó er ekki talið saka, þótt lögrétta sé ekki fullskipuð, þegar þinglausnir fara fram eða skjöl eru lesin upp.[4]) En milli 1750 og 1764 er,

1) Alþingisbókin 1720 nr. 25.

2) Sjá t. d. Alþingisbókina 1724 nr. 1 og 9, 1726—1740 nr. 32 sbr. 33. 1745 nr. 5, 1746 nr. 1 og 3.

3) Alþingisbókin 1727, 1728.

4) Alþingisbókin 1723 nr. 31.

að því er virðist, stundum háð þing með færri þingvottum en 8+8. 1756 virðast þeir að eins hafa verið 12, 1757 14, 1759 virðast þeir að lokum hafa orðið 10, en voru að tinast að, eins og reyndar oft bar við, fram eftir þingi. 1763 urðu þeir 12, og var þá fyrst settur réttur að sunnan og austan með 6 vottum, og kallað, að sé með „fullri nefnd". 1764 eru 11 vottar, 5 að sunnan og austan og 6 að norðan og vestan. Og var það síðasta árið, sem fyrsta skipulagið gilti um nefnu manna á Alþingi til lögréttusetu eftir að Norsku lögum var farið að beita. Það tekst ekki einu sinni að ná til þings 16 mönnum af fullum 80 nefndarmönnum í landinu. Og fór það að vonum. Þingið var ekkert orðið annað en dómstóll og þinglýsingastofnun og lögréttumenn voru nú að eins orðnir þingvottar, ferðin illa launuð og stóð yfir um hábjargræðistímann. Þar að auki var hart í ári um þessar mundir, svo að flest hjálpaðist að, að draga úr vegi og virðingu þingsins.

Með tilsk. 16. nóv. 1764 var fækkað í lögréttu úr 16 í 8. Skyldi, sem fyrr segir, 10 koma til þings og 2 voru því til vara, og voru nú úr 3 sýslum að eins valdir. Gildir þessi skipun þar til henni er breytt með konungsbr. 30 apr. 1777 þannig, að framvegis skyldi lögmenn að eins nefna 5 menn í lögréttu. Er þessu fylgt þangað til tilsk. 3. júní 1796 24. gr. lét svo um mælt, að þeir skyldi 4 vera. Var það lítil breyting, því að sum árin undanfarið hafði verið látið sitja við 4 þingvotta (1791 og 1794). Síðustu 4 árin, sem þingið stóð að nafni til, voru þingvottar 4.

V. *Kaup lögréttumanna og önnur hlunnindi.* Vegna stöðu sinnar höfðu lögréttumenn ýms hlunnindi og sérréttindi, sum ákveðin í lögbókunum og önnur til komin síðar og ákveðin með Alþingissamþykktum, eða með öðrum hætti. Og skulu nú þessi efni rakin nokkru nánar.

1. *Þingfararkaup.* Járnsíða Þingfb. 2 segir, að nefndarmenn skuli taka *„kostnað sinn af þingfararkaupum"*. En um þingfararkaup var þá engin notandi regla til, því að hin gamla regla Grágásar[1]) sagði ekkert um það, hversu hátt þingfararkaupið gamla var né hversu háan farareyri hverjum skyldi greiða. Það var að eins nokkurn veginn skýrt, *hverir* gjalda skyldi þingfararkaup eftir lögum lýðríkisins, sem líklega hef-

1) Grág. I a 159, II 320 III 431.

ur verið eftir farið. En það skortir allar skýrslur um það hversu hátt gjald þingfararkaupið hafi verið og hversu mikið hver þingsóknarmaður eftir Járnsíðu hafi fengið fyrir ferðina. Skatturinn var eftir Gamla sáttmála[1]) 20 álnir (sum handur verið eftir farið. En það skortir allar skýrslur um það, hvort þingfararkaupin hefur átt að gjalda af skattinum. Helzt er að sjá, að það hafi ekki verið, því að sérstök sekt er lögð við í Járns. Þingfb. 2, ef maður *„geldr þat eigi, sem nefndarmönnum er ætlat"*. Það virðist liggja næst að halda, að þingfararkaupsbændur eftir Grágás hafi átt að gjalda, auk skattsins, þingfararkaup með líkum hætti og áður hafði tíðkazt. Til styrktar þessu er líka það, að líklega hefði nefndarmenn ekki verið ákveðnir svo margir sem í Járnsíðu segir, ef konungur hefði átt að greiða þingfararkaup þeirra af skattinum. En um þetta verður ekkert með vissu sagt, enda skiftir það ekki miklu máli, með því að Þingfararbálkur Járnsíðu gilti aðeins 10 ár.

Í Jónsbók var þar á móti skýrt kveðið á um þau þrjú atriði, sem Járnsíðu skortir fyrimæli um, sem sé þessi:

*a.* Hverir gjalda skuli þingfararkaup.

*b.* Hversu hátt það skuli vera.

*c.* Hversu háan farareyri hver nefndarmanna skuli taka.

*a.* Skatt (og þingfararkaups) bændur voru eftir Jónsbók þegnskyldu 1 allir þeir búandi menn, er áttu að minnsta kosti skuldlaust kú eða kúgildi, skip eða nót á hvern þann mann (skuldahjón), er hann átti að framfæra og voru þar til taldir verkamenn á búi hans. En að auki átti hann að eiga uxa eða eyk eða hross og alla búsmuni, er slíkt bú má ekki án vera, svo sem annboð, kyrnur, kláfa, reiðing o. s. frv. Einhleypir menn, karlar sem konur, skyldi og gjalda skatt, ef þeir áttu 10 hundruð skuldlaus, enda væri þau ómagalaus. Þessu var svo breytt með réttarbót 14. júní 1314 3. gr., að búlausir menn, er 10 hundruð áttu fyrir sjálfa sig, skyldi skatt gjalda, en ef þeir áttu ómaga, skyldi þeir líka eiga hundrað fyrir hvern og hundrað að auki. Skatt átti að gjalda að vorinu áður en menn riði til þings. Það varð venja að heimta skatta á vorþingum, er köll-

1) Sátttmáli sá, sem prentaður er í Ríkisr. Íslands bls. 7, segir, að Íslendingar vilji greiða konungi skatt og þingfararkaup „sem lögbók vottar" Hér er átt við Jónsbók auðsjáanlega, og skiftir þessi sáttmáli því ekki máli um skilning Járnsíðu, enda „vottar" hún ekkert um þessi efni, svo sem sagt hefur verið.

uð voru manntalsþing, og var hver búandi maður, einnig einyrkjar, skyldir að sækja þau, Jónsbók Kvenngift. 31. Ef skattur var ekki goldinn á réttum tíma, forfallalaust, þá varðaði 6 aura sekt við konung. Skattinn mátti gjalda í vaðmálum og allri skinnavöru, í ull og húðum.

*b.* Eftir Jónsbók þegnskyldu 1 átti hver skattbóndi að gjalda 20 álnir vaðmála í skatt árlega. Af því voru 10 álnir ætlaðar til greiðslu þingfararkaupa. Átti sýslumaður að taka þessar 10 álnir af skattinum og greiða nefndarmönnum, hver í sinni sýslu, þingfararkaup. Ef sýslumaður galt ekki, þá mátti sækja hann um það sem vitafé og lá við 6 aura fésekt, er að hálfu leyti átti að fara til eiganda og að hálfu til lögréttumanna, Jónsb. Þingfb. 2.[1])

Sýslumenn hafa átt að fá það, sem afgangs varð launum nefndarmanna af þingfararkaupum, fyrir innheimtuna. Þetta sést bæði á Jónsbók Þingfb. 2, er segir, að sýslumenn skuli greiða nefndarmönnum „af sínum hluta þingfararkaups", Þegnskyldu 1 og Alþingissamþykkt 1. júlí 1501,[2]) er leggur sýslumönnum þá skyldu á herðar, að fæða nefndarmenn á Alþingi, en „hafi þar fyrir hálfan skattinn, þann meira er en nefndarmennirnir taka í sitt nefndarkaup". Í Alþingissamþykkt frá 1584, um kaup nefndarmanna í Múlaþingi, er líka berum orðum sagt, að sýslumenn eigi hluta af skattinum.[3])

Með þessum hætti hafa sýslumenn fengið talsvert fé, að minnsta kosti í góðum árum. Í Sunnlendingafjórðungi voru t. d. árið 1311 960 skattbændur. Þingfararkaupin frá þeim hafa þá numið 9600 álnum vaðmála, en nefndarmannalaunin voru í Sunnlendingafjórðungi eftir Jónsbók alls 720 álnir, svo að afgangs handa valdsmanni eða valdsmönnum þar hafa orðið 8880 álnir. Þetta hafa þeir haft fyrir skattheimtuna. Svo er að sjá sem konungur hafi breytt þessu í bili, því að 1307 segir Konungsannáll, að Ívar Hólmur hafi komið út með konungsbréfum, þar sem ákveðið hafi verið, að sýslumenn skyldi hafa hálfan vísaeyri, (þ. e. skattinn), er sé 10 álnir, en áður hafi þeir haft 5 álnir. Hér er auðsjáanlega átt við þann hluta

1) Í dómi í DI VII nr. 61 var sýslumaður (Hákon Björgólfsson í Dalasýslu) skyldaður til að gjalda lögréttumanni (Arnóri Finnssyni) vangreidd þingfarakaup um 4 ár með sektum eftir Jónsbók.

2) Dipl. Isl. VII nr. 550.

3) Alþingisbækur II 49.

skattsins, sem nefndur var þingfararkaup. Þetta ástand hefur svo haldizt þangað til farið var að selja sýslurnar á leigu. Þá guldu sýslumenn ákveðið eftir sýslurnar, en tóku svo við tekjunum af þeim og guldu þar af nefndarmönnum kaupið.

Reglan um greiðslu þingfararkaupsins til nefndarmanna að vorinu, áður til Alþingis væri farið, gilti þangað til tilsk. um dómsmálasjóðinn 16. nóv. 1764 kom til framkvæmdar. Þá var þessu þannig breytt, að sýslumenn skyldi greiða þingfararkaup það, er þeim skyldi gjalda samkvæmt Jónsbók Þingfb. 2, árlega til landfógeta á Alþingi, að viðlagðri 2 rd. sekt. Þetta var nú skynsamleg og sjálfsögð regla. Þingfararkaupin áttu bændur framvegis að gjalda, en lögréttumenn urðu nú árlega 10, sem þingfarar voru skyldir og aðeins úr þremur sýslum landsins. Því hlutu sýslumenn úr öllum þeim sýslum, þar sem enga skyldi lögréttumenn nefna, að skila þingfararkaupum af sér sem öðrum tekjum. Og var nú látið sama gilda um sýslumenn úr Árnessýslu og Kjósarsýslu. En í Gullbringusýslu hafði landfógeti greitt þingfararkaupin eftir gamalli venju, og var þeim nú ráðstafað sem öðrum þingfararkaupum. Sýslumenn áttu nú að standa skil á þessu sem öllum öðrum sýslugjöldum. Skyldi nú stofna sjóð, svonefndan dómsmálasjóð („Justitskasse"), og greiða úr honum kaup lögréttumanna á Alþingi ár hvert. Þetta skipulag stóð síðan meðan Alþingi var háð.

C. Það var ákveðið í Jónsbók Þingfb. 2, hversu hátt þingfararkaup hver þeirra 84 manna, sem til þingreiðar voru nefndir, skyldi taka. Kauphæð hvers eins fór mjög eftir því, hversu langan veg og erfiðan hann átti til Alþingis að sækja. Það má nú reikna það nokkurn veginn, hversu hárri fúlgu þingfararkaupin öll hafa numið, meðan hverjum nefndarmanni var greitt þingfararkaup og meðan fyrirmæli Jónsbókar um tölu og þingreið nefndarmanna stóðu. Skal nú greina þingfararkaup nefndarmanna úr þingi hverju og síðan reynt að komast sem næst því, hversu miklu þau hafi numið í heild sinni.

Nefndarmanna kaupin voru sem nú skal greina: Úr Múlaþingi áttu þeir, sem bjuggu fyrir norðan Öxarheiði, að hafa 18 aura, en þeir, er fyrir sunnan hana bjuggu, 2 merkur. 1 mörk var 8 aurar. Og er hér miðað við vaðmálareikninginn forna. En þar jafngilti 1 eyrir 6 álnum vaðmála, samkvæmt Jónsbók Kaupabálki 5. Nú er ekki unnt að segja, hversu margir nefndarmannanna 6 úr Múlaþingi hafa verið búsettir norðan

eða sunnan Öxarheiðar. Verður því ekki annars kostur en að taka meðaltal þingfararkaupsins eða áætla 3 nefndarmenn norðan og 3 sunnan Öxarheiðar. Getur hér aldrei miklu munað. Og með því að nefndarmenn voru 6 og 3 eru taldir fá 18 aura og 3 16 aura, þá verður meðal þingfararkaup, sem greitt var nefndarmönnum í Múlaþingi, *17 aurar*.

Úr Skaftafellssþingi áttu nefndarmenn austan Lómagnúpssands að hafa 12 aura, en 10 aura þeir, sem þar eru fyrir vestan. Nefndarmenn voru 6 og verður að fara eins að og um nefndarmenn Múlasýslu og gera 3 austan og aðra 3 vestanvert við Lómagnúpssand. Verður þá meðaltalskaup hvers nefndarmanns *11 aurar*.

Úr Rangárþingi höfðu nefndarmenn allir jafnt, *6 aura* hver.

Úr Árnessþingi sömuleiðis, hálfa mörk eða *4 aura* hver.

Úr Kjalarnessþingi höfðu líka allir jafnt, hálfa mörk, eða *4 aura*, hver.

Úr Þverárþingi áttu nefndarmenn að hafa 4 aura sunnan Hvítár, en 5 aura vestan. Nefndarmenn voru 8, og ef gert er, að jafnmargir væri sunnan og vestan Hvítár, þá verður meðaltalskaup hvers þeirra *4½ eyrir*.

Úr Þórsnessþingi skyldi nefndarmenn sunnan Hvammsfjarðar hafa mörk, eða 8 aura, en nefndarmenn vestan Hvammsfjarðar 10 aura. Ef enn er áætlað sem áður, þá verður meðaltalskaup hvers *9 aurar*.

Úr Þorskafjarðarþingi skyldi hver nefndarmaður sunnan Glámu hafa 12 aura, en 2 merkur, eða 16 aura, fyrir vestan. 5 voru nefndarmenn í þessu þingi. Ef 3 eru gerðir fyrir sunnan Glámu og 2 fyrir vestan, þá verður meðaltalskaup hvers *13⅗ eyris*.

Úr Húnavatnsþingi höfðu allir nefndarmenn jafnt, *7 aura* hver.

Úr Hegranessþingi höfðu allir sömuleiðis jafnt kaup, mörk, eða *8 aura*, hver.

Úr Vöðlaþingi höfðu og allir jafnt, *10 aura* hver.

Úr Þingeyjarþingi átti hver nefndarmaður að hafa *12 aura*.

Það er fróðlegt að athuga ofurlítið, hvernig þessum starfsmönnum ríkisins hefur verið greitt, bæði jafnað til kaups manna hér á landi á miðöldum og borið saman við kaup þingmanna nú.

Þeir, sem lengstan veg áttu að fara, nefndarmenn úr Múla-

þingi norðan Öxarheiðar, áttu að fá 18 aura hver í þingfararkaup eða 108 álnir vaðmála. Þeir áttu að leggja sér til hesta og reiðtygi, svo að þeir væri færir að þingmannadagleiðum, sbr. Jónsbók Þingfb. 1 og kvaðningarforsagnir frá 16. öld.[1]) En mat handa sér áttu þeir ekki að þurfa að kosta, því að sú kvöð var lögð á bændur, er til 10 hundraða áttu, að hýsa nefndarmenn í þingreið, Jónsbók Þingfb. 2, og sýslumenn áttu að halda sínum nefndarmönnum kost á Alþingi. Nú hefur þingförin tæplega tekið Múlaþingsnefndarmenn, er lengst áttu til að sækja, minna en einn mánuð, að þingtímanum meðtöldum, sem fram á 17. öld var sjaldan lengri en 3—4 dagar. Ef 30 dagar eru reiknaðir, þá hefur nefndarmaður aðeins haft fyrir sig og reiðskjóta hérumbil 3,6 álnir á dag. Og nú varð þingtíminn lengri, þegar kom fram á 17. og einkum á 18. öld, eins og áður er sagt. Og varð þá dagkaupið enn minna. Verkfær meðal sláttumaður átti að fá 4 álnir í kaup á dag eftir Búalögum og fæði að auki, sem metið er 2 alnir. En fæðinu má sleppa, og fær nefndarmaður þó ekki fyrir sig og hesta eins mikið dagkaup og gildur verkamaður við algenga heyvinnu. Til samanburðar má og geta þess, að prestur fékk hálfa mörk = 4 aura = 24 alnir fyrir að olea mann og 6 alnir fyrir líksöng.[2]) Og er auðséð, hve miklu betur presti eru borguð hans verk en lögréttumanni sín.

Nefndarmaður úr Árnessþingi átti að fá 4 aura = 24 alnir. Hans kostur verður að þessu leyti mjög svipaður nefndarmanni úr Múlaþingi. Þingförin þarf ekki að taka hann meira en viku, meðan þing stendur 3—4 daga, og suma heldur skemur. Verður kaup þeirra fyrir sig og hest nál. 4 alnum á dag. Húnvetningur fær 8 aura = 48 alnir og verður varla skemur en 12 daga til hálfsmánaðar. Kaup hans á dag verður því svipað hinna kaupi. Eyfirðingur fær 10 aura = 60 alnir, og mun ekki veita af 14—18 dögum til ferðarinnar, og verður sá ekki betur úti en hinir. Strandamaður fær 16 aura = 96 alnir. Mun honum ekki hafa veitt af 3½ viku alls, og verður hans kostur svipaður hinna. Þeir fá yfirleitt minna kaup en gildur verkmaður átti að fá eftir Búalögum. En misrétti mun trauðla vera milli þeirra innbyrðis, nema það sem óhjákvæmilegt verður,

1) Alþingisbækur I 214—215.
2) Búalög (Sögufélagsrit XIII, bls. 9 og 11).

af því að menn í sama þingi fá víða jafnt. Lögréttumaður, sem býr í Þingvallasveit, Grafningi eða úthluta Grimsness, er t. d. betur settur með sitt kaup en annar, sem heima á austur í Gaulverjabæjarhreppi, o. s. frv., og fá þó báðir jafnt.

Þegar þess er gætt, hversu illa lögréttumönnum var borguð þingförin, þá verður það skiljanlegt, þó að þeir væri heimfúsir af þingi og að torvelt reyndist oft að fá þá til þess að sækja þing. Þingið stóð í upphafi túnasláttar eða heimferðin kom að minnsta kosti á túnasláttinn, nema hann byrjaði óvenjulega seint. En íslenzkir bændur, þeir sem nokkurs er um vert, hafa jafnan lagt megináherzlu á þann hluta heyanna sinna.

Það mun flestum auðvelt að skapa sér hugmynd um kaup lögréttumanna borið saman við nútíðarkaupgjald, þegar þeir hafa athugað það, sem sagt hefur verið hér á undan. Lögréttumenn úr firnasta hluta Múlaþings fengu 18 aura hver, eða 108 alnir. Kýrverðið er 20 aurar = 120 alnir. Ef kýrverð er metið 300 kr., sem nú er nærri sanni, þá er alinin 2,50 króna virði. Þá fær hann alls 274 króna virði fyrir ferð sína. Og ef hún tekur 30 daga, þá verður dagkaup hans rúmar 9 krónur fyrir sig og hest, einn eða fleiri. Og ber þá alveg að sama brunni og áður, ef kaupið er borið saman við almennt verkamannskaup. Verkamaður vinnur fyrir kr. 1.20 á klukkustund hér í Reykjavík og fær því fyrir 10 kl.stunda vinnu 12 kr. Kaupamaður fær nú um 50 kr. á viku í kaup, auk fæðis. En fæðinu má sleppa í þessu sambandi. Dagkaup kaupamannsins verður samt rúmar 8 krónur. Til samanburðar má nefna kaup Alþingismanna nú. Þeir hafa 12 kr. á dag + dýrtíðaruppbót, sem 1929 nemur samtals kr. 16.80, og þar að auki ferðakostnað eftir reikningi. Og svo er þing nú háð um hávetur, en áður í sláttarbyrjun.

Um samanlagt kaup nefndarmanna eftir Jónsbók má fara nærri, ef lagðar eru til grundvallar þær áætlanir, sem gerðar hafa verið hér að framan um meðaltalskaup nefndarmanna úr sumum þingum og kaup hvers þeirra úr hinum. Og verður þá útkoman þessi:

| | Kaup á mann | Tala | Aurar alls | Alnir |
|---|---|---|---|---|
| Í Múlaþingi ..... | 17 aur. | 6 | 102 | 612 |
| - Skaftafellsþingi .... | 11 — | 6 | 66 | 396 |
| - Rangárþingi ..... | 6 — | 8 | 48 | 288 |

| | Kaup á mann | Tala | Aurar alls | Alnir |
|---|---|---|---|---|
| Í Árnessþingi ..... | 4 aur. | 12 | 48 | 288 |
| - Kjalarnessþingi .... | 4 — | 9 | 36 | 216 |
| - Þverárþingi ..... | 4½ — | 8 | 36 | 216 |
| - Þórsnessþingi ..... | 9 — | 6 | 54 | 324 |
| - Þorskafjarðarþingi . | 13⅗ — | 5 | 68 | 408 |
| - Húnavatnsþingi .... | 7 — | 6 | 42 | 252 |
| - Hegranessþingi ..... | 8 — | 8 | 64 | 384 |
| - Vöðlaþingi ..... | 10 — | 6 | 60 | 360 |
| - Þingeyjarþingi ..... | 12 — | 4 | 48 | 288 |
| | | 84 | 672 | 4032 |

Með Alþingissamþykkt 1578[1]) var ákveðið, að hver nefndarmanna í Múlaþingi skyldi hafa 1½ hundrað í nefndarkaup, eða 180 álnir = 30 aurar. Er þetta tortryggileg hækkun, en þetta er þó endurnýjað 1584, og segir þá, að hver 6 nefndarmannanna í Múlaþingi skuli hafa í kaup 9 gilda skatta, og eru það líka 180 álnir, enda takist það allt af þeim hluta skatts, sem sýslumönnum tilheyrir.[2]) Í tilsk. 16. nóv. 1764 1. gr. segir ennfremur, að lögréttumennirnir 6 í Gullbringusýslu hafi fengið 24 rd. 24 skildinga krónumyntar. Hver ætti þá að hafa fengið 4 rd. og 4 skildinga krónumyntar. 4 ríkisdalir og 4 sk. krónumyntar ætti þá að hafa jafngilt 4 aurum eða 24 álnum. 1 rd. krm. hefði þá átt að svara til 5,84 alnar.

Hver skattbóndi galt 10 alnir og þyrfti þá ekki nema rúma 400 skattbændur til þess að kaup nefndarmanna allra fengist. En eftir skattbændaskránni 1311 voru skattbændur rúmlega 3800. Hver þeirra skyldi gjalda 10 alnir í þingfararkaup, og verða það 38000 álnir. Verða þá afgangs kaupi nefndarmanna um 34000 alnir. Og fór þetta fé til sýslumanna, eins og áður var sagt.

Það skipulag, sem verið hafði á innheimtu og greiðslu nefndarmannakaupsins, breyttist með tilskipun um dómsmálasjóðinn 16. nóv. 1764. Sýslumenn skyldi nú að vísu innheimta skattinn sem áður, en þeir áttu að skila skatti, og þar á meðal þingfararkaupunum öllum, í hendur landfógeta á Alþingi árlega, og átti að stofna af þeim sjóð, er nefndur var „Justits-

1) Alþingisbækur I 351.
2) Sama rit II 49.

kasse". Þangað voru líka lagðir þeir 24 ríkisdalir og 24 sk. krónumyntar, sem 6 lögréttumönnum úr Gullbringusýslu voru greiddir áður. Úr sjóðnum átti svo að greiða dómsmálagjöld. Meðal þeirra var kaup nefndarmanna. Þeir 10 nefndarmenn (og síðar 5 og allra síðast 4) fengu nú kaup sitt greitt úr dómsmálasjóði á Alþingi árlega. Landfógeti geymdi sjóðinn og stóð reikningsskil á honum árlega til amtmanns. Landfógeti greiddi því lögréttumönnum á Alþingi árlega þóknun þeirra, sjá tilsk. 1764 1., 6. og 8. gr.

Sú ákvörðun var nú ennfremur gjörð, að nú skyldi lögréttumenn fá 24 skildinga krónumyntar fyrir hvern dag, sem þeir sitja í dómi á Alþingi, tilsk. 1764 6. gr. Um þessar mundir stóð þingið 2—3 vikur og var því sanngjarnara að miða kaupið í heild við dagafjöldann, sem þingið stóð yfir. 24 skildingar voru fjórði hluti ríkisdals kúrantmyntar. Þessir 24 skildingar kúrantmyntar jafngiltu á síðari hluta 18. aldar 21⅓ skildingi spesíumyntar. Einn ríkisdalur í spesíumynt var 96 skildingar þeirrar myntar, og verðgildi spesíudals var þannig, að 4 þurfti venjulega fyrir jarðarhundrað um þær mundir. Nú er jarðarhundrað eitt kýrverð (120 alnir) og ef kýrverðið er 300 kr. talið, þá er spesíudalur á síðasta hluta 18. aldar 75 kr. virði nú. Þá hefði dagkaup nefndarmanna eftir tilsk. 1764 verið jafnmikils virði og 16⅔ kr. í nútíma peningum. En vera má, að jarðarhundraðið eigi að reikna lægra. Og breytist þá reikningurinn að sama skapi. En eftirtektarvert er þó það, að 24 kúrantmyntar skildingarnir, sem lögréttumenn fengu í dagkaup á síðara hluta 18. aldar, eru ekki langt frá því að svara að kaupmagni til dagkaups Alþingismanna nú.

2. Eins og vikið er að, höfðu nefndarmenn nokkur fríðindi önnur en þingfararkaupið. Og verða þau nú talin.

a. Samkvæmt Jónsbók Þingfararbálki 2 var hver bóndi, sem átti til 10 hundraða eða meira, skyldur að fæða þá, er til þingreiðar eru skyldir, hálfu færri hjónum, bæði er þeir ríða til þings og af þingi. Sá, er hafði 4 menn að fæða, auk sín og konu sinnar, var þá skyldur að hýsa 2 lögréttumenn. Þetta var kvöð, sem ekkert átti að gjalda fyrir, enda var ekki siður í þá daga að gjalda sérstaklega næturgreiða á Íslandi. Hefur og þótt sæmd og sjálfsagt að hýsa góða gesti sem lögréttumenn. Og þeir báru fréttir af þingi, og slíkir menn þóttu aufúsugestir flestum mönnum. Þess er ekki getið, að búendur sé skyldir að

fæða lögréttumenn í 2 mál, eins og dæmt var um lögmenn um 1500, en sjálfsagt hefur verið ætlazt til þess. Og er þess eigi getið, að lögréttumönnum hafi verið synjað greiðskapar. 2 aura sekt varðaði, ef maður eður ekki þingmann lögum samkvæmt forfallalaust, réttarbót 2. júlí 1294 26. gr.

Skylda megandi bænda til að hýsa nefndarmenn í þingreið hefur haldizt meðan Alþingi stóð, því að hún var aldrei úr lögum tekin. En hún hefur litlu máli skift eftir 1764.

b. Eins og sagt var, fengu sýslumenn hálfan skattinn og áttu að gjalda nefndarmönnum kaup þeirra af honum. En auk þess hefur sú venja á komizt, að hver sýslumaður ætti að fæða nefndarmenn úr sinni sýslu meðan þing stóð. Þetta var staðfest með samþykkt á Alþingi 1501.[1]) Segir þar, að sýslumenn hafi þar fyrir hálfan skattinn (þ. e. 10 alnir eða þingfararkaupin) þann meira er en nefndarmennirnir taki í sitt nefndarkaup. Menn vita það, að í flestum árum hlaut svo mikill afgangur að verða af þingfararkaupunum, þegar nefndarkaupið var greitt, að vel mátti gera sýslumönnum að fæða nefndarmenn sína, 1682 er spurzt fyrir um það, hverju sýslumaður skuli bæta, ef hann vanrækir að láta nefndarmönnum sínum í té fæði um þingtímann. Svara lögmenn, að þeir skuli bæta hverjum nefndarmanni 5 alnum á dag.[2]) Er það auðsjáanlega miklu ríflegar ákveðið en nefndarmanna kaupið, sem nam, eins og fyrr segir, milli 3 og 4 alna á dag. En hvort sem fæðispeningar þessir voru of hátt settir eða ekki, þá þurftu sýslumenn ekki að sæta því verðlagi, því að þeir þurftu ekki annað en að fæða þá sjálfir. Með breytingunni, sem á varð fyrir tilsk. 16. nóv. 1764, hefur skylda sýslumanna til að fæða nefndarmenn úr sinni sýslu sjálfsagt fallið niður. Þegar sýslumenn hættu að fá þingfararkaupið, þá hefur varla verið til þess ætlazt, að þeir héldi nefndarmenn á sínum kosti á Alþingi. Og svo voru kjör nefndarmanna bætt að mun með tilsk. 1764, eins og fyrr segir, og nú var því eigi slík ástæða sem áður var til þess, að aðrir fæddi þá á þingi.

c. Það hefur snemma komizt í venju, að nefndarmenn væri undanþegnir skattgreiðslu. Fyrsta heimild fyrir því í lögum

1) Dipl. Isl. VII nr. 550.
2) Alþingisbókin 1682 nr. 49.

mun þó vera Piningsdómur frá 1490,[1]) þar sem nefndarmenn eru berlega dæmdir undanþegnir skattgreiðslu. Svo urðu þeir einnig undanþegnir greiðslu gjaftolla og konungstiunda. Tilsk. 16. nóv. 1764 6. gr. sýnir, að þeir voru undanþegnir skatti og gjaftolli, en hún takmarkar undanþáguna þannig, að þeir sé einungis lausir við greiðslu þessara gjalda það árið, sem þeir fari á þing, en ekki hitt og eigi heldur þá, er þeir sleppi starfanum. En þetta skattfrelsi átti ekki að standa lengi, því að Rentukammerbréf 7. nóv. 1767 og 17. des. 1768 segja, að krefja skuli þá um þessi gjöld öll frá upphafi ársins 1769. En lögréttumenn, ásamt öllum andlegum og veraldlegum embættismönnum, sem einnig átti að svifta skattfrelsinu, sýndu fram á, að þeir hefði verið skattfrjálsir alla tíð síðan konungsvald kom á landið og skírskotuðu meðal annars til Piningsdóms. Með því að embættismennirnir, þar á meðal lögréttumennirnir, höfðu lögtryggðan þenna rétt, þá er ljóst, að Rentukammeri var algerlega óheimilt að gera breytingu á honum mönnunum í óhag. Sérstaklega er þetta ljóst um lögréttumenn, sem voru berum orðum undanþegnir greiðslu skatts og gjaftolls með tilsk. um dómsmálasjóðinn, sem þá var svo að segja alveg nýútkomin og Rentukammer hefði átt að þekkja. En það virðist alls ekki hafa vitað, að lögréttumönnum var tilskilið þar með skattfrelsi og undanþága frá gjaftolli. Það stoðaði ekki, þótt embættismönnum væri sagt að greiða gjöld þessi. Þeir gerðu það ekki. Og þeir höfðu sitt mál fram, því að með kgsúrsk. 7. marz 1771 var hið fyrra skattfrelsi þeirra staðfest. Fyrirmæli tilsk. 16. nóv. 1764 um undanþágu lögréttumanna undan greiðslu skatts og gjaftolla stóð því óbreytt.

Ekkjur lögréttumanna vildu lögmenn og lögrétta einnig láta vera skattfrjálsar og biðja æðra yfirvald að láta svo vera 1654.[2]) En skattfrelsi þeirra virðist vera aftekið með öllu með tilsk. 16. nóv. 1754, því að lögréttumenn, sem lausn höfðu fengið, voru ekki skattfrjálsir að neinu leyti. Og þá var heimildarlaust að undanþiggja ekkjur þeirra.

d. Eftir Jónsbók áttu menn almennt bætur fyrir móðganir ýmis konar, og voru bætur þessar nefndur *réttur*, eins og í Grágás. En það var ekki ákveðið í Jónsbók, hversu hár réttur

1) Dipl. Isl. VI nr. 617. Sbr. nr. 634.
2) Alþingisbókin 1654 nr. 6.

skyldi vera, heldur áttu dómendur að ákveða það hverju sinni, venjulega með hliðsjón af mannvirðingu þess, sem misgjört var við. Svo líður þangað til á 16. öld, að ekki eru sett nánari fyrirmæli um bótahæðina, svo að kunnugt sé. En 1526, að því er ætla má, gerði Alþingi samþykkt um fullrétti manna,[1]) eins og á er vikið í kaflanum um lögmennina. Ef t. d. almennur maður var meiddur í orðum eða verkum, þá fékk hann eftir samþykktinni frá 1526 í fullrétt 2½ eða 3 merkur vaðmála. Þar til teljast einhleypir menn og bændur, sem ekki eru í skatti. En skattbændur áttu 4 marka fullrétti, svo og hreppstjórar og djáknar. En þá koma lögréttumenn og prestar þeim jafnir með 5 marka fullrétti. Ákvæði samþykktarinnar 1526 um fullrétti nefndarmanna var endurnýjað á Alþingi 1599.[2]) Og er fullrétti nefndarmanna samkvæmt því talið á Alþingi 1680 5 merkur.[3]) Ef manni var misgert, er hann var að gegna embætti sínu, eins og á Alþingi, þá tvöfaldaðist réttur hans samkvæmt samþykkt 1489[4]) og samþykktinni 1526.

e. Nefndarmenn voru að öðru leyti sömu lögum háðir sem alþýða manna. Mál á hendur þeim mátti t. d. höfða með sama hætti sem mál gegn mönnum almennt. En ef maður var nefndur í dóm á Alþingi, þá átti hann að sitja í honum, þar til dómsuppsögn væri lokið. Það var því dæmt á Alþingi 1504, að lögréttumaður, sem lögmaður hafði nefnt í dóm, þyrfti ekki að svara til stefnu, sem honum hafði verið stefnt þar á þingi, meðan hann væri bundinn í dómi, nema lögmaður leyfði honum að fara úr dóminum.[5]).

VI. *Skyldur nefndarmanna.* Starfanum fylgdu ýmsar skyldur, eins og að hefur verið vikið. Og voru þær þessar:

1. *Þingreiðarskylda.* Nefndarmenn allir áttu að sækja Alþingi eftir Járnsíðu og Jónsbók Þingfb. 2. Áttu þeir að vera komnir á Þingvöll kveldið fyrir Péturmessu og Páls, og eftir að þing átti að hefjast 8. eða 3. júlí, þá hafa þeir átt að vera komnir til þings að kveldi þess 2. eða 7. júlí. Samfara þessari skyldu var það, að nefndarmenn skyldi búa sig svo til ferðar, að þeir væri færir að þingmannadagleiðum. Voru þeir áminnt-

1) Dipl. Isl. IX nr. 301.
2) Alþingisbækur III 166.
3) Alþingisbókin 1680 nr. 6.
4) Dipl. Isl. VI nr. 590.
5) Dipl. Isl. VII nr. 651 og 652 (Torfi í Klofa stefnir Arnóri Finnssyni).

ir um þetta, þegar þeir voru nefndir til þingreiðar, eftir því sem í forsögnum fyrir nefndarkvaðning frá 16. öld segir.[1]) Í samþykkt einni, sem gerð mun hafa verið á Alþingi 1489[2]) er svo fyrir mælt, að nefndarmenn megi ríða til þings við 3. mann. Á þeim tímum hafa stórbændur að eins verið til þingfarar nefndir, en það fór af seinna, því að margir fátækir bændur voru í nefndarmannatölu á 17. og 18. öld. Og mun það hafa af lagzt, að þeir hefði meðreiðarmenn til þings. Eftir Jónsb. Þingfb. 2 skyldi nefndarmenn með lögmanni ríða, þeir sem samleið áttu við hann og voru þeir jafnvel áminntir um þetta í þinglausnarforsögnum lögmanna á 16. öld.[3]) En þetta ákvæði var varla tekið bókstaflega, enda eru þess allmörg dæmi, að nefndarmenn úr sömu héruðum sem lögmenn vantaði á þing, þó að lögmaður væri kominn. Hinsvegar hefur sjálfsagt mörgum þótt sæmd í því að vera í föruneyti lögmanns, sérstaklega á fyrri tímum, meðan lögmenn fóru um byggðir landsins til Alþingis með fjölmennu föruneyti. En á síðari öldum, að minnsta kosti á 18. öld, hafa lögmenn alls ekki heldur notað sér af gömlu heimildinni til að ríða við 10. manns til embættisferða sinna.

Eftir tilsk. 16. nóv. 1764 3. gr. áttu nefndarmenn, þeir er sýslumenn kvöddu til þingreiðar á manntalsþingi það ár, að vera komnir til lögþingisréttarins í þingbyrjun. Eftir þingsköpunum frá 1695 átti lögrétta að koma saman einni stundu eftir dagmál. Og svo var líka fyrsta þingdag. Eftir því var nóg, að nefndarmenn væri komnir á Þingvöll sama morgun sem þing hófst, þ. e. sama morgun sem lögþingisréttur var settur fyrsta skifti.

Það varðaði þó ekki refsingu eftir Járnsíðu eða Jónsbók, þótt nefndarmenn væri ekki komnir kveldið fyrir þingsetningardag. Fyrsta verkið, sem unnið var í lögréttu, virðist hafa verið eiðvinningar nýrra sýslumanna og nefndarmanna. Ef nefndarmenn voru ekki komnir áður en eiðvinningar þessar fóru fram („særi flutt“) þá varðaði það eftir Járnsíðu Þingb. 2 3 marka sekt (= 24 aurar vaðmála = 144 álnir vaðmála), en eftir Jónsbók Þingb. 2 var sektin ekki nema 12 aurar

1) Alþingisbækur I 215.
2) Dipl. Isl. VI nr. 590.
3) Alþingisbækur I 207.

(= 72 álnir vaðmála). Í Alþingissamþykktum frá 1578 og 1584,[1]) þar sem nefndarkaup Múlaþingsmanna var hækkað úr 16—18 aurum (= 96—108 álnir) í 180 álnir, var refsing á hendur þeim fyrir vanrækslu um þingsókn einnig hækkuð og varð nú 15 aurar í stað 12 aura. Ef nefndarmaður var ekki kominn í upphafi þings eftir tilsk. 16. nóv. 1764, þá varðaði það hann ríkisdal til dómsmálasjóðs; 3. gr. tilsk. 1764. Lögleg forföll voru auðvitað nægileg afbötun, Járns. og Jónsbók Þingb. 2, tilsk. 16. nóv. 1764 3. gr. Ef þau voru tilkomin fyrir þingreið, þá skyldi nefndarmaður láta sýslumann vita svo snemma, að unnt væri að nefna mann til þingreiðar í staðinn, Alþingissamþykkt 1574[2]) tilsk. 16. nóv. 1764 3. gr. Svo hefur það og verið áður, en það var ekki slík nauðsyn á því, að full væri tala nefndarmanna eftir lögbókunum sem það varð eftir tilsk. 16. nóv. 1764, því að nefndarmennirnir voru alls meira en tvisvar sinnum fleiri en þeir, sem setu áttu í lögréttu, og var því sízt hætta á því, að þingið mætti ekki löglega heyja, þó að nokkra nefndarmenn vantaði. En eftir að einir 10 skyldi þing sækja, en 8 sátu í lögréttu og því 2 að eins til vara, þá mátti helzt engan af þessum 10 nefndarmönnum vanta á þing. En ef sýslumaður fekk vitneskju um, að einhver nefndarmanna hefði helzt úr lestinni, þá hefur hann eflaust átt að nefna í staðinn, þegar er þess var kostur.

Forföll var fyrst og fremst *sjúkdómur,* er maður tók og hafði á þeim tíma, sem til þings skyldi fara, eða maður tafðist af þeirri sök á leiðinni. Svo og sjúkdómur á heimili manns.[3]) Þá voru *veður* auðvitað tálmi, sem nægilega afsakaði of seina þingkomu.[4]) Aðrar *skylduannir* í þarfir almennings gátu og verið lögmæt afsökun. Arnór Jónsson lögréttumaður úr Dalasýslu afbatar fjarvist sína t. d. 1737 með því, að sýslumaður hafi boðið honum annað verk að vinna.[5]) Einn afsakar sig með því, að honum hafi ekki verið boðið þingfararkaupið, og þykir það ekki næg afsökun. Sami segir,

1) Alþingisbækur I 351, II 49.
2) Alþingisbækur I 237—238.
3) Sbr. Alþingisbók 1637 nr. 46, 1678 upph.
4) Sveinn lögmaður Sölvason og 3 lögréttumenn að norðan komu t. d. 4 dögum of seint 1759, en segja það verið hafa „sökum óveðra“ (Alþingisbókin 1759 nr. 9).
5) Alþingisbókin 1737 nr. 2. Sbr. og Alþb. 1678 upph.

að skip hafi ekki komið 12 ár á verzlunarstaðinn, sem hann átti að sækja til, og hafi hann því ekki haft hestajárn til þingreiðar.[1]) En ekki vilja lögmenn eða lögrétta meta þetta lögmæt forföll. Einn afsakar sig með því, að hann hafi ekki fengið eftirrit af kvaðningunni, en þá kemur það fram, að hann hafði tekið við þingfararkaupinu hjá sýslumanni, og með því sýnt, að hann vissi um kvaðningu sína til nefndarmanns.[2]) Þau forföll, sem almennust eru og mest ber því á, eru *harðindi* og *illæri, eldgos* og *stórsóttir*. Það fara ekki sögur af þingsókn fyrri en á 17. öld, en það má nærri geta, hvernig hún muni hafa verið t. d. árin, sem svarti dauði geysaði yfir landið, svo að nefnt sé dæmi. Árin 1600—1605 voru mjög ill, enda segir t. d. Björn á Skarðsá, að árið 1602 hafi engir lögréttumenn komið til Alþingis úr Norðlendingafjórðungi vegna harðinda og forfalla. Forföllin hafa líklega mest legið í horfelli hrossa eða þá, að hestar hafa ekki verið ferðafærir, þó að þeir hafi skrimt af veturinn og vorið. Og svo hefur eymdin og deyfðin í hugum manna vegna harðærisins lamað allan kjark og framkvæmdir. Er oft kvartað um forföll vegna harðæra, t. d. 1633. Þá er sagt, að lögréttumenn úr Þingeyjarþingi sé ókomnir „vegna harðs árs". 1637[3]) er birt vottorð um forföll Einars Magnússonar nefndarmanns í Múlaþingi, er eigi hafði sótt þing 4 ár. Hann er sagður þjást af fótarmeini og sé kona hans sjúk, og „í þriðja máta það *almennilega og þunga hörkulag*, sem á þessari Múlasýslu hefur legið um nokkur samfleytt ár, *svo hestar færir til þingreiðar hafa eigi fengizt fyrir fullan betaling*, því snjó og ísalög hefur ei aftekið fyrri en í níundu viku sumars .... Í fjórða máta sá ótti, sem almúgafólk hefur við sjósíðuna árlega *af þeim vondu ránsmönnum*, sem sagt er, að hingað til landsins vilji koma og kristið fólk hertaka, myrða og drepa og þess blóði úthella ....". Er vitnisburður þessi undirritaður af sóknarpresti og 6 mönnum öðrum og virðist vera góð lýsing á ástandinu. 1678 er harðæri á Vestfjörðum, og segir þá, að sumir lögréttumenn hafi ekki sótt þing þess vegna. 1784 var hið mesta illæri, en þess gætti ekki um lögréttumenn af því að þeir voru þá allir úr nærsýslunum, en um þingsókn annara

1) Alþingisbókin 1714 nr. 26.
2) Alþingisbókin 1709 nr. 12.
3) Alþingisbókin 1637 nr. 46.

skifti það mjög máli. Þegar harðindi eða stórsóttir geysuðu um byggðir, þá má nærri geta, að lögmenn og lögréttumenn muni ekki hafa tekið hart á þeim nefndarmönnum, sem ekki sóttu þing, nema sannað væri, að þeir hefði mátt koma, ef þeir hefði viljað. 1707 gekk stóra-bóla. En fyrir þing hefur hún líklega ekki breiðzt út nema um Suðurland, enda sér ekki svo mjög á, að hún hafi spillt þingsókn lögréttumanna. En hún er sögð hafa breiðzt út um land allt með þingmönnum það ár.

Sá, sem annað hvort kom alls ekki eða kom of seint, en vændist forföllum, átti auðvitað að sanna þau. Lögmaður og lögréttumenn áttu að meta nauðsynjar, Járnsíða og Jónsbók Þingfararb. 2. Eftir að ákvæði Norsku laga um meðferð dómsmála voru á komin hér á landi, hafa lögmenn einir metið forföll nefndarmanna, þegar dómur um það var felldur á Alþingi. Þeir, sem ekki sóttu þing vegna forfalla og ætluðust til, að þau yrði tekin til greina, munu oft hafa látið sýslumann sinn vita um þau, eins og vera átti, og látið sannanir fylgja. Og svo hefur sýslumanni verið skylt að láta það mál koma fyrir lögmann og lögréttumenn á Alþingi. Svo að segja á hverju þingi eftir að Alþingisbækur fara að hafa greinileg og tæmandi lögréttumannatöl, þar sem getið er bæði kominna og ókominna, er sagt, að ýmsir hinna ókomnu hafi forföll. Og er þá auðséð, að skýrsla sýslumanns eða nefndarmanns sjálfs, er hann kann að hafa sent lögmanni, er tekin gild án sérstakrar rannsóknar.[1]) Enda hefur stundum fylgt vitnisburður kunnugra manna um það, hvernig ástatt var,[2]) eða sýslumanni eða öðrum lögréttumönnum hafa verið forföll kunn, og þeim trúað til að segja satt frá. En oft var það, að engar afbatanir komu, eða þá að þær, sem fyrir lágu, þóttu ekki nægilega glöggvar, svo að unnt væri að úrskurða málið. Á fyrra hluta 17. aldar, þegar vanræksla nefndarmanna um þingsókn var tekin að aukast mjög, virðist vera farið að ganga ríkara eftir því, að menn sanni forföll sín en áður hafði verið. Var nú sýslumönnum boðið að rannsaka forföll þeirra í héraði, sem eigi höfðu sótt þing, sekta þá, ef þeir reyndust sekir og færa sektirnar til Alþingis.[3]) En á fyrstu árum 18 aldar er sá hátt-

1) T. d. Alþingisb. 1662 nr. 24, 1694 nr. 40 og 50.
2) T. d. Alþingisbók 1637 nr. 46.
3) Alþingisbók 1637 nr. 33, 1668 nr. 1 og 1678 nr. 1.

ur upp tekinn, að nefndarmönnum, sem ekki komu til Alþingis og ekki sönnuðu forföll, var úrskurðað skylt að sækja þing næsta ár og gera grein fyrir forföllum sínum. Var þá lagt fyrir sýslumann að láta birta nefndarmanni úrskurðinn og varðaði honum þá ennfremur 4 marka dómrofssekt, ef hann kom nú ekki til þings næsta ár, ef honum var birtur úrskurður og hann hafði ekki forföll. 1708 eru nafngreindir lögréttumenn t. d. skyldaðir til að sækja þing næsta ár að viðlögðum sektum og koma fyrir lögmenn og lögréttu til þess að færa fram afbatanir sínar.[1]) Árið eftir komu svo sumir þessara manna og var rætt um forföll þeirra, og voru sumir taldir hafa haft lögleg forföll, en fyrir einn þeirra var greiddur ríkisdalur til lögréttuhússins fyrir vanrækslu hans.[2]) Var hann víst talinn hafa nokkrar afbatanir, en þó eigi fullar, og slapp því með þetta gjald. Sami er 1710 dæmdur í 4 marka sekt fyrir dómrof, því að honum hafði verið úrskurðað árið áður að koma, en kom nú ekki og engar upplýsingar um forföll.[3])

Þegar litið er á það, að kaup lögréttumanna var miklu minna en svo, að þeir gæti orðið skaðlausir af þingförinni, að þeir voru bændur, sem flestir hafa þurft að vinna hvers konar vinnu sem var á búi sínu, að þingförin var um mesta bjargræðistíma ársins og loks að meira en helmingur nefndarmanna hafði í rauninni ekkert að gera á Alþingi, þá sætir það engri furðu, þó að oft skyrti nokkuð á þingsókn þeirra. En gallinn var sá, að til þess var ætlazt, að þeir sækti allir þing, jafnt þeir, sem þörf var á í lögréttu, og hinir, sem afgangs urðu, í stað þess að nefna ákveðna menn, svo sem 40—50, til þingreiðar hvert ár, og lofa hinum að sitja heima.

Gögn brestur alveg um það, hvernig nefndarmenn hafi rækt þingfararskyldu sína fyrr en fram á 17. öld er komið. Það er ekki fyrr en eftir 1630, að farið er að telja þá með nafni, sem komu til þings, og hina, sem ekki komu. Það ber aðeins við, að þingsóknar fyrir þann tíma sé getið í annálum, eins og 1602, þegar engir komu til þings nefndarmenn úr Norðlendingafjórðungi. En sjálfsagt hefur þingsókn oftar verið bágborin. Eftir 1630 er oft kvartað um, að margir nefndarmenn

1) Alþingisbókin 1708 nr. 11. Sbr. Alþb. 1709 nr. 12 og 13 og 1711 nr. 2.
2) Alþingisbókin 1709 nr. 6.
3) Alþingisbókin 1710 nr. 8.

sitji heima og oft svo margir, að þing verði ekki löglega háð á réttum tíma. 1637[1]) gengst Jens Söfrinsson, umboðsmaður höfuðsmanns, í það, að nefndarmönnum sé ekki látin haldast uppi óátalin og órefst vanræksla um þingsókn. Og hefur þá sjálfsagt undanfarið kveðið talsvert að vanrækslu nefndarmanna í þessu efni. 1636 komu t. d. engir úr Múlaþingi, helmingur úr Skaftafellsþingi, aðeins einn maður úr Þorskafjarðarþingi (Vestfjörðum), einn úr Eyjafirði og enginn úr Þingeyjarþingi. 1637 er þingsókn heldur skárri að því er virðist, en þá hefur ekki þótt mega svo búið standa, eins og áður er sagt. 1650 er enn ámálguð refsing á þá, er eigi sækja þing forfallalaust, og er það vottur þess, að ekki hafi menn vel þótt sækja þingið. 1671 býður fógeti lögmönnum og sýslumönnum að ganga eftir sektum hjá lögréttumönnum, sem komi ekki til þings og sanni ekki forföll sín.[2]) 1678 er það berum orðum sagt, að svo illa hafi nefndarmenn sótt þingið að norðan og vestan, að lögréttumenn úr Suður- og Austurlögdæminu hafi verið látnir í lögréttuna norðan og vestan. Þá komu, að því er virðist, aðeins 3 nefndarmenn til þings úr Norðlendingafjórðungi, áður særi voru flutt, og 9 komu alls úr Norðan- og Vestanlögdæminu, svo að lána varð nefndarmenn úr hinu lögdæminu til þess að lögrétta yrði löglega skipuð.[3]) En annars er oft aðeins sagt, hverir nefndir hafi verið það eða hitt árið í lögréttu, t. d. 1677, en ekkert sagt, hversu marga eða hverja vanti. 1682 er enn gerður reki að því að klekkja á lögréttumönnum, er vanræki þingsókn,[4]) og er það glöggur vottur þess, að ástandið hafi ekki batnað. 1685 kveður við sama tón.[5]) Eftir 1700 virðist þingsókn nefndarmanna þó verða enn lakari en áður hafði verið. Á hverju ári frá því 1707 til 1711 er stöðugt kvartað undan því, hversu þeir vanræki þingsókn. Einn nefndarmaður úr Húnavatnsþingi hafði t. d. verið nefndur árið 1706 og hafði á hverju ári frá 1707 verið skyldaður til að koma til þings til að vinna eið sinn, en eigi er hann enn kominn til þess 1711 og þá er hann enn úrskurðaður skyldur að koma

1) Alþingisbókin 1637 nr. 33.
2) Alþingisbókin 1671 nr. 38.
3) Alþingisbókin 1678 nr. 1.
4) Alþingisbókin 1682 nr. 50.
5) Alþingisbókin 1685 nr. 46.

1712.[1]) Og heldur þessum leik enn áfram árin 1713 og 1714, er honum er enn boðið að koma til þings 1715.[2]) Það má nærri geta, að nefndarmönnum hafi ekki orðið ljúfari þingsóknin eftir að málameðferð N. L. fór að tíðkast og þeir voru nálega eingöngu hafðir til þingvættis. 1720 virðast t. d. 18 komnir úr Suður- og Austurlögdæmi, en 13 úr hinu í þingbyrjun, 1721 13 að sunnan og austan og einir 6 að norðan og vestan. 1723 var ástandið mjög báglegt. Lögréttumenn vantaði í fyrstu til þess að þing mætti löglega heyja og Alþingisritari ekki kominn. 1725 gengur þó allt þolanlega. 1730 kvartar Benedikt lögmaður Þorsteinsson um, að nefndarmenn sæki illa þingið. Segir hann, að nú komi þeir úr nærsýslunum ekki, en fremur þeir úr fjarlægari sýslum. Nú tekur hann sem fyrr segir það skynsamlega ráð, að ákveða, hversu margir skuli koma úr hverju þingi í Norður- og Vesturlögdæmi næsta ár og gefi sýslumennirnir þeim, sem fara eiga, það til vitundar. Skyldi nú 10 alls koma úr lögdæmi hans, sem fyrr segir.[3]) En ekki komu nema 6 af þessum 10 lögréttumönnum 1731, svo að Benedikt lögmaður varð að fá að láni 2 nefndarmenn til lögréttusetu hjá lögmanninum í Suður- og Austurlögdæmi. Það er sjaldan, að nógu margir komi að norðan og vestan til þess að lögrétta verði þaðan fullskipuð. 1734 koma t. d. aðeins tveir, áður særi voru flutt og því býður lögmaður sýslumönnum enn að krefja um þingvíti lögréttumenn, þá sem vanræktu þingsókn.[4]) 1735 koma þó nógu margir, en 1736 vantar 3 að norðan og vestan til þess að talan verði þaðan full, og er enn boðið að krefja þá um þingvíti að lögum. 1737 var ekkert hægt að gera fyrsta þingdaginn. Annan daginn voru þá aðeins komnir 10 lögréttumenn, og síðar komu nokkrir fleiri.[5]) 1740 getur lögréttan að norðan og vestan eigi nokkuð starfað fyrr en 13. júlí og þá 7 lögréttumenn komnir, svo að Skúli Magnússon, sem þá var sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, léði fylgdarmann sinn, svo að talan yrði full.[6]) 1746 eru aðeins 3 lögréttumenn úr

---

1) Alþingisbókin 1711 nr. 25.
2) Alþingisbókin 1714 nr. 26, sbr. sama rit 1711 nr. 2.
3) Alþingisbókin 1730 viðbætir 2.
4) Alþingisbókin 1734 nr. 1.
5) Alþingisbókin 1737 nr. 5.
6) Alþingisbókin 1740 nr. 8.

Norður- og Vesturlögdæmi komnir 9. júlí,[1]) og 5 úr hinu, og varð ekkert gert þann daginn, enda engir málsaðiljar komnir. Lætur nú Sveinn lögmaður Sölvason fylgja þessa árs Alþingisbók áskorun til sýslumanna um að innheimta nú röggsamlega þingvíti hjá lögréttumönnum þeim, sem vanrækt hafi þingsókn þetta ár, og hafi enginn komið úr Snæfellsnesssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu eða Ísafjarðar.[2]) 1759 eru að eins komnir 5 úr Suður- og Austurlögdæmi og 1 úr hinu, og „þar sem réttinum hér við orsakast því líkt ólíðandi uppihald", lýsti lögmaður þingvítum á hendur þeim lögréttumönnum, sem þingsókn höfðu vanrækt og lýsir því ennfremur, að lögréttumenn, sem of seint komi forfallalausir, megi verða við því búnir, að greiða þingvíti þegar áður en þeir gangi í lögréttu. Síðar komu nokkrir fleiri og höfðu tafizt vegna óveðra, að því er Sveinn lögmaður Sölvason sagði. 9. júlí kom svo lögréttumaður úr Þórsnesþingi og undirgekkst „uden videre Proces", eins og í Alþingisbókinni segir, að greiða þingvíti[3]). 1760 komu svo nógu margir. Eftir að breytt var til með tilsk. 16. nóv. 1764 og nefndarmenn skyldi 10 sækja þing og einungis úr Árnessýslu, Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, varð þingsókn lögréttumanna í lagi. Var nú að minnsta kosti mjög sjaldgæft, að lögréttumenn sækti ekki þingið á réttum tíma. Nefndarmannfækkunin og kvaðning þeirra úr næstu sýslunum þremur var mjög skynsamleg eftir því, sem á stóð. Það var alveg þarflaust að kveðja svo marga til lögréttu-þingvættis og alstaðar af landinu. Hinum, sem nú voru kvaddir, var það ekki jafnbagalegt. Ferðin fram og aftur tók þá stuttan tíma og þeir fengu bæði hana og þingvist sína skár greidda en áður hafði verið.

2. *Eiður.* Eftir Járnsíðu og Jónsbók Þingfb. 3 áttu allir þeir nefndarmenn, sem í lögréttu voru kvaddir, að vinna eið áður en þeir gengu í lögréttu.[4]) Það varð venja, að hver nýnefndur lögréttumaður skyldi vinna sinn eið á næsta Alþingi eftir nefninguna, hvort sem hann var þá nefndur innan vébanda eða ekki. Og var nefndarmönnum einatt úrskurðað að koma á þing næsta ár til að vinna lögréttumannseið sinn.

1) Alþingisbókin 1746 nr. 2.
2) Alþingisbókin 1746 viðbætir.
3) Alþingisbókin 1759 nr. 1, 9 og 11.
4) Sbr. Alþingisbækur I 205.

Það var kallað „að flytja særi", er lögréttumenn og aðrir unnu embættiseið sinn á þingi, Járns. og Jónsbók Þingfb. 2. Hvor lögmaður tók eið af lögréttumönnum úr sinu umdæmi. Eiðstafurinn var svohljóðandi, að aðili skýtur því til guðs, „at svá skal hann til allra manna mála leggja sem hann veit sannast fyrir guði og eftir sinni samvizku svo með sökuðum sem með sifjuðum" og að svo skyldi hann jafnan gera, er hann væri í lögréttu nefndur.[1]) En engi þurfti að vinna þenna eið oftar en einu sinni, þó að hann yrði oftar nefndur innan vébanda. Eiðar þessir voru unnir áður en þingstörf hófust. Er þess venjulega getið í Alþingisbókum, ef maður er nýnefndur og því er jafnframt bætt við, að hann hafi svarið sinn eið. Eið unnu lögréttumenn jafnan, einnig eftir að dómsmálameðferð N. L. komst á.

Lögbækurnar gera ekki ráð fyrir því, að lögréttumaður vilji ekki vinna eið sinn, og því er engin sérstök refsing við því skyldubroti lögð. En svo er að sjá sem einhvern tíma hafi það viðborið, því að 1541 segir, að það hafi verið dæmt af allri lögréttu, að sá nefndarmaður, sem eigi vilji vinna sinn nefndarmannseið eftir lögum, sé sekur 4 mörkum við konung, gjaldi aftur nefndarkaup, ef hann hefur þá við því tekið og sé úr nefnd. Samþykkt þessi var endurnýjuð 1591.[2])

3. Þá var nefndarmanni skylt að taka sæti í lögréttu, ef lögmaður kvaddi hann til þess. Hver sá, sem nefndur var í lögréttu, var skyldur til að gegna þeim starfa allt þingið út og hvenær sem lögmaður boðaði til fundar, og sitja þar svo lengi sem hann vill þing (þ. e. þingfund) hafa, nema ganga þyrfti út nauðsynja sinna. Sá, sem ekki kom til lögréttu, þegar lögmaður boðaði fund, skyldi sekur hálfri mörk (= 24 álnum vaðmála), og átti það líka við lögréttumenn. En sá lögréttumaður, sem út úr lögréttu fór nauðsynjalaust og án leyfis lögmanns, skyldi sekur 2 aurum (= 12 álnum vaðmála), Jónsb. Þingfb. 3. Þeir nefndarmenn, sem í lögréttu voru nefndir, voru ennfremur skyldir til, meðan dómsmál fóru eftir Jónsbókarlögum, að taka sæti í hverjum þeim dómi á Alþingi, sem lögmaður átti að nefna menn í og vildi nefna þá í. Þetta felst í eiðstaf lögréttumanna, sem áður var nefndur.

1) Eiðstafurinn er líka í Alþingisb. I 10—11 og 214.
2) Dipl. Isl. X nr. 34, Alþingisbækur II 206.

og hefur ævinlega verið talið vafalaust, enda var lögð refsing við í réttarbót 2. júlí 1294 29. gr., ef maður sagði sig forfallalaust úr sýslumannsdómi og í Lönguréttarbót 26. nóv. 1450 21. gr., ef menn gegna eigi dómnefnu lögmanns. Kemur skyldan og fram í því, að lögmanni var talið heimilt að banna lögréttumanni að segja sig úr dómi, nema hann væri forfallaður. Í Alþingisdómi einum frá 1504 segir, að lögmaður hafi lagt blátt bann við því, að lögréttumaður, sem átti máli að svara, er honum hafði verið stefnt til meðan þingið stóð, gangi úr dómi, sem hann var nefndur í, og þess vegna var málsókn á hendur honum ekki leyfð, en sá talinn hafa gert „fulla þingsafglöpun", er mál hafði höfðað. Og þar segir, að hver, sem segi sig úr dómi forfallalaust, löglega tilnefndur, sé sekur hálfri mörk, enda ábyrgi lögmaður lögréttumanni „bæði fyrir guði og mönnum, hver tálman á yrði, að þeir dandimenn fengi ekki sinn rétt, sem þangað höfðu stefnt sínum málum, ef hann felldi þá skyldu niður, sem hann var undir bundinn með lögum, að ganga þar alla þá dóma, sem hann væri af lögmanni til nefndur eftir lögum".[1]) Það var mjög þýðingarmikið, að skylda hvers lögréttumanns til að láta nefnast í dóm og sitja í dómi, væri alveg efalaus, því að á fyrri öldum, meðan ofríki og jafnvel mannvíg voru talsvert tíð, gat annars vel svo farið, að fáir vildi ganga dóm um mál ofríkis og vígamanna sakir ótta við þá á eftir. Og á galdramálaöldinni má nærri geta, að ýmsir dómsmenn hafi verið hræddir við gjörninga af hálfu þeirra manna, sem þeir voru að dæma, og er eigi ólíklegt, að margur muni hafa talið áhættuminna fyrir sig að dæma galdramenn til dauða og fá dóm sinn þegar framkvæmdan en að láta sökunaut lifa og eiga svo ef til vill von á hefndum af honum.

Auk dómsetu í lögréttu voru lögréttumenn stundum nefndir í yfirréttinn. Sjá nánar § 37. Svo voru þeir stundum skipaðir til að fara með mál á Alþingi til sóknar eða varnar, bæði refsimál og önnur, þar sem aðili þótti ófær til að gera það sjálfur.[2])

4. Það orkar ekki tvímælis, að þeir, sem lögmaður nefndi til lögréttusetu, voru skyldir til þess að vera á þingstaðnum

1) Dipl. Ísl. VII nr. 651 og 652 (Arnór Finnsson og Torfi í Klofa).
2) T. d. Alþingisbókin 1793 nr. 12.

frá upphafi þings til þinglausna. Við þá eiga orð Jónsbókar Þingfb. 3 og áminningar til lögréttumanna um að sitja þingið til enda í þingsetningarræðum lögmanna.[1]) Aftur á móti kynni að leika vafi á því, hvort nefndarmenn, sem til þings komu, en ekki voru nefndir þar til setu í lögréttu, hafi ekki mátt fara af þingi jafnskjótt sem ráðið var, að þeir skyldi ekki sitja í lögréttu. Ef ekki hefði verið ætlazt til þess, að þeir sæti þingið út, þá hefði verið algerlega óþarft að skylda þá alla til þingreiðar. Þá hefði verið sjálfsagt, að láta þá sækja þing annaðhvert ár til skiftis, eins og ákveðið var í tilsk. 16. nóv. 1764. Það er ekki sagt berlega í lögbókunum, hvort *allir* nefndarmenn skuli sitja þingið til þingloka, en eflaust hefur verið til þess ætlazt. Og í heimildum um það, sem fram fór á Alþingi, einkum um samþykktir almenns efnis, er iðulega svo frá skýrt, að þetta eða hitt hafi verið samþykkt af lögréttumönnum bæði innan og utan vébanda. Og er það ljós vottur þess, að nefndarmenn hafi setið þingið áfram, þótt þeir hafi ekki verið kvaddir til lögréttusetu. Ef þeim hefði almennt verið leyft að fara, þá hefði þó þurft að halda einhverjum eftir til vara, ef autt hefði orðið sæti einhvers þeirra, sem kvaddir voru til lögréttusetu. En engin regla var um þetta, og aldrei verður vart við það, að einhverjum sé veitt fararleyfi, en öðrum sé haldið eftir. Í þingsetningarræðum lögmanna, sem til eru frá 16. öld.[2]) segir svo, að menn skuli sitja á þinginu með friði og spekt „og fari enginn burt fyrr en þingið er upp sagt". Virðist þetta líka taka til nefndarmanna utan lögréttu, því að rétt áður hefur það verið brýnt fyrir þeim, sem í lögréttu eru nefndir, að þeir skuli þar sitja, nema nauðsynjar banni. Ennfremur bendir bann lögbókarinnar, Jónsbók Þingfb. 3, sbr. Járnsíðu Þingfb. 3, og þingsetningarforsagnanna við því, að nefndarmenn, sem eigi eru nefndir í lögréttu, setjist þar leyfislaust, til þess, að gert sé ráð fyrir þingvist þeirra eftir að nefnt hefur verið í lögréttu. Þingvist allra lögréttumanna gerði þingið líka hátíðlegra en það hefði verið, ef þeir einir hefði setið þar, sem höfðu algerlega ákveðnum störfum að gegna.

---

1) Alþingisbækur I 5, 204.
2) Alþingisbækur I 5, 204.

Það hefur þó stundum gengið erfiðlega að halda nefndarmönnum kyrrum á þingi til þinglausna, bæði þeim, sem eigi voru til lögréttu nefndir, og jafnvel hinum, sem þar áttu að sitja. Á fyrra hluta 17. aldar voru lögréttumenn jafnvel stundum svo heimfúsir, að þeir fengu þingi slitið áður en öllum þeim málum var lokið, sem dæma átti og unnt var að ráða til lykta, og var þeim þá stundum vísað til fjórðungsþings. Á 18. öld ber það stundum við, að amtmaður og lögmenn verða að áminna lögréttumenn um að sitja þingið til enda. 1719 14. júlí, eftir 5 daga þinghald, lætur Fuhrmann amtmaður t. d. birta í lögréttu áminningu til lögréttumanna, „sem hingað eru komnir réttinum að þéna", að þeir „skuli ei fyrri af þinginu burt fara en sérhver þeirra hafi lokið því verki, er þeir eru hér skyldugir að gjöra". Og lögmenn áminna svo „alla lögréttumenn sig hér eftir að halda". Þessi áminning hefur auðvitað ekki verið tilefnislaus. Hefur auðsýnilega verið kominn heimfararhugur í lögréttumenn og þeir annaðhvort verið farnir einhverir eða sýnt á sér fararsnið. En áminningar þessar hafa ekki hrifið meira en svo, því að 22. júlí er enn birt strengilegt bann amtmanns við því, að nokkur „lögréttumanna skyldi dirfast héðan af þinginu burt að fara fyrr en lögþinginu upp sagt væri, svo framt hann ei neyðast þyrfti svoddan réttarins forsómun tilbærilega að straffa".[1]) 1728 endurtekur þetta sig, því að þá er enn birt áminning Benedikts lögmanns Þorsteinssonar, þar sem „hann alvarlega vildi befala og tilhalda öllum þeim lögréttumönnum, sem nú eru hér til staðar á lögþinginu, að þeir skuli blífa hér svo lengi sem þetta landsþing haldið er", og staðfestir amtmaður þessa áminningu.[2]) En komið er þá að þinglokum, og eigi annað sjáanlega gert en að birta skjöl í lögréttu. Þar á móti voru árið 1740 norðan og vestan lögréttumenn farnir af þingi, áður en öllum málum úr því lögdæmi var lokið. Kyrrsetur amtmaður þá 25. júlí þá 4 lögréttumenn að norðan og vestan, sem ófarnir voru, og aðra 4 sunnan og austan til að sitja í lögréttu meðan ódæmd mál væri þar tekin til meðferðar.[3]) En dráttur á málameðferð á

1) Alþingisbókin 1719 nr. 6 og 27.
2) Alþingisbókin 1728 nr. 25.
3) Alþingisbókin 1740 nr. 32 sbr. 33.

þessu þingi stafaði víst eitthvað af lasleika lögmannsins í Norður- og Vesturlögdæminu.

Eftir að ákveðið var með lögum, hversu margir nefndarmanna koma ætti til Alþingis, þá var auðvitað tilætlunin, að þeir, sem til þingsins áttu að sækja, sæti það líka til loka, enda er ekki sýnilegt, að brestur hafi verið á því eftir 1765.

## 27. gr.

## Alþingisskrifari.

I. Í lögbókunum segir, eins og áður er að vikið, ekkert um bækur eða skráningu þess, sem á Alþingi gerðist. Það hefur þó snemma tíðkast að skrásetja *dóma*, sem þar voru upp kveðnir, og aðrar þýðingarmiklar ákvarðanir, þó að lögmönnum bæri ekki skylda til þess. Veraldarmenn hafa sjálfsagt fæstir verið skrifandi á miðöldum hér á landi, nema helzt auðugra manna synir, sem komið var til læringar til klerka eða klaustramanna. Snemma mun það hafa tíðkazt, að lögmenn hafi haldið einkaritara, er skráðu það og veittu eftirrit af því helzta, sem fram fór á Alþingi, en eigi þekkjast nú neinar Alþingis*bækur* eldri en frá síðara hluta 16. aldar, en líklegt er þó, að lögmenn hafi einnig fyrir þann tíma haldið skrár yfir mál þau, sem á þing komu í þeirra tíð hvers eins og dómar hafa verið skráðir sérstakir. En það, er hver lögmaður hefur látið skrásetja, var einkaeign hans og gekk því eigi til eftirmanna hans, eins og embættisbækur og embættisskjöl gera nú á dögum. Komust gögn þessi því öll á tæting og tilviljun hvað geymzt hefur og hvað glataðist. Það var vitanlega óheppilegt, að hvergi væri að því vísu að ganga, er á Alþingi gerðist. Úr þessum annmörkum varð varla bætt með öðru móti en því, að skylda einhvern til að halda *embættisbók* yfir Alþingis dóma og annað markvert, sem á þingi gerðist. Hugsandi var, að þessa skyldu hefði mátt leggja á lögmenn, en til þess hafa þeir að vonum ekki verið fúsir. nema launauki fylgdi. Því er það, að á Alþingi 1592 var það gert að einu atriði í bænarskrá þeirri, sem þá var samin til konungsvaldsins, og Jón lögmaður Jónsson var síðan sendur með til Danmerkur, að umboðsmaður konungs skyldi „tilskikka þeim (þ. e. Íslendingum) einn svarinn lögþingisskrifara, sem sé

við á hverju lögþingi og gefi uppskrifaða alla þá dóma og greinir, sem þar til falla, eftir því sem ber, og sjá til að honum af landsins innbyggjurum fyrir þetta hans ómak mætti veitast tilbærilegt kaup og uppheldi".[1]) Konungsvaldið felst á þessa beiðni, og með kgsbr. 9. maí 1593[2]) var lagt fyrir höfuðsmann að skipa „landsþingisskrifara", sem fæddur sé á landinu, geti sótt þingið og láti mönnum í té eftirrit af dómum og gjörningum þingsins. Árið eftir, 1593, minnir höfuðsmaður á það á Alþingi, „að Íslands innbyggjarar" skuli velja sér Alþingisskrifara.[3]) og var þá kjörinn Guðmundur Þórðarson, lögmanns. En staðan varð ekki föst að því sinni. Er sagt, að menn hafi skoðað Alþingisskrifarann einungis aðstoðarmann lögmanna, og Guðmund einkum aðstoðarmann föður síns, og vildu ekki gjalda honum laun. Lagðist embætttið alveg niður.[4]) Segir Björn á Skarðsá, að lögmenn hafi fengið sér sjálfir skrifara, „sem hvor þeirra skrifaði, annar innan lögréttu, en annar, þá dómar voru útnefndir, og svo hvor sem liðugri var. Báru síðan þingbækur beggja saman, svo báðar héldu eitt. Höfðu báðir þar til valinkunna menn".[5]) En engin embættisskylda hvíldi enn á lögmönnum til að skrásetja þingtíðindi. Skráningin var einungis þeim til hægðarauka og bækurnar þeirra eign. Fer þessu fram til 1631. Þá loks er Alþingisskrifaraembættið aftur vakið upp. Er þá lesið upp í öðru sinni á Alþingi konungsbréfið 9. maí 1593, og var nú kjörinn Alþingisskrifari í annað sinn, Páll Gíslason, lögmanns Þórðarsonar,[6]) og hélzt síðan Alþingisskrifaraembættið óslitið til þess er þingið var lagt niður.[7])

Um skipun Alþingisskrifara virðist hafa farið í öndverðu með svipuðum hætti sem um lögmannskjör. Lögmenn og lögrétta kjöru ritara, en höfuðsmaður eða umboðsmaður hans gáfu svo út veitingarbréf handa honum, sbr. t. d. skipunarbréf Sigurðar Björnssonar 21. marz 1670.[8]) En um leið og lög-

1) Alþingisbækur II 358.
2) Sama rit II 345—346.
3) Alþingisbækur Íslands II 371.
4) Safn II 128.
5) Alþingisbækur II 347, sbr. V 204.
6) Alþingisbækur V 212.
7) Í formála I bindis Alþingisbóka Íslands er Alþingiskrifaratal eftir dr. Jón þjóðskjalvörð Þorkelsson.
8) Alþingisbókin 1670 nr. 2.

mannskjörið var tekið af lögréttu, hættir hún líka að kjósa Alþingissritara. 1696 er maður af dönsku bergi brotinn, Sören Matthíasson, skipaður Alþingisritari af konungi, án atbeina lögmanna eða lögréttu. Var sá maður þingritari 1696—1699. Lét hann í þingbyrjun 1700 embættið af hendi við Sigurð Sigurðsson Björnssonar lögmanns með samþykki amtmanns, og sór Sigurður þegar skrifaraeið sinn.[1])

Í forföllum Alþingisritara setti höfuðsmaður, eða umboðsmaður hans, og síðar amtmaður, mann til að gegna starfanum.[2]) Ef ritari var ekki kominn til Alþingis í þingbyrjun, þá eru líka dæmi til þess, að lögmaður útvegaði ritara að því sinni. T d. fær Páll lögmaður Vídalín Pál Hákonarson til að gegna ritarastörfum 1718, enda var amtmaður eða fulltrúi hans ekki heldur kominn.[3])

Alþingisritarar munu víst snemma hafa haft sér aðstoðarmenn. Virðist það fyrst hafa verið eftir einkasamningi milli ritara og aðstoðarmannsins. 1669 biður Páll Gíslason Alþingisritari t. d. Sigurð Björnsson, síðar lögmann, að aðstoða sig í forföllum sínum, en sjálfur ætlar hann þó „Þingbækurnar að handskrifa".[4]) En svo mun sá siður hafa komizt á, að Alþingisritari fengi vararitara, eins og lögmönnum voru settir varalögmenn. 1691 var Sören Matthíasson vararitari eða aðstoðarritari Árna Geirssonar og á 18. öld er oft talað um vicelandsþingsskrifara, t. d. 1715 og 1765. En stundum mun ekki hafa verið neinn vara-þingritari, og að minnsta kosti er hans oft ekki getið á Alþingi, þó að Alþingisritari sé talinn forfallaður eða ókominn til Alþingis.

II. Það er ekki glöggt sagt, hvaða kostum Alþingisritari þurfi að vera búinn. Segir, að hann eigi að vera „frómur" maður, og er þar með við það átt, að hann sé *heiðursmaður*. Það er sjálfsagt, að hann hefur eigi mátt hafa minni kosti til að bera en lögréttumenn, auk þess sem hann þurfti að sjálfsögðu að vera sæmilegur skrifari að þeirrar tíðar hætti. Til starfans völdust oftast ungir menn, er svo urðu sýslumenn og stundum lögmenn.

---

1) Alþingisbókin 1700 nr. 7.

2) T. d. Alþingisbók 1716 nr. 2, 1723 nr. 13, 1738 nr. 2, 1762 nr. 13, 1763 nr. 3.

3) Alþingisbók 1718 upphafið.

4) Alþingisbókin 1669 nr. 39.

III. 1. Ekki var neitt ákveðið um réttindi Alþingisskrifara í kgsbr. 9. maí 1593. Það var þó augljóst, að ekki gat komið til mála að gera nokkrum manni skrifarastörfin að skyldu. Því var gerð samþykkt á Alþingi 1631 um laun Alþingisskrifara. Skyldi hann fá í laun árlega 1 rd. frá hverjum sýslumanni og hvorum lögmanni. Launin munu hafa illa greiðzt, og óvíst að sýslumenn hafi talið sér skylt að gjalda þau, af því að ekki var konungsboð til þess. Þetta virðist koma fram í 12. gr. kgsúrsk. 28. apr. 1638, þar sem svo segir, að um laun Alþingisskrifarans sé „intet vist hertil fuldbyrdet" (engar ákveðnar framkvæmdir hafa orðið í þessu efni). Í þessum konungsúrsk. var Alþingisritara tilskilinn 1½ rd. af hverjum sýslumanni, 1 rd. af hverjum klausturhaldara og ½ rd. af hverjum umboðshaldara. Þetta kaup virðist hafa mjög illa greiðzt, að minnsta kosti sum árin, því að á Alþingi 1644[1]) er það ítrekað, að hann fái kaup sitt. Líklega hefur ekki vel rætzt um launagreiðsluna, því að árið eftir segir þáverandi Alþingisritari af sér og fær vitnisburð um frammistöðu sína í embættinu.[2]) Það er víst, að gjaldið hefur áfram illa greiðzt, enda segir í konungsbr. 10. maí 1651, að Þórður Alþingisskrifari Hinriksson hafi borið sig upp undan því, að sýslumenn, klausturhaldarar og umboðshaldarar gjaldi honum ekki kaupið, eins og lög standi til. Fyrir því er lagt fyrir höfuðsmann að skipa gjaldendum þessum að greiða árlega Alþingisskrifara launin til umboðsmanns konungs á Bessastöðum um leið og þeir greiði þangað árleg afgjöld sín af sýslum, klaustrum og lénum. Skuli umboðsmaður konungs síðan skila kaupinu til Alþingisskrifarans. Ekki virðist þetta þó heldur hafa hrifið, að minnsta kosti ekki um umboðsjarðahaldarana, því að 1674[3]) segir, að Sigurður Björnsson, þá Alþingisskrifari og síðar lögmaður, hafi bréflega óskað svars umboðsmanns konungs, hvort umboðshaldarar ættu ekki að skila Alþingisskrifarakaupi til Bessastaða í hendur konungsumboðsmanns. Var því auðvitað svarað játandi, með skírskotun til konungsbréfsins frá 10. maí 1651, sem þá var og lesið í lögréttu, og skyldi nú umboðsjarðahaldarar — og væntanlega allir, sem sýsluafgjöld og klaustra áttu að

1) Alþingisbókin 1644 nr. 18.
2) Alþingisbókin 1645 nr. 1.
3) Alþingisbókin 1674 nr. 23.

greiða — eigi fá kvittun fyrir greiðslum þessum, nema þeir greiddi áður Alþingisskrifaralaunin eða sýndi kvittun hans fyrir greiðslu þeirra. Var nú Alþingisskrifari eða átti að vera laus við innheimtu launa sinna, og hefur það verið honum nokkur hagur. Það er eflaust, að hver sýslumaður, klausturhaldari og lénsjarðahaldari hefur átt að greiða sinn ákveðna hluta af Alþingisskrifaralaununum. Þetta skifti máli, þegar sýslu var skift í 2 eða fleiri. En víst var, að þessi gjaldskylda hvíldi á hverri sýslu, eins og talið var í Rentukammerbréfi 19. apr. 1757 um Vestmannaeyjar og Gullbringusýslu, en þaðan virðist gjald þetta ekki hafa greiðzt. Er nú boðið, að sýslumennirnir þar gjaldi Alþingisskrifaralaun sem hinir, því að kgsúrsk. 28. apríl 1638 12. gr. geri engar undantekningar um nokkra sýslumenn. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum taldi sér þó enn óskylt að greiða gjaldið og amtmaður tók í sama streng, af því að honum væri innheimta konungstekna í Vestmannaeyjum óviðkomandi, og gjaldkvöð þessi hvíldi á tekjunum af sýslunum og klaustrunum. Rentukammer féllst á þetta og býður því verzlunarforstjóranum þar að greiða Alþingisskrifara launin af verzlunartekjunum, meðan verzlunin sé rekin fyrir reikning konungs, Rentukammerbr. 25. marz 1761. Með Tollkammerbréfi 17. des 1778 var ákveðið að greiða 1 rd. af hverri höfn árlega til Alþingisskrifarans, og átti stiftamtmaður að líta eftir því, að skyldu þessari væri fullnægt og skera úr deilum, er af þessu kynni að rísa. Þessi ákvæði hafa verið bundin við konungsverzlunina síðari, sem hvarf úr sögunni 1787, sem alkunnugt er. Loks er ákveðin önnur launabót handa Alþingisskrifaranum með kgsbr. 7. okt. 1796, sú, að honum skuli árlega greiða 10 rd. úr dómsmálasjóði.

Svokölluð föst laun Alþingiskrifarans hafa verið um 30 rd. af sýslumönnum, ef þeir eru taldir um 20, enda voru þeir nálægt þeirri tölu, og um 10 rd. af hinum, eða 30 rd. alls. Svarar það til 7½ hundraðs á landsvísu. Hvað tekjuaukinn eftir Tollkammerbréfi 17. des. 1778 hefur numið, skal ekki sagt. En eftir 1796 bættust 10 dalir við, svo launin urðu 40 rd., sem þá jafngiltu 10 hundruðum á landsvísu eða 10 kúgildum, og nema þá launin nál. 3000 kr., ef kýrverð er talið 300 kr.

2. *Aukatekjur.* Samkvæmt Alþingissamþykktinni frá 1631[1])

1) Alþingibækur V 212.

„skyldi Páli ekki meint vera að taka skrifaralaun af þeim sem dómana girntust og málin ætti, eftir því sem mögulegt og tilhærilegt er. Og skyldi sá skrifaralaunin gefa, er málið vinnur, en ekki hinn, er tapar". Sá er galli á þessari samþykkt, að ekkert er um það mælt, hvernig ritlaun þessi eigi að reikna, og engin fyrimæli voru í lögum eða venjum um það, hvernig slíka vinnu sem þessa skyldi reikna. Það hlaut því að vera samkomulagsatriði milli Alþingissritara og þess, sem eftirrits beiddist, hvernig greiða skyldi, alveg eins og nú er, þegar maður biður einstakan mann að taka eftirrit af skjali fyrir endurgjald. Alþingisritarinn var bundinn við eið sinn um það, að taka það eitt, sem sanngjarnt mátti telja, fyrir eftirrit sín, svo að endurgjaldið mætti ekki meta „skenkingar", og gæfi grun um ólöglega fjártöku af skrifarans hendi. Konungsúrskurðurinn frá 28. apr. 1638, sem áður er getið, segir ekkert um ritlaun Alþingisskrifarans. Og mun ekki vera neitt ákveðið um það efni fyrr en í N. L. 1—23—12 og 13. En í kgsbr. 14. apr. 1759 er svo litið á, að aukatekjufyrirmæli N. L. um innsiglan og útgáfu stefnu og dóma gildi ekki um lögmenn á Íslandi og þinglestrargjöld N. L. fengu þeir ekki heldur. Það er því líklegt, að ákvæði N. L. um ritlaun hafi ekki heldur verið talin hér gild. Lögmönnum skyldi gjalda hálfan ríkisdal fyrir kaupbréf og slík bréf, er þinglýsa átti, en Alþingisskrifari er þar ekki nefndur. En í auglýsingu 25. júlí 1781 frá lögmönnum og Alþingisritara[1]) er svo að orði kveðið, að þeir, sem birta vilja brigðalýsingar á Alþingi, eigi „að betala bæði til lögmanna og landþingskrifarans þær allra náðugast tilstöðnu Sporteler", og er þar skírskotað til konungsbr. frá 14. apr. 1759. Hafa þá lögmenn ef til vill greitt Alþingisskrifaranum einhvern hluta af þeim hálfa ríkisdal, sem þeir fengu fyrir hvert bréf, sem upp var lesið á Alþingi. En vera má þó, að hér sé átt við það gjald, sem til er tekið í N. L. 1—23—12 fyrir að lesa og innfæra í lögþingisbókina skjöl á lögþingum Norðmanna. En samkvæmt þessari grein átti að greiða ritara 2 mörk dönsk fyrir hverja pappírsörk af skjölum, sem lesa átti og skrá í þingbækurnar.

3. Þó að það sé ekki tekið fram sérstaklega, þá hefur Alþingisskrifari notið sömu friðinda um hýsingu í þingreið sem

1) Alþingisbókin 1781 bls. 47—48.

lögmaður og lögréttumenn, því að hann var þingreiðarskyldur. Um rétt hans mun hafa farið sem um rétt sýslumanna. Ekki segir, hvort nokkur var skyldur að halda honum *kost* á Alþingi, eins og lögréttumönnum. Skattfrelsis hefur hann notið með sama hætti sem veraldlegir embættismenn.

IV. *Skyldur Alþingisskrifara.* 1. Alþingisskrifari vann embættiseið, er lögmaður tók af honum, áður en hann tók við starfanum. Síðar tók þó fógeti höfuðsmanns og amtmaður eiðinn.[1]) Til er enn skrifaraeiður sá, sem Páll Gíslason, fyrsti reglulegi Alþingisskrifarinn, sór, þegar hann tók við starfanum. Aðalefni eiðsins var það, að hann vildi skrifa rétt í þeim málum, sem á Alþingi yrði dæmd, hvort sem þau varðaði líf, góz eða æru, og eigi „álita vald, makt, skyldugleika, gúnst eða gáfur, hatur, öfund eður óvild" o. s. frv., enda skyldi hann eigi fyrr eða síðan, er skrifað er, „heimuglega eður opinberlega taka eður uppbera, hvorki fyrir mig sjálfan eður nokkurn mann annan, skenkingar, gull, silfur, peninga eða peninga virði, svo að þess vegna mætti nokkur maður missa síns réttar vegna míns skrifs".

2. Með starfanum fylgdi skylda til þess að sækja Alþingi á hverju ári og vera kominn þangað á réttum tíma, og sitja þing til loka. Er þess mjög sjaldan getið, að Alþingisskrifari hafi ekki komið á réttum tíma eða yfirleitt vanrækt sinn starfa. Árið 1723 segir þó, að 8. júlí hafi ritari ekki verið kominn, en lögmenn hafi þá beðið annan mann (Pál Hákonarson) að halda bókina.[2]) Og gerði hann það í upphafi þingsins. Það var sjálfsagt, að Alþingisskrifari væri við höndina til þinglausna, því að hann átti að bóka allt, sem á þingi gerðist og ganga frá Alþingisbókinni.

3. Starf Alþingisritara var aðallega tvenns konar: a) *Að* halda bók eða bækur Alþingis og b) *Að* láta þeim, er tilkall áttu til þess, eftirrit Alþingisbókar, einstakra skjala úr henni eða úr skjalasafni því, er til þingsins heyrði.

a) Aðalstarf Alþingisritarans var að halda Alþingisbókina og síðar skjalabók Alþingis, þar sem rituð voru í þau skjöl, sem lesin voru á þingi. Samkvæmt konungsúrsk. 28. apríl 1638 12. gr. átti hann að „holde en rigtig Althingsbog med Landsens

1) Sbr. Alþingisbókina 1677 nr. 2.
2) Alþingisbókin 1723 upph.

Indsegel, gennemdraget og numereret og der indförte alt, hvis paa Althinget bliver forhandlet, sem i Thingbogen bör indföres og ikke andet der indskrive end vores udgivne Breve og Mandater saa og Domme, som paa Althinget dömmes og for Retten forrettis, saa og hvis som ellers bliver af Lensmanden paa Vores Vegne befalet". Hér eru settar aðalreglur um starf Alþingisskrifarans á Alþingi. Hann mun venjulega hafa orðað það, sem í bókina var skráð, nema dómar væri eða önnur skjöl, er orðrétt átti að skrá í þingbók eða skjalabækur, eins og konungsbréf og ýmislegt, sem venja varð að rita þar orðrétt, eða aðili baðst, að orðrétt væri skráð. Þegar Páll Hákonarson tekur að sér að halda Þingbókina 1723, vegna þess að Alþingisskrifari var ókominn til þings, þá setti hann það skilyrði, að lögmaður orðaði það, sem rita ætti,[1]) og bæri hann því enga ábyrgð á bókunum að efni til. Þetta bendir eindregið til þess, að Alþingisritarinn hafi sjálfur venjulega fært bókanir í stílinn, en ekki lögmenn. Það var því á ábyrgð þeirra, að rétt væri frá skýrt í Alþingisbók, því sem fram fór á Alþingi, að svo miklu leyti sem hann skráði ekki orðrétt það, sem aðrir höfðu samið. Framan af var altítt að skrá einungis ágrip af dómum, dæmdum á Alþingi, í þingbókina, og hefur það létt ritara verkið að mun. Ekki eru þinglesin bréf heldur skráð í þingbókina orðrétt. Þau voru eigi skráð í þingbækur fyrr en á 18. öld, er sérstök Þinglýsingabók var haldin. Sennilega hefur Alþingisritari því oft getað lokið Alþingisbókinni á Þingvelli, áður en menn riðu af þingi. En eftir að tekið var að bóka svo vandlega sem síðar varð aðalefni úr sókn og vörn málsaðilja, að skrá dóma orðrétt og rita bréf og skjöl, sem þinglesin voru, í þar til gerða bók, þá hefur ritarinn ekki mátt ljúka þingbók og skjalabók fyrr en heim var komið af þingi. Svo er þess gætandi, að aðstaða hans til vinnubragða á Þingvelli var mjög óhagstæð lengstum. Meðan lögrétta var undir beru lofti, var frágangssök að sitja þar með bækur, nema bæði væri logn og þurt veður. Og hefur Alþingisritari þá orðið að rita í bókina í tjaldi sínu það, er á hverjum degi gerðist, eftir minni. Hitt má líka vera, að hann hafi stundum gert drög að bókinni á þingi og svo hreinritað, þegar heim var komið. Verður nú ekki um þetta sagt, því að frumbækurnar eru ekki til fyrr en á 18. öld,

1) Alþingisbókin 1723 upph.

frá 1766. Og eftir að hús var gert handa löréttu, varð aðstaðan að vísu eitthvað skárri. En meðan tjaldað var yfir lögréttu vaðmálum og hún var opin báðum megin, blés þar í gegn, ef vindur var, enda rigndi þar inn, ef regn var. Kvartaði Guðmundur Sigurðsson mjög undan þessu, þegar hann var Alþingisskrifari (1732—1733)[1]), að bækur og skjöl hemdist ekki í lögréttuhúsinu og að torvelt væri líka að verja þau fyrir vatni, þegar regn og stormur væri. Sjálfsagt hefur nú þetta eitthvað lagast, eftir að lögréttuhúsið var komið undir eiginlegt þak, en aldrei hefur það þó gott orðið, því að húsið var lengstum í niðurníðslu, eins og áður er frá sagt. — Þá var Alþingisritara skylt að geyma bækur og skjöl þingsins, bæði á þingi og svo milli þinga. Og hlaut hann að skila þessum munum af sér til eftirmanns síns, eða bú hans. Ritari átti að gera málaskrá og festa upp úti fyrir lögréttu, þingsk. 1. júlí 1695 5. gr. Honum var og boðið að aðstoða lögmenn við samningu og þýðingu íslenzkrar lögbókar á Alþingi, kgsbr. 2. maí 1732.

Það mun og hafa verið starf Alþingisritara að lesa upp það, sem birt var á þingi, nema öðru vísi væri fyrir mælt. Fyrrum virðast einstakir menn[2]) sjálfir hafa lýst málum sínum, t. d. veðum, málum o. s. frv., en síðan lögmenn og svo Alþingisritari.

Þótt hvor lögmaður starfaði sér eftir 1730, þá var Alþingisritari þó jafnan einn. Hafa lögmenn því sjálfsagt venjulega haldið dómþing í lögréttu til skiftis, enda hefur varla verið unnt að halda þar tvö dómþing samtímis..

b) Tímafrekasta verk Alþingisskrifarans hafa þó eflaust verið eftirrita-útgáfur þær, sem á honum hvíldu og síðar ritun þinglesinna skjala í skjalabók þingsins. Fyrst og fremst átti hann að láta öllum sýslumönnum og klausturhöldurum eftirrit þingbókarinnar í té á hverju ári, samkvæmt konungsúrsk. 28. apríl 1638 12. gr. Meðan Alþingisbókin var ekki prentuð, þá var ekkert smáræðisverk, sem hér þurfti að inna af hendi. Til allra sýslumanna og klausturhaldara þurfti 40—50 eintök árlega. Þetta átti Alþingisskrifari að gera vegna þess að sýslumenn og klausturhaldarar áttu að gjalda 1—1½ rd. árlega til að launa Alþingisritara. En ritari hefur þó sýnilega snemma

1) Sjá um lögréttu að framan bls. 130.
2) Sbr. þingsköp 1. júlí 1695 7. gr.

kveinkað sér undan þessu verki, því að 1644[1]) setja lögmenn og lögréttan það til höfuðsmanns, hvort skrifari skuli láta gjaldendur fá bókareftirrit. Höfuðsmaður gat þó enga linum gert að þessu leyti. Það er líka skýrt greind þessi skylda í veitingarbréfi Sigurðar Björnssonar 1669.[2]) Alþingisbókin var þó fram eftir 17. öld styttri en síðar varð, því að bæði fjölguðu málin og svo varð vani að bóka meira en fyrr hafði verið. Ennfremur þurftu fleiri að fá afskriftir af Alþingisbókinni, t. d. biskupar, prófastar og ýmsir aðrir. Og svo þurftu þeir, er dóm eða úrskurði Alþingis fengu um mál sín, að fá eftirrit af þeim eða einstökum atriðum úr bókinni. Er bréf Árna Geirssonar Alþingisskrifara (1677—1695) 12. ágúst 1684[3]) merkilegt um þetta efni. Segist hann árlega „reyna og formerkja, hvorleiðis sú bestilling vill mér eða hverjum öðrum, sem þessa embættisskyldu skal í vissan tíma erlega uppvarta, næsta þung og besværleg verða". Segist hann jafnvel hálft árið halda skrifara sér til aðstoðar. Segir hann þetta stafa af þeim málafjölda, sem nú komi fyrir þingið. Verði því Alþingisbókin, sem fyrrum hafi verið þetta 6—14 blöð, nú 16—24 blöð, og eigi hann að láta af hendi eftirrit af henni í nær 50 staði á landinu. Leggur hann svo til, að Alþingisbækurnar verði prentaðar gegn því, að hann greiði sjálfur af því kostnaðinn. En af því varð þó ekki fyrr en 12 árum síðar og alls ekki óslitið upp frá því. En þá hefur miklu verki verið létt af Alþingisskrifaranum, því að þá sendi hann hverjum, sem honum var skylt að láta í té Alþingisbók, eintak af henni prentaðri, en hinum gat hann selt hana, sem ekki áttu rétt á að fá hana ókeypis. Þar á móti hefur hann ekki losnað við að láta af hendi eftirrit af einstaka skjölum fremur en áður. Það stefndi og í þá átt, að létta af Alþingisritara kostnaði og fyrirhöfn, þegar ákveðið var að senda honum 60 eintök af hverri prentaðri tilskipun, með Rentukammerbréfi 30. jan. 1787, því að þá hefur hann ekki þurft að rita tilskipanirnar í Alþingisbókina og ekki heldur þurft að prenta þær, heldur hefta þær með prentuðu bókunum eða láta þær fylgja þeim. Þar á móti varð hann framvegis að láta sér nægja með eitt eintak af öðrum konungsbréfum, sem hann skráði í Alþingisbókina, enda eru slík bréf í henni eftir 1787 sem áður.

1) Alþingisbókin 1644 nr. 18.
2) Alþingisbókin 1670 nr. 2.
3) Alþingisbækur I formálinn, bls. VIII.

En ekki virðist hagur Alþingisskrifara hafa batnað stórum, þó að farið væri að prenta Alþingisbækurnar. Að minnsta kosti segir Sigurður Alþingsskrifari Sigurðsson af sér embættinu 1720 af því að launin hrökkvi ekki til prentunar bókarinnar, en ógerningur sé að afskrifa hana nú orðið vegna þess, hversu löng hún sé orðin.[1]) Innheimta gjaldsins gekk ekki greiðlegar en áður, að því er virðist, þótt ekki skyldi láta af hendi kvittun fyrir konungsgjöldum nema laun Alþingisritara væri goldin. Sem dæmi má nefna hér bréf Lafrentz amtmanns 12. sept. 1739, sem látið var fylgja þess árs Alþingisbók. Stóðu þá yfir skifti á búi Odds Magnússonar Alþingisritara og höfðu staðið nær 3 árum og átti þá búið til skulda að telja ritaragjald frá 6 sýslumönnum og 17 lénsjarðahöldurum og skorar amtmaður á sýslumenn að greiða skuld sína, og innheimta hjá lénsjarðahöldurum sem skjótast það, sem þeir skuldi. Og 1746 biður Alþingisskrifari enn landfógeta að gefa engum lénsgjaldakvittun öðrum en þeim, sem sanni, að hann hafi greitt Alþingisskrifaralaunin, og ákveður landfógeti að gera eftir ósk Alþingisritara.[2]) Á seinni hluta 18. aldar er vanskila varla getið í Alþingisbókum, og má því ætla, að betur hafi goldizt þá en áður.

Seinna var Alþingisritara skipað að láta af hendi eitt eintak til hverrar verzlunar í notum þess, að hann átti að fá einn ríkisdal frá hverri verzlun, Tollkammerbr. 17. des. 1778. Og eftir tilsk. 16. nóv. 1764 16. gr. átti Alþingisritari að láta amtmanni í té árlega í þinglok ágrip af Alþingisbókinni að því leyti sem þar kynni að vera úrskurðaðar sektir til dómsmálasjóðs það ár. Samkvæmt bréfi Norsku stjórnardeildarinnar (Norske Kammer). 11. jan. 1772 átti Alþingisritari og að láta þangað árlega eitt eintak af Alþingisbókinni. Og með Kansellibréfi 13. okt. 1792 var boðið að senda því 5 eintök árlega af henni.

### 28. gr.

### Æðstu umboðsmenn konungsvaldsins.

I. Samkvæmt Járnsíðu og Jónsbók Þingfararbálki 2 áttu *„valdsmenn“* allir að ríða til Alþingis. Þetta tók til allra þeirra,

1) Alþingisbókin 1720 nr. 42.
2) Alþingisbókin 1746 viðbætir.

sem konungsvaldið skipaði til þess að fara með vald sitt og ekki eru sérstaklega öðru nafni nefndir. Og þingsóknarskyldan hvíldi því sem embættisskylda á æðstu valdsmönnum konungs, hverju nafni sem þeir nefndust og hvort sem þeir voru einn eða fleiri, og hvort sem þeir voru fastskipaðir eða sendir í sérstökum erindagjörðum, svo framarlega sem þau erindi átti eða þurfti að reka á Alþingi.

II. *Fastskipaðir æðstu umboðsmenn konungsvaldsins.* 1. Sá, sem fór með æðsta umboðsvald hér á landi fyrir hönd konungs er lengi nefndur *hirðstjóri.* Þeir menn, er gengið höfðu konungi á hönd, svarizt undir hirðlög hans, voru nefndir „handgengnir menn". Og þeir voru á öndverðum dögum konungsvalds á Íslandi nefndir „hirðin á Íslandi". Og æðsti maður þeirra hefur svo fengið nafnið „hirðstjóri". En þetta heiti verður svo fast heiti á æðsta umboðsmanni konungsvaldsins, án þess að til greina komi, hvort nokkurir handgengnir menn eða hirðmenn væri á Íslandi. Á 16. öld, líklega um miðbik hennar, verður nafnið *höfuðsmaður* algengast, en staða hans er sú sama að *lögum,* en vald hans eykst *í verki* af því að konungsvaldið magnaðist á Íslandi upp úr síðaskiftunum. Hirðstjóri sótti venjulega þing, ef hann var hér á landi, þegar Alþingi var háð, en ella umboðsmaður hans fyrir hann, sem venjulega var kallaður *„fógeti",* stundum *lénsmaður* eða *umboðsmaður höfuðsmanns* aðeins. Verkefni hirðstjóra eða umboðsmanns hans á Alþingi var í stuttu mála sagt að *fara með konungsvaldið.* Hann tók sér fyrst og fremst vald til eftirlits með því, að Alþingi færi fram lögum samkvæmt, svo sem að menn, einkum sýslumenn, sækti þing lögum samkvæmt. Honum var ætlað sæti í lögréttu, eftir því sem lögréttumyndirnar[1]) sýna („sædes præfecti regis"), en eigi er honum þó ætlað sérstakt verk þar í lögum. En hann nefndi þó stundum dóma á Alþingi áður en yfirréttur var stofnaður, en þar var hann forseti, sem síðar verður sagt. Það var þó einungis í stórmálum og án lagaheimildar, að hirðstjóri eða höfuðsmaður nefndi dóma á þingi, eins og t. d. 1552 á Alþingi, er Eggert Hannesson „kongsins fógeti og höfuðsmaður yfir allt Ísland" nefndi 24 manna dóm

1) Alþingisbækur I 2 og II 364.

um banamenn Kristjáns skrifara.[1]) Hirðstjóri og höfuðsmaður beitti sér einatt fyrir því, að samþykktir væri gerðar á Alþingi, t. d. Piningsdómur, sem oft er vísað í, Stóridómur 1561 o. s. frv. Hann leggur og mjög oft samþykki sitt á samþykktir almenns efnis á Alþingi. Hirðstjóri eða höfuðsmaður stóð fyrir birtingu boða konungsvaldsins á Alþingi, eða fógeti hans. Hann lét sér og einatt títt um mál manna, t. d. gekkst hann stundum fyrir sáttum höfðingja á Alþingi. Hann var yfirhöfuð tengiliður milli Íslands og konungsvaldsins, en Alþingi var venjulega í svari fyrir landið gagnvart útlenda valdinu. Hirðstjóri skyldi halda lögmönnum kost á Alþingi, samkvæmt Alþingissamþykkt frá 1 júlí[2]) 1501 og gerir hún því ráð fyrir, að hirðstjóri sæki jafnan Alþingi eða umboðsmaður hans.

2. Þegar stjórnarbreytingin 1683 var komin á, varð stiftbefalingsmaður og síðar stiftamtmaður æðsti embættismaður landsins. Sátu stiftbefalingsmennirnir ekki á Íslandi. Þeir komu alls eigi til landsins, að Raben undanteknum, sem kom hingað 1720 og dvaldist nokkrar vikur í skipi sínu. Amtmenn höfðu oftast umboð stiftbefalingsmanna, og gegndu því störfum þeim á Alþingi, sem þeim hefði borið, ef þeir hefði verið hér. Þó var Oddur Sigurðsson um skeið fulltrúi Gyldenlöves, enda var Müller amtmaður þá eigi heldur hér á landi. Eftir 1770 komu stiftamtmenn, sem jafnframt gegndu amtmannsembætti í Suðuramti og Vesturamti til 1787. Þeir komu í stað stiftbefalingsmanns og höfðu forsæti í yfirrétti og synodalrétti Skálholtsbiskupsdæmis, og eftirlit áttu þeir yfirleitt að hafa með dómgæzlu. Þeir sátu hér á landi og sóttu þeir því venjulega Alþingi.

3. *Amtmenn* sátu hér venjulega á landinu, þótt lengstum væri þeir danskir. Kristján amtmaður Müller fékk þó leyfi til að sitja úti í Kaupmannahöfn og hafa hér fulltrúa sinn frá 1707—1718. Amtmaður skyldi sækja þing, og hafði í raun og veru aðaleftirlit með þinghaldinu þar til er stiftamtmaður tók að sækja Alþingi. Hann áminnir menn um að sækja þing réttilega og gengst einatt fyrir því, að þeir verði sektaðir, sem það vanrækja. Amtmenn voru líka vanalega fulltrúar stiftbefalingsmanns, sem fyrr segir, og kann því að vera erfitt að segja,

1) Dipl. Isl. XII nr. 230.
2) Dipl. Isl. VII nr. 550.

hvað þeir gera sem amtmenn eða sem fulltrúar stiftbefalingsmanna. Sama er um það, að erfitt kann að vera að segja, hvað stiftamtmaður gerir á þingi sem stiftamtmaður og sem amtmaður eftir að landinu hafði verið skift í ömt og hann var orðinn jafnframt amtmaður í einu amti eða fleirum. Amtmenn sáu um, eða áttu að sjá um, að lögmenn, lögréttumenn og þingritari gerði skyldu sína á Alþingi. Hann setti því lögmann, ef þurfti, til að gegna lögmannsstörfum á Alþingi, og Alþingisritara. Hann auglýsti lausar sýslur og gekkst fyrir því, að konungsbréf væri birt á Alþingi, þegar stiftbefalingsmaður var þar ekki. Þá sat hann og í yfirrétti og synodalrétti, þegar synodalréttur var háður á Þingvelli.

4. Þá var *landfógeta* skylt að sækja Alþingi. Landfógeti var hér jafnan búsettur á landinu, þó að danskur væri, eins og reyndar lengstum var á 18. öld. Starf landfógeta á Alþingi varðaði aðallega fjárreiður embættismanna konungs. Hann lætur birta skrár yfir sýslur, klaustur og umboð, eftirstöðvar afgjalda hjá sýslumönnum af sýslum þeirra, hjá klausturhöldurum og lénsjarða af klaustrum þeirra og lénum. Landfógeti krafðist á Alþingi skýrslna sýslumanna um aleigumál, sektir til konungs, vogrek, arfa, er enginn erfingi leiddi sig að, o. s. frv., er falla skyldi til konungs.

III. Það bar stundum við, að konungsvaldið sendi í sérstökum erindum trúnaðarmenn sína til landsins. Var það oft, að þeir áttu skylt erindi til Alþingis. Stundum voru þeir sendir til að koma á ákveðnum nýmælum í lögum, svo sem Indriði böggull með Járnsíðu 1271 og Loðinn leppur með Jónsbók 1280, til þess að líta eftir skattgreiðslum af landinu o. s. frv. Stundum skyldi þeir rækja önnur erindi. 1541 var hingað sendur Kristófer Hvítfeldur og átti hann meðal annara erinda „at holde Laugthing med den menige Almue .... og siden hjælpe alle og hver særdeles til Lov og Ret“[1]). En reyndar átti hann að koma á siðaskiftunum, taka eiða af landsmönnum til handa Kristjáni 3. og fá landsmenn til að gangast undir skattgjald til konungs, er þá hafði léttan sjóð, en þungar skuldir, eftir herbraml sitt. Síra Jón Halldórsson segir í Hirðstjóra annál sínum, að Kristófer Hvitfeldur hafi tekið eiða af mönnum á Al-

1) Dipl. Isl. X nr. 314.

þingi 1541,[1]) en eigi er nú til bréf um það. Annar maður var þá sendur, Pétur Andresson lögmaður frá Túnsbergi í Noregi, til að hafa hönd í bagga með dómsmálum, sem konungsvaldinu þótti þá sérstaklega miklu máli skifta, en það var um víg Diðriks frá Minden og töku Viðeyjarklausturs. Nefndi Pétur þessi dóm á Alþingi 1541, ásamt íslenzku lögmönnunum, til að dæma þessi mál.[2])

Árið 1551 sendi konungur 4 herskip til Íslands. Áttu hermenn að kúga landið til hlýðni við konung. Fóru tvö til Norðurlands og kúguðu Norðlendinga til eiða á Oddeyri, en tvö til Suðurlands, enda kom fyrirliðinn af þeim, Otti Stígsson, til Alþingis með 200 hermanna og tók eiða af mönnum á Alþingi 30. júní og 1. júlí 1551.[3]) Annað varð ekki erindi þessara sendimanna, því að Jón biskup Arason, sem þeir áttu að taka, hafði verið myrtur árinu áður, um haustið 7. nóv. 1550, nema kirkjurán og klaustra.

Árið 1618 voru hingað sendir 2 konungsmenn, Jörgen Vind og Friðrik Fris, með allsherjardómsvaldi. Dæmdu þeir allmörg mál á Alþingi 1618,[4]) og „þóttust þá flestir ekki ná íslenzkum lögum", segir Björn á Skarðsá.

Árni Magnússon og Páll Vídalín voru gerðir út til að rannsaka hag landsins, konungsbréf 22. maí 1702 o. fl., og var þeim einnig fengið dómsvald á nokkrum málum á Alþingi, sem kunnugt er, sbr. kgsbr. 13. maí 1707 og 4. maí 1709.

Auk þeirra, er sendir voru 1541 og 1551 meðal annars til að knýja landsmenn til að vinna Kristjáni 3. hyllingareiða, voru síðar sendir menn sérstaklega í þeim erindum, eins og Gabriel Acheley 1649 og Jens Rodsteen 1670. 1649 voru hyllingareiðarnir unnir á Alþingi og hafa þau hyllingarskjöl verið sérstaklega út gefin af Sögufélaginu. 1670 voru eiðarnir unnir á Bessastöðum, svo að erindreki konungs kom ekki að því sinni til Alþingis.

---

1) Safn til sögu Íslands II 684.

2) Dipl. Isl. X nr. 339.

3) Ríkisréttindi Íslands bls. 81—86. Bréfin um för þessa eru í XII bindi Dipl. Isl.

4) Um „herramennina", eins og þeir voru nefndir, er samandregið allt, sem þeir gerðu hér að málum manna á Alþingi 1618, í Alþingisbókum Íslands IV 374 o. s. frv.

IV. Eins og geta má nærri, þá bar misjafnlega mikið á umboðsmönnum konungs á Alþingi. Fór það bæði eftir mönnunum sjálfum, hversu miklir þeir voru fyrir sér, og framgjarnir, vitrir og þrekmiklir, og því, hvert mannval var á landinu og hver var viðnámsþróttur manna. Sennilega hefur mótstöðuþor Íslendinga verið mest á 13. og 14 öld. Það sýnir mótspyrna þeirra, þegar Járnsíða kom til landsins. Ekki mundi það annars hafa tekið 3 ár að fá hana lögtekna. Mótstaða landsmanna á Alþingi 1281, þegar rætt var um lögtöku Jónsbókar, er alkunn. Norska lögmenn munu Íslendingar hafa rekið af höndum sér rétt um 1300, og köld urðu hér kjör Krók-Álfs. En andstöðuafl Íslendinga virðist fara smáminkandi eftir að kemur fram á 15. öld. Svartidauði og fleiri stórplágur hafa eflaust einhverju um valdið. En þó ber frá, hversu ríki konungsvaldsins vex upp úr siðaskiftunum. Þá fær konungur líka æðsta kirkjuvaldið, sem þangað til hafði verið í höndum biskupa. Eftir siðaskiftin eykst því einnig mjög vald hirðstjóra á Alþingi. Þá taka menn einatt að skjóta til hans úrskurði mála, sem áður mundu hafa sætt úrlausn lögréttu. Og eftir að einveldið hafði staðið um stund og verzlunareinokunin hafði grúft yfir landinu um 100 ár, þá var mótstöðuaflið þorrið. 18. öldin er að því leyti dökkvasta tímabilið í sögu landsins, að þá hugsuðu landsmenn ekkert um að vernda þjóðréttindi sín og tunga þeirra var nærri því komin, að verða lögð niður. Smáaukast völd höfuðsmanna út 16. og 17. öld, enda sýnist hafa verið, að minnsta kosti frá sjónarmiði konungsvaldsins, betur vandað til manna í það embætti eftir siðaskiftin en oft áður. Á síðara hluta 15. og fyrra hluta 16. aldar voru margir erlendu hirðstjóranna lélegir menn og lítt fallnir til að afla sér vegs og virðingar hér, t. d. Tyle Pétursson, sem rauf þinggrið og var seinast sjálfur tekinn hér af fyrir spellvirki. Aftur voru á síðara hluta 16. aldar og á 17. öld ýmsir mikilhæfir menn hirðstjórar og höfuðsmenn, svo sem Páll Stígsson á 16. öld og Henrik Bjelke á 17. öld. Voru þeir báðir atkvæðamiklir menn á Alþingi, og ýmsa fleiri mætti telja. Í lok 17. aldar og fyrstu 2 áratugi 18. aldar var mannvalið allt lakara. Þá var Kristján Müller amtmaður, sem ekki kunni vel með völd að fara. En um þverbak mun þó hafa keyrt, þegar Oddur Sigurðsson var orðinn fulltrúi stiftbefalingsmanns og Páll Beyer fulltrúi Müllers amtmanns („þeir fullmektugu“, sem þeir voru

nefndir). Var þá óöld í landi að mörgu leyti. Sóttu flestir laklega Alþingi, og voru þeir „fullmektugu" ekki barnanna beztir í því efni. Drykkjuskapur var þá mikill í landi hér, og voru höfðingjar á Alþingi þar engir eftirbátar. Innan um á 18. öld fóru sæmilegir menn með konungsvaldið á landi hér, en svo voru aftur aðrir eins og Drese landfógeti, sem settur var að lokum af fyrir óreiðu í reikningsfærslu sinni. Öll stjórn á landinu var auðvitað hin fráleitasta á 17. og 18. öld. Verður aldarfari um margt kennt, landsmönnum sjálfum um sumt, en aðalsökina bera þó handhafar konungsvaldsins, því að þaðan er verzlunaráþjánin runnin. En hún hefur gert landinu meira illt en öll eldgos og allar stórsóttir til samans.

29. gr.

**Sýslumenn.**

I. Með Járnsíðu var landinu skift í 12 þing, eins og sagt hefur verið, og hélzt sú skifting eftir Jónsbók, eins og fyrr segir. Þeir voru kallaðir valdsmenn í Járnsíðu t. d. Þingfb. 2, og oft í Jónsbók, t. d. Þingfb. 2, sem yfir þingin, eða hluta úr þeim, voru skipaðir. En heitið sýslumaður er þó líka haft í Jónsbók, t. d. Þegnskylda 2. kap., Mannhelgi 7. kap., og verður það langalgengasta heitið á þessum embættismönnum. Fyrst eftir að konungsvald kom á landið, virðist það hafa verið nokkuð á reiki, hversu margir væri sýslumenn á landinu, og sama er um sýsluskiftingar að segja. Sum þinganna 12, sem lögbækurnar greina, hafa allt af verið ein sýsla (lögsagnarumdæmi), eins og Árnessþing, Rangárþing (þar til Vestmannaeyjar urðu sérstök sýsla), Þingeyjarþing, Vöðlaþing (þar til Akureyri og Siglufjörður voru tekin úr Eyjafjarðarsýslu), Hegranessþing (Skagafjarðarsýsla) og Húnvatnsþing. Hinum þingunum var síðar skift í smærri sýslur. Skaftafellsþing í Skaftafellssýslur, og var lengi sinn sýslumaður yfir hvorri sýslunni, Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Múlaþingi var skift í tvær sýslur: Suður-Múlasýslu og Norður-Múlasýslu. Þorskafjarðarþing varð 3 sýslur: Strandasýsla, Ísafjarðarsýsla og Barðastrandarsýsla. Í Þórsnessþingi var Dalasýsla, Snæfellsnesssýsla og Hnappadalssýsla. Í Þverárþingi Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla og í Kjalarnessþingi Gullbringusýsla

og Kjósarsýsla. Á 18. öld voru sýslumenn víst oftast um og yfir 20 á landinu. Eru þeir oft taldir upp í Alþingisbókum, bæði þeir, sem til þings komu á réttum tíma, og hinir, sem komu of seint eða ekki.

Það var lengi siður, að sýslumenn þyrfti ekki að vera búsettir í sýslu þeirri, sem þeir voru yfir skipaðir. Í Jónsbók Þegnsk. 2. er jafnvel gert ráð fyrir því, að sýslumaður sé einn í fjórðungi og sé þó sjálfur búfastur utan fjórðungs. Af því, að sýslumaður þurfti ekki að vera búfastur í sýslu sinni, leiddi það, að hann varð að hafa þar umboðsmann, einn eða fleiri. Voru þeir nefndir til forna *sóknarar* eða *sóknarmenn, réttarar* og stundum *lénsmenn,* t. d. Áshildarmýrarsamþykkt, en á síðari öldum, 17. og 18. öld, eru þeir venjulega nefndir *lögsagnarar.* Stundum hafði sami maður tvær sýslur, og hélt þá lögsagnara í annari þeirra. Lögmenn höfðu og sýslur lengstum, unz það var bannað með konungsbr. 15. febr. 1737, og höfðu þeir þá lögsagnara fyrir sig. Jónsbók gerir auðvitað eindregið ráð fyrir því, að sýslumenn hafi umboðsmenn, sbr. t. d. Þingfb. 2. Eftir Jónsbók Þegnsk. 2. mátti sýslumaður eigi hafa fleiri sóknarmenn en 4 í fjórðungi hverjum, ef hann var búsettur utan fjórðungs, en annars kostar 2. En þessi ákvæði Þegnskyldu hafa litlu máli skift, þegar fram á 16. öld kom, því að þá munu sýslur hafa verið miklu smærra deildar en fjórðungum. En boðið var sýslumönnum að vera búsettir í sýslu þeirri, sem þeir voru skipaðir yfir, með konungsbr. 21. maí 1657, en eigi var því þó fylgt, því að ýms dæmi eru þess, að sýslumenn sátu utan sýslu án þess að um væri fengizt. Páll lögmaður Vídalín hélt t. d. um stund Dalasýslu, þótt hann byggi norður í Húnavatnsþingi. Rögnvaldur Sigmundsson, sýslumaður í Strandasýslu, býr árið 1692 8 mílur utan sýslu sinnar, en er þá boðið að búa í sýslunni, eða missa embættið ella. En á 18. öld var farið að ganga ríkt eftir því, að þessu boði væri fylgt. Með Rentukammerbréfi 29. marz 1766 er Pétri sýslumanni Þorsteinssyni, sem hafði búsett sig utan sýslu sinnar, boðið að flytja sig tafarlaust, nema hann vilji heldur hafa fyrirgjört embætti sínu. Þegar það var aftekið í verki og framkvæmd, að sýslumaður byggi utan sýslu sinnar, þá munu lögsagnarar hafa horfið úr sögunni.

II. Samkvæmt Járnsíðu Þingfb. 2 og Jónsbók Þingfb. 2 voru „valdsmenn allir ok sóknarmenn þeirra skyldir at koma til

lögþingis, eða skilríkir umboðsmenn þeirra". Á þessu fyrirmæli Jónsbókar var síðan ávalt byggð skylda sýslumanna til Alþingissóknar. 1637 spyr Jens Söfrinsson, umboðsmaður höfuðsmanns, eftir hvaða lögum sekta eigi sýslumenn, er eigi sæki Alþingi, og svara lögmenn, að það varði sektum eftir Jónsbók Þingfb. 2.[1]) Sýslumaður, sem ekki kom forfallalaust til Alþingis kveldið fyrir Pétursmessu og Páls, eða eftir að þingtíma var breytt, kveldið fyrir þingsetningardag, var sekur þremur mörkum, eða þrennum 18 alnum vaðmála = 144 alnum vaðmála, eða einu kúgildi og 24 álnum betur, hálft konungi og hálft lögréttumönnum. Það var mjög títt, að sýslumenn vanrækti þessa skyldu, eftir því sem skýrslur frá þinginu segja. En þær eru ekki til eldri en frá 17. öld. Það er auðséð, að árin 1634—1637 hefur Alþingissókn sýslumanna verið heldur misbrestasöm, því að þá er ákveðið, að tilstuðlan umboðsmanns höfuðsmanns, að innheimta sektir hjá þeim frá þessum árum eftir Jónsbók Þingfb. 2. En þessar ráðstafanir virðast ekki hafa lengi hrifið, því að 1650[2]) lætur höfuðsmaður, sem þá var Henrik Bjelke, birta á Alþingi yfirlýsingu sína um það, að þeir sýslumenn, sem ekki komi nauðsynjalaust til Alþingis á réttum tíma, skuli fyrirgera embætti sínu. Til þessa var vitanlega ekki heimild í lögum, því að Jónsbók Þingfb. 2 lagði aðeins við 3 marka sekt, eins og áður er sagt. Og það hafa sýslumenn vitað, og er ekki heldur kunnugt, að nokkurn tíma hafi sýslumaður misst embætti fyrir þingsóknarvanrækslu eina. Enda hreif áminning og ógnun höfuðsmanns ekki eins og til var ætlazt, því að ærnar kvartanir voru lengstum um það, að sýslumenn kæmi seint eða ekki til Alþingis. 1678[3]) eru þingsetningardaginn 29. júní ókomnir allir sýslumenn úr Norðlendingafjórðungi, nema úr Húnavatnsþingi. Úr Strandasýslu vantaði sýslumanninn og úr Þórsnessþingi vantaði 3 sýslumenn, þegar særi voru flutt. Þykir lögmanninum norðan og vestan áhorfast „bæði niðurfall lagaréttarins" — lögréttumenn vantaði þá og marga — „sem og óhæfilegt ólíðandi lögbrot, með yfirvaldsins og landslaganna fyrirlitun, svo vel konglegri majestet sem hans fátækum undirsátum hér í landi til stórs

1) Alþingisbókin 1637 nr. 33.
2) Alþingisbókin 1650 nr. 4.
3) Alþingisbókin 1678 nr. 1.

skaða". Og er þá enn minnt á yfirlýsingu Henriks Bjelkes frá 1650, að sýslumenn, sem eigi sækja Alþingi að forfallalausu, skuli fyrirgera embætti sínu. Er nú tekið að birta það í Alþingisbókum árlega, hverir sýslumanna sé komnir í þingbyrjun og hverja vanti. En ekki virðast sýslumenn heldur hafa skipazt við þetta. Og ekki virðast heldur þeir, er þing sóttu, alltaf hafa setið þingið til enda. Árið 1680 auglýsti umboðsmaður höfuðsmanns ennþá skipun hans um, að „allir sýslumenn skuli hér á lögþinginu endilega blífa inntil og svo lengi því uppsagt verður undir þeirra embættis og léna fortöpun"[1]). Árið 1682[2]) eru 11 sýslumenn af 22 ókomnir, þegar Alþingi var sett, og þá gerir umboðsmaður höfuðsmanns enn fyrirspurn í lögréttu, hvort þeir sýslumenn, sem eigi hafi það ár komið til Öxarárþings, skuli ekki sekir vera, og svara lögmenn og lögréttumenn auðvitað, að þeir skuli sekir 3 mörkum og að sama sé þeir sýslumenn sekir, sem af Alþingi fari áður en því sé sagt upp. Og skírskota þeir enn til ályktunar Henriks Bjelkes frá 1650. 1685 vantar 7 sýslumenn, 1687 vantar 5, og 1694 vantaði 9. Stoðaði lítið, þó að ógnað væri með sektum á hverju þingi. Sumir hafa líklega líka komið síðar, og sýnt það, að þeir hafi ekki mátt komast til þings á réttum tíma vegna forfalla. 1696 vantaði 11 sýslumenn í þingbyrjun, 1698 vantaði 9 og alltaf er verið að vísa til ályktunar Henriks Bjelkes frá 1650, og hrifur lítt. Þess var varla að vænta, að þetta ástand batnaði um og eftir aldamótin 1700, því að illt þótti þá í ári og örbirgð manna almennt mikil. Árið 1705 vantaði t. d. ýmsa og skyldi þeir næsta ár koma með afbatanir sínar, og svo var árið eftir rannsakað, hverir lögleg forföll höfðu haft.[3]) Þótt þess sé ekki getið í Alþingisbók hvers árs, þá má ætla, að gætt hafi verið að því og það metið, hverir forföll hafi haft. Sama ár (1705) áminnir Kristján Müller amtmaður sýslumenn að sækja þingið[4]) næsta ár 8. júlí, að við lagðri refsingu, svo að þingið tefjist ekki og „rétturinn með tilbærilegri respect haldist". En 1708 voru þó einir 2 sýslumenn komnir til Alþingis á réttum tíma, enda varð 5 fyrstu daga þingsins aðeins gert að 3 málum vegna fjarvistar sýslumanna og málsaðilja. En 7 sýslumenn komu

1) Alþingisbókina 1680 nr. 14.
2) Alþingisbókin 1682 nr. 51.
3) Alþingisbókin 1706 nr. 22.
4) Alþingisbókin 1706 nr. 18.

síðar, 4 voru taldir forfallaðir og aðrir 4 komu ekki, án þess að þeir væri forfallaðir, svo að kunnugt væri. 1709 komu svo fyrir lögréttu sýslumenn, er eigi höfðu sótt Alþingi árið áður eða komu of seint og voru forföll þeirra skoðuð. Þóttu þeir þá haft hafa nokkrar afbatanir, þótt ekki þætti þær alveg afsaka fjarvist þeirra. „Aftalaðist því svo, að fyrnefndir virðulegir sýslumenn lögðu góðmannlega til lögréttunnar uppbyggingar", flestir 1 ríkisd., og skyldi svo því máli lokið.[1]) 1710 voru 8 sýslumenn ókomnir í þingbyrjun, 1711 6. Þá áminna lögmenn og lögrétta menn að koma til þings á réttum tíma.[2]) Það yrði of langt mál, enda þýðingarlaust, að rekja það ár fyrir ár, hversu sýslumenn sóttu Alþingi, en svo mikið má segja, að erfiðlega gekk að koma þeim til að sækja það á réttum tíma og kvartanir tíðar um vanrækslu þeirra. Árið 1728 vantaði t. d. 9 sýslumenn, en 10 voru komnir til þings. Árið 1729 virðist alveg keyra um þverbak, því að þá er aðeins einn einasti sýslumaður kominn til þings í þingbyrjun. Eigi er unnt að sjá, hversu margir hafi síðar komið, en í þingbyrjun kvarta báðir lögmenn „yfir í hæsta máta slíkri forsómun, sem nú er skeð, til konglegrar majestets erinda framkvæmdar og vilja slíkt á tilheyrilegum stöðum andraga, sem þeim og öðrum landsins innbyggjurum sýnist horfa til hæsta skaða, kostnaðar og rúin ... Og lýsa lögmenn þeim fullri sök á hendur, sem þetta lögþing hafa forsómað í réttan tíma að sækja"[3]). En það er eins og lögmönnum hafi þótt þeir þurfa að árétta ummæli sín, því að Alþingisbók sama árs láta þeir fylgja allharðorða áminningu til sýslumanna, og annara, sem þeir segja, að hafi mjög vanrækt þingsókn á því ári. Kveðast þeir muni skýra konungi frá vanrækslu sýslumanna, en tjá sig munu bíða með að dæma sekt á hendur þeim, þótt þeir hafi verðskuldað það, í von um, „ef ske kynni, að lagfæring yrði á slíkri breytni, mótstríðandi kongl. majestets lögum og frá aldöðli landsins venju". Áminna þeir svo „alla kongl. majestets embættismenn á öllu Íslandi ..., að þeir án nokkurrar forsómunar eður ólögmætra undanbragða sé komnir í eigin persónu hér eftir á vort venjulegt Öxarár lögþing þann 8. júlí og eigi síðar, eða senda lögleg

1) Alþingisbókin 1709 nr. 6.
2) Alþingisbókin 1711 bókarlok.
3) Alþingisbókin 1729 nr. 1.

forföll í réttan tíma"[1]). En ekkert dugði fremur nú en fyrr. Í bréfi til stiftbefalingsmanns dags 4. ágúst 1733[2]) segir Magnús Gíslason, þá lögmaður, að sýslumenn sé enn vanrækslusamari um þingsókn en lögréttumenn, og var þó ekki á bætandi. 1736 vantaði t. d. 10 sýslumenn á Alþingi og 1737 8, en nokkrir komu þó síðar. Og enn eru sýslumenn minntir á að sækja þing í viðbæti Alþingisbókarinnar 1740. 1748 er lesin upp á Alþingi yfirlýsing Þingels amtmanns, þar sem hann segist hafa, sér til undrunar, komizt að raun um það, að vægð sú, er hann hafi sýnt sýslumönnum um sektir fyrir fjarvist þeirra af Alþingi, hafi aukið vanrækslu þeirra og skeytingarleysi um þingsókn, svo að flestir þeirra komi nú ekki fyrr en í þinglok og hafi þá ýmiskonar vífilengjur sér til afsökunar. Brýnir hann nú fyrir öllum, að þeir sé til Alþingis komnir 8. júlí, enda verði þeir ella sektaðir samkvæmt lögum.[3]) Það má vera, að þessi áminning amtmanns hafi haft einhver áhrif, en ekki verður þó betur séð, en að árið eftir (1749) hafi vantað nokkra sýslumenn til þings. Og aldrei mun þingsókn þeirra hafa orðið fullkomin. Sum árin er þingsóknar sýslumanna ekki getið, en þegar svo er, þá vantar einhverja. 1765 komu 7 sýslumenn aldrei. 1766, er þing skyldi hefjast 3. júlí, komu sýslumenn frá 7.—15. júlí, og 4 komu alls ekki. 8. júlí 1783 var enginn embættismanna kominn, er þing skyldi setja. 1784 var mesta vandræðaár, sem kunnugt er, Þá komu 3 sýslumenn úr nærsýslum, en enginn var að norðan kominn í þingbyrjun. Hestleysi er sagt um allt land, svo að ekki sé unnt að komast til þings.[4]) Eftir þetta er ekki sýnilegt, að gengið sé eftir þingsókn sýslumanna. Er nú hætt að geta þess í Alþingisbókum, hverir þeirra komi og hverir þeirra komi ekki, enda var nú í rauninni ekki mikil ástæða til að ganga mjög ríkt eftir þessu, því að dómendur í yfirrétti urðu 6 eftir tilsk. 30. apr. 1777, og var þá nóg vegna dómstarfa, að þeir sýslumenn sækti þingið, sem í nærsýslunum bjuggu. Var þingfararskylda sýslumanna þó eigi berum orðum af numin, meðan þingið stóð að nafni til.

Það er fullskiljanlegt, að sýslumenn væri ófúsir til þingreiðar, einkum þeir, er sækja áttu langa vegu og torsótta og

1) Alþingisbókin 1729 viðbót.
2) Þjóðskjalasafn A nr. 75 I 4.
3) Alþingisbókin 1748 nr. 15.
4) Alþingisbókin 1784 nr. 1.

eigi áttu brýn erindi. En þeir áttu að sjá lögréttumönnum sínum farborða á þingi, meðan þeir tóku þingfararkaupin, meðal annars, og gegna ýmsum málum, og því var von, að gengið væri eftir þingsókn þeirra, meðan svo stóð. En þegar sú breyting varð, að þeir áttu eigi að sjá fyrir lögréttumönnunum þingtímann og eigi þurfti, nema fárra, í yfirréttinn, þá var fallinn niður grundvöllurinn undir þingreiðarskyldu þeirra almennt. Eftir það hefði verið nóg að gera þeim sérstaklega viðvart, sem ætlast var til að sækti þing, og eigi höfðu sjálfir málum að gegna.

III. *Þingstörf* sýslumanna eru engin ákveðin í lögbókunum. Það hefur ef til vill verið um þá eins og handgengna menn fyrrum eftir Jónsbók Þingfb. 2, að þeir hafa átt að reka konungserindi. En þess gætti auðvitað ekki sérstaklega um sýslumenn fremur en aðra og fór eftir því, hversu hver þeirra var skapi farinn. Erindi sýslumanna á Alþingi verða með tímanum þessi hin helztu:

1. Þeir áttu að vera forsjón nefndarmanna sinna um þingið bæði um vistir og sennilega hafa þeir líka oft hýst þá í tjaldi sínu og síðar í búð. En um það eru þó varla neinar sagnir. Nefndarmönnum munu sýslumenn hafa átt að greiða kaup sitt á Alþingi, meðan þeir tóku þingfararkaupin. En oft hafa þeir líka greitt þingfararkaupin heima í héraði. Afskifti sýslumanna af nefndarmönnum hafa horfið með tilsk. 16. nóv. 1764, nema í Árnessýslu, Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, og einnig í þeim sýslum að því leyti sem þeir áttu ekki heldur að gjalda þeim kaup né annast þá meðan Alþingi stóð.

2. Samkvæmt Járnsíðu Þingfb. 5 og Jónsbók Þingfb. 7 áttu sýslumenn að halda þing á leiðum (þ. e. leiðarþing, haustþing), og skyldi þeir þá tjá það fyrir mönnum, hvað talað var á Alþingi og einkannlega, hvaða endir hafi fallið á mál manna úr sýslu þeirra á Alþingi. Einkum hafa birt verið á leiðarþingum konungsboð, sem lesin voru á Alþingi, og samþykktir og dómar almenns efnis, sem dæmdir voru þar. Meðan enginn var Alþingisskrifari, hafa sýslumenn orðið að leggja sér á minni og líklega þegar fram í sótti látið skrá það helzta, sem á þingi gerðist, svo að þeir gæti birt það á leiðarþingum. Af þessari ástæðu, og þó að ekki hefði annað erindi verið, var sýslumönnum nauðsynlegt að sækja Alþingi og fylgjast með því, sem þar fór fram. Sá sýslumaður, sem ekki sótti þing, hlaut

að öðru jöfnu að vera ófróðari um atburði þingsins en sá, er þar var sjálfur og tók meiri og minni þátt í þinghaldinu. Frá þessu sjónarmiði var fjarvist sýslumanns af Alþingi mikil og oft sjálfsagt bagaleg vanræksla. Að vísu gat sýslumaður aflað sér vitneskju um það, sem fram fór á þingi, þótt hann væri þar ekki, en sú vitneskja var þó sjaldan svo áreiðanleg sem mundi verið hafa, ef hann hefði verið þar sjálfur. Eftir að embætti Alþingisskrifarans var sett á fót og sýslumenn fengu árlega eftirrit hans af Alþingisbókinni, þá hvarf þessi ástæða, því að þá mátti birta á leiðarþingum úr henni það, sem héraðið varðaði sérstaklega eða skifti almennu máli. En þá var líka auðsætt, að leiðarþing varð ekki háð fyrr en sýslumaður hafði fengið eftirrit Alþingisbókarinnar. En á því varð oft eigi lítill dráttur og stundum svo mikill, að eigi hefði mátt bíða þess. Eftir því sem Páll lögmaður Vídalín segir,[1]) hafa leiðarþingin almennt verið horfin úr sögunni á 17. öld. Það bar að eins við, að sérstök þing var skipað að halda í héruðum, ef sérstaklega áríðandi þótti að birta fljótlega og almennt einhver konungsboð, eins og t. d. kauptaxtann 1702, sem Kristján Müller amtmaður bauð sýslumönnum á Alþingi það ár að láta birta á leiðarþingum.

3. Það varð venja, að sýslumenn báru undir lögréttu til ályktunar dóma, er þeir höfðu dæma látið í héraði í málum einstakra manna. Létu þeir þá lesa dóminn upp í lögréttu og lögrétta og lögmenn segja svo álit sitt um hann, annaðhvort þá þegar eða ákveðnir lögréttumenn eru nefndir til þess að rannsaka málið og segja álit sitt á því. Sama var um dóma, sem dæmdir voru í héruðum og voru almenns efnis, um sveitarnauðsynjar eða sýslu. Slíkir dómar voru oft dæmdir og iðulega bornir undir lögréttu og lögmenn. Svo var og altítt, að dómsmenn ákváðu að vísa slíkum málum undir lögmenn og lögréttu. Og skyldi þá sýslumaður bera málið þar upp og fá svar lögréttu og lögmanna. Enn báru sýslumenn oft ýmiskonar fyrirspurnir upp um vandamál sín í lögréttu og leituðu ráða um það, hvernig þeir ætti að hegða sér. Með kgsbr. 27. apr. 1663 var sýslumönnum að vísu bannað að dæma í lífs- og ærumálum, þ. e. brotamálum, þar sem refsingin gat orðið líflát eða

1) Fornyrði lögbókar bls. 326, sbr. og Jón Árnason Islandske Rettergang bls. 378—380.

ærumissir, en þeir áttu þó, eftir því sem venja varð til, að skýra lögmanni og lögréttu frá því, ef slík mál fellu til. Því var það mjög títt á galdramálaöldinni, að sýslumenn fluttu til Alþingis kver og spjöld eða blöð með ókennilegum stöfum (galdratáknum, charactere) og sýndu í lögréttu, eða skýrðu frá galdragrun, er upp hafði komið um einhvern í sýslunni. Það varð venja, að sýslumenn flytti með sér til Alþingis stórbrotamenn til rannsaks, dóms og refsingar á Alþingi. Varð þetta talsvert þung kvöð á sýslumönnum, því að þeir áttu að flytja sakamenn úr sinni sýslu hver á sinn kostnað. Með sama hætti var þeim skylt að flytja sakamenn til aukalögþinga, eftir að farið var að halda þau, enda var þeim það venjulega minni byrði, af því að aukalögþingi mun tíðast hafa verið haldið nær þeim en Alþingi. Sýslumönnum var og skylt að gæta sakamanna sinna á Alþingi og aftur heim í hérað.

4. Það voru lög eftir Jónsbók Kaupab. 10, að hver frjáls maður og fulltíða skyldi sækja sök sína sjálfur, en ef hann hafði ekki kunnustu til eða menning, þá átti konungsumboðsmaður að sækja mál honum til handa. Samkvæmt þessu voru sýslumenn stundum látnir sækja mál þeirra manna á Alþingi, er ekki voru taldir færir til þess sjálfir. Og á 18. öld, eftir að orðin var greining milli einkamála og opinberra mála, setti amtmaður sýslumenn venjulega til þess að sækja svo nefnd opinber mál og verja. Virðist þeim hafa verið talið skylt að taka við skipun amtmanns til þessa.

5. Eftir að yfirréttur var settur á Alþingi, áttu sýslumenn að taka sæti í honum eftir skipun höfuðsmanns og síðar amtmanns (stiftamtmanns).

6. Sýslumenn áttu að standa skil árlega á tekjum þeim, sem konungsvaldið átti að fá af sýslum þeirra, hvernig svo sem sýslugjöldum þessum var annars háttað. Sagnaritarar segja, að sýslumenn hafi verið vanir því til forna, að flytja sýslugjöld sín fyrir þing til Bessastaða, en síðar, á 17. og 18. öld, verða þeir oft að standa fyrir málum sínum á Alþingi út af sýsluhaldi sínu, bæði um veð og ábyrgðir, sem farið var að láta þá setja til tryggingar greiðslum sínum af sýslunum, og svo um eftirstöðvar af gjöldunum. Var tekið að birta á Alþingi skrá yfir eftirstöðvarnar, og hefur það verið gert í því skyni, að betur greiddist, því að sýslumenn mundi fyrirverða sig að láta

það koma opinberlega fram, að þeir stæði í vanskilum með sýslugjöld sín.

7. Sýslumenn sóttu auðvitað þing vegna einkamála þeirra, sem þeir áttu einatt í fyrir sjálfa sig. Og gildir þar sama um þingsókn þeirra sem aðilja yfirleitt. En auk þess áttu þeir að svara til dóma þeirra, sem þeir höfðu dæmt í héraði, eftir að farið var að fara eftir norskum og dönskum réttarákvæðum. Þeir urðu þá aðalmennirnir í öllum málum, sem áfrýjað var eftir reglum Norsku laga, og máttu búast við þungum búsifjum, ef dómar þeirra voru felldir í æðra dómi, sbr. N. L. 1—5—3 og 4, 1—5—9 og 1—22—37.

30. gr.

## Klausturhaldarar, umboðsmenn.

I. Járnsíða og Jónsbók hafa að vonum engin fyrirmæli um Alþingissókn þessara manna, því að þeir voru þá ekki til. En eftir lögbókunum fellu eignir ýmissa stórbrotamanna undir konung. Tók þetta til allra níðingsverka svonefndra. Þar til töldust fyrst og fremst *landráð* og *drottinsvik*. Féllu þar allar eignir sökunauts undir konung. Önnur níðingsverk vörðuðu að vísu aleigumissi, en helmingur eignanna fell undir konung, en helmingur til erfingja. Til þessara verka töldust sum *mannvíg* (ef maður vegur þann, er hann hafði selt grið eða tryggðir, ef maður vegur lögmann fyrir rétta lögsögu, morð og ef maður brennir mann inni, ef bóndi vegur konu sína eða kona bónda sinn eða nánustu skyldmenni (foreldrar, börn, systkini) eða maður er veginn innan stokks eða við búverk sín), *stórfelldir líkamsáverkar* (fóthögg eða handar o. s. frv.), enda yrði það ekki í vopnaviðskiftum, *konurán, nauðgun kvenna, stórþjófnaður, brenna, fordæðuskapur, fals konungsbréfa* eða *konungsinnsiglis* eða *myntar*, sbr. Jónsbók Mannhelgi 2. og 3. kap., Landsleigub. 30 og Þjófab. 1. Með þessum hætti komust smám saman allmiklar fasteignir á Íslandi undir konung, t. d. Merkureignir og Skóga í Rangárþingi, eignir Teits ríka Þorleifssonar, sem Jón biskup Arason keypti þó af konungi, o. s. frv. Í lögum katólsku kirkjunnar voru tilsvarandi ákvæði. Fékk konungur þar stundum hluta af fé brotamanns, sbr. Kristinrétt

Árna biskups 1. kap. (ef maður lætur barn deyja óskirt), 13.—15. kap. (brot á kirkjufriði og klerka), 22. kap (tiundarhald), 27. og 43. kap. (frændsemispell og sifja), 37 .kap. (ef maður leggur í venju að eta slátur um langaföstu) og 38. kap. (ef maður rækir ekki altarisgöngu). Eftir Stóradómi vörðuðu ýms blóðskammarbrot og sifjaspella og lauslætisbrot dauðarefsingu og aleiga brotamanns féll þá undir konung. Kirkjan eignaðist með ýmsum hætti ógrynni jarða. Mikið af þeim áttu klaustrin, sem voru 9 að tölu, þegar siðaskiftin komust á. Klaustraeignir allar voru þá lagðar undir konungsvald. Til forsjár fasteigna konungsvaldsins voru skipaðir klausturhaldarar og umboðsmenn konungsjarða („lénsjarðahaldarar"). Voru jarðir þessar lengstum seldar á leigu, þannig að umboðsmaður fekk afgjöld jarðanna gegn því, að hann svaraði konungssjóði árlegu og ákveðnu gjaldi.

II. Þó að lögbækurnar nefni ekki þingsókn klausturhaldara og umboðsmanna konungsjarða, þá komst sú skoðun þó inn hjá fulltrúum konungs hér, að þessum mönnum væri skylt að sækja Alþingi á sinn kostnað, því að hvergi var þeim tilskilið þingfararkaup né kostur á Alþingi. Þar á móti hafa þeir átt þinggrið sem sýslumenn og aðrir þingsækjendur og skylt mun hafa verið að veita þeim gistingu í þingför með sama hætti Það fór svipað um þingsókn klausturhaldara og umboðsmanna lénsjarða sem um þingsókn sýslumanna. Þeir virðast ekki hafa rækt hana allt af sem bezt. Þegar verið er að víta sýslumenn fyrir vanrækt þeirra í þessu efni, þá eru klausturhaldarar oft þar undir taldir. 1680 auglýsir umboðsmaður höfuðsmanns t. d. skipun hans um, að allir „forléningsmenn" siti þingið svo lengi sem nauðsynlegt sé og þar til því sé upp sagt „undir þeirra .... léna fortöpun".[1]) Þessu var þó alls ekki fylgt. Það er meira að segja sjaldgæft, að þess sé getið í Alþingisbókum, hverir þessara manna komið hafi til þings það ár og hverir ekki. Þess finnast víst varla dæmi, að þeir hafi verið sektaðir fyrir fjarvist af þingi, enda vantar sektarheimild í lög. Það var og öðru máli að gegna um þá en sýslumenn. Klausturhöldurum og lénsjarða-umboðsmönnum eru engin sérstök verkefni fengin í lögum til að leysa af hendi á Alþingi. Það hefur þó mátt setja þá til að flytja mál fyrir þá, er eigi höfðu kunnustu og

1) Alþingisbókin 1680 nr. 14.

menningu til þess, sbr. Jónsbók Kaupab. 10, og til þess að flytja sakamál, eftir að farið var að skipa til þess sérstaka sækjendur og verjendur. Svo hefur og mátt setja þá í yfirréttinn eigi síður en lögréttumenn, ef á því þurfti að halda. Um greiðslur lénsgjalda er líkt að segja og um sýslugjaldagreiðslur sýslumanna. Þeir hafa til forna flutt gjöld sín til Bessastaða á vorin litlu fyrir Alþingi, en þegar fram í sótti, mun breyting hafa orðið á þessu, enda er oft kvartað yfir því á Alþingi, að þeir gjaldi ekki á réttum tíma afgjöld sín, og eftirstöðvar auglýstar í Alþingisbókum. Er því skiljanlegt, að umboðsmenn konungsvaldsins vildu láta klausturhaldara og umboðsmenn lénsjarða sækja Alþingi. Þar var unnt að ná tali þeirra fyrirhafnarlítið og víta vanskilin, semja við þá um greiðslu og fá hverskonar upplýsingar hjá þeim um konungseignir þær, sem þeir áttu að gæta. Meðal annars var hagfelt að hafa þá við, meðan uppboð á umboðum þessara eigna fóru fram á Alþingi, svo að fyrirsvarsmenn konungsvaldsins gæti fengið hjá þeim fræðslu um lénin.

## 31. gr.

## Lærðir menn.

I. Samkvæmt Járnsíðu Þingfb. 2 áttu biskupar að láta nefna 12 skynsama lærða menn til þingreiðar, 4 að norðan, 4 að sunnan, 2 að austan og 2 að vestan. Ef þessir menn komu ekki til þings forfallalaust, þá skyldi þeir missa reiðu (þ. e. tekna) af fasteignum næstu 2 missiri. Járnsíða segir ekki, hvað þessir lærðu menn eiga að gera á Alþingi. Ekki segir hún heldur neitt um skyldu biskupa til þess að sækja þingið. Hitt er alkunnugt, að þeir sóttu það þann áratug, sem Þingfararbálkur Járnsíðu gilti hér. 1275 segir t. d., að Árni biskup Þorlákssón hafi fengið lögtekinn Kristinrétt sinn á Alþingi, utan fá kapitula,[1]) og má rekja nokkurn veginn þingsókn hans ár fyrir ár þetta tímabil, og er, sem vænta mátti, gert mikið úr því, hversu miklu hann hafi stundum ráðið þar.

Jónsbók hefir engin fyrirmæli um það, að biskupar sæki Alþingi eða nefni lærða menn til þingreiðar. Það boð féll því

1) Bps. I 698.

niður með Jónsbók, enda mundi kirkjuvaldið varla hafa talið konungi og veraldarvaldinu heimilt að setja í lög sín ákvæði, er leggði slíka skyldu á herðar kirkjuvaldinu. Í katólskum sið taldi kirkjan sig jafnréttháa og ríkið, og sína valdsmenn hliðsetta veraldarvaldinu og þó nokkru hærri, þar sem páfinn taldi sig beinlínis umboðsmann guðs á jörðinni. Kirkjan hafði sitt dómsvald í ákveðnum flokkum mála, er talin voru í Kristinrétti Árna biskups, svo sem um gildi hjúskapar og hjónaskilnað, arfleiðslu, eiða, okur, heit, lögsögu í öllum málum, hvers eðlis sem þau voru, er vörðuðu kirkjur, klaustur eða eignir þeirra, eða kennimenn og klaustra, hvers eðlis sem þau mál voru. Jafnvel mál landseta á stólsjörðum voru dæmd af kirkjudómum. Og kirkjuvaldið hafði allnákvæmar gætur á því, að veraldarvaldið gengi ekki á réttindi kirkjunnar, setti ekki lög um kirkjuefni, er breyti bág við „guðs lög", þ. e. kirkjulögin, tæki sér ekki dómsvald í málum, sem kirkjan taldist eiga að dæma, o. s. frv. Svo átti kirkjan, eða einstakir kirkjuhöfðingjar, oft deilur við veraldarhöfðingja eða mál, er hún þurfti að koma fram með aðstoð eða í samráði við þá. Nú var Alþingi samkomustaður þeirra. Og þar mátti búast við, að ráð kynni að vera ráðin, sem kirkjunni væri óhagstæð. Auk þess höfðu kirkjuhöfðingjar margháttuð skifti við veraldarhöfðingja. Þeir voru auðhittastir í einu lagi á Alþingi. Þessa vegna alls er það auðsætt, að biskupar og önnur stórmenni kirkjunnar hafi sótt Alþingi að jafnaði. Það er víst líka áreiðanlegt, að biskupar á Íslandi í katólskum sið sóttu þangað árlega, að minnsta kosti þeir íslenzku, nema þeir væri forfallaðir. Staða-Árni, fyrsti íslenzki biskupinn í Skálholti eftir að landið komst undir konung, átti í stöðugum deilum við leikmenn um forræði á kirkjum og kirknafjám, og voru þær deilur að miklu leyti háðar á Alþingi, að því leyti sem þær gerðust hér á landi. Um hina voldugu og ríklunduðu biskupa á síðara hluta 15. og fyrra helmingi 16. aldar er alkunnugt, að þeir sóttu Alþingi. Það er beinlínis sérstaklega fært í frásögur, ef þeir sóttu ekki þing. Það er annað hvort vegna forfalla eða af því að þeim þykir sér ekki óhætt, eins og 1541, er Jón biskup Arason sneri við í Kalmannstungu, en reit Alþingi bréf ásamt 6 klerkum og 6 leikmönnum.[1]) Um þingríki biskupa í katólskum sið eru ýms-

1) Dipl. Isl. X nr. 330.

ar sagnir. Hafa þeir Skálholtsbiskupar Magnús Eyjólfsson, Stefán Jónsson og Ögmundur Pálsson allir verið afarmenni, og hefur kveðið mjög að þeim á Alþingi. Sama var um samtíðamenn þeirra á biskupsstóli að Hólum, þá Ólaf Rögnvaldsson, Gottskalk Nikulásson og Jón Arason.

Biskupum var ekki ætlað sæti í lögréttu eftir að konungsvald komst á landið, eins og verið hafði eftir lögum lýðríkisins. Það má þó vera, að á síðara helmingi 15. aldar, þegar veldi kirkjunnar hér stóð einna hæst, að biskupar hafi haft þar sæti. Árið 1481 má sjá það, að Ólafur biskup Rögnvaldsson er, ásamt prestum sínum, í lögréttu. Lætur hann lesa þar upp verndarbréf konungs til handa Hólakirkju og dóma sína um Bjarna Ólason og Randíði í Hvassafelli og enn forboðsbréf sitt yfir Hrafni lögmanni Brandssyni. Nú var Hrafn lögmaður sjálfur þá í lögréttu. Hinn lögmaðurinn var Eyjólfur Einarsson, en ekki er þó kunnugt, hvort hann hefur verið í lögréttu. Menn lögmanns gerðu hark og háreysti, svo að bréfalesturinn skyldi ekki heyrast, og buðu sig til að draga prestana út af lögréttunni. Þeir „höstuðu" biskup einnig út af lögréttu og sögðu, að hann ætti ekki þar að vera. En hann kvaðst vera „ríkisins ráð í Noregi" og bauð sig til að „styrkja konungsins rétt", og hrökkladist svo út úr lögréttu.[1]) Biskuparnir voru að vísu stöðu sinni samkvæmt í ríkisráði Norðmanna, en þess vegna áttu þeir varla sæti í lögréttu, þó að svo virðist sem Ólafur biskup telji sér heimila setu þar fyrir þá sök. Hitt mun heldur vera, að biskupar hafi þurft lögmanns leyfi til þess að ganga inn fyrir vébönd, eins og aðrir, sem eigi eru í lögréttu nefndir, sjá Jónsbók Þingfb. 3. Samt sem áður höfðu biskupar auðsjáanlega mjög mikil áhrif á mál á Alþingi. Það er margsinnis sagt, að þessi samþykkt eða hin hafi verið gerð á Alþingi með samþykki manna innan vébanda og utan, og þar á meðal sérstaklega biskupa, t. d. Píningsdómur, sem officialis Skálholtskirkju er sagður hafa samþykkt.[2])

Biskupar í kaþólskum sið munu hafa kvatt til þingreiðar og hafa haft í fylgd með sér allmarga presta sína. Það er auðséð, að Ólafur biskup Rögnvaldsson hefur presta að norðan með sér á Alþingi 1481, því að svo er þá sagt, að menn Hrafns

1) Dipl. Isl. VI nr. 347.
2) Dipl. Isl. V nr. 617.

lögmanns Brandssonar hafi ætlað að draga þá út af lögréttunni. Jón Arason hefur auðsjáanlega með sér presta 1541, eins og áður er vikið að. Og mætti svo lengi rekja. Auk þess eru þess mörg dæmi, að *ábótar* sóttu Alþingi, þótt slíkt hafi farið nokkuð eftir fjarlægð og hafi varla verið reglubundið. Hafa klerkar sjálfsagt oft komið til þings eftir skipun eða tilmælum biskups síns. Þetta átti vitanlega sérstaklega við um Skálholtsbiskup og klerka hans. Sá háttur mun snemma hafa á komizt, að Skálholtsbiskup héldi allsherjar-prestafund (sem þeir kölluðu seinna synodus generalis) á Þingvelli á sama tíma, sem þingið var háð. En þetta sýnist þó alls ekki hafa verið alltaf gert. Skálholtsbiskup heldur stundum prestastefnu í Skálholti alveg fyrir þing. Og stundum hélt hann þær annarstaðar, eins og í Miðdal í Laugardal. Nafnkunnust mun vera prestastefna Gizurar biskups Einarssonar þar 1541, þegar klerkar hans allmargir gangast undir hina nýju kirkjuskipun.[1]) Á prestafundi á Þingvelli var og venja að kjósa biskupa Skálholtsbiskupsdæmis. Á prestastefnum nefndu biskupar og dóma í málum kirkjunnar. Og það er jafnvel ekki trútt um það, að biskupar nefni klerka í dóma að hálfu leyti, en lögmaður leikmenn að hálfu leyti, þótt veraldarmál sé í raun réttri, eins og Ögmundur biskup gerir 1539.[2]) En sjálfur hafði hann keypt jörð þá, er mál þetta var um, en það var hvergi stílað á móti honum, að því er sjá má. — Hólabiskupar höfðu þar á móti ekki prestastefnu á Þingvelli, heldur nyrðra, á Eyrarlandi, Hólum eða Flugumýri, og enn víðar eftir ástæðum.

II. Eftir siðaskiftin varð sú meginbreyting á stöðu kirkjunnar á Íslandi, eins og annarstaðar í löndum mótmælenda, að konungur varð æðsti valdhafi hennar. Hún missti sjálfstæði sitt í löggjöf sinni, stjórn og dómgæzlu. Biskupar urðu embættismenn konungs og konungsvaldinu því háðir sem aðrir embættismenn. Dómar greindust að vísu enn í „andlega“ og „veraldlega“ dómstóla, en fjöldinn allur þeirra mála, er kirkjudómstólar dæmu í katólskum sið, hurfu nú undir veraldardóma. Kirkjudómarnir sögðu þó enn lög um gildi hjónabands og hjónaskilnaðar, um framferði kennimanna í embætti og utan þess að því leyti sem það varðaði siðsemi og ráðvendni

1) Dipl. Isl. X nr. 336.
2) Dipl. Isl. X nr. 180.

og mátti skerða hæfileika til prestsskapar, um kirkjuaga, hvenær og hversu honum skyldi beita, svo sem um aflausn, og um gildi kirkjulegra athafna, svo sem skírnar, aflausnar o. s. frv. Auk þess var algengt að leita álits presta um mál, er nálguðust kristnihald og kennimennsku, svo sem í galdramálum, barnsfaðernismálum, um eiðvinningu o. s. frv. Í héraði dæmdu prófastar með tilkvöddum prestum í andlegum málum, en sem æðri dómur dæmdi consistorial- eða synodalréttur (prestastefna, synodus generalis). — Þessa aðaldrætti um skipun dómsvalds í andlegum málum eftir siðaskiftin hefur þótt rétt að nefna til skilningsauka á því, er sagt verður um þingsókn kennimanna hér á eftir. Verður þó um það efni að greina á milli kennimanna í Hólabiskupsdæmi og Skálholts.

A. Þó að biskupar yrði embættismenn konungs eftir siðaskiftin, þá verður ekki leidd þar af áreiðanleg ályktun um þingsóknarskyldu þeirra, því að ýmsir embættismenn, sem konungsveitingu höfðu til embætta sinna, voru ekki skyldir til þingsóknar. Hólabiskup hafði venjulega engi dómstörf á Alþingi eftir siðaskifti. Þau mál, er „andlegir" dómstólar Hólabiskupsdæmis fóru með, voru dæmd norðanlands, í héraði af prófastsdómi og síðan af synodalrétti, sem biskup var vanur að halda á Flugumýri í Skagafirði. Sú var venjan og hafði lengi verið, að prestastefnur nyrðra væri háðar þar, eins og sjá má á prestastefnubókum þaðan frá því eftir miðja 17. öld, sem geymdar eru í Þjóðskjalasafni, og í erindisbréfi biskupa 1. júlí 1746 24. gr. er það beinlínis boðið, að prestastefnu í Hólabiskupsdæmi skuli árlega halda að Flugumýri. Prestastefna Hólabiskups hlaut að fara með svipuðum hætti og prestastefnur Skálholtsbiskups, og má því vísa til þess, er þar um verður sagt. Þó er sá munur, að stiftamtmaður, eða amtmaður í stað hans, var ekki viðstaddur prestastefnur nyrðra, nema hann væri þar á ferðalagi, eins og 1697. Þá var Kristján amtmaður Müller á prestastefnu að Flugumýri og undirritar fyrstur gjörðabók. Þegar fara skyldi með dómsmál á prestastefnu norðanlands, lét amtmaður einhvern lagamann þar setja synodalréttinn fyrir sína hönd. Svo er að minnsta kosti jafnan eftir 1720,[1]) en fyrir þann tíma sést ekki, að veraldlegur embættis-

1) Það ár situr Benedikt varalögmaður prestastefnu samkvæmt umboði amtmanns og oft síðan.

maður hafi, nema 1713,[1]) undirritað gjörðabók prestastefnu nyrðra, að undanteknum Müller amtmanni 1697. Mætti vera, að þetta stæði í sambandi við það, að fyrst 1718 er boðið að haga meðferð dómsmála hér á landi eftir norsku lögum, en samkvæmt þeim átti stiftbefalingsmaður og biskup að skipa synodalrétt, N. L. 1—2—12. Eftir að landinu var skift í ömt (1770) hefur amtmaður í Norður- og Austuramti setið synodalrétt með Hólabiskupi, enda er svo beinlínis fyrir mælt í konungsbr. 15. febr. 1788 4. gr. um meðferð hjónabandsmála.

Þó að ekki verði bent á lögákveðna skyldu Hólabiskupa til þess að sækja Alþingi, þá er víst, að þeir sóttu það iðulega á síðara hluta 16. aldar og fram yfir 1700. En það var sjálfsagt oftast í sínum erindagjörðum, að þeir komu þangað eða til að bæta hagi presta sinna eða embættis síns. Þess er mjög oft getið í Alþingisbókum 17. aldar, að Hólabiskup hafi verið á þingi og hafi látið birta þar ýmislegt. Um menn eins og Guðbrand biskup Þorlaksson, sem var höfuðskörungur og stóð sjálfur lengstum í stórdeildum við aðra höfðingja, má nærri geta, að þeir hafi venjulega sótt Alþingi. En Guðbrandi biskupi virðist þó ekki talið það *lögskylt*. Þegar kjósa skyldi biskup handa Skálholtsbiskupsdæmi 1588, eftir lát Gísla biskups Jónssonar, segir Jón Halldórsson, að umboðsmaður höfuðsmanns hafi skrifað Guðbrandi biskupi og *beðið* hann að koma þá til Alþingis og vera til umráða um biskupskjör. Bendir þetta til þess, að Guðbrandi biskupi hafi ekki verið talið skylt að sækja Alþingi. Biskup svarar svo, að hann megi ekki koma sakir veikinda, en annars skyldi hann „gjarnan þangað koma, svo nú sem oft fyrri“[2]). Þingsókn Hólabiskupa á 18. öld mun hafa farið að strjálast, enda er ljóst, að þeir hafa átt þangað minna erindi en áður eftir að samþykktarvald þingsins um almenn mál er úr sögunni og þingið er orðið aðeins dómstóll og birtingarstaður laga og annars, er þeir gátu séð í Alþingisbók hvers árs.

B. 1. Það voru ekki sett ákvæði í lög um skyldu biskups eða klerka í Skálholtsbiskupsdæmi til að sækja Alþingi á síðaskiftatímanum, og þau voru yfirhöfuð ekki sett á 16. eða 17.

1) Þá greiðir Benedikt Beck sýslumaður í Hegranessþingi atkvæði um mál prests nokkurs og undirritar það í gjörðarbókinni fyrstur og biskup svo, er bókað var í því máli.

2) Sögufélagsrit II, I 161, 162.

öld. En svo er að sjá sem fyrsti lúterski biskupinn, Gizur Einarsson, telji sér skylt að koma á Alþingi. Skálholtsbiskupar héldu iðulega prestastefnur á Þingvelli um þingtímann eftir siðaskiftin og fram á 17. öld. Marteinn biskup Einarsson heldur t. d. prestastefnu á Þingvelli 1. júlí 1549, þar sem hann nefnir í dóm 23 klerka, er dæma alla þá dóma, bréf, gerninga og allt annað, sem Jón biskup Arason hefur gert eða gera látið í Skálholtsbiskupsdæmi dautt og marklaust.[1]) Oddur biskup Einarsson virðist og iðulega hafa haldið prestastefnu á Þingvelli, svo sem 1589 og 1590, og er samþykkt til frá þeim prestastefnum um skírn, hjónavígslu, aflausn o. fl.[2]) Mun prestastefna hafa verið oft eða líklegast alltaf háð þar á sama tíma sem Alþingi á síðara hluta 16. aldar og á 17. öld í tíð þeirra feðga, Odds biskups og Gísla sonar hans. Frá því, er Brynjólfur biskup Sveinsson tók embætti, var prestastefna árlega haldin á Þingvelli á sama tíma sem Alþingi. Fékk Brynjólfur biskup þetta samþykkt þar á prestastefnu árið 1639. Eru síðan það ár til prestastefnubækur Skálholtsbiskupsdæmis í Þjóðskjalasafni, og sýna þær, að þar var prestastefna ávallt háð. Loks var það berum orðum boðið í erindisbréfi biskupa 1. júlí 1746 24. gr., að prestastefna Skálholtsstiftis skyldi haldin á Þingvelli á sama tíma sem Alþingi. Og var það líka jafnan gert fram til 1798. Það ár var prestastefna síðast haldin á Þingvelli á 18. öld. En um leið og Alþingi var þaðan flutt, var prestastefnan líka færð þaðan, og var síðan háð í Reykjavík árin 1799 og 1800.

2. Eftir siðaskiftin komst sú venja á, að svonefndir helmingadómar dæmdu þau mál, er undir kirkjuna hnigu og fyrr er getið. Nefndu veraldarmenn (sýslumenn í héraði, og lögmenn á Alþingi) helming dómenda, en embættismenn kirkjunnar (venjulega prófastar í héraði og biskup og stöku sinnum biskupar báðir á 17. öld[3]) á Alþingi) hinn helminginn. Þessi venja var andstæð kirkjuskipun Kristjáns þriðja og Kristjáns fjórða og því skipulgi, sem annarstaðar tíðkaðist á þessum málum og því var það, að Brynjólfur biskup fékk þessa venju af tekna á prestastefnu sinni 1640 og hefur vafalaust náð til þess sam-

1) Dipl. Isl. XI nr. 611.

2) Alþingisbækur Íslands II 146, 178.

3) 1637 nefna lögmenn samtals 12 menn í dóm og biskup hvor 6 presta til að athuga mál eitt (Þingbók Árna Oddssonar í Þjóðskjs. bl. 107 b).

þykki Alþingis og líklega höfuðsmanns. Skyldi nú andleg mál dæma í andlegum dómi (þ. e. kirkjunnar embættismenn nefndu *alla* dómendur). Síðan nefndi prófastur einn dómendur í héraði í þessum málum og biskup einn á prestastefnum. Skálholtsbiskup hafði einn forsæti á sínum prestastefnum þar til stjórnarfarsbreytingin varð 1683. Það mun ekki verða séð, að höfuðsmaður, eða umboðsmaður hans hér, hafi gert kröfu til forsætis á prestastefnu með biskupi. Að vísu segir svo í Kancellíbréfi 31. marz 1787, að höfuðsmaður og biskup hafi báðir haft forsæti í synodalrétti síðan siðaskiftin, en rök munu ekki finnast til þessa hér á landi. Prestastefnubækurnar bera þess engin vitni frá 1639 til 1683. Það er ekki fyrr en árið 1687, að nafn amtmanns sést ritað undir gjörðir prestastefnunnar í prestastefnubókinni. Það virðist hafa verið litið svo á, að stiftbefalingsmaður, eða umboðsmaður hans, sem lengstum var amtmaður, ætti að hafa forsæti í synodalrétti og atkvæðisrétt um mál, sem þar voru dæmd. Til marks um það er, að 1688 heldur Þórður biskup Þorlákssón prestastefnu (aukaprestastefnu) í Arnarbæli í Ölfusi og dæmir prestastefnan þar hjónaskilnaðarmál, en biskup lætur jafnframt bóka ósk sína um það, að Müller amtmaður vilji samþykkja dóminn. Sams konar ósk er bókuð í gjörðabók Alþingisprestastefnu árin 1698, 1699 og 1700, en amtmaður hefur þó ekki undirritað gjörðabók prestastefnunnar þessi árin.[1]) 1701 og 1702 undirritar Müller amtmaður þar á móti gerðabók og þá á undan biskupi. 1703 kom fyrir prestastefnu á Þingvelli mál á hendur presti einum, sem hafði lofað tveimur aðiljum sama hlutnum. Bað biskup amtmann að dæma þetta mál með sér og prestum sínum, en amtmaður sagðist halda sér við kongsins lög og kvað sér óskylt að dæma nema í hjónaskilnaðarmálum,[2]) nema hann sjálfur vilji og í þrengjandi nauðsyn". Og var hann þá spurður, hvort ekki mætti vænta umboðsmanns hans, en amtmaður kvað hans ekki mætti heldur vænta í dag. Dæma biskup og prestar hans klerk af embætti, en ekki um málið að öðru leyti, en amtmaður hefur ekki undirritað gjörðabók. Það verður nú

1) 1698 og 1699 vantar yfirhöfuð *allar* undirskriftir í bókina.

2) Er nú ætlandi um Müller, að hann mundi helzt halda sér til Norsku laga, sem menn báru oft helzt til mikla virðingu fyrir um þessar mundir, en þar segir beinlínis í 1—2—12, að stiftbefalingsmaður og biskup *dæmi* „andleg" mál presta, en þetta var einmitt eitt slíkt mál.

venja, að umboðsmaður stiftbefalingsmanns (amtmaður venjulega) sitji synodalrétt með biskupi og undirriti gjörðabók prestastefnu. 1707 t. d. undirritar Oddur Sigurðsson, þá fulltrúi stiftbefalingsmanns, prestastefnubókina. 1712 kom Oddur ekki til Alþingis, og Jón biskup Vídalín hafði þá einn forsæti í synodalrétti. Þá dæmdi hann prest einn frá embætti, en Oddur Sigurðsson bannaði aðilja að hlýðnast dóminum fyrr en samþykki stiftbefalingsmanns kæmi til. Mun þetta vottur þess að það hafi þá verið talið nauðsynlegt, að stiftbefalingsmaður eða umboðsmaður hans sæti synodalrétt og dæmdi þar.

Í erindisbréfi amtmanns 30. maí 1718 5. gr. segir, að hann skuli hafa eftirlit með andlegum málum og fara þar eftir Norsku lögum, og í erindisbréfi stiftbefalingsmanns 27. apríl 1720 4. gr. segir, að hann skuli sjálfur vera við réttarhöld í andlegum og veraldlegum málum og í 8. gr., að hann skuli sjá um, að þar sé farið eftir Norsku lögum. Í. N. L. 1—2—12 til 14 segir, að þessi mál, og hjónabandsmál, dæmi stiftbefalingsmaður með biskupi og prestum. Var nú ekki vafasamt um rétt og skyldu stiftbefalingsmanns — eða umboðsmanns hans — til að sitja synodalréttinn með biskupi og prestum hans í andlegum málum svonefndum, enda verður það óslitin venja úr þessu.

Árið 1727 hefur Snæbjörn Pálsson (Mála-Snæbjörn) t. d. höfðað mál fyrir synodalrétti á Alþingi, og eru báðir, amtmaður fyrir hönd stiftbefalingsmanns og biskup, nefndir *præsides* (forsetar) dómsins. Biskup setur þó réttinn þar til 1735, en þá er að sjá að umboðsmaður stiftbefalingsmanns fari að gera það. Ef amtmaður gat ekki setið í dóminum, þá átti landfógeti að gera það, en ef hann var forfallaður, þá lögmaðurinn annarhvor, og loks, ef hans missti við, elzti sýslumaður, sem á Alþingi var staddur, kgsbr. 3. júní 1754. Eftir að landinu var skift í ömt, varð stiftamtmaður, sem jafnframt var amtmaður í Suðuramti, forseti synodalréttar á Þingvelli. Það var lengstum ekki vafi á því, að stiftbefalingsmaður eða umboðsmaður hans — og síðar stiftamtmaður og biskup ætti *báðir* forsæti í synodalrétti og að munurinn væri eigi annar en sá, að biskup ritaði nafn sitt í gjörðabókina á eftir nafni hins. En í embættistíð Levetzows stiftamtmanns reis deila um þetta milli hans og Hannesar biskups Finnssonar, því að stiftamtmaður hugðist *einn* eiga forsæti í dóminum, en biskup taldi sig eiga það

*með* stiftamtmanni. Er einsætt, að biskup hefur haft á réttu máli að standa. Rituðu aðiljar Kancellii um málið, og skar það svo úr því með bréfi 31. marz 1787, að báðir ætti forsæti í synodalrétti, en stiftamtmaður skyldi rita nafn sitt fremst, með því að hann væri æðri að mannvirðingum, og biskup nafn sitt á eftir honum, og að öðru leyti væri þeir jafn hátt settir (ko-ordineret). Stiftamtmaður sæti til hægri handar biskupi og ætti að sjá um, að málin væri löglega rekin. Að öðru leyti hefði stiftamtmaður engin afskifti af biskupi, próföstum og prestum eða athöfnum þeirra á synodus, nema hann fengi sérstaka skipun um það. Með kgsbr. 15. febr. 1788 var endurnýjuð gömul venja um meðferð hjúskaparmála í synodalrétti og mælt svo fyrir, að stiftamtmaður skuli sitja synodalrétt á Þingvelli í þeim málum.

3. Auk biskups áttu *prófastar* og *prestar* að sækja prestastefnur, og hlaut það ekki síður að taka til prestastefna á Þingvelli en prestastefna annarstaðar. Boðuðu biskupar þá presta á fund, er þeim sýndist. Og fór svo fram þar til Brynjólfur Sveinsson varð biskup. Á Alþingis-prestastefnu 1639 var það að fyrirlagi hans samþykkt, að prófastar úr Rangárþingi, Árnessþingi, Kjalarnessþingi, Borgarfjarðarsýslu og Snæfellsnesssýslu skyldi jafnan sækja prestastefnu á Þingvelli. Komu þó næsta ár (1640) aðeins 2 þessara prófasta, og þykktist biskup við, sem von var, en prófastar þóttust þurfa þingfararkaups, eins og lögréttumenn. Lofaði biskup að flytja það mál við höfuðsmann. Varð þó ekkert að því gert. En kost hélt Brynjólfur biskup prestum sínum, meðan prestastefna stóð, og svo segir Jón prófastur Halldórsson Þórð biskup Þorlákssón og Jón Vídalín hafa gert „eftir gamalli viðtekinni venju“. En í skyn gefur höfundurinn, að þetta hafi niður lagzt, og ætti það þá að hafa verið í biskupstíð Jóns Árnasonar. Og vel sóttu prestar synodus á Þingvelli í tíð Brynjólfs biskups eftir það. 1732 endurnýjaði Jón biskup Árnason fyrirmæli Brynjólfs biskups um prestastefnusókn prófasta og presta, nema prófastur í Snæfellsnessýslu var eigi til nefndur. Í erindisbréfi biskupa 1. júlí 1746 24. gr. segir aðeins, að þeir prófastar og prestar, sem biskup boði skriflega á prestastefnu á Þingvelli, skuli þangað koma. Brynjólfi biskupi, segir Jón prófastur Halldórs-

1) Sögurit II I, 242—243.

son, þótti viðurkvæmilegt, að 12 aura sekt lægi við, ef prófastur eða prestur, sem löglega væri kvaddur á synodus á Þingvelli, kæmi ekki forfallalaust. Ekki mun þessu þó hafa verið beitt, fyrr en Finnur officialis, síðar biskup, Jónsson, gerði það 1744.[1]) Í erindisbréfi biskupa 25. gr. er talað um, að sá prestur er eigi komi, en hafi forföll, skuli biðja annan prest að fara í stað sinn, en annars verði hann sektaður eftir venju. — Eftir prestastefnubókum að dæma, þá hefur venjulega milli 10 og 20 prófastum og prestum verið boðið að sækja prestastefnu á Þingvöll, oftar þó nær 10 en 20.

Vist lærðra manna á Þingvelli hefur verið með líkum hætti og annara. Í kaþólskum sið hafa Skálholtsbiskupar átt búð á Þingvelli (Gyrðsbúð, Ögmundarbúð), en eigi hefur þeim búðum verið haldið við. Á 17. öld eru þær að minnsta kosti úr sögunni, því að Brynjólfur biskup hefst við í tjaldi, en ekki búð á Þingvelli.[2]) Biskup og kennimenn höfðu bækistöð sína á 18. öld fyrir austan Öxará, sem sagt hefur verið, enda héldu þeir synodus í Þingvallarkirkju, að minnsta kosti venjulega.

4. Það, er fram fór á prestastefnu á Þingvelli var í höfuðatriðum sem hér segir:

a. Synodus hófst með guðsþjónustu í Þingvallarkirkju, og skyldi sá prestur eða prófastur prédika, sem biskup nefndi til þess, erindisbréf biskupa 26. gr. Þetta mun vera gamall siður, er löggjöfin hefur staðfest, enda skyldi Alþingi hefjast með guðsþjónustu, eins og áður er að vikið, og mun allt vera ein og sama guðsþjónustan, eða hafa venjulega verið það.

b. Þá skyldi birta þar konungsbréf, tilskipanir og bréf stjórnardeilda, er biskupsdæmið vörðuðu, og rita á þau vottorð um birtinguna, erindisbr. bisk. 27. gr. Þetta var ekki heldur neitt nýmæli, því að svo hefur verið gert öldum saman, enda bera prestastefnubækur þess ljóst vitni.

c. Á prestastefnum voru margar samþykktir gjörðar um kirkjuleg efni. Það ræður að líkum, að prestastefna hafi ekki getað samþykkt neitt, er fór í bága við gildandi löggjöf. Þar sem engin lög voru eða vafasöm var skýring laga, þar var títt, að prestastefnur gerði samþykktir. Þetta tók einkum til helgisiða, svo sem skírnar, hjúskapar, greftrunar, aflausnar, kirkju-

1) Sögurit II I, bls. 420.
2) Sbr. sama rit, bls. 243.

aga, hegðunar presta og helgihalda. Það mun fara svipað um samþykktir prestastefna almenns efnis og Alþingissamþykktirnar, að þær falla úr sögunni eftir 1700. Þó eru þær til yngri, eins og sú frá 1732 um prestastefnusókn, eins og áður er getið.

d. Þá voru rædd ýms kirkjuleg efni á prestastefnum, fyrirspurnum presta um það, hvernig þeir ætti að haga sér í embættismálum ýmsum, svarað, biskupar gáfu prestum ráðleggingar og áminningar eftir því sem efni voru til o. s. frv., sbr. erindisbréf bisk. 28. gr.

e. Dómstörf. Lengstum hafa biskupar einir gefið út stefnur til synodalréttar, sbr. t. d. prestastefnubók 1727 um mál Snæbjarnar Pálssonar, en eftir Kancellibr. 31. marz 1787 átti að gefa út stefnu í nafni beggja, stiftamtmanns og biskups. Sömu prestar dæmdu þau mál öll, er dæma skyldi hverju sinni, að því er séð verður eftir prestastefnubókunum. Og svipuð virðist málsmeðferð vera og í lögréttu. Þeir, sem fyrir sökum eru hafðir, eru t. d. yfirheyrðir þar, ef á þarf að halda, t. d. 1704. Þá er kona, sem hórast hafði, rækilega yfirheyrð í skilnaðarmáli milli hennar og bónda hennar. Og boðið um, að meðferð dómsmála færi eftir Norsku lögum, tók einnig til andlegra mála og þar með til málsmeðferðar í synodalrétti. — Dómsgjörðir synodalréttar átti, eftir Kancellibréfi 31. marz 1787, að gefa út í nafni beggja forseta hans.

## 32. gr.

## Aðiljar einkamála.

I. Jónsbók gerir ekki — og þá auðvitað ekki heldur Járnsíða — slíkan mun á meðferð mála eftir því, hvort þau voru höfðuð af ríkisvaldinu til refsingar fyrir hegningarvert athæfi og annara mála, sem nú hefur lengi verið gerð. En allt um það verður þó munar þessa vart í Jónsbók og svo í meðferð einstakra mála. Því þykir réttast að tala sér um þingsókn aðilja einkamála, þ. e. mála, sem aðiljar ráða sjálfir að mestu leyti og eru milli ákveðinna manna. Á öðrum stað ber og að tala um Alþingissókn manna, sem að vísu hafa einhver mál að kæra og koma til þings þeirra vegna, en hafa þó enn ekki stefnt andstæðingi sínum, og loks manna, sem fyrir refsiverðum sökum eru hafðir og til Alþingis eiga að koma.

I. Lögbækurnar, Járnsíða og Jónsbók, gera auðvitað ráð fyrir því, að aðiljar dómsmála sæki Alþingi til þess að framfylgja málum sínum, sbr. Járns. Þingfb. 3 og Jónsb. Þingfb. 4 (mál, sem til Alþingis eru stefnd), Járns. Þingfb. 6 og Jónsb. Þingfb. 9, þar sem manni er veittur kostur að stefna máli sínu til Alþingis, ef hann fær ekki réttindi sín heima í byggðum eða fyrir lögmanni. En lögbækurnar láta ekki nánar mælt um þingför aðilja. Fyrirmæli lögbókanna, Járns. Þingfb. 4 og Jónsbókar Þingfb. 5, um grið í þingför og á Alþingi hafa þó náð til þessara þingsóknarmanna. Aftur á móti hafa þeir orðið að kosta þingför sína og þingdvöl. Lögbækurnar segja ekki berum orðum, hvenær þessir þingsækjendur skyldi vera komnir til þings. Þær leggja aðeins víti við, ef menn, þar á meðal aðiljar, afrækja lögréttu, þannig, að sá, sem það gerir, á enga uppreist síns máls á þeimi degi, „hvat máli, sem hann á at drífa á Öxarárþingi", Jónsb. Þingfb. 3, sbr. Járns. Þingfb. 3. Þetta var þó refsing, sem varla hefur verið notuð, nema þing teðist ekki fyrir hana. Það hefur ekki verið nauðsynlegt, að málsaðiljar kæmi þegar kveldið fyrir Péturmessu og Páls til Alþingis, eins og lögmenn, nefndarmenn og sýslumenn. Af því fara lengi engar sögur, hvenær aðiljar hafi verið komnir til Alþingis. En hitt er kunnugt, að Alþingi stóð heldur stutt fram til 1593, stundum ekki nema örfáa daga, svo að óánægja reis af því, hversu þing stóð stutt.[1]) Er því líklegt, að aðiljar hafi venjulega komið í þingbyrjun, því að annars áttu þeir á hættu, að engin úrlausn fengist á mál þeirra að því sinni. Með konungsboði frá 9. maí 1593 var, eins og fyrr hefur verið sagt, boðið, að Alþingi skyldi standa að minnsta kosti 8 daga. Þetta boð varð svo til þess, að aðiljar hafa farið að koma síðar til Alþingis en áður hafði verið, því að nú þóttust þeir mega treysta því, að óhætt væri að koma ekki fyrstu 8 dagana, því að þingið stæði þó að minnsta kosti svo lengi. Mátti þetta vel verða til þess, að lítið eða ekkert væri að gera fyrra hluta þingtímans. Á 17. öld er þó ekki svo mjög um þetta talað, en þó eru þingsköpin frá 1. júlí 1695 vottur þess, að menn muni hafa verið farnir að nota sér af þessu. Segir þar í upphafi, að Alþingi standi nú 10—14 daga, í stað 3—5 áður, helzt af því, að sýslumenn „og aðrir, sem nokkur mál hafa fyrir réttinn að

1) Sjá að framan § 21 II.

leggja, koma ei í þann rétta tíma, sem lögmálið til heldur". Og eru þingsköpin 1. júlí 1695 sett til þess, að slík „vanskikkun" mætti aftakast. Var nú boðið í 1. gr. þingskapanna, að „sýslumenn .. og sérhverir aðrir, sem í lögréttu hafa nokkrar sakir fram að bera, eður nokkrum málum eður lagasóknum gegna eiga", sé komnir til Alþingis kveldið fyrir Péturssmessu og Páls. Þetta nær tvímælalaust til aðilja einkamála, enda verður það enn ljósara af framhaldi 1. gr. þingskapana 1. júlí 1695, því að þar er aðiljum boðið að auglýsa á sama kveldi „hver fyrir sínum lögmanni, honum til eftirtekta og umþenkingar, þau mál, sem úr héruðum eru undir lögmann og lögréttu úrskurð lögð, upp á það þeir í tíma vita fái, hverjar sakir fyrir réttinum trakterast eiga, og tíðin þess vegna ei uppi haldist, sem áður er um getið". — Auðvitað átti þetta boð þingskapanna alveg eins við umboðsmenn aðilja, sem tekið höfðu að sér flutning á málum þeirra á Alþingi.

Í niðurlagi þingskapanna 1. júlí 1695 er svo lögð refsing við, ef aðiljar eða umboðsmenn þeirra koma ekki forfallalaust til Alþingis á ákveðnum tíma. Refsingin var fyrst og fremst fólgin í fésekt, 4 merkur fyrir dómsrof, sbr. Jónsbók Þingfb. 8 og 9. — Sekt fyrir að rjúfa lögmannsúrskurð eða annan lögsamdan dóm (dómrof) var 4 merkur, og er það algengt að ákveða sektir fyrir brot á Alþingissamþykktum með þessum hætti. Í annan stað átti sá aðili, sem of seint kom forfallalaust, að hafa tapað á því ári „sinni málsókn, ef sakarinnar háttalag kann það annars líða, og kongsins interesse þar með ei skerðist í neinn máta". Þess munu torfundin dæmi, að þessu ákvæði hafi verið beitt og tæplega hinu heldur, enda var það hart að sekta aðilja, sem of seint kom, harðara en nefndarmenn, sem of seint eða ekki komu og brutu þar með embættisskyldu sína. Það fór um þessi fyrirmæli sem mörg önnur, sem miðuðu til þess að fá menn til Alþingis á réttum tíma: Þeim virðist hafa verið laklega fylgt. T. d. segir á Alþingi 1708, að fyrstu 5 daga þingsins hafi ein þrjú mál komið fyrir dóm innan vébanda, og hafi þó lögmennirnir boðizt til þess daglega í lögréttunni að heyra mál og dæma.[1]) Það var og mála sannast, að aðiljar komu sízt í réttan tíma eftir þingsköpunum til Alþingis. Alþingisbækurnar eftir 1700 bera þess

1) Alþingisbókin 1708 nr. 11.

ljósast vitni. Þó að lögmenn settist í lögréttu með nefndarmönnum sínum og spyrði eftir málsaðiljum, þá gáfu sig fáir eða engir fram fyrr en langt var á þingtímann liðið. Árið 1711 láta lögmenn fylgja Alþingisbókinni áminningu til málsaðilja um þetta efni. Segja þeir, að lítt hafi orðið að málum gjört fyrstu daga þingsins vegna fjarvistar aðilja. „En þar í mót á hinum síðasta þingdeginum svoddan erindafjöldi, að naumlega mátti yfir komast, þar sem áður höfðu menn setið iðjulausir, lögmönnum og lögréttunni til stórs óhagnaðar og mæðu". Kveðast lögmennirnir, með allrar lögréttunnar ráði og samþykki, gefa öllum „geistlegum" og veraldlegum, opinberlega til kynna, að hver sá, sem nokkru máli vilji eftirleiðis stefna til lögréttunnar, þá stefni þeir allir til hins 8. júlí (þ. e. fyrsta þingdagsins) og gefi lögmanni til vitundar sín erindi, svo að hann geti kallað þau undir dóm á hverjum þeim degi, sem lögmönnum líkar. „Séu því málspartarnir tilþenktir svo lengi á þinginu að bíða, að lögmenn kalli fyrir sig mál þeirra". En þeir, sem ekki komi, eins og nú var mælt, megi sjálfum sér um kenna, þó að málum þeirra verði vísað óheyrðum heim í hérað, þegar lögmenn hafa setið þingið 8 daga „og fyrir málspartanna hirðuleysi lítið eða ekkert fengið að starfa, því að óviðurkvæmlegt er, að fyrir forsómun og hirðuleysi þeirra, sem málin eiga, skuli lögréttan mæðast í iðjulausri setu framan af þinginu og verða síðan eftir 8 þingdagana liðna í yfirmátanlegu annríki að kefjast og þvingast í kannske aðra 8 daga". Lögmenn nefna hér enga aðra refsingu á vanrækslufulla aðilja en þá, að þeir megi vænta þess, að málum þeirra verði ekki sinnt á því þingi. Og það var líka sú eina skynsamlega refsing og sú refsing, sem bezt hefði átt að hrífa, ef henni hefði verið beitt. En það var ekki gjört. Lögmenn munu ekki, þegar á átti að herða, hafa haft brjóst í sér til þess að slíta þingi, án þess að gjört væri að málum manna, sem þangað voru þá komnir, þó að þeir hefði of seint komið. Sérstaklega mundi þetta hafa verið hart, þar sem fátækir alþýðumenn áttu í hlut, menn, sem ef til vill þekktu ekki þessi fyrirmæli lögmanna og þingskapa Alþingis. Kvartanir lögmanna um drátt og hirðuleysi málsaðilja koma fram við og við eftir þetta. 1729 t. d. biðu þeir allan fyrsta þingdaginn, en gátu ekkert gert, því að enginn aðilja var kominn, nema einn sýslumaður. Segjast lögmennirnir „standa fast upp á, að þeir, sem stefnt

hafa sökum hingað (þ. e. til Alþingis) og ekki mætt, skuli eftir kongsins lögum ansjást".[1]) Eftir N. L., sem þá hafði verið boðið að haga meðferð dómsmála eftir, voru ekki önnur viðurlög en þau, að stefnandi, sem ekki fylgdi málinu fram, varð að stefna máli sínu aftur, en stefndum var fyrsta sinni lagður lögdagur, en síðan var mál hans dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum[2].) 1731 varð ekkert gjört fyrstu 3 daga þingsins, af því að málsaðilja vantaði[3]). 1746 varð ekkert gert fyrr en 11. júlí síðdegis vegna fjarvistar aðilja.[4]) og má svo lengi rekja.

Það var nú ekki að eins til tafar og óþæginda lögmönnum og lögréttumönnum, að málsaðiljar komu ekki á réttum tíma, heldur einnig þeim, sem hinum megin stóðu að málunum, því að vera mátti, að sækjandi væri kominn, þegar lögmenn buðu sig til að gegna málum, en stefndur væri það ekki, eða þá hitt, að stefndur væri kominn, en sækjandi ekki. Þá varð sá að bíða, sem kominn var, þar til hinn kom, ef til vill til þinglausna, aðgerðarlaus. Sama var, ef lögmenn eða lögréttumenn komu ekki í réttan tíma og athafnir þingsins frestuðust þess vegna. Var það svo títt, að óþarft virðist að taka dæmi, að annar aðilja er kominn og býður sig til að flytja málið, en því er frestað, af því að hinn er ókominn.[5]) Og dæmi frestunar vegna þess að lögmaður og lögréttumenn koma of seint, eru líka til, þó að þau muni ekki mörg vera. 13. júlí 1740 segist Guðmundur Sigurðsson sýslumaður hafa beðið 4 daga til þess að fá rétt sinn í 2 ára gömlu máli, af því að lögmaðurinn norðan og vestan (Hans Becker) var ókominn til þings, og verði hann því að fara frá rétti „óforréttaður" að þessu sinni.[6]) Lögmaður var sjúkur, en svo voru framkvæmdir þá báglegar, að ekki var séð fyrir því á réttum tíma, að maður yrði settur til að gegna lögmannsembættinu á Alþingi.

Ekki lagaðist ástand það, er á var þingsókn aðilja. Þar sem þeir menn, er á réttum tíma komu, áttu á hættu að verða að

1) Alþingisbókin 1729 upphafið.

2) Það mundi hafa verið erfitt að fá menn til að bæta fyrir drátt, er þeir ollu, á þingstörfunum, um þessar mundir. Að minnsta kosti er svo að sjá 1740, sbr. Alþingisbók 1740 nr. 36.

3) Alþingisbókin 1731 nr. 7.

4) Alþingisbókin 1746 nr. 3 og 4.

5) Sbr. t. d. Alþingisbókina 1746 nr. 4.

6) Alþingisbókin 1740 nr. 8.

bíða aðgerðarlausir dögum saman, af því að andstæðingar þeirra komu ekki fyrr en seint eða ef til vill alls ekki, þá hlaut svo að fara, að flestir kæmi ekki fyrr en seint og síðar meir. Út af þeim drætti, sem jafnan varð á Alþingi af þessum ástæðum, skrifuðu lögmenn (Magnús Gíslason og Sveinn Sölvason) til konungs um þetta 15. júlí 1750. Bera þeir sig upp undan því, að þingið frestist vegna þess að málsaðiljar komi ekki til þings í þingbyrjun, því að þeir treysti því, að þingið standi 8 daga, eins og boðið sé í konungsbr. 9. maí 1593. Og auk þess komi sumir alls ekki, vegna þess að þeir viti þá, að þeim verði lagður lögdagur til næsta þings. Á þetta síðast talda þó að eins við varnaraðilja. Leggja lögmenn til, að konungur skipi svo fyrir, að lögdagslagning verði af tekin, nema í málum, er varði líf, limu, æru eða fasteignir. Konungur var nú ekki látinn fallast á þetta, og stóð regla N. L. um lögdagslagning, þar til hún var af tekin með tilsk. 3. júní 1796. Svo lögðu lögmenn til, að lögmælt yrði, að málsaðiljar, bæði sóknaraðiljar og varnaraðiljar, er eigi komi nákvæmlega 8. júlí, skuli gjalda ½ ríkisdal fyrir hvern dag, er þeir komi síðar. Þá var það boðið í kgsbr. 12. apríl 1751, að hver málsaðilja, er til Alþingis kæmi síðar en 10. júlí, skyldi bæta ½ ríkisdal, sækjandi áður en hann fengi málið tekið fyrir, en hinn skyldi dæma til þess með úrskurði í málinu, nema lögleg forföll væri sönnuð. Svo átti sækjandi og, ef hann sótti alls ekki þingið, að greiða ½ ríkisdal fyrir hvern þingdag og bæta andstæðingi sínum ómak og kostnað af þingför.

Vera má, að þessi skipan hafi eitthvað bætt um, en þó eru ekki vandfundin dæmi þess, að menn brutu hana. 1756[1]) greiðir t. d. sóknaraðili 2 ríkisdali spesie fyrir „gjört uppihald lögþingisréttinum nú í 4 daga“, þ. e. ½ ríkisdals sekt fyrir hvern dag, er aðili kom of seint, samkvæmt kgsbr. 12. apríl 1751. Árið 1759 kom fram stefna á hendur Erlendi Ólafssyni 9. júlí — en það ár var þing sett 4. júlí — og var hann ekki kominn, og ákveðið að bíða með það mál til 12. júlí, og stendur það heima, að bíða varð komu hans 8 daga, því að svo lengi átti þing að standa. Meira varð ekki gjört þá, og „orsakaðist lögmaðurinn og lögréttumenn að ganga frá réttinum með stærstu ófornægju yfir viðkomenda udeblifelsi“.[2]) Og er það ósjaldan

1) Alþingisbókin 1756 nr. 13.
2) Alþingisbókin 1759 nr. 13.

um þessar mundir, að tafir verða einhverjar af því, að menn koma ekki á lögmæltum tíma. Og hafa enn farið kvartanir um þetta til konungsvaldsins. Var og enn gefið út konungsbréf um þetta og fleira 28. apr. 1784, og segir þar í upphafi, að konungi hafi verið skýrt frá þeirri óreglu, sem hafi verið nú á síðari árum — eins og hún hefði ekki lengi verið! — á lögþinginu á „Voru landi Íslandi", með því að þeir, er eigi þar mál að flytja, komi eigi á tilsettum tíma, heldur þegar þeim sjálfum sýnist. — Breytingar, sem gerðar eru með þessu konungsbréfi og skifta máli í þessu sambandi, voru þær, að enginn aðili mátti fá skráð í þingbókina framar neitt um mál sitt, ef hann kom ekki frá 8 til 22. júlí — en þingtíminn var enn færður til 8. júlí, eða 9, ef 8. bar á sunnudag — til þings. Sektir fyrir ofseina þingsókn voru lækkaðar úr ½ ríkisdal í hálft lóð silfurs, er jafngilti ½ silfurkrónu, fyrir hvern dag, er aðili kom of seint, og átti sá málsaðili, hvort sem hann var sóknaraðili eða varnar, að greiða sekt þessa áður en nokkuð væri bókað um málið fyrir hann. Sóknaraðili hefur eftir þessu alls ekki getað fengið mál sitt tekið fyrir dóminn, nema hann greiddi sekt þessa, og varnaraðili hefur ekki getað fengið það skráð í bók, að hann væri kominn fyrir dóminn til að verja mál sitt. Verjandi var því jafnt knúður til að greiða sekt þessa sem sækjandi.

Eftir þetta er nokkurn veginn hætt að tala um of seina þingsókn málsaðilja, enda varð kostur þeirra í rauninni betri eftir 1784 en áður hafði verið, en hins vegar fyrir það girt, að nokkuð yrði gert að málum þeirra eftir að þingið hafði staðið 14 daga. Þeim var því full nauðsyn að vera komnir til þings svo tímanlega, að málum þeirra yrði lokið áður en sá tími væri liðinn. Og það hafa þeir væntanlega gert. Verjandi, sem alls ekki sótti þing og var því lagður lögdagur til næsta Alþingis, mun þó enga sekt hafa þurft að greiða, þótt hann hefði vanrækt þingsókn hið fyrra árið. Og þá líklega ekki heldur sækjandi, er eigi hafði sótt þing í ár, en stefndi máli sínu þangað næsta ár. Sektina hefur að eins þurft að greiða, ef aðili óskaði, að mál yrði sótt eða varið á því þingi, er hann hafði vanrækt að sækja á réttum tíma.

33. gr.

## Sakamenn. — Flytjendur sakamála. — Böðlar.

I. 1. Þó að ekki kæmist full greining á meðferð dómsmála eftir því, hvort þau voru til refsingar eða í öðru skyni höfðuð, þá hlaut þó að verða nokkur munur og hann að sumu leyti allverulegur. Konungur fekk sektir eftir Jónsbók af flestum brotum, og hlaut þá ríkisvaldið að ganga eftir því, að refsilögunum yrði beitt. Það var að vísu aðalreglan eftir Jónsbók, Mannhelgi 22, að sakaráberi skyldi vera fyrir hverri sök, og að sóknari konungs gæfi ekki sök á annars manns sæmdum, með öðrum orðum, að einstaklingar skyldi standa fyrir máli sínu sjálfir, t. d. eftirmálsmaður í vígsmáli o. s. frv. En í Jónsbók eru þó mörg ákvæði, þar sem valdsmönnum eða umboðsmönnum þeirra (sóknarmönnum, sóknurum, rétturum og síðar lögsögnurum) er boðið að gera reka að brotamálum. Þeir áttu að heimta sektir allar, er í konungsjóð runnu. Stórbrotamenn átti almennt að færa sýslumanni til geymslu og til þess að dómur gengi um þá, t. d. þeir, er þinggrið rufu. Jónsb. Mannhelgi 7. Sýslumaður tók fé eftir útlaga og átti að fá mann til að refsa honum, s. st. Ef maður vó mann, þá skyldi færa veganda sýslumanni bundinn. Sýslumaður taki við honum og láti dóm ganga um málið. Líka gátu eftirmálsmenn sagt sýslumanni til veganda og átti hann þá að gera gangskör að því að dómur gengi um þá, t. d. þeir, er þinggrið rufu. Jónsb. Mannhelgi 16. Samskonar segir um þá, er bíta menn eða stinga með knífi o. s. frv., sjá Mannhelgi 14 og 15. Ef eftirmálsmaður vígs er eigi við, þá átti valdsmaður að gera reka að málinu óbeðinn, Jónsb. Mannhelgi 10. Þjófa átti að færa bundna á þing og lét valdsmaður dóm ganga og framkvæma hegningu, Jónsb. Þjófab. 2. Það er auðsætt, að enginn einstakur maður gat verið aðili sumra brotamála, af því að enginn einstaklingur var meiddur með brotinu, eins og landráðamál, peningafals, sbr. Jónsbók Mannhelgi 2. Og er augljóst, að valdsmaður hefur hlotið að rannsaka slík mál og dæma án þess að krafa frá nokkrum einstaklingi þyrfti þar til að koma. Stundum voru fleiri menn við brot riðnir, svo sem dufl, skírlífisbrot o. s. frv., þar sem enginn einstaklingur gat orðið eða vildi verða sakar-

áberi. Og þá hlaut valdsmaður líka að taka málið óbeðinn í sínar hendur. Einstaklingar gátu að vísu sæzt á mörg mál, en þeir gátu ekki gefið eftir sektir til konungs, sem ef til vill átti að gjalda, því að ríkisvaldið eitt gat það. Þau refsimál, sem kirkjan átti lögsögu yfir í katólskum sið, höfðuðu valdsmenn hennar af sjálfsdáðum, og þegar ríkisvaldið tók þessi mál í sínar hendur, þá höfðaði það þau mál venjulega einnig af sjálfsdáðum, svo sem mál vegna skírlífisbrota eftir Stóradómi, galdramálin síðar o. s. frv. Auðvitað voru þessi mál, einkum galdramálin, oft tekin til rannsóknar og dóms eftir kæru og kröfu þess eða þeirra, er töldu sig hafa orðið fyrir órétti, en þess var þó ekki þörf. Sýslumenn tóku rannsókn á málum þessum upp hjá sjálfum sér, ef þeir höfðu orðið áskynja um einhverja grunsemd. Það verður því smám saman svo, að valdsmenn (og lögmenn) taka í embættisnafni rannsókn brotamála og halda þeim svo til dóms, oft án þess að spyrja Alþingi og svo stundum eftir að þeir hafa leitað ráða og álita þess. Málsmeðferðin verður meir og meir rannsakandi, eins og síður var hjá katólsku kirkjunni, brotamenn eru hafðir í varðhaldi og jafnvel í sumum málum er ekki trútt um, að menn væri píndir til sagna. — Framan af öldum var heimild sýslumanna til að kveða upp dóma í málum almennt ekki takmörkuð. En með opnu br. 27. apríl 1663 var undirdómurum bannað að dæma í lífssökum og æru, heldur skyldi þeir vísa þeim málum til „yfirdómara“ þ. e. lögmanna eða lögréttu. Þetta er svo í lögum, þar til farið er að beita hér Norsku Lögum Kristjáns fimmta. Eftir þeim dæmdu sýslumenn líka í þessum málum, en skyldi nefna sér 8 meðdómendur. — Um miðbik 18. aldar kemst ákæruvaldið í hendur ríkisstjórnarmanna alveg með sama hætti sem nú er.

2. Lögbækurnar nefna það ekki, að sakamenn sé fluttir til Alþingis eða um rannsókn í lögréttu í sakamálum. Brestur mjög heimildir um færslu sakamanna til Alþingis fram á 17. öld. Er helzt að sjá, að þeir hafi ekki almennt verið þangað hafðir. Þar á móti munu ýmsir, einkum ríkismenn, sem líka voru stundum fyrir stórsökum hafðir, hafa komið til Alþingis vegna mála sinna. Var og ekki í lögum bannað að hafa sakamenn til Alþingis. En það var síður, að stórbrotamenn voru dæmdir á héraðsþingum, stundum eftir nefndardómi sýslumanna og stundum eftir dómnefnu lögmanns, og refsingin

framkvæmd þegar í stað, ef ekki þótti vafi á málinu, sekt manns eða lögum þeim, sem eftir var dæmt. Því er t. d. Björn Péturssón í Öxl (Axlar-Björn. Manndrápa-Björn) handtekinn, fluttur til Laugarbrekkuþings, dæmdur þar og líflátinn eftir miklar þindingar.[1]) Og oft er þess annars getið, að sakamenn hafi verið dæmdir og afteknir á héraðsþingum.[2]) Hinsvegar komu ýms sakamál til Alþingis, en það verður ekki allt af séð, hvort sakamennirnir hafa verið þar sjálfir. Sumir voru þar, því að þess er stundum getið, þegar fram á 17. öld kemur, meðal annars með því að sagt er, að þeim hafi verið refsað þar á staðnum. En oft er að sjá sem sakamenn hafi ekki verið fluttir til Alþingis, þó að mál þeirra væri þar fyrir. 1596 og 1597 er t. d. rætt um Þordísi Ólafsdóttur, konu Axlar-Bjarnar og sýslumanni í bæði skiftin boðið að rannsaka mál hennar, en ekki sést, að sjálf hafi hún verið til þings færð.[3]) Það er þó víst, að 1618, er þeir nefndardómendurnir Friðrik Friis og Jörgen Vind dæmdu á Alþingi, að þangað voru nokkrir sakamenn hafðir, því að þá var drekkt þar tveimur konum fyrir skírlífisbrot, og höfðu þeir dæmt þær af lífi þar á þinginu, og þriðji var karlmaður af lífi dæmdur, og var sá hálshöggvinn á Alþingi.[4]) Upp frá þessu er við og við getið um sakamenn á Alþingi og stundum sagt, að þeir hafi verið þar teknir af lífi eftir dómi. Og það ber líka stundum við, að lögrétta skyldar brotamenn að koma til Alþingis til rannsóknar, t. d. 1649 og 1692.[5]) Árið 1650 kemur sakamaður til Alþingis ásamt eiðvottum sínum.[6]) 1660 er gamall maður einn á Alþingi, sem misst hafði barnabarn sitt niður um ís, en eitthvað þykir tvísýnt, hvort hann hefði mátt bjarga því eða ekki. Sver hann eineiði á Alþingi, að hann hafi ekki getað bjargað barn-

1) Annales Islandici I 180.

2) T. d. annál Bjarnar lögréttumanns Jónssonar á Skarðsá, 1605: Hengdir tveir þjófar á Svarthamri við Blöndu (Ann Isl. I 192), 1608: Kona brennd í Húnavatnsþingi fyrir það að hún hafði brennt barn sitt í grautarpotti (s. st. 196), 1611: getið aftöku manna í héraði (s. st. 199), 1612: Drekkt einni kvinnu á Vestfjörðum, sem fallið hafði með fedgum (s. st. 200), 1615: konu drekkt á Helgastaðaþingi fyrir barnsútburð (s. st 203), 1634: þjófar drepnir í héraði (s. st. 240), 1630: Margir þjófar hengdir á héraðsþingum (s. st. 248) o. s. frv.

3) Alþingisbækur Islands III 64, 101.

4) Annáll Bjarnar á Skarðsá (Ann Isl. I 209—210).

5) Alþingisbókin 1649 nr. 7 og 1692 nr. 16.

6) Alþingisbókin 1650 nr. 6, sjá og nr. 14.

inu.[1]) Sakamenn eða grunaðir menn, sem voru frjálsir ferða sinna, hafa líka stundum, meðan mál þeirra var undir rannsókn, talið sér vissara að koma til Alþingis og reyna að verja sig eða til að biðja sér vægðar, ef nokkurrar vægðar var von. Á Alþingi 1671[2]) er t. d. Sigurður nokkur Jónsson borinn galdri. Er hann staddur þar á þingi, og sést þó ekki, að hann hafi verið í varðhaldi hjá sýslumanni sínum. Eftir 1663, þegar undirdómurum var bannað að dæma í lífs- og ærusökum — en flest stórmæli vörðuðu þá líf eða æru — hlutu fleiri slík mál en áður var að koma til Alþingis. Lögmenn þinguðu að vísu stundum um land, en alls eigi svo, að öll mál kæmi til þeirra. Og svo er að sjá sem lögmannaþing í héruðum til dóms í sakamálum hafi lagzt af á fyrra hluta 17. aldar, sbr. kgsbr. 2. maí 1745. Stórmálin fóru því til Alþingis. Og þá var mál rannsakað þar, en til þess var oftast nauðsynlegt að hafa sökunauta við höndina. 1706 voru þeir Magnús Benediktsson að Hólum í Eyjafirði og félagi hans Jón Hálfdanarson, sem sakaðir voru um dráp stúlku einnar, t. d. fluttir til Alþingis til þess að gert yrði þar að málum þeirra.[3]) Og oft sjást þess dæmi, að lögmenn yfirheyra sökunauta í lögréttu.[4]) Það þótti, sem von var, valda drætti á málunum, að bíða allt af til Alþingis með þau, og því var það boðið í kgsbr. 2. apríl 1745, að lögmenn skyldi halda aukaþing, hvor í sínu lögdæmi, í sakamálum, hvar og hvenær sem með þurfti, sbr. kgsbr. 20. maí 1746. Sjálfsagt hefur þetta eitthvað dregið úr flutningi sakamanna til Alþingis, en sú venja helzt þó alla 18. öldina út, að sakamenn í stórglæpamálum voru færðir til Alþingis til rannsaks og dóms. Í kgsbr. 28. apríl 1784 6. gr. segir, að sýslumenn skuli vera komnir til Alþingis í síðasta lagi á 3. degi eftir að Alþingi sé sett með sakamenn (delinquenterne), að viðlagðri 1 ríkisdalssekt fyrir hvern dag, er þeir komi síðar. Er hér staðfest gömul venja um skyldu sýslumanna til að flytja sakamenn til Alþingis.

Það voru engin fyrirmæli um það, hvaða sakamenn skyldi flytja til Alþingis til rannsaks og dóms aðra en þá, sem dæmdir kynni að verða af lífi og æru. Og sennilega hafa ekki

1) Alþingisbókin 1660 nr. 2.
2) Alþingisbókin 1671 nr. 9.
3) Alþingisbókin 1706 nr. 7 og 8.
4) T. d. Alþingisbókin 1731 nr. 9.

aðrir að jafnaði verið hafðir þangað. Sýslumönnum var talið skylt að annast flutninginn báðar leiðir, ef til þess kom, á sinn kostnað og að gæta sakamanna á Alþingi og ala þar önn fyrir þeim. Var þessi regla, sem mun vera gömul, staðfest með kancellíbréfi 10. maí 1788. En ef sakamaður átti fé til, þá hefur sýslumaður getað fengið þann kostnað greiddan af því.

II. Það verður tízka á 18. öld, að skipa sækjanda á hendur sakamönnum á Alþingi og verjanda, enda gert ráð fyrir því í tilsk. 21. maí 1751 3. gr. Venja varð að skipa til þeirra verka á Alþingi sýslumenn, og var það verk amtmanns. Stundum fengu sýslumenn slíka skipun heim til sín áður en þeir riðu til Alþingis, en oft mun hún ekki hafa verið gefin út fyrr en á þingi, sbr. kgsbr. 28. apr. 1784 6. gr. Sýslumenn voru, eins og fyrr segir, skyldir að sækja Alþingi, og því átti að mega vænta þess, að nógu margir úr þeirra hóp mundi jafnan vera á þingi til að flytja sakamál, og því voru venjulega ekki aðrir skipaðir. Þó kom það fyrir, að aðrir heldri menn svonefndir, eins og klausturhaldarar og jafnvel lögréttumenn, voru til þess settir, ef á þurfti að halda. Það var borgaraskylda að inna það verk að hendi, og sá, sem skipun fekk til þess, hefur þar með orðið skyldur til þingreiðar að því sinni, þótt hann gegndi annars engu embætti eða starfa, sem þingreiðarskylda fylgdi.

III. Meðan refsingar á sakamönnum fóru fram á Alþingi, sem títt var á 17. öld, bæði líflát og stundum lima, svo og hýðingar og brennimerkingar þjófa, þá þurfti þar *böðull* að vera. Sýslumenn áttu að sjá fyrir böðli hver í sinni sýslu, sbr. Jónsbók Mannh. 7 og kancbr. 28. apr. 1781, en lögmenn hafa væntanlega átt að sjá fyrir böðli handa Alþingi. Annars var gerð samþykkt á Alþingi 1658[1]) um það, að böðlar skyldi vera ærlegir menn, ef hægt sé að fá þá til starfans, en eigi skyldi hafa til hans líflausa eða „upphengjandi þjófa". Það er sagt í kancbr. 28. apr. 1781, að vant hafi verið að fá smáþjófa, „hvinn" til starfans. Þeir fengu 4—6 mörk fyrir hvert böðulsverk.

1) Alþingisbókin 1658 nr. 11.

34. gr.

## Aðrir þingsóknarmenn.

I. Auk þeirra, sem nefndir hafa verið í undanfarandi greinum, komu ýmsir menn til Alþingis, sumir til þess að fullnægja borgaraskyldu sinni eða eftir einkamálaskyldu og aðrir algerlega óháðir.

II. 1. Menn er til Alþingis komu samkvæmt borgaraskyldu sinni, voru ýmiskonar *vottar*. Þar til má nefna fyrst *stefnuvotta*, þ. e. menn, er vitna áttu um birtingu stefnu til Alþingis. Meðan ekki voru löggiltir stefnuvottar, gat stefnandi átt það á hættu, að stefndur synjaði fyrir stefnubirtingu, nema hann hefði þá menn við höndina, er birt höfðu stefnu í málinu og sóru það. Þess sjást dæmi, að menn höfðu stefnuvotta sína til taks á Alþingi. En þeir gátu líka látið þá sverja birtingu stefnu fyrir sýslumanni sínum í héraði. Einnig höfðu menn stundum votta sína til að bera um dómsbirtingu[1]) og hvert það atriði, er máli skifti, t. d. vitni um illmæli.[2]) Hitt var þó auðvitað langtíðast, að vitnisburðir um sakaratriði væri teknir af mönnum í héraði. Hefði það verið mönnum almennt mikils til of erfitt og kostnaðarsamt að sækja Alþingi til þess að bera þar vitni í dómsmálum.

2. Meðal manna þeirra, er til Alþingis komu, voru stundum dómendur þeir, sem dæmt höfðu mál í óæðra dómi. Mátti um eitt skeið telja þá málsaðilja, meðan áfrýjun mála var aðallega beint að þeim og þeir máttu búast við sektum og jafnvel þyngri búsifjum, ef dómi þeirra var hrundið. Þetta átti sér stað á fyrra hluta 18. aldar eftir að farið er að dæma eftir N. L. Sama er um sækjendur opinberra mála í héraði.[3]) Þessa menn hefði því vel mátt telja meðal aðilja saka á Alþingi.

III. Þá var altítt að menn komu til Alþingis til þess að kvarta yfir rangindum, sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir, annað hvort af yfirvöldum, dómendum eða einstökum mönnum, án þess þó að til dómsmáls væri enn þá komið, en það um, án þess þó að til dómsmáls væri enn þá komið, eða það hafði ekki leitt til neinnar niðurstöðu eða annarar niðurstöðu

1) Alþingisbókin 1706 nr. 12.
2) Alþingisbókin 1704 nr. 11.
3) T. d. Alþingisbókin 1731 nr. 9.

en kærendur óskuðu. Sneru þessir menn sér þá til lögmanna og lögréttu eða höfuðsmanns (amtmanns). Er iðulega skýrt frá því í heimildum um Alþingishald, að þessi eða hinn hafi borið sig upp undan ólöglegri meðferð með þessum hætti. Skal einungis nefna örfá dæmi af mörgum. 1632 kemur Jón bóndi Hannesson á Alþingi og les upp eða lætur lesa upp og skrá í Alþingisbókina langt og mærðarfullt bréf til Árna lögmanns Oddssonar, þar sem hann krefst þess „alvarlega, bæði guðs vegna og sannleikans, laganna, réttarins og yðar (þ. e. lögmannsins) embættis vegna og friðarins, dóms og laga-úrskurðar, hvort eg má ekki sektarlaust og að frjálsu bíhalda þeirri hálfri jörðu Fremra-Botni í Reynivallakirkjusókn.[1]) Lögmaður varð auðvitað að svara með einhverjum hætti þess konar kröfum. Rétt á eftir kemur fram með samskonar kröfu á sama þingi Sveinn Einarsson Þormóðssonar, en stjúpsonur síra Gottskálks í Miðdal, og biður um úrskurð um skilgetning sína.[2]) 1665 ber Guðrún nokkur Þórðardóttir sig upp undan því í lögréttu, að bróðir hennar, Jón að nafni, hafi verið dæmdur af lífi fyrir þjófnað og tekinn af á Kópavogsþingi eftir dómnefnu Einars Ólafssonar í Vogum[3]), o. s. frv.

Einatt komu menn til Alþingis í því skyni að hrinda af sér illmælum eða ámælum. Konur t. d. sóru þar stundum fyrir mök við karlmenn, menn sóru eiða fyrir áburð o. s. frv.

Það var og mjög algengt, að menn komu til Alþingis til að leita ráða og spyrjast fyrir um það, hvernig þeir skyldi með fara hin eða þessi mál. Gerðu þetta bæði sýslumenn og einstakir menn. Það var alveg ótæmandi, hvað menn gátu fundið sér til að spyrja um, bæði um skilning á lögum, um það hvernig þeir skyldi haga sér um hitt og þetta o. s. frv. Og væri langur uppi að rekja slíkt. En það er auðséð, að ýmsir sækja Alþingi beinlínis með það fyrir augum að fá svör við ýmsum þesskonar spurningum.

Þegar farið er að beita Norsku Lögum á fyrra hluta 18. aldar, virðist það leggjast niður, að menn sæki Alþingi í þessum erindagjörðum.

Þeir, er eitthvað þurftu að láta birta á Alþingi, urðu annaðhvort að sækja þing sjálfir eða að fela öðrum þau erindi

1) Alþingisbækur Íslands V 245.
2) Sama staðar bls. 247.
3) Alþingisbókin 1665 nr. 21.

sín. Eftir þingsköpunum frá 1. júlí 1695 6. gr. áttu þessir menn að gefa sig fram að enduðum dómum, en áður er að sjá, að birtingar hafi farið fram, þegar hentugt þótti og þó að dómum væri ekki lokið. 1711 áminna lögmenn einnig þá, er skjöl eða bréf vilja láta birta á Alþingi, að koma í tækan tíma.

Þá viðgekkst það mjög fram eftir öldum, eflaust fram yfir 1700, að ýmsir riðu til þings, sem ekki áttu nokkur þau erindi þangað, sem hér eru talin. Hafa ungir menn framaðir, eins og Brynjólfur Sveinsson t. d., farið til Alþingis til þess að hitta þar landstjórnarmenn, eins og í fornöld, þótt sjálfsagt væri þá þingið miklu dauflegra en í fornöld var það. Samt sem áður var Alþingi almennur samkomustaður allra eða flestra helztu manna landsins. Og þó að oft væri þar uppi hafðir kveinstafir um óáran og harðindi, óhagstæða verzlun, og barlóms og fátæktar gætti mjög oft, þá hefur þó enn verið þar fram á 17. öld stundum glatt á hjalla, og jafnvel eftir þann tíma. En á fyrra hluta 18. aldar virðist gleðskapurinn þó einkum hafa verið fólginn í ölvan og ofdrykkju.

Loks hafa hinir ríkari menn, höfuðsmaður, lögmenn, sýslumenn og ýmsir aðrir haft með sér til Alþingis fylgdarlið. Sumir ríkismenn, eins og Torfi Jónsson hinn ríki sýslumaður í Klofa, kom á fyrri öldum með vopnaða menn á þing. Magnús prúði í Ögri er sagður hafa riðið með mikinn flokk vopnaðra manna til Alþingis, og var hann þó vitur höfðingi og friðsamur. Þá voru sumir biskuparnir í kaþólskum sið engir eftirbátar um höfðingsskap að þessu leyti, svo sem Ögmundur biskup Pálsson og Jón biskup Arason. Hefur því enn fram um miðja 16. öld oft verið all mannkvæmt í Þingvelli þá dagana, sem þingið stóð yfir.

# III. kafli.

## Þingstörf.

### 35. gr.

### Almennar reglur um þingstörfin.

I. Það er hvergi úr því skorið greinilega, *hvaða* mál skuli taka til meðferðar á Alþingi. En af einstökum fyrirmælum má sjá, hvaða störf löggjafinn hefir ætlað Alþingi að vinna og Alþingisbækur og aðrar heimildir sýna það, hvaða mál hafa þangað komið og hvaða störf þar hafa verið unnin.

Í Járnsíðu Þingfb. 3 og Jónsbók Þingfb. 4 er talað um þau mál, sem stærst sé og til Alþingis eru *„lögð"*. Þessi mál eru sömu málin sem nefnd eru í þingsköpum 1. júlí 1695 og sagt er, að sé *„sett"* til Alþingis. Þessi mál voru tvennskonar: *Mál almenns efnis,* um landsnauðsynjar eða héraða, um lagaskilning án þess nokkur sérstakt dómsmál liggi fyrir þar um, tillögur til laga eða samþykkta o. s. frv. Í öðru lagi komu í þenna flokk mál þau, *dómsmál* milli ákveðinna manna eða síðar refsimál, sem héraðsdómarar töldu sig ekki menn til að dæma (fengu ekki „yfir tekið"), eða lög bönnuðu þeim að dæma, eins og lífleysismál og æruleysismál, kgsbr. 27. apr. 1663, mál á hendur lögmönnum, er áttu að leggja sig undir lög á Alþingi, Alþingissamþykkt 1. júlí 1503[1]) og milli einokunarkaupmanna og landsmanna eftir 1602, einkal. 18. apr. 2. gr. o. fl., mál eftir Járnsíðu og Jónsbók Þingfb. 2 og 3. Í heimildunum úir og grúir af ýmiskonar samþykktum um allskonar efni, er gerðar voru á Alþingi. Og er, auk fyrirmælanna í Jónsbók Þingfb. 4. niðurl., sérstaklega gert ráð fyrir þeim í samþykktargreinum á Alþingi 1576, þar sem talin eru allmörg þau málefni, er Alþingi eigi að skifta sér af. Er því ljóst, að greina verður frá lagasetningu Alþingis og samþykktarvaldi sérstaklega.

Þá nefna lögbækurnar á tilv. stöðum þau mál, sem til Alþingis sé *„stefnt"*. Mun ekki orka tvímælis, að þessi mál sé

1) Dipl. Isl. VII nr. 605.

*dómsmál* milli ákveðinna málsaðilja, þar sem annar stefnir hinum, og er þetta venjulega leiðin, að minnsta kosti á seinni öldum.

Þá eru enn nefnd í Jónsbók Þingfb. 4 — í Járnsíðu er ekki samsvarandi ákvæði — þau mál, „ef menn leggja saman hendur sínar fyrir váttum tveimur, ef þat vitni kemur fram á þingi". Hér er við það átt, ef aðiljar semja það með sér með handsölum og fyrir vottum, að láta misklið sína fara til Alþingis undir dóm lögmanns og lögréttumanna. Það kann að mega deila um það, hvort þessi mál sé lögð undir lögmenn og lögréttu sem gerðardóm eða sem dómstól. Mun réttara vera að skoða lögmenn og lögréttu sem dómstól í þessum málum, því að dómrof varðaði refsingu sem dómrof annars, og eru samningar þeir, sem hér greinir, því samskonar eðlis og samningar, er menn gjöra nú um það að koma óstefndir fyrir dóm.

Þá eru nefnd í lögbókunum þau mál, „er á verður sæzt ok smæst eru". Þessi mál geta vel verið dómsmál, en þeim lýkur með sætt í stað dóms, og er það mjög algengt, að menn sættist á mál sín á Alþingi, svo að getið sé. Venjulega mundi dómur hafa fallið á þessi mál þá eða síðar og mun því almennt mega telja störf lögmanna og lögréttu í þeim til dómstarfa. En þá var ekki allt af víst, hvort slík mál kæmi nokkurn tíma undir dóm, og verður þá einnig að geta sáttastarfa lögréttu meðal annara starfa hennar en löggjafarstarfa og dómstarfa.

Þó að lögbækurnar geri ráð fyrir því, að mál þau, er sæzt verði á, sé smæstu málin, þá var því auðvitað ekki allt af svo varið. Ríkismenn og höfðingjar, sem áttu í stórdeilum, sættust einatt á mál sín, einkum fyrir tilstilli höfuðsmanns og annara stórmenna.

Jónsbók talar um ýms önnur störf, sem fram fari á þingi, aðallega þinglýsingar og birtingar ýmiskonar, svo sem lýsingar afbrotamanna, Jónsb. Þingfb. 5, veðlýsingar og mála, vogrek, skotmannshlut o. s. frv. Í Alþingisbókum er getið afarmargskonar lýsinga og tilkynninga, er venju samkvæmt fóru fram á Alþingi. Eftir því sem tímar liðu fjölgaði þesskonar störfum á Alþingi. Þá er tekið að bjóða þar upp lén, lýsa gjalda-eftirstöðvum o. s. frv. Þá voru margskonar konungsbréf, og birtingar yfirvalda, lesin, konungar hylltir o. s. frv. Það sést líka, að Alþingi tekur oft nokkurn þátt í framkvæmdarstjórn (administratio) landsins, bæði af eigin hvötum og að tilstuðlan

yfirvalda. Eru þessi þingstörf mörg ósamkynja, og verður gjör um þau talað í grein sér, sem „önnur störf Alþingis“ verður kölluð.

Samkvæmt þessu, er nú hefur verið tínt, verður störfum Alþingis skift í þrjá flokka:

A. Dómstörf.

B. Löggjafarstörf.

C. Önnur störf.

Dómsvald Alþingis hins forna hélzt alla tíð, meðan það stendur. Og það hefur aldrei orkað tvímælis, að þingið hafi farið að lögum með dómsvald. Menn hefur fremur skilið á um hitt, hvort það hafi haft vald til að setja lög eða samþykktir almenns efnis. Af þessum rökum verða dómstörf Alþingis talin fyrst.

II. Fáar eru almennar reglur í lögbókunum um framkvæmdir þingstarfanna. Járnsíða Þingfb. 3 og Jónsbók Þingfb. 4 segja það eitt, að þau mál skuli fyrst dæma (og er bæði átt við dómsmál og löggjafar, sem áður segir), er til Alþingis eru lögð og stærst eru, því næst þau, er þangað er stefnt, þau er menn hafa samið um, að þangað skyldi fara, og loks þau, sem á er sæzt og smæst eru. Eins og áður segir, þá nær þetta til allra löggjafarmálefna og samþykkta og dómsmála. Svo er að sjá sem birtingar og tilkynningar hafi átt að koma á eftir, er málum þessum var lokið. Í framkvæmdinni var þessu alls eigi fylgt síðara hluta 16. aldar og á 17. öld, og þá líklega aldrei, þó að það verði ekki vitað, af því að Alþingisbækur eru ekki til og eigi heldur aðrar skýrslur um þetta frá fyrra hluta 16. aldar og öldunum þar fyrir framan. Í Alþingisbókum lögmanna frá 1570—1630 verður þess ekki vart, að gætt hafi verið nokkurrar ákveðinnar reglu um málaröð á Alþingi. Menn virðast hafa tekið þau til meðferðar eftir því, sem hentast þótti hverju sinni. Oft er það, að veðlýsingar og mála koma seinast eða seint í hvers árs Alþingisbók á þessu tímabili, en oft eru þessar lýsingar dreifðar um bækurnar innan um dóma og samþykktir. Og eftir 1631 er ekki heldur hægt að sjá, að fylgt hafi verið alveg fastri reglu um málaröð. Þó er það tíðast, að fyrst væri birt konungsbréf almenns efnis, tilskipanir, opin bréf o. s. frv., eftir að þing var sett og menn nefndir innan vébanda. Þá er að sjá, að dómsmál og löggjafarmál hafi verið tekin til meðferðar jöfnum höndum og alls ekkert eftir því farið, hvort

þau voru stór eða lítilvæg, enda er slíkt oft fullkomið álitamál. Það hefði og oft verið mjög óheppilegt, að skjóta einföldu málunum allt af aftur fyrir hin meiri háttar málin. Þau þurftu meiri umhugsunar og því gat verið heppilegt að fresta úrlausn þeirra nokkuð. En smámálin mátti ef til vill afgreiða þegar í stað. Svo fór málaröðin eflaust líka mikið eftir þingsókn manna. Fyrstu 8 daga þingsins hafa menn verið að tínast til þings eftir að kgsbr. 9. maí 1593 ákvað, að þing skyldi standa 8 daga. Og hafa þá málin verið tekin fyrir eftir því, sem aðiljar komu til þings. Innan um dóma og samþykktir koma oft skýrslur um upplestur konungsbréfa, fyrirspurnir um hitt og þetta og svör við þeim, enda eru sum slík svör reyndar samþykktir almenns efnis. Birtingar einstakra manna og sýslumanna koma venjulega — en ekki allt af — seinast, svo sem lýsingar mála, veða, kaupbréfalýsingar, eftir að farið er að þinglýsa þeim, lýsingar óskilamanna og glæpamanna o. s. frv.

Í þingsköpunum frá 1. júlí 1695 eru settar reglur um röð mála á Alþingi og fyrirmæli, sem miða til þess, að málameðferð gangi þar reglulega og greiðlega. Í 4. gr. þingskapanna frá 1695 er enn gert ráð fyrir samþykktarvaldi Alþingis um almenn efni. Þar er talað um þær hreppsnauðsynjar, sem kunni að varða allt land og valdsmenn kunni ekki að dæma til fullnaðar heima í héruðum, og gert ráð fyrir, að þær verði settar til Alþingis. Þessar hreppsnauðsynjar, svo og stórmæli, sem snerta líf og æru og sýslumenn máttu ekki leggja dóm á í héraði, skyldi þeir senda lögmanni til yfirskoðunar og „umþenkingar“ áður en lögmenn færi að heiman frá sér til Alþingis. En þeir sýslumenn, sem búa í fjarlægð við lögmann sinn, áttu að koma tímanlega til Alþingis, svo að þeir gæti kynnt honum þessi mál áður en þing væri sett. Hætt er við, að þessi fyrirmæli hafi verið lítt haldin, enda hvarf nú samþykktarvald þingsins um almenn mál úr sögunni skömmum tíma eftir að þingsköpin frá 1695 voru sett Og eftir að tekið var að haga meðferð dómsmála eftir Norsku lögum féll og opna bréfið frá 27. apríl 1663, er bannaði sýslumönnum að dæma í lífs- og æru-málum, og önnur slík fyrirmæli, úr gildi. Ennfremur áttu allir þeir, hvort sem það voru sýslumenn, lögréttumenn eða aðrir, sem eitthvert málefni ætluðu að bera undir lögréttu og lögmann til úrlausnar, að tilkynna honum það kveldið fyrir þingsetning, svo að lögmenn fái í tíma vitneskju um það, hverjar

sakir koma skuli til meðferðar, 1. gr. þingsk. 1695. Þegar þess er gætt, hve báglega menn sóttu Alþingi fyrstu tugi 17. aldar og reyndar lengur, þá þarf ekki að efa, að þessi fyrirmæli voru ekki haldin. Það er fjarri því, að lögmenn viti, hvaða mál fyrir lögréttu komi, áður þing sé sett. Aðiljar komu iðulega löngu seinna.

Fyrirmæli þingskapanna um málaröðina á Alþingi munu hafa verið mestmegnis staðfesting á þeirri tilhögun, sem þar hafði verið, síðan farið var að halda reglulegar Alþingisbækur. Það er mælt í þingsköpum frá 1695 6. gr., að fyrst skuli lesa „konglegar forordningar". Og tekur þetta til allra tilskipana konungs og opinna bréfa almenns efnis, í stuttu máli sagt, þeirra allra skipana, sem nú mundi vera nefndar lagaefnis, eða reglugjörðir. Það er og nokkurn veginn föst regla eftir þetta, að tilskipanir og konungsbréf almenns efnis eru birt í þingbyrjun. En þó ber auðvitað út af þessu, einkum þegar amtmaður, sem venjulega mun hafa ákveðið, oft eftir skipun frá æðra yfirvaldi, hvað birta skyldi, var ekki sjálfur til þings kominn í þingbyrjun, eins og við bar stundum. Næst eftir konungsbréfum almenns efnis átti að lesa upp „konglegrar majestets náðarbréf". Þar til teljast veitingabréf fyrir embættum, staðfestingarbréf á arfleiðsluskrár, náðun eða annarskonar uppgjöf saka, bréf um launabætur, uppreist æru, leyfisbréf ýmiskonar o. s. frv. Þeir, sem slík bréf vildu láta birta, áttu að gefa sig fram áður en farið var að gegna dómstörfum og samþykktar um almenn mál. En á þessu var allmikill brestur. Menn, sem ekki voru komnir til þings í þingbyrjun, gátu ekki gefið sig fram í þessu skyni á réttum tíma, en ekki sést þó, að nokkurn tíma hafi verið fyrirstaða á því, að konungsbréf þeirra væri birt. Þingsköpin geta ekki um birtingar annara stjórnarbréfa en konungsbréfa, svo sem Kancellibréfa, Rentukammerbréfa, bréfa stiftbefalingsmanna, amtmanna og landfógeta o. s. frv. Þess konar bréf virðast hafa verið birt, þegar þess var farið á leit, nema meðan meðferð dómsmáls, sem þegar var byrjað, stóð yfir, þá hafa þessar — og líklega aðrar — tilkynningar beðið um stund, þar til tóm varð til að birta þær.

Í þingsköpum 1. júlí 1695 5. gr. var ennfremur svo mælt, að lögmenn skyldi láta Alþingisskrifara gera skrá um öll þau mál, sem fyrir lögréttuna eru sett og taka skal til meðferðar í

lögréttu. Þetta tók eigi að eins til dómsmála í þrengri merkingu, heldur líka til samþykkta, er lagðar eru fyrir þingið og álits lögréttu og atkvæðis er beiðzt um. Þessa málaskrá átti skrifari að setja upp „úti fyrir lögréttunni", eins og það er orðað, og hefur víst verið ætlast til þess, að hún væri fest upp utan á lögréttunni. Átti ritari að draga yfir hvert mál, þegar því var lokið, og átti þá hver aðilja að gefa sig fram, samkvæmt þessu, þegar komið var að hans máli. Annars er það sagt, að þess sé dæmi, að menn hafi ekki verið við, þegar mál þeirra hafi átt að taka til meðferðar, og hafi því einatt þurft að leita þeirra. Á að koma í veg fyrir þetta með þessum fyrirmælum þingskapanna. En það tókst ekki. Þó að lögmenn hefði allt af fengið nógu snemma vitneskju um málin og þó að málaskráin hefði verið gerð, eins og þingsköpin segja, þá hefði ákvæðið samt ekki komið að gagni, af því að ekki tókst að fá menn til þess að sækja þingið á réttum tíma. En lögmenn fengu víst ekki vitneskju um málin svo snemma fyrr en alllöngu síðar á 18. öld, er tekið var að gefa út réttarstefnur svonefndar, og samþykktarvald Alþingis var úr sögunni. Það er ekki kunnugt, hvort málaskráin hefur verið gerð, en þess má vænta, að minnsta kosti í öndverðu eftir að þingsköpin 1695 voru sett. Og eftir að réttarstefnur voru gefnar út í málum til Alþingis eftir Norsku Lögum 1—4—22 vissu lögmenn nákvæmlega, hvaða mál ættu að koma undir dóm á hverju þingi, og því var þeim auðvelt að gera eða láta gera málaskrá hvorum fyrir sitt lögdæmi. En þó að skrá þessi kunni að hafa verið gerð, þá er víst, að ekki hefur verið hægt að fylgja þeirri röð af því að aðiljar komu missnemma til þings. Og varð því oft að taka málin eftir því, hvenær aðiljar komu, en ekki eftir hinu, hvenær stefna í málunum hafði verið út gefin eða í hvaða röð þau hefði verið sett á málaskrá.

## A. Dómstörf Alþingis.

36. gr.

### Lögrétta (lögþingisréttur).

I. Á Þingvelli hafa starfað fjórir dómstólar á tímabilinu frá 1271—1800: *Lögréttan* (eða lögþingisrétturinn, sem svo er

nefndur á 18. öld), *gestaréttur* frá 1738, *yfirréttur*, aðallega frá 1593 og *synodalréttur* frá siðaskiftum. Lögrétta (lögþingisréttur) er elzt stofnun og merkust og verður dómstörfum hennar því fyrst lýst.

II. Þegar lýsa skal dómstörfum lögréttu, þá verður að greina á milli tveggja tímabila; Fyrra tímabilið nær frá 1271 og til c. 1720, meðan (Járnsíða og) Jónsbók giltu og það réttarástand hélzt, sem skapaðist á grundvelli Jónsbókar. Síðara tímabilið nær frá c. 1720—1800. Á því tímabili fara dómstörf lögréttu yfir höfuð eftir Norsku lögum Kristján konungs fimmta frá 15. apríl 1687 og ýmsum lagafyrirmælum, sem sett eru á þessu tímabili. Verður hér á eftir fyrst gerð nokkur grein fyrir dómstörfum lögréttu á fyrra tímabilinu og síðan talað um þessi störf lögréttu (lögþingisréttarins) ofurlítið á því síðara.

III. Áður hefur verið talað um skipun lögréttu, útbúnað hennar og lögréttuhús, Alþingisbækur og Alþingisritara, lögréttumenn og lögmenn. Hér þarf, að minnast á *skipun dómenda* í hverju einstöku dómsmáli. Jónsbók segir ekki um þetta atriði. Þar er einungis gert ráð fyrir því í Þingfb. 3, 4 og 9, að lögrétta hafi dómsvald, en það er eigi sagt, hvort *allir* lögréttumenn eða *nokkrir* aðeins skuli hvert mál dæma. Í héraðssóknum var það venja, og á sér stoð í mörgum lagafyrirmælum, að sýslumenn og lögmenn nefndu menn í dóma, stundum 12, sbr. t. d. Jónsbók Mannhelgi 1, 2, 3, og 5, eða 6, sbr. t. d. Jónsbók Mannhelgi 14 og Landsleigubálk 64. Samskonar venja komst á um dómnefnu í lögréttu. Það er almenn regla, að lögmenn nefndu ákveðna menn til dóms í hverju ákveðnu máli meðal þeirra, sem kvaddir voru til setu innan vébanda. Til þess að skera úr meiri háttar málum voru nefndir 12 menn, en í minni háttar málum 6. Fyrir 1500 er að sjá sem algengt hafi verið, að annar lögmaðurinn að eins nefndi dóm í málum úr hans lögdæmi, einkum minni háttar.[1]) En líka nefndu báðir lögmenn dóm á þeim tímum.[2]) Á 16.öld, síðara hluta, og 17. nefndu lögmenn helming dómenda hvor úr sínu lögdæmi. Þessi meðferð er svo algeng og þykir svo sjálfsögð, að ekki er ástæða til að nefna sérstök dæmi. Þó ber það enn við, að

1) Sjá t. d. Dipl. Isl. VII nr. 279, 412 (sem er þó öllu heldur svar við fyrispurn), 455 og 652.

2) T. d. Dipl. Isl. VII nr. 387.

að eins annar þeirra nefnir dóm, t. d. 1641. Þá nefnir Magnús Björnsson lögmaður 6 menn til að dæma um ágreining út af heimstefnu[1]), og 1655 í austfirzku brigðamáli.[2]) Af þessari reglu um *tölu* dómsmanna er þó líka stundum brugðið þannig að lögmenn báðir nefna 24 menn í dóm, og er þá um stórmál að véla. Árið 1493 nefna t. d. lögmenn báðir 24 dómsmenn til að dæma um fjáraðtektir Andrésar Guðmundssonar.[3]) 4 árum seinna dæma 24 lögréttumenn á Alþingi vígsmál eftir Pál Jónsson á Skarði.[4]) Stundum er svo að sjá eða jafnvel ótvírætt, að *öll* lögréttan dæmdi mál. 1631 virðist öll lögréttan dæma galdramál, er Benedikt Þorleifsson í Búðardal hafði uppi á hendur Magnúsi nokkrum Sigurðssyni.[5]) Og árið eftir (1632) dæmir öll lögréttan um ómagamál eitt[6]), en vera má, að það sé fyrir þá skuld, að ætlast er til, að dómsniðurstaðan verði Alþingissamþykkt um þetta efni. Öll lögréttan gefur álit um refsingu Sveins Skotta á Alþingi 1646[7]) og hvernig með hann skuli fara, ef hann haldi áfram glæpum sínum og óknyttum. Þegar fram undir 1700 kemur og þar eftir, sýnist vera hætt að nefna nokkura sérstaka lögréttumenn til að dæma einstök mál, heldur er það orðað svo, að lögréttan og lögmenn hafi dæmt eða ályktað svo eða svo. Fyrr á tímum, áður en yfirréttur var stofnaður, ber það við, að hirðstjóri eða umboðsmaður hans nefnir dóma á Alþingi, og að því er virðist meðal lögréttumanna. Þessa er dæmi frá 1423, er hirðstjóri nefnir 12 manna dóm um jarðarþrætu og samþykkti lögmaður síðan dóminn.[8]) Og 1436 á samskonar sér stað[9]) og 1512.[10]) Síðastnefnda málið var almennt vígsmál, en að því leyti frábrugðið þó, að hinn vegni var norskur maður. Alveg einstakt dæmi er það í sögu landsins, að erlendur lögmaður sé hingað sendur til þess að taka þátt í dómsmeðferð máls í lögréttu. Á siðaskiftatímunum var hingað sendur Pétur Andrésson lögmaður í Túnsbergi til

1) Alþingisbókin 1641 nr. 12, 20.
2) Sama rit 1655 nr. 5.
3) Dipl. Isl. VII nr. 255.
4) Dipl. Isl. VII nr. 387.
5) Alþingisbækur Íslands V 220.
6) Sama rit V 239.
7) Alþingisbókin 1646 nr. 8. Sbr. og Alþingisbókina 1636 Þingbók Árna Oddssonar bl. 83 a.
8) Dipl. Isl. IV nr. 368 og 369.
9) Sama rit IV nr. 599.
10) Sama rit IX nr. 323.

þess að hafa hönd í bagga með dómsmönnum um víg Diðriks frá Minden og fylgdarmanna hans og um töku Viðeyjarklausturs. Á Alþingi 1541 nefna íslenzku lögmennirnir Erlendur Þorvarðsson og Þorleifur Pálsson — og norski lögmaðurinn — 12 lögréttumanna dóm um þessi mál.[1]) Eru þó íslenzku lögmennirnir nefndir fyrr í dóminum en sá norski, og má það mikið heita, að hann krafðist ekki að vera nefndur fyrr, þar sem hann hefur haft alveg sérstakt umboð eða skipun konungs til að gegna dómstörfum í málum þessum, því að á þeim tímum voru menn mjög viðkvæmir í þeim sökum, er mannvirðingar þeirra varðaði. Bendir þetta helzt á, að Pétur þessi hafi verið ungur maður. Meðan helmingadómar tíðkuðust, nefndu lögmenn helming dóma í andlegum málum svo nefndum, svo sem málum um hegðun presta, og hjónabandsmálum. Það er undantekning alger, er umboðsmaður höfuðsmanns og lögmenn nefna 10 sýslumenn og 2 lögréttumenn í dóm í galdramáli, eins og gert var 1671.[2]) Árið 1695 voru sýslumenn og lögréttumenn „utan vébanda" nefndir til að skoða morðsmál eitt úr Vestmannaeyjum, en síðan dæma lögmenn það og lögréttumenn allir, að því er virðist.[3])

IV. 1. Þegar frá eru tekin andlegu málin svo nefndu, er helmingadómar svo kallaðir dæmdu fyrst lengi eftir siðaskiftin (til 1640) og síðar sættu meðferð synodalréttar, þá gátu öll mál, hvers kyns sem þau voru, komið undir dóm í lögréttu. Það er yfirleitt gert ráð fyrir þessu í Jónsbók Þingfb. 9 og í réttarbót 2. júlí 1294 29. gr. Fyrir lögréttu komu því refsimál allskonar, svo sem þjófnaðarmál, mál út af skírlífisbrotum, mannvíg og meiðsla, rán og gripdeildir o. s. frv., jarðaþrætumál, skuldamál allskonar, erfðamál, mál um hlutaréttindi, svo sem rekarétt, ábúðarrétt o. s. frv., sem of langt yrði upp að telja. Annað mál er það, að við bar, að mál væri eftir konungsboði dregin undan lögréttu og dæmd í yfirdómi eftir að sá dómur var kominn á stofn, eins og getið verður í sambandi við þann dómstól.

2. Sum mál dæmdi lögrétta sem lægsti dómstóll og önnur sem áfrýjunardómstóll.

a. Þau mál, er lögrétta dæmdi sem lægsti dómur, voru

1) Dipl. Isl. X nr. 339.
2) Alþingisbókin 1671 nr. 9.
3) Alþingisbókin 1695 nr. 13.

þessi: 1. Þau, er risu af brotum á reglum Jónsbókar um þingsókn manna, Þingfb. 2 niðurl., og af brotum á þingreglu, sbr. Þingfb. 5. Brot sýslumanna um nefnu lögréttumanna samkv. Jónsbók Þingfb. 2 voru og dæmd í lögréttu sem fyrsta dómstóli. Svo er sagt, að það hafi orðið venja, að þau mál, sem gerðust á Þingvelli, skyldi þar dæma, svo sem mál út af illmælum töluðum þar um þingtímann[1]), áflogum þar o. s. frv., sbr. kgsbr. 24. jan. 1738, er af tekur þessa venju og setur sérstakan dómstól (gestarétt) til að fara með þessi mál og dæma þau. Brot á þingsóknarreglunum eftir Jónsbók Þingfb. 2, og ef lögréttumenn létu sig vanta í lögréttu, munu allt af hafa verið úrskurðuð af lögréttu, sbr. tilsk. um dómsmálasjóðinn 16. nóv. 1764 5. gr.

2. Mál á hendur lögmönnum. Svo var mælt í Alþingissamþykkt frá 1. júlí 1503, að lögmönnum skyldi ekki stefna, hvorki af kirkjunnar valdi né leikmanna, heldur skyldi þeir „leggja sig undir lög á Alþingi við þá menn, sem með lögum mega til þeirra tala.“[2]) Það er oft skýrt frá því í Alþingisbókum 17. aldar, að lögmenn hafi boðið sig undir lög á Alþingi, og það er víst, að samþykktin frá 1503 átti að girða fyrir það, að lögmenn væri sóttir í héraði fyrir dómnefnd sýslumanna. Það hefur ekki þótt sæma virðingu þeirra sem yfirdómara yfir dómum sýslumanna..

3. Í Jónsbók Þingfb. 4 er, sem fyrr segir, talað um mál, sem „lögð“ eru til Alþingis og stærst eru. Þessi mál voru eflaust flest þess eðlis, að dómendum í héraði þótti sér of vaxið að kveða upp dóm í þeim, heldur vísuðu þeir þeim til Alþingis. Í Jónsb. Þgfb. 9 er ennfremur gert ráð fyrir því, að maður fái ekki réttindi sín heima í byggðum fyrir sýslumanni eða lögmanni, og er honum þá heimilað að stefna málinu til Alþingis. Getur nú verið, að löggjafinn hugsi sér beinlínis vísvitandi rangindi við höfð, svo að rangur dómur sé dæmdur aðilja í óhag eða honum sé beinlínis synjað um meðferð málsins, og er þá þetta dæmi réttarsynjunar, er leiðir til þess að málinu má stefna fyrir lögréttu sem fyrsta dómstól. En orðin

1) Á þingi 1717 meiðyrðir t. d. Marteinn nokkur Jónsson drukkinn Odd lögmann Sigurðsson. Mál út af því var rekið þar á þingi. 7 vitni sverja í málinu og maðurinn var dæmdur til að gjalda lögmanni 30 hundruð í fullrétti og sekt til konungs, Alþingisbókin 1717 nr. 10, klukkumálið 1727 o. s. frv.
2) Dipl. Isl. VII. nr. 605.

ná líka yfir það tilvik, að dómendur í héraði þyki sér ofraun að dæma málið vegna þess hversu margbortið það er eða af því að ákvæði vantar um það í gildandi lögum eða fyrirmæli þeirra eru torskilin og óglögg. Í réttarbót 2. júlí 1294 29. gr. er staðfesting á þessu, því að þar er dómendum bannað að segja sig úr dómi, er þeir eru löglega nefndir í, nema svo mikið vandamál sé að dæma, að þeir fái eigi yfir tekið, því að þá mega þeir leggja það til Alþingis eða heim til lögmanns. Í réttarbót 14. júní 1314 5. gr. er og almenn viðurkenning á þessu. Þar er mönnum bannað að skjóta máli sínu undan lögmanni eða sýslumanni og tálma svo réttindi manna, ef skynsamir menn sjá, að þeir fá yfir tekið. Samkvæmt þessu var reglan þessi: Hvert mál skyldi leggja undir dóm í héraði, annaðhvort lögmanns eða sýslumanns. Dómendur voru almennt skyldir að lúka dómsorði á málið, en ef þeir treystust ekki til þess, vegna þess hvert vandamál það var, þá gátu þeir vísað því frá sér til Alþingis. Og ef aðilja var ranglega synjað dóms á mál sitt, þá var honum veittur kostur á að halda því undir dóm lögréttu sem fyrsta dómstóls í því.

Það var altítt, að dómendur í héraði, bæði þeir, er lögmenn nefndu, og þeir, er sýslumenn nefndu, vísuðu málum frá sér ódæmdum af því að þeir þóttust ekki fá yfir þau tekið. Svo mátti vera, að þeir dæmdi mál að nokkru, en setti til úrlausnar lögréttu einhver atriði þess, t. d. að N. N. væri sannur að sök, en þeir treysti sér ekki til að ákveða hegninguna.[1]) Þetta er venja meðan málameðferð fer eftir Jónsbók, þó að svo muni vera, að héraðsdómarar geri ekki jafnmikið að því á síðara hluta 17. aldar og 2 fyrstu áratugum 18. aldar að vísa málum frá sér ódæmdum til Alþingis og fyrrum. Enn þá 1710 vísar t. d. lögsagnari einn frá sér máli til lögréttu, en hún telur það eiga að fara til biskups og stiftbefalingsmanns.[2])

4. Með konungsbréfi 27. apríl 1663 var undirdómurum (þ. e. sýslumönnum) alveg bannað að dæma í refsimálum, þar sem dæma átti til lífláts eða ærumissis („lífs og ærumálum"). Höfðu þeir áður nefnt dóma um þessi mál, því að Jónsbók tók

1) T. d. voru 14 Suðurnesja-menn sakaðir 1676 um verzlun við hollenzka „frihöndlara". Málið var dæmt á Kópavogsþingi, en Alþingi falið að ákveða refsinguna. Mennirnir eru svo dæmdir þar í bréfabrotssekt og varan dæmd upptæk konungi, Alþingisbókin 1676 nr. 49.

2) Alþingisbókin 1710 nr. 16.

þau ekki undan lögsögu þeirra, og réttarbótin frá 1305 2. gr. ætlast beinlínis til þess, að sýslumenn annist löggæzluna í héraði, án nokkurrar skilgreiningar á því, hvers konar málið er. En eftir 1663 hlaut lögrétta að dæma þessi mál, er kgsbréfið 27. apríl 1663 tekur til, sem lægsti dómstóll, nema lögmaður segi dóm upp í þeim í héraði.

5. Þrátt fyrir bannið í réttarbót 14. júni 1314 5. gr. við því, að menn skjóti máli sínu undan héraðsdómi (sýslumanni eða lögmanni), nema hann telji sig ekki fá yfir það tekið, þá er að sjá sem það hafi tíðkast að setja mál til Alþingis og banna héraðsdómum að segja lög um þau. Eru forsagnir frá 16. öld til vitnis um þetta. Í einni er svo að orði kveðið, að aðili skýtur máli sínu undan héraðsdómi og fyrirbýður öllum dómendum, sem á dómstaðinn eru komnir, að segja nokkurn dóm, eða lögsögn yfir honum að segja, til næsta Öxnarþings.[1]) Önnur forsögn bendir til hins sama. Þar skýtur aðili líka máli undan dómi héraðsdómenda undir úrskurð lögréttumanna og lögmanns og fyrirbýður héraðsdómendum héðan af að hafa nokkra lögsögn yfir máli sínu.[2]) En þó kynni þessi forsögn að eiga við reglulega áfrýjun frá héraðsdómi til Alþingis. Lögrétta virðist ekki almennt hafa gætt þess, að lagður væri dómur á mál í héraði.

6. Þá var það ekki ótitt á fyrri öldum, að menn komu sér saman um það með handsölum og fyrir vottum, að þeir skyldi leggja mál sín til Alþingis. Þetta hafa ríkismenn einkum gert, sem ekki þótti sér samboðið að hlíta héraðsdómi. Alþingi hafði ekkert við þetta að athuga, enda var hér samþykki beggja til og því einskis manns réttindum tálmað.

b. Eins og áður er að vikið, gat sá maður, sem eigi fekk réttindi sín heima í byggðum fyrir lögmanni eða sýslumanni, skotið máli sínu til Öxarárþings, samkvæmt Jónsb. Þingfb. 9. Áður er og talað um það, ef manni var synjað um það að taka mál til meðferðar eða dóms. Hér er um það að tefla, ef dómur fellur í héraði um mál að efni til, en aðili er óánægður með dóminn. Verður þá að greina milli þess, hvort dómur er uppkveðinn af sýslumanni eða umboðsmanni hans og mönnum,

1) Alþingisbækur I 13.
2) Sama rit I 12.

sem hann hefur nefnt til dóms, eða af lögmanni og (eða) mönnum, sem hann hefur nefnt.

1. Ef sýslumaður eða umboðsmaður hans hefur nefnt dómsmenn og samþykkt dóm þeirra, eins og venja var til, þá gátu aðiljar áfrýjað máli til Alþingis, og gat lögrétta og lögmaður þá dæmt það mál að efni til, staðfest héraðsdóm eða hrundið honum eða sett mál til nýrrar rannsóknar heim í hérað, af því að það væri ekki nægilega rannsakað. Lögrétta hafði dómsvald í þessum málum með svipuðum hætti og áfrýjunardómstólar hafa nú, þeir er bæði geta staðfest dóma lægra réttar og breytt þeim.

2. Ef lögmaður hafði úrskurðað mál eða nefnt menn í dóm og samþykkt dóm þeirra, þá er að vísu hægt að bera málið undir lögréttu. Eiga lögréttumenn að rannsaka málið „innvirðulega" eins og segir í Jónsbók Þingfb. 9, en lögréttu skorti vald til að fella lögmannsúrskurð úr gildi eða breyta honum, þó að lögréttumönnum þætti hann ólöglegur. En þeir áttu að rita til konungs, hvað þeim þótti sannast í því máli. Gat aðili þá skotið málinu til konungs og gat hann einn breytt lögmannsúrskurði „með vitra manna samþykkt". Þetta varð svo í framkvæmd, að konungur og ríkisráð varð æðsti dómstóll íslenzkra mála, sbr. kgsbr. 5. apríl 1574 og það, sem sagt verður um yfirréttinn.

Lögmannsúrskurðir voru annars oft bornir í lögréttu, stundum af lögmönnum sjálfum, til þess að fá álit lögréttu um þá. Svara þá lögréttumenn oft svo, að þeim virðist úrskurðurinn lögum samkvæmur og stundum skírskota þeir til „guðs orðs". eins og oft er gert í dómum 17. aldar.[1])

V. Rúmsins vegna er þess ekki kostur að lýsa málsmeðferð í lögréttu, nema í höfuðdráttum. Og skal nú reyna að gera það hér á eftir.

1. Eins og nú, var það almenn regla, að sá, er sakir hafði á hendur öðrum manni og vildi fá dóm um þær, varð að „stefna" honum til dómþings, þ. e. tilkynna honum, að hann krefðist dóms á máli þeirra á tilteknum stað og tiltekinni stundu fyrir

1) 1641 er t. d. lögmannsúrskurður um umboð borinn upp í lögréttu og hann talinn „myndugur" eftir Jónsbók (Alþingisbók 1641 nr. 17). 1675 ber Þorleifur lögmaður Kortsson upp í lögréttu dauðadóma tvo, er hann hafði uppkveðið í galdramálum og voru þeir samþykktir (Alþingisbókin 1675 nr. 3 og 4). Sbr. og Þingbók Árna Oddssonar bl. 58 a—59 a.

ákveðnum dómi, sbr. Jónsb. Þingfb. 4, 6, 9, Kaupab. 9 og 10, réttarbót 1314 2. gr. o. fl. Var vani að nefna þá sök eða þær sakir, er sóknaraðili taldi sig hafa á hendur varnaraðilja, og auk þess varð vitanlega að greina glöggt aðilja, bæði stefnanda og stefndan. Stefnur voru oft munnlegar á fyrri öldum, enda hefur allur almenningur manna þá verið óskrifandi Birta átti stefnu venjulega á heimili stefnds. Aðili stefndi í sínu nafni eða í umboði annars, en dómari virðist ekki hafa gefið stefnur út í sínu nafni fram um eða eftir 1700. Stefnufrestur er ekki sérstaklega nefndur til Öxarárþings, en um hann hefur væntanlega farið eftir Jónsb. Þingfb. 9, hálfsmánaðar til tveggja mánaða frestur. Votta þurfti að hafa við stefnubirtingu (stefnuvott, stefnuvitni) og þurftu þeir að staðfesta það á dómþingi, að stefna hefði réttilega birt verið. Andvitni mátti ekki koma móti þingstefnuvitni, Jónsb. Þingfb. 4. Þótt stefna væri skrifleg, þá fór um birtingu hennar með sama hætti. Um stefnur til Alþingis (lögréttu) hefur og með sama hætti farið. Sérstaklega má geta þess, að það sýnist hafa verið stefnanda nauðsynlegt, að hafa stefnuvotta sína á þingi og láta þá bera þar um stefnubirtingu, eins og á héraðsþingum, eða láta þá staðfesta stefnubirtingu fyrir dómi í héraði. Þegar menn, er fyrir refsiverðum sökum voru hafðir, höfðu þegar verið teknir fastir, þá var það orðið algengt á 17. öld, að þeir væri hafðir til Alþingis, t. d. stundum menn, er bornir voru galdri. Þetta hefur líka orðið algengara eftir að sýslumönnum var algerlega bannað að dæma í sökum, er vörðuðu líf eða æru. Þó að aðalreglan væri sú og hlyti að vera sú, að varnaraðilja máls þyrfti að stefna, nema hann kæmi óstefndur, þá virðist svo sem einatt sé rætt um mál manna eftir beiðni sýslumanns eða annars hvors aðilja, þó að engin stefna hafi verið birt hinum aðiljanum. En þetta skraf í lögréttu verður víst venjulega að telja ráðleggingar til sýslumanna eða aðilja eða álit, sem engan skuldbatt, hvorki aðilja né lögréttu eða lögmenn.

2. Lögmenn eða lögréttumenn hafa venjulega ekki vitað það í þingbyrjun, hvaða mál skyldi koma fyrir þá, því að stefnur voru ekki gefnar út í nafni lögmanns, eins og áður segir. Var það því venja, að lögmenn skoruðu í heyranda hljóði í lögréttu á þá menn, er mál hefði, að gefa sig fram, og jafnframt buðust þá lögmenn til þess að gera að málum þeirra. Það er fyrst með þingsköpunum 1. júlí 1695, að aðiljum er boð-

ið að gera lögmönnum kunnug fyrir þingsetningu þau mál, sem þeir hafa að gegna og að lögmenn skuli láta gera skrá yfir þau og taka þau síðan til meðferðar í þeirri röð, sem skráin segir. En þessu varð ekki fylgt, eins og fyrr hefur sagt verið. Það hlaut að vera venjan, að hver sá maður, sem mál hafði til að bera undir lögréttu, yrði að gefa sig þar fram og krefjast þess, að það yrði tekið þar til meðferðar. Ef það var dómsmál, þá hlaut hann að leggja fyrst fram stefnu sína, og má þá segja, að málið væri komið undir dóm lögréttu og lögmanna. Þá nefndu lögmenn lögréttumenn innan vébanda til þess að dæma málið. Í Jónsbók eru mjög fáar reglur og ófullkomnar um meðferð dómsmála, og hlutu því dómstólarnir mjög að skapa venjur um þessi efni. Meðferðin sýnist líka hafa verið á allmiklu reiki lengstum. Menntaðir lagamenn voru oftast fáir eða engir, og var þess því tæplega að vænta, að gott samræmi yrði í löggæzlu og framkvæmdum dómstóla.

a. Ef stefnandi sótti ekki þing — en það hafði hann ekki gert, ef svo leið þingið, að hann gaf sig ekki fram — þá varð auðvitað ekkert gert að máli hans og hann varð þá að stefna því á nýjan leik til dómþings, ef honum lék hugur á að fá dómsúrlausn á það. Ef stefndur kom á þing, þá hlaut hann að fara erindisleysu, en ekki eru fyrirmæli um það, að lögrétta dæmdi honum bætur fyrir þingreið, og eigi eru heldur kunnir dómar um það efni. Þar á móti sektist stefnandi eftir Jónsbók Þingfb. 9 mörk til konungs fyrir að sækja ekki lögmannsþing, og mun sú regla líka hafa gilt um Alþingi. Ef þar á móti stefnandi sótti þingið, en stefndur ekki, þá átti að dæma málið, svo framarlega sem stefnan var svarin, þ. e. stefnuvottar sóru, að stefnan hefði verið birt. En auk þess var stefndur sekur mörk við konung í stefnufall, ef hann kom ekki eða umboðsmaður hans, eftir Jónsb. Þingfb. 9, löglega stefndur til lögmannsþings. Nú var lögréttan að vísu annað en lögmannsþing, en varla mun hafa þótt minna um vert, ef henni var sýnd vanvirða en lögmanni í byggðum heima. Stefnufallssektin er á lögð vegna þess, að dóminum er sýnd óvirðing af þeim, sem ekki sækir dómþing, og sektin var hærri, ef maður var stefndur til lögmanns en til sýslumanns, réttarb. 1314 2. gr. Stundum er að sjá sem mál manna, er eigi komu á Alþingi, hafi verið dæmd, þótt eigi sé getið um stefnu til þeirra, en venjulega mun þó — ef ekki alltaf — einungis hafa verið dæmt, að

aðiljar skyldi koma með gögn sín til næsta Öxarárþings eða til annars ákveðins þings. Og þar sem mál til refsingar voru á hendur manni og hann kom ekki, þá var máli venjulega frestað til næsta Öxarárþings og hann þá dæmdur skyldur til að koma þangað. Svo mátti og með sama hætti skylda sýslumann til þess að færa sakamann til næsta Öxarárþings.

b) Samkvæmt Jónsbók Kaupab. 10. skyldi hver maður frjáls og fulltíða hérlendur sækja mál sín sjálfur, og svo ógefnar konur undir sama skilorði. Þetta merkti varla annað en það, að hverjum slíkum manni var *rétt* að sækja mál sín án íhlutunar annara, en ekki það, að maður mætti ekki veita öðrum umboð til þess að fara með mál fyrir sína hönd. Það er að vísu sagt sérstaklega um konur, að þær eigi kost á að selja sókn mála sinna og vörn, og mætti því ef til vill ætla, að karlar hefði eigi átt þess kost. En svo var ekki. Bæði virðist Jónsbók Þingfb. 9 gera ráð fyrir því, að aðiljar, að minnsta kosti stefnandi, geti jafnan sent umboðsmann fyrir sig, og svo var almennt heimilt að fela manni umboð eftir Jónsbók, sbr. Kvennagift. 17 og 18, Landsleigub. 28, Kaupab. 23, sbr. réttarb. 2. júlí 1294 24. og 45. gr., og rb. 14. júní 1314 9. gr. Auk þess er þess oft getið í dómum, að menn senda umboðsmann fyrir sig á dómþing. Líklega er með því, að hver frjáls maður fulltíða, og ógefin kona, skuli sjálfur sækja mál sín og verja, átt við það, að hann eigi enga heimtingu á því, að fá hjálp ríkisvaldsins til þess. Það eiga menn ekki almennt, heldur þeir einir, sem ekki höfðu menningu eða kunnustu til þess. Þar til töldust fyrst og fremst ólögráðir menn og svo aðrir, er sakir vanheilsu eða vanþroska mátti telja óhæfa til þess að fara með dómsmál. Mál þessara síðastnefndu manna áttu sýslumenn að sækja. Þessar reglur giltu líka um Alþingi. Og eru þess dæmi, að lögrétta eða lögmaður setur slíkum mönnum talsmann í dómsmálum, t. d. 1689. Þá er blindum manni, Jóni Þórólfssyni, skipaður einn lögréttumanna til þess að sækja erfðamál fyrir hann.[1])

c. Í málum, sem nú mundi talin til einkamála, var það aðalreglan, að aðili réði því, hvaða kröfur hann gerði og hvaða ástæður og gögn hann flutti fram til styrkingar máli sínu. Þó

1) Alþingisbókin 1689 nr. 24.

virðist það ekki hafa verið siður að vísa máli frá dómi, þótt vantað hafi upplýsingar um það, heldur að dæma aðilja að koma á næst Alþingi með skjöl sín og próf, eða vísa málinu heim í hérað til frekari rannsóknar. Þetta var líka stundum gert eftir kröfu varnaraðilja, ef hann sagðist ekki nú hafa skjöl sín hjá sér. Af þessu, meðal annars, leiddi það, að mál drógust árum saman. Þess voru jafnvel dæmi, að máli varð eigi lokið svo að tugum ára skifti. Það virðist sem lögmenn spyrji aðilja oft um málavöxtu og hjálpi að því leyti til að upplýsa málin. Oft var máli auðvitað frestað frá degi til dags á sama Alþingi, en það tafði málið eigi svo að teljandi væri.

Í refsimálum varð sú venja, að sökunautar voru færðir til Alþingis, sem áður er sagt, og þeir yfirheyrðir þar. En oft þótti mál þurfa frekari rannsóknar og var því þá vísað heim í hérað, og sýslumanni boðin ný rannsókn.[1]) Það verður smám saman regla, að ríkisvaldinu beri að rannsaka flest þeirra mála, sem nú eru talin til opinberra mála, enda þótt enn sé alls ekki horfið frá hinni gömlu reglu, að sá, sem fyrir sökum er hafður, eigi að sverja fyrir verknaðinn. Það verður annars altítt, að sýslumenn koma í lögréttu, lýsa því þar, að nafngreindur maður í sýslu hans hafi verið borinn sökum eða að grunsamlegt atvik hafi borið að hendi og beinlínis spyrja lögmenn og lögréttumenn, hvað gera skuli. Fá þeir venjulega þau svör, að þeir skuli rannsaka málið.[2]) Síðan kemur sami sýslumaður næsta ár og les ef til vill upp dóm sinn í málinu án þess að séð verði, að því hafi beinlínis verið skotið til Alþingis með stefnu á hendur aðilja, og fær álit lögréttu um hann. Og ef málið varðaði líf eða æru, þá hlaut sýslumaður eftir 1663 að koma málinu til Alþingis ódæmdu, en venjulega var honum skylt gert að rannsaka það heima í héraði. Einstakir menn leituðu með sama hætti ráða eða leiðbeiningar um einkamál sín.[3]) Sérstaklega var það mjög títt á 17. öld, að sýslumenn eða stundum einstakir menn skýrðu frá galdraorði, er á mann eða menn væri komið eða kærðu þá fyrir það, eða báru fram kver,

1) T. d. Alþingisbókin 1642 nr. 8.
2) T. d. Alþingisbókin 1633 nr. 1, 1671 nr. 7, 1672 nr. 32.
3) T. d. Alþingisbókin 1658, nr. 21. 1659 nr. 14, um búðatollinn á Hofi á Höfðaströnd.

blöð eða tréspjöld o. s. frv. með hinum og þessum merkjum („characteres") á og spurðu, hvað gera skyldi.[1]) Fengu menn með þeim hætti leiðbeiningar fyrirfram um allmargt, sem þeir þóttust varla einfærir að ráða fram úr upp á eindæmi sitt. Var þetta sýslumönnum hentugt að því leyti til, að það tók af þeim nokkuð af ábyrgðinni á vandamálum, sem til þeirra komu, en sennilega hefur það ekki orðið til þess að flýta málunum. Enda eru þess mörg dæmi, að sama málið kom ár eftir ár til lögréttu án þess, að það væri nokkur þau sinni til lykta leitt.[2]) Löggæzla öll var fremur bágborin á 17. öld og fram eftir 18. öld, jafnvel þótt amtmaður ætti og væri ósjaldan að hlutast til um dómgæzlu í landinu. Út af morðmáli á hendur Magnúsi Benediktssyni á Hólum í Eyjafirði varð t. d. þjark mikið á Alþingi 1706 milli Müllers amtmanns og Gottrups lögmanns. Þrátt fyrir skipun amtmanns færðist Gottrup undan að athuga málið á Alþingi þá með skírskotun til Norsku laga. Sagði, að Páll varalögmaður Vídalín hefði í fjarvist sinni (Gottrups) dæmt Magnúsi tylftareið, sem amtmaður hefði skipað Halldóri Einarssyni að taka. Gottrup lét og skrá svar sitt í Alþingisbókina, og lyktaði þessu stappi svo, að Gottrup hafði sig undan, en amtmaður bauð þá Páli Vídalín enn að dæma málið, sem rétt var, því að Magnúsi Benediktssyni hafði orðið eiðfall.[3]) 1710 varð mikið stapp út af brotamönnum 2, er Páll Beyer kom með í lögréttu og ætlaði að láta lögréttu geyma. En lögmenn sögðu, sem von var, að sér væri óskylt að geyma „konungsins fanga", og eigi gæti þeir dæmt þá heldur, þar sem ekkert hefði verið gert í héraði að málum þeirra. Skoruðu þeir á hann, að rannsaka málið í héraði. Þaut hann þá út úr lögréttu, en þeir sögðust skyldi fylgja honum til búðar. „Og strax sem Beyer var út genginn fylgdu delinquentes honum".[4]) Mætti slík fleiri dæmi nefna um ástandið, sem þá var hér í landi.

Menn fluttu auðvitað lengstum mál sín *munnlega,* bæði í héraði og á Alþingi. Og það er ekki venja á 17. öld, og þá því síður áður en tekið er að halda Alþingisbækur, að skrá í Al-

1) T. d. Alþingisbókin 1673 nr. 30, 1679 nr. 26, 1692 nr. 9, 1710 nr. 15.
2) T. d. barnsfaðernismál úr Árnessþingi, Alþingisbókin 1668 nr. 5, kemur þrisvar til Alþingis.
3) Alþingisbókin 1706 nr. 7, 8, 14 og 15.
4) Alþingisbókin 1710 nr. 4.

þingisbók það, er aðiljar taka fram máli sínu til styrktar, nema að því leyti sem þess kann að vera getið í dóminum. Skrifleg sókn eða vörn kemur þó stundum fram í meiri háttar málum bæði á 16. og 17. öld, þó að Alþingisbækurnar sýni það ekki, enda mun það ekki hafa verið nema mjög fátítt. En um 1700 fer það að verða altítt, að menn leggja fram skriflega sókn og vörn í málum sínum, og er þá venjan, að þess sé getið í Alþingisbókum, hvaða skjöl hafi verið lögð fram og stundum sagt aðalefnið úr skriflegri sókn eða vörn. Það varð þó ekkert skilyrði enn, að menn legði fram skriflega sókn eða vörn eða léti skrá þær í þingbókina. Slíkt kemur fyrst í venju seinna.

d) Eftir Jónsbók giltu mjög svo aðrar reglur um *sönnun* og *sönnunarbyrði* en nú á tímum. Og kemur þetta vitanlega líka fram í málsmeðferð lögréttu. Sá, er lét fara fram birtingu á stefnu, kröfu, eða dómi, átti reyndar að sanna það, eins og nú á dögum. Hins vegar var það aðalreglan, að sá, sem fyrir einhverri sök var hafður, hvort sem það var refsisök eða ekki, fekk kost á að sverja fyrir þann verknað, sem málið valt á, nema full sönnun væri fengin um málavöxtu. Jafnvel óstuddur áburður mátti orka því, að manni var gert að vinna eið fyrir hann. Stundum var þó einstökum lögum eða venju samkvæmt talið nauðsynlegt, að sakaráberi ynni eið að áburði sínum, að hann hygði hinn sannan eða hefði heyrt hann eða jafnvel kæmi með vitni um það, að orðrómur gengi um verknað af hendi hans (heimiliskviðarvitni o. s. frv.).Sá er sök var borin eða krafa var á hendur gerð, gat þó fengið kost á að leysa sig með eiði undan áburði eða atviki því, sem málið valt á, *eineiði* (þ. e. hans eiði sjálfs að eins), *lýrittareiði* (hann sjálfur og 2 menn með honum) eða *séttareiði* (hann sjálfur sver og 5 menn með honum), og loks *tylftareiði* (þar sem aðili sver og 11 menn með honum), sjá Jónsbók Þjófabálk 18—20. Sór þá aðili sjálfur eið þess efnis, að hann hefði ekki unnið eða látið vinna þann verknað, er hann var borinn o. s. frv., eftir því sem á stóð, en eiðamenn hans áttu að sverja um það, hvort þeir hyggði honum eið hans særan eða ósæran. Ef þeir allir hugðu honum eiðinn særan, þá slapp hann, en ella hafði hann ekki fullnægt eiðsdóminum. Eiðamenn áttu að vera óaðfinnanleg vitni í máli því, er þeir áttu að sverja um. Eiður var jafnan bókareiður, þ. e. menn lögðu hönd á heilaga ritningu eða einhverja aðra helga bók og vitnuðu til guðs, að þeir segði satt,

og kölluðu yfir sig reiði guðs, ef þeir lygi. Eiða þessa unnu menn venjulega í sveitum, þó að þeir væri dæmdir á Alþingi, en oft var þeirra þá getið á Alþingi, og stundum unnu menn þá þar, einkum ef einseiði var og aðili var á þingi.

Sönnunargögn voru hin sömu sem nú, vitni, játning, skjöl og skoðunar- og matsgjörðir. Vitni manna komu stundum með þeim til Alþingis, en venjan var sú, að leiða þau heima í byggðum á varnarþingi sínu. Vitnaskyldan sýnist annars hafa verið svipuð og nú. Vitnaeiðurinn var og bókareiður. Skjöl voru mjög notað sönnunargagn, eins og nú. Þau voru að vísu lögð fram, en aðiljar fengu þau aftur, enda hefur ekkert skjalasafn fylgt þinginu eða þingritara, eins og nú á sér stað um dómstóla, fyrr en löngu seinna. Um skoðunargjörðir og matsgjörðir annara en dómenda sjálfra[1]) er ekki oft talað, en þó mátti vel nefna matsmenn og skoðunar til að athuga og meta hluti eða efni, sem dómendur voru ekki færir til, og þar á meðal mátti dæma mann til að gjalda eftir mati skynsamra manna, þar sem meta þurfti gjaldeyri.[2]) Það kom sjaldan til, að lögrétta skirskotaði í dómi til síðara mats, en það var löglegt og í fyllsta samræmi við dómgæzlu þeirra tíma, eins og eiðarnir, sem aðiljum var veittur kostur á að vinna.

Stundum báru menn sig upp við lögréttu eða amtmann út af arfaskiftum og skarst þá lögrétta í málið á þá leið að skipa viðkomanda sýslumanni að nefna menn til að skifta búi því, sem um var að tefla.[3])

3. *Dómar* og *dómsuppsaga*. Dómsuppsögufrestur, þ. e. sá tími, er líða má frá því er flutningi máls lýkur og þar til dómur er kveðinn upp, var enginn til tekinn í Jónsbók eða fyrri alda lögum. En það var venja, að dómur var sagður upp samdægurs eða á næstu dögum. Þetta var og venja í lögréttu, og að minnsta kosti var dómur jafnan upp kveðinn í hverju máli, sem þar var undir dóm lagt, áður en Alþingi var slitið. Samning dóma fór lengstum eftir föstum reglum. Byrjuðu dómar venjulega á því, að dómsmenn nefndu sjálfa sig í þeirri röð, sem metorð og aldur þeirra sagði til, og kváðust senda öllum mönnum, sem dómsbréfið heyrðu, kveðju guðs og sína, kunnugt gjörandi þeim, að árum eftir guðs burð o. s. frv. á

1) T. d. Alþingisbækur I 66.
2) T. d. Alþingisbækur I 98.
3) T. d. Alþingisbókin 1796 nr. 21.

ákveðnum degi og stað — ef dómur var nefndur á Öxarárþingi, þá þar — hafi þeir verið nefndir í dóm af þeim eða þeim manni — á Alþingi lögmönnum — til að skoða og fullnaðardómsatkvæði á að leggja þær sakir, er N. N. hafi talað N. N. til. Og er oft löng og rækileg sakarlýsing í dómunum, hvert einstakt kæruatriði, ef fleiri eru en eitt, er oft rækilega sundurliðað, og greint nákvæmlega, hvaða skjöl og skilríki aðiljar hafi fram fært til styrktar máli sínu, bæði til sóknar og varnar. Þegar lýst hafði verið því eða því sakaratriði, þá var oftast skorið þá þegar úr, hvernig dómsniðurstaðan skyldi vera um það. Mjög voru menn gjarnir á það á 17 öld, að setja biblíutilvitnanir og ýmislegt guðsorð í dóma sína, einkum í galdramálunum. Stundum hóf dóm á orðunum: „Í Jesú nafni“[1]) og áður en greint var frá þeirri niðurstöðu, sem dómsmenn komast að, segjast þeir oft tilkalla heilags anda náð („að heilags anda náð tilkallaðri“) og annað slíkt, og tíðkast þetta fram yfir 1700.[2]) En úr því fer tilvitnun í guðs orð og áköllun guðs nafns að hverfa úr dómum. Niðurlag dómsins geymir svo niðurstöðuna, en eigi voru þá höfð niðurlagsorð í dómum slík sem nú. Eftir Jónsbók Þingfb. 9 átti sá, er máli tapaði, að gjalda hinum allan kostnað sinn, hálfu aukinn, af málinu. En líklega hefur aðili sótt þann kostnað í sérstöku máli, ef þurfti, því að venjulega var ekkert til tekið um málskostnaðargreiðslu í dómum á þessu tímabili,[3]) enda segir berum orðum í Jónsbók Þingfb. 8, að málskostnað skuli sækja sem aðrar fjársóknir í málum þeim, sem þar greinir. En engin ástæða er til að ætla, að öðruvísi hafi verið mælt um málskostnað í þeim en öðrum málum. Fullnægjufrestur var ekki settur í refsidóma, en venjulega var tiltekið, hvenær eiður skyldi hafa verið unninn. Í fjárgreiðsludómum var greiðslufrestur oft settur. Loks er þess oft getið í dómum lögréttu, að refsing hafi þá þegar verið lögð á á þinginu, ef sakamaður var þar þá staddur. Þess er venjulega getið, að lögmenn hafi samþykkt dóminn, sem lögréttumenn þeir, er nefndir voru, höfðu dæmt, en stundum er þess líka getið, að dómur

1) T. d. Alþingisbókin 1661 nr. 15, dómur um Margréti Þórðardóttur („Galdra-Möngu“).

2) T. d. Alþingisbókin 1703 nr. 1.

3) 1704 var Magnús Sigurðsson í Bræðratungu þó dæmdur til að greiða Árna Magnússyni 2½ hndr. á landsvísu í málskostnað í málum þeirra, Alþingisbókin 1704 nr. 10.

hafi verið samþykktur af *allri* lögréttunni og ennfremur, að þingmenn „utan vébanda“ hafi líka samþykkt dóminn. Líka ber við, að lögréttumenn, er nefndir voru til að dæma mál, kynoka sér við að gera það, af því að lögbók hafi ekki ákvæði um það, og setja það fyrir *alla* lögréttuna. Lögmenn og lögrétta skera þá úr málinu, stundum eftir „guðs orði“.[1])

Það er auðvitað, að löggjafinn hefur ætlazt til þess, að lögrétta fylgdi lögum í dómum sínum svo langt sem þau náðu. En lögin tóku þó eigi yfir öll tilvik framar en nú, og er því sett sú regla í Jónsbók Þingfb. 4, að þar sem lögbók skilur eigi, skuli það úr hverju máli hafa, er lögréttumenn verða allir ásáttir, en ef þá skilur á, þá skuli lögmaður ráða og þeir, sem honum samþykkja. Það er fljótséð, að hér er lögréttu heimilað að dæma mál eftir álitum sínum („arbitrært“). En skilyrðið var, að lögbók skæri ekki úr málinu, þ. e. að lagaákvæði vantaði um það eða einhver atriði þess og tekur þetta líka til refsimála. Er og altítt, að refsing er dæmd eftir álitum, af því að lög greina ekki, hvernig með skuli fara, þar sem nú mundi vera sýknað af refsingu vegna skorts á lagafyrirmælum. Þetta gilti eigi að eins um það atriði, hvort refsa skyldi, heldur varð líka að fara eftir álitum um það, hvort ákveðin atvik skyldi vera málsbót eða málspjöll. 1654 er stúlka t. d. dæmd til að þjóna 2 ár í einum spítalanna, ef með þurfi, vegna þess, að barn, er hún skyldi gæta, hafði fallið í brunn, en náðist þaðan þó lífs og lifði 2 dægur. Hefur þótt vafasamt, hvort vangæzlu væri um að kenna og hvernig refsa ætti fyrir hana.[2]) Árið 1706 er maður dæmdur vægara fyrir verknað framinn í ölæði en annars, og er ölæðið því talið málsbætur.[3])

Ákvæði Jónsbókar Þingfb. 4 um ágreining dómenda þarf að athuga nokkru gjörr. Lögbókin þekkir að eins *einn* lögmann. Meðan einn var lögmaður eða þegar aðeins annar lögmanna nefndi dóm, eftir að þeir voru orðnir tveir, þá er ljóst, að fara má eftir orðum lögbókarinnar í Þingfb. 4 svo langt sem þau ná. Ef ágreiningur verður og *einhver* eða einhverir lögréttumanna fylgja skoðun lögmanns, þá er einsætt, að álit

1) T. d. Þingbók Árna Oddssonar í Þjskjs. bl. 61 a.
2) Alþingisbókin 1654 nr. 11.
3) Alþingisbókin 1706 nr. 12.

hans og þess eða þeirra á að verða dómur í málinu. En ef svo fer, að lögréttumenn *allir* þeir, er lögmaður hafði til nefnt að dæma mál, hefði aðra skoðun en hann, þá leysir Jónsbók Þingfb. 4 ekki úr málinu. Þá mun verða að sækja lausnina í Þingfb. 9. Ef lögmaður úrskurðar andstætt *öllum* dómsmönnunum, þá skal úrskurður hans standa, því að enginn mátti breyta honum, nema konungur „með vitra manna samþykkt". Þess mun trauðla finnast dæmi, að lögmaður hafi staðið einn uppi með álit sitt. Hitt bar þar á móti við, að hann hefði með sér minnihluta lögréttumanna.[1])

Þegar lögmenn tóku báðir jafnan þátt í dómsuppsögn, eins og tíðast var á þessu tímabili, bæði um dómnefnu og samþykkt eða synjun á dómsatkvæði lögréttumanna, þá sker lögbók ekki úr málinu. Eru þá tvö aðaltilvik hugsanleg:

a) Lögmenn voru *sammála*. Ef einhver lögréttumanna, einn eða fleiri, voru líka þeirra megin, þá skyldi þeir augsýnilega ráða.[2]) Þetta virðist mega leiða af áðurnefndri reglu Jónsb. Þingfb. 4. En ef lögmenn stóðu einir öðru megin, en lögréttumenn allir hinum megin, þá hefði úrskurður þeirra átt að standa samkvæmt þeirri meginreglu Jónsbókar Þingfb. 9, að lögmannsúrskurð mátti enginn rjúfa, nema konungur.

b) Ef lögmenn *greindi á*. Jónsbók gerir, sem sagt var, ráð fyrir að eins einum lögmanni, og þar verður því engin lausn fundin, sem hér eigi við. Úrlausn beggja var jafngóð. Hér hafa engin önnur ráð verið, en að leita konungs, þangað til yfirrétturinn var stofnaður og tekinn til starfa. Reyndar var dómsniðurstaða oft á þessum tímum ekki tvímælalaus, því að einatt var sá varnagli sleginn, að svo skyldi vera sem í dómi sagði, nema annað reyndist sannara („óendanlegir" dómar). Þá gat verið, að seinna kæmi fullnaðardómur, er raskaði lögmannsúrskurði. Og þá þurfti málið ekki að fara til konungs. Þess eru fá dæmi, að til ágreinings hafi komið, sem eigi yrði jafnaður. Það er þó sagt um Niels Kjær og Benedikt Þorsteinsson, að þeir hafi oft eigi orðið ásáttir, en það verður á tímamótum Jónsbókarlaga og Norsku Laga.

---

1) 1700 hefur annar lögmanna að eins dæmt í máli, sem hinn lögmaðurinn átti í, og varð þá ágreiningur og mikill meiri hluti á móti lögmanni þeim, er málið dæmdi (Alþingisbókin 1706 nr. 22).

2) 1644 ber það við, að lögmenn báðir með 18 lögréttumönnum eru öðrum megin, en hinir 18 lögréttumennirnir hinum megin (Alþingisbókin 1644 nr. 3).

1702 greinir og Gottrup lögmann og nokkra lögréttumenn á við Sigurð lögmann Björnsson og lögréttumenn, er honum fylgdu, hvort dæma skyldi Þórodd Þorsteinsson úr Dalasýslu til lifláts fyrir þjófnað eða ekki. Dómsniðurstaða Gottrups er að eins skráð í þingbókina, og má vera, að svo hafi verið litið á, að úrskurður hans skyldi standa, af því að málið væri úr hans lögdæmi komið.[1]) En dómi þeim var auðvitað áfrýjað, og 1705 er í ráði að koma málinu fyrir hæstarétt, því að með kgsbr. tveimur 3. febr. 1705 er Sigurði boðið að gefa skriflegt atkvæði sitt í málinu og rökstyðja til afnota fyrir hæstarétti, og Alþingisskrifara boðið að gefa skriflega skýrslu um það, hversu margir lögréttumanna hafi fylgt Sigurði lögmanni og hversu margir Gottrup, að málum.

Þegar ágreiningur varð meðal lögréttumanna, sem nefndir höfðu verið til að dæma mál, þá virðist hafa verið venja, að bera málið undir alla lögréttuna, enda er svo að sjá sem Jónsb. Þingfb. 4 geri ráð fyrir því, að svo sé gjört.

Eins og að var vikið, þá var það mjög algengt, að kveðnir væri upp dómar bundnir ýmsum skilyrðum, svo sem því skilyrði, að ef annað reyndist sannara, þá skyldi dómurinn breytast. Og þetta var ekki skilið svo, að einungis æðri dómstóll gæti breytt dómi óæðra dómstóls, heldur gat hliðsettur, eða jafnvel óæðri, dómstóll gert það, ef ný gögn eða ástæður komu fram. Þesskonar dómar voru oft á seinni öldum kallaðir „óendanlegir" dómar. Þeir voru almennt bannaðir með N. L. 1—5—13, en dómar, þar sem niðurstaðan sé háð eiði aðilja eða mati eftir dómsuppsögn, tíðkuðust þó áfram og tíðkast enn, sem kunnugt er. Af þessu, að kveða mátti upp dóma, sem í raun réttri leystu einungis skilorðsbundið úr ágreiningi aðilja, leiddi það, að dómar höfðu ekki það gildi, sem þeir nú hafa. Þeir voru ekki bindandi úrslit sakarefnis, eins og nú. Þess vegna gat sama málið legið á döfinni svo árum, áratugum og sum jafnvel svo öldum skifti. Hver dómurinn eftir annan var kveðinn upp í sama máli, og að vonum hver á móti öðrum. Þetta var auðvitað óhæfilegt ástand. Þrætumál urðu svo að segja endalaus. Sömu mennirnir komu ár eftir ár fyrir dómendur, þar á meðal í lögréttu á Alþingi, og heimtuðu dóma á gömul deilumál, sem höfðu verið margdæmd áður. Kostnaður af slíku

1) Alþingisbókin 1702 nr. 9.

málavafstri hlaut oft að verða mikill og langvarandi fjandskap, gripdeildir og óvild leiddi oft af slíkri dómgæzlu. Í tilskipun 14. apríl 1607 segir, að menn neyðist oft til að skjóta málum sínum til Alþingis fyrir lögmenn, af því að þeir fái ekki skýran dóm á þau í héraði, heldur sé þar dæmt, að svo eða svo skuli vera, þar til annað prófist sannara. Er nú lögmönnum boðið að kveða upp skýlausan dóm í öllum málum, sem undir þá eru lögð, og stranglega bannað að segja upp nokkurn „óendanlegan“ dóm. Þar með er yfirhöfuð bannað að kveða upp slíka dóma á Alþingi. En þó hlaut sú venja að haldast eftir sem áður, að málsúrslit væri látin fara eftir því, hvort aðili ynni eið eða ekki, því að Jónsbók gerði eindregið ráð fyrir því, að svo skyldi vera. Í þingbók Árna lögmanns Oddssonar 1637 (bl. 114 b—115 a) er meðal annars getið konungsbréfs, er banni „óendanlega dóma á Alþingum“, en eigi er þessa konungsbréfs annarstaðar getið, svo að kunnugt sé. En ef þá, 1637, hefur komið konungsbréf um dómsuppkvaðningu — sem ekki verður vefengt, því að heimildin, samtíða skýrsla lögmanns, virðist efalaus — þá hefur það verið til þess að ítreka bannið í tilsk. 14. apríl 1607. Virðist því og hafa verið hlýtt á Alþingi eftir 1630, að minnsta kosti venjulega, að undaskildum eiðsdómum og þar sem málsúrslit kunna að vera látin fara eftir mati eftir dómsuppsögn.

Sá, er eigi hlýðnaðist dómi, þar á meðal úrskurði lögmanns og lögréttu, skyldi sekur mörk við aðilja og 4 mörkum við konung, Jónsb. Þingfb. 8.

4. Þegar dómur var sagður upp í lögréttu, þá virðist aðiljum málsns oft hafa verið gert viðvart um það. Þá lýsti sá, er óánægður var með dóminn, því stundum, að hann mundi skjóta máli sínu til æðra dóms. Eftir að yfirréttur var tekinn til starfa, var lögmannsdómum og lögréttu skotið þangað, en áður varð þeim, sem fyrr segir, að eins skotið til konungs. En önnur leið var þó lögmælt til þess að fá lögmannsúrskurði breytt, samkvæmt Jónsbók Þingfb. 6. Þar er gert ráð fyrir því, að mál hafi verið dæmt í lögréttu með venjulegum hætti, en svo staðhæfi annarhvor aðilja, þegar heim kemur í hérað, að málið hafi verið rangt upp borið fyrir lögréttumönnum. Dóminn skal að vísu halda, og varðaði venjulegri sekt fyrir dómrof eftir Jónsb. Þingfb. 8, ef dómi var brigðað. En aðili mátti stefna andstæðingi sínum til næsta Öxarárþings, og mega þeir

þá flytja þar mál sitt að nýju. Ef mál reyndist með sama hætti sem fyrr, þá átti sá, er skaut málinu aftur til Alþingis, að bæta málskostnað að hálfu aukinn. En ef svo reyndist, að málið hafði verið rangt upp borið fyrra sinnið, þá skyldi hinn bæta málskostnað með sama hætti og mörk konungi. Er hér gert ráð fyrir því, að sakaratriðum hafi verið rangt lýst fyrra sinnið, og að þetta hafi ráðið málsúrslitum. Dæmi þessa er vottorð lögréttumanna nokkurra, sem Árni lögmaður Oddsson skirskotar til árið 1632, er hann er krafður úrskurðar um gamalt arfamál, um það að mál hefði verið rangt flutt fyrir þeim.[1]) Þetta mál hafði reyndar síðan verið undir dómi, er höfuðsmaður hafði nefnt, og mátti því ekki framar koma undir dóm hér á landi.

VI. *Norsku lög.* Eins og áður hefur verið getið, skyldi málsmeðferð fara eftir Norsku lögum, samkvæmt erindisbréfi amtmanns 30. maí 1718 3. og 5. gr. og erindisbréfi stiftbefalingsmanns 27. apríl 1720 4. og 8. gr., bæði „i andlegum" málum og veraldlegum. Þetta boð var endurnýjað með kgbr. 2. maí 1732, en tilætlunin var, að þetta skipulag yrði til bráðabirgða, þangað til nýja íslenzka lögbókin kæmi út. En hún er ókomin enn þá, og í N. L. eru enn þá grundvallarákvæði íslenzkra dómskapa. Aldrei var þó haft fyrir því, að gefa út löggilta þýðingu N. L. á íslenzku. Og aldrei lét stjórnin birta þau á Íslandi, né heldur rannsaka það og skera úr því, hver af fyrirmælum þeirra skyldi telja varða málsmeðferð fyrir dómi, því að vel má það orka tvímælis um sum þeirra, hvort þau skuli telja dómskapaákvæði eða ekki. Skipun konungsvaldsins um það, að fylgja skyldi dómskaparreglum N. L. útrýmdi því hvergi nærri þeirri réttaróvissu, sem í landi hér hafði ríkt um hríð. En þó er ekki að efa, að dómskapareglur N. L. voru að ýmsu leyti betri og meir við hæfi tímans en Jónsbókar lög voru orðin. Gallinn var sá, að Norsku lög voru lögskipuð óbreytt. Ýmislegt í þeim átti ekki við hér á landi, þótt það gæti hafa verið gott í Noregi. Þess var ekki að vænta, að hérlandsmenn hreyfðu nokkrum andmælum gegn þeirri ráðstöfun, að skipa hér málameðferð eftir Norsku lögum með þeim hætti, sem nú var sagt. Menn voru þá hættir því, að mótmæla þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í nafni konungsvaldsins.

1) Alþingisbækur Íslands IV 40—41, V 246—247.

Þegar unnt var, tóku menn hér að beita N. L. eftir að það var skipað. 1720 er héraðsdómur sýslumanns ómerktur af því að hann sé ekki samkvæmur ákvæðum N. L.[1]) Og árið eftir fær héraðsdómur Odds Sigurðssonar einn sömu útreið, því að hann sé „bæði útgefinn í móti Norsku laga formaliteti svo vel sem ei eftir laganna formi gjörður".[2]) Fljótlega er og tekið að beita fyrirmælum N. L. um kyrrsetningu á mönnum vegna skulda. 1723 var Snæbjörn Pálsson úr Ísafjarðarsýslu (Mála-Snæbjörn) kyrrsettur vegna skuldar við danskan kaupmann nokkurn. Var sýslumanni boðið að taka Snæbjörn til varðveizlu „fyrir utan bolt og járn svo lengi sem hann ekkert óskikkanlegt eður opinbera óhlýðni sýnir í því hans arresti" [3]) Árið eftir er kveðinn upp kyrrsetningar-úrskurður yfir sjálfum lögmanninum Oddi Sigurðssyni og honum bönnuð för af landi, eftir kröfu Johans Gottrups sýslumanns, er stefnt hafði Oddi æruleysissökum.[4]) Kváðu lögmenn upp þessa úrskurði.

Hér verða engin tök á því að lýsa rækilega málameðferð á Alþingi eftir að Norsku lög koma þar til framkvæmdar. Verður henni að eins lýst í höfuðatriðum, svo að aðalmunurinn á málameðferð Jónsbókar og Norsku laga í lögréttu megi koma fram.

1. Lögmenn dæma nú *einir*. Lögréttumenn eru að eins þingvottar. Kemst þetta undir eins á.

2. Til 1738 dæmdi lögrétta a prima instantia í málum, sem gjörðust á Alþingi, t. d. klukkumálið milli Fuhrmanns amtmanns og Páls lögmanns Vídalíns 1727, er frestað var til næsta árs „sökum tímans og lögþingismanna stórra nauðsynja".[5]) En þessu var breytt með kgsbr. 24. jan. 1738, og segir þar, að það brjóti bág við Norsku lög, að lögmenn dæmi a prima instantia sakir þær, sem á Alþingi gerist. Og er það rétt, því að eftir N. L. áttu lögmenn að vera yfirdómarar, sjá N. L. 1—6—8 og 10. Því voru mál, sem á Alþingi gerðust, lögð til sérstaks dómstóls, gestaréttar, sem sýslumaðurinn í Árnessýslu, dómarinn á staðnum, átti að heyja. Síðan dæmdu lögmenn að eins á 2. dómstigi.

---

1) Alþingisbókin 1720 nr. 22.
2) Alþingisbókóin 1721 nr. 20.
3) Alþingisbókin 1723 nr. 25.
4) Alþingisbókin 1724 nr. 26.
5) Alþingisbókin 1727 nr. 16 og 27.

3. Stefnur til lögréttu (lögþingisréttar) skyldi lögmenn gefa út með nafni sínu og innsigli undir, N. L. 1—4—24. Þetta komst bráðlega á. En af því að þeim var erfitt að ná til lögmanna, sem fjarst þeim bjuggu, varð algengt að lögmenn fólu einhverjum sýslumanni í dögdæminu að gefa út lögþingisstefnur fyrir sína hönd. Og síðan lét áfrýjandi birta stefnu. En eigi voru þá löggiltir stefnuvottar fremur en áður, en þegar stefna var skrifleg, þá áttu 2 menn að birta hana og veita stefndum eftirrit af henni eða gefa honum kost á að taka það, og rita síðan á stefnu stað og stund, er stefna var birt og hverjum hún var birt, N. L. 1—4—4 og 25. og þurftu stefnuvottar þá ekki að staðfesta birtinguna fyrir dómi, að minnsta kosti ekki nema líklegt væri gjört, að vottorð þeirra væri rangt. Stefnufrestur er sagður hafa verið 14 dagar, kgbr. 19. des. 1749. En þetta var andstætt N. L. 1—4—8 og 9. Samkvæmt þeim átti stefnufrestur til lögþingis að vera 1—2 mánuðir. Stefna þurfti bæði aðilja og svo dómara, er með málið hafi farið í héraði, og meðdómendum, ef þeir voru, N. L. 1—2—3.

4. Dómum héraðsdómara mátti áfrýja til lögmanna, en gera skyldi það innan 6 mánaða — eða 6 vikna í útlegðarmálum — eftir uppkvaðningu héraðsdómsins, N. L. 1—6—10. Þetta var skilið svo, að nægilegt væri, að stefna væri útgefin áður en 6 mánuðir væri liðnir frá dómsuppsögn, en svo tóku menn að krefjast frávísunar málsins frá lögþingisrétti með þeim rökum, að stefnu þyrfti ekki að eins að gefa út á næstu 6 mánuðum eftir dómsuppkvaðningu, heldur væri einnig nauðsynlegt, að hún væri *birt* áður sá frestur væri liðinn. Fyrir þessar sakir var ákveðið í kgsbr. 19. des. 1749, að nægilegt væri, að áfrýjunarstefnan væri út gefin á næstu 6 mánuðum — eða 6 vikum — eftir uppkvaðningu héraðsdómsins og skyldi sá dagur með talinn. Sá, er áfrýjaði, átti að taka eftirrit af dóminum, þ. e. dómsgjörðum, ásamt dóminum sjálfum, N. L. 1—6—10, og var máli hans annars vísað frá lögþingisrétti. Eftir að ríkisvaldið hafði tekið meðferð refsimála almennt sér í hendur, þá varð það skylda amtmanns og síðar amtmanna að kveða á um áfrýjun þeirra, og sýslumanna svo að gera gangskör að því, að málin kæmi til Alþingis, þar á meðal að sökunautar væri þar til rannsaks. Og líflátsdóma var talið skylt að setja fyrir lögmann og síðar var það lögboðið.

5. Mál var sem nú þingfest með því að leggja fram stefnu

og eftirrit dómsgjörða í lögréttu, eftir að málsaðiljar höfðu verið kallaðir fram. Var boðið að tölusetja þau skjöl öll, sem fram voru lögð og ritaði Alþingisskrifari jafnframt vottorð sitt á þau um framlenginguna og síðan las hann upp stefnuna, N. L. 1—4—4. Oft munu dómsgjörðir og hafa verið lesnar, að minnsta kosti í opinberum málum. Sóknaraðili eða umboðsmaður hans — enda var það siður enn að skipa þeim talsmann, sem óhæfir þóttu til að fara með mál sín — átti svo að útlista málið, og varð nú venja að gera það skriflega, þótt ekki væri það lögboðið í N. L. Skiftust menn á „innleggjum" (þ. e. sóknar- og varnarskjölum) í málum sínum, eins og fyrir héraðsdómum nú. Það var bókað í Alþingisbókina, hvenær sóknar- og varnarskjölin voru lögð fram og stundum getið aðalefnis þeirra. Það verður víst smámsaman venja að bóka að efni til munnlegar skýrslur og kröfur aðilja, svo að málflutningur verður skriflegur þegar á fyrra hluta 18. aldar. Vitni komu auðvitað sjaldan til Alþingis í einkamálum, en í opinberum málum ber það fremur við. Sökunautar voru þangað mjög oft færðir, eins og getið hefur verið áður. Frestað var málum auðvitað iðulega frá degi til dags á Alþingi, og svo gátu aðiljar frestað málum sínum til næsta Öxarárþings. Það er ekki ákveðið, hvenær aðiljar skyldi hafa lokið málaflutningi sínum fyrri en með kgsbr. 28. apríl 1784. Þar segir, að aðiljar megi ekkert fá bókað eftir að þingið hefur staðið 14 daga. Þegar framkvæmd N. L. er komin í fast horf, þá hætta lögmenn að fresta málum frá einu þingi til annars án samþykkis aðilja, að því er virðist, eins og eigi var áður ótítt. Þar á móti varð stundum að fresta opinberum málum með því að vísa þeim heim í hérað til rækilegri rannsóknar, og olli það oft miklum drætti á þeim málum.

6. Ef *áfrýjandi* einkamáls sótti alls eigi forfallalaust lögþingisréttinn né lét sækja hann af sinni hendi, þá varð ekkert gert að máli hans og þá mátti dæma hann til þess að greiða andstæðingi sínum „kost og tæring", N. L. 1—4—34. En mönnum var lengstum ekki synjað meðferðar á málum sínum, ef þeir komu fyrir þinglok, þótt oft væri kvartað yfir því, hversu málsaðiljar kæmi seint til þings. Með konungsbr. 12. apríl 1751 var það gert að skilyrði, ef menn komu ekki 3 fyrstu daga þingsins, að þeir gyldi 1 lóð silfurs fyrir hvern dag, ef þeir vildi láta taka mál sitt fyrir. Og eftir kgsbr. 28. apríl 1784

skyldi aðili ekki fá mál sitt meðhöndlað, ef hann kom ekki fyrsta þingdag, nema hann gyldi hálft lóð silfurs fyrir hvern dag, sem liðinn var af þinginu, enda var með sækjanda farið svo sem hann hefði ekki sótt þing, ef hann kom ekki fyrr en liðnir voru 14 dagar frá setningu lögþingisréttarins.

Til 1751 gilti sama um stefndan sem stefnanda, að honum varð eigi neitað um að taka við vörnum hans, ef hann kom fyrir þinglausnir, ef lögmaður hafði ekki lokið dómsorði á málið, sem vera mátti, ef hann kom ekki að forfallalausu eftir að honum hafði verið lagður lögdagur. En ef svo var, þá hefur aðili að eins haft það eitt ráð, að skjóta málinu til yfirréttar. En eftir 1751 giltu ákvæði konungsbréfsins 12. apríl 1751 um stefndan, eins og áfrýjanda einkamáls. Ef hann kom ekki 3 fyrstu þingdagana, þá varð hann að greiða lóð silfurs til þess að hann mætti taka til varna í máli. Og eftir að konungsbr. 28. apríl 1784 kom, varð hann að greiða hálft lóð silfurs, ef hann kom ekki fyrsta þingdaginn, til þess að hann fengi að taka til varna, og svo var með hann farið, eins og hann hefði alls ekki sótt þingið, ef hann kom ekki þá 14 daga, sem þinginu var ætlað að standa, enda sannaði hann eigi forföll sín. Ef nú stefndur sótti ekki þing samkvæmt þessu, þá var mál hans þó ekki dæmt að svo komnu. Skyldi þá lögmaður leggja honum lögdag, sem svo var nefndur, þ. e. kveðja hann til að sækja Alþingi næsta ár, því að þá yrði mál hans af nýju meðhöndlað og dæmt eftir kröfum áfrýjanda, N. L. 1—4—32. Lögdagslagningu átti svo áfrýjandi að birta stefndum með sama hætti sem stefnu. Ef hann gerði það ekki, þá var lögdagslagning ónýt, og áfrýjandi varð þá að taka nýja stefnu til lögþingisréttar.[1]) Þessi ákvæði um lögdagslagninguna hæfðu Noregi miklu betur en Íslandi. Í Noregi átti að halda lögþingin svonefndu þrisvar á ári, N. L. 1—3—7, og lögdagslagningin frestaði máli því ekki meira en um 4 mánuði. En á Íslandi var Alþingi að eins háð einu sinni á ári, og lögdagslagning frestaði málum því hér á landi um 12 mánuði, því að lögmenn dæmdu nú ekki annarstaðar mál, nema sakamál á aukalögþingum og héldu stundum áreiðar gjörðir í landaþrætumálum. Menn fundu að vonum til þess, að þetta skipulag var óhentugt, og fyrir því fóru þeir lögmennirnir Magnús Gíslason

1) Sbr. Alþingisbókina 1746 nr. 6.

og Sveinn Sölvason fram á það við konungsvaldið, að regla N. L. um lögdagslagningu yrði numin úr lögum nema í refsimálum, sem vörðuðu líf, limu eða æru og málum um fasteignir. En konungsvaldið vildi ekki samþykkjast þessu, og var því skipun N. L. á þessu máli látin haldast, kgsbr. 12. apríl 1751. Var lögdagslagning eigi numin úr lögum fyrr en með tilsk. 3. júní 1796.

Ef stefndum var birt lögdagslagningin og hann sótti svo eigi þing öðru sinni, þegar mál hans var tekið til meðferðar og ekki voru lögmæt forföll sönnuð, þá var málið dæmt eftir þeim gögnum, sem áfrýjandi lagði fram, N. L. 1—4—32.

7. Reglur N. L. um sönnunarbyrði og sönnun voru að ýmsu allfrábrugðnar Jónsbókarlögum. Það varð regla, þegar ríkisvaldið hafði tekið í hendur sínar rekstur refsimála á 18. öld, að það skyldi sanna sekt á hendur sökunaut. En þó eimdi alllengi eftir af gamla laginu. Enn kom það t. d. fyrir 1791, að konu er dæmt að synja fyrir samfarir við karlmann með eiði, en hún var sökuð um barnsburð á laun.[1]) Jafnvel sýslumenn dæmdu sökunautum synjunareið í glæpamálum fram eftir 18. öld og fram á 19. öld, en vitanlega hratt æðri dómstóll slíkum dómum. Í einkamálum skyldi sá, er sök gaf, sanna mál sitt, N. L. 1—14—1, og eiður aðilja var aðeins leyfður sem þrautaúrræði. Dómarar áttu að rannsaka mál í embættisnafni, bæði einkamál og opinber mál. En þetta smábreyttist um einkamál. Fengu aðiljar smámsaman full ráð yfir gangi þeirra, en meðferð sakamála komst alveg undan forræði einstaklinganna..

8. Það var venja, að dómar voru upp kveðnir þegar í lögþingisréttinum eftir því sem málin urðu tilbúin. Úrskurðir („interlocutoria") voru oft kveðnir upp um einstök atriði, sem vörðuðu formhlið máls, t. d. um frávísun sakar frá dómi o. s. frv. Fyrir þinglok voru öll mál lengstum dæmd, sem tekin voru til dóms áður en þingi lauk. Þetta átti að vera undantekningarlaus regla um öll sakamál („Delinquent — og Justitssager"), en um einkamál var svo mælt í kgsbr. 28. apríl 1784 5. gr., að lögmenn mætti láta Alþingi standa lengur en 14 daga, en einungis til þess að semja dóma og kveða þá upp. Aldrei mátti þó þing standa lengur en til loka júlímánaðar. Skyldi

1) Alþingisbókin 1791 nr. 15.

lögmenn láta skrá í þingbók og auglýsa, hvort dómur yrði kveðinn upp í máli fyrir þinglok, ef þing hafði staðið 14 daga, eða ekki. Var lögmönnum því almennt í sjálfsvald sett eftir kgsbr. 28. apr. 1784 5. gr., hvort þeir kvæði dóm upp á Alþingi eða tæki málskjölin heim með sér og kvæði þar upp dóm. Venjulega voru dómar eftir 1784 líka kveðnir upp áður Alþingi væri lokið. En ef lögmenn gerðu það ekki, þá áttu þeir að kveða upp dóm áður 6 vikur væri liðnar frá dómtöku máls samkvæmt N. L. 1—5—8. Árið 1798, 20. júlí, ákvað Magnús lögmaður Stephensen að kveða upp dóm í máli Sæmundar prests Holms og Hallgríms læknis Bachmanns að heimili sínu Leirá í Borgarfjarðarsýslu, vegna þess að hann þyldi ekki súginn í lögréttuhúsinu, og kvað hann dóminn upp 6. ágúst það ár.[1]) Annars hefur það verið föst venja, að dómar í einkamálum væri upp kveðnir á Alþingi.

Fyrst lengi eftir að N. L. komu hér til framkvæmdar voru dómar með öðrum hætti en nú tíðkast. Voru allar dómsgjörðirnar nefndar dómur, en „dómsslutning" var niðurlag þeirra oft kallað, og svarar það til þess, sem nú er kallað dómur, og jafnvel stundum öllu heldur til atriðisorðs dóms nú á dögum. Stundum er dómur og nefndur „dómur" í Alþingisbókum 18. aldar.[2]) Dómarnir voru þá venjulega mjög stuttir og eigi lýst sakaratriðum að ráði. En um eða laust eftir 1790 verður breyting á þessu. Þá taka lögmenn að semja dóma með líkum hætti og nú tíðkast. Eru málalýsingar alllangar í dómum frá síðasta áratugi þingsins og dómarnir enda á sérstökum niðurlagsorðum, aðgreindum frá forsendum með orðunum: „Því dæmist rétt (að) vera".[3]) Dómar voru orðrétt skráðir í Alþingisbókina.

9. Þingmálið var að nafninu til *íslenzka* á þessu tímabili. Í upphafi 18. aldar og nokkuð fram á hana bregður því eigi sjaldan fyrir, að íslenzkir embættismenn létu birta ýmislegt á dönsku, er embætti þeirra varðaði. En þó að það, sem skráð var í þingbók, ætti að vera á íslenzku, þá var það mál svipur hjá sjón. Svo var mál allt oft afskræmt og dönskublandið, að öllum mönnum með sæmilega íslenzka málkennd hlýtur að blöskra. Samt sem áður átti málflutningur að fara fram á ís-

1) Alþingisbókin 1798 nr. 11 og 16.
2) T. d. Alþingisbókin 1779 nr. 12 og 13.
3) T. d. Alþingisbókin 1791 nr .25, 1793 nr. 20, 1794 nr. 24 og 25.

lenzku. Að vísu fór Levetzow stiftamtmaður fram á það í bréfi 28. sept. 1787, að mönnum yrði ekki meinað að flytja mál sín á íslenzku eða dönsku, hvort sem þeir vildi heldur, og að dómur yrði þá kveðinn upp á öðru hvoru málinu, „ligesom tildels hidtil har været brugelig". Þessu svaraði Kancelli með bréfi dags. 16. ágúst 1788 svo, að ef dómsmál kæmi upp milli íslenzks manns og dansks, þá skuli sækja mál og verja á íslenzku og dómur yrði kveðinn upp á íslenzku, enda skuli þá skipa hinum danska manni talsmann, er fær sé í íslenzku. En ef tveir danskir menn eigi í máli hvor við annan, og þeir flytji mál sitt sjálfir eða fyrir þá menn, er dönsku kunni, þá skuli mál sækja og verja á dönsku og dóm kveða upp á því máli. Þó átti að stefna íslenzkum vitnum og spyrja þau á íslenzku, og verði málflytjendur því líka að kunna það mál. Það er af þessu alveg ljóst, að Kancellí ætlast til þess, að þingmálið sé almennt íslenzka.

## A. Dómstörf Alþingis. Framhald.

37. gr.

### Yfirrétturinn.

I. Samkvæmt Jónsbók Þingfb. 9 mátti enginn rjúfa lögmannsúrskurð, nema konungur með vitra manna samþykki sæi annað sannara. Þar með var ákveðið, að lögmenn skyldi vera æðstu innlendu dómarar. Ef maður bar mál, er lögmaður hafði lagt úrskurð sinn á, undir lögréttumenn á Alþingi, þá skyldi þeir rannsaka innvirðilega það mál, og ef þeim virtist úrskurður ólöglegur, þá áttu þeir að rita til konungs, hvað þeim litist sannast um það mál. Þetta ákvæði hefur varla skift miklu máli í framkvæmdinni. Þess eru fá dæmi eða engin, að lögréttumenn hafi gengið svo í gegn lögmanni.

Þess er ekki getið, að Íslendingar hafi verið óánægðir með þá skipun, að lögmenn væri æðstu dómendur í landinu. En danskir kaupmenn, sem urðu ósáttir við annan lögmanninn, eru sagðir hafa róið að því, að fá dómsvaldi þeirra hnekkt. Hirðstjóri eða höfuðsmaður hafði að vísu einstöku sinnum nefnt dóma áður, en það var þó engum blöðum um það að fletta, að eftir lögum landsins voru lögmenn æðstu innlendir

dómarar. En á þessu varð breyting, að minnsta kosti að nafni til 1563. Með tilsk. 27. marz 1563 er höfuðsmanni boðið að eiga dóma með tilnefndum 24 mönnum yfir úrskurðum lögmanna. Segir í tilskipun þessari, að nú verði að bera úrskurði þeirra undir konung og ríkisráð, en það sé fátækum mönnum of kostnaðarsamt. Segir, að sumir dómar lögmanna þyki ranglátir, og er það sennilegt, að sumum hafi þótt það, því að einatt þykir þeim dómur ranglátur, sem máli tapar. Það hefur verið sagt, að sú skipun, sem tilsk. 27. marz 1563 hafði boðið, hafi ekki á komizt fyrr en nýtt lagaboð kom 1593.[1]) En þetta er naumast alveg nákvæmt, því að þess eru nokkur dæmi, að höfuðsmaður nefndi 24 manna dóminn á tímabilinu 1563—1593. 1572 á Alþingi gengur 24 manna dómur um úrskurð einn, er Ormur lögmaður Sturluson hafði upp kveðið, þar sem hann hafi ekki með átt, segja dómsmenn, og skírskota til þess náðarbréfs konungs, þar sem hann segir, að höfuðsmaður skuli taka með sér 24 menn til að dæma yfir lögmönnum.[2]) Og hlýtur hér að vera átt við tilsk. 27. marz 1563. En vera má, að þessi dómur sé þó ekki öruggt dæmi þess, að 24 manna dómurinn, sem tilsk. 1563 býður, hafi hér starfað, því að ekki segir berum orðum, að höfuðsmaður hafi nefnt dóminn, heldur að málið hafi verið kært fyrir höfuðsmanni. En árið 1578[3]) nefnir Johann Bockholt höfuðsmaður 24 manna dóm á Alþingi til að dæma um úrskurð nokkurn Orms Sturlusonar, og virðist 24 manna dómurinn vera hér á ferðinni. Og árið 1585 verður ekki um það villzt, að reglulegur 24 manna dómur, útnefndur af höfuðsmanni, dæmir um úrskurð, „sem Eggert Hannesson, sálugur í guði, lögmann hafði útgefið um jörðina Veturliðastaði".[4]) Eru í dóminum lögmenn báðir, sem vel mátti vera, þar sem dæma átti um úrskurð fyrrverandi lögmanns, 9 sýslumenn og hitt lögréttumenn. 17.júní 1593 — áður en síðara bréfið um yfirdóminn kom út — stefnir Hinrik Krag höfuðsmaður Guðbrandi biskupi Þorlákssyni fyrir sig og 24 manna dóm á Öxarárþingi 29. júní 1593, að vísu eftir skipun konungs og ríkisráðs. En það sýnir, að menn vita, að dómur þessi er til. Eru því að minnsta kosti tvö glögg dæmi um tilvist dóms-

1) Jón Sigurðsson í Safni II 121.
2) Alþingisbækur Íslands I 101.
3) Alþingisbækur Íslands I 381—384.
4) Sama rit II 62.

ins og starfsemi á þessu 30 ára bili. En hitt er þó sjálfsagt rétt, að einhverri mótspyrnu hefur þetta skipulag sætt, því að annars hefði eki þurft að gefa út nýtt boð, eins og gert var 6. des. 1593. Segir þar, að tilskipunin frá 1563 sé sögð „dennem (þ. e. Íslendingum) frá Hænde kommen" (þ. e. týnd) og er gamla skipunin frá 27. marz 1563 nú alveg endurtekin, og er vant að telja stofnun yfirréttarins, sem oft er nefndur framan af 24 (manna) dómur og um 1700 amtmanns og 24 dómur, sbr. kgsbr. 19. apríl 1704, en á 18. öld yfirréttur og á dönsku „Oberretten", frá þeim tíma.

II. 1. Samkvæmt tilsk. 6. des 1593 var höfuðsmaður — eða fulltrúi hans hér á landi — forseti yfirréttarins, meðan höfuðsmannsdæmið stóð. Eftir að það var lagt niður, átti stiftbefalingsmaður að hafa forsæti í yfirrétti, en þessi embættismaður var ekki búsettur í landinu, svo að amtmaður hlaut að stýra dóminum venjulega, sbr. kgsbr. 19. apr. 1704 og kgsbr. 7. júní 1728. Á árunum 1707—1718 kom amtmaður ekki heldur til Íslands og hafði þá einnig fulltrúa hér fyrir sig. Þegar stiftbefalingsmaður hafði hér sérstakan fulltrúa, eins og Odd Sigurðsson nokkur ár, þá stýrði sá fulltrúi yfirrétti, eða átti að gera það.[1]) Ef forseti dómsins var við mál riðinn eða forfallaður annars, þá varð að setja mann í stað hans. Því var Jón Eyjólfsson settur til að vera forseti dómsins og nefna meðdómendur 1715 í máli, sem Oddur Sigurðsson var viðriðinn.[2]) En svo segir í kgsbr. 5. marz 1734,[3]) að oft hafi orðið deila um forsæti í dóminum, ef amtmaður hafi verið við mál riðinn. Því er sett almenn regla um það, hvernig það skuli skipa, ef amtmaður getur það ekki. Skyldi þá landfógeti skipa forsæti í dóminum. En ef hann gat það ekki, þá skyldi sá lögmanna, er eigi hefði áður dæmt mál það, er þar var fyrir dómi, gera það. Hér er gert ráð fyrir því, að lögmenn dæmi hvor í sínu lagi, og var þá sá síður að komast á, og lögleiddur árið eftir með kgsbr. 7. maí 1735. Ef hvorugur lögmanna mátti stýra yfirrétti, þá skyldi elzti sýslumaðurinn, er á staðnum var, gera það. Eftir að stiftamtmaður var búsettur í landinu — en það

1) 1718 var enginn yfirréttur haldinn. Fuhrmann amtmaður var þá ekki á landi hér og enginn fulltrúi amtmanns heldur, Alþingisbókin 1718.

2) Alþingisbókin 1715 nr. 11.

3) Árið 1733 var yfirréttur ekki haldinn. Þá var amtmannslaust á Alþingi, Fuhrmann látinn.

varð 1770 — þá varð hann og forseti yfirréttarins, og það skipulag stóð svo lengi sem dómstóllinn var til. Sá, sem forsæti skipaði, skyldi jafnan nefna meðdómendur í því máli, sem hann átti að dæma um.

2. Auk forseta skyldi upphaflega 24 meðdómendur sitja dóminn. Þessi tala helzt óbreytt til 1735. Eins og að líkindum lætur, gat verið erfitt að fá svo marga hæfa menn til að sitja yfirréttinn. Sýslumenn voru ekki svo margir á landinu, og varð því einatt að nefna lögréttumenn til setu í yfirdómi. En um það er talað, að þeir hafi litið skyn borið á lög og rétt. Og svo gat lögrétta ekki starfað um leið og yfirréttur, ef þar skyldi lögréttumenn, þeir sem vera skyldi í lögréttu, líka sitja. Því var svo mælt í kgsbr. 7. maí 1735, að þar eftir skyldi eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 meðdómendur sitja yfirrétt. Þetta skipulag stendur svo, þar til meðdómendum er fækkað niður í 6 með kgsbr. 30. apr. 1777. Hélzt sú tala óbreytt síðan, þar til yfirréttur þessi var lagður niður.

Samkvæmt tilsk. 6. des. 1593 og kgsbr. 19. apríl 1704 áttu meðdómendur í yfirrétti að vera teknir meðal hinna helztu, beztu og skynsömustu manna landsins („de fornemste, bedste og forstandigste Mænd"). Var venja að nefna sýslumenn þá, sem á Alþingi voru, til dóms í yfirrétti. Þess vegna var svo bagalegt, ef þeir sóttu ekki þingið, og eru þeir t. d. 1740 sérstaklega ámiantir um að sækja þing á réttum tíma, svo að yfirrétturinn verði fylltur.[1]) Magnús lögmaður Gíslason kvartar um það 1733, að sýslumenn vanræki þingsókn svo að taka verði lögréttumenn í yfirréttinn, og viti þeir ekkert í lögum eða rétti.[2]) Auk þess mátti nefna lögmenn til dómsetu í yfirrétti, ef þeir höfðu ekki dæmt mál það, er þar átti að dæma, og í kgsbr. 5. marz 1734 er beint boðið, að lögmenn sitji yfirréttinn í málum, sem þeir hafa ekki dæmt áður. Þá var, eins og að var vikið, alvenja, að nefna lögréttumenn í yfirréttinn, þó að þeir væri varla færir til þess starfa. Svo er að sjá sem hann lengdi stundum þingvist þeirra, að óvilja þeirra. Árið 1713 banna t. d. Oddur Sigurðsson og Páll Beyer lögréttumönnum heimför af þingi vegna þess, að málum sé ólokið í yfirrétti.[3]) Og er þess oft annars getið, að lögréttumenn sé

1) Alþingisbókin 1740 viðbót 1.
2) Þjóðskjalasafn A. 75 II.
3) Alþingisbókin 1713 nr. 29 og 30.

nefndir í yfirréttinn. 1724 hefur lögrétta t. d. tafizt vegna þess, að margir lögréttumenn voru nefndir í yfirréttinn.[1]) Jafnvel eftir að dómendum var fækkað í 6, kom það fyrir, að lögréttumenn voru nefndir þar í dóm, eftir því, sem Magnús Stephensen segir í áliti sínu um niðurlagningu Alþingis 1799—1800. Hann segir þar, að „kjolede Bönder", sem lítið vit hafi á lögum og rétti, sé stundum nefndir í yfirréttinn. Auk þess mátti nefna klausturhaldara í yfirrétt, og hefur það sennilega stundum verið gert. Þá voru og einu sinni skipaðir með konungsboði 24. marz 1705 nefndarmennirnir Páll Vídalín og Árni Magnússon til að dæma mál Gottrups lögmanns á hendur 8 bændum húnvetnskum, sem ekki höfðu viljað gefa Gottrup vitnisburði, er embættismönnum var þá títt að heimta.

Eftir að dómendur voru orðnir 6, auk stiftamtmanns, þá var það víst venja, einkum seinustu árin, að nefna sýslumenn úr nágrenninu. Seinustu árin voru t. d. aðallega í dóminum venzlamenn Ólafs stiftamtmanns, synir og mágar. Og mundi sú skipun eigi hafa þótt við eiga nú á tímum.

Ekki er, svo að kunnugt sé, ákveðið kaup handa dómendum í yfirrétti fyrr en í kgsbr. 30. apríl 1777. Var þá hverjum dómanda ákveðið kaup, 10 ríkisdalir, ár hvert, er þeir sátu dóminn, en lítils virði var þá þetta kaup, þegar þess er gætt, að ef dómur yfirréttar var feldur úr gildi af hæstarétti, þá átti hver dómandi í yfirrétti, sem undirritað hafði slíkan dóm, að greiða í eins konar sekt 4 ríkisdali til dómsmálasjóðs, tilsk. 16. nóv. 1764 15. gr.

III. 1. Lengstum hefur yfirréttur ekki haft fastan *ritara*. Virðist sem til þess starfa hafi verið fengnir menn eftir því sem á stóð. 1710 er Hákon Hannesson sýslumaður í Rangárþingi t. d. fenginn til að inna þetta starf af hendi. Var hann síðan sakaður um að hafa „illa makúlerað og ranglega innfært í Oberrettens protokol það, sem ekki þeim réttu sökum við kom", og vék Oddur Sigurðsson, sem þá hafði umboð stiftbefalingsmanns, Hákoni frá sýslumannsembætti um stundarsakir fyrir þetta.[2]) Það er ekki kunnugt, að yfirréttur hafi fengið fastan ritara, á borð við lögréttu, fyrr en 11. nóv. 1771, er Oddur Stefánsson var gerður að ritara („notarius") þar, og hélt hann því embætti síðan þar til yfirrétturinn var lagður niður. En um

1) Alþingisbókin 1724 nr. 14 og 30. Sbr. og Alþingisb. 1728 nr. 12.
2) Alþingisbókin 1711 nr. 19.

þóknun handa yfirréttarritara er þó ákveðið fyrr. Vera má, að einhver þóknun hafi lengi verið greidd fyrir þetta starf, en eigi er hún lögmælt, svo að kunnugt sé, fyrr en 11. nóv. 1771. Voru laun ritara þá ákviðin 30 ríkisdalir á ári. Höfðu um skeið áður verið greiddir 20 rd. fyrir starfið, en launin voru nú hækkuð um 10 rd. og hélt ritari þessum launum auðvitað meðan yfirréttur stóð. Átti dómsmálasjóður að greiða 20 ríkisdali af þessari upphæð, en tugthússjóður skyldi greiða viðbótina, 10 rd., kgbr. 30. apríl 1777. Ritari hélt þingbók yfir réttar og gegndi yfirleitt þeim störfum, er ritara æðra dóms bar að gegna. Um ritlaun hans, sjá kancbr. 4. júní 1796.

2. Ekki fara, svo að kunnugt sé, heldur sögur af bókhaldi yfirréttar fyrr en á 18. öld. Helzt er að sjá sem eigi hafi þar verið sérstakar bækur fram á 17. öld langt, því að fram um 1660 virðist, að minnsta kosti, það, sem fram fer í 24 manna dómi, skráð í Alþingisbók þess árs. Eftir 1700, og ef til vill fyrr, er þó farið að halda sérstaka yfirréttarbók, eins og sjá má á Alþingisbókinni 1711, sem fyrr segir. Amtmaður hefur sjálfsagt geymt yfirréttarbókina og skjöl hans, þar til varð fastur ritari við réttinn. En hvernig sem um það er, þá eru bækur yfirréttar frá 1756 og þaðan frá til upphafs hans týndar, að fáum árum undanteknum (1710—1714). Með kancbr. 13 okt. 1790 var boðið að senda Kancellíi 5 eintök af gjörðabók yfirréttar árlega, eins og af Alþingisbókinni. 26. okt. 1793 leyfði Kancellíi að prenta dóma yfirréttar, og hafa þeir verið prentaðir frá 1749—1796.

IV. 1. Ekki var kveðið á um það í tilsk. 27. marz 1563 né 6. des. 1593, *hvar* yfirrétt skyldi heyja. Höfuðsmanni var þar að eins boðið, að taka með sér 24 menn „paa en visse belejlige Sted", þ. e. á hentugum og ákveðnum stað. En það hefur orðið föst venja, að heyja dóm þenna á Þingvelli. Með því mælti vitanlega það, að þangað komu lengstum allir eða flestir þeir menn, sem til dómstarfa voru hæfastir. Og það var bæði kostnaðarminnst og ómaksminnst að halda yfirréttinn á Þingvelli, úr því að þar var helztur kostur manna í dóminn. Yfirréttur var jafnan haldinn á Þingvelli, nema árin 1799 og 1800. Þá var hann haldinn í Reykjavík eins og lögþingisrétturinn.

Yfirrétti var enginn ákveðinn staður á Þingvelli markaður í lögum. Það er nú ekki kunnugt, hvar yfirréttur hefur verið haldinn á Þingvelli framan af. Er líklegt, að það hafi verið

í búð höfuðsmanns, en þó liggja ekki fyrir gögn um það, svo að kunnugt sé, fyrr en eftir 1700. Árið 1715 10. júlí lýsir Oddur Sigurðsson yfir því, að Páll Beyer, fulltrúi landfógeta, komi ekki til Alþingis fyrr en 15. eða 16. s. m. „og yður (þ. e. lögmaður og lögréttumenn) .. er vitanlegt, það plássið eður búðin, sem yfirrétturinn hefur árlega inni haldinn verið, er enn þar ei af herra landfógetans hálfu svo tilreidd sem vant er með vaðmáls yfirþaki". Af þessu virðist mega ráða það, að yfirrétturinn hafi haft bækistöð sína í búð landfógeta um þessar mundir. En nú er hún eigi tjölduð og því spyr Oddur ennfremur, hvort mönnum virðist nú ekki, eins fullkomið og forsvaranlegt, að yfirrétturinn sé haldinn og administreraður .. í einhverju öðru skikkanlegu plássi ... hvort heldur í lögréttunni eða annarstaðar". Svara svo lögmaður og lögréttumenn innan vébanda, „að 24 manna rétturinn í svoddan tilfelli kunni ekki á hentugra plássi nú hér á lögþinginu að haldast en hér í lögréttu".[1]) Sýnir þetta atvik glöggt fyrirhyggju hinna dönsku embættismanna hér á landi. Af því að landfógetafulltrúinn gat ekki komið eða að minnsta kosti kom ekki til Alþingis á réttum tíma, þá er að engu séð fyrir húsnæði handa yfirréttinum. Hefði þó verið innan handar að senda mann frá Bessastöðum til að tjalda búðina, sem yfirrétturinn skyldi haldinn í, þó að Páll Beyer kæmi ekki sjálfur þá þegar. Eftir þetta er að sjá sem yfirréttur hafi oft verið háður í lögréttu, þó að ekki verði fullyrt, að svo hafi allt af verið. 1731 er t. d. sagt, að þann 20. júlí hafi ekki verið gengið í lögréttu, því að yfirrétturinn hafi þá verið haldinn þar.[2]) 1737 situr yfirréttur 3 daga í lögréttu og mátti hún því ekki starfa þann tíma,[3]) og má nærri geta, hversu lögréttumönnum, að minsta kosti sumum þeirra, hefur þótt sú bið skemmtileg. 1746 segir að yfirréttur sé haldinn, eins og lögþingið, í lögréttuhúsinu,[4]) og eftir 1790 er hann haldinn þar, t. d. 1794.[5]) Í Reykjavík var hann haldinn árin 1799 og 1800 á Hólavelli.

Þegar verið er að bollaleggja flutning Alþingis 1785 og 1786 og stofnun nýs lögþings norðanlands, þá var auðvitað

1) Alþingisbókin 1715 nr. 10.
2) Alþingisbókin 1731 nr. 17.
3) Sama rit 1732 nr. 24.
4) Sama rit 1746 viðbót.
5) Sama rit 1794 nr. 21.

til þess ætlazt, að yfirrétturinn yrði líka fluttur, og þá eflaust til Reykjavíkur, því að þangað vildi stiftamtmaður þá flytja þingið. Í tillögum sínum um ráðstafanir á Alþingi, sem áður er getið, víkur Stefán amtmaður Thorarensen að þessu, en segist „yfirláta“ stiftamtmanni að gera tillögur um það atriði, sbr. og Rentukammerbréf 3. júlí 1786.

V. Yfirrétturinn var yfirdómstóll yfir lögmönnum, og var honum beinlínis ákveðið það hlutverk með tilsk. 27. marz 1563 og 6. des. 1593. Þetta stendur óbreytt meðan dómstólaskipanin gamla ríkti. En stundum er svo að sjá sem þetta hlutverk réttarins eða jafnvel tilvist hans hafi verið komin nærri algerri gleymsku hjá sumum landsmanna, því að á síðara hluta 17. og í upphafi 18. aldar þarf, eftir því er ætla má, að minna á það með sérstökum konungsboðum, að þessi dómstóll eigi að starfa. Í kgsbr. 18. maí 1683 segir, að Jón Eggertsson hafi fengið 2 stefnur til hæstaréttar útgefnar, þar sem lögmönnum báðum sé stefnt fyrir þann dóm. Svo segir, að þessi mál hafi ekki, „eftir Landets Privilegier“, komið til Alþingis, og þessvegna skuli umboðsmaður höfuðsmanns nefna með sér 24 menn til að dæma mál þessi. Er hér auðsætt, að Jón Eggertsson hefur, viljandi eða af vanvizku, ætlað alveg að hleypa þessum málum sínum fram hjá yfirréttinum. 5. maí 1688 þarf enn að gefa konungsskipun til Müllers amtmanns um, að dæma með 24 mönnum barsmíðamál eitt milli dansks kaupmanns og íslenzks manns, er lögmaður hafði dæmt. 19. apríl 1704 þarf enn að ámálga það, að 24 manna rétturinn eigi dómsvald yfir lögmönnum. Þá skipar Gyldenlöve stiftbefalingsmaður Müller amtmanni að dæma með 24 mál, er „landsþingið“ hafði dæmt, en aðili hafði ekki, vegna „óendanlegrar resolutionar“ þess náð rétti sínum.[1]) En smám saman verður það, ef svo má segja, almenningseign, að yfirrétturinn sé yfirdómstóll lögmanna, og eftir að tekið er að fylgja ákvæðum Norsku laga, þá verður hann ákveðinn, fastur dómstóll milli lögþingis (lögmanna) og hæstaréttar.

Auk þess sem yfirréttur var yfirdómur lögmanna, þá dæmdi hann eftir sérstakri konungsskipan mál, er nefndarmennirnir (commissarii) Árni Magnússon og Páll Vídalín höfðu dæmt.[2]) Svo virðist yfirréttur stundum hafa dæmt sem

1) Alþingisbókin 1704 nr. 5.
2) Alþingisbókin 1709 nr. 2, 1712 nr. 7 og 1713 nr. 5.

lægsti dómstóll í málum þar sem lögmaður átti í hlut.[1]) En eftir að varnarþingsreglur Norsku laga komu hér í gildi, áttu lögmenn að svara til sakar í öllum málum fyrir dómi sýslumanns, nema málið varðaði embætti þeirra, N. L. 1—2—6. Og er því auðsætt, að yfirréttur dæmdi ekki lengur í málum lögmanna sem lægsti dómstóll eftir að farið var að fylgja hér Norsku lögum.

Það kvað lengstum lítið að dómsvaldi yfirréttar. Var jafnan skotið til hans fám málum. Hans er getið við og við á 17. öld, og hefur hann þá víst ekki þurft að starfa svo árum skifti. Líklega fjölgar nokkuð þeim málum, sem til hans koma, þegar fer að koma fram á 18. öld. En þó verður ekki sagt, að hann hafi haft mikið að starfa. Frá 1749—1800 hefur hann dæmt um 120 mál alls, eða til jafnaðar rúmlega 2 mál á ári. Er nokkur áramunur. Sum árin koma engin mál til hans, en flest 9, árið 1774. 6, 7, 8 og 9 mál dæmir hann fá ár, en venjulegast eru málin 1—3.

VI. Um málsmeðferð fyrir yfirdómi sérstaklega eru engar reglur, þangað til N. L. koma. Hefur yfirhöfuð verið farið eftir sömu reglum sem í lögréttu, og má því vísa til þess, sem þar um er sagt. Höfuðsmaður gaf þó stundum út stefnu til 24 manna réttar.[2]) Þess skal aðeins geta, að dráttur á málum og óregla um dómgæzlu var sízt minni fyrir yfirrétti á fyrstu 2 tugum 18. aldar en fyrir lögþingisréttinum, sem ekki var að vænta, þar sem Oddur Sigurðsson var fulltrúi stiftbefalingsmanns (og amtmanns) mörg ár á þessu tímabili. 1710 átti t. d. að taka fyrir nokkur mál í yfirrétti. Eitt af þeim var dæmt, en hin ekki, enda höfðu varnaraðiljar ekki komið fyrir dóminn. Svo líður og bíður, að ekki eru málin tekin fyrir 1711, 1712 eða 1713. En þá kemur konungsbréf 18. júlí 1712, sem lesið er á Alþingi 20. júlí 1713, og skipar að taka mál þessi fyrir á næsta ári.[3]) Torvelt þótti stundum að fá eftirrit af dómum um þessar mundir. Dómar dæmdir í yfirrétti 1713 fengust t. d. ekki hjá Oddi Sigurðssyni fyrr en honum var skipað með konungsboði eftir 2 ár að láta þá af hendi.[4]) Slík var þá löggæzla á Íslandi.

1) T. d. Alþingisbækur Íslands V 130, Alþingisbókin 1661 nr. 7.
2) T. d. Alþingisbækur Íslands II 365.
3) Alþingisbókin 1713 nr. 5.
4) Sama rit 1715. nr. 8.

Eftir að farið var að fylgja N. L. um meðferð dómsmála hér á landi, fóru og mál fyrir yfirrétti eftir þeim. Áfrýja skyldi lögmannsdómum til yfirréttar, sem haldinn er næsta ár eftir að lögmaður kvað upp sinn dóm, kgsbr. 8. febr. 1721. Áður var eigi frestur settur, og drógust mál mjög af þeirri ástæðu. Amtmaður (stiftamtmaður síðar) gaf út stefnu undir innsigli landsins, og átti aðili að sjá um birtingu hennar. Hringt var til yfirréttar, eins og til lögréttu, að minnsta kosti stundum, eins og sjá má af klukkumáli Fuhrmanns amtmanns og Páls Vídalíns árið 1727. Áfrýjandi varð að framfylgja máli sínu, leggja fram stefnu, dóm héraðsdómara og lögmanns. Annarskostar var máli frávísað. Stefna þurfti óæðri dómurum eftir N. L. 1—2—3. Málflutningur verður víst skjótt skriflegur, og skiftust menn þá á sóknarskjölum og varnar. Vitnaleiðsla fór sjaldan eða aldrei fram fyrir yfirrétti. Sökunauta gat yfirréttur spurt, ef hann taldi þess þörf, en ekki virðist það allt af hafa verið. Frestir allir fóru eftir N. L. svo og ef aðiljar sóttu ekki dóm. Dómur er, þegar fram á 18. öldina kemur, með líku sniði og nú, forsendur og niðurlagsorð, niðurlagsorðin þó nokkru fyllri en nú gerist. Sá, er mál vann, fekk oftast málskostnað dæmdan af hinum og oft voru dæmdar sektir fyrir hvatvís málaferli (litem temeram), sbr. tilsk. 16. nóv. 1764 12. gr. Undirdómari var oft, ef dómur hans var felldur úr gildi, dæmdur til að greiða einhvern áfrýjunarkostnað og sekt til dómsmálasjóðs, 1 ríkisdal eftir tilsk. 16. nóv. 1764 15. gr.

VII. Yfirrétturinn var, sem kunnugt er, lagður niður um leið og lögþingisrétturinn með konungsúrsk. 6. júní 1800. Hann virðist lengstum hafa átt litilli lýðhylli að hrósa, og er þess varla getið, að hans væri saknað.

## A. Dómstörf Alþingis.

### 38. gr.

### Gestaréttur. — Synodalréttur.

I. Eins og getur á öðrum stað (§ 35 IV. 2. a) varð það venja, að það, sem á Alþingi gerðist, skyldi verða dæmt á Alþingi,

kgsbr. 24. jan. 1738, svo sem illmæli og barsmíðar milli manna, er á Alþingi gerðust, þ. e. þar á staðnum, á Þingvelli. Það er gefið í skyn, að lögþingisrétturinn, sem dæmdi þessi mál sem lægsti dómur, hafi fengið eða getað fengið svo mörg mál þessarar tegundar, að hann dveljist um of frá öðrum störfum þeirra vegna. Eftir að með dómsmál skyldi fara eftir Norsku lögum, þá var það líka talið brjóta bág við reglur þeirra, að lögrétta (lögmenn) dæmdi mál þessi sem lægsti dómstóll. Þess vegna var svo fyrir mælt í kgsbr. 24. jan. 1738, „að þau mál, er gerast kynni á Alþingi og teljast mætti brjóta bág við þá friðsemi, stillingu og siðsemi, er ríkja skal þar sem embættisverk á að vinna bæði á dómþingunum, sem þar skal halda, og að öðru leyti, skal sækja og dæma fyrir gestarétti, er sá reglulegi héraðsdómari í sýslu þingstaðarins heyi". Þingsækjendur ber, segir í konungsbréfinu, að skoða sem þeir væri gestir á staðnum. Lögmenn úrskurðuðu framvegis brot þau, sem í Jónsb. Þgfb. 2 og 5 greinir, eftir því er séð verður. En gestaréttur hefur fengið til meðferðar mál út af móðgunum í orðum eða verkum, er í frammi voru hafðar á Þingvelli meðan Alþingi stóð. Þó hefur gestaréttur ekki dæmt rétttarfarssektir fyrir meiðyrði í sóknarskjölum mála eða varnar þar sem dómari eða aðrir voru móðgaðir. Það gerði sá dómstóll, sem skjal var lagt fyrir. Og yfirleitt munu dómstólarnir sjálfir hafa dæmt fyrir móðgun við þá meðan að dómstarfi var setið, t. d. réttartruflun. Konungsbréfið mun því að eins hafa átt við mál út af móðgunum utan réttar, enda er talað um það í upphafi konungsbréfsins, að lögþingsrétturinn fái þá til meðferðar mál út af „Slagsmaal og Klammeri", er gerist á Þingvelli meðan Alþingi stendur.

Um gestarétt þenna eru annars fáar sagnir. Sjálfsagt hefur hann ekki haft mjög miklum störfum að gegna. Óöld sú, er var fyrstu 3 tugi 18. aldar á Alþingi, mun hafa farið rénandi eftir 1730, enda þótt drykkjuskapur væri allmikill á Alþingi, sem annarstaðar á landi hér, á 18. öld.

II. Hér skal einungis minnt á synodalrétt Skálholtsbiskupsdæmis. Í 31. gr. er gerð grein fyrir synodalréttum bæði norðanlands og sunnan, drepið nægilega á skipun þeirra, mál þau, er til þeirra komu og málameðferð. Og vísast hér til þess.

## B. Löggjafarstarf Alþingis.

### 39. gr.

I. Að þessu sinni verður hér einungis rætt um löggjafarstarf *lögréttu* á Alþingi. Að því leyti sem prestastefna Skálholtsbiskupsdæmis hefur tekið þátt í löggjafarstarfi þar, þá hefur þess lítilsháttar verið getið í 31. gr. Yfirrétturinn kemur hvergi við löggjafarsögu landsins, og verður hans því ekki getið í þessu sambandi.

Þegar lýsa skal löggjafarstarfi lögréttu, þá mun hallkvæmast að greina á milli: A. hluttöku hennar í lagasetningu ásamt konungi og B. lagasetningu hennar án konungs. Og skal nú hvort þessara tilvika nánar athugað.

II. A. Þessari grein virðist rétt að skifta í tvo flokka: *a* Atbeina lögréttu um setningu laga, þar sem konungsvaldið hafði haft frumkvæðið að lagaboði og *b* Frumkvæði lögréttu til lagasetningar, er svo var ætlazt til, að konungur kæmi í framkvæmd.

*a.* 1. Fyrsta atriðið er hér, hvort samþykki Alþingis hafi að lögum verið nauðsynlegt til þess, að lagaboð, er konungur hugðist að setja, væri bindandi á Íslandi. Fyrsta fyrirmælið um þetta efni er það ákvæði sáttmálans frá 1262 og endurnýjana hans frá 1263 eða 1302[1]), sbr. og Áshildarmýrarsamþykkt 1496[2]), að Íslendingar skuli ná friði eg *„íslenzkum lögum"*. Með þessu ætluðu landsmenn að tryggja sér það fyrst og fremst, að hér yrði ekki dæmt eftir öðrum lögum en íslenzkum, þ. e. löglega settum lögum handa Íslandi. En í þessum fyrirmælum getur líka falizt fyrirvari um það, að hér megi eigi önnur lög gilda en þau, sem landsmenn sjálfir samþykkja. Og þegar nánar er að gáð, þá liggur það í augum uppi, að þenna skilning er óhjákvæmilegt að leggja í þetta ákvæði. Það hefði sem sé litlu máli skift, þótt Ísland hefði tilskilið það, að ekki yrði *dæmt* eftir öðrum lögum en íslenzkum, ef konungur hefði getað *lögleitt* hér hvaða fyrirmæli sem honum þóknaðist að landsmönnum fornspurðum. Þá hefði hann getað ákveðið,

1) Ríkisréttindi Íslands bls. 1 og 7.
2) Sama rit bls. 20.

að t. d. hvaða norsk lög sem vera skyldi ætti einnig að gilda á Íslandi, og svo skyldi þá auðvitað eftir þeim *dæma*, og þá hefði Íslendingar náð *„íslenzkum lögum“*, ef þessi skilningur væri réttur, ef að eins hefði verið farið eftir þeim lögum, er konungur setti eftir geðþótta sínum. Ákvæði sáttmálans um það, að landsmenn skyldi ná „íslenzkum“ lögum, er auðsjáanlega sett fyrst og fremst til að girða fyrir það, að *konungur* gæti að lögum einhliða breytt löggjöf landsins. Benda má hér á ákvæði Járnsíðu Kristindómsbálks 5 og Jónsbókar Konungserfða 8, þar sem konungur heitir því í ríkistökueiði sínum að halda þau kristin lög, er hinn helgi Ólafur konungur hóf og aðrir hans réttir eftirkomendur hafa nú samþykkt millum konungs og þeirra, sem landið byggja, með hvorratveggja samþykki og með góðra manna ráði að bæta eftir því viti, sem guð lér honum. Eftir orðaskipaninni virðist „hvorratveggja samþykki“ hljóta að eiga við lagaumbæturnar, en ekki upphaflegu lagasetninguna, því að ekki mun sagt, að konungur hafi „samþykkt“ lögin milli sín og þeirra, sem landið byggja, *„með hvorratveggja samþykki“*. Svo framarlega sem Kristindómsbálkur Járnsíðu og Konungserfðir Jónsbókar verða talin íslenzk lög, þá styrkja staðir þeir tveir, sem hér hafa nefndir verið, eindregið þá skoðun, að samþykki hvorratveggja, bæði konungs og þeirra, er landið byggja, hafi þurft til lögtöku nýrra réttarákvæða.

Um lögtöku kirkjulaga, þar sem biskupar höfðu, að áliti kirkjunnar, líka aðstöðu og konungsvaldið í veraldarmálum, töldu leikmenn svipað gilda sem um landslögin. Víst er um það, að biskupar landsins á síðara hluta 13. aldar, Árni Þorláksson og Jörundur Þorsteinsson, sem báðir voru þó afarmenni, töldu sig þurfa samþykki landsmanna til nýs kristinréttar, því að Árni biskup bar kristinrétt sinn upp til samþykktar á Alþingi 1275, og var sumt, sem í honum stóð, ekki samþykkt, svo sem fyrirmælin um forræði á kirkjum og kirkna fé í Krr. Árna 11., því að miklar deilur urðu síðar um þau efni, eins og alkunnugt er. Í deilum sínum við kirkjuvaldið segir Hrafn Oddsson, foringi leikmanna, reyndar svo, að „engi á váru landi á lögum at ráða, utan konungr,“[1]), en ekki er mikið upp úr því leggjandi, því að þessi ummæli eru fram

1) Bps. I 719.

komin til að slá biskup af laginu með því að ógna honum með konungsvaldinu. Og þó að biskup og nokkrir handgengnir menn konungs skýri honum frá því í bréfi einu frá 1275, að þeir hafi „með samþykkt alþýðu i Skálholtsbiskupsdæmi lögtekið á almennilegu þingi í lögréttu“ kristindómsbálk þann, er saminn var til Íslands með ráði erkibiskups, og að sá kristindómsbálkur skuli standa „þar til er þér (þ. e. konungur) og herra erkibiskup í Niðarósi hafið honum öðruvísi skipað“[1]), þá sannar þetta ekki heldur mikið um skoðun almennings á þessum málum, því að hvorki biskup né þessir handgengnu menn vilja styggja konung, því að báðir þykjast mjög þurfa á honum að halda i deilum sínum.

Fám árum eftir að landið gekk konugi á hönd kom glöggt fram skoðun beggja á löggjafarvaldi konungs. Það var, þegar konungur sendi lögbókina Járnsíðu hingað til landsins. Lögtaka hennar tókst seinlega, því að þrjú ár þurfti til þess að fá hana alla lögtekna.[2]) Á Alþingi 1281, þegar lögtaka Jónsbókar var til umræðu, þá héldu landsmenn því einnig fram, að samþykki þeirra þyrfti til þess, að bókin yrði að lögum. Í fyrsta lagi mótmælti Árni biskup allmörgum fyrimælum, er hann taldi ganga á réttindi kirkjunnar, og svo mörgum öðrum, er hann taldi landinu óhaldkvæm. Í annan stað rituðu bændur hjá sér ýmislegt, sem þeir vildu ekki ganga að. Loks segir, að jafnvel handgengnir menn konungs hafi ekki heldur viljað lögtaka bókina alla. Hafi það því orðið að ráði, er hún var skoðuð, „at lögtaka hana eigi alla“. Og þegar menn höfðu til lögréttu gengið, þá lét hver flokkurinn uppi það, sem hann hafði ritað og neituðu menn nú að játa allri bókinni. En Loðinn leppur, sendimaður konungs, sagði þá. að þeir ætti fyrst að játa allri bókinni, en „biðja síðan miskunnar um þá hluti, sem nauðsyn þætti til standa, konunginn ok hans ráð“. Kvað hann þá mundu reiði konungs sæta, er öðruvísi gerði. Kvað hann konung einn saman eiga lögum að ráða og þótti honum búkarlar gera sig digra, er þeir neituðu að hlýðnast konungs boði um játan bókarinnar. Hér heldur því umboðsmaður konungsvaldsins fast á því máli, að konungur hafi einn lagasetningarvaldið, þvert ofan í sáttmálann og í rauninni þvert

1) Dipl. Isl. II nr. 57, sbr. Bps. I 701.
2) Sbr. Isl. annála IV árin 1271—1273 og Bps. I 688, 690, 695.

ofan í aðferð sjálfs konungs, því að ef konungsvaldið hefði trúað á þessa skoðun sína, þá hefði því átt að vera nóg að *birta* einungis ákvæði bókarinnar á Alþingi, eins og löngu síðar varð. En þessa aðferð hefur konungsvaldið ekki þorað að reyna, því að því hafa verið of kunnar skoðanir landsmanna frá því er lögtaka Járnsíðu var á döfinni. En mönnum er hótað reiði konungs, ef þeir samþykki ekki lögbókina óbreytta, og þetta hrífur að lokum, svo að allir samþykkja hana, nema fáeinir vinir biskups, sem fyrir mótþróann komast í ónáð konungs og er stefnt utan.[1])

Frá 1302 er, að því er talið er, grein um samþykkt nefndarmanna á Alþingi[2]), þar sem svo segir meðal annars, að þeir vilji játa Jónsbók í vald Hákonar konugs háleggs til slíkra umbóta sem hann sjálfur vill fyrir sjá með beztu manna ráði *„ok samþykt þeirra, sem á eru landi váru“*. Hér er ekki um að villast skoðun nefndarmanna, en hún er aftur auðsjáanlega vitnisburður um almennt álit landsmanna á því, hverir hafi lagasetningarvaldið. Og sýndu þeir þetta að nokkru í verki árin næstu á eftir. Það segir í annálum[3]), að árið 1305 hafi Álfur úr Króki komið út með boðskap konungs þann, að „hverr leikmaður á landinu skyldi gefa konungi alin af hverju hundraði, sá er ætti til 5 hundraða eða meira“. Hér var verið að leggja skatt á landsmenn, og mótmæltu menn þessum fjárkröfum á héraðsþingum fyrir norðan land og síðan á Alþingi 1306. Má telja alls kostar víst, að konungi hafi engin úrlausn verið gerð um greiðslur á fjárkröfum þessum. Hitt viðurkenndu menn, að konungur gæti átt frumkvæði að lagasetningu, eins og síðar verður vikið gjörr að. Ekki fór ósvipað um skattkröfur Margrétar drottningar Valdemarsdóttur 1392[4]), er hún krafðist hálfrar merkur (= 24 álnir) af hverjum bónda og lagði við landráðasök, ef eigi gyldist. Fáir einir virðast hafa goldið, og féll sú skattkrafa niður. Sama verður uppi á teningnum um skattgjald það, er kallað var gingjald og Kristján konungur 2. heimtaði af landsmönnum. Þeir samþykktu að vísu að gjalda skatt þenna *einu sinni*, en það kemur mjög skýrt

1) Frásögnin um lögtöku Jónsbókar er allnákvæm í sögu Árna biskups, Bps. I 717—721.

2) Ríkisréttindi Íslands bls. 13. Sbr. Björn M. Olsen Upphaf I 62.

3) Íslenzkir annálar II, III, IV, V, VII, IX. árin 1305 og 1306

4) Sama rit XI ár 1392.

fram, að þeir telja Alþingi eiga rétt á að mótmæla slíkum fjárbeiðslum.[1])

Annars kemur það allvíða fram, að landsmenn telja sig eiga rétt á að ráða lögum í landinu, og að konungur (eða klerkar í kirkjumálum) geti því ekki sett því lög á eindæmi sitt. Á Alþingi 1319 ámálga landsmenn það, að þeir verði haldnir við fornan rétt, er samþykktur sé *„að réttu þingtaki“*.[2]) Í bréfi einu frá um 1480 til konungs segjast Norðlendingar t. d. vilja „halda þau lög og boðorð, sem lærðir menn boða og skipa í heilagri kirkju, þau sem biskupleg formæli hefur fyrir gengið *og lærðir og leikir hafa með einu samþykki á sáttir orðið, að* óskertum vors náðuga herra konungsins rétti í alla staði“[3]) Eru leikmenn að kæra til konungs yfir yfirgangi biskupsins, og gleyma því ekki að setja nokkur vel valin orð um rétt konungs, eins og þeir voru vanir, þegar þeir hétu á konungsvaldið sér til hjálpar í deilum sínum við kirkjuvaldið. Eins og kunnugt er, þá gerðust arfaþrætur miklar með ríkum mönnum fyrir og um árið 1500. Málsúrslit ultu á því, hvort dæma skyldi eftir réttarbót einni frá 2. maí 1313, sem aldrei hafði verið lögtekin á Alþingi, eða eftir landslögum, erfðalögum Jónsbókar. Í Spjaldhagadómi 19. júní 1495 telja dómsmenn réttarbót þessa ekki einu sinni hafa komið til landsins að vilja konungs, en þeir segja, að ef konungsbréf og innsigli væri fyrir því, að hún skyldi hér gilda eða almúgans beiðsla og samþykkt um land allt og lögmannsúrskurður þar upp á, þá mundi þeir biðja umbótar á henni, eins og áður hafi þeir gert. En svo segja þeir rétt á eftir, að svo standi skrifað, „að kongur skal um lög bæta með góðra manna ráði og hvorratveggja samþykkt, þeirra er landið byggja“.[4]) Nákvæmlega sama skoðun kemur fram í Lönguhlíðardómi 16. september 1499.[5]) Aftur er dæmt 13. febr. 1500 að Vatnsleysu í Biskupstungum, að dómsmönnum þyki réttarbót þessi „skjalleg í allan máta“, en þó eru dómsmenn ekki öruggari en það, að þeir dæma það til næsta Alþingis undir dóm lögmanna og lögréttumanna, „hvert afl eða makt oft nefnd réttarbót hafa skyldi“[6]). Og á

1) Sjá Dipl. Isl. VIII nr. 293, sbr. nr. 190.
2) Dipl. Isl. II nr. 337.
3) Dipl. Isl. VI. nr. 415.
4) Sama rit VII nr. 315 (bls. 266—267).
5) Sama rit VII nr. 451.
6) Sama rit VII nr. 484.

Alþingi sama ár kemur svofelt svar, að réttarbótin er dæmd að öllu leyti ólögleg vera og verið hafa.[1]) Og samskonar úrskurð gefur höfuðsmaður þá á þinginu.[2]) Hitt er annað mál, að fyrir harðfylgi og að líkindum mútur tókst að fá ríkisráð Norðmanna og konung til að dæma erfðamálið, sem hér greinir, eftir réttarbót þessari, og konungur gaf út bréf, þar sem hann staðfestir hana og sú staðfesting konungs er að nafninu til dæmd gild.[3]) Árið 1511 er dæmdur á Alþingi dómur um skattkröfu Kristjáns 2, gingjaldið, er svo var nefnt og áður getur. Segir í þeim dómi, að það sé lög á landi hér, „að það skuli allir fyrir lög halda, sem hinir beztu menn samþykkja á Alþingi eður öðrum stórfundum, lærðir og leikir.[4]) Guðbrandur biskup heldur því að vísu fram, að konungur hafi með siðaskiftunum fengið einveldi um kirkjulöggjöf, því að hann hafi þar komið í stað katólska klerkavaldsins. Hann segir, að Íslendingar „æpi“ upp um það, að konungur hafi lofað að halda þá við lög þeirra, og að þeir vilji ekki „líða að konungur út gefi nokkur bréf, nema hann spyrji þá áður“, og að þeir segi, „að kongur megi ekki nokkru breyta, nema þeir samþykki“. Og ennfremur segir hann, að þetta megi vera rétt „í veraldlegum lögum og lögbók“.[5]) Árið 1588[6]) var gerð samþykkt um það á Alþingi af allri lögréttu og báðum lögmönnum, að landsmenn skyldi halda sig og dæma „eftir gömlum íslenzkum lögum og kong. majest. ordinantiu eður þeim bréfum vors náðugasta herra kongs, sem oss eru send til réttarbóta og friðar, og landið hefur samþykkt og meðtekið“. Er hér enn greinilegur varnagli um það, að bréf konungs, þ. e. löggjafarmál, þurfi samþykki landsins til þess að þau megi verða bindandi lög. Og þetta samþykki hugsa menn sér venjulega veitt á Alþingi.

Þegar fram á 17. öld kemur, þá hættir þessi skoðun manna að gera vart við sig. Eftir 1631 mun hennar lítt gæta. Þó er dómur einn frá 1644 nokkur vottur þess, að sumir lögréttumenn mundu enn eftir því, að ekki skyldi dæma eftir lögum, sem ekki höfðu verið hér „tekin né birt“. Kona ein

---

1) Dipl. Isl. VII. nr. 501.
2) Sama rit VII nr. 502.
3) Dipl. Isl. VIII nr. 146, 147 og 188.
4) Dipl. Isl. VIII nr. 293.
5) Varnarrit Guðbrands biskups í Safni II 341, 351, 357, 377.
6) Alþingisbækur Íslands II 122, Ríkisréttindi Íslands bls. 89.

var höfð fyrir sökum. Lögmenn og 13 lögréttumenn vildu dæma hana til dauða, en 18 lögréttumenn eru á móti, með því að íslenzk lög hér „viðtekin og birt" leyfi það ekki.[1]) Réð hér þó vilji lögmanna og þeirra, sem þeim fylgdu, enda var ákveðið árið eftir að lifláta konuna.[2]) Virðist annars sem landsmenn fari að taka þegjandi við því, sem konungsvaldið réttir þeim, hvort sem það er gott eða illt. Hið lengsta sem þeir ganga er að senda kveinstafi sína til konungsvaldsins, en beinlínis *mótmæli* gegn skipunum konungs eða yfirlýsingar um fornan rétt hætta að koma fram. Og með erfðahyllingunni frægu 28. júlí 1662 í Kópavogi afsöluðu fyrirsvarsmenn landsins því allri þátttöku í lagasetningu þess, jafnvel þó að enn væri gerðar alþingissamþykktir út 17. öld.

2. Nú skal farið nokkrum orðum um afstöðu Alþingis til lagaboða, sem konungsvaldið hafði tekið upp hjá sjálfu sér að setja Íslandi. Eftir því, sem að framan hefur sagt verið, hefði átt að bera öll slík lagaboð upp á Alþingi til samþykktar þar. Sagnir eru um lögtöku Járnsíðu. Hún var hingað komin án beiðni landsmanna, og telst því til þessa flokks. Árið 1271 kemur bókin út um sumarið. Og „var þá eftir um sumarið játað þingfararbálki" og fleira.[3]) Nú er ekki víst, hvort lögbók þessi hefur þetta ár verið borin upp á Alþingi, því að vera má, að sendimenn konungs hafi ekki komið svo snemma sumars út, að þess hafi verið kostur. Kynni hún því að hafa verið borin upp á héraðsþingum þetta sumar, eins og virðist hafa verið gert um það af henni, sem eftir var ólögtekið, haustið 1273. En hvernig sem farið hefir verið að árið 1271, þá er víst, að Járnsíða var borin upp á Alþingi 1272, og var þá lögbók þessi öll samþykkt, nema erfðatal hennar,[4]) er lögtekið var „um haustið" árið eftir. En öll greinargjörðin um lögtöku Járnsíðu sýnir skoðanir manna á löggjafarvaldi konungs þá og Alþingis eða landsmanna. Annars fer því fjarri, að sagnir sé nú til um það, að lagaboð þau, sem konungur setti án atbeina eða óska Alþingis, hafi öll verið borin þar upp til samþykktar. En þess er ekki heldur að vænta, því að skýrslur frá Alþingi, hvað þar

1) Alþingisbókin 1644 nr. 3.
2) Alþingisbókin 1645 nr. 2.
3) Bps. I 688.
4) Sama rit I 690.
5) Sama rit I 695.

gerðist ár hvert, eru yfirleitt fáar eða engar þangað til 1570, er þingbækur lögmanna taka við. Um sum þeirra lagaboða, er seinna var farið að taka í Jónsbókar-handrit og dæma hér eftir, er þess að gæta, að upphaflega hafa þau ekki verið ætluð Íslandi og þess vegna aldrei fyrir Alþingi lögð. Svo mun t. d. vera um réttarbót frá ca. 1306 um félagsgerð hjóna, sem hér var dæmt eftir 1439, svo að sannað verði.[1]) Réttarbótin 2. maí 1313 hefur áður nefnd verið. Svo má nefna Herjólfsréttarbót svonefnda[2]) frá 1318 o. fl. Konungsvaldið mun svo hafa litið á, að þess væri eingöngu að setja reglur um það, *hverir mætti hér verzla*, og er þess ekki getið, svo að kunnugt sé, að andmæli hafi komið fram á Alþingi gegn fyrirskipunum konungs þar um. Um nokkur af lagaboðum þeim, sem konungsvaldið tók upp hjá sjálfu sér að senda, eru þó skýrslur enn til, er sýna, að samþykkis Alþingis — eða landsmanna með öðrum hætti — hefur verið leitað. Má til þess nefna kirkjuskipun Kristjáns 3. frá 1537. Það er kunnugt, að hún var borin undir presta á Alþingi 1541 og samþykkt á Oddeyri 1551, að vísu bæði sinnin með fullri kúgun. Það var og eflaust reglan, að Alþingi tók við lagaboðum konungs, og þess vegna fara venjulega engar sögur af uppburði þeirra á Alþingi. Þegar erfiðlega gengur að fá lagaboð samþykkt, þá er þess helzt getið, eins og var um skattkröfur konungs 1305 og 1306, gingjaldið 1508—1511 og „landshjálpina" 1541. Guðbrandur biskup segir frá því í varnarriti sínu, að menn hafi æpt við konungsbréfi 29. apríl 1585, er hann hafði útvegað, þá er það var lesið upp í lögréttu, en segir þó, að slíkt hafi ekki áður borið við.[3]) Bendir þetta til þess, að enn taldi Alþingi sér óskylt að taka við lagaboðum konungs. Annað mál var það, þó að það væri stundum kúgað til þess með ógnunum um ofbeldi að öðrum kosti. Með Alþingissamþykkt 30. júní 1619 var vikið frá konungsbréfi 21. apríl 1619 um tiundarheimt af jörðum, en til þess má þó segja, að verið hafi heimild í bréfinu sjálfu, því að fyrirmæli konungs er því skilorði bundið, að það fari ekki í bága við gömul lög eða venjur.[4]) Hins vegar var árið 1631 breytt með Alþingissamþykkt ákvæð-

1) Dipl. Isl. II nr. 184 og IV nr. 629.
2) Dipl. Isl. II nr. 233.
3) Safn II 339.
4) Alþingisbækur Íslands III 490 og 500.

um konungsbréfs frá 1593 um laun Alþingisskrifara.[1]) En annars eru lagaboð konungs einungis *birt* í lögréttu á 17. öld, og ekki leitað samþykkis hennar á þeim. Auðvitað koma stundum fram harmatölur vegna áþjánar þeirrar, sem á landsmenn var lögð, einkum í verzlunarmálum, t. d. 1631, er nýr taxti og harðari þeim fyrra kom.[2])

Það eru engar reglur um það, hverja meðferð skyldi hafa, þegar lagaboð frá konungi voru borin upp í lögréttu. Var þá beinlínis stundum nefndur „dómur" til þess að rannsaka eða staðfesta gildi lagaboðsins, eins og 1508, er dæmt er um gildi konungsboðs þess, er lögskipaði réttarbótina 2. maí 1313.[3]) Annars er ætlandi, að leitað hafi verið, að fornum sið, atkvæða allra búenda og embættismanna, sem á Alþingi voru og héldu sig í eða utan við lögréttu, því að talað er um „rétt þingtak",[4]) „lófatak", samþykki manna bæði „innan og utan vébanda",[5]) þegar samþykktir almenns efnis voru gerðar.

Lófatak var ytra merki samþykkis á þingum á Íslandi, Alþingi og héraðsþingum,eins og í Noregi, oghefur haldizt hér fram á 17. öld.[6]) Lófatakið hefur verið fólgið í því, að menn hafa klappað saman höndum til merkis um, að þeir samþykkti það er gerðist, eins og þegar menn samþykkja eitthvað nú með „lófaklappi". Engin regla er heldur um það, hvort meiri hluti skyldi ráða, ef menn greindi á. Nokkur áherzla virðist hafa verið lögð á að fá einróma samþykki manna á konungsboðin sum. Að minnsta kosti var svo, þegar Jónsbók var til umræðu á Alþingi 1281, er 9 vinir Árna biskups gerðust til að synja um samþykki sitt. En regluleysi um þetta gat einkar vel orðið til að valda óvissu um það, hvað samþykkt hefði verið og hvað ekki. Gott dæmi þessa er Vindómur svonefndur,[7]) sem að vísu skiftir hér ekki beint máli, en sýnir, hversu menn gat greint á um þetta efni. Það er helzt að sjá sem þeir hafi ekki talið sig bundna við samþykkt, er andmæltu henni, þótt þeir væri í minni hluta.

1) Alþingisbækur Ísl. II 345, sbr. V 212.
2) Alþingisbækur Ísl. V 213—218.
3) Dipl. Isl. VIII nr. 147.
4) T. d. Dipl. Isl. II nr. 337.
5) T. d. Dipl. Isl. II nr. 117.
6) T. d. Alþingisbækur Ísl. III 198, (1601), IV 204 (1613).
7) Alþingisbækur Ísl. I 115—123.

b. Eins og drepið hefur verið á, þá var það ekki ótítt, að Alþingi færi fram á það við konung, að hann gerði gangskör að breytingum á gildandi lögum, sem annaðhvort höfðu þegar er þau voru lögtekin verið talin óheppileg, eða það kom síðar fram, að þau væri það. Menn hafa þegar verið óánægðir með Járnsíðu. Sanna þetta glöggt erfiðleikar þeir, sem virðast hafa verið á því að fá hana samþykkta. Í formála konungs fyrir Jónsbók segir, að landsmenn hafi treyst konungi svo vel, að þeir hafi dæmt lögbók sína (þ. e. Járnsíðu) alla í hans skipan „þat af at taka ok við at setja, sem oss (þ. e. konungi) þætti bera, með hinna beztu manna ráði". Og konungur varð við þeirri málaleitan Íslendinga, og því verður ekki neitað, að Jónsbók var mjög miklu betri en Járnsíða. En þó að landsmenn hefði beiðzt þess, að Járnsíða væri endurskoðuð, þá leiddi ekki af því, að þeir hefði fyrirfram skuldbundið sig til þess, að samþykkja hina nýju lögbók óbreytta. Eins og fram var tekið, þá varð mikil deila um það á Alþingi 1281 milli Íslendinga annarsvegar og sendimanns konungs hinsvegar, hvort lögtaka skyldi bókina alla óbreytta eða ekki. Varð það sögulegt þing. Tóku margir til máls, og hafa líklega talað úr lögréttu, og virðast hafa haft fulla einurð við konungsvaldið Þegar borin er saman frásögn Árna biskups sögu Þorlákssonar og Jónsbók, eins og hún er í elztu handritum, sem nú eru til, þá kemur það í ljós, að fundið var að nokkrum atriðum á Alþingi 1281, sem nú eru *ekki* í Jónsbók og ekki er kunnugt, að síðar hafi úr henni felld verið. Árni biskup mótmælir t. d. þeirri klausu í Jónsbókarfrumvarpinu, „að einn væri lögmaðr yfir landslögum ok guðslögum, hvárt sem konungur vildi lögmann hafa einn eða fleiri".[1]) Þá segir, að biskup hafi mótmælt því, að konungur skyldi taka einn sektir fyrir villutrú og um sektarbréf konungs og erkibiskups. Nú eru ekki fyrirmæli í Jónsbók um það, að lögmaður skuli bæði segja lög yfir guðslögum (þ. e. í kirkjumálum) og landslögum og ekki sagt neitt um tölu lögmanna. Þetta verður varla skilið öðruvísi en svo, að biskup hafi fengið þessi ákvæði felld úr bókinni. Það eru ekki ákvæði um villutrú í Jónsbók, og því ekkert um sektir fyrir það brot. Um sektir til erkibiskups segir hvergi í Jónsbók. Það verður varla annað ætlað, en að þessi ákvæði hafi

1) Bps. I 718.

líka verið felld úr bókinni, þó að þess sé ekki getið í sögunni. Og öðrum var breytt, t. d. ákvæðinu í Landsleigub. 58 um valveiðar konungs á jörðum manna. Upphaflega hefur það ákvæði verið svo, að konungur mætti láta veiða vali á *öllum* jörðum og án þess að verð kæmi fyrir. En Árni biskup andmælti þessu, og nú er ákvæðið þannig, að konungur megi vali veiða gegn endurgjaldi, nema á kirkjueignum. Þar mátti hann ekki veiða. Hér mun því vera órækt dæmi þess, að Alþingi breytti ákvæði í konungsboði, og að konungsvaldið lét sér það lynda. Þá segir ennfremur berum orðum í sögu Árna biskups, að eigi hafi þau ákvæði bókarinnar, sem handgengnir menn mótmæltu, verið lögtekin á því þingi, heldur skyldi þau standa til konungs úrskurðar og erkibiskups.[1]) Er nú ekki kunnugt, hvaða ákvæði það hafa verið. Eftir Alþingi átti umboðsmaður konungs fund með biskupi og ýmsum beztu mönnum landsins, og kom þeim þá ásamt um sumt, er þeir höfðu áður deilt um.

En sumt af því, sem í Jónsbók var lögtekið 1281, sætti þó óánægju landsmanna og svo þóttu nokkur fyrirmæli vanta í bókina. Mun Alþingi ekki hafa talið sér fært að breyta því, er í bók stóð, upp á eigin spýtur. Þess vegna hefur Alþingi gert ákvarðanir um það, hverju breyta þyrfti og um ýmislegt, sem við ætti að auka. Segir svo í upphafi réttarbótar 2. júlí 1294, að Þorlákur lögmaður (Narfason) hafi komið á konungs fund og borið upp fyrir honum þessi mál Alþingis, bæði um breytingar á lögbók og auka við hana. Og var réttarbótin frá 1294 árangur af þessum málaleitunum. Hefur hún sjálfsagt verið borin upp á Alþingi. Árið 1302 er nefndarmannasamþykkt til um það, að „vér (þ. e. nefndarmenn) viljum játta bók þá, er virðulegr Magnús konungur sendi oss með Jóni lögmanni, í vald virðulegs Hákonar konungs til þvílíkra umbóta sem hann sjálfur vill fyrir sjá með beztu manna ráði ok samþykkt þeirra, sem á eru landi váru".[2]) Auðvitað hefur Alþingi 1302 gert grein fyrir þeim breytingum, og viðaukum, sem þeir æsktu á lögum sínum. Kom svo réttarbótin frá 23. júní 1305. Hún hefur verið samþykkt á Alþingi. Þó er óvíst, hvort fyrirmæli hennar um tölu nefndarmanna hafi verið lögtekin. Vera má líka, að þau hafi verið í annari réttarbót dagsettri sama dag, en þá er

1) Bps. I 721.
2) Dipl. Isl. VIII nr. 2, Ríkisréttindi Íslands bls. 13.

sama óvissan um samþykkt þeirrar réttabótar. Svo mikið er víst, eins og sýnt hefur verið annarstaðar, að fyrirmælum réttarbótarinnar 23. júní 1305 um tölu nefndarmanna var alls ekki fylgt. Og er þá annaðhvort, að hún hefur alls ekki verið samþykkt eða þá fallið þegar í gleymsku.

Í upphafi réttarbótar 23. júní 1305 er gefið í skyn, að ekki sé þar allt talið, sem landsmenn hafi viljað breyta í Jónsbók, eða allir þeir viðaukar gerðir, sem þörf kunni að vera. Því er réttarbótin 14. júní 1314 gefin út. Segir þar einnig í upphafi, að hún sé til orðin fyrir bænarstað þeirra vitrustu manna „héðan af landinu", og hlýtur það að eiga við íslenzka menn. Hefur Alþingi minnt konungsvaldið á það, að enn væri ekki efnd öll heit þess um endurbætur á löggjöf landsins. Sjálf hefur réttarbótin frá 1314 svo verið borin upp á Alþingi,[1]) en fyrirstaða hefur engin verið á því, að hún yrði samþykkt, því að hún hefur, eins og hinar tvær réttarbæturnar, verið mestmegnis eða alls kostar undan rifjum landsmanna runnin.

Eftir þetta verður það fátíðara, að því er séð verður, að Alþingi leiti til konungsvaldsins um breytingar á löggjöf sinni. Jónsbók, og réttarbæturnar, ásamt fáeinum yngri réttarbótum svonefndum, heldur gildi sínu öldum saman breytingalaust að kalla. Auðvitað höfðu þessi lög hvergi nærri glögg eða yfir höfuð nokkur ákvæði um fjölmörg atvik, er iðulega þurfti að leysa úr. Gerðu menn þá — venjulega á Alþingi — dóma um þau eða samþykktir, er svo var eftir farið. Sumir þessir dómar og sumar þessara samþykkta hlutu samþykki konungs eða staðfestingu. Og var þá ekki að efa lagagildi þeirra. Sem dæmi slíkrar staðfestingar má nefna Piningsdóm frá 1490,[2]) sem endurnýjaður var, meðal annars, með Alþingisdómi 30. júní 1533.[3]) Þennan síðastnefnda Alþingisdóm staðfesti ríkisráð Noregs með bréfi 29. sept. 1533.[4]) Kemur ríkisráðið hér í konungs stað, enda var Piningsdómur haldinn sem lög öldum saman. Alkunnur er „Stóridómur" svonefndur. Árið 1563 er hann dæmdur á Alþingi að tilhlutan höfuðsmannsins, Páls Stígssonar, um blóðskömm og sifjaspell, hórdóm og lauslætisbrot. Fær

1) Í Ísl. annálum segir árið 1314, að Ketill Þorlákssón hafi komið út með nýmælabréf, og var það samþykkt árið eftir á Alþingi. Þetta nýmælabréf var væntanlega réttarbótin 14. júní 1314.

2) Dipl. Isl. VI nr. 617.

3) Dipl. Isl. IX nr. 550.

4) Dipl. Isl. IX nr. 563.

konungsvaldið hér Alþingi til þess að gera lög um þessi efni í stað þess, að konungur eigi frumkvæði að þeim. Dæmir Alþingi þessa skipan sína „í forsjá og umbót" konungs og „Danmerkur ríkisráðs". Staðfesti konungur síðan dóminn með bréfi sínu 13. apríl 1565.[1]) Og gat konungsvaldið hvenær sem því sýndist farið þá leið að æskja samþykktar eða dóms á Alþingi um hvaða málefni, sem vera skyldi, og leggja síðan á það samþykki sitt. En Alþingi gat líka jafnan snúið sér til konungs af sjálfsdáðum um hver málefni landsins, er vera skyldi, þar á meðal löggjafarefni. Á síðara hluta 16. aldar og oft á 17. og 18. öld snýr það sér til konungs með beiðni um ýmsar lagabreytingar eða laganýmæli. Til dæmis má nefna konungsbréfin 9. maí 1593 um innsigli landsins,[2]) kgsbr. s. d. um Alþingisskrifara[3]) og kgsbr. s. d. um Alþingistímann[4]) o. fl. Hafði Alþingi sent Jón lögmann á fund konungsvaldsins með ávarp sitt til þess að fá ýmsar lagabætur hjá því, og komu þessar meðal annara. Vegna verzlunarmálanna sendi Alþingi nokkrum sinnum menn á fund konungs til þess að fá linun á vörutaxta o. fl., t. d. 1619 og 1631. Og jafnvel eftir að Alþingi hafði sleppt öllu samþykktarvaldi um lög og hætti að gera samþykktir um almenn mál, gat það borið fram fyrir konungsvaldið kvartanir sínar og beðið um breytingar á löggjöf landsins alveg eins og einstakir embættismenn gátu það.

B. Þá er að athuga það, *hvort Alþingi hafi getað sett lög á eindæmi sitt.* Er þá fyrst athugandi, hvort lagafyrirmæli sé til um þetta efni og síðan, hvernig um það fór í verki og framkvæmd.

1. Í sáttmálum þeim, sem Alþingi gerði við konungsvaldið, var ekkert tilskilið um þetta efni. Konungur gat að vísu ekki eftir sáttmálunum sett landinu lög gegn synjun Alingis, en af því verður ekki ályktað, að Alþingi skyldi geta sett landinu lög án samþykktar konungs. Fyrirmæli sáttmálanna um það, að Íslendingar skyldi ná „íslenzkum" lögum, þarf ekki að tákna meira en þetta, að konungur geti ekki þrengt öðrum lögum upp á landsmenn en þeim, sem þeir vilja sjálfir taka við. — Lögbækurnar eru mjög óákveðnar um þetta efni. Það af fyrir-

1) M. Ket. II 31—40.
2) Alþingisbækur Íslands II 344—345.
3) Sama rit II 345—346.
4) Sama rit II 362—363.

mælum Járnsíðu, sem helzt mætti telja skifta þetta mál, er í Þingfararb. 3. Segir þar, að allt það, er lögbók skilur eigi, þá skuli það úr hverju máli hafa, sem lögréttumenn verða á sáttir og þeim þykir réttast fyrir guði. Er hér sjálfsagt fyrst og fremst átt við dómsmál milli tveggja ákveðinna aðila. En þó er ekki fyrir það girt, að átt kunni að vera við samþykktir almenns efnis, enda greindu menn þá ekki milli dómsvalds og löggjafarvalds með slíkum hætti, sem nú er gert. En óþarft er að rannsaka nákvæmlega ákvæði Járnsíðu um þetta, þó að þess væri kostur, því að þau skifta litlu máli vegna þess, að hún gilti að eins 10 ár. Þar á móti eru fyrirmæli Jónsbókar merkilegri, bæði af því að þau segja meira og einkum af því, að Jónsbók var aðalréttarheimild landsins, margar aldir.

Í Jónsb. Þingfb. 4. segir svo: *„En allt þat, er lögbók skilr eigi, þá skal þat úr hverju máli hafa, sem lögréttumenn allir verða á sáttir. En ef þá skilr á, þá ráði lögmaðr ok þeir, sem honum samþykkja, nema konungi með skynsamra manna ráði lítist annat lögligra“*. Eins og þegar hefur verið sagt, þá á þetta ákvæði fyrst og fremst við *dómsmál*. En orðin útiloka ekki heldur löggjafarmál, því að greining þessara þátta ríkisvaldsins var ekki heldur gerð í Jónsbók. Af þessum stað verður því engin áreiðanleg ályktun dregin. Í sama kapitula Þingfb. Jónsbókar er greint milli mála, sem til Alþingis eru *„lögð“*, og mála, sem þangað eru „stefnd“. Mál „stefnd“ til Alþingis eru auðsjáanlega dómsmál. En mál „lögð“ til Alþingis eru líka sum dómsmál, því að ýms stórmæli t. d., sem dómsmenn í héraði töldu sig ekki fá yfir tekið, voru „lögð“ til Alþingis. En þessi mál gátu líka verið almenns efnis, ýmiskonar landsnauðsynjar eða héraða, sem menn höfðu athugað á þingum í héruðum, og lögðu þau svo til Alþingis, til þess að þau yrði athuguð þar betur og ákveðið, hvernig menn skyldi haga sér. Eftir þessu verður ekki sagt, að Jónsbók heimili Alþingi löggjafarvald á eigin spýtur, en hún útilokar það ekki heldur, að því leyti sem lögbók hefur eigi fyrirmæli um málefnið. Ef Jónsbók greindi glöggt um málið, þá hafði Alþingi ekki, eftir Þingfb. 4, heimild til að gera samþykkt um það, svo langt sem fyrirmæli Jónsbókar náðu. En konungi var svo heimilað með beztu manna ráði að breyta þeim samþykktum, ef þær voru eigi samþykktar með einróma atkvæðum lögmanna og lögréttumanna.

Eins og rakið hefur verið annarstaðar, hafði lögrétta löggjafarvaldið í forna lýðríkinu íslenzka. Svo hafði hún úrskurðarvald um lögmálsþrætur. Hvorki samþykktarvald um lög né úrskurðarvald um lögmálsþrætur var berum orðum af henni tekið með lögbókunum. Þær segja, eins og sýnt hefur verið, hvorki af né á um það, og eru því vel samrímanlegar því, að Alþingi hafi þetta vald, að því leyti sem lögbók segir ekki, hvað lög skuli vera um ákveðið efni. Mátti vera, að alveg vantaði fyrirmæli um málið eða fyrirmæli bókarinnar væri ófullkomin, sem falizt gat í því, að þau næði of skammt eða að þau væri óljós. Þá var Alþingi heimilt að gera samþykkt um málefnið. Þar á móti hefur Alþingi ekki verið heimilt að breyta ákvæðum lögbókar né heldur þeim lagafyrirmælum, sem sett voru síðar af konungsvaldinu og Alþingi. Þau hafa að þessu leyti hlotið að skifta sama máli sem ákvæði Jónsbókar sjálfrar. Stundum var Alþingi berum orðum falið að setja ákvæði um tiltekin málefni, eins og t. d. að gera samþykkt um melrakkaveiðar, réttarbót 2. júlí 1294 16. gr.

Um skoðun landsmanna á samþykktarvaldi Alþingis eru ýmsir vitnisburðir, aðrir en samþykktirnar sjálfar, sem nánar verður vikið að síðar (2.) Í Alþingisdóminum um gingjald frá 1. júlí 1511 segir, *„að það voru lög hér í landi, að það skulu allir fyrir lög halda ‚sem hinir beztu menn samþykkja á Alþingi .... leikir og lærðir“*.[1]) Það er og víst, að það töldu landsmenn bindandi, er Alþingi samþykkti. Það var haldið almennt eins og lög, er konungur og Alþingi höfðu sett. Í samþykktargreinum 1576 um þingstörfin[2]) er beinlínis gjört ráð fyrir því, að Alþingi geri samþykktir um landsmál. Þar er talað um *„að ráðslaga um, hversu landið mætti haldast í sínu frelsi við góðan rétt og landslög .... að lögin taki ekki framar skaða, heldur í sínu forna formi og skikkan einatt meir og meir mætti aftur inn sett verða, og hvað haldið verður um þá, er þetta forsóma“*. Er hér átt við bæði dómsvald þingsins og samþykktarvald lagaákvæða. Í dómi einum gengnum í Eskiholti 1. febr. 1594[3]) segir, að dómsmenn hafi orðið áskynja um gamla Alþingissamþykkt — sem er auðsjáanlega gingjaldsdómurinn — þar sem segi, *að sú samþykkt og lofun, sem framfæri á Alþingi*

1) Dipl. Isl. VIII nr. 293.
2) Alþingisb. Íslands I 318—320.
3) Alþingisbækur Íslands II 395.

*og allir valdsmenn og lögréttumenn samþykkti, skyldi af öllum haldin vera, svo þeim, er heima sitja sem hinum, er þar eru hjá staddir.* Loks er eindregið gert ráð fyrir því í þingsköpum Alþingis 1. júlí 1695 4. gr., að Alþingi hafi þá enn samþykktarvald um almenn mál. Þar segir, að þær *„hreppsnauðsynjar, sem allt landið áhræra kann"*, sé valdsmenn skyldir að láta lögmenn vita um áður en þeir fari til Alþingis eða auglýsa lögmanni áður en þing er sett. Er hér sýnilega átt við mál, sem Alþingi er ætlað að gera samþykktir um. Heimildin til að gera samþykktir þessar hvíldi því á langri viðurkenndri venju. Og er það sérstaklega athygglisvert, að umboðsmaður konungsvaldsins viður kennir hana enn mannsaldri eftir erfðahyllinguna 1662, og ætlast til, að hún haldist, þó að ekki yrði það lengi. Eftir 1700 gleymist þetta vald eða hefur þá verið talið ósamrímanlegt einveldinu, sem nú virðist fyrst vera allskostar að komast í framkvæmd. Það er jafnvel svo að sjá sem beztu menn landsins sumir sé þá farnir að efast um hina gömlu heimild Alþingis til að gera samþykktir um almenn mál.[1])

2. Konungsvaldið hélt því fram, að landsmenn ætti að snúa sér til þess um breytingar á Jónsbók og viðauka við hana. Og þetta gerði Alþingi, eins og fyrr var sagt. Samt sem áður mun Alþingi bráðlega hafa gert samþykktir um almenn efni, sem Jónsbók hafði alls ekki skorið úr eða eigi skorið nægilega glöggt úr. Ekki er sennilegt, að ákvæði þau, sem nú eru prentuð sem 5. og 6. kapituli Kaupabálks Jónsbókar, hafi átt heima í henni í öndverðu. Hitt er sennilegra, að þau sé gömul Alþingissamþykkt, sem afskrifarar hafa skráð í handrit sín af Jónsbók á þeim stað, sem þeim þótti bezt við eiga. En um þetta verður þó ekkert fullyrt. Aftur á móti mun víst, að dæmdur hefur snemma verið dómur um tveggja missira menn, sá er nú er prentaður í Dipl. Island. II nr. 146 og sumir telja dæmdan fyrir 1294. Í Jónsbók Kaupabálki 25 og 26, sem numinn var úr lögum með réttarbót 1294 31. gr., segir um vinnufólk og skyldu bænda að hafa ákveðna tölu verkafólks á búi sínu eftir því, sem eign er til. Alþingisdómur sá, sem áðan var nefndur, er til fyllingar þessum ákvæðum, og kveður á um skyldu manna til að fá sér vist og refsingu fyrir brot á þeirri skyldu o. fl.

---

1) Sbr. bréf Árna Magnússonar til Páls Vídalíns dags. 26. ág. 1705 (Arne Magnussons private Brevveksling bls. 658—659).

Dómur þessi er ágætt dæmi Alþingissamþykktar, sem fyllir ákvæði lögbókarinnar um tiltekið efni. Það verður ekkert ráðið af efni dómsins um það, hvort hann er eldri eða yngri en réttarbótin 1294, því að ákvæði hans virðast geta jafnt staðizt, hvort sem er. Ekki er ólíklegt, að dómurinn sé dæmdur eftir 1314, og sé einskonar viðbót við Jónsbók Kaupab. 25 og réttarbót 1314 18. gr.

Um melrakkaveiðar hefur verið gerð samþykkt samkvæmt fyrirmælum rétarbótar 1294 16. gr., líklega rétt eftir að réttarbótin kom. Sú samþykkt er að líkindum endurnýjuð árið 1435,[1]) enda var altítt, að gamlar Alþingissamþykktir væri endurnýjaðar. Frá 1308 er talinn dómur um það, að útlægir menn skyldi sækja landsvistarbréf innan 3 ára, en vera síðan réttlækir utan kirkju, og eru ákvæði hans til fyllingar Jónsbók Mannh. 1 og 4.[2]) 1310 hefur verið talinn dómur einn um rekamark, og kynni hann að vera viðbót við Jónsbók Rekab. 1. En dómur þessi þykir tortryggilegur.[3]) Frá 1321 munu vera tvær Alþingissamþykktir. Er önnur[4]) um hnífaburð, félausa óskilamenn, lausamenn, er ósæma konur, um eiðvinningar og um vistarráð 16 ára manna. Er samþykkt þessi auðsjáanlega til fyllingar Jónsb. Mannh. 14 (um hnífaburð), réttarb. 1314 18. gr. (óskilamenn), Þjófabálki 20—22 (um eiða) og Kvennagiftingum 14, 15, 16 og 26 (um lögræði manna). Hin samþykktin er um tíund, ljóstoll, legkaup, líksöngseyri og eiða.[5]) Og er hún að nokkru viðbót við Kristinrétt Árna 22. kap. og breyting á 18. kap. hans, og viðbót við ákvæði Jónsbókar um eiða. 1326 var lögtekinn dýridagur eða „festum corporis Christi“,[6]) nokkrar rýmkanir í föstuhaldi og helgra daga vinnu, og er samþykkt þessi bæði viðauki við Kristinrétt Árna biskups og breyting á 31. kap. hans.

1360 var, að því sem talið er, dæmdur dómur um rétt og ráðspjöll kvenna[7]) og er endurtekning á fyrirmælum Jónsbókar Mannh. 2 og nánari skýring og að nokkru breyting á Mannh. 30, sbr. og Kvennagiftingar 5. Þessi dæmi hafa verið

1) Dipl. Isl. II nr. 158, VIII nr. 70.
2) Dipl. Isl. IV nr. 6.
3) Dipl. Isl. VII nr. 3.
4) Dipl. Isl. II nr. 3 og IV nr. 1.
5) Dipl. Isl. II nr. 4 og IV nr. 2.
6) Dipl. Isl. II nr. 366. Isl. annálar.
7) Dipl. Isl. III nr. 108.

tekin til þess að sýna þessa starfsemi Alþingis fyrstu öldina eftir lögtöku Jónsbókar. Þau gefa nokkra hugmynd um það, að Alþingi taldi sér þá þegar heimilt að gera samþykktir um ýmislegt, sem fyrirmæli skorti um og jafnvel ekki örgrannt, að gildandi lögum væri breytt, eins og Kristinréttinum með samþykktinni annari frá 1321 og Mannhelgi Jónsbókar með dóminum frá 1360, sem þó staðfestir líklega eldri venju. Þau efni, sem Alþingi gerði flestar samþykktir um, voru vitanlega um þau efni aðallega, sem mestu máli skiftu í þjóðlífi þeirra tíma. Þar til má nefna samþykktir og dóma um vinnufólk og lausafólk, svo sem samþykktin 1404[1]) og Piningsdómur 1490[2]), er síðar var endurnýjaður og staðfestur af ríkisráði Norðmanna, sem áður er sagt, Miðgarðadómur settur til Alþingis 1661[3]) o. s. frv. Um tíund og önnur gjöld þurfti auðvitað ýmsar samþykktir að gera, t. d. samþykkt frá 1489[4]), dómur um sekkjagjöld[5]), um gildi dala í ýmsar skuldir 1608[6]) um gjaftoll s. á.[7]), prestmötu[8]), framlag til útlausnar herteknu fólki[9]) o. s. frv. Þá var æðioft þörf á að fylla ákvæði lögbókar um ómagaframfærslu og ómagaeyri, svo sem Alþingisdómar 30. júní 1531[10]), 1632[11]), 1646, að þeir, sem upp aldir eru á sveit, vinni þar fyrst[12]) og 1654, að tvöfaldan forlagseyri skuli ætla holdsveikum mönnum, er aðrir þurfi að þjóna, en einfaldan öðrum.[13]) Um verzlunarmálefni voru og ýmsir dómar, svo sem Piningsdómur, og Alþingisdómurinn 1533, sem áður var nefndur. Aukið var við ákvæði Jónsbókar um rétt manna með Alþingissamþykkt frá 1526[14]) og löngu síðar (1680) um rétt forstöðumanna spítalanna.[15]) Um þingkost nefndarmanna og hversu fjölmennir fyrirmenn riði um land

1) Dipl. Isl. III nr. 575.
2) Dipl. Isl. VI nr. 617.
3) Alþingisbókin 1661 nr. 33.
4) Dipl. Isl. VI nr. 590.
5) Dipl. Isl. VII nr. 499.
6) Alþingisbækur Íslands IV. 87.
7) Sama rit IV 88.
8) Sbr. Alþingisbækur Íslands V 153—155, 182.
9) Alþingisbækur Ísl. V 251—252.
10) Dipl. Isl. IX nr. 480.
11) Alþb. Íslands V 248.
12) Alþingisbókin 1646 nr. 15.
13) Alþingisbókin 1654 nr. 7.
14) Dipl. Ísl. IX nr. 301.
15) Alþingisbókin 1680 nr. 20.

voru sett ákvæði um 1500.[1]) Um fylgdarmannatölu sýslumanna, er þeir reka sýslur sínar, segir í Þegnsk. Jónsbókar 2, og máttu fylgdarmenn vera 9, en með Alþingissamþykkt 1489[2]) var þessu svo breytt, að sýslumenn mætti að eins ríða við 5. mann.

Út alla 17. öld, einnig eftir erfðahyllinguna í Kópavogi 28. júlí 1662, hélt Alþingi áfram að gera samþykktir með svipuðum hætti sem fyrr hafði verið. 1669 er t. d. dæmt um utansveitarfólk,[3]) 1678 um sveitaprang,[4]) 1680 eru lagðar sektir við, ef maður hýsir ekki sauðfé nágranna síns, er flækzt hefur í fé hans,[5]) 1686 er gerð samþykkt um geldnaut, hvenær reka skuli þau á fjall o. fl.[6]), 1699 um kosningu hreppstjóra[7]) og loks 1700 um ákvörðun merkisdaga eftir nýja stíl, t. d. lokadag, vinnuhjúaskildaga, upphafsdag Alþingis, vertíðarbyrjun o. s. frv. En þá voru líka dagar Alþingissamþykktanna taldir.

Alþingissamþykktirnar hafa oft bætt úr þörf. Það var fljótlegra að gera samþykkt á Alþingi um það, er lög vantaði um, en að leita til konungs um hvert smáræði. Landsmenn vissu bezt sjálfir, hvað bezt hæfði högum þeirra og hvað úrelt kann að hafa verið orðið af þeim ákvæðum, er þeir höfðu sett sér. Og var þá hægurinn hjá að gera breytingar.

3. Aðferðin, sem höfð var þegar samþykktir voru gerðar á Alþingi, hefur verið hin sama og þegar konungsboð voru þar samþykkt, og má vísa til þess, er áður hefur verið sagt um það efni.

## C. Önnur störf Alþingis.

### 40. gr.

I. Auk aðalstarfanna, dómstarfa og löggjafarstarfa, fóru fram margskonar önnur störf í lögréttu eða í sambandi við þingið. Það er torvelt að *tæma* þetta efni algerlega, því að

1) Dipl. Ísl. VII nr. 550, VIII nr. 73 og 74.
2) Dipl. Isl. VI nr. 590.
3) Alþingisbókin 1669 nr. 33.
4) Alþingisbókin 1678 nr. 52.
5) Alþingisbókin 1680 nr. 5.
6) Alþingisbókin 1686 nr. 16.
7) Alþingisbókin 1699 nr. 32.

störfin voru mörg og sundurleit, en yfirlit nokkurt verður reynt að gera.

II. *Konungshyllingar.* 1. Eins og alkunnugt er, fóru hyllingar Hákonar og Magnúsar Noregskonunga fram á Alþingi 1262, 1263 og 1264. Það með var fengið fordæmi um það, að konunga skyldi hylla á höfuðþingi landsmanna, Alþingi. Næsta konungshylling fór fram árið 1281. Þá var Eiríki konungi Magnússyni og Hákoni hertoga svarið land og þegnar, eftir því sem segir í sögu Árna biskups og sumum annálum.[1]) En sú konungshylling fór þó ekki fram á Alþingi, því að konungsmenn fóru um landið, að því er virðist vorið 1281, og létu menn sverja þeim konungi trúnaðareiða. Þeim konungsmönnum hefur ef til vill þótt það tryggara, að hafa beztu menn landsins bundna konungi trúnaðareiðum áður en þeir tæki til þingstarfa 1281, því að þá var tilætlunin að láta landsmenn lögtaka Jónsbók. Árið 1302 var Hákoni hálegg svarið land og þegnar. Mun það hafa gerzt á Alþingi. Eiðstafur nefndarmanna, sem talinn er frá því ári, er enn til.[2]) 1306 rituðu menn konungi bréf frá Alþingi og höfðu að lófatak, svo sem segir í Höyers annál, og er ekki ósennilegt, að samþykkt sú, sem prentuð er í Íslenzku fornbréfasafni II nr. 177 og Ríkisréttindum Íslands bls. 12 og talin hefur stundum verið frá 1302, kunni að vera bréf það, er gert hefur verið 1306, eins og Björn M. Ólsen hefur haldið.[3]) Og varðar þessi samþykkt þá ekki konungshyllingar. Einnig er alveg óvíst um sáttmálann, sem prentaður er í Dipl. Isl. I nr. 153 og 156 og VI nr. 3, og talinn hefur verið frá 1263 eða 1264, 1281 eða 1300 eða 1302. Yngri en frá 1302 er hann þó fráleitt, og sumt er það í honum, um erfðirnar, sem ekki virðist geta yngra verið en Jónsbók, sbr. Kvennagiftingar 17. Þegar Hákon háleggur fell frá (1319), varð dóttursonur hans, Magnús Eiríksson smekkur, sem þá var barn að aldri, konungur Noregs og Svíþjóðar. Sendi þá ríkisráð Norðmanna Gunnar ráðsvein til Íslands og hefur hann borið fram á Alþingi, sennilega 1320, tilmæli ríkisráðsins um það, að Íslendingar hyllti Magnús konung. Svöruðu þeir með bréfi,[4]) þar sem

1) Bps. I 717, Ísl. annálar IV, V.
2) Dipl. Isl. VIII nr. 2, Ríkisréttindi Íslands bls. 13.
3) Upphaf konungsvalds á Íslandi bls. 53.
4) Dipl. Isl. II nr. 343, IX nr. 10, Ríkisréttindi Íslands bls. 14.

þeir rifja upp efni þeirra sáttmála, sem þeir hafi gert við konunga sína, en svardagar engir hafa þar fram farið, því að landsmenn kveðast ekki vilja sverja fyrr en þeir fái bréf ríkisráðsins með innsiglum, „og þar með framkomi góðvilji", þ. e. að ráðið heiti því að halda skilmála þá, sem landsmenn settu fyrir hyllingu sinni. Nú er ekki til neitt svarbréf frá ríkisráðinu og ekki er heldur til neinn eiðstafur frá Íslendingum. Reyndar segja sumir annálar árið 1320,[1]) að það ár hafi Magnúsi konungi verið svarið land og þegnar. En þeir svardagar hafa varla farið fram á Alþingi, því að bréfið, sem þar var þá gert, segir berum orðum, að landsmenn vilji eigi sverja fyrr en bréf ríkisráðs sé til þeirra sent. Hitt mætti vera, að hirðstjóri, sem þá var íslenzkur maður, Ketill Þorláksson, og út kom árið 1320, hafi fengið einhverja til að vinna konungi trúnaðareiða heima í héruðum, eins og gert var 1281. Árið 1377 segja annálar,[2]) að Hákoni konungi Magnússyni hafi verið svarið land á Alþingi af þrennum tylftum bónda, „því að kongsbréf voru þar til lesin eftir hans bæn og boði". En síðan segir í einum annálanna (Lögmannsannál), að svarið hafi verið „almennilega í hverri sýslu um allt Ísland". Svo segja sumir annálar, að árið 1382 eða 1383[3]) hafi Ólafi Hákonarsyni verið svarið land í lögréttu.[4]) 1419 gera menn bréf á Alþingi og hylla þar Eirík konung af Pommern.[5]) Og 1431 hylla Íslendingar Eirík konung aftur og gera um það bréf á Alþingi.[6]) Það er sagt um Teit Gunnlaugsson hinn ríka, að hann hafi ekki viljað hylla Kristofer af Bayern né heldur Kristján fyrsta meðan Eiríkur af Pommern væri á lífi. Ekki eru nú til neinar sagnir um hyllingar Kristofers af Bayern, og er líklegast, að hann hafi aldrei verið hér hylltur. Þar á móti mun Kristján fyrsti hafa verið hylltur á Íslandi. Til marks um það má hafa dóminn frá 1459, það sem Teitur ríki er dæmdur laus við eið sinn til Eiríks konungs af Pommern og dæmdur til að hylla Kristján konung fyrsta.[7]) Ekki verður séð, að reynt hafi verið

1) Ísl. annálar IV, VII og IX.
2) Ísl. annálar VII, VIII og IX.
3) Ísl. annálar VII og IX.
4) Um hyllingu Margrétar drottningar 1391, er Suhm, danski sagnaritarinn segir frá, er allt ókunnugt.
5) Dipl. Isl. IV nr. 330.
6) Dipl. Isl. IV nr. 506.
7) Dipl. Isl. V. nr. 172, sbr. 173.

til að fá Karl Knútsson hér hylltan, og eigi eru nú skýrslur til um hyllingu konunganna Hans, Kristjáns annars né Friðriks fyrsta, þó að telja megi líklegt, að þeir hafi verið hér hylltir. Kristján 3. var hylltur á Alþingi 1551.[1]) Má vera, að hann hafi verið hylltur þegar á Alþingi 1541, en fyrr eigi, ef ráða má af bréfum Jóns biskups Arasonar og Ara lögmanns sonar hans, skrifuðum í Kalmanstungu til Alþingis 1541.[2]) Friðrik konungur annar gaf út bréf 5. marz 1559[3]) til Íslendinga, þar sem hann biður að hylla sig og hefur það farið fram á Alþingi það ár. Um hyllingu Kristjáns fjórða eru ekki skýrslur. Þar á móti var Friðrik þriðji hylltur á Alþingi 1649 með mikilli viðhöfn, sem kunnugt er.[4]) Erfðahyllingin 28. júlí 1662 átti að fara fram á Alþingi, en erindreka konungs, Henrik Bjelke, seinkaði svo, að það gat ekki orðið.[5]) 1671 buðust menn til að hylla Kristján fimmta á Alþingi, en sendimaður konungs, Jens Rodsteen, bauð þeim að gera það í Kópavogi eftir þing.[6]) Hyllingar fóru þar þó ekki fram, heldur á Bessastöðum 9. júlí það ár, og voru hyllingareiðarnir birtir á Alþingi 1671 og skráðir í Alþingisbók þess árs.[7]) 1700 var Friðrik fjórði hylltur á Alþingi[8]) og er sú konungshylling þar síðust. 1730 og 1749 var amtmanni boðið að kalla saman lærða og leika á hentugan stað til þess að hylla konunga.

2. Hylling konunga var fólgin í eiðbundnu heiti um trú og hollustu til handa þeim konungi, sem hylltur var. Fyrrum er það orðað svo, að konungi hafi verið „svarið land og þegnar". Og merkir það, að konungi er heitið yfirráðum yfir landinu (ríkisforræði, imperium) og hollusta af hendi þeirra, sem landið byggja. Þeir eiga að vera þegnar konungsins og það eru því landráð, ef þeir gera nokkuð það, er miðar að því að firra hann konungdómi yfir landinu. Nær hollustuheitið stundum til fæddra og ófæddra, og eigi að eins til þess konungs, sem hylltur er, heldur og til réttra eftirkomenda hans á konungs-

1) Dipl. Isl. XII nr. 147 og 148, Ríkisréttindi Íslands bls. 81 o. s. frv.
2) Dipl. Isl. X nr. 330 og 332.
3) MKet. II 2—3.
4) Hyllingarskjölin eru gefin út af Sögufélaginu, Reykjavík 1914.
5) Alþingisbókin 1662 nr. 6.
6) Alþingisbókin 1670 nr. 1 og 7.
7) Alþingisbókin 1671 nr. 1 og 2.
8) Alþingisbókin 1700 nr. 1, Biskupasögur Jóns próf. Halldórssonar (Sögurit II. I. bls. 351).

stóli, sbr. t. d. eiðana á Alþingi 30. júní 1551. Þegar getið er hyllinga á Alþingi á 14. öld, þá segir, að eiðarnir hafi verið unnir í lögréttu, og einu sinni (1377) segir, að þrennar tylftir búenda hafi svarið, og eru það líklega lögréttumenn allir innan vébanda. Handgengnir menn hafa ekki þurft að sverja konungi hyllingareiða, því að þeir höfðu unnið honum trúnaðareið, þegar þeir fengu þessa upphefð sína. Síðar var sú aðferð höfð að láta ákveðna tölu presta og leikmanna úr hverri sýslu vinna hyllingareiða, sbr. t. d. Hyllingarskjölin frá 1649. Fengu þeir þá sérstakt umboð þeirra búenda og klerka, sem heima sátu. Sýslumenn voru og látnir vinna hyllingareiðana á 16., 17. og 18. öld, þó að þeir ynni embættiseið eftir 1619, eins og sést á skýrslunum um eiðana 1649 og 1662 í Kópavogi.[1]) Eins og áður getur, fór eiðvinningin 1377 og 1382 fram í lögréttu, en eigi hefur svo verið allt af. Árið 1649 skipuðust eiðvinnendur í búð eina, er tjölduð var, og hélt þar umboðsmaður konungs ræðu, er biskupar svöruðu á latínu og lögmenn á íslenzku. Síðan gengu menn til lögréttu. Þá talaði Hinrik Bjelke þar nokkur orð, en síðan fellu biskupar og klerkar á kné utan lögréttu, en lögmenn og leikmenn innan vébanda. Las erindreki konungs þá upp eiðstafinn á dönsku og endurtóku landsmenn hann eftir umboðsmanninum. Síðan handsöluðu þeir honum heit sitt.[2]) Árið 1700 segir Jón prófastur Halldórsson,[3]) að hyllingin hafi farið fram á „eyrinni fyrir neðan lögréttuna". Stundum stóð æðsti embættismaður konungsvaldsins hér (höfuðsmaður, amtmaður) fyrir eiðatökunni, t. d. Bjelke 1662 og Müller amtmaður árið 1700, en stundum voru sendir sérstakir menn í því skyni, t. d. 1551, 1649 og 1670. Lengstum ámálguðu landsmenn forn „frelsi" landsins um leið og þeir unnu hyllingareiðana, og 1320 settu þeir, sem fyrr segir, beinlínis það skilyrði, að ríkisráðið norska skuldbindi sig til að halda sáttmálana milli landsins og konungsvaldsins. 1649 minnast þeir enn „gamla Íslendinga sáttmála", og með skírskotun til hans afbiðja þeir útlenda sýslumenn. Í Kópavogi sömdu bæði leikmenn og klerkar bréf til konungsvaldsins, þar sem þeir báðu

1) Hyllingarskjöl 1649 bls. 89, Ríkisréttindi Íslands bls. 102—104 og 144 o. s. frv.

2) Ríkisréttindi Íslands bls. 94—97.

3) Biskupasögur (Sögurit II. 1. bls. 354).

um að mega halda fornum „fríheitum“ sínum.[1]) En eftir það hættu menn þesskonar.

Í sambandi við konungshyllingar á Alþingi hafa, að minnsta kosti stundum, verið veizluhöld og viðhöfn nokkur. Sérstaklega fara sögur af þessu 1649, er Friðrik þriðji var hylltur. Lét höfuðsmaður þá flytja 3 byssur til Þingvalla, sem hleypt var af í viðhafnarskyni, er minni konungs var drukkið í veizlu, sem höfuðsmaður hélt eiðvinnendum að þinglausnum.[2]) Segir, að ekki hafi konungsveizla þó fyrr verið haldin á Alþingi.

III. *Fyrirspurnir og svör.* Ýmsar þeirra samþykkta löggjafaredlis, sem Alþingi gerði, eru framkomnar sem svar við fyrirspurum manna um ákveðin efni. Einkum munu ýmsar fyrirspurnir sýslumanna og annara embættismanna um almenn mál hafa orðið til þess, að lögmenn nefndu ákveðna tölu lögréttumanna til að athuga málið, þeir komu síðan fram með tillögur sínar, sem voru svo, breyttar eða óbreyttar, gerðar að Alþingissamþykkt. En auk þess komu menn iðulega og fram undir miðbik 18. aldar með fyrirspurnir um nálega hvaða málefni sem vera skyldi og lög eða rétt varðaði, fyrir lögmann og lögréttu á Alþingi, bæði mál, er þá varðaði sérstaklega eða þau, er höfðu viðtækari þýðingu. Jafnvel mál, er dæmd höfðu verið í héraði, báru menn upp í lögréttu, án þess að þeir hefði stefnt andstæðingi sínum, og fengu stundum svör lögréttu við fyrirspurn sinni um málið. Gekk svo fram yfir 1700, en síðan munu lögmenn hafa neitað að segja nokkuð um dómsmál, þar sem hinum aðilja var ekki stefnt til að flytja mál sitt. Það var fyrst og fremst allalgengt á 17. öld, að sýslumenn spurðu lögmenn og lögréttu, hvernig þeir skyldi fara með ákveðið mál. Og svöruðu lögmenn og lögrétta því venjulega, ákveðið eða óákveðið, eftir því sem á stóð. T. d. spyrja þeir oft, hvernig með skuli fara brot á reglunum um verzlunina, sifjaspellamál og barnsfaðernis, um galdramál, vogrek, ef sérstaklega var ástatt, o. s. frv. Líka báru sýslumenn einatt upp dóma sína í lögréttu á 17. öld og spurðu lögmenn og lögréttu álits um þá.[3]) Þá var algengt, að höfuðsmenn eða umboðs-

1) Ríkisréttindi Íslands bls. 155—159.
2) Sama rit bls. 90—92.
3) T. d. Alþingisbókin 1640 nr. 5, 6 og 23, 1646 nr. 24.

menn þeirra gerðu fyrirspurnir bæði um landslög um ákveðin efni, hvernig þeim væri beitt og ýmislegt um háttu landsins, svo sem um meðferð kirkjujarða eða konungs o. s. frv.,[1]) svo og stundum um það, hvort þeir sjálfir hefði farið löglega að.[2]) Þá gerðu biskupar alveg samsvarandi fyrirspurnir um það, hversu þeir skyldi hegða sér um ýms embættisefni sín. Brynjólfur biskup Sveinsson spyr t. d. um það 1673, hvort honum sé ekki óhætt að afhenda Þórði Þorlákssyni varabiskupi innstæðu Skálholtsstaðar og svarar lögrétta því játandi.[3]) Þeir, sem fyrir órétti höfðu orðið eða töldu sig annars í vanda stadda, sneru sér iðulega til Alþingis á 17. öld, án þess að þeir stefndu þó andstæðingum sínum, og beiddust leiðbeiningar um mál sín, eða spurðust fyrir um, hvað þeir ætti að gera eða hvern rétt þeir ætti. Menn gátu komið og spurt, hvort þeir mætti teljast skilgetnir, hvernig þeir ætti að fara að, ef þeim hefði verið illmælt eða ef þeir höfðu orðið fyrir öðrum órétti. Svo spurðust einstakir menn líka fyrir um skilning á ákveðnum lögum og hvernig þeir ætti að haga sér í ákveðnum skiftum við æðri menn, t. d. um meðferð fjár ólögráðra manna, hvert maður eigi að snúa sér um endurheimtu jarðarverðs, þegar jörð hefur verið brigðuð o. s. frv. Til lögréttu kemur maður með messuvín 1647 og biður þingmenn meta gæði þess. Telja þeir það óhæft, og kirkjuhaldarar eigi að krefjast leiðréttingar á þessu.[4])

Það virðist ekki ólíklegt, að fyrirspurnir til lögréttu og svör hennar við þeim kunni að eiga rót sína að rekja að einhverju leyti til fyrirspurna manna á lýðríkistímanum til lögréttu um, hvað lög væri um tiltekið efni, og úrskurða hennar um það.

IV. *Eiðatökur.* Það bar við, að einstakir menn unnu synjunareiða fyrir áburð á hendur þeim um eitthvað ósæmilegt eða hegningarvert, t. d. kona fyrir óskírlífisáburð, maður fyrir galdraorð o. s. frv. Stundum var þess konar eiður unninn í ákveðnu máli, er ríkisvaldið hafði gert reka að, t. d. galdramál, eða að aðili reið til Alþingis án þess að nokkurt mál væri höfðað á hendur honum til þess að hreinsa sig af orðrómi, sem á hann hafði lagzt um eitthvað, sem spillt mundi hafa mann-

1) T. d. Alþingisbókin 1647 nr. 3, 1685 nr. 34, 1747 nr. 11.
2) T. d. Alþ. Íslands II 415—416.
3) Alþingisbókin 1673 nr. 15.
4) Alþingisbókin 1647 nr. 7.

orði hans, ef satt væri. Á Alþingi 1640 synjar t. d. Jens Söfrensson umboðsmaður höfuðsmanns með eiði fyrir það, að hann hafi nokkurn tíma haft samfarir við Þórunni nokkra Jónsdóttur vinnukonu á Bessastöðum.[1]) Árið 1661 synjar Úlfhildur Jónsdóttir, ekkja Stefáns prests Hallkelssonar, fyrir samfarir við aðra menn en bónda sinn, og sanna þetta með henni tvær konur,[2]) o. s. frv. Tóku lögmenn þessa eiða venjulega í lögréttu. Eftir 1700 sýnast þesskonar eiðvinningar leggjast niður.

En auk þessara eiða var venja, að embættismenn konungs ynni embættiseiða sína í lögréttu eða á Þingvelli annarstaðar. Lögmenn unnu embættiseið sinn fyrir hirðstjóra og síðar höfuðsmanni og amtmanni í lögréttu. Með opnu bréfi 20. apr. 1619 var öllum sýslumönnum boðið að vinna höfuðsmanni embættiseið, þar sem þeir lofuðu að vera konungi hollir og trúir og rækja vel embætti sitt. Hefur hver sýslumaður unnið þennan eið, er hann var skipaður í öndverðu. Var venja að vinna hann á Alþingi í lögréttu, og er hans einatt getið á 17. öld. En vafalaust hafa amtmenn látið nýskipaða sýslumenn líka vinna embættiseiðinn á Alþingi á 18. öld. Einnig voru klausturhaldarar látnir vinna konungi eið um hollustu sína og trúnað og loforð um að rækja vel starfann. Sama var um spítalaráðsmenn. Voru eiðar þessir líka teknir á Alþingi, sjálfsagt í lögréttu. Þá var tekinn þar eiður af Alþingisskrifara og lögréttumönnum nýnefndum, eins og getur á öðrum stað. Lögmenn tóku eiða af spítalaráðsmönnum, lögréttumönnum og Alþingisskrifara og stundum að minnsta kosti líka eiða klausturhaldara.

Meðan Jónsbókarlög um eiða gengu hér á landi, voru eiðar þessir, eins og aðrir eiðar, bókareiðar. Menn lögðu hönd á helga bók (biflíuna eða hluta úr henni, svo sem Nýjatestamentið eða Davíðssálma) og höfðu svo yfir eiðstaf þann, sem þeim var stílaður af þeim, sem við eiði þeirra tók.

V. Áður hefur þess verið getið, að lögmenn og Alþingisskrifarar voru kosnir á Alþingi fram undir 1700. Það virðist svo sem lögréttumenn einir hafi ekki kosið þessa menn, heldur þingheimur allur, þar með sýslumenn og umboðsmenn konungseigna. Sama mun og hafa verið um Alþingisskrifara. Að líkindum hafa lögmenn mestu ráðið um kjör Alþingisritara, af því að þeir höfðu mest saman við hann að sælda.

1) Alþingisbókin 1640 nr. 7.
2) Alþingisbókin 1661 nr. 14.

Að fornu höfðu biskupar verið kosnir á Alþingi, og þá tóku veraldarhöfðingjar einnig þátt í kjörinu. Þessi siður lagðist niður, að því er virðist eftir 1300, því að um langt skeið sátu útlendir biskupar hér að stóli, er landsmönnum voru sendir af erkibiskupi eða stundum frá páfahirðinni (curia) eða jafnvel af konungum og kirkjuvaldinu. En á síðara hluta 15. aldar og fyrri hluta 16. aldar kusu klerkar hér biskupa á prestastefnum sínum. Norðanlands fór það kjör fram á prestastefnu þar, en sunnanlands oft á prestastefnu á Þingvelli. Það er t. d. kunnugt um Jón biskup Arason, Ögmund og Gizur Einarsson, að þeir voru allir kosnir af prestum í viðkomanda biskupsdæmi. Og eftir siðaskiftin verður það föst venja, að prestar hvors biskupsdæmis kjósa biskupa sína á prestastefnum sínum, norðlenzku prestarnir sína biskupa venjulega á Flugumýrarprestastefnu og prestar hins biskupsdæmisins Skálholtsbiskupa á prestastefnu á Þingvelli við Öxará. Þetta gera þeir fram á 18. öld. Hitt hefur ekki tíðkast, svo að kunnugt sé, að leitað hafi verið atkvæða veraldarmanna um biskupskjör eða biskupsskipan eftir siðaskifti. Það mun vera undantekning er Gizur biskup Einarsson lætur lærða og leikna samþykkja biskupsdóm sinn á Alþingi 1540, eftir að klerkar Skálholtsbiskupsdæmis höfðu kjörið hann að tilvísun Ögmundar biskups og eftir að konungur hafði skipað hann biskup.[1]) Biður Gizur biskup þingheim að taka við sér „eftir siðvenju vors lands“. En það er vel skiljanlegt, að Gizur biskup Einarsson teldi sér mikið ríða á að binda landsmenn sem bezt í trúnaði við sig. Annað mál er það, að hann varð að gangast undir það á þinginu 1540 að „regera eftir góðu og gömlu heilagrar kirkju lögmáli“.

VI. Margar sagnir eru til um framkvæmd refsinga á þingum á Íslandi fram eftir öldum. Á héraðsþingum var algengt að hýða sökunauta og lifláta eftir dómi, og bera örnefnin þess ljóst vitni.[2]) Á Alþingi voru refsingar einnig lagðar á sökunauta. Fram á 16. öld eru að vísu ekki miklar sagnir um þess konar atburði, en þess eru ekki vonir vegna þess, hversu fáar skýrslur eru af þinginu til þess tíma. En eftir að skýrslur fara að geymast um þingstörfin, má sjá það, að refsingar hafa iðu-

1) Dipl. Isl. X nr. 243—245.

2) Björn á Skarðsá segir frá mörgum aftökum norðanlands á héraðsþingum (t. d. Ann. Isl. I 180, 203, 240, 246, 260).

lega verið framkvæmdar á Alþingi. Örnefnin Höggstokkseyri og Gálgaklettur, sem bæði eru á Þingvelli[1]) sýna það og, svo og örnefnið Drekkingarhylur í Öxará. Á Alþingi voru að eins refsingar á líkama sakamanns framkvæmdar: Líflát og hýðingar eða annarskonar pínslir (brennimarkaðir þjófar og limlestingar), eftir því sem lög stóðu til. Það virðist hafa verið venja, að þeir, sem dæmdir voru til líkamsrefsingar á Alþingi, þyldi hana þar. Er þess einatt getið, að menn væri hýddir þar. Árið 1646 var t. d. Sveinn skotti, sonur Axlar-Bjarnar, hýddur sem hann mátti mest þola og síðan skorið af honum annað eyrað fyrir flakk, þjófnað, óeirðir við konur, guðlast og margskonar óknytti.[2]) Er dómur þessi gott dæmi upp á handahófsdóma þeirra tíma. 1671 5. júlí var Jón Úlfsson hýddur á Alþingi fyrir galdragrun.[3]) 1691 var Gizur nokkur Brandsson refstur húðlátsrefsingu á Alþingi 6. júlí fyrir óguðleg orð, hafði beðið djöfulinn að hjálpa sér. Skyldi hýða hann tvisvar, fyrst á Alþingi sjálfu og síðan í héraði, og skyldi hýðingin hvortveggja ganga næst lífi mannsins „til nokkurrar minningar hans líkum og óguðlegum orðvörgum".[4]) Meðan líkamsrefsingar voru dæmdar á Alþingi, mátti lengstum leggja þær þar á. Þetta gilti jafnan um líkamsrefsingar, sem ekki náðu brennimerkingu og kaghýðingu. Um þessar refsingar var svo mælt í kgsbr. 14. apríl 1759, að eigi mætti framkvæma slíka dóma fyrr en málið væri borið undir konung. Og þess vegna hlýtur refsing samkvæmt þeim að hafa verið á lögð í héraði. Annars er ekki getið um framkvæmd líkamsrefsinga í Alþingisbókum 18. aldar. Mun sá háttur hafa á komizt, að sýslumenn léti framkvæma refsinguna í héraði, enda þótt aðili væri dæmdur á Alþingi og væri þar nálægur.

Örnefnin Höggstokkseyri, Gálgaklettur og Drekkingarhylur benda á það, að menn hafi bæði verið hálshöggnir (manndráparar, sifjaspellsmenn), hengdir (þjófar) og svo að þeim hafi verið drekkt (hórkonur, sifjaspellakonur). Ennfremur er það kunnugt, að á 17. öld voru nokkrir menn brenndir fyrir galdur á Alþingi. Árið 1602 var t. d. tekinn af á Alþingi Björn

1) Árbók Fornleifafélags 1921—22 bls. 103, 106—107.
2) Alþingisbókin 1646 nr. 8.
3) Alþingisbókin 1671 nr. 8.
4) Alþingisbókin 1691 nr. 1.

nokkur Þorleifsson fyrir hórdóm, rán og stuldi.[1]) Árið 1681 var Arni Pálsson úr Barðastrandarsýslu brenndur á Alþingi eftir dómi um galdra-áburð og hafði hann þó ekki meðgengið að hann hefði nokkrum manni mein gert með kukli sínu.[2]) 1685 var Halldór nokkur Finnbogason úr Mýrasýslu dæmdur „sem opinber guðlastari og helgidómsins forsmánari að straffast á lífinu með svoddan aðferð, að kroppurinn brennist í eldi líka sem galdra manna, sem rangfært hafa guðs orð, hans nafn vanbrúkað, eða nokkurt ókristilegt samband hafa við djöfulinn bundið".[3]) 1703 voru 2 menn teknir af á Alþingi, annar fyrir þjófnað, hengdur „þingmönnum allmörgum ásjáandi"[4]) o. s. frv. Meðan taka mátti menn af þegar eftir dómi lögréttu eða yfirréttar, gat aftakan farið fram á Alþingi þegar í stað eftir að prestur eða biskup hafði áminnt sakamanninn og veitt honum kirkjuþjónustu, eins og lög stóðu til. Með konungsbréfi 28. maí 1735 var bannað að fullnægja dauðadómi í Danmörku og Noregi fyrr en Kancellii væri skýrt frá málinu og konungur úrskurðaði síðan, hvort aftaka skyldi fara fram. Þetta konungsbréf var ekki birt hér. Með konungsbr. 23. marz 1736 var fyrirmæli þetta meðal annars ítrekað, og mun eftir síðara konungsbréfinu hafa verið farið hér, þótt ekki sjáist, að það hafi verið birt á Alþingi. En ef sá háttur hefur komizt á að senda dauðadóma til Kancellís og konungs áður en aftaka færi fram, þá hafa aftökur á Þingvelli verið þar með úr sögunni. Kgsbr. 22. apríl 1758, sem hingað var sent og birt, bannaði að fullnægja nokkrum dauðadómi, þar á meðal hæstaréttardómi, fyrr en konungur hefði tekið ákvörðun um það. Og er þá ljóst, að aftökur hafa ekki farið fram á Þingvelli eftir það, þótt svo kynni að hafa verið þangað til.

1) Alþingisbækur Íslands III 229. Björn á Skarðsá segir svo frá þessari aftöku, að maðurinn hafi fengið góða iðrun. Hafi Oddur biskup sjálfur áminnt hann áður en hann lagði sig niður á höggstokkinn. En aftakan tókst heldur óliðmannlega. „Jón böðull, er höggva skyldi, var þá orðinn gamall og slæmur og krassaði í höggunum. En Björn lá kyrr á grúfu, og þá sex höggin voru komin, leit Björn við og mælti: „Höggðu betur maður" Lá hann enn grafkyrr. En sá slæmi skálkur krassaði ein 30 högg áður en af fór höfuðið. Var það hryggilegt að sjá. Voru þá áminningar gerðar yfirvöldunum þeim veraldlegu, að hafa öruggan manns til slíks embættis, svo landið yrði ekki að spotti í þeirri grein" (Ann. Isl. I bls. 187).

2) Alþingisbókin 1681 nr. 14. Sbr. Arne Magnusson Embedsskrivelser bls. 383 o. s. frv.

3) Alþingisbókin 1685 nr. 1.

4) Alþingisbókin 1703 nr. 4 og 10.

VII. *Fyrirsvar landsins gagnvart konungsvaldinu.* Þess var getið í greininni um konunghyllingar, að Alþingi var venjulega til svara af hálfu landsins, þegar hylla skyldi konunga. Það setti þá skilyrði fyrir hollustu landsmanna við hann. Í sambandi við afskifti þingsins af löggjafarmálum er þess getið, að Alþingi gætti þess, að því leyti sem til þess kom, að útlendum lögum væri ekki dembt á landsmenn að óvilja þeirra. Skattaálögur af hendi konungs lét Alþingi auðvitað ekki ávallt afskiftalausar, og baðst því stundum undan þeim eða andmælti þeim, sbr. t. d. um gingjaldið og landshjálpina. Fram eftir öldum var Alþingi við og við að vitna í sáttmála sína við konung hina fornu, eins og í greininni um konungshyllingar segir. Og yfirhöfuð hlaut Alþingi að hafa fyrirsvar landsins gagnvart konungsvaldinu. Því voru konungi einatt rituð kvörtunarbréf um ýmislegt, sem aflaga þótti fara, kærur yfir embættismönnum hans, ef þeir þóttu eigi fara vel með vald sitt,[1]) beiðni um skipun ákveðinna manna í embætti eða að ákveðinn maður haldi embætti,[2]) bænarskrár um hitt og þetta[3]) o. s. frv. Þá var oft leitað til Alþingis út af verzlun landsins, bæði af hálfu einstakra manna og embættismanna og Alþingi sneri sér svo til konungsvaldsins. Svo hlaut Alþingi mjög oft að taka verzlunarmálin upp hjá sjálfu sér og senda svo konungi umkvartanir eða ávörp vegna vörudýrleika, vöruskorts og þess, hve varan var slæm. Yrði hér of langt mál að rekja afskifti Alþingis af þeim málum. Konungsvaldið hlaut líka yfirleitt að snúa sér til Alþingis um þau mál, er það þurfti að flytja hér á landi, eins og sést á greininni um konungshyllingar og löggjafarstörf Alþingsins, og betur sést í greininni um birtingar konungsboða. Og konungsvaldið gefur einatt á Alþingi þær skipanir aðrar eða gerir þar þær athuganir, sem því þykir hlýða, eða spyrst fyrir um þau efni, sem það þykist þurfa að vita um, svo sem um konungsjarðir og kúgildi á þeim, eftir hvaða lögum sé dæmt

1) T. d. Dipl. Isl. X nr. 248 (Bréf af Alþingi um framferði Claus von Meruitz, 1540).

2) T. d. Dipl. Isl. VI nr. 659 (Beiðni um, að Einar Björnsson Þorleifssonar verði skipaður hirðstjóri, 1491), Alþingisbækur Íslands I 319 (Að konungur láti Johan Bochholt halda höfuðsmannsdæmi 1576). Alþingisbókin 1649 nr. 14 (Afbeðnir útlendir sýslumenn).

3) Alþingisbækur Ísl. I 321 („ að lögin og rétturinn óhindraðan framgang hafi) II. 355 („supplikatia, er Jón lögmaður Jónsson bar fram um ýms efni)'.

á Íslandi o. s. frv. Ef umboðsmaður konungsvaldsins þóttist þurfa að áminna landsmenn um hylli við konung, þá var það gert á Alþingi, eins og 1659, er Thomas Nicolaisen umboðsmaður höfuðsmanns áminnir sýslumenn alla um að halda landsmönnum undir konung, sem nú eigi í stríði við svenska.[1]) Alþingi var og stundum vörður einstaklingsréttinda gagnvart konungsvaldinu. Johann Momm og félagar hans 3 fengu t. d. konungsbréf, dags. 24. jan. 1648,[2]) þar sem þeim var leyfð laxveiði í Hvítá í Borgarfirði um 20 ár. Var þetta hin argasta lögleysa sem hugsast gat. Las Johann Momm bréfið upp á Alþingi 1648, og svaraði lögrétta svo, að konungsbréfið væri ekki á móti lögum, *ef* Momm fengi leyfi landeigenda til veiðanna.[3]) Ef svo vildi til, að óráðstafað var meðferð konungsvalds á Íslandi, þá gerði Alþingi ákvörðun um það efni. Meðan Greifastríðið stóð (1533—1536) voru litlar reiður á þessu, því að þrír gerðu þá tilkall til þess að hirða hér skatta og skyldur af landinu, og úrskurðaði þá Alþingi, að biskuparnir ætti að gera það.[4]) Kaupmenn sneru sér líka stundum til Alþingis um mál sín,[5]) og leysti þá þingið úr, eftir því sem á stóð.

VIII. *Alþingi og stjórn innanlandsmála. Afskifti af landshögum.* Öll mál varðandi stjórn landsins gátu borið á góma á Alþingi, bæði að tilhlutun konungsvaldsins eða umboðsmanna þess og að tilhlutun landsmanna. Gat hver, sem vildi, snúið sér með þesskonar erindi til lögréttu og beðið úrlausnar á eða ráðlegginga. Því komu sýslumenn iðulega í þesskyns erindagjörðum og einnig höfuðsmaður. Sýslumenn og einstakir menn virðast hætta þessu þegar fram á 18. öld kemur, en umboðsmaður konungsvaldsins gat allt af leitað álita beztu manna landsins um stjórn þess. Er um það talað í þingreglunum frá 1576 og þingsköpunum frá 1. júlí 1695, að menn ræði um „landsins gagn og nauðsynjar“ á Alþingi, bæði að því leyti sem einstök héruð varðaði og landið allt. Í Rentukammerbréfi 8. jan. 1803 er um það talað með fullum skilningi, hversu þýðingarmikið þetta atriði mætti vera. Því kemur t. d. til umræðu á Alþingi 1659, hvort gerlegt sé að takmarka heyásetningu

1) Alþingisbókin 1659 nr. 10.
2) M. Ket. II 472.
3) Alþingisbókin 1648 nr. 2.
4) Dipl. Isl. IX nr. 612.
5) T. d. Alþingisbókin 1664 nr. 38 (út af Grindavíkur-höfn).

manna og skógarhögg.[1]) Þar gat höfuðsmaður spurzt fyrir um landsháttu og landshagi og kynnzt öllum helztu mönnum landsins, enda er þess mjög oft getið í Alþingisbókum, að höfuðsmaður og síðar amtmaður hafi spurzt fyrir um ýmislegt þess konar, svo sem um fjárhagsástand manna, eftir hvaða lögum væri dæmt o. s. frv., ráðgast um nýmæli við lögréttu og aðra Alþingissóknarmenn. Svo er þess og stundum getið, að lögmenn spurðu þingsækjendur um ástand manna, þar sem þeir þekktu ekki til, á Alþingi. Holdsveikraspítalarnir voru settir á fót um miðja 17. öld, og voru þeir einatt umræðuefni á Alþingi, og ýmsar samþykktir þar um gerðar.[2]) 1663 vekur Bjelke máls á því, að Ísland haldi sjálft úti herskipi til varnar gegn Tyrkjum, en landsmenn afsaka sig vegna fátæktar landsins, og er svar þeirra fullt af volæði og guðsorði.[3]) Þegar til mála kom að reisa hér hegningarhús, þá var það mál rætt á Alþingi 1736,[4]) og réðu þá landsmenn frá því. Í hallærum og harðindum sendu menn einatt Alþingi skýrslur um vandræði sín, þó að Alþingi mætti þar litlu um þoka, og urðu kveinstafir manna þó stundum til þess, að stjórnarvöldin dönsku eða umboðsmenn þeirra hér fóru að rumska, einkum í upphafi 18. aldar, þegar Árni Magnússson og Páll Vídalín voru settir til þess að athuga hag landsins. Er oft getið kveinstafa manna út af bágindum sínum, en um þverbak keyrir síðustu áratugi 17. aldar.[5]) Á Alþingi var auðvitað rætt um verzlunarmál landsins, sem áður segir, að því leyti sem það mál sneri út á við. En Alþingi tók það mál einnig stundum til meðferðar að því leyti sem það sneri inn á við, svo sem um „land prang“, er mestmegnis var fólgið í tóbaks- og brennivínssölu landsmanna í sveitum á vetrum.[6]) Um innanlandsverzlun má þess enn geta, að pundarar og mælikeröld skyldi á Þingvelli geymd

1) Alþingisbókin 1659 nr. 2.

2) Sjá Lovsamling for Island I registrið bls. 812. Sbr. Alþingisbók 1652 nr. 14, 1653 nr. 23, 1654 nr. 14, 1655 nr. 22, 1656 nr. 1—4.

3) Alþingisbókin 1663 nr. 29.

4) Alþingisbókin 1736 nr. 33.

5) Sbr. t. d. Alþingisbók 1684 nr. 22, 1688 nr. 16, 1690 nr. 32 og 48, 1696 nr. 37, 1697 nr. 41, þar sem sagt er frá grasbrestum, sóttum, mannfelli, hafís o. s. frv.

6) Sbr. t. d. Alþingisbók 1679 nr. 29 (Gizur nokkur Freysteinssson undir Jökli vestur sendir manni nokkrum 40 merkur brennivíns og biður hann að selja fyrir sig á 15 fiska mörkina. Þetta þótti Alþingi „okur“. Þá kom einnig til tals tóbakssala í sveitum s. st. nr. 30).

undir lögmanns lási og skyldi sýslumenn rétta sína pundara og mæliker það eftir, Jónsb. Kaupab. 28. Það er svo að sjá sem Alþingi láti þetta mál til sín taka, því að 1651 er þess getið, að Henrik Bjelke höfuðsmaður hafi lofað að „bestilla rigtuga pundara til 1652“,[1]) og virðist þetta benda til afskifta þingsins af þessu máli. Annars er of langt mál að rekja til nokkurrar hlítar öll afskifti Alþingis af innanlandsstjórn í einstökum atriðum. Þess verður að eins að geta, að þessi afskifti smáhverfa á 18. öld, og verða varla talin síðustu áratugi þeirrar aldar.

IX. *Sáttargerðir* o. fl. Alþingi var lengstum almenn samkoma hinna helztu landsmanna, þó að þess færri sækti það sem nær dró lokum 18. aldar. Þangað sóttu því menn til þess að hittast og ráða málum sínum hver við annan til lykta. Því var það, að mjög oft er getið sáttargerða milli manna, er fram hafi farið á Alþingi, í Alþingisbókum 16. og 17. aldar, og samninga gerðra þar. Og er þessa vitanlega einkum getið, er stærri menn eiga hlut að máli. T. d. sættir höfuðsmaður 1635 Gísla biskup Oddsson og Vigfús Gíslason um rekann á Skeiði, sem löng deila hafði verið um.[2]) Og árið 1646 binda þeir bræður Brynjólfur biskup og Jón Gizurarson á Núpi í Dýrafirði það fastmælum, að Jón komi til Alþingis 1647 með tilgjafarskilmála Ragnheiðar Pálsdóttur móður þeirra og skuli þá skift til fullnaðar arfi með þeim.[3]) Sáttir milli einstakra manna gerðar á Alþingi voru alloft skráðar í Alþingisbók þess árs.[4]) Það er auðráðið, að Alþingissækjendur muni og hafa gert með sér ýmiskonar samninga meðan þeir voru saman á Þingvelli, einkum um jarðakaup og lögmála á jörðum, meðan landsmáli tíðkaðist o. s. frv.

Þess hefur áður verið getið, að einstakir menn sóttu einatt Alþingi til þess að bera upp kvartanir sínar og alls konar vandræði eins og t. d. séra Páll Björnsson í Selárdal og séra Jón Magnússon kallaður þumlungur á Skutulsfjarðareyri, er báðir sóttu Alþingi til þess að kæra þar galdra-ásókn þá, sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir.[5]) Jón Hannesson kærir Botns-

1) Alþingisbókin 1651 nr. 23.
2) Þingbók Árna Oddssonar bl. 75 b—76 a.
3) Alþingisbókin 1646 nr. 26.
4) T. d. Alþingisbókin 1647 nr. 31—34, 1690 nr. 46.
5) Alþingisbókin 1656 nr. 16 og Árb. Espolins VII d. bls. 56—57.

mál á Alþingi 1632[1]) og Guðrún nokkur Þórðardóttir kærir Einar lögsagnara Oddsson í Vogum fyrir dóm hans um Þórð bróður hennar, en Þórður þessi hafði verið dæmdur 1664 til lífláts í Kópavogi fyrir þjófnað og hengdur.[2]) Og mörg fleiri dæmi mætti nefna. En þess konar kærur og kveinstafir einstakra manna lögðust að mestu niður á 18. öld. Þingið var þá orðið að mestu dómstóll og þinglýsingastaður samkvæmt Norsku Lögum.

X. *Ráðstafanir á konungseignum og kirkju. Innheimta konungstekna.* Þó að Alþingi hefði ekki bein afskifti af þessum málum, þá komu þau þó nokkuð við sögu Alþingis. Fram eftir öldum gætir þessara mála lítt á Alþingi að öðru leyti en því, að Alþingi gat mótmælt nýjum skattálögum og að gjaldheimtumenn munu einatt hafa hitt aðalgjaldheimtumann konungsvaldsins, hirðstjóra, höfuðsmann, á Þingvelli, gert þar upp reikningana og greitt gjöldin. En ekki verður séð, að þau mál hafi komið til kasta þingsins. Munu og gjaldheimtumenn hafa nokkurn veginn getað staðið í skilum, meðan verzlunareinokun og óáran höfðu ekki sogið merg og blóð úr landsfólkinu.

Þau atriði, sem síðar koma til meðferðar á Alþingi og konungseignir og konungstekjur varða, má skifta í tvo aðalflokka: 1. Ráðstöfun á því, hverir með embættin og lénin skyldi fara og 2. þau afskifti af innheimtu konungstekna, sem fram fóru á Alþingi.

1. Fram á 17. öld hafa umboðsmenn konungsvaldsins ráðstafað sýslum og lénum, án þess að þau mál kæmi fram á Alþingi. En svo er tekið að bjóða upp sýslur, klaustur og lén á Alþingi og selja á leigu til þess, er hæsta afgjald bauð að greiða. Stapa-umboð er t. d. boðið upp á Alþingi 1647 fyrir 740 ríkisdali, en enginn vildi taka það fyrir svo hátt gjald.[3]) Hefur það síðan oft viðgengizt, að sýslur og umboð konungsjarða væri upp boðin á Alþingi. Sýslur, klaustur og umboð konungsjarða átti reyndar að veita til lífstíðar eftir tilsk. 14. apríl 1607, en þetta kom víst alls ekki að notum, því að ekki var ótítt, að menn byði að greiða of hátt gjald og flosnuðu svo upp frá sýslum og lénum. En sú tízka hélzt út 18. öld, að konungs-

1) Alþingisbækur Íslands V 245.
2) Alþingisbókin 1665 nr. 22 og 1666 nr. 17.
3) Alþingisbókin 1647 nr. 30.

tiundir, klaustur og umboð voru boðin upp, sem kallað var, á Alþingi og fest hæstbjóðanda, svo framarlega sem hann setti tryggingu, veð eða fullnægjandi ábyrgð fyrir því, að hann gæti staðið í skilum. Stundum buðu lögmennirnir upp umboðin og stundum aðrir eftir fyrirlagi höfuðsmanns eða síðar (stift)amtmanns, og hefur sú athöfn farið fram í lögréttu. — Auk þess var algengt á 18. öld, að bjóða upp til afnota á Alþingi eða eignar einstakar konungsjarðir. Skilmálar þeir, er aðili gekk að, voru venjulega skráðir í Alþingisbók, þegar fram á 18. öld líður.[1])

2. Snemma hafa verið gerðar skrár um konungsjarðir á Íslandi og afgjöld af þeim. Jarðabækurnar í heild sinni hafa víst aldrei verið birtar á Alþingi, en skrár um vissar tekjur svonefndar (afgjöldin) af sýslum, klaustrum og umboðsjörðum svonefndum var birt á Alþingi við og við, og var þar greind hver sýsla, hvert klaustur og lén og hvert gjald var af hverju greitt. Fyrsta sinni var þetta gert 1687 svo að Alþingisbókin greini,[2]) og síðan við og við, 1707, 1712, 1722, 1731, 1736 o. s. framvegis, og síðast árlega allt til 1800. Var skráin þó alls eigi færð í Alþingisbókina allt af, en þess einungis getið, að hún hafi verið lesin upp. Gjalddagi afgjaldanna var frá fornu fari um Jónsmessuleytið. Munu þó margir einmitt hafa greitt á Alþingi, því að þangað áttu sýslumenn og klausturhaldarar að sækja hvort sem var. Um greiðslutíma skifti það varla máli, þótt allar tekjur af landinu væri leigðar einstökum mönnum, eins og Hinrik Bjelke höfuðsmanni frá 1663 og verzlunarrekendunum, leigusamningur 8. maí 1685, því að sýslumenn og aðrir innheimtumenn munu hafa átt að greiða um Jónsmessuleytið allt að einu. Síðla á 17. öld má sjá, að farið er að birta skýrslur um innheimtuna á Alþingi. Fyrsta sinni var það gert, svo að getið sé í Alþingisbók, 1689. Er þá lýst eftirstöðvum, er einn af sýslumönnum ætti ógreiddar.[3]) Eru að vísu birtar áskoranir til sýslumanna og annara að greiða á réttum tíma afgjöld af sýslum og lénum árið 1696,[4]) en skýrslur um eftirstöðvar gjalda þessara er þó ekki farið að birta í Alþingis-

1) T. d. Alþingisbókin 1786 bls. 48—51.
2) Alþingisbókin 1687 nr. 30.
3) Alþingisbókin 1689 nr. 18.
4) Alþingisbókin 1696 nr. 10.

bókum almennt fyrr en 1704.[1]) Verður nú venja, að sýslumenn og aðrir gjaldheimtumenn geri reikningsskil á Alþingi og að prófaðar sé eftirstöðvar hjá þeim, eins og Rentukammerbréf 8. jan. 1803 segir og Alþingisbækurnar bera ljóst vitni um. Og landfógeinn,sem innheimtumenn konungstekna áttu að gera reikningsskil og greiða, lét lögmenn og lögréttumenn stundum aðstoða sig um rannsókn reikningsskila eða gerði að minnsta kosti stundum kröfu til þess. Árið 1731 krafðist landfógeti þess t. d., að lögmenn gengi gegnum eftirstöðvar konungsgjalda frá 1702—1717, en þeir afsökuðu sig með því, að þeir hefði ekki „dokument" til slíkrar rannsóknar.[2]) Var nú á hverju þingi lesin upp skrá og rannsökuð um eftirstöðvar hjá hverjum gjaldheimtumanni. Slíkar skrár voru oft á fyrra hluta 18. aldar færðar í Alþingisbækurnar, en á seinni hluta hennar er það, venjulega að minnsta kosti, látið nægja að geta þess, að skrá um eftirstöðvar hafi verið lesin upp. Er þá og farið að lesa upp skrár um aðrar gjaldagreiðslur innheimtumanna, t. d. um sakfallsgjöldin 1736[3]) og kvittanir um greiðslur voru ósjaldan an birtar, einkum er ágreiningur varð um eftirstöðvaskýrslurnar, sem stundum gat borið við.[4]) Kvittanir um festugjöld sýslna voru t. d. birtar á Alþingi 1731[5]) og einatt síðan. Þá fór og að verða tízka að birta á Alþingi ábyrgðarskjöl, er gefin voru út til tryggingar greiðslu afgjalda af sýslum og lénum.[6]) Birtir landfógeti og einatt áminningar sínar til gjaldheimtumanna um að setja tryggingu, ef þeir höfðu ekki þegar gert það, og áskoranir sínar til þeirra um greiðslur eftirstöðva sýslugjalda o. s. frv. og yfir höfuð að gera reikningskil og inna greiðslur af hendi á réttum tíma.[7]) Má og sjá, að landfógeti notaði einatt tækifærið til þess að spyrjast fyrir í lögréttu um skipströnd, vogrek, erfingjalaust dánarfé og aleigumál í sýslum landsins,[8]) enda stundum tekið þingvitni um þessi atriði.

---

1) Alþingisbókin 1704 nr.17. Um eftirstöðvar „striðshjálpartollsins", er lagður var á 31. mai 1679, var þó oft talað á Alþingi, síðast 1692 (Alþb. 1692 nr. 25).

2) Alþingisbókin 1731 nr. 20.

3) Alþingisbókin 1736 nr. 23.

4) T. d. Alþingisbókin 1743 nr. 15.

5) Alþingisbókin 1731 nr. 19.

6) T. d. Alþingisbókin 1737 nr. 19.

7) T. d. Alþingisbókin 1734 nr. 18, sbr. nr. 24, og 1782 bls. 49.

8) T. d. Alþingisbók 1731 nr. 22, 1799 bls. 53.

Svo tókst líka sá siður upp, að farið var að selja á opinberu uppboði á Alþingi jarðir, sem settar höfðu verið að veði til tryggingar sýslugjöldum og léna. Þá var og stundum farið að bjóða þar upp fé brotamanna, er fallið var til konungs o. s. frv.

Það er auðsætt, að landfógeta hefur verið auðveldara að ná til gjaldheimtumanna konungs, hvaðan sem þeir voru af landinu, meðan þeir komu allir eða flestir árlega til Alþingis, en eftir niðurlagningu þess. Fannst það og á eftir að yfirréttur var settur í Reykjavík og Alþingi var niðurlagt, að æðstu embættismenn konungs, amtmaður og landfógeti, ætti óhægra með að ná til gjaldheimtumanna og hafa eftirlit með þeim en meðan Alþingi stóð og þeir gátu prófað reikningsskil þeirra í viðurvist þeirra á Þingvelli, sbr. Rentukammerbréf 8. jan 1803.

3. Á síðustu áratugum 18. aldar var farið að selja íslenzkar eignir konungsféhirzlu á opinberum uppboðum og skilmálar þá auglýstir á Alþingi, enda fór salan þar stundum fram.[1])

XI. *Þinglýsingar og tilkynningar ýmiskonar.* Í lögbókunum eru ekki almenn fyrirmæli um þinglýsingar eða aðrar tilkynningar á Alþingi. Þar er ekki einu sinni talað um birtingar lagaboða. Um einstök atriði segir þó, um ódáðamenn í Jónsbók Þingfb. 5, um landsmála, Landabrb. 8 og lögveð í landi, s. st. 9, um skot og skotmannshlut, Landsleigub. 64 og vogrek, s. st. 71. Þinglýsingar allskyns og birtingar á Alþingi komast á fyrir venju, og á 16. öld er það orðið ótakmarkað, hvað menn létu birta á Alþingi. Og á því er byggt í þingsköpunum frá 1. júlí 1695 6. og 7. gr. Þar er fyrst og fremst sagt, að „konglegar forordningar" skuli birta. Er þar með átt við tilskipanir og konungsbréf almenns efnis. Síðan er talað um „kongl. majest. náðarbréf". Á það við konungsbréf, sem einstakir menn þurfa að lesa upp og þeim veita einhver réttindi, svo sem embættisveiting, staðfesting á erfðaskrá, náðun o. s. frv. Þá er talað um gjafabréf, kaupbréf, makaskiftabréf, vogrek og vitnisburði og „hvað annað, sem í lögréttu ber upp að lesast eður upp á að skrifast". Og er því engin takmörkun í þessu um það, hvað upp eigi eða megi lesa í lögréttu, í þingsköpum frá 1695. Þar á móti segir í 7. gr. þingskapanna, að enginn skuli lesa upp í lögréttu „nokkur þau dokument, skjöl eður partikular vitnisburði um sjálfs síns persónu, jarðagóz eður annað, sem

1) T. d. Alþbók 1785 bls. 18, 1786 bls. 46, 51.

ei hefur áður undir rannsak komið, og enginn mótpartur er til andsvara, og lögréttunni ei við kemur til að svara, hvar af oft og tíðum orsakast hefur, að þingið hefur mörgum til mæðu fram úr tíma uppi haldizt". Þetta bann þingskapanna mun alls eigi hafa verið haldið, enda var þess varla kostur. Hver átti að rannsaka þau bréf og þá vitnisburði, sem aðili vildi láta birta. Birting gat ekki sérstaklega skuldbundið neinn, sem ekki var viðstaddur og samþykkti eigi það, sem birt var. Lögmenn og lögréttumenn gátu auðvitað ekki rannsakað efni þeirra skjala, sem í lögréttu voru lesin. Og þess verður yfirleitt ekki vart, að nokkur rannsókn hafi farið fram í þessu efni.

Þingsköpin 1. júlí 1695 segja í 6. gr. sinni, að fyrst af öllu, næst þingsetningu og lögréttuskipan, skuli lesa tilskipanir og konungsbréf almenns efnis. Er þetta samkvæmt gamalli venju. En þó er sú venja hvorki fyrir né eftir 1695 undantekningarlaus. Umboðsmenn konungsvaldsins láta iðulega lesa konungsboð síðar á Alþingi eftir ástæðum og skrá seint í Alþingisbók. Svo átti að lesa upp náðarbréf konungs til einstakra manna. Fór og um þau sem konungsbréf almennara efnis, að þau voru oft seint lesin og síðla skráð í Alþingisbók. Önnur skjöl skyldi birta síðar á þingi, eftir að dómum er lokið. Þessu varð oft fylgt, en eigi undantekningarlaust. Var þessu víst nokkuð hagað eftir ástæðum.

Þeir, sem eitthvað vildu láta birta, hafa almennt orðið að láta lögmenn vita það. Skyldi menn samkvæmt 6. gr. þingsk. 1695, að dómum loknum, hver eftir annan gefa sig fram með skjöl sín til þinglýsingar eða birtingar. Stundum virðist sem aðili hafi sjálfur lesið skjalið, eða sá, er hann fekk til þess, og líklega hefur svo oft verið þangað til Alþingisritari var skipaður. Æðstu embættismenn konungs hafa sennilega látið þjóna sína lesa konungsbréf og skipanir sínar í lögréttu. Venja mun það hafa verið, að lesa skjöl upp í heild, bæði konungsbréf og önnur skjöl. En eigi virðist það hafa verið talið nauðsynlegt, að lögrétta væri fullskipuð meðan birtingar og þinglýsingar fóru fram. Að minnsta kosti er það talið nægilegt 1724, að annar lögmaðurinn væri viðstaddur,[1]) og árið áður virðist ekkert talið saka, þótt lögrétta væri ekki fullskipuð meðan

1) Alþingisbókin 1724 nr. 3.

þinglýsingar fóru þar fram.[1]) 1745 er þó talið, að „nefndin“ eigi að vera „full“ (þ. e. lögrétta fullskipuð).[2])

Torvelt er að lýsa tæmandi öllum þeim þinglýsingum og tilkynningum, sem farið hafa fram á Alþingi í lögréttu. En yfirlit skal reyna að gefa hér á eftir.

1. *Konungsbréf.* Í Jónsbók segir ekkert um upplestur konungsbréfa á *Alþingi.* Hinsvegar er talað um upplestur þeirra á héraðsþingum í Jónsbók Kvennagiftingum 34, og eru jafnvel einyrkjar skyldaðir til að sækja þau þing, ef þar skal lesa upp konungsbréf. Sú varð þó venja, að konungsbréf voru fyrst og fremst birt á Alþingi frá öndverðu að því er ætla má og til loka þess. Konungsbréf má annars greina í 2 flokka: a) Konungsbréf almenns efnis og b) Konungsbréf, er vörðuðu aðallega einstaka menn eða einstakar stofnanir. Og eru þá sum konungsbréfin bil beggja, t. d. oft erindisbréf embættismanna, þar sem voru ákvæði almenns efnis, sem mun hafa verið ætlazt til að hefði almennt lagagildi, t. d. erindisbréf amtmanns 30. maí 1718, 3. og 5. gr. og erindisbréf stiftbefalingsmanns 27. apríl 1720, 4. og 8. gr., þar sem boðið var að láta meðferð dómsmála fara eftir ákvæðum Norsku laga.

a) Konungsbréf almenns efnis (tilskipanir, réttarbætur, kirkjuskipanir, „anordningar“, „mandata“, „missiver“, „reskript“, opin bréf o. s. frv.) þurfti auðvitað að birta á Alþingi, bæði af því að landsmenn áttu lengstum rétt á að segja til, hvort þeir vildu hafa þau eða hafna þeim, og því næst var það að lögum nauðsynlegt skilyrði til þess, að lög fengi gildi, að þau væri birt. Á Alþingi hlaut sú birting venjulega að fara fram, enda voru þar saman komnir beztu menn landsins, sem bezt skyn báru á, hvað landinu mætti að gagni eða tjóni koma, og þar var hægast um hönd að ráðgast um það, hvernig konungserindum skyldi svara. Það er fullyrðandi, að lagaboð og konungsbréf almenns efnis voru yfirleitt birt á Alþingi og venjulega skráð í Alþingisbækurnar. Þó var þetta ekki allt af gert, einkum ef lagaboðið hafði þegar verið almenningi birt á annan hátt. Nokkrum lagaboðum var þó tekið að fylgja fram hér, þegar fram liðu stundir, þótt þau hefði ekki verið Íslandi ætluð eða á Íslandi birt, svo sem tilsk. 12. okt. 1617 um galdra-

1) Alþingisbókin 1723 nr. 31.
2) Alþingisbókin 1745 nr. 2.

mál. Og í lok 17. aldar og á 18. öld öndverðri gerðist allvafasamt, hvað væri hér lög og hvað ekki, af því að þá misstu allmargir sjónar á því, að lagaboð þyrfti að birta hér á Alþingi áður en þeim mætti fara að beita. — Hirðstjóri, höfuðsmaður og síðar amtmaður og stiftamtmaður áttu auðvitað að sjá um, að konungsboð þessi væri réttilega birt í lögréttu.

Svo voru og stundum á 18. öld birtir á Alþingi samningar Danmerkur við önnur ríki, t. d. um frið milli Danmerkur og Spánar 1758.[1]) Þá voru og að sjálfsögðu birt á Alþingi svör konungsvaldsins við bænaskjölum Alþingis landsins vegna, t. d. 1593 og 1797 út af verzlunarmálinu.[2])

b) Þá var venja að birta í lögréttu embættisveitingarbréf frá konungi. Höfuðsmenn, stiftamtmenn, amtmenn og landfógetar létu því jafnan lesa upp veitingarbréf sín. Svo voru og lesin upp á Alþingi veitingarbréf biskupa, lögmanna og sýslumanna, og virðist þetta oft hafa verið gert alla 18. öldina. Þó er ekki víst, að öll veitingarbréf sýslumanna hafi verið birt á Alþingi. Þá voru venjulega birt þar erindisbréf embættismanna, svo sem höfuðsmanna, stiftamtmanna, amtmanna, landfógeta, landlæknis og annara, skipunarbréf nefnda eins og Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1702 o. s. frv. Sama var um vonarbréf um embætti, sem tekið var að gefa út á síðara hluta 17. aldar og haldið var áfram að veita fram á 18. öld. Þá voru birt á Alþingi allskonar leyfisbréf og undanþágur frá konungi, svo sem hjúskaparleyfi skyldra hjónaefna, leyfi til þess að gera arfleiðsluskrár, og var farið að fá þessi leyfi um 1700 (facultas testandi) og hélzt þetta lengi, staðfestingu á arfsalsbréf, uppgjöf sakar eða refsingar, leyfi handa sýslumönnum til að búa utan sýslu sinnar á 18. öld, einkaleyfisbréf hvers konar, svo sem um verzlun, fálkaveiðar o. s. frv., uppreist á æru, gjafsókn og gjafvörn í dómsmálum, utanstefnur í fyrri daga, staðfesting á ættleiðingu á 17. öld, vegabréf og griðabréf á 17. öld og öndverðri 18. öld o. s frv. Yfir höfuð voru engin takmörk sett um upplestur konungsbréfa á Alþingi, enda þótt bréfin væri til einstakra manna og þau þyrfti ekki í sjálfu sér að verða almenningi kunnug.

Sum þessara bréfa voru orðrétt skráð í Alþingisbækurnar,

1) Alþingisbókin 1758 nr. 8 1.
2) Alþingisbækur Íslands II 355, Alþingisbókin 1797 bls. 13 o. s. frv.

en sumra er að eins getið, að þau hafi verið lesin upp. Sérstaklega var venja að skrá í heild sinni skipunarbréf æðstu embættismanna og erindisbréf þeirra, sem oft höfðu almenna þýðingu, eins og áður var getið.

2. Þá birtu yfirvöld og embættismenn á Íslandi margskonar skipanir sínar og annað, sem embætti þeirra varðaði. Þar til má fyrst nefna birtingar, fyrirspurnir og tilkynningar, sem æðsti umboðsmaður konungsvaldsins lét fram fara á Alþingi, eða umboðsmaður hans. Hafa hirðstjórar frá upphafi látið birta þingheimi á Alþingi erindi sín, er embætti þeirra og landsmenn almennt vörðuðu. Og sama hafa höfuðsmenn síðar gert og síðan stiftbefalingsmenn og stiftamtmenn eða umboðsmenn þeirra. Svo láta stjórnarráð konungs, Kancelli og Rentukammer aðallega, einatt birta ýms erindi sín á Alþingi á 18. öld. Erindi þessara stjórnarvalda vörðuðu venjulega embættismál í þrengri merkingu, en þó þurfti það ekki að vera. T. d. býður Pros Mundt þeim Árna Oddssyni lögmanni og Vigfúsi Gíslasyni að útkljá mál sín með sátt eða dómi á Alþingi 1636.[1]) Þessir valdamenn réðu því auðvitað sjálfir, hvaða erindi þeir létu birta á Alþingi, og voru því eigi takmörk sett, hvort sem málið hafði almenna þýðingu eða varðaði aðallega eða eingöngu einstaka menn, embættismenn eða aðra. 1794 lætur Rentukammer t. d. birta á Alþingi fyrirheit um verðlaun 1) handa hreppstjórum fyrir dugnað í starfi sínu, 2) handa þeim er „bevísar að hafa brúkað hina stærstu mergð af landsins eigin villujurtum", 3) handa þeim, er bezt hefur tekizt um vatnsveitingar og loks 4) handa þeim, sem „getur bevísað að eiga þau flestu vel uppalin börn".[2]) Til dæmis um auglýsingu stiftamtmanns má nefna reglur um reikningsskil gjaldheimtumanna 1776[3]) og um umsóknir.[3]) Amtmenn á 18. öld, eins og fyrr er að vikið, birtu skrá um sýslur, lén og klaustur, ábyrgðarskuldbindingar um greiðslu gjalda af þeim og skilagreinir um innheimtu, fyrirspurnir um vogrek, sektarfé og hvað annað, sem varðaði landsstjórn og fjárheimtu fyrir konnugsvaldið. Lögmenn birtu og þau erindi, sem þeir þóttust þurfa, á Alþingi, svo sem um þingsetningu, þinggrið, þingtíma, fjórðungsþing, þingsókn nefndarmanna og sýslumanna, eins og fyrr hef-

1) Þingbók Árna Oddsonar bl. 84.
2) Alþingisbókin 1794 bls. 15—18.
3) Alingisbókin 1776 bls. 62, sbr. 66; 42.

ur verið sagt. Þeir birtu og stundum ýmiskonar áminningar sínar til valdsmanna og almennings, erindi sín um forföll á Alþingi, t. d. Magnús lögmaður Björnsson 1663.[1]) Biskupar létu líka einatt birta embættismálefni sín í lögréttu. 1640 er t. d. lesin þar upp úttekt Skálholtsstóls í hendur Brynjólfi biskupi Sveinssyni.[2]) Sýslumenn áttu að birta ýmislegt um embættismál sín á Alþingi. Samkvæmt Jónsbók Þingfb. 5 átti hver sýslumaður árlega að lýsa þar, hversu margir manndráparar og aðrir óðáðamenn urðu í sýslu hans á næstu 12 mánuðum og greina yfirlit hvers, vöxt og önnur einkenni. Svo að segja á hverju þingi koma slíkar lýsingar fram, og eru þær jafnan skráðar í þingbók. Svo var og lýst horfnum mönnum úr sinni sveit, þó að þeir hefði ekki framið glæpi. Þá voru birtir útlegðardómar, æruleysidómar stundum, t. d. Odds lögmanns[3]) Sigurðssonar. Þá var sýslumönnum skylt að lýsa vogrekum, eftir að konungur tók undir sig andvirði vogreka, sem enginn varð eigandi að, fundnu fé, arfi, sem enginn erfingi leiddi sig að o. s. frv. Áður hefur þess verið getið, að sýslumenn létu fram í byrjun 18. aldar oft lesa dóma, sem þeir höfðu dæmt, og fengu álit lögréttu um þá. Svo gerðu þeir fyrirspurnir um hvert það embættismál sitt, sem þeim þótti þörf að fá svör lögmanns og lögréttu við. Sýslumenn hafa og venjulega komið á framfæri erindum úr sýslum sínum til Alþingis, svo sem bænarskrám um rýmkun á verzlunarfjötrum, kæruskjölum út af yfirsjónum kaupmanna, bollaleggingum um landsins gagn og nauðsynjar o. s. frv., sem eigi var ótítt að kæmi fyrir lögréttu á 17. öld. Á 18. öld fara sýslumenn einnig að birta áskoranir til skuldheimtumanna í búum að segja til skulda sinna (proclamata), að birta uppboð, ef mikils þótti við þurfa, stefnur í dómsmálum, ef óákveðnum mönnum skyldi stefna eða ókunnugt var um heimilisfang þeirra o. s. frv. o. s frv.

Algengt var það, að embættismenn og sýslunar birtu á Alþingi yfirlýsingar sínar um það, að þeir skyldi gera hverjum manni þar á þingi lög og rétt og svara til sakar, ef nokkur hefði nokkra kvörtun á hendur þeim eða kæru. Legst þetta niður um 1700, en var títt fram á 17. öld. Pros Mundt höfuðsmaður lét t. d. á hverju þingi, og einatt bæði í upphafi þings

1) Alþingisbókin 1663 nr. 1.
2) Alþingisbókin 1640 nr. 21.
3) Alþingisbókin 1727 nr. 13.

og undir þinglausnir, birta hátíðlega tilboð sitt um að gera hverjum manni lög og rétt. Sama var um lögmennina. Á 18. öld spyrja lögmenn venjulega eftir málsaðiljum og láta kalla upp nöfn þeirra, og liggur auðvitað í þessu tilboð þeirra um að gegna málum manna.

Oft létu embættismenn á 17. öld birta á Alþingi lausnarbeiðni sína. Lögmenn hafa jafnan gert þetta meðan Alþingi kjöri þá, en síðan mun það hafa lagzt niður. Það mun og hafa verið títt fram eftir, að sýslumenn og klausturhaldarar hafi lýst lausnarbeiðni sinni á Alþingi, einkum ef þeim þótti miklu skifta að losna við stöðuna, og að menn hafi þar sagt af sér opinberum störfum. Brynjólfur biskup segir t. d. af sér umsjón spítalanna 1657 og þá segir einnig spítalaráðsmaður af sér ábyrgð á húsum á einni spítalajörðinni.[1])

3. Þá koma þinglýsingar og birtingar ýmislegar, sem fram fara að fyrirlagi *einstakra manna*. Hér til má telja erindi embættismanna, sem ekki varða embætti þeirra, heldur allt önnur efni, eins og t. d. skrif Brynjólfs byskups um meðgöngutíma kvenna, er lesið var upp á Alþingi 1651[2]); áskorun hans á Alþingi til almennings um að selja, gefa eða ljá til afritunar gömul skjöl og bækur handa konungi, sem lesin var á Alþingi 1655[3]) o. s. frv. Það var alveg óákveðið, hvaða erindi einstakra manna mætti birta á Alþingi. Venjan virðist hafa verið sú, að mönnum væri leyfilegt að birta þar, hvað sem þeir töldu sér þörf vera á og sæmilegt mætti telja að þeirra tíða hætti. Skulu hér raktar nokkru gerr hinar helztu greinir þinglýsinga og birtinga einstakra manna.

a. *Birtingar á samningum.* Eftir Jónsbók þurfti ekki að lýsa *landkaupi* á þingi, hvorki héraðsþingi né Alþingi. Afsalsbréfum, hvort sem þau voru hrein kaup, gjafabréf eða jarðaskiftabréf, virðast ekki hafa verið birt á Alþingi fram eftir öldum. Það virðist hafa borið við, að menn hafi lýst sig eigendur jarða á Alþingi án þess að kaupbréfið eða heimildin væri þinglesin eða skráð í Alþingisbók, heldur að eins sagt þar, að aðili hafi lýst sig eiganda[4]) og stundum

1) Alþingisbókin 1657 nr. 31, 32 og 37.
2) Alþingisbókin 1651 nr. 32.
3) Alþingisbókin 1655 nr. 12.
4) Alþingisbókin 1667 nr. 35.

birta menn að eins vitnisburði kaupvotta en eigi sjálf kaupbréfin.[1]) Hinsvegar eru þó líka dæmi þess frá miðbiki 17. aldar, að kaupbréfin sjálf eru þinglesin eða þeirra getið.[2]) En ekki verður það algengt fyrr en eftir 1730.[3]) Þá varð það títt, að menn léti lesa og skrá afsalsbréf fasteigna (kaupbréf, gjafabréf og jarðaskiftabréf) og munu áhrif N. L. þar hafa komið til, sbr. bréf Thotts til Rantzaus stiftbefalingsmanns 13. des. 1766. Segir þar, að þinglýsingar þessara bréfa á Alþingi hafi verið altíðar um 30 ára skeið, en nú síðustu 5—6 árin hafi þetta dregizt úr venju, svo að örfá afsalsbréf hafi verið þinglesin. Eru menn jafnframt áminntir um að fara nú aftur að láta birta þessi bréf, bæði þau, er þeir hafi vanrækt að birta, og svo þau, sem eftir þenna tíma verða útgefin. Líklega hefur gjaldið, er greiða átti fyrir þinglysingarnar, dregið úr þeim. Það var mönnum víst ekki heldur vel ljóst, hvort þinglýsing bréfa þessara skifti verulegu máli, því að reglur N. L. um þinglýsingar (5—3—39 til 41) höfðu eigi verið lögboðnar á Íslandi. Hins vegar voru þinglýsingar lögmönnum nokkur tekjuauki, og var það því skiljanlegt, að þeir legði áherzlu á þær. Illa gekk þó að kenna almenningi að þinglýsa þessum skjölum. Magnús, þá lögmaður, Stephensen hefur 1790 snúið sér um þetta mál til Kancellís með þá málaleitan, að svo yrði fyrir skipað, að öll afsalsbréf, gjafabréf og makaskiftabréf, sem út hafi verið gefin síðan 1770, skyldi lesin á næsta Alþingi og þau, er þar eftir verða útgefin, innan árs og 6 vikna eftir útgáfu þeirra, og skyldi þau ella teljast dauð og marklaus. Kancellí taldi þó ekki hægt að gera annað í málinu en vísa til áðurnefnds bréfs frá 13. des. 1766. Á Alþingi 1793 létu lögmenn báðir birta auglýsingu, þar sem þeir tala um það, að „konungleg hátign“ bjóði þinglýsingu jarðakaupa og makaskifta á Alþingi og „ríkjanna æðstu kollegia beri umsorgun“ fyrir henni, en jafnframt kvarta þeir undan því, að almenningur láti enn ekki þinglýsa þessum bréfum og sé sýslumenn þar ekki góð fyrirmynd, því að þeir hirði ekki, hvort bréfin sé lesin á Alþingi, ef þeir að eins fái sitt gjald fyrir

1) T. d. Alþingisbókin 1667 nr. 14.
2) Alþingisbókin 1655 nr. 10 og 1657 nr. 27, 29 og 30.
3) Jarðasölubréf konungs til Bjelke var þó lesið á Alþingi 1679 (Alþb. nr. 3).

birtingu þeirra á manntalsþingum. Miði þetta til þess að „frávenda“ lögmönnum nokkrum hluta af launum þeirra og valdi hinni mestu óreiðu. Segjast nú lögmenn ætla að senda út kvörtun, ef menn snúist ekki til réttrar leiðar og sendi til þinglýsingar bréf sín, og fara fram á það, að þau verði þá álitin sem ógild og óskrifuð væri. Er sýslumönnum boðið að birta þessa auglýsingu lögmanna. Þó að allmörg kaupbréf væri lesin og skráð í afsals- og veðmálabækur þingsins, þá er ekki að efa, að mörg þessara skjala hafa aldrei verið birt á Alþingi.

Samkvæmt Jónsbók Landabrigðabálki 8 gat sá, er land seldi, lagt *mála* á landið, en það var *forkaupsréttur* að eins. Síðar varð það mjög algengt, að menn gerðu þann samning við landeiganda, að hann skyldi selja þeim manni fyrstum land sitt, þegar það yrði falt, fyrir fyrirfram umsamið verð eða það verð, sem þeir yrði á sáttir. Þessum gjörningum átti að lýsa einu sinni á Alþingi fyrir lögmanni. Ella var hann ógildur. Fram á 17. öld eru landsmálalýsingar afaralgengar á Alþingi. Úir og grúir af þeim í Alþingisbókum. En óalgengar verða þær eftir 1700, því að þá fer þeirra að gæta lítið. Þó sjást þær stöku sinnum í Alþingisbókum langt fram eftir 18. öld, t. d. 1776, að því er virðist.[1]) Eftir Jónsbók Landabrigðabálki 9 mátti maður setja jörð sína að veði fyrir skuld, en lýsa skyldi því veði eins og landsmála. Veðlýsinga er örsjaldan getið í Alþingisbókum 17. aldar[2]), en hvergi eru þær tíðar á þeirri öld. En á 18. öld verða þær miklu tíðari og því algengari sem á öldina líður. En þó ná kvartanir lögmanna, sem fyrr voru nefndar, einnig til veðbréfa.

Sjálfsvörzluveð í lausafé mun að vísu hafa mátt setja eftir Jónsbók, sbr. Landabrigðab. 9, en eigi mun þar hafa þurft lýsingar á þingi.

Aðra samninga um eignarrétt að fasteign létu menn oft birta á Alþingi á 18. öld. Þar til má einkum nefna próventugjörninga (arfsal), sem mjög voru oft birtir á Alþingi á 18. öld. Eftir árið 1787 kemur það fyrir, að birtir eru samningar

1) Alþingisbókin 1776 bls. 70.
2) T. d. Alþingisbókin 1656 nr. 34.

um grunnleigu í kauptúnunum, sem löggilt voru þá,[1]) landamerkjagjörningar o. s. frv.[2])

Þá var algengt að birta á Alþingi ýmsa aðra samninga. Þar til má fyrst og fremst nefna skiftagjörninga. Voru þeir afaroft lesnir á Alþingi, enda höfðu þeir venjulega að geyma ráðstafanir á fasteignum. Sáttargjörðir birtu menn og alloft á Alþingi á 17. öld, enda þótt þær vörðuðu ekki fasteignir að neinu leyti. Því voru yfir höfuð alls engin takmörk sett, hverskonar samninga birta mætti á Alþingi. Þar með var ekki sagt, að skylt væri að skrá þá í Alþingisbók. Menn hafa orðið að semja um það við þingritara. Eru samningar manna á meðal sjaldan í þingbækur skráðir á 17. öld, og á 18. öld sjaldan aðrir en fasteignaskjöl. Á 17. öld lásu aðiljar sjálfir upp skjöl sín, að minnsta kosti stundum, enda virðist Jónsbók Þingfb. 5 og Landabrigðab. 8 ætlast til þess, að auglýsendur geri það sjálfir, en á 18. öld mun Alþingiskrifari venjulega hafa annast þessar birtingar.

Auk samninga birtu menn eða létu birta á Alþingi mjög margskonar erindi og yfirlýsingar. Samkvæmt Jónsbók Landsleigubálki 71 skyldi landeigandi segja á Alþingi til vogreka á landi sínu, og þetta hafa landeigendur gert meðan þeir áttu vogrek, sem enginn varð eigandi að. Á Alþingi gátu menn lýst merki á hvalskutli („þingborit mark“) og þar skyldi lýsa skotmannshlut eftir Jónsbók Landsleigub. 63. Og eru slíkar lýsingar tíðar. Þá lýsa einstakir menn stundum fundnu fé á Alþingi og svo ef þeir hafa týnt einhverju á Þingvelli eða annarstaðar.[3]) Þar birtu menn stundum ættleiðslubréf, arfleiðslugjörninga eftir að erfðareglur Norsku laga voru hér komnar í lög, lýsingu í ætt („lýsingar í kuld og kön“). Þá fóru þar fram allskonar áskoranir, afsakanir, bönn, mótmæli, lögboð jarða, brigðalýsingar lands, lýsingar um upptöku nýbýla samkvæmt tilsk. 15. apríl 1776, tilboð ýmiskonar, lögfestur, kvittanir, lýsing óðalsréttar, yfirlýsingar um áfrýjun dóma lögmanna eða yfirréttar, áskoranir erfingja til skuldheimtumanna arfleifanda um að lýsa

1) Alþingisbókin 1790 bls. 53.
2) T. d. Alþingisbókin 1690 nr. 12.
3) T. d. Alþingisbókin 1659 nr. 38.

kröfum sínum, tilkynningar um eiðvinningu eða tilboð um hana, sendibréf eða kveðjuorð til Alþingis, t. d. Guðmundar sýslumanns Hákonarsonar 1656 og þakkir lögréttumanna við þeim[1]), uppsagnir á lánum eða byrgðum, kröfur til embættismanna eða annara o. s. frv. Yrði það of langt mál, ef telja skyldi allt slíkt nákvæmlega.

Á 17. öld verður það siður embættismanna að fá vitnisburði undirmanna sinna og birta þá á Alþingi. Svo virðist sem höfuðsmenn eða fógetar þeirra hafi byrjað á þessu, enda er það skiljanlegt, því að þeim gat komið það vel að hafa góða vitnisburði til að sýna yfirboðurum sínum í Kaupmannahöfn. Og fulltrúum höfuðsmanna hér gat staðið það á miklu að hafa góða vitnisburði til þess að sýna höfuðsmanni. Jens Söfrensson fulltrúi höfuðsmanns lætur lesa vitnisburði sína á Alþingi.[2]) Lesnir eru á Alþingi vitnisburðir Thomasar Niculássonar fógeta, dansks ruddamennis og óþokka, enda þótt hann væri þá dauður, og var hann lofaður![3]) Heidemann landfógeti fekk sér og vitnisburð og lét birta í lögréttu og í synodus árið 1685.[4]) Lögmenn, biskupar og sýslumenn tóku[5]) líka upp þenna sið. Magnús Björnsson lögmaður og kona hans fær t. d. vitnisburð sveitunga sinna á Grund í Eyjafirði, og síðan eru þeir lesnir upp í lögréttu 1655 og staðfestir með handsölum og lófataki.[6]) Vitnisburðir Sigurðar lögmanns Jónssonar eru lesnir á Alþingi 1677, Magnúsar lögmanns Jónssonar 1694[7]) o. s. frv. Vitnisburðir Brynjólfs biskups eru lesnir upp á Alþingi að honum látnum eftir beiðni frænda hans, Torfa prófasts Jónssonar í Gaulverjabæ.[8]) Vilhjálmur Arnfinnsson sýslumaður í Strandasýslu birtir vitnisburði sína á Alþingi 1669,[9]) vitnisburðir Björns sýslumanns Gíslasonar í Barðastrandarsýslu voru lesnir upp, að honum látnum, á Alþingi 1680[10]) o. s. frv. Sýslumenn

1) Alþingisbókin 1656 nr. 22 og 23.
2) Alþingisbókin 1637 nr. 20.
3) Alþingisbókin 1666 nr. 2.
4) Alþingisbókin 1685 nr. 50.
5) Og jafnvel létu klerkar og lögréttumenn stöku sinnum birta vitnisburði sína í Lögréttu.
6) Alþingisbókin 1655 nr. 13.
7) Alþingisbókin 1677 nr. 3 og 1694 nr. 2 og 3.
8) Alþingisbókin 1676 nr. 17.
9) Alþingisbókin 1669 nr. 37.
10) Alþingisbókin 1680 nr. 54.

voru auðsjáanlega farnir að kalla eftir vitnisburðum sýslubúa sinna með sjálfskyldu, og þótti dæmalaust, ef menn neituðu þeim um þá. Stiluðu sýslumenn víst sjálfir vitnisburðina og létu almenning svara eins og þeir vildu, og stóð víst sjaldan á svörunum. Það var svo sjaldgæft, að menn neitaði sýslumönnum um vitnisburði, að Gottrup lögmaður, sem jafnframt hélt Húnavatnssýslu, stefndi 8 bændum árið 1703 fyrir það, að þeir höfðu greint sig frá öðrum og neituðu að gefa vitnisburðina. Í héraði voru þeir dæmdir skyldir til þess og þar að auki dæmdir í sektir og málskostnað. Í lögréttu kom málið sama ár og „auglýstu lögþingismenn innan vébanda sína einlæga meining, að sá og slíkur mótþróa við sitt yfirvald, hærra eður lægra, sé aldeilis ólíðandi án straffs og umvöndunar svo vel af andlegu yfirvaldi kristilegs kærleika vegna sem með nokkrum peningaútlátum til fátækra sveitarómaga, hvað tilbærilegt sýnist eftir sérhvers formegan". Lögmaður lýsti því nú yfir, að hann hefði ekki höfðað þetta mál sér til ávinnings, „heldur til viðvörunar, svo illt eftirdæmi skyldi ei af leiðast. Þá finnst vel verðugt, að þeir, sem í téðri sök eru staddir, leiti auðmjúklega sátta og fyrirgefningar" hjá lögmanni. Jafnframt gefa lögréttumenn Gottrup mjög loflegan vitnisburð þar á þingi.[1]) Árni Magnússon samdi skýrslu um þetta hneyxlismál til konungs[2]) og varð hluti bændanna síðan réttur í yfirréttinum. En þessi málaferli munu hafa orðið til þess, að vitnisburðar-tilmæli embættismanna munu hafa horfið nokkurn veginn úr sögunni, því að birtinga þeirra hætti úr þessu að vera getið í Alþingisbókum.

Einstakir menn fóru og á 17. öld að afla sér vitnisburða til birtinga á Alþingi. Einkum var þetta títt um menn, sem fyrir sökum voru hafðir eða grunur féll á um eitthvert lögbrot eða eitthvert verk, sem almenningsálitið taldi skerða virðingu og traust þeirra. Voru slíkir vitnisburðir iðulega birtir í lögréttu á 17. öld.[3]) Einstakir menn virðast hafa hætt að birta í lögréttu vitnisburði sína um sama leyti sem embættismenn lögðu það niður.

---

1) Alþingisbókin 1703 nr. 2 og 3.
2) Arne Magnussens Embedsskrivelser bls.
3) T. d. Alþingisbgkin 1645 nr. 28—30, 1678 nr. 59, 1679 nr. 28, 1687 nr. 9.

41. gr.

## Niðurlagning Alþingis hins forna.

I. Áður hefur verið skýrt frá tillögum þeim, sem fram komu milli 1780 og 1790 um stofnun lögþings norðanlands fyrir Norður- og Austuramtið og um fluttning þingsins til Reykjavíkur, svo og um þinghaldið í Reykjavík árin 1799 og 1800. Það var ekki líklegt, að þingið yrði aftur flutt á Þingvöll úr því að menn höfðu hrökklast þaðan 1798 vegna þess, að ekki var lengur líft í lögréttuhúsinu. Og úr því að framkvæmdir vantaði til að reisa nýtt lögréttuhús á Þingvelli, meðan þing var háð þar, má nærri geta, að það mál mundi ekki eiga hægara uppdráttar eftir að þingið var flosnað upp þaðan. 12. sept. 1798 leggur Ólafur stiftamtmaður Stefánsson það líka til, að Alþingi verði flutt af Þingvelli til Reykjavíkur og að hús verði reist yfir það þar. Samt mun stiftamtmaður ekki enn hafa ætlazt til, að breyting yrði gerð á dómaskipun landsins að öðru leyti. Dómstigin 4, héraðsþing, lögmannadómur (lögþingi, lögrétta), yfirréttur og hæstiréttur, áttu því að haldast. Aftur á móti segist stiftamtmaður í bréfi dags. 5. okt. 1799 til Magnúsar lögmanns sonar síns vildi óska þess, að Ísland fái stiftsyfirrétt „som Norge i Steden for begge Lougstole (þ. e. lögmannsdómstigin) og Overretten her". Rentukammer og Kancelli athuguðu nú málið og féllust bæði stjórnarráð þessi á tillögur stiftamtmanns í bréfi hans 12. sept. 1798, og bað Kancelli hann um nánari tillögur um málið, sjá Rentukammerbréf 1. júní 1799 og Kancellibréf 12. apríl 1800. En þetta fór öðru vísi. 12. des. 1799 hafði konungur skipað nefnd manna til að athuga skólamál landsins og dómgæzlu. Í nefnd þessari sátu Grímur Thorkelin skjalavörður, Stefán amtmaður Þórarinsson, Magnús Stephensen og Vibe amtmaður. Þessi nefnd starfaði frá því í des. 1799 og fram á vor 1800. Þá afgreiðir hún álit sitt um dómgæzluna. Er auðséð, að mest ber á Magnúsi Stephensen í nefndinni. Þykir rétt að taka hér upp aðalatriðin úr lýsingu hans í bréfi til nefndarinnar á dómgæzlunni. Hann tekur það réttilega fram, að gildandi dómaskipan sé mjög óheppileg að því leyti sem dómstigin sé 4, einu fleira en í Noregi og Danmörku sé þá. Valdi þetta bæði kostnaði

og miklum drætti á málum. Hann finnur ekki að lögréttunni (lögmannsdómstólnum) beinlínis, en yfirrétturinn, sem faðir hans var forseti í, á ekki upp á háborðið hjá honum. Hann kallar yfirréttinn „besynderlig", og segir, að dómendur hans verði að "skrabes sammes i Rejsendes Miskmask, som forefindes 21. eller 22. Juli ved Laugtinget", og að talan verði stundum ekki full — þá voru meðdómendur að eins 6 — nema í dóminn sé teknir lögréttumenn eða bændur á kjól. Þessir dómendur þekki ekkert til málanna, enda sé ekkert af þeim upplesið, nema niðurlag dóma og svo sóknarskjöl og varnar, er lögð sé fyrir yfirréttinn. Hver reyni að komast sem allra fyrst heim til sín, sem von sé, þar sem þeir fái einungis 10 rd. hver fyrir að sitja dóminn. Atkvæðagreiðslan fari fram munnlega og allt sé þar í ruglingi. Einhver einn, líklega sá, sem helzt þekkir til málsins, komi með tillögu um niðurstöðuna. Einn þeirra skrifi svo dóminn og taki til sín skjölin nokkrar klukkustundir. Verði dómurinn til í skjótri svipan og svo sé hann undirritaður og lesinn upp. Málfluttnigsmennirnir fá ekki betri útreið en dómendurnir. Segir Magnús, að sóknir þeirra og varnir sé mestmegnis hnífilyrði. Segist hann tala hér af sjálfs síns reynslu, því að hann hafi árum saman setið í yfirréttinum og jafnan samið þar dómana, og ekki segi hann þetta af því, að hann hafi orðið þar hart úti, því að aldrei hafi verið skotið þangað nokkru af hans dómum. Vegna þessa ólags segist hann síðustu árin hafa hliðrað sér algerlega hjá því að taka sæti í yfirrétti. Lýsing Magnúsar Stephensens á yfirréttinum er áreiðanlega með talsverðum ýkjum, því að síðustu ár hans að minnsta kosti dæma venjulega sýslumenn með stiftamtmanni. Það, sem mest hneyxlar nútímamenn er það, að stiftamtmaður tekur syni sína og nánustu venzlamenn með sér í dóminn. Stepensens-ættin ræður þar auðsjáanlega oft öllu.

Tillögur Magnúsar voru, sem vænta mátti, þær, að Alþingi (lögrétta og yfirréttur) skyldi lagt niður og að í stað þess skyldi stofna yfirrétt í Reykjavík fyrir land allt. Þessi varð og niðurstaða nefndarinnar. Hún gerði uppkast að tilskipun um hinn fyrirhugaða landsyfirrétt, sem koma skyldi í stað lögréttu og yfirréttar (Alþingis). Vildi nefndin sníða þenna dóm svo sem mest mátti eftir norsku stiftsyfirréttunum, er settir voru á stofn samkvæmt tilsk. 11. ág. 1797.

I. kap. í uppkasti nefndarinnar er „Angaaende en Landsoverrets Oprettele i Island i Overrettens og Laugtingenes Sted". En í 1. gr. segir: „Ded under Navn af Alting hidtil brugelige Möde i Julimaaned ved Öxará i Island, saa vel af Embedsmænd som andre, bör ekki videre finde Sted, men aldeles være afskaffet".

Þegar saman er borin fyrirsögn I. kap. frumvarpsins og 1. gr. þess, dylst það ekki, að orðið Alþingi er þá samheiti bæði yfirréttar og lögréttu, eins og talið hefur verið.

Í 2. gr. nefndarfrumvarpsins segir ennfremur, að „Overretten og Laugtingene .... som hidtil have været befalede at holdes ved Öxará skulde fra næstkommende 1. Juli være afskaffede", og í 3. gr. segir, að yfirréttur í Reykjavík skuli koma í stað þessara tveggja dómstóla. Ennfremur lagði nefndin til, að yfirrétturinn nýi yrði „som de to ophævede Overretter", haldinn 8. júlí og næstu daga, því að þá sé bezt að ferðast, en opinber mál verði afgreidd mánuðina maí—okt. —

Nefndin gerði sérstaka grein fyrir hverri uppástungu sinni í frumvarpi sínu. Hún segir um 1. gr. frv. síns, að „den Forsamling (þ. e. Alþingi við Öxará) var stedse unyttig, men formedelst lange Rejser og slet Lejlighed paa Stedet byrdefuld". Þeim nefndarmönnum þykir þingstaðurinn forni sérstaklega óhentugur. Í greinargjörð sinni við 3. gr. frv. segir nefndin, að „Stedet ved Öxará er ej alene et af de allerstyggeste, men og det for Levnetsmidler mest blottede". Hið síðarnefnda, að Þingvöllur sé matfangasnauður, mun ef til vill ekki þykja fjarstætt réttu, þó að sjálfsagt hafi veiði verið í vatninu þá sem nú og nokkur málnytubúskapur í sveitinni. En hitt mun þykja fjarstæða, að Þingvöllur sé einhver allra ljótasti staður á landinu, og þetta sé enn ástæða til þess að leggja niður þinghald þar.

Málið gekk nú til Kancellís og eru athugasemdir Kancellímanna enn geymdar í skjölum málsins (nú í Þjóðskjalasafni). Er þar skemmst af að segja, að þeir féllust á tillögur nefndarinnar um niðurlagning Alþingis og stofnun yfirréttar, svo að dómstigin yrði nú 3 í stað 4 áður. 11. maí 1800 var málið lagt fyrir konung og 6. júní 1800 var konungsúrskurður því næst útgefinn. Var þar ákveðin niðurlagning Alþingis (lögréttu og yfirréttar) og landsyfirréttur með 3 föstum dómendum

skyldi settur í staðinn í Reykjavík. Eftir boði konungs samdi „Generalprokurör" Collbjörnsen nýtt frumvarp að yfirréttartilskipun, sem svo var gefin út 11. júlí 1800. Það ár var Alþingi haldið síðasta sinni í Reykjavík, eins og fyrr segir. Ekki sést, að því hafi þá síðasta sinni verið slitið með neinni viðhöfn framar en vant var. Höfðu varalögmennirnir setið dóminn árið 1800.

II. Atkvæðamesti maðurinn í skólamála og dómsmálanefndinni 1799—1800 var Magnús Stephensen, þá lögmaður. Um niðurlagningu Alþingis voru nefndarmenn að vísu sammála, en Magnús vann langmest að málinu. Og hann vann ekki heldur til einskis. Hann var að vísu lögmaður og hafði eflaust fullar virðingar í þeirri stöðu, en hún þótti ekki feit. Framavænni mun honum hafa þótt forstaða hins nýja yfirréttar. Þar hefur hann séð opinn veg handa sér, enda var hann sjálfsagður maður í þá stöðu flestra eða allra hluta vegna. Þar var honum enginn fremri og trauðla nokkur, er til jafns gæti gengið við hann sakir lærdóms og menningar allrar. Það var því auðráðið, að hann yrði fyrsti forseti dómsins. Voru dómendur ákveðnir 3; forseti og 2 meðdómendur, allir fastir embættismenn. Forseti átti að hafa 900 ríkisdali í laun og meðdómendur 700 (Benedikt Gröndal) og 500 (Ísleifur Einarsson) ríkisdali. Störfin voru lítil og þeir gátu búið búi sínu í grennd við Reykjavík. Voru skifti þessi því allgóð yfirdómendunum. En Magnús Stephensen gleymdi ekki bræðrum sínum. Stefán fékk hann gerðan aukadómara, að vísu launalausan, enda skyldi hann ekki taka sæti í dómi, nema í forföllum bróður síns, en þá átti hann að vera í stað hans og hinum dómendunum æðri. Ennfremur fekk Magnús 300 ríkisdali árlega í 3 ár handa Stefáni bróður sínum til þess að rannsaka gildandi íslenzk lög og gera uppkast að nýrri lögbók, og var honum heitið hæfilegri þóknun fyrir það verk, að auki, þegar því væri lokið. Loks var Björn bróðir Magnúsar, vararitari við yfirréttinn gamla, skipaður ritari við yfirréttinn nýja. Ritari lögréttu (Þorleifur Nikulásson) og ritari yfirréttarins forna (Oddur Stefánsson) fengu eftirlaun, 80 og 50 ríkisdali á ári. Til þess að reisa hús handa yfirréttinum átti að verja 3091 ríkisdal.

Er auðsætt, að breyting þessi varð sízt til sparnaðar. Hér voru komin 3 föst dómaraembætti með samtals 2100 ríkisdala

árlegum launum, í stað lögmannsembættanna tveggja, sem kostuðu 212 ríkisdali, er lögmönnum voru báðum greiddir, eftir því sem segir í áliti skólamála og dómsmálanefndarinnar, 30. maí 1800. Viðhald hins nýja yfirréttarhús mun líka hafa orðið dýrara en gamla lögréttuhússins, sem látið var alveg grotna niður.

Almenningur gat að vísu ekki vel saknað mjög Alþingis, eins og það var orðið síðara hluta 18. aldar, þó að sjálfsagt hafi sumir talið hér ofgert hafa verið um breytingar á fornum háttum og þeir muni hafa sætt nokkru aðkasti sumra manna, er mestu þóttu hafa um ráðið breytinguna. Alþingi var orðið aðallega dómstóll, þinglýsingastaður og reikningsskilastaður sýslumönnum og öðrum gjaldheimtumönnum ríkisfjárhirzlunnar. Og að þessu leyti söknuðu *æðstu embættismenn konungs* þingsins. Þeir komu þar og gátu venjulega hitt þar flesta gjaldheimtumennina og þingað við þá um reikningsskilin og annað, sem embætti þeirra varðaði. En nú var þetta ekki lengur hægt. Það, sem áður mátti gera munnlega og oft í einni svipan á Þingvelli, varð nú að gera skriflega. Og tók það auðvitað lengri tíma og meiri fyrirhöfn.

Á Öxarárþingi var venjulega svo margt sýslumanna, að engir torveldleikar voru á því að fá menn til að flytja þar opinber mál. En við yfirréttinn í Reykjavík var einatt erfitt að fá hæfa talsmenn, því að sýslumenn voru þá fjarlægir og því kostnaðarsamt að láta þá flytja málin. En auðvitað blæddi stjórninni í Kaupmannahöfn kostnaðaraukinn mest í augum, enda bættist nú ofan á, að nú þótti sýnt, að bygging yfirréttarhúss mundi kosta um 8000 ríkisd. í stað rúmra 3000, sem áður hafði verið áætlað. Hinsvegar var vinningur við nýja skipulagið greiðari dómgæzla, því að yfirrétturinn var haldinn einu sinni í viku, þegar mál voru fyrir hendi, í stað þess að Alþingi var haldið að eins einu sinni á ári, og dómstigin urðu nú 3 í stað 4 áður. En alt um það virðist að minnsta kosti Rentukammer hafa séð eftir gamla skipulaginu, einkanlega vegna kostnaðaraukans, og hefur ekki verið fjarri því að gera enn breytingar eða jafnvel að koma skipulaginu aftur nær fornu fari, sbr. Rentukammerbréf 8. jan. 1803. Af þessu varð þó ekkert. Alþingi við Öxará var lagt niður til fullnaðar að því sinni, eins og kunnugt er.

# II. þáttur.

## Alþingi 1845—1930.

### 42. gr.

### Forspjall.

Eins og kunnugt er, var Alþingi endurreist með tilskipun 8. marz 1843. Hefst þá nýtt tímabil í sögu landsins, enda þótt þingið hefði að eins ráðgjafaratkvæði um lagasetningu þess og réði litlu um stjórnarháttu í samanburði við það, sem nú er. Alþingi hið nýja verður í rauninni ekki nema að litlu leyti talið framhald Alþingis hins forna, og á það jafnt við, hvort sem miðað er við skipun þess og störf á lýðríkistímanum eða eftir hann. Ber margt til þess. Alþingi hið forna var ekki skipað þjóðarfulltrúum, heldur réðu goðorðsmenn þar öllu að kalla. En Alþingi hið nýja er skipað fulltrúum, kjörnum af landslýðnum að miklu leyti og síðan 1915 einvörðungu. Og eftir 1271 nefna sýslumenn menn til þingreiðar og lögmenn nefndu menn til lögréttu, en auk þess skyldi sýslumenn sjálfir sækja Alþingi. Á Alþingi hinu nýja fara svo að segja einvörðungu fram löggjafarstörf, fyrst til ráðgjafar um lagasetningu að eins, en eftir 1874 til samþykktar, ásamt konungi. En á Alþingi lýðríkistímans eru tvær ólíkar stofnanir: Lögrétta með löggjafarvaldi og dómstólar, er skera úr deilumálum manna. En Alþingi eftir 1271 fer aðallega með dómsvald og svo að segja eingöngu eftir 1700. Af þessum mun leiðir það, að þingsköp, eða starfsreglur, hins gamla og hins nýja Alþingis eru gjörólík. Stofnanir þessar eiga fátt sameigið, nema nafnið.

Réttarsögu Alþingis hins nýja verður að greina í tvö tímabil: Sögu þingsins frá 1845—1874 og sögu þess síðan. Rök þessarar skiftingar eru þessi: Fyrst og fremst var Alþingi 1845—1874 einungis ráðgjafarþing, en Alþingi eftir 1874 hefur samþykktarvald um löggjöf landsins, upphaflega að vísu einungis um „sérmál“ þess svokölluð, en síðar, frá 1. des. 1918, um öll löggjafarmál þess, því að þá varð Íslands viðurkennt

fullvalda ríki. Í öðru lagi var skipun þingsins 1845—1874 og starfshögun um flest gjörólík skipun þess og starfshögun eftir 1874, eins og betur mun sjást á því, er síðar greinir.

Þá mætti orða það, hvort ekki mundi vera hentast að skifta sögu Alþingis 1874—1930 í tvö tímabil: Hið fyrra frá 1874—1918 og hið síðara frá 1918 og til ársins 1930. Þessa virðist ekki þörf. Og sú skifting mundi vera óhentug. Aðalmunur þingsins fyrir 1918 og eftir það ár felst alls ekki í breyttri starfshögun eða breytingu á svip þess, heldur nær eingöngu í því einu, að nú fer þingið með *öll* löggjafarmál landsins í stað þess sem það fór áður með löggjafarvald í svonefndum „sérmálum" þess. Reglur um kjör þingmanna, kosningarrétt og kosningar, þingsköp og réttindi þingsins breytast ekki í verulegum atriðum, þótt valdsvið þess verði rýmkað. Skiftingin mundi verða óhentug vegna þess að hún mundi valda sífelldum endurtekningum eða þá stöðugum tilvitnunum úr öðrum kaflanum í hinn. Mun því hallkvæmara að lýsa hverju atriði óslitið bæði að því leyti sem það varðar þingið 1874—1918 og þingið frá 1918—1930.

## A. Tímabilið 1845—1874.

(Ráðgjafarþingin).

43. gr.

### Endurreisn Alþingis.

I. 1830 var allmikið byltingaár í Evrópu. Þá varð júlí-byltingin frakkneska og víðar urðu skærur. Belgía varð upp úr þessu sjálfstætt ríki, Pólverjar gerðu uppreisn o. s. frv. Friðrik 6. konungur Dana var jafnframt hertogi í Holtsetalandi, en það var einn hluti þýzka sambandsins. Hann hafði orðið að lofa Holtsetalandi þjóðfulltrúaþingi og þetta loforð sitt varð hann að efna. En jafnframt voru ráðstafanir gerðar til þess, að stofnuð yrði slík þing í sumum öðrum þeim löndum, sem lutu honum. Með tilsk. 28. maí 1831 var ákveðið að setja á stofn 2 ráðgjafarþing í þeim löndum, sem Danir nefndu konungsríkið Danmörk, eitt handa Sjálandi, Fjóni og Lálandi og Íslandi og annað handa Norður-Jótlandi. Svo var ákveðið að

að láta hertogadæmin fá samskonar þing, annað skyldi sett handa Slésvík og hitt handa Holtsetalandi. Tilganginum með þessum ráðstöfunum var, eftir því sem Friðrik 6. er látinn segja í formála tilskipunarinnar, að gera konungi kleift að afla sér áreiðanlegrar vitneskju um allt, er verða megi þjóðinni til nytja og treysta með því bönd þau, er bindi saman þjóð og konungsætt, og loks að „lífga anda almennings". Enginn þessara ráðgjafarþinga skifta hér máli, nema þing Eydana, sem haldið var í Hróarskeldu, enda þótt Kaupmannahöfn væri aðsetur stjórnar landsins. Með tilsk. 28. maí 1831 voru þó eigi sett fullnaðar-ákvæðin um ráðgjafarþing þessi. Ákveðið var í 8. gr. tilsk., að kveðja til fundar hina vitrustu menn og fá tillögur þeirra um þau mál, svo sem um fulltrúafjöldann, um kjörgengi þeirra og kosningarrétt, svo og kosningar fulltrúanna. Áður en undirbúningsfundur þessi væri kvaddur saman fannst Kansellíi, að það þyrfti að afla sér fræðslu og tillagna um það, með hverjum hætti Ísland skyldi taka þátt í fulltrúaþingi Eydana í Hróarskeldu, því að ekki þótti gerandi ráð fyrir því, að þeir menn, er kvaddir yrði tillagna um þingin samkvæmt 8. gr. tilsk. 28. maí 1831, hefði nægilegan kunnugleika „til hin isolerede Provins", eins og Kansellí orðaði það. Leggur Kansellí til, að amtmenn á Íslandi verði spurðir um það, hversu marga fulltrúa Ísland skyldi senda og hugsar það sér helzt einn úr hverju amti, hvernig haga skyldi kosningu þeirra og um kjörgengi og kosningarrétt. Konungur féllst á tillögu Kancellís 17. sept. 1831. Skrifaði Kancellí svo amtmönnum 1. okt. 1831 og bað þá tillagna um þessi efni. Eftir venju hafði Kancellíið auðvitað dregið að athuga þetta mál frá því í maí og þar til í sept. 1831, svo að bréfin til amtmannanna komu svo seint, að amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu gat ekki sent álit sitt svo snemma, að Kancellí gæti fengið það áður en það skyldi senda tillögur sínar um málið til konungs. En bæði stiftamtmaður og amtmaðurinn í Vesturamtinu höfðu komið áliti sínu nægilega snemma til Kancellís. Auk þess leitaði stiftamtmaður álits 6 sýslumanna, biskups, dómenda í landsyfirdómi og hjá nokkrum fleirum. Allir voru þessir menn nægilega litilþægir til þess að þakka þessa náðargjöf, er þeir eignuðu konungi, til handa landinu, að það mætti senda fulltrúa á hið danska ráðgjafarþing í Hróarskeldu. Og hefur þó erlent vald sjaldan sýnt Íslandi aðra eins háðung.

Sem betur var, þá kom þessum þakklátu mönnum þó saman um það, að ekki mundi Íslandi gerlegt að senda fulltrúa á Hróarskeldu-þingið, er kjörnir væri á Íslandi, því að kostnaður af því mundi verða landinu óbærilegur, enda mundi erfitt að finna sæmilega kosninga-aðferð. Fara þó hugmyndir manna nokkuð dreift. Flestir vildu láta konung velja íslenzka menn, búsetta í Kaupmannahöfn, til þingsetu, en sumir hugsuðu sér að láta amtmennina 3 svara fyrir landið á þingum þessum. Það verður þó að segja íslenzku embættismönnunum til lofs, að þeir láta í ljós vantrú á því, að með íslenzk mál verði farið af nokkru viti á aldönsku þingi, þar sem langflestir sé gjörókunnugir landsháttum og tungu, og víkja þeir að því, að margir myndi nú óska almennrar þjóðsamkomu í landinu, eins og verið hafi á Þingvelli til 1800, auðvitað með þeim mun, að nýja samkoman taki almenn landsmál til meðferðar, eins og dönsku ráðgjafarþingin. 4. júní 1832 gengur Kanselli frá skýrslu sinni og tillögum um málið. Leggur það til, *annað hvort,* að íslenzkum málum verði almennt haldið utan við dönsk ráðgjafarþing, en að konungur geti þó kvatt nokkra menn til þátttöku í meðferð almennra mála þar, er kynni jafnframt að varða Ísland, *eða* þá að konungur nefni sjálfur 3 menn til þess að sitja fulltrúaþing fyrir hönd Íslands. Með konungsúrsk. s. d. var svo konungi fengin tilnefning 3 manna í þessu skyni, þar til settar yrði reglur um kosningu þeirra á Íslandi. Með konungsbréfi 23. marz 1831 voru beztu menn Dana kvaddir saman samkvæmt 8. gr. tilsk. 28. maí 1831 til þess að gera tillögur um skipulag dönsku fulltrúaþinganna. Eftir að þessir fundir höfðu ráðið ráðum sínum, var loks gengið frá þeirri skipun, sem vera skyldi á þingum þessum, með tilsk. 15. maí 1834. Eftir henni nefndi konungur 3 menn fyrir Ísland og Færeyjar til setu á þinginu í Hróarskeldu. Stóð þessi skipun, meðan Ísland átti fulltrúa á dönsku ráðgjafarþingi, en þar voru íslenzk mál rædd til 1842. Hér er eigi staður né rúm til að rekja afskifti þessa þings af íslenzkum málum, nema að því leyti sem stofnun sérstaks íslenzks þings kemur þar til umræðu.

II. Eins og að var vikið, höfðu sumir íslenzku embættismennirnir, sem leitað var til 1831, drepið á það, að hluttaka Íslands í dönsku fulltrúaþingi mundi eigi fullnægja landsmönnum. Sú hugsun hefur vafalaust verið mjög almenn með-

al þeirra manna sem yfirhöfuð hugsuðu það mál nokkuð.

Tímabilið 1800—1830 ríkir andlegur svefn á Íslandi. Almenningur var því alveg óvanur að hugsa um alþjóðarefni. Hann var orðinn því vanur að hlíta forsjá embættismanna og stjórnarvalda. Einokunarverzlun og vanstjórn, erlend og innlend, hafði saumað svo að þjóðinni, að hún hafði enn eigi komizt til vitundar um annað en það, að hún ætti að neyta síns brauðs í sveita síns andlitis. Innanlands var alger kyrrstaða, en allt starf almennings hlaut að fara í það eitt, að hafa í sig og á. Samgöngur bæði innanlands og við útlönd voru allskostar ófullnægjandi, þó að einangrunin væri eigi slík sem verið hafði meðan grimmasta einokunin hvíldi yfir landinu. Svokölluð æðsta stjórn landsins sat í Kaupmannahöfn, algerlega ófróð um landsháttu og þarfir Íslands, og nokkurn veginn jafnsein til skilnings á íslenzkum málum sem Danir höfðu lengstum verið. En það vildi landinu til bjargar, að nokkrir góðir Íslendingar fóru nú ótilkvaddir að hugsa um mál þess, þar á meðal um það, hversu fulltrúaþing mætti setja á stofn á Íslandi. Fyrstur manna fór Baldvin Einarsson af stað. Skráði hann þegar árið 1832 ritling á dönsku, er hann nefndi „Om de danske Provinsialstænder med Specielt Henblik paa Island", og kom það út í Kaupmannahöfn sama ár. Baldvin er að vísu sýktur af konungssmjaðri tíðarandans og hefur því mál sitt á lofgerð um Friðrik 6., eins og þá tíðkaðist, þó að konungur þessi væri sízt lofsverður fyrir afskifti sín af málum Íslands. En Baldvin talar þó bæði af einurð og skynsemd fyrir því, að Íslendingar fái sérstakt ráðgjafarþing á Íslandi Rökstyður hann það með þeim hætti, er vér myndum gera enn í dag að mestu leyti. Hann bendir á það, 1) *að* íslenzka þjóðin sé allólík dönsku þjóðinni, eigi sögu sér, mál og menningu að fornu fari, 2) *að* landshættir og atvinnuvegir Íslands sé mjög með öðrum hætti en landshættir og atvinnuvegir í Danmörku, 3) *að* hluttaka Íslands í dönsku ráðgjafarþingi geti eigi komið því að verulegu gagni, því að nær allir fulltrúar þar hljóti að vera mjög fákunnandi um íslenzk mál, enda kunni þeir ekkert í íslenzkri tungu og 4) *að* mjög miklir torveldleikar verði á hluttöku af hálfu Íslands í dönsku þinghaldi. Beri til þess fjarlægð landsins og kostnaður sá, sem henni verði samfara. Einnig verði afarmiklum vandkvæðum bundið að kjósa á Íslandi svo fáa menn, sem sendir mundi verða þaðan á danskt

þing. Þessi rök öll hafa Íslendingar auðvitað síðan haft uppi til stuðnings kröfum sínum um þing á Íslandi. Auk þess hlaut Baldvin að svara þeim mótbárum, sem hann bjóst við, að koma myndi gegn tillögu sinni um þing á Íslandi, og jafnframt að lýsa því, hverra nytsemda mætti vænta landinu til handa af slíku þingi. Hann vænti þess, að íslenzkt þing með kosningum almennings, sem því fylgdi, mundi verða til þjóðarvakningar og framfara. Um skipun þá, er hann taldi heppilegasta á þinginu og þingstað, verður nokkuð greint síðar.

Ritgerð Baldvins, sem yfir höfuð er glögg og að flestu vel skrifuð, að þeirrar tíðar hætti, hefur sennilega haft nokkur áhrif meðal sumra manna á Íslandi, er dönsku skildu. En lítil hreyfing virðist þó hafa komizt á málið næstu árin. Íslenzku embættismennirnir höfðu látið uppi álit sitt 1831, sem fyrr segir, og við það sat um sinn. Konungur hafði kvatt þingið í Hróarskeldu saman með opnu bréfi 8. maí 1835 til fundar 1. okt. s. á. og kjörið tvo menn til fyrirsvars Íslandi þar. Þá sáu menn og þreifuðu á því, hver hlutur Íslandi var ætlaður. Og þá fyrst kemst nokkur skriður á málið á Íslandi. En að vonum var seinagangur á málinu. Vegaleysi, strjálbýli og deyfð fólksins hjálpaðist þar að. Bjarni amtmaður Thorarensen gekkst 1837 fyrir undirskriftum í Norður- og Austuramtinu undir beiðni til konungs um stofnun fulltrúaþings á Íslandi. Og í Suðuramtinu var líka safnað undirskriftum undir samskonar beiðni, og var skjalið sent stiftamtmanni. Stiftamtmaður, sem auðvitað var danskur, sendi þó beiðnina úr Suðuramtinu til Kaupmannahafnar, sbr. kgsúrsk. 22. ág. 1838 og 20. maí 1840. En ekki var þó þessi alveg sjálfsagða bæn veitt. Stiftamtmaður virðist eiginlega hvorki hafa viljað segja af né á um réttmæti hennar eða hallkvæmi. Þess í stað víkur hann að því, að rétt mundi vera að kveðja æðstu embættismenn landsins á fund við og við og leita álita þeirra um ýms íslenzk mál, sbr. Kancellíbr. 11. sept. 1838. Kancellí tók í upphafi svo í málið, að það taldi það „upassende“, að Íslendingar skyldi nú bera fyrir konung beiðni um þing hjá sér rétt eftir, að konungur hefði ákveðið þátttöku Íslands í Hróarskelduþingi. Slíkur var þá skilningur þessa stjórnarráðs á málum Íslands. Og slík var góðvildin. Þegar þekkingarleysi á högum landsins og slíkt góðvildarleysi hjálpaðist að, þá voru horfur ekki vænlegar. Kancellí féllst þó á tillögu stiftamtmanns um samkomu em-

bættismanna í landinu og var Friðrik konungur 6. látinn undirrita konungsúrskurð þar um 22. ágúst 1838. Og var nú ákveðið, að saman skyldi koma 4 vikur annaðhvert ár í Reykjavík 10 embættismenn undir stjórn stiftamtmanns til ráðuneytis um þau mál, er stjórnarráð konungs vildi leggja fyrir þá, og einnig þau málefni, sem einhver nefndarmanna kynni að vilja leggja fyrir fundi þessa. Jafnframt var ákveðið, að fyrsta fund embættismanna skyldi halda sumarið 1839 og að þá skyldi athuga, hvernig bezt mætti haga kosningum íslenzkra fulltrúa til Hróarskelduþings og hvernig hafa mætti upp kostnað af kosningum þessum og af ferð fulltrúanna til Danmerkur og dvöl þeirra þar. Landsmenn fengu með þessu enn steina fyrir brauð. Embættismannanefndin gat alls ekki innt af hendi það hlutverk, sem menn hugðu þingi að vinna. Nefndarfundina sátu einungis 10 embættismenn samkvæmt kjöri konungs og þess varð eigi vænzt, að þeir gæti komið í stað samkomu þjóðarfulltrúa.

Embættismannanefndin kom saman í Reykjavík 17. júní 1839. Meðal þeirra mála, sem stjórnin lagði fyrir fundinn, var það, hvernig „hæfileg kosningarlög yrði bezt samin fyrir Ísland, þegar landið ætti að senda fulltrúa á standaþingin í Hróarskeldu, og hvernig sá kostnaður, er af því leiddi, yrði borinn og borgaður“.[1]) Það kom þegar fram í áliti nefndarinnar á þessu máli, hversu fjarri því fór, að hún væri talsmaður landsins. Hún rekur að vísu ókostina, sem þingsókn Íslendinga til Hróarskeldu sé samfara og áður eru nefndir, en hana brestur alla hugdirfð til þess að stinga upp á breytingum á því skipulagi, sem konungsvaldið hafði ákveðið, og hafna tillögur nefndarinnar í því, að hún skýtur því undir „úrskurð hins konunglega danska Kancellís, hvort það ... ei mundi bezt til fallið og haganlegast, að konungur, að minnsta kosti fyrst um sinn, eins og hingað til, allranáðugast veldi einn eða tvo menn í Danmörku“ til fyrirsvars landsins á Hróarskelduþingi.[2]) Kancellí féllst auðvitað á þessa niðurstöðu embættismannanefndarinnar í greinargjörð sinni um málið 11. maí 1840.

Einstakir nefndarmenn afréðu það þá, að því er Þórður

1) Tíðindi frá nefndarfundum íslenzkra embættismanna í Reykjavík árið 1839 bls. 16.

2) Sama rit bls. 200.

3) Sögurit XVI bls. 83—84.

Sveinbjörnsson segir í æfisögu sinni,[3]) að semja ávarp til konungs með bæn um það, að Ísland yrði leyst undan þingsókn til Hróarskeldu og að það fengi samkomu fyrir sig hér. Þrjár bænarskrár, segir Þórður, að væri samdar. Bjarni Thorarensen og Björn Blöndal söfnuðu undirskriftum undir eina norðanlands, Þórður og Páll Melsteð syðra. Komu þær fram. Bjarni amtmaður Thorsteinson tók við hinni þriðju og átti að safna undirskriftum í sínu amti. Segir Þórður, að Bjarni hafi stungið henni „undir koddann". Kom hún aldrei fram.

En nú vildi Íslandi það til happs, að Friðrik konungur 6., sem lýst hafði sig alveg fráhverfan breytingum á ráðgjafarþingum í Danmörku eða hluttöku Íslendinga í þeim að öðru en því, að hann vildi lofa Íslendingum að velja sér þangað 3 fulltrúa, andaðist 3. des. 1839. Kom þá á konungsstól í Danmörku Kristján 8. Hann var gáfaðri maður en aðrir Aldinborgar-konungar og mjög frjálslyndur maður, miðað við þeirra tíma menn. Með úrskurði 20. maí 1840 ákvað hann að vísu, að svo skyldi standa um konungskjör íslenzkra fulltrúa fyrst um sinn, sem til var skilið í tilsk. 15. maí 1834. En jafnframt var það tekið fram í úrskurði þessum, að þessi skipun væri Íslandi ófullnægjandi og að hluttaka Íslands í dönsku fulltrúaþingi mundi aldrei verða því til þess gagns, sem vera ætti. Enn fremur býður konungur hinu danska Kancellii að biðja embættismannanefndina íslenzku, sem halda eigi fund næsta ár, 1841, að íhuga það, hvort eigi muni heppilegt vera, að sett verði á stofn á Íslandi sérstakt ráðgjafarþing, er skipað verði hæfilega mörgum þjóðkjörnum fulltrúum, auk nokkurra konungkjörinna manna úr embættisliði landsins, hversu oft þing þetta, er hafa skuli sama verksvið sem dönsku ráðgjafarþingin, skyldi halda fundi, hversu standast skyldi kostnað af þingfundum og hverjar ráðstafanir aðrar þurfi að gjöra málinu til framkvæmdar. Loks ætti nefndin að íhuga það, hvort þingið skyldi eigi nefna „Alþingi", eins og þing landsins var áður nefnt, hvort eigi mundi réttast að halda það á Þingvelli við Öxará og hvort eigi skyldi hafa skipun á því sem líkasta skipan hins forna þings. Samkvæmt þessum konungsúrskurði lagði Kancellí málið til meðferðar fyrir embættismannanefndina með bréfi 20. júní 1840.

Embættismannanefndin tók málið til íhugunar sumarið 1841. Þekkaði hún konungi fyrir það áform hans, sem í úr-

skurði 20. maí 1840 birtist, að stofna sérstakt ráðgjafarþing á Íslandi. Féllst nefndin öll á það, eins og vænta mátti. Gerði nefndin nú uppkast að tilskipun um hið nýja þing. Og jafnframt fór hún þess á leit, að stofnað yrði svo fljótt sem unnt væri Alþingi á Íslandi.[1]) Alþingismálið var eftir að Kancellí hafði athugað tillögur nefndarinnar og gert lítilsháttar viðauka við þær og breytingar, borið undir Hróarskeldu þing 1842.[2])

Embættismannanefndin hafði lagað frumvarp sitt mjög eftir hinni dönsku tilskipun frá 15. maí 1834 um dönsku ráðgjafarþingin. Réttlætti nefndin það með því, að verkefni íslenzka þingsins ætti, samkvæmt konungsúrskurðinum 20. maí 1840, að vera hið sama sem verkefni dönsku þinganna. Þessi skoðun og meðferð nefndarinnar sætti hörðum andmælum af einni hálfu. Tómas Sæmundsson skráði ritgjörð um Alþingismálið, sem prentuð er í „Þrjár ritgjörðir", Kaupmannahöfn 1841. Er skrif síra Tómasar önnur ritgjörðin. Er hann mjög ósammála embættismannanefndinni. Hann vill láta laga Alþingi hið nýja sem allra mest eftir lögréttu á Alþingi hinu forna. Vill hann, að landinu verði skift í vorþing. Hugsar hann sér 12 menn kjörna úr fjórðungi hverjum, eða 4 úr hverju vorþingi, til lögréttusetu, svo að lögrétta verði skipuð 48 mönnum, auk amtmanna, landsdómara og biskups. Ekki er vel skiljanlegt, hvað unnið hefði verið við þessa uppvakningu á gömlu skipulagi, sem byggðist á allt annari þjóðfélagsskipun, enda fekk þessi uppástunga varla mikinn byr.

Höfuðatriðin í tillögum embættismannanefndarinnar og Kancellís voru annars þessi:

1. Afskiftum Eydana-þings í Hróarskeldu af málefnum Íslands skyldi vera lokið, en stofna skyldi ráðgjafarþing á Íslandi, er heita skyldi Alþingi og skyldi hafa sömu verkefni sem dönsku þingin. Um þetta atriði út af fyrir sig gat ekki orðið ágreiningur meðal Íslendinga.

2. Fulltrúatalan átti að vera 26, þar af 20 þjóðkjörnir og 6 kjörnir af konungi. Um fulltrúatöluna urðu ekki litlar deilur. Tómas Sæmundsson vildi, sem fyrr segir, hafa þá 48, auk

1) Tíðindi frá nefndarfundum 1841, bls. 40.

2) Fréttir frá fulltrúaþinginu í Hróarskeldu 1842, Kaupmannahöfn 1843 bls. 62 o. s. frv.

nokkurra embættismanna. Íslendingar í Kaupmannahöfn vildu hafa þingmenn þjóðkjörna 12 og konungkjörna 6, og var Jón Sigurðsson í þeirra tölu.[1]) Sama kemur fram hjá Fjölnismönnum[2]) og í ávarpi Austfirðinga til Balthazars Christensens.[3]) Töldu menn þingið mundu verða stórum virðulegra og hafa meira traust þjóðarinnar, ef það yrði svo fjölmennt sem til var lagt. Baldvin Einarsson hafði hugsað sér 32 kjörna fulltrúa.[4])

3. Meðal skilyrða kosningarréttar og kjörgengis var það, að aðili skyldi annaðhvort eiga 10 hundruð í jörð eða hús úr timbri eða steini í kaupstað, er virt væri að minsta kosti 1000 ríkisdali, eða hafa fengið til byggingar æfilangt 20 hundruð í þjóðjörð eða kirkjujörð. Þessar tillögur sættu allhörðum dómum.[5]) Hinir sömu, sem hafa vildu fulltrúatöluna hærri og fyrr er getið, töldu þessi kosningarréttar og kjörgengiskilyrði óhafandi. Þau hlyti að varna miklum hluta manna þátttöku þeirra í þjóðmálum, sem bæði væri rétt og skylt að veita þeim. T. d. er auðsætt, að iðnaðarmönnum í kauptúnum var flestum varnað þessara réttinda og leiguliðum öllum á jörðum einstakra manna.

4. Þá greindi menn nokkuð á um aðferð þá, er hafa skyldi við kosningar. Sumir vildu hafa beinar kosningar, enda hafði embættismannanefndin lagt það til, en aðrir (Páll amtmaður Melsted) vildu hafa kosningar óbeinar, vildu láta kjósa kjörmenn, er síðan kysi alþingismenn.[6]) Sögðu andstæðingar síðarnefndu tillögunnar, að beinar kosningar myndi vekja miklu meiri áhuga hjá almenningi bæði á kosningunum og þingmálum yfirleitt.

5. Allt, sem talað eða ritað var á þinginu, skyldi vera á íslenzku. En þó skyldi þeir, sem eigi höfðu lært að tala ís-

1) Ávarp til Balthazars Chritsensens 6. sept. 1842 og til fulltúra Íslands á Hróarskelduþingi s. d., bréf þeirra til konungs, dags. 5. febr. 1843, prentuð aftan við Fréttir frá Hróarskeldu-þingi. Sömu uppástungu hafði Christensen borið upp á þessu þingi. (Fréttir bls. 129, 184, 218).

2) Fjölnir VII 110 o. s. frv.

3) Einnig prentað aftan við Fréttir frá Hróarskeldu-þingi.

4) De danske Provinsialstænder bls. 23.

5) Baldvin Einarsson hafði í ritlingi sínum andmælt þessu skilyrði, en hann vildi binda kosningarrétt við *skattskyldu*, sjá bls. 30—31.

6) Tillögur amtmanns eru prentaðar aftan við Fréttir frá Hróarskelduþingi.

lenzku í barnæsku, mega tala á dönsku, en snúa skyldi því á íslenzka tungu. Þetta þótti Íslendingum í Kaupmannahöfn o. fl. óviðunandi. Töldu þeir, sem rétt var, að hver sá maður, sem á þingi sæti og væri kjörinn fulltrúi, eða umboðsmaður konungsvaldsins, ætti að kunna að tala og rita íslenzku. Svo kom og fram krafa um það, að þing skyldi heyja í heyranda hljóði, eins og Alþingi hið forna hafði verið háð.

6. Það fyrirmæli í frumvarpi embættismannanefndar og Kancellís, sem allra mestur ágreiningur varð um, var *þingstaðurinn*. Í konungsúrskurðinum frá 20. maí 1840 var nefndinni boðið að íhuga það, hvort ekki mundi réttast að heyja hið nýja þing á Þingvelli við Öxará. Embættismannanefndin klofnaði um þetta atriði. Meiri hlutinn lagði til, að þingið yrði háð í Reykjavík, en minni hlutinn (Bjarni amtmaður Thorarensen og Jón sýslumaður Jónsson á Melum)[1] vildu láta það vera á Þingvelli. Kancelliið fygldi meiri hlutanum og var tillaga hans því lögð fyrir þingið í Hróarskeldu. Um þingstaðinn stóð hinn mesti styr. Með Bjarna amtmanni Thorarensen stóðu Fjölnismenn.[2] Einnig skrifaði Tómas Sæmundsson um þetta atriði í ritgerð sinni um þingið, þeirri sem áður getur. Tók hann þar jafnvel árinni svo djúpt í, að hann kvaðst heldur vilja þinglaus vera en að það yrði sett annarstaðar en á Þingvelli. Aðalrök Þingvallar-manna voru þau, *að* konungur hefði beinlínis ætlazt til þess, að þingið nýja yrði háð á Þingvelli, *að* þjóðin æskti þess, að þingið verði á Þingvelli háð og einkum þó, að þingmönnum í alþýðustétt muni verða vistin í Reykjavík óhæg. Muni þeir illa una hag sínum þar. Þeir kunni eigi dönsku og muni því engrar aðhlynningar eða góðvildar verða aðnjótandi hjá hinum dönsku kaupmönnum bæjarins. Muni þeir því verða að koma sér fyrir hjá tómthúsmönnum, meðan þeir dveljist á þingi. Þetta allt leiði til þess, að þeir muni verr njóta sín við þingstörf en ella myndi. Ef þingið verði háð á Þingvelli, þá gangi jafnt yfir þingmenn alla. Þeir muni hafast við í tjöldum unz reist verði þinghús á Þingvelli. Fornhelgi staðarins muni auka starfsþrek þeirra og starfsgleði og yfirhöfuð setja annan svip

1) Tíðindi frá nefndarfundum 1841 bls. 28 o. s. frv.
2) Fjölnir VII 110 o. s. frv.

á samkunduna, en ef hún yrði haldin í Reykjavík. Vildu þó sumir Þingvallarmenn láta þingið sjálft skera úr því á sínum tíma, hvort það skyldi heyja í Reykjavík eða á Þingvelli. Það vildu og Íslendingar í Kaupmannahöfn í ávarpi sínu til Balthazars Christensens og fulltrúa Íslands á Hróarskelduþingi.

Auk meiri hluta embættismannanefndarinnar, gjörðist Jón Sigurðsson eindreginn talsmaður þinghalds í Reykjavík í tveimur ágætum ritgjörðum um alþingismálið í Nýjum félagsritum 1841 og 1842. Bera þær ritgjörðir mjög af flestu því, sem um það mál var ritað um þær mundir. Reykjavíkurmenn færðu það til sins máls, *að* þinghald mundi verða kostnaðarminna í Reykjavík en á Þingvelli, því að á Þingvelli yrði ekki komizt hjá því að reisa hús handa þinginu og þingmönnum, að minnsta kosti stjórnarfulltrúa og hinum æðstu embættismönnum, sem þingið sæti. Í Reykjavík mætti nota hið nýja skólahús til þinghalds og utanbæjar-þingmenn gæti komið sér fyrir um þingtímann hjá bæjarmönnum. Aðflutningar allir yrði dýrir til Þingvalla. Í Reykjavík væri við höndina allar þær upplýsingar og áhöld, sem þingmenn þyrfti, svo sem skjalasöfn embætta og bókasöfn. En á Þingvelli væri engin slík gögn. Mundi því þurfa að leita þeirra til Reykjavíkur, ef Alþingi væri háð á Þingvelli, og hlyti þetta að valda miklum töfum. Mundi fulltrúum líða stórum verr á Þingvelli en í Reykjavík. Þeir yrði að búa við lakara mataræði, nema þeir vildi kosta miklu til. Og betri myndi vistarverur þingmanna í Reykjavík verða, því að Þingvallar-menn ætluðu þingmönnum að haldast við í tjöldum um þingtímann, eins og menn höfðu fyrrum gert. Um þingstaðinn var látlaus barátta þau árin sem verið var að undirbúa Alþingistilskipunina. Með Reykjavík voru *rökin,* en með Þingvelli voru *tilfinningarnar.* Þingvallar-menn gerðu afar glæsilega mynd í huga sér af fornöld landsins. Héldu þeir, að þjóðfélagsskipun og þingskipun þeirra tíma á Íslandi hefði verið hin bezta sem hugsanleg væri og vildu því líkja eftir hvorritveggja. Það var eins og þeir héldi, að allt, sem á Alþingi forna gerðist, hafi verið hið bezta og fullkomnasta í sinni grein. Þá kallaði Jónas Hallgrímsson þing í Reykjavík „hrafnaþing kolsvart í holti", en þing á Þingvelli „haukþing á bergi".

Nú má ætla, að sömu menn hefði setið þingið hvort sem það var háð í Reykjavík eða á Þingvelli, að mestu leyti að minnsta kosti, og verður þá ekki vel ljóst, hvernig svo gagnger breyting átti að geta orðið á þingmönnunum eftir því, hvort þeir sátu þingið í Reykjavík eða á Þingvelli. Og ef satt skal segja, þá eru ekki allar endurminningar bjartar frá atburðum þeim, sem á Þingvelli við Öxará gerðust. Og á stjórnarskipun vorri í fornöld voru þeir megingallar, sem leiddu af sér hrun lýðríkis vors og játun undir erlendan konung. En það er alveg eins og lofendur fornaldar vorrar hafi gleymt þessu. Framsýnir menn og gjörhugulir á þá hluti, er að haldi mega koma, eins og Jón Sigurðsson, sáu, hvert stefndi. Þeir sáu, að Reykjavík hlyti að verða raunverulegur höfuðstaður landsins, því að allt beindist í þá átt. Þar áttu sæti æðstu embættismenn landsins. Þangað mundi safnast menningargögn þess, svo sem söfn og skólar, enda hafði þegar verið ákveðið að flytja þangað latínuskólann og reisa honum veglegt hús. Að þessu sinni bar skynsemin sigur af hólmi, því að Reykjavík var ákveðin samkomustaður Alþingi hinu nýja, eins og kunnugt er.[1])

Eftir að Hróarskelduþing hafði haft Alþingismálið til meðferðar, undirbjó Kancellí það af nýju, svo að það yrði lagt fyrir konung. Með konungsúrskurði 8. marz 1843 var ákveðið til hlítar að stofna Alþingi og s. d. var Alþingistilskipunin gefin út. Með konungsúrsk. 10. okt. s. ár var embættismannanefndin afnumin. 8. sept. 1842 gekk Hróarskeldu-þing frá málinu, og hefur því Kancellíið legið *hálft* ár á því. Sést þó ekki, að annað hafi verið við það gert en að gera á ný skýrslu um gang málsins. Og var sú skýrsla að vonum mestmegnis uppskrift á fyrri skýrslum um það. Stjórnarráð þetta flýtti sér nákvæmlega jafnmikið nú sem áður, þegar

1) Talsvert var ritað um Alþingismálið árin 1840—1843. Auk þess, sem um það er í Tíðindum embættisnefndar frá 1841, í Fréttum frá Hróarskeldu-þingi 1842, í VII. árgangi Fjölnis og í Nýjum Félagsritum 1841 og 1842, má nefna „þrjár ritgjörðir" (2. ritgjörðin eftir Tómas Sæmundsson), Kaupm.höfn 1841, Fjóra þætti um Alþingi og önnur málefni Íslendinga, Kaupm.höfn 1843, Nogle Bemærkninger med Hensyn til det islandske Alting" í „Köbenhavnsposten" 1842 og greinir í Berlingske Tidende eftir Pál Melsted, er í 4 þáttum getur, og fleiri blaðagreinir 1842, og Páll Melsted „Nýjar athugasemdir við nokkrar ritgjörðir um Alþingismálið", Reykjavík 1845.

Íslandsmál voru þar á döfinni. Með opnu bréfi 27. sept. 1843 var Alþingi kvatt til fyrsta fundar síns 1. júlí 1844. En ekki gat orðið af þessu, því að undirbúningi undir kosningar var ekki lokið svo tímanlega, að kosningar mætti fara fram nógu snemma til þess, að þing gæti komið saman á tilsettum tíma. Þess vegna var samkomu þingsins frestað um eitt ár. Með opnu bréfi 6. marz 1844 var því ákveðinn fyrsti samkomudagur þingsins *1. júlí 1845*. Þá var sett hið fyrsta ráðgjafarþing í Reykjavík. Helgi biskup Guðmundsson (Thordersen) predikaði í dómkirkjunni fyrir þingsetningu. Konungsfulltrúi, Bardenfleth stiftamtmaður, setti því næst þingið með ræðu, sem prentuð er í Alþt. 1845 bls. 2 o. s. frv. Páll amtmaður Melsted var aðstoðarmaður konungsfulltrúa á þingi þessu. Að ræðu konungsfulltrúa lokinni hrópuðu þingmenn ósk um langa lífdaga til handa Kristjáni konungi 8. Voru þá athugaðar kosningar þingmanna. Síðan gekk elzti þingmaðurinn til forsetastóls eftir beiðni konungsfulltrúa og stýrði forsetakosningu. Var Bjarni amtmaður Þorsteinsson (Thorsteinsson) kjörinn forseti og Þórður dómsforseti Sveinbjörnsson varaforseti. Skrifarar þingsins voru kosnir Jón Guðmundsson og Þórður Jónasson. Til þess að búa Alþingistíðindi til prentunar voru kjörnir Jón Sigurðsson skjalavörður og Jón Jónsson yfirdómari.

Var þá Alþingi risið upp í nýrri mynd. Það hafði annað verksvið en Alþingi hið fyrra hafði haft og var öðruvísi skipað. En jafnvel þó að það hefði aðeins *ráðgjafaratkvæði* um löggjafarmál, þá hefur það vakið áhuga þjóðarinnar á málum sínum og sjálfstæðisþrá svo, að án þess hefði aldrei fengizt það, sem þó á vannst. Landið mundi ekki hafa fengið forræði á svonefndum sérmálum sínum með þeim hætti, sem orðið var, ef starf ráðgjafarþingsins hefði eigi verið á undan gengið.

III. Hér á eftir verður reynt að lýsa Alþingi 1845—1873. Mun mega skifta efninu í 4 aðalkafla: 1. *Skipun* Alþingis, Þar verður að lýsa ákvæðum um kosningarrétt og kjörgengi, um kjördæmi og tölu þingmanna, kjörstjórnir, kosningar, varaþingmenn, konungkjör og úrskurði um gildi kosninga og um réttindi þingmanna og skyldur. Í sambandi við skipun þingsins verður að lýsa stöðu konungsfulltrúa á Alþingi. Í 2. kafla skal lýsa *starfsháttum* þingsins í aðalatriðum. Þar til má telja stað og stund til þinghalds, þingsetningu, þingslit,

um ákvörðun þingskapa, Alþingistíðindi og bókasafn þingsins. Í 3. kafla verður því lýst, hver verkefni Alþingis voru og meðferð mála. Loks verður í 4. kafla gerð grein fyrir kostnaði af Alþingi og hvernig hann skyldi greiða.

## I. kafli.

## Skipun þingsins.

### 44. gr.

### Almennar athugasemdir.

Samkvæmt tilsk. 8. marz 1843 2. gr. var Alþingi skipað tvennskonar þingmönnum: Í öðrum flokknum voru þingmenn kjörnir í sérstökum kjördæmum víðsvegar um landið, og kusu þá eða áttu rétt á að kjósa þá þeir menn allir, sem fullnægðu þar til greindum skilyrðum. Í hinum flokknum voru menn, sem konungur til nefndi. Fyrra flokkinn nefna menn *þjóðkjörna þingmenn*, en hinn síðara *konungkjörna þingmenn*. Þjóðkjörnir þingmenn voru upphaflega 20. Var einn kosinn í Reykjavík og 19 í sýslum landsins, einn í hverri sýslu. Þær voru þessar: 1. Mýrasýsla, 2 Snæfellsnessýsla, 3. Dalasýsla, 4. Barðastrandarsýsla, 5. Ísafjarðarsýsla, 6. Strandasýsla, 7. Húnvatnssýsla, 8. Skagafjarðarsýsla, 9. Eyjafjarðarsýsla, 10. Suður-Þingeyjarsýsla, 11. Norður-Þingeyjarsýsla, 12. Norður-Múlasýsla, 13. Suður-Múlasýsla, 14. Skaftafellssýsla, 15. Vestmannaeyjasýsla, 16. Rangárvallasýsla, 18. Árnessýsla og 19. Gullbringu- og Kjósarsýsla, 13. gr. Alþtilsk. Þessi kjördæmaskipan stóð, þar til Skaftafellssýslu var skift í tvö kjördæmi með 8. gr. tilsk. 6. jan. 1857. Skyldi kjósa sinn þingmann í hvoru kjördæmi, Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Þjóðkjörnir þingmenn urðu nú 21, og við það stóð alla tíð síðan, á meðan ráðgjafarþingið stóð.

Eftir 2. gr. Alþtilsk. áskildi konungur sér rétt til að nefna til þingsetu allt að því 6 menn. Til 1857 voru þingmenn því 26, ef tala konungkjörinna þingmanna var full, en eftir 1857 voru þeir 27 undir sama skilorði. Hvorttveggja kjör gilti um 6 ár frá kjördegi, 2. og 8. gr. Alþtilsk. Ef maður var kjörinn

til þingsetu með aukakosningu, þá sat hann þó að eins til loka þess kjörtímabils. Þetta gilti t. d., ef þingmaður lézt og eigi var heldur varaþingmaður til taks, 7. gr. Alþtilsk.

Ef þing var rofið, eins og 1869, þá styttist kjörtímabil um þann tíma, sem þá var eftir af því.

Alþingi var *ein málstofa* á þessu tímabili öllu. Greining milli reglulegra þinga og aukaþinga var engin, enda var aldrei aukaþing haldið á tímabili þessu. Ekki er heldur talað um frestun þingfunda né þingrof í Alþtilsk.

45. gr.

## Kosningarréttur til Alþingis.

I. Skilyrði þau, er fullnægja þurfti til þess að mega kjósa Alþingismenn, voru þessi:

1. Aðili skyldi vera *karlmaður*. Þetta má fyrst og fremst ráða af orðalagi 2. gr. Alþtilsk., þar sem beint segir, að Alþingismenn skuli vera karlmenn, því að skilyrði kjörgengis og kosningarréttar eru hin sömu, nema þar sem afbrigði eru berlega gerð. En þar að auki er þess gætandi, að konur voru þá ólögráða á landi hér, því að með tilsk. 21. des. 1831 I. 1. gr. b voru fyrirmæli Dönsku laga Kristjáns 5. 3—17 um lögræði skipuð hér. Ekkjur og konur, er skilið höfðu við menn sína að borði og sæng eða fullum lögskilnaði, voru þó taldar lögráða, en þær hafa þó ekki haft kosningarrétt á þessu tímabili. Þótti þetta svo víst, að aldrei var um það deilt, svo að kunnugt sé.

2. Samkvæmt 3. gr. Alþtilsk. skyldi aðili því næst a) *eiga fasteign* eða b) *hafa afnotarétt af fasteign*, sem nú verður sagt:

a) Það var fyrst mælt, að aðili þyrfti að eiga jörð, er að dýrleika væri 10 hundruð að minsta kosti. Fór þetta eftir jarðamati því, er hverju sinni gilti. Þó var það einnig nægilegt til kosningarréttar, ef aðili átti steinhús eða timburhús að minsta kosti 1000 rbd. virði í Reykjavík eða í einhverjum af þeim verzlunarstöðum, sem þá voru á landinu. Voru þeir

1) Jón Kristjánsson Íslenzkur verzlunarréttur bls. 163—164.

1845 orðnir 27, opið bréf 28. des. 1836 1. gr. og 14. des. 1842, og fjölguðu síðan smátt og smátt. Húseignir þessar átti sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík) að virða samkvæmt beiðni eiganda, sem óskaði að komast á kjörskrá. Og eigi mátti virðing eldri vera en 2 ára. Með Kancbr. 3. marz 1846 var það samþykkt, að bæjarfógetinn í Reykjavík fengi 2 rbd. dag hvern, sem hann starfaði að virðingum þessum, úr bæjarsjóði.

Ef maður átti fleiri fasteignir en eina, þá mátti leggja þær saman og nægði þá, ef þær námu samanlagðar 10 hundruðum eða meira, 11. gr. Alþtilsk. Ef leggja skyldi saman jörð og kaupstaðareign, þá jafngiltu 100 rbd. einu jarðarhundraði í eignarjörð, en 2 í leigujörð, Kancbr. 31. ág. 1844. Ef eignirnar voru báðar eða allar í sama kjördæmi, þá var aðili auðvitað tekinn þar á kjörskrá. En ef þær voru í fleirum kjördæmum en einu, þá hefur aðili verið settur þar á kjörskrá sem hann átti heima, ef þar var einhver eign hans, en annarskostar þar sem einhver eigna hans var, eftir ósk hans, 10. gr. Alþtilsk. Ef maður átti eign í einu kjördæmi, en bústað í öðru, þá átti að taka hann þar á kjörskrá sem eign hans var, Kancbr. 31. ágúst 1844 ad 1). Enginn hafði meira en eitt atkvæði, þó að hann ætti margar eignir og hver væri næg til kosningarréttar.

Ef menn áttu eign í *skiftri* sameign, þá veitti hver eignarhluti, sem 10 hundr. eða 1000 rbd. nam, eiganda sínum kosningarrétt. En ef eign var í *óskiftri* sameign, þá gat einungis einn eiganda neytt kosningarréttar, og urðu eigendur að koma sér saman um það, hvor eða hver með réttinn skyldi fara. Annarskostar varð kosningarréttarins ekki neytt, 3. gr. Alþtilsk. og Kanc.br. 31. ágúst 1844. Nú fór konungur að nafni til með eignarrétt að miklum jarðeignum hér á landi, en honum var afsalað kosningarrétti þeirra vegna í 3. gr. Alþtilsk.

Eins og alkunnugt er, þá hafa jarðeigendur á Íslandi löngum vanrækt þinglestur heimildarskjala sinna að fasteignum. Því var ekki gerlegt, að heimta þinglesna heimild til eignanna. Var því látið nægja, að heimildin mætti teljast alþekkt, að aðili væri vitanlegur eigandi eignarinnar, sbr. Kancbr. 31. ág. 1844 ad 3).

Í Reykjavík skyldi bæjarfógeti gera skrá yfir allar þær fasteignir, er kosningarréttur fylgdi, og yfir eigendur þeirra

og allt það, sem máli skifti um þá í þessu sambandi. Kveðja skyldi hann með sér kjörstjóra sína til þessa starfs. Utan Reykjavíkur skyldi prestur og hreppstjóri í hreppi hverjum gera fasteignaskrá þessa og senda síðan sýslumanni. Hann gerði síðan, ásamt kjörstjórum sínum, úr hreppaskrám þessum allsherjarskrá um kosninga-fasteignir kjördæmisins, 18. gr. Alþtilsk.

b) Afnotaréttur að fasteign veitti kosningarrétt þeim, er fengið hafði lífstíðarábúð á þjóðjörð eða kirkjujörð (offentligt eller beneficeret Gods), ef afnota-eignin var að minnsta kosti 20 hundruð að dýrleika. Þessir landsetar einir höfðu kosningarrétt. Landsetar á jörðum einstakra manna voru með öllu sneyddir kosningarrétti. Iðnaðarmenn allir, sem ekki áttu eignir þessar, slíkt hið sama. Þessi fyrirmæli gerðu það að verkum, að í Vestmannaeyjasýslu var yfir höfuð ómögulegt að láta kosningar fara fram, af því að enginn hafði þar kosningarrétt. Þetta kjördæmi var því þingmannslaust, þar til tilsk. 6. jan. 1857 kom til framkvæmdar.

Þessi skilyrði um eignarrétt eða notkunarrétt að fasteign voru, eins og fyrr getur, illa þokkuð. Þau stóðu þó óbreytt þangað til 1857, er þau voru afnumin með ákvæðum tilsk. 6. jan. það ár, 1. gr. Samkvæmt henni var það ekki lengur skilyrði kosningarréttar, að aðili ætti fasteign eða hefði lífstíðarábúð á þjóðeign eða kirkjujörð af ákveðinni stærð. Takmarkanir þær, er þá, 1857, voru settar, auk skilyrðisins í 1. að framan, urðu nú þessar:

3. Aðili skyldi vera *bóndi,* sem hefði „grasnyt“ og gyldi „nokkuð til allra stétta“. Hér eru tvö skilyrði, að aðili hafi *grasnyt* og *greiði gjald til allra stétta,* sem svo er orðað. Sá mun yfirhöfuð ekki nefndur „bóndi“, sem enga „grasnyt“ hefur, en hins vegar má vera, að einhver hafi grasnyt, en sé þó ekki kallaður „bóndi“, t. d. haldsmaður lítils túnbletts í kauptúni. Hann kann að hafa kosningarrétt eftir öðrum ákvæðum tilsk. 6. jan. 1857, en ekki þessu, því að hann verður ekki nefndur „bóndi“. Þessu skilyrði fullnægðu þeir, sem bjuggu á jörð, eða jarðarhluta, sem metin var til dýrleika. Skilyrðið „að gjalda til allra stétta“ felur í sér kröfu um það, að aðili greiði einhverja *beina skatta* til ríkis, kirkju, prests og sveitar. Það skifti ekki máli, hversu lág upphæðin var, sem hann greiddi, ef hún var einungis *einhver.* Ríkisgjöld

voru þá: konungstíund, skattur, gjaftollur, lögmannstollur og manntalsfiskar. Öll þessi gjöld, að skatti undanteknum, gátu verið mjög lág, sum ekki nema brot úr alin. Var það nóg, að aðili gyldi eitthvert þeirra. Hann þurfti því ekki að vera í skattbændatölu. Lögmannstollur fylgdi annars ábúð á býli, svo að bændur hafa almennt verið skyldir að gjalda hann. Gjöld til kirkju voru þá kirkjutíund og ljóstollur. Greiddu bændur almennt þau gjöld, nema þeir allra fátækustu. En þeir, sem ekki greiddu þau, höfðu ekki kosningarrétt. Prestsgjöld voru þá heytollur og dagsverk, er bændur urðu almennt að inna af hendi. Þeir, er grasnyt höfðu, áttu að fóðra prestslamb, svo að bændur hlutu almennt að fullnægja þessu skilyrði. Sveitargjöldin voru aðallega fátækratíund og aukaútsvar. Allir þeir bændur, sem ekki þágu sjálfir af sveit, guldu þessi gjöld. Það er því auðsætt, að enginn, sem þá af sveit, gat átt kosningarrétt. Þó að gerð væri mikil rýmkun á kosningarrétti bænda með tilsk. 6. jan. 1857 1. gr., þá voru samt, auk kvenna, allir fátæklingar, sem eigi guldu, eins og sagt var, þó að þeir hefði grasnyt, öll vinnuhjú og lausamenn, sneyddir kosningarrétti.

Ekki skyldi maður sviftur kosningarrétti, þó að hann væri þeginn undan einhverju gjalda þessara samkvæmt einhverri sérstakri ákvörðun, eins og t. d. prestar voru.

4. Embættismenn, sem höfðu konungsveitingu eða veitingu stiftsyfirvalda fyrir embætti sínu, tilsk. 1857 1. gr. b). Þetta gilti, hvort sem þeir fullnægðu skilyrðum um grasnyt og gjald til allra stétta eða ekki. Þeir embættismenn eða sýslunar, er hvorki höfðu konungsveitingu né stiftsyfirvalda, gátu haft kosningarrétt eftir einhverju hinna ákvæðanna, t. d. af því að þeir höfðu jarðnæði, lærdómspróf, o. s. frv.

5. Þá fengu þeir kosningarrétt samkvæmt tilsk. 6. jan. 1857 1. gr. c), sem tekið höfðu eitthvert lærdómspróf við háskólann í Kaupmannahöfn eða embættispróf við prestaskólann, enda þótt þeir væri embættislausir, þó því að eins, að þeir ætti með sig sjálfir, þ. e. væri ekki *hjú*. Verzlunarmaður, sem hafði lokið þessum prófum, hafði t. d. kosningarrétt. Prófið var nægilegt. Aðili þurfti hvorki að vera bóndi né gjalda nokkuð.

6. Þá skyldi kaupstaðarborgarar hafa kosningarrétt, ef þeir guldu 4 rbd. árlega til sveitar. „Kaupstaðarborgarar“

voru þeir nefndir, sem höfðu tekið sér bólfestu í löggiltum verzlunarstað, til þess að reka þar verzlun eða einhverja iðn. Hér er þess ekki krafizt, að aðili greiði nokkuð til annars en sveitar sinnar.

7. Þá skyldi þurrabúðarmenn loks hafa kosningarrétt, ef þeir greiddu 6 rbd. til sveitar sinnar.

Samkvæmt framanskráðu höfðu þá eftir 1857 og þangað til fyrirmæli stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 komu í gildi, *allir karlmenn kosningarrétt til Alþingis, sem voru í bændatölu og guldu nokkuð til allra stétta, eða höfðu veitingu konungs eða stiftsyfirvalda fyrir embætti, eða höfðu lærdómspróf frá háskóla Kaupmannahafnar eða embættispróf frá prestaskólanum, enda ekki annara hjú, eða þeir voru kaupstaðarborgarar eða tómthúsmenn, er guldu að minnsta kosti 4 eða 6 rd. árlega fyrir kosningu til sveitar sinnar.*

Sá, er komast vildi á kjörskrá, átti að sanna það, að hann hefði alla þessa kosti til að bera, sem taldir eru í 1.—7, Alþ.-tilsk. 19. og 38. gr. Þó virðist kjörstjórn hafa átt að sanna það, að þeir, sem í 5. flokki greinir, væri öðrum háðir sem hjú.

II. Jafnvel þótt aðili fyllti einhvern þeirra flokka, sem hér hafa verið greindir, hafði hann þó ekki kosningarrétt, ef hann:

1. *Hafði ekki óflekkað mannorð.* Alþtilsk. 4. gr. 1), tilsk. 6. jan. 1857 1. gr., sem um þetta vísar algerlega til síðastnefnds ákvæðis Alþtilsk. Í 4. gr. Alþtilsk. er það skýrt, hverir teljist hafa flekkað mannorð í þessu sambandi. Og þessi skýringarákvæði virðast vera tæmandi, svo að enginn, sem þau ná ekki til, verður sviftur kosningarrétti fyrir þessar sakir. Þessum mönnum, sem missa kosningarrétt samkvæmt nefndu ákvæði Alþtilsk., er skift í tvo aðalflokka: a) þá, sem dæmdir hafa verið sekir um einhvern misgerning og b) þá, sem hafa sætt opinberri saksókn fyrir misgerning og ekki hafa verið algerlega sýknaðir.

a) Skilyrðið er hér, að aðili hafi verið *dæmdur* sekur. Því var ekki nóg, þó að hann hefði játað sök, ef ekki var kveðinn upp dómur í máli hans. Og dómur í einkamáli var ekki heldur nógur til að svifta hann kosningarrétti, eins og t. d. þó að andstæðingur hans í meiðyrðamáli, sem borið hafði aðilja á brýn einhvern æruskerðandi verknað, hefði verið sýknaður, vegna þess, að hann hefði talizt hafa leitt sönnur

að áburði sínum. Því næst var það skilyrði, að aðili hefði verið dæmdur fyrir *misgerning* (Forbrydelse). Og þessi misgerningur átti annaðhvort að leiða til dóms, þar sem embætti, æra eða borgararéttindi voru af manni dæmd, eða vera svívirðilegur í almenningsáliti. Æru mátti þá dæma af mönnum lögum samkvæmt þar til sú refsing var af tekin með almennum hegningarlögum 25. júní 1869.

b) Það var alvenja, að dæma menn, sem ekki urðu sannir að sökum, en þó þóttu eins líklegir til að vera sekir sem saklausir, sýkna af „frekari ákærum réttvísinnar". Ef maður var dæmdur með þessum hætti í opinberu máli út af broti, er telja mátti svívirðilegt í almenningsáliti, þá hafði hann misst kosningarrétt sinn eftir 4. gr. Alþtilsk. Það var mönnum mjög óheppilegt að fá slíka dóma, því að þeir fólu í rauninni í sér aðdróttun til sökunauts um sekt hans, þó að ekki fengist nægilegar sannanir á hendur honum.

Sá, er koma vildi á kjörskrá, þurfti ekki að sanna flekkleysi sitt. Það var kjörstjórnar, sem synja vildi manni kosningarréttar, að sanna réttarmissi hans fyrir þessar sakir.

2. Aðili skyldi vera 25 ára gamall á kjördegi, 4. gr. Alþtilsk. 2). Þó að þetta aldurstakmark færi saman við almenna lögaldurstakmarkið, þá var það því þó óháð. Sá, sem fengið hafði leyfi til að vera lögráður, þó að hann væri undir 25 ára aldri, hafði alls ekki fengið kosningarrétt til Alþingis fyrir því. Þetta skilyrði hefur kjósandi átt að sanna.

3. Aðili skyldi hafa forræði á fé sínu, 4. gr. Alþtilsk. 3). Sá, er eigi hafði það forræði, mátti eigi kjósa. Hér til telur löggjafinn: a) Ef maður er settur undir annara fjárhald eða fjárgæzlu, þ. e. ef hann er sviftur fjárræði. b) Ef bú hans er tekið til „uppboðs- eða óskilameðferðar". Með þessu er átt við svo kallað „Opbud", sem samkvæmt dönskum lögum gat átt sér stað og fólgið var í því, að maður bauð lánardrottnum sínum að taka við búi sínu og skifta því upp í skuldir sínar. Síðar kom regluleg gjaldþrotameðferð á búi manna í staðinn. Og svifti hvorttveggja mann kosningarrétti. c) Ef maður sætir annars nokkurri slíkri saksókn, er eftir lögunum sviftir hann umráðum allra eigna sinna. Hér er átt við fyrirmælin í N. L. 5—3—33. Samkvæmt þessari grein mátti enginn, sem löglega var kyrrsettur, eða dæmdur til sektargreiðslu, eða aðfarardómur til fjárgreiðslu hafði verið dæmdur

á hendur honum, eða honum hafði verið stefnt vegna skulda eða annars, sem lánardrottnum hans mætti til tjóns verða, til hæstaréttar eða yfirhirðréttar, flytja, afhenda, veðsetja eða „bjóða upp“ eignir sínar. Það er ekki kunnugt, að þessum fyrirmælum hafi nokkurn tíma verið beitt í þessu sambandi á landi hér, enda hefur orkað tvímælis, hvort þau væri hér lög. Það mun þó verða að telja rétt, að N. L. 5—3—33 hafi verið lög hér, því að fyrirmæli, sem hafa fyrirskipað einhverja dómgerð hér, eins og t. d. kyrrsetning, hljóta venjulega að leiða með sér þær verkanir, sem sú dómgerð er látin hafa. Annars væri heimildin til þess að láta dómgerðina fara fram venjulega þýðingarlaus.

Kjörstjórn hefur átt að sanna, að svo væri orðið farið um aðilja sem hér segir. Hinsvegar hefur honum borið að sanna, að þessar ástæður væri brott fallnar, ef kjörstjórnin hafði sýnt, að þær hefði einu sinni verið fyrir hendi.[1]) Jafnskjótt sem aðilja tókst það, fekk hann aftur kosningarrétt sinn, ef annað var í lagi.

4. Loks bætti tilsk. 6. jan. 1857 1. gr. því skilyrði við, að aðili skyldi hafa átt heimili í kjördæminu eitt ár. Þetta mun jafnan hafa verið skilið svo, að aðili skyldi hafa verið þar heimilisfastur samfleytt *síðasta* árið fyrir kosningu. Ef hann hafði ekki fyllt þann tíma, þá er að sjá sem hann hafi hvergi átt kosningarrétt, því að eftir orðum laganna hafði hann ekki heldur fullnægt þessu skilyrði í nokkru öðru kjördæmi. Kjósandi hefur jafnan átt að sanna þetta skilyrði.

Ennfremur hefur tilsk. 6. jan. 1857 1. gr. berum orðum útilokað þá alla frá kosningarrétti, sem þágu af sveit eða höfðu þegið af sveit, nema sveitarstyrkur væri annaðhvort eftirgefinn eða endurgoldinn. Kjörstjórn hefur átt að sanna, að kjósandi hafi þegið sveitarstyrk, en kjósandi hefur þá orðið að sanna, að styrkurinn hafi verið greiddur eða eftirgefinn.

---

1) Sbr. Alþtíð. 1865 bls. 12 o. s. frv.

46. gr.

## Kjörgengi.

Kjörgengis-skilyrðunum verður bezt lýst með því að taka fyrst reglurnar eftir Alþtilsk. 8. marz 1843, er giltu til 1857 óbreyttar, og síðan reglur þær, sem í gildi voru frá 1857 og til þess, er fyrirmæli stjórnarskrár 5. jan. 1874 komu í gildi.

I. *Tímabilið 1845—1857.* Þeir einir karlar voru kjörgengir, sem voru eigendur að fasteign eða notendur með þeim hætti, sem að framan (45. gr. II. 2.) segr. Og má yfirhöfuð vísa til þess, sem þar er sagt. Þess má geta, að samskonar skrá skyldi semja í hverjum hreppi og í Reykjavík yfir þá, er kjörgengir væri, sem um kjósendur, samkvæmt 17. og 18. gr. Alþtilsk. Og aðili skyldi einnig sjálfur gæta þess, að hann yrði settur á skrá, enda bar honum auðvitað að sanna það, að hann fullnægði þessum skilyrðum, Alþtilsk. 19. og 38. gr. Um þá, er áttu fasteign í félagi og þann, sem átti fleiri fasteign en eina, giltu og samsvarandi reglur sem um kjósendur var sagt, Kanc.br. 31. ágúst 1844. Þar á móti giltu þessi ákvæði, sem vörðuðu fasteigna-hald, um kjörgengi einungis:

a) Þingmannsefni skyldi þann 6. júní það ár, er kosningin fór fram, hafa tvö ár samfleytt og með efalausri heimild hafa haldið slíka fasteign, sem til kosningarréttar þarf. En eigi var nauðsynlegt, að hann hefði haldið *sömu* eign þenna tíma, heldur nægði það, að hann hefði einungis haft einhverja eign eða einhverjar eignir, sem fullnægðu skilyrðunum, þenna tíma, Alþtilsk. 5. gr. 3). Ef maður hafði eignazt slíka fasteign fyrir erfðir eða hjúskap, átti að reikna téð tvö ár frá þeim tíma, er arfleifandi eða konan hafði eignazt hana, sama grein.

b) Maður var kjörgengur einungis í því amti, sem fasteign hans var í, en hvergi utan þess. Sá, sem t. d. átti jörð í Vesturamtinu, var kjörgengur þar í hvaða kjördæmi sem vera skyldi, en ekki í neinu kjördæmi í hinum ömtunum, 13. gr. Alþtilsk., Kancbr. 31. ágúst 1844 ad 3).

c) Oddviti kjörstjórnar var ekki kjörgengur í kjördæmi sínu, þó að hann ætti þar eða notaði eign, sem kjörgengi

fylgdi annars, 5. gr. 5) og 20. gr. Alþtilsk., Kanc.br. 31. ágúst 1844.

d) Sá, er tekið hafði við konungskosningu til Alþingissetu, mátti ekki taka við þjóðkjöri, 5. gr. Alþtilsk. in fine. Hann er að vísu kallaður kjörgengur, en því að eins, að hann hafi áður afsalað sér konungkjöri sínu og konungur leyst hann frá því. Með sama hætti var enginn kjörgengur í senn í fleirum kjördæmum en einu, Kanc.br. 31. ágúst 1841 að 1).

2. Ennfremur skyldi þingmannsefni vera öllum þeim kostum búið, sem til kosningarréttar voru heimtaðir, og átti því að hafa *óflekkað mannorð* og *fjárforræði* (sjá 45. gr. II. 1. og 3. Um aldursskilyrðið segir síðar). Má að öllu vísa til þess, er þar segir.

3. Þingmannsefni skyldi vera *þegn Danakonungs* og engum öðrum ríkishöfðingja þegnskyldur, Alþtilsk. 5. gr. 1). Hann skyldi því hafa öðlazt ríkisborgararétt samkvæmt tilsk. 15. jan. 1776. Og ekki mátti hann jafnframt hafa öðlazt ríkisborgararétt annarstaðar. Þetta skilyrði var ekki sett um kosningarréttinn.

4. Þingmannsefni skyldi ennfremur vera *kristinnar trúar*, 5. gr. Alþtilsk. 2). Það var því ekki skilyrði, að aðili væri lúterstrúar-maður. Hann mátti t. d. vera katólskur, Kalvinsmaður o. s. frv. Únitari, gyðingur, jafnvel eftir að gyðingum var veitt hér landvist, o. s. frv. mátti þingmaður þar á móti ekki vera. Þetta trúarskilyrði hefur ekki þótt þörf að setja um kjósendur, því að þess hefði að engu gætt, þótt við bæri, að ókristinn maður eignaðist hér fasteign og nyti kosningarréttar. Aðilja bar að sanna trúarskoðun sína.

5. Þingmannsefni skyldi hafa haft aðsetur að minnsta kosti 5 ár í löndum Danmerkur-konungs í Norðurálfunni, Alþtilsk. 5. gr. 4). Hér er vafalaust átt við 5 árin síðustu fyrir kosningu. Aðilja bar að sanna þetta atriði. Fyrir því gat ekki orkað tvímælis um kjörgengi Jóns Sigurðssonar, þótt hann ætti heimili í Kaupmannahöfn, sbr. Kanc.br. 22. maí 1845.

6. Þingmannsefni skyldi loks hafa náð *þrítugsaldri*, þegar kosning fer fram, 5. gr. Alþtilsk. 5). Það er auðsætt, að aðilja bar að sanna aldur sinn.

II. *Tímabilið frá 1857—1873.* Með tilsk. 6. jan. 1857 var niðurfellt það kjörgengisskilyrði, að aðili skyldi eiga eða

hafa afnotarétt af fasteign. Svo var og niðurfellt skilyrðið um, að þingmaður skyldi vera kristinnar trúar. Kjörgengisskilyrðin voru þá á þessu tímabili sem hér segir:

1. Aðili skyldi vera *karlmaður*, nú sem fyrr.

2. *Bóndi*, er hefði grasnyt og gyldi nokkuð til allra stétta, eða *embættismaður* með veitingu konungs eða stiftsyfirvalda, eða með lærdómspróf frá Kaupmannahafnarháskóla eða embættispróf frá prestaskólanum, þó að hann væri embættislaus, enda væri hann ekki öðrum háður sem hjú, eða hann væri *kaupstaðarborgari* og gyldi að minnsta kosti 4 rbd. til sveitar, eða hann væri *þurrabúðarmaður* og gyldi að minnsta kosti 6 rbd. til sveitar. Um þessi efni má vísa til 45. gr. I. 3—7.

3. Þingmannsefni skyldi ennfremur hafa *óflekkað mannorð*. Auk þess, sem sagt er um þetta atriði í 45. gr. II. 1, skal þess getið, að vitanlega var kæra, sem ekki hafði verið rannsökuð eða jafnvel fyrirskipun amtmanns um sakamálsrannsókn og sakamálshöfðun alls ekki næg til þess að gera menn þingræka.[1])

4. Þingmannsefni skyldi nú sem fyrr vera *fjár síns ráðandi*. Þar með var auðvitað fyrst og fremst við það átt, ef bú manns hér á landi hafði verið tekið til gjaldþrotameðferðar. En 1865 var maður, sem orðið hafði gjaldþrota í Danmörku og eigi hafði aftur tekið við búi sínu, þingrækur gerður.[2]) Um þetta var þó allmikill ágreiningur, því að sumir töldu gjaldþrotaskifti í Danmörku engu máli skifta í þessu sambandi. Meðal þeirra voru lagamenn eins og Jón Pétursson og Benedikt Sveinsson.

5. *Aldurskilyrðið*, 30 ár, var auðvitað látið haldast.

6. Þá hélzt og skilyrðið um *5 ára búsetu í Norðurálfulöndum Danakonungs*. Þingmaður sá, er gerður var rækur af þingi 1865, og fyrr getur, þótti ekki heldur hafa fullnægt þessari kröfu, með því að hann hefði verið búsettur í Englandi síðustu 5 árin fyrir kosninguna.

---

1) Pétur amtmaður Havsteen sendi Alþingi árið 1869 skjal, þar sem hann sagði Tryggva Gunnarsson og Jón á Gautlöndum undir sakamálsrannsókn vegna athæfis, er varðaði missi kjörgengis. Þingið hafði þetta að engu og samþykkti kosningar mannanna, enda var kæran hégóminn einber. Alþtíð. 1869 I bls. 16—25, II 71—72.

2) Alþtíð 1865. I A bls. 12 o. s. frv.

7. Þá hélzt og *skilyrðið um þegnskyldu aðilja við Danakonung.*

8. Enginn, sem stóð í skuld fyrir *sveitarstyrk*, var kjörgengur.

Oddviti kjörstjórnar var enn sem fyrr sviftur kjörgengi í kjördæmi sínu. Eigi var það kjörgengisskilyrði, að þingmannsefni ætti heima eða hefði dvalizt í kjördæmi, þar sem hann var kosinn, fremur nú en áður. En það var nýtt skilyrði, sem sett var í 5. gr. tilsk. 6. jan. 1857, að enginn mátti greiða þingmannsefni atkvæði, ef það var búsett utan kjördæmis (Distriktet), nema sannað væri fyrir kjörstjórn, að þingmannsefni væri kjörgengt og vildi þiggja þar kosningu og hvergi annarstaðar.

Samkvæmt 2. gr. tilsk. 28. maí 1831 áttu embættismenn að vísu að vera kjörgengir til ráðgjafarþinganna í Danmörku. En þó skyldi hverjum þeim embættismanni, sem konungsveitingu hafði til embættis síns, vera meinað að taka við kjöri, nema hann hefði fengið leyfi konungs til þess. Hér gilti sama, og í 37. gr. Alþtilsk. var stiftamtmanni veitt heimild til þess að veita íslenzkum embættismönnum þetta leyfi, en skýra skyldi hann konungi frá því, hverjum hann hefði látið það í té. Enginn starfsmanna ríkisins, sem veitingu hafði frá öðrum en konungi, þurfti leyfis hans eða stiftamtmanns til þingsetu. Því þurftu t. d. prestar, sem eigi höfðu konungs staðfestingu á veitingarbréf sín, ekki leyfi til þingsetu. Hitt var annað mál, að hver maður, sem var í þjónustu ríkisins, var skyldur til að sjá fyrir því, að embættisstörf hans yrði að áliti amtmanns rækt sæmilega, meðan hann sat á Alþingi, sbr. bréf innanríkisráðuneytis 26. júní 1854,[1]) og ríkinu að kostnaðarlausu, sbr. bréf dómsmálastjórnar Danmerkur 6. maí 1863. En þótt embættismenn þyrfti leyfi stiftamtmanns til þingsetu, þá leiddi ekki af því að það leyfi þyrfti að vera fengið þegar er kosning fór fram. Leyfið var að vísu skilyrði þingsetu, *ef* embættismaðurinn vildi halda embætti sínu, en hann gat afsalað sér því, og þá þurfti hann ekki leyfisins með. Eftir Þjóð-

1) 1853 bannaði Pétur Havsteen amtmaður Jósef Skaftasyni lækni að fara til þings (sbr. Alþtíð. 1853 bls. 7) af því að sýslan hans yrði ekki sæmilega rækt, meðan hann sæti á þingi. Þetta bann var óviðkomandi 37. gr. Alþtilsk., en innanríkisráðherra Dana samþykkti gjörðir amtmanns af framangreindum ástæðum.

fundinn 1851 sendu fundarmenn konungi ávarp, dags. 10. ág. það ár, þar sem þeir báru sig upp undan þeirri meðferð, sem höfð var þá á fundinum, og tók danska stjórnin svo heimskulega á málinu, að hún lét konung undirskrifa úrskurð, dags. 12. maí 1852, þar sem stiftamtmanni var bannað að veita embættismönnum þeim, sem undir ávarpið 10. ág. 1851 höfðu skrifað, leyfi til þingsetu. Varð stjórnin sjálf síðar að viðurkenna bæði það, að þetta bann hennar gæti ekki tekið til presta, sem ekki hefði konungs staðfestingu á veitingarbréf sín, né heldur þyrfti embættismenn leyfi til að taka við *kosningu*, heldur einungis til *þingsetu*, sjá bréf innanríkisráðuneytis Danmerkur 21. maí 1852, 28. og 30. sept. s. á. Þess mun eigi dæmi, að stjórnin hafi leikið samskonar síðan. Hefur væntanlega fengið nóg af þingsetubanninu 1852.

## 47. gr.

### Kjörstjórnir. — Kjörskrár. — Fyrirskipun kosninga. — Kosninga-athöfn. — Kjörbréf o. fl.

I. Í hverju kjördæmi skyldi vera *kjörstjórn*. Hún var allt af skipuð sýslumanni, og í Reykjavík bæjarfógetanum þar, og var sýslumaður — og bæjarfógeti — formaður kjörstjórnar. Auk þess átti formaður kjörstjórnar að kveðja með sér tvo menn til þess að taka þátt í stjórn kosninga og úrskurðum, er upp þurfti að kveða. Meðstjórnendur þessir voru kvaddir hverju sinni, er kosningar skyldi fram fara í kjördæmi, Alþtilsk. 5. og 16. gr. Formenn kjörstjórnanna voru kallaðir „kosningastjórnarar“ í Alþingistilskipuninni, t. d. 16. gr. Um kosti þá, er meðstjórnendur skyldi vera búnir, segir í 16. gr. Alþtilsk., að þá menn skuli nefna til þessa starfa, er hafi traust almennings og kunnugir sé í kjördæminu. En ekki var nauðsynlegt, að þeir ætti kosningarrétt, sbr. op. br. 6. júlí 1848 og bréf innanríkisráðherra Dana 31. maí 1853. Ef meðkjörstjóri hafði ekki áður unnið embættiseið, þá skyldi hann, áður en hann tæki til starfa, afhenda formanni kjörstjórnar skriflegan eiðstaf, þar sem hann hét konungi trúnaði og lofaði að rækja starfann með samvizkusemi. Ef meðstjórnandi forfallaðist eða hans missti við, skyldi formaður kjörstjórn-

ar skipa annan í stað hans, svo að talan væri allt af full, ef þess var nokkur kostur, 16. gr. Alþtilsk. Meiri hluti réð jafnan úrslitum, ef kjörstjórn skyldi fella úrskurð. Ef kjörstjóri fekk ekki nefnt báða meðstjórnendur, sem Alþtilsk. gerir ráð fyrir, að við kunni að bera, þá ræður atkvæði formanns, ef þá greinir á, s. st.

Samkvæmt opnu bréfi 6. júlí 1848 áttu allir kjörstjórnarmenn að fá 1 rbd. á dag meðan kosningar stóðu yfir. Sama kaup áttu þeir að fá þá daga, er fóru til þess að leiðrétta og úrskurða kjörskrár samkvæmt 18. og 22. gr. Alþtilsk., en þó því að eins, að þeir þyrfti að ferðast í því skyni meira en eina mílu. Einnig skyldi þeir fá dagpeninga þessa og ferðakostnað þann tíma, er til ferðalaga gengu sakir sýslanar þeirra. Ferðakostnað til kjörstaðar og frá honum fengu þó þeir einir kjörstjórnarmenn, sem ekki höfðu kosningarrétt. Svo var litið á, að þeir, sem kosningarrétt höfðu, myndi sækja kjörþing allt að einu, en það gerði þeir á kostnað sjálfra sinna. Formenn kjörstjórna skyldi einnig fá sanngjarna þóknun fyrir kostnað af fylgdarmanni til kjörstaðar og aftur heim, en hinir kjörstjórnarmenn því að eins, að þeir ætti yfir torleiðir að fara, sbr. og bréf innanríkisráðherra Danmerkur 31. maí 1853.

II. *Kjörskrár.* Samkvæmt Alþtilsk. 17. gr. átti bæjarfógetinn í Reykjavík og sýslumenn annarstaðar að láta gera skrár yfir alla þá menn í kjördæmi sínu, er hafa skyldi kjörgengi til Alþingis og kosningarrétt. Með sama hætti skyldi einnig, eftir 18. gr. Alþtilsk., semja skrá yfir allar fasteignir í kjördæmi hverju, er kosningarréttur og kjörgengi fylgdi. Skrár þessar átti bæjarfógetinn í Reykjavík að gera, en annarstaðar prestur og hreppstjóri í hverjum hreppi með eftirliti sýslumanns. Með tilsk. 6. jan. 1857 var, eins og fyrr segir, það skilyrði fellt niður, að menn skyldi hafa eignarrétt eða notkunarrétt að fasteign til kosningarréttar eða kjörgengis, og þurfti þá ekki að semja fasteignarskrárnar eftir þann tíma. Samkvæmt 3. gr. tilsk. 6. jan. 1857 skyldi, sem fyrr, prestur og hreppstjóri í hreppi hverjum gera skrá yfir alla þá menn í hreppnum, sem kjörgengir voru og kosningarrétt höfðu. Í Reykjavík átti dómkirkjuprestur og formaður bæjarstjórnar að semja þær. Fyrst skyldi koma skrá yfir kjörgenga menn og síðan yfir þá, sem kosningarrétt skyldi hafa. Skránar skyldi geyma

nöfn manna, aldur, stöðu og heimilisfang. Ef settar kynni að verða á stofn hreppsnefndir, þá skyldi oddviti hreppsnefndar og prestur semja skrárnar, en ef prestur væri einnig hreppsnefndaroddviti, þá átti hreppsnefnd að kjósa mann til starfans með presti. Formenn kjörstjórna áttu að sjá um það, að kjörskrár væri endurskoðaðar ár hvert í júnímánuði á manntalsþingum, sbr. Kanc.br. 29. apr. 1847 — enda þótt kosningar skyldi engar fram fara það ár, 18. gr. Alþtilsk. Það var vanræksla, ef formaður kjörstjórnar minnti prest og hreppstjóra ekki á þetta,[1]) enda gat það og verið saknæm vanræksla, ef prestur og hreppstjóri gætti þess ekki, að skrárnar væri til frá þeirra hendi í júnímánuði. Sérstaklega var þetta vitanlega nauðsynlegt, þegar kosningar skyldi halda það ár.[2]) Þá gat og verið hentugt að gera kjörskrár fyrr en í júní. Jafnvel gat kjörstjórn gert eða látið gera kjörskrár, ef hún vissi, að kjörþing skyldi halda sama ár sem þing átti að heyja, áður en konungsbréf um nýjar kosningar eftir þingrof væri komið í hendur hennar, eins og í Ísafjarðarsýslu 1869. Með konungsbr. 26. febr. 1869 var Alþingi rofið og s. d. voru fyrirskipaðar nýjar kosningar. Bréf þetta kom kjörstjórn Ísafjarðarsýslu í hendur 13. apríl s. á., en 5. s. m. segist hún hafa gengið frá kjörskrám. Fyrir þetta vildi meðal annars konungsfulltrúi ógilda kosningu Jóns Sigurðssonar á Alþingi 1869, en kosningin var samþykkt með atkvæðum allra þingmanna, nema Bergs Thorbergs. Það var yfir höfuð alls ekki venja, að ógilda kosningar vegna galla á kjörskrárgerð á þessu tímabili, og var þó ósjaldan kvartað um misfellur á verkum kjörstjórna í því efni. Árlega skyldi oddviti kjörstjórnar ásamt meðstjórnendum sínum yfirskoða kjörskrár úr hverjum hreppi og laga það, er laga þurfti. Úr kjörskrám hreppanna skyldi formaður kjörstjórnar gera heildar-kjörskrá fyrir allt kjördæmið. Þessa kjörskrá átti að lagfæra árlega eftir þeim breytingum, sem urðu á kjörskrá hvers hrepps, 38. gr. Alþtilsk., 4. gr. tilsk. 6. jan. 1857. Hafa skyldi formaður kjörstjórnar meðstjórnendur sína við leiðréttingar sínar á kjörskrám. Amtmenn áttu að líta eftir því árlega, að þessum fyrirmælum væri hlýtt.

Þau ár, sem kosningar til Alþingis skyldi fram fara, átti

1) Sbr. t. d. Alþtíð. 1859 bls. 4—10.
2) T. d. bréf dómsmálastjórnar Danmerkur 14. okt. 1859.

að leggja aðalkjörskrá fram í Reykjavík í Þinghúsinu, að undangenginni auglýsingu með þeim hætti, sem þar tíðkast, og annarstaðar skyldi kjörskrá vera til sýnis hjá hverjum presti, að undanfarinni auglýsingu á kirkjufundi, og skyldi hreppstjóri annast birtinguna. Skyldi skrá lögð fram 6 vikum fyrir kosningar, 20. gr. Alþtilsk., sbr. 4. gr. tilsk. 6. jan.1857. Nú telur maður, að einhver hafi verið tekinn á skrá, sem ekki á þar að vera, eða einhverjum slept, sem þar skyldi vera, og gat hann þá borið aðfinningar sínar upp fyrir kjörstjórn. Ef maður var vantalinn, skyldi kæra komin til kjörstjórnar innan 14 daga eftir framlagningu skrárinnar. Kærur um, að maður væri oftalinn, mátti þar á móti bera fram allan tímann og jafnvel á kjördegi, 21. og 26. gr. Alþtilsk., sbr. tilsk. 6. jan. 1857 4. gr. Að 14 dögunum liðnum ákveður kjörstjórn stað og stund til meðferðar á kærum, sem henni kunna að hafa borizt, og kveður til bæði kærendur og þá, sem kært er yfir. Skal kjörstjórn öll úrskurða kærur, en úrskurði skyldi skrá í gjörðabók kjörstjórnar. Að því loknu skyldi skrárnar enn lagðar fram. Þar er því yrði við komið, skyldi prenta skrárnar og senda hverjum kjósanda í kjördæminu eitt eintak. En ef því varð ekki við komið, átti formaður kjörstjórnar að taka á sinn kostnað svo mörg eftirrit af skránum sem nauðsynlegt var, Alþtilsk. 22—23. gr., op. br. 6. júlí 1848 5. gr. Samkvæmt 23. gr. Alþtilsk. skyldi kjörstjóri einnig senda hverjum kjörstjóra í sama amti skrá yfir kjörgenga menn í kjördæminu. En þessi skylda var af tekin með 4. gr. tilsk. 6. jan. 1857. Þó að birting skrár færist fyrir að einhverju leyti, þá varðaði það ekki allt af ógildingu kosningar.[1])

Alþingi gat sett fyrirmæli um leiðréttingu á kjörskrám í framtíðinni, en kosningar mátti það eigi ógilda, þó að maður væri oftalinn á skrá eða vantalinn, 57. gr. Alþtilsk.

III. *Fyrirskipun kosninga.* Kjörtímabilið var, sem fyrr segir, ákveðið 6 ár. Alþingi skyldi hefjast 1. júlí eða fyrsta virkan dag í júlí annaðhvert ár. Því var fyrirfram ákveðið, hvaða ár almennar kosningar til Alþingis skyldi fram fara. Og sömuleiðis, að þær skyldi háðar sumrinu áður en fyrsta þing á kjörtímabili því, sem í hönd fór, kæmi saman. Það var mælt í 24. gr. Alþtilsk., að kosningum öllum skyldi lokið í septem-

1) Sbr. Alþtíð. 1859 bls. 4—10, 164, 243, 275 o. s. frv., 1869 II bls. 69—70.

bermánuði árinu áður en fyrsta þingið yrði háð, er hinir nýkjörnu Alþingismenn skyldi sitja. Þurfti ekki að tilkynna sýslumönnum það, hvaða ár almennar kosningar skyldi halda, enda áttu þeir að gera af sjálfsdáðum allar þær ráðstafanir, sem gera þar til undirbúnings og framkvæmda kosningunum, bæði um kjörskrár og annað, sbr. og bréf dómsmálastjórnar Danmerkur 1. júlí 1858. — Þegar rofið var þing áður en kjörtímabilið var liðið, þá var vitanlega nauðsynlegt að tilkynna sýslumönnum það og leggja fyrir þá að láta kosningar fram fara, hvern í sínu kjördæmi og, ef víkja skyldi frá almennu reglunni um kjörþing í september, þá að tiltaka kjörþingstíma. Þess vegna er það ákveðið í konungsbr. 26. febr. 1869, um leið og Alþingi var rofið, að nýjar kosningar skyldi fara fram sem fyrst og eigi síðar en í júnímánuði s. á. Hins vegar var sýslumönnum auðvitað skylt að gera allar ráðstafanir til kosninganna, eins og annars, er þeir höfðu fengið tilkynningu um það, að þær ætti að fara fram.

Loks gat við borið, að sæti bæði aðal-þingmanns og varaþingmanns yrði laust áður kjörtímabil væri á enda (þingmaður tók eigi við kjöri, sagði af sér eða dó eða veiktist). Skyldi þá, samkvæmt 8. gr. Alþtilsk., aukakosning fara fram í því kjördæmi. Um þá atburði hlaut formanni kjörstjórnar að verða kunnugt bráðlega, og hefur hann átt að annast um allt, sem kosning varðaði, eins og þegar almennar kosningar skyldi fara fram.

IV. 1. *Kjörstaður.* Amtmaður skyldi, samkvæmt 15. gr. Alþtilsk., ákveða kjörstað í hverju kjördæmi, og leita þó áður tillagna sýslumanns. Var einn kjörstaður í hverju kjördæmi, og skyldi hann vera annaðhvort þingstaður sá, er sem næst væri í miðju kjördæmi, eða annar hentugur staður. Skaftafellssýslu mátti þó skifta í tvær kjördeildir, og var það gert, þar til henni var skift í tvö kjördæmi með tilsk. 6. jan. 1857 8. gr. En sýslumaður var þó formaður kjörstjórnar í báðum kjördæmunum.

2. *Kjördaginn* ákvað formaður kjörstjórnar innan þeirra takmarka, sem tiltekin eru í Alþingistilsk. eða í konungsboði því, er skipaði kosningar eftir þingrof, sbr. op br. 26. febr. 1869 og 20. maí 1874. Stað og stund til kosninga auglýsti oddviti kjörstjórnar með 14 daga fyrirvara að minnsta kosti, í Reykjavík með þeim hætti sem almennar auglýsingar voru

þar birtar, en annarstaðar á kirkjufundi, 21. gr. Alþtilsk. Ekki voru þó kosningar ónýttar, þó að birtingunni[1]) væri áfátt. Ef kjörfundur fórst fyrir vegna illviðra, þá var boðað til fundar af nýju, enda gat amtmaður fyrirskipað nýja kosningu, ef honum þótti sem almennt hafi verið ómögulegt að sækja kjörþing af þessum sökum, sbr. bréf dómsmálastjórnar Danmerkur 23. des. 1856, þar sem amtmanni var boðið að fyrirskipa nýjar kosningar í Suður-Múlasýslu, því að að eins einn kjósandi hefði sótt kjörþing og hefði sá færzt undan að kjósa.

Það er einsætt á því, sem sagt hefur verið, að venjulega var sinn kjördagur í hverju kjördæmi. Af því mátti það vel leiða, að maður, sem fengið hafði nokkur atkvæði í einu kjördæmi, án þess að hann næði þar þó kjöri, yrði nokkrum dögum seinna kjörinn alþingismaður í öðru kjördæmi.

V. *Kjörþing.* Kjörstjórar skyldi fyrst og fremst sækja kjörþing. En þar að auki máttu þangað koma allir, sem vildu, enda þótt þeir hefði ekki kosningarrétt í kjördæminu. Formaður kjörstjórnar átti að brýna það fyrir mönnum, hversu kosningarnar væri þýðingarmikil athöfn, 25. gr. Alþtilsk. Áður en til kosninga væri gengið, skyldi kjörstjórn skera úr kærum yfir því, að einhver væri á kjörskrá, sem ekki ætti þar að vera, s. tilsk. 26. gr. Síðan hófst kosningarathöfnin, og átti formaður að gæta þess, að hún færi vel fram og skipulega.

Á þessu tímabili buðu menn sig ekki fram til þingsetu, eins og nú. Það gat því vel átt sér stað, með þeim samgöngum, sem þá voru hér í landi, að sami maður væri kjörinn í tveimur kjördæmum eða fleirum. Svo gat og við borið, að sá, sem fyrir kjöri varð, gæti ekki tekið við kosningu eða vildi ekki gera það, sbr. 12. gr. Alþtilsk., því að ekki var heldur skylt að taka við kjöri. Menn kusu því stundum í blindni að þessu leyti. En þetta mun þó aldrei hafa komið að sök um aðalþingmenn, þó að löggjöfin útilokaði það ekki í fyrstu. Í 5. gr. tilsk. 6. jan. 1857 var þar á móti svo mælt, að enginn mætti kjósa mann búsettan utan kjördæmis, nema sannað væri fyrir kjörstjórn, að hann væri kjörgengur og vildi líka taka við kjöri til Alþingis fyrir það kjördæmi. Hins vegar gat

1) Sbr. Alþtíð. 1859 bls. 4—10, 1869 II bls. 69—70.

enn sem fyrr borið við, að innan-kjördæmismaður væri kosinn í kjördæmi sínu án þess að hann hefði veitt til þess samþykki sitt.

Kosningar voru *opinberar*. Meðstjórnendur oddvita kjörstjórnar áttu að halda sína bókina hvor. Í annari var skrá yfir alla kjósendur í kjördæminu. Við nafn hvers kjósanda, sem kosningarréttar síns neytti, var skráð, hverja hann hefði kosið. Í hina bókina voru skráð við nafn þeirra, sem atkvæði fengu, nöfn allra þeirra, er höfðu kosið þá. Fyrstir skyldi kjörstjórnarmenn greiða atkvæði. Síðan kallaði formaður kjósendur fram eftir kjörskrá í ákveðinni röð. Eftir 30. gr. Alþtilsk. átti kjósandi að tilnefna tvo menn án nánari ákvörðunar, en eftir 6. gr. tilsk. 6. jan. 1857 átti að greina, hvor skyldi vera aðal-þingmaður og hvor vara-þingmaður. Síðan var það lesið upp, hverja maður hafði kosið. Gekk svo kosningin fram, þar til allir höfðu kosið, er gáfu sig fram. Hver maður, sem kjósa vildi, varð að koma á kjörstað og greiða þar sjálfur atkvæði, alveg eins og nú, enda skyldi meðstjórnendur greinilega nefna nafn hvers manns, áður en hann kysi, 27.—30. gr. Alþtilsk. Hver, sem taldi eitthvað aðfinnsluvert við kostningaraðferðina, gat borið kæru sína upp fyrir kjörstjórn, og skyldi hún þegar, að athuguðu máli, kveða upp úrskurð um kæru-atriði, 32. gr. Alþtilsk.

Það þótti ekki með öllu ljóst, hvort kjörstjórn ætti að úrskurða um kjörgengi manna, ef því var að skifta, og gæta þess, að þeir menn yrði ekki kosnir, sem að áliti hennar brast kjörgengi. Greindi menn nokkuð á um þetta á Alþingi 1865. Jón Sigurðsson hélt því fram, að kjörstjórn ætti að heimta skilríki fyrir kjörgengi þingmannsefna og úrskurða um það mál. En Jón Pétursson taldi kjörstjórn engan úrskurð eiga að leggja á þetta atriði, heldur einungis Alþingi. En ekki mun torskorið úr þessu eftir þágildandi lögum. Kjörstjórn skyldi auðsjáanlega alltaf gera sér grein fyrir því, hvort sá eða þeir, sem atkvæði fengu á kjörþingi, væri kjörgengir eða ekki. Ef þingmannsefni átti heima í sama amti, en þó utan kjördæmis, þá átti kjörstjórn, samkvæmt 30 gr. Alþtilsk., að gá að því, hvort hann væri á skrám þeim, sem kjörstjórar skyldi senda honum samkvæmt 23. Alþtilsk. Og þar með var rannsakað kjörgengi þeirra. Ef aðili átti heima utan amtsins, þá hafði kjörstjórn auðvitað venjulega ekki tök á að rannsaka

kjörgengi hans, og fór þá um það mál eftir 31. gr. Alþtilsk. þar til tilsk. 6. jan. 1857 kom. Eftir 30. gr. Alþtilsk. er gert ráð fyrir því, að kjörstjórn taki alls ekki við atkvæðum til handa þeim mönnum, sem heima eiga í sama amti og ekki eru á skrám yfir kjörgenga menn þar. Og eftir 5. gr. tilsk. 6. jan. 1857 er beinlínis bannað að kjósa nokkurn mann búsettan utan kjördæmis, nema sannað sé kjörgengi hans fyrir kjörstjórn. Og er því alveg ljóst, að kjörstjórn átti að rannsaka kjörgengi þeirra og úrskurða, ef með þurfti. Um innankjördæmismenn — og utanamtsmenn til 1857 — eru fyrirmæli 31. gr. Alþtilsk. Þar segir svo, að kjörstjórn skuli skýra þeim manni, sem kjósa vill ókjörgengan mann, frá því og veita honum síðan ráðrúm til þess að kjósa annan mann. Og er með þessu gefið í skyn, að kjörstjórn skuli ekki taka við atkvæðum til handa manni, sem hún telur tvímælalaust ókjörgengan. Þetta er líka í samræmi við ákvæðin í 30. gr., sem gerir, eins og sagt var, eindregið ráð fyrir því, að ókjörgengum innanamtsmönnum, en utan-kjördæmismönnum, verði ekki gefin atkvæði til þingmennsku. Af öllum þessum fyrirmælum kosningarlaganna leiddi það, að enginn sá maður, sem kjörstjórn hafði úrskurðað ókjörgengan, gat orðið kosinn til Alþingis. Að því leyti var úrskurður kjörstjórnar um kjörgengi bindandi gagnvart Alþingi. En svo gat það auðvitað borið við, að maður yrði kosinn á þing, þó að vafasamt væri um kjörgengi hans, annaðhvort af því að ekki urðu efni til þess, að það mál væri úrskurðað berum orðum, eða af því að úrskurður kjörstjórnar var véfengdur. Er þá öldungis víst, að gjörðir kjörstjórnar bundu Alþingi alls ekki. Samkvæmt 47. gr. Alþtilsk. átti Alþingi fullnaðar-úrlausn á kjörgengi þingmanna. Og gat það því vel gert þann mann þingrækan vegna skorts á kjörgengi, er kjörstjórn hafði látið kjósa og lýst rétt kjörinn þingmann, eins og 1865, þegar Sveinbjörn kaupmaður Jacobsen, er kosinn hafði verið í Reykjavík, var rækur ger af Alþingi vegna kjörgengisskorts, enda þótt kjörstjórnin hefði látið svo um mælt, að hún gæti ekkert séð því til fyrirstöðu, að hann mætti sitja á þingi.[1])

Þegar atkvæðagreiðslu var lokið, þá skyldi bera saman kjörbækurnar og leiðrétta skekkjur. Síðan skyldi leggja sam-

1) Alþtíð. 1865. II A bls. 25.

an atkvæði og birta niðurstöðu, 33. gr. Alþtilsk. Eftir 31. gr. Alþtilsk. skyldi sá vera rétt kjörinn Alþingismaður, sem flest gild atkvæði fekk, en varaþingmaður sá, er næsta atkvæðatölu fekk honum. Þurfti þingmannsefni þá alls ekki að hafa fengið meiri hluta greiddra atkvæða, ef í kjörum voru fleiri en tveir. Ef atkvæði voru jafnmörg, skyldi hlutkesti ráða. Ef tveir voru, þá skar hlutkesti úr, hvor verða skyldi aðal-þingmaður og hvor til vara. En ef fleiri voru, þá hefur fyrst orðið að draga milli þeirra um sæti aðal-þingmannsins og síðan milli þeirra, sem það höfðu ekki hlotið, um vara-þingmennskuna. Með 7. gr. tilsk. 6. jan. 1857 var þessu breytt svo, að enginn væri rétt kjörinn aðal-þingmaður eða vara-þingmaður, nema hann hafði fengið meira en helming allra greiddra atkvæða Skyldi þá kjósa óbundið af nýju. Ef þá fengu tveir jafnmörg atkvæði, skyldi hlutkesti ráða. Annars kostar skyldi kjósa þriðja sinni, en einungis um þá tvo, er flest fengu atkvæði við kosninguna öðru sinni. Ef þá urðu atkvæði jöfn, skyldi hlutkesti ráða. Með sama hætti hefur þá orðið að kjósa um vara-þingmannsefni.

Að kosningum loknum, skyldi kjörstjórnin öll undirrita kjörbækurnar. Úrslit kosninga skyldi birta í kjördæmi hverju með sama hætti sem kjörþing var birt, enda skyldi bæði amtmaður og Kancellí fá skýrslu um kosningar, 36. gr. Alþtilsk. Sérhver sá, er kosinn var til þingsetu, hvort sem hann átti að vera aðal-þingmaður eða vara-þingmaður, skyldi jafnskjótt sem hann fekk vitneskju um kjörið segja formanni kjörstjórnar til um það, hvort hann tæki við kosningu eða ekki, 12. gr. Alþtilsk. Kjörstjórn skyldi og láta þingmanni í té yfirlýsingu um kjör hans (kjörbréf), er fram var svo lagt á Alþingi til sönnunar kjörinu.

VI. Kjörstjórn skyldi hafa *gjörðabók*, þar sem skráðir voru úrskurðir hennar og aðalskýrslur um fundi hennar og kjörþing. Þar að auki hafði hún tvær kjörbækur, sem áður getur. Amtmaður löggilti bækur þessar, 28. gr. Alþtilsk.

Allan kostnað, sem Alþingiskosningar höfðu í för með sér, skyldi greiða af jafnaðarsjóðum amtanna. Reikninga yfir kostnaðinn skyldi senda amtmönnum, sem síðan áttu að úrskurða þá, 79. gr. Alþtilsk.

48. gr.

## Vara-þingmenn.

I. Samkvæmt 6. gr. Alþtilsk. átti að kjósa einn vara-þingmann í hverju kjördæmi. Um kjörgengi vara-þingmanna, kjörtímabil og kosningar fór með sama hætti sem um aðal-þingmenn. Sá, er hafði tekið við kosningu sem vara-þingmaður í einu kjördæmi, mátti ekki taka við kjöri sem aðal-þingmaður í öðru kjördæmi, nema hann segði af sér vara-þingmennsku, og var því maður, sem svo var ástatt um 1857, eigi talinn réttur aðal-þingmaður kjördæmis, og því þingrækur ger að því sinni.[1]) Ef vara-þingmaður lézt eða sagði af sér þingmennsku, þá kom ekki sá, er næstan atkvæðafjölda varamanni hafði fengið, í stað hans, heldur þurfti þá nýrrar kosningar, Kanc.bréf 29. okt. 1844. Það hlaut að vera löglegt að stofna þegar til kosningar vara-þingmanns, ef þess missti alveg við, sem fyrir var, og ef eitt eða fleiri þing voru óháð á kjörtímabilinu, því að þá gat orðið hans þörf. — Meðan vara-þingmenn sátu á þingi, höfðu þeir yfirleitt sömu réttindi og sömu skyldur á hendi sem aðal-þingmenn, nema öðruvísi væri mælt í lögum.

II. Þá er athugandi, hvenær vara-þingmaður skyldi taka sæti á Alþingi. Þess skal þegar geta, að skylt var að kveðja vara-þingmann til þingsetu, þegar víst var, að aðalmaður tók þar ekki sæti, sbr. 46. gr. Alþtilsk. Annars orkaði oft tvímælis, hvenær varamaður skyldi taka sæti aðal-þingmanns, enda þótt eigi hefði svo þurft að vera, því að laga-fyrirmælin eru flest sæmilega skýr um það efni. En vegna ágreinings þess, sem á Alþingi var stundum um þetta, þykir hentast að athuga sérstaklega hvert þeirra aðaltilvika, þar sem umræða gat orðið um þingsetu varamanna.

1. Forföll án þess að aðalþingmanns missti alveg við, svo sem sjúkdómur, eða ef þingmaður vildi ekki sækja þingið einhverju sinni.

a) Ef svo var ástatt þegar fyrir þing, þá átti þingmaður að tjá stiftamtmanni sem fyrst forföll sín eða að hann ætlaði

1) Alþtíð 1857 bls. 16—17. Sbr. Alþtíð 1853 bls. 7.

sér ekki að sitja því sinni á Alþingi, svo að varamaður yrði kvaddur, enda greindi menn ekki og gat ekki heldur vel greint á um það, að vara-þingmaður ætti að taka sæti aðal-þingmanns, þegar svo stóð á sem hér segir, sjá 6. og 46. gr. Alþtilsk. Vara-þingmaður átti að sitja það þing út, en ef hans missti við á því þingi, þá mátti þó kveðja aðal-þingmann til þingsetu þann tímann, sem eftir var, ef honum var þess kostur að taka sæti á því þingi. Það var því eigi samkvæmt Alþingistilsk. 46. gr., er því var haldið fram 1863, að vara-þingmaður skyldi einungis sitja á þingi, þar til aðal-þingmaður kæmi.[1]) En svo mátti vera, að aðal-þingmaður kæmi eigi til Alþingis á réttum tíma, en hefði þó ekki tjáð forföll sín. Þá var álitamál, hversu lengi skyldi bíða hans án þess að vara-þingmaður væri tilkvaddur. Með samgöngum þeirra tíða mátti kjördæmi vel verða þingmannslaust þegar aðal-þingmaður hafði eigi lýst forföllum sínum í tækan tíma, því að skeytum varð ef til vill trauðla komið í fjarlægustu kjördæmi svo snemma, að vara-þingmaður yrði kominn til þings fyrr en undir þinglok. Konungsfulltrúi mun stundum hafa ákveðið frest, viku, samkvæmt 46. gr. Alþtilsk., er bíða skyldi aðal-þingmanns, og ef hann yrði eigi kominn að þeim fresti liðnum, þá skyldi kveðja vara-þingmann.[2])

b) Ef aðal-þingmaður forfallaðist eftir að hann var kominn á þing, vegna sjúkdóms eða annara óviðráðanlegra atburða, þá skyldi hann skýra forseta frá því, og ef þessu fór lengi fram, þá átti forseti að segja konungsfulltrúa til, er þá skyldi kveðja varamann til þingsetu, svo framarlega sem honum er unnt að sækja þingið, 58. gr. Alþtilsk. En þetta fór vitanlega bæði eftir því, hversu langt var liðið á þing og hversu langt var til vara-þingmannsins. Um þingsetu hans fór þá svo sem í a) að framan er sagt.

2. Aðal-þingmaður neitar að taka við kosningu til Alþingis. Í 12. gr. Alþtilsk. er gert ráð fyrir því, að aðal-þingmaður kunni að gera þetta, meðal annars af því að hann hefur áður hlotið kosningu annarstaðar, en þar segir ekki, hvernig þá skuli með fara. Var þá tvennt til: Annaðhvort, að vara-þingmaður kæmi í staðinn eða að kjósa skyldi af nýju. Í 8. gr. Alþtilsk. er eigi ætlazt til þess, að aukakosning fari nokkurn

1) Alþtíð. 1863 II A bls. 12.
2) Alþtíð. 1863 II A bls. 11—12.

tíma fram, þó að sæti þingmanns verði autt, hvernig svo sem á því stendur, svo lengi sem vara-þingmaður er til. Þenna skilning lagði Kancelli einnig í 8. gr., Kanc.br. 18. nóv. 1845, enda sat Árni Helgason biskup á fyrsta þinginu í stað Sveinbjarnar Egilssonar, sem ekki tók við kjöri. Kancellí heldur fram þeim skilningi á 8. gr. Alþtilsk., að aukakosning skuli eigi fram fara, meðan *annaðhvort* aðal-þingmaður eða vara-þingmaður sé til, eins og hér er gert.[1])

3. Ef aðal-þingmaður segir af sér þingmennsku síðar,[2]) deyr, missir kjörgengi, Alþtilsk. 56. gr., eða kosning manns er úrskurðuð ógild,[3]) þá skyldi vara-þingmaður jafnan taka sæti hans, það sem eftir var kjörtímabilsins. Arnljótur prestur Ólafsson hélt því að vísu fram á Alþingi 1865, að þegar aðal-þingmanns missti alveg við, svo sem þegar kosning hans væri ógilt á Alþingi, þá gæti varamaður eigi tekið sæti þar, því að hugsunarrangt væri að tala um vara-þingmann, þar sem enginn aðalmaður væri lengur til. Þessa skoðun aðhylltist Alþingi þó alls ekki, enda fer hún alveg í bág við 8., 46. og sérstaklega 56. gr. Alþingistilsk.

## 49. gr.

### Úrskurður kjörgengis og kosninga.

I. Samkvæmt 47. gr. Alþtilsk. átti konungsfulltrúi, undir eins og Alþingi var sett og áður en nokkuð annað var gjört, bæði að bera upp þær athugasemdir, sem hann kunni að hafa, um gildi kosninga (*„et Valgs Gyldighed"*), og að skora á þingmenn að hafa uppi þær aðfinningar, er þeir vildi gera við kosningar þingmanna, hvort sem aðfinningarnar lyti að því, að þingmenn skyrti kjörgengisskilyrði eða að kjörstjórn hefði hrundið ranglega kosningu annars manns, þ. e. að kjörstjórn hefði lýst mann ranglega kjörinn. Þó að orð 47. gr. í upphafi virðist ekki alveg ótvíræð, þar sem þau virðast helzt takmarka úrskurðarvald þingsins við þessi tvö

1) Sbr. og Alþtíð. 1845 bls. 8—9.

2) Helgi biskup Guðmundsson (Thordersen) sagði af sér þingmennsku (var konungkjörinn) og kom vara-þingmaður, Ólafur prófastur Pálsson, í stað hans, Alþtíð. 1867 II A bls. 5.

3) Stbr. Alþtíð. 1857 bls. 16, 1865 II bls. 453 o. s. frv.

atriði: kjörgengi þingmanns og úrskurð kjörstjórnar um það, hver kjörinn sé, þá er síðar í greininni ætlazt til, að allar aðfinningar um gildi kosningar yfir höfuð skuli bera undir þingið. Og í sömu átt benda ummæli 55. gr. Alþtilsk. Þar er sagt, að Alþingi skeri úr öllum aðfinningum um gildi Alþingiskosninga. Í verki og framkvæmd hefur aldrei verið efi um það, að Alþingi hafi svo víðtækt vald í þessu efni. Ráðuneytin dönsku, er málið var einu sinni borið undir, svöruðu svo, að Alþingi eitt væri bært að úrskurða um gildi kosningar, og að við úrskurð þess yrði að standa, bréf innanríkisráðuneytis Danmerkur 16. maí 1851 og bréf dómsmálaráðuneytis 4. des. s. á. Sjálft hefur Alþingi bæði úrskurðað um kjörgengi þingmanna[1]) eins og 17. gr. Alþtilsk berum orðum segir, að því beri að gjöra, og svo um það, hvort aðferð kjörstjórnar væri svo, að varða ætti ónýtingu kosningar, t. d. um framlagningu og samningu kjörskrár, um fresti og auglýsingu kosningar o. s. frv.[2]), að formanni kjörstjórnar, sem veiktist og ekki gat fengið annan settan fyrir sig nógu snemma, væri rétt að fá sjálfur mann til að stjórna kosningum[3]) o. s. frv. Þetta gilti jafnt um kjör aðalmanna og varamanna.

II. Þá, sem nú, var það, eins og áður getur, síður, að kjörstjórnir gæfi þingmönnum út kjörbréf. Var það yfirlýsing kjörstjórnar um það, að þingmaðurinn hefði verið kjörinn til þingsetu fyrir það kjördæmi næsta kjörtímabil eða hluta af því, ef aukakosning var. Þessi kjörbréf sín sýndu þingmenn svo konungsfulltrúa, þegar þeir komu til Alþingis, því að daginn fyrir þingsetningu skyldi þingmenn vera komnir og ganga fyrir konungsfulltrúa og sýna honum kjörbréf sín, 46. gr. Alþtilsk.[4]) Þingmaður var þó eigi þingrækur ger, þó að kjörbréf hans væri eigi við höndina, ef konungsfulltrúa var kunnugt um kjör hans og eigi voru aðrir gallar á.[5]) Konungsfulltrúi og þingmenn gátu mótmælt gildi kosninga. Kjósendur gátu og að vísu sent Alþingi kæru út af kosningum, en hún komst ekki á framfæri, nema konungsfulltrúi eða einstakir þingmenn tæki hana upp. Það var venjan, að

1) Alþtíð 1865 II A 25.
2) Alþtíð 1859, bls. 4—10, 164, 243, 275 o. s. frv., 1869 II A 69—70.
3) Alþtíð 1865 II A bls. 25.
4) Sbr. t. d. Alþtíð 1853 bls. 11—12.
5) Sbr. Alþtíð 1845 bls. 8.

athugasemdir við kosningar komi fram á fyrsta þingfundi, en þessu var þó ekki allt af svo varið. Ef nýkjörinn þingmaður var þá ekki kominn til þings eða upplýsingar um galla á kosningu komu eigi fyrr en síðar eða varamaður tók sæti eftir þingsetningu, þá voru kosningar úrskurðaðar síðar á þingi.[1]) Konungsfulltrúi stýrði þingfundi, meðan aðfinningar við kosningar voru ræddar og úrskurðaðar, og nefndi sér til skrifara einhvern þingmanna. Ekki var vani að setja nefnd í þessi mál, enda gengu menn þá ekki í kjördeildir, eins og nú. Konungsfulltrúi átti að ráða því, hversu lengi umræður skyldi standa um kosningar. Voru síðan greidd atkvæði um það, hvort kosningu skyldi meta gilda eða ekki. Ef meira en helmingur greiddra atkvæða gekk á móti gildi kosningar, þá skyldi hún ónýt vera. Ef því helmingur greiddra atkvæða eða meira vildi samþykkja kosningu, þá var hún metin gild. ¾ hlutar þingmanna skyldi vera við, eins og ella, samkvæmt 61. gr. Alþtilsk. Ef fleiri voru kærur en ein, var hver rædd út af fyrir sig. Það virðist sem þeir hafi ekki sjálfir greitt atkvæði, er kæra varðaði, um þá kæru, en þar á móti um kærur vegna kosninga annara manna, enda varð það svo að vera, því að annars var möguleiki á því, að allir yrði sviftir atkvæðisrétti um þessi atriði.[2])

III. Ef Alþingismaður missti einhver kjörgengisskilyrði áður en kjörtímabil væri liðið, t. d. hætti að eiga fasteign fyrir 1857, sleppti grasnyt þeirri, sem hann hafði, sbr. tilsk. 6. jan. 1857. o. s. frv. þá skyldi það mál borið upp á Alþingi. Ef þingmaður missti eitthvert kjörgengisskilyrðanna, þá hlaut hann að verða af þingsetu. Þó skyldi maður eigi hafa misst þegar í stað kjörgengi, þótt hann hefði eigi allt af þau fasteignarráð, sem til voru skilin í Alþingistilskipuninni, ef hann hafði fengið hald á annari fasteign innan árs. Samt mátti hann ekki sitja á þingi, ef hann var þá fasteignarlaus, er Alþingi kom saman, 55. gr. Alþtilsk. Hver þingmanna og svo konungsfulltrúi hefur getað borið málið undir umræður á Alþingi og úrskurð þingsins. Ef meiri hluti greiddra atkvæða varð með því að svifta hann þingsetu, þá skyldi hann víkja af þingi, en annars situr hann þar kyrr.

1) T. d. Alþt. 1859 bls. 164, 243, 275, o. s. frv.
2) Sbr. Alþtíð. 1865 II A bls. 5—6.

50. gr.

## Konungkjörnir Alþingismenn.

I. Samkvæmt 2. gr. Alþtilsk. var konungi áskilinn réttur til að nefna allt að 6 af *embættismönnum landsins* til þingsetu, 2 andlegrar stéttar menn og 4 veraldlegrar stéttar, einnig til 6 ára í senn. Skilyrði hér voru þau ein, að þingmaðurinn væri *embættismaður*. Fól það í sér skilyrði um aldur, mannorð, trú, fjárráð, þegnskyldu og búsetu, en forræði fasteignar þurfti embættismaður ekki að hafa. Ennfremur nefndi konungur tvo varamenn, annan andlegrar stéttar og hinn veraldlegrar, til jafnlangs tíma. Áttu þeir að taka þingsæti, ef aðal-þingmaður mátti eigi sitja þing vegna forfalla, 6. gr. Alþtilsk.

Konungkjörnir þingmenn höfðu yfirleitt sömu réttindi og skyldur sem þjóðkjörnir.

II. Í Alþtilsk. er einungis talað um úrskurð *kosninga* til Alþingis. Samkvæmt 47. gr. Alþtilsk. skorar konungsfulltrúi á þingmenn að koma með andmæli sín gegn úrskurðum *kjörstjórna*. *Orð* 47. gr. taka því ekki til andmæla gegn kjöri *konung*kjörinna þingmanna. Eigi virðist 55. gr. heldur ná til konungkjörinna þingmanna, því að þar segir um staðhæfingar um það, að einhver hinna *kosnu* hafi misst einhverra þeirra kosta, er hann skuli hafa til kjörgengis og vitnar í 5. gr. Alþtilsk. En þó mátti vel vera, að konungkjörinn þingmaður missti kjörgengi og hver átti þá að skera úr því? Eðlilegast er, að þingið gerði það sjálft. Aldrei mun hafa til þess komið, svo að séð verði, að vafi hafa orðið á kjörgengi konungkjörins þingmanns, svo að ekki varð tækifæri til þess að leysa úr þessu atriði.

51. gr.

## Réttindi Alþingismanna og skyldur.

I. Hér skulu fyrst taldar skyldur og réttindi þingmanna almennt. Síðan skal vikið að embættismönnum þingsins.

1. Þeim, sem hlotið höfðu kosningu, var skylt að segja til sem fyrst að þeim var unnt, hvort þeir tæki við kjöri, 12. gr. Alþtilsk. Þetta gilti jafnan um innan-kjördæmismenn, en

eftir tilsk. 6. jan. 1857 5. gr. skyldi, sem fyrr segir, sönnur vera leiddar að því, ef utan-kjördæmismaður var kosinn, að hann vildi taka þar við kosningu og hvergi annarstaðar.

2. Sá, er við kjöri tók, hafði þar með tekið á sig skyldu til þess að sækja Alþingi. Enginn þingmaður gat sent annan í stað sinn, 45. gr. Alþingistilsk. Þingmenn áttu að koma daginn fyrir þingsetningu að forfallalausu, enda hefði stiftamtmaður kvatt þá þangað, 46. gr. Alþtilsk. sbr. 39. gr. sömu tilsk. Ef þeir höfðu forföll, þá bar þeim að skýra konungsfulltrúa frá því, 46. gr. s. tilsk. Meðan þing stóð, var hverjum þingmanni skylt að sækja þingfundi og skýra forseta þingsins frá forföllum sínum, ef þeir máttu eigi sitja fund, 58. gr. Alþtilsk. Þingmönnum var skylt að taka við kjöri þingsins í forsetastól eða skrifara og að hlýðnast úrskurðum forseta, 54. og 60. gr. Alþtilsk., ganga í nefndir samkvæmt kosningu þingsins, vera formaður nefndar eða framsögumaður eftir ákvörðun nefndar, sbr. 63., 64., 65. og 70. gr. Alþtilsk. Það er ekki sagt berum orðum, að þingmönnum sé skylt að greiða atkvæði í hverju máli, er leysa skyldi úr, meðan þeir sitja á þingfundi, en það leiðir af eðli málsins, að svo hlaut að vera, nema forseti úrskurðaði þeim rétt að skorast undan atkvæðagreiðslu vegna sérstakrar afstöðu sinnar við mál eða aðilja þess. Ef þingmaður vanrækti þingskyldur sínar, þá voru engin bein ráð til þess að knýja hann til þess. Ef hann kom eigi til þings, þá kom vara-þingmaður í stað hans, svo að hann varð af þingsetu að því sinni, 46. gr. Alþtilsk. Langvarandi vanræksla á þingfundasókn kynni að geta haft sömu verkanir, sbr. 58. gr. Alþtilsk. Ef þingmaður hafði eigi hlýðnazt úrskurði forseta, þá voru engin sérstök ráð við því önnur en slíta fundi. Forseta var eigi veitt vald til að svifta þingmann dagkaupi, þótt hann bryti skyldur sínar. Hefur og sjálfsagt ekki komið til þess.

3. Margt af því, sem telja má til skyldna á aðra hliðina, felur í sér réttindi á hina. Jafnframt skyldunni til að sitja á þingi gengur *rétturinn* til þess. Svo er og um skyldu til að ganga í nefndir. Það er líka *réttur,* sem þingmanni ber. Svo var þingmönnum rétt að athuga kosningu hver annars, 47. gr. Alþtilsk., hvort þingmaður hefði misst kjörgengi, 55. gr. sömu tilsk., kjósa embættismenn þingsins, 48. og 52. gr. Alþ-

tilsk., bera fram frumvörp á þingi, gera breytingartillögur eða viðaukatillögur við þau, 59. sbr. 62. gr. sömu tilsk., bera fram kvartanir út af rangsleitni, er hann telur einstaka menn hafa orðið fyrir, 77. gr. Alþtilsk., taka til máls í hverju máli, sbr. 47., 59. og 71. gr. Alþtilsk. o. fl. Þingmenn voru einungis bundnir við sannfæringu sína, en eigi við áliti kjósenda sinna. Þó gátu íbúar kjördæmis krafizt þess af þingmanni sínum, að hann bæri fram á Alþingi umsóknir þær og kvartanir, sem þeir óskuðu, að lagðar yrði fyrir þingið, en stuðning var honum óskylt að veita þessum málum kjördæmismanna sinna, nema það væri í samræmi við skoðanir hans, 59. gr. Alþtilsk.

Samkvæmt 79. gr. Alþtilsk. gátu þingmenn gert reikning yfir þingkaup sitt. Skyldi þeir fá 3 ríkisbankadali um hvern dag, er þeir þurftu til þingfarar, frá því að þeir fóru að heiman og þangað til þeir komu aftur heim. Þetta var dagkaup þeirra (Þingfararkaup). Einnig áttu þeir að fá greiddan *ferðakostnað* eftir sanngjörnum reikningi. Var hvorttveggja greitt úr jarðabókarsjóði samkvæmt ávísun forseta, sem athugaði þingkostnaðar-reikninga þingmanna, sbr. Kanc.br. 3. nóv. 1846 og 16. marz 1847. Í Kanc.br. 16. marz 1847 má sjá það, að til umræðu hefur komið, hvort greiða skyldi manni búsettum í Danmörku — en það var þá að eins Jón Sigurðsson, — fullan ferðakostnað og kaup fyrir alla þá daga, sem hann var á leiðinni til þings og heim aftur. Samkv. 79. gr. Alþtilsk. átti sá þingmaður vitanlega jafna heimtingu til þessara greiðslna og aðrir þingmenn, enda sá Kancelli sér eigi fært að draga af honum kaup eða ferðakostnað, eins og Rentukammer vildi. Niðurstaðan varð sú, að ekkert skyldi sérstaklega gert í þessu máli, nema að lýsa því yfir, að forseti hefði vald til að athuga reikninga þingmanna og fá úrlausn þingsins, ef honum virtist eitthvað orka tvímælis. Ennfremur var það talið heimildarlaust í bréfi dómsmálastjórnar 11. apr. 1862 að reikna þingmönnum í Reykjavík dagkaup fyrir einn dag fyrir þing og einn dag eftir, eins og sagt er, að gert hafi verið.

II. Alþingi kjöri sér *forseta* sinn og *varaforseta,* 48. gr. Alþtilsk. Jafnskjótt sem þingið hafði ráðið til lykta deilum um þingmannakosningar, gekkst elzti maður þingsins fyrir

kosningu forseta. Fór sú kosning svo fram, að þingmaður hver skyldi rita á seðil nafn þess þingmanns, sem hann kaus. Aldursforseti kýs sér tvo skrifara, er skráir á þingmannalistann, sem þá var og prentaður með nöfn þeirra í stafrófsröð, atkvæðin, sem hver hlaut, aftan við nafn hans. Sá, er flest fær atkvæði og þó að minnsta kosti ⅓ allra greiddra atkvæða, var lýstur réttkjörinn forseti og gengur síðan til forsetastóls. Ef enginn fékk svo mörg atkvæði í fyrstu atrennu, skyldi kjósa í annað sinn með sama hætti. Nú hlaut enginn enn ⅓ greiddra atkvæða, þá skyldi reynt í þriðja sinn, en þá skyldi einungis kjósa um þá þrjá, er í annari kosningu höfðu flest atkvæði hlotið. Ef fleiri en þrír höfðu jöfn atkv. eftir 2. kosningu, skyldi fyrst kjósa um þá alla, en ef jöfn voru atkvæði enn, þá skyldi kjósa um hina þrjá elztu mennina af þeim, sem jöfn höfðu atkvæðin. Ef 2 eða 3 fengu hver ⅓ greiddra atkvæða við einhverja prófraun, þá átti einu sinni að kjósa um þá, en ef enn voru jöfn atkvæði, þá skyldi sá elzti verða forseti. Sama hefur verið ef 2 fengu ⅓ eða fleiri atkvæði, og jöfn báðir. Hlutkesti tíðkaðist því ekki, þótt menn fengi jafnmörg atkvæði, því að sá eldri eða elzti að áratali gekk fyrir, sjá 48. gr. Alþtilsk.

Jafnskjótt sem forseti er kominn í forsetastól, lætur hann velja *varaforseta,* og fer um þá kosningu sem áður segir um forsetakjör. Vara-forseti gegnir störfum forseta í forföllum hans, svo og ef forseti vill taka þátt í umræðum um eitthvert þingmál, 50. og 51. gr. Alþtilsk. Kjörið gilti eitt þing í senn, 54. gr. Alþtilsk. Sá, er kjörinn var Alþingisforseti, var vitanlega venjulega þá kominn til Alþingis og á fyrsta þingfundi. En 1863 var þó maður kosinn forseti (Halldór prófastur Jónsson á Hofi), þótt hann væri ekki þá kominn til þings. Aldursforseti stóð þá líka fyrir kosningu varaforseta (Jóns ritstjóra Guðmundssonar). Var nokkuð deilt um, hvort þetta væri rétt og svo hvort varaforseta væri skylt að stýra þingi, þegar hinn kjörni forseti hafði alls ekki komið til þings. Jón Guðmundsson tók þó við þingstjórn, þar til forseti kom, samkvæmt tilmælum konungsfulltrúa.[1])

Alþingisforseti stýrði þinginu. Því skyldi hver þingmaður, sem eitthvert erindi hafði fram að flytja, snúa sér með það

1) Alþtíð. 1863 II A bls. 8.

til forseta. Forseti ákveður, venjulega í fundarlok, næsta fund og ákveður dagskrá. Forseti hafði sér jafnan við hönd skrifara (einkaskrifara), sem annaðist skrifstofustörf þingsins, líkt og skrifstofustjórar þingsins eftir 1874. Kaup þessara einkaskrifara taldist auðvitað til Alþingiskostnaðar. Forseti gat tekið þátt í umræðum, en ekki var venja að kjósa hann í nefndir og ekki hafði hann atkvæðisrétt. Forseti átti að sjá um, að þingfundir færi fram vel og skipulega, enda var þingmönnum skylt að hlýða úrskurðum hans um þingsköp og rækslu þingmála. Hann átti að gera sitt til að flýta fyrir þingmálum, 49. og 62. gr. Alþtilsk. Nefndarálit skyldi fá forseta í hendur, og átti hann að sjá um, að þau lægi frammi 3 daga áður málið væri tekið á dagskrá, 68. gr. Alþtilsk. Forseti stjórnaði atkvæðagreiðslum, ákvað tilhögun atkvæðagreiðslu og úrskurðaði um niðurstöðu hennar, sbr. 69., 70., 71., 73. og 74. gr. Alþtilsk. Forseti undirritaði álitsskjöl þingsins og afgreiddi þau svo til konungsfulltrúa, 76. gr. s. tilsk. og skyldi votta um þýðingu þeirra á dönsku og svo um þýðingu gjörðabókar þingsins á það mál, 43. gr. Alþtilsk. Hann hafði umsjón með störfum þingskrifara og undirritaði gjörðabók þingsins og hafði eftirlit með útgáfu Alþingistíðindanna, eins og nánar verður síðar að vikið. Einnig átti hann að athuga dagkaupsreikninga og ferðareikninga þingmanna, eins og áður er sagt, ávísa þeim og öðrum Alþingiskostnaði, meðan þing stóð, sbr. bréf dómsmálastjórnar Danmörkur 10. marz 1863.

Það var einsætt, að forseti átti þingfararkaup og kröfu til ferðakostnaðar eins og aðrir þingmenn. Fyrir forsetastörf sín í þarfir þingsins, meðan það stóð, átti hann ekki sérstakt endurgjald. En auk þess hafði forseti nokkrum störfum að gegna í þarfir þingsins eftir þinglok, svo sem að þýða gjörðabók þingsins á dönsku, meðan það var gert hér, umsjón eigna þingsins o. s. frv. Fékk forseti nokkra þóknun fyrir þessi störf — eða varaforseti, ef forseti var ekki í Reykjavík, þegar þessi störf voru unnin — og fór kaupið framan af hækkandi. Fyrir aukastörf eftir fyrsta þingið, 1845, fékk Þórður Sveinbjörnsson dómsforseti, að því er segir 1863, 15 rbd., en í Kanc.br. 9. nóv. 1847 segir þó, að hann muni eiga 3 rbd. um dag hvern, er hann hafði dvalizt í þarfir þingsins frá heimili sínu, en þeir voru 12 eftir því sem þar segir, svo að hann hefði átt að fá 36 rbd. alls. 1859 er þessi þóknun til forseta sögð hafa verið

203 rbd. og 1861 186 rbd. o.s. frv.[1]) Endurskoðunardeild danska fjármálaráðuneytisins var að rekast í þessari þóknun um 1860, þó að því mætti hún varla við koma, enda var upphæðin greidd sem annar Alþingiskostnaður með Alþingistollinum. Varð út úr þessu nokkur rekistefna og bréfaskifti milli stiftamtmanns og dómsmálastjórnar Danmerkur, sbr. bréf hennar 11. apríl 1862 og 10. marz 1863. Vildi stiftamtmaður láta ákveða þóknun þessa 50 rd. hvert þing, því að honum þótti hún hafa orðið ofhá. Endirinn varð, að þetta stórmæli var lagt fyrir þingið 1863, og vildi það enga breytingu gera frá því, sem verið hafði, og við það sat, sbr. bréf dómsmálastjórnar Danmerkur 13. júni 1864.

2. Eftir að varaforseti var kosinn átti forseti að láta kjósa tvo Alþingisskrifara. Skyldi hver þingmanna rita nöfn tveggja þingmanna á seðil, þeirra, er hann vildi kjósa, en að öðru leyti skyldi þessi kosning fara sem forsetakosning. Ef enginn fekk ⅓ hluta greiddra atkvæða að minnsta kosti, þá hefur verið kosið milli þeirra þriggja, sem flest fengu atkvæði. En ef annar fekk nógu mörg, þá hefur verið kosið um þá þrjá er næst fengu atkvæði. Ef þrír fengu ⅓ atkvæða hver, þá urðu tveir þeir elztu skrifarar o .s. frv., sjá 52. gr. Alþtilsk. Skrifarar voru kosnir til eins þings í senn. Var hverjum þingmanni skylt að taka við kjöri, nema þingið leysti hann undan því, 54. gr. Alþtilsk.

Þingskrifarar áttu að halda *dagbók* yfir öll mál, sem til þingsins komu. Í dagbók var getið allra skjala, sem til þingsins komu, og skýrt frá gangi hvers máls á þingi, t. d. hvenær umræður voru um það, hvenær skipuð nefnd, hvernig og hvenær það var afgreitt o. s. frv. Þeir áttu og að halda *gjörðabók* þingsins, þar var getið þingsetningar, embættismannakosninga þingsins og þingslita; þar var skráð skýrsla um öll þau mál, sem tekin voru til meðferðar á þingfundi, hvaða skjöl voru fram lögð þingmönnum til yfirsýnar, ef þingmenn lýstu forföllum, hvaða nefndir voru skipaðar og hverjum, hvernig atkvæðagreiðsla fór, þar á meðal nafnakall, er það var haft, hverir tóku til máls, hvað á dagskrá væri tekið til næsta fundar og hvenær hann var ákveðinn. Vitanlega gátu þingskrifararnir gert uppkast að gjörðabók á

1) Alþtíð. 1863 II B 1147 o. s. frv.

þingfundi og síðan látið utanþingsskrifarana hreinrita gjörðabók á eftir. Í upphafi þingfundar átti að lesa upp gjörðabók næsta fundar á undan, ef hún var til búin. En það var eigi allt af, ef hún var sérstaklega löng. Forseti skoraði þá á þingmenn að gefa sig fram, ef þeir hefði athugasemdir að gera við fundargerðina. Ef engar athugasemdir komu fram, skrifuðu bæði forseti og skrifarar nöfn sín undir undir hana. Ef þingmaður sýndi fram á, að rangt væri bókað, þá átti auðvitað að lagfæra það með bókun í fundargjörð þess fundar, er hin fyrri fundargjörð var lesin upp á. Alþingisskrifararnir áttu ennfremur að semja öll álit og önnur bréf fyrir þingið, er frá því átti að senda. Ef nefnd hafði haft mál til meðferðar, og þingið féllst í öllu verulegu á álit nefndarinnar, þurftu þingskrifarar þó ekki að semja það álit, sem þingið lét að lokum frá sér fara. Einnig gat þingið falið hverjum öðrum þingmanna að semja álitsskjal fyrir sig. Álit það, er þingið hafði afgreitt, undirritaði svo forseti og skrifari sá, er gert hafði það úr garði, eða sá annar, sem það hafði gert. Alþingisskrifararnir áttu og að votta um þýðingu gjörðabókar þingsins á dönsku, ásamt forseta, 43. gr. Alþtilsk. Alþingisskrifurunum var líka heimilt að skifta með sér störfum með samþykki forseta, 53. og 76. gr. Alþtilsk. Skrifararnir voru aðstoðarmenn forseta og undir hann gefnir um störf sín. Auðvitað máttu þeir taka þátt í umræðum og atkvæðisrétt höfðu þeir, sem aðrir þingmenn, 53. gr. Alþtilsk. Skrifstofustörf þau, er vinna þurfti fyrir þingið, meðan það stóð, og afgreiðslur þess, gátu orðið svo umfangsmikil, að þingskrifurunum yrði þau ofverk. Forseta var því veitt heimild til þess að taka áreiðanlega utanþingsmenn til að halda bréfabók þingsins og gera eftirrit fyrir það, 53. gr. Alþingistilsk. Voru slíkir utanþingsskrifarar oft teknir, að minnsta kosti þegar fram í sótti.

Líklega hefur verið til þess ætlazt í upphafi, að Alþingisskrifarar ritaði upp ræður þingmanna á þingfundum. En vart hefir það þó komizt í framkvæmd, nema allra fyrst, er menn deildu um gildi kosninga. Virðist þá sem eigi hafi allt af á fyrstu árum þingsins verið þegar teknir utanþingsskrifarar, þó að vera megi, að svo hafi verið. En hitt er alveg víst, að Alþingisskrifararnir skrifuðu ekki ræður þingmanna annars, enda hefði þeim orðið það algert ofverk.

Konungsfulltrúa var því heimilað að taka þingskrifurum aðstoðarmenn eftir þörfum, 53. gr. Alþtilsk. Þetta gerði hann allt af, að því er virðist stundum alveg á eindæmi sitt, en stundum í samráði við forseta. Það var jafnvel ekki dæmalaust, að einstakur Alþingismaður fyndi opinberlega á þingfundi að ráðstöfunum konungsfulltrúa í þessu efni.[1]) Það fór algerlega eftir þörfum, hversu margir utanþingsskrifarar voru teknir, tveir hið fæsta og oft fleiri, einkum þegar fram á þing kom. Utanþingsskrifarar gerðu uppkast að ræðum þingmanna, eins og nú tíðkast, og leiðréttu þingmenn síðan uppköst skrifaranna. Það virðist yfirhöfuð ekki hafa verið starf hinna þingkjörnu þingskrifara að ganga frá ræðum eða búa þær til prentunar. Sbr. 3. að neðan.

3. Samkvæmt 78. gr. Alþtilsk. kaus Alþingi 2 þingmenn til þess að sjá um útgáfu Alþingistíðindanna, ásamt forseta. Þessa menn má telja meðal embættismanna þingsins. Var það kallað svo, að þeir væri kosnir í ritnefnd Alþingistíðindanna. Þessir menn höfðu þann starfa á hendi að búa Alþingistíðindin undir prentun, sem hefur aðallega verið fólgin í réttri röðun efnisins, prófarkalestri og samningu efnisskrár. Fyrir þetta starf fengu þeir þóknun, sem greidist með sama hætti og annar Alþingiskostnaður.

## 52. gr.

## Konungsfulltrúi.

Áður en við skipun þingsins er skilizt, verður að minnast nokkuð á *fulltrúa konungs* á Alþingi Íslendinga.

1. Samkvæmt 41. gr. Alþtilsk. nefndi konungur áður en þing væri sett fulltrúa (commissarius) fyrir sig á þinginu. Búast hefði mátt við því, að konungur setti stiftamtmann fulltrúa sinn á Alþingi, enda hefði það verið vel viðeigandi, ef sá maður hefði verið fær í íslenzku, því að hann var fulltrúi konungsvaldsins á Íslandi milli þinga og æðsti embættismaður umboðsvaldsins á landinu. Það var þó alls eigi föst venja, að stiftamtmaður væri konungsfulltrúi á Alþingi. Bardenfleth, er áður hafði verið stiftamtmaður hér, var konungs-

1) Alþtíð. 1863 II A 13—14.

fulltrúi á þingunum 1845 og 1847. En landsmenn ömuðust nokkuð við því, að konungsfulltrúi væri maður, sem ekki mætti mæla á íslenzka tungu.[1]) Rosenörn stiftamtmaður vildi því vera laus við þenna starfa, og varð Páll Melsted amtmaður þá konungsfulltrúi og hélt starfanum til 1859. Síðan var Þórður Jónasson yfirdómsforseti konungsfulltrúi á þingunum 1861—1865. Svo var Hilmar Finsen það á ráðgjafarþingunum 1867—1873. Íslenzkur maður var að því leyti heppilegri, að hann kunni íslenzka tungu og fyllri skil á landsmönnum og landsháttum. Ef svo bar við, að konungsfulltrúa missti við, þá hlaut stiftamtmaður að genga í stað hans, þar til annar yrði nefndur, eins og 1849, er Páll Melsted var ekki kominn til Reykjavíkur í öndvert þing og stiftamtmaður setti því þingið, og 1861, er settur stiftamtmaður, Þórður Jónasson dómsforseti, gegndi störfum konungsfulltrúa af því að Páll Melsted var þá andaður, og enginn hafði verið nefndur konungsfulltrúi í staðinn. Annars segir í 41. gr. Alþtilsk., að konungur nefni fulltrúa sínum annan embættismann til varamanns, er komi í stað hans í forföllum hans og annars eftir beiðni hans. Annarskostar hlaut konungsfulltrúi sjálfur að setja mann í stað sinn á þingi í forföllum sínum.[2]) Þegar danskir menn voru konungsfulltrúar, hlutu þeir að hafa sér íslenzkan aðstoðarmann vegna vankunnáttu sinnar í íslenzkri tungu. Einkaritara hafði konungsfulltrúi líka. Bardenfleth stiftamtmaður fekk kgsúrsk. um þetta 19. apr. 1845. Sagði hann sér nauðsynlegt að hafa einkaritara á þingi bæði til að rita þær athugasemdir á þingfundum, er nauðsynlegar yrði, og til að annast bréfagerðir sínar í sambandi við Alþingi. Konungsfulltrúi fekk skipunarbréf hverju sinni og lagði það fyrir þingið, stundum þó eigi fyrr en þingmenn höfðu beiðzt þess að sjá það.[3])

Konungsfulltrúi fekk dagkaup og ferðakostnað. Sama var um aðstoðarmann hans og einkaritara. Þenna kostnað allan átti upphaflega að greiða úr jarðabókarsjóði, án þess að til endurgreiðslu kæmi af Alþingistollinum, kgsúrsk. 23. apr. 1845 (Kanc.br. 30. s. m.). En í raun og veru hefði þessi kostnaður líka fallið á landsmenn, því að jarðabókarsjóður átti að fá

1) Alþtíð. 1845 bls. 104, 1847 bls. 835.
2) Alþtíð. 1865 I A bls. 453.
3) Alþtíð. 1863 II A bls. 13—14.

Alþingiskostnaðinn endurgoldinn — honum skyldi jafna á landsmenn — og hætt við, að sérstaki kostnaðurinn vegna konungsfulltrúans hefði ekki verið dreginn frá, áður en ákveðið var, hversu mikið þyrfti að endurgreiða. Fjármáladeild Danmerkur sá þetta og gat þess réttilega, að kostnaður af konungsfulltrúa félli — gagnstætt því, sem til hefði verið ætlazt — á Ísland, og lagði því til, að hann yrði greiddur úr ríkisfjárhirzlunni (Finanskassen), eins og samsvarandi kostnaður á Hróarskeldu-þingi. Var nú gefinn út nýr konungsúrskurður 27. febr. 1846, og var ákveðið í honum, að allur kostnaður vegna konungsfulltrúa, þar á meðal kaup og ferðakostnaður aðstoðarmanns hans, er hafa átti 3 rbd. á dag, skyldi greiddur beint úr ríkisféhirzlu Danmerkur og bókaður meðal óvissra gjalda danska ríkisins. Átti þessi kostnaður því ekki að teljast með Alþingiskostnaði. En þessari reglu var þó ekki fylgt, því að 1857 er allur kostnaður vegna konungsfulltrúa, yfir 1000 rd., greiddur úr Jarðabókarsjóði og sagt, að hann teljist með Alþingiskostnaði, bréf dómsmálastjórnar Danmerkur 21. nóv. 1857.

2. Konungsfulltrúi kallaði ekki saman Alþingi, en honum var skylt að vera kominn á þingstað fyrir þingsetningu, ef hann átti heima utan Reykjavíkur. Þingmenn áttu að ganga fyrir hann fyrir þingsetningu og sýna honum kjörbréf sín, þeir er nýkosnir voru, og þeir, sem ekki gátu komið, áttu að skýra honum frá því, svo að hann gæti kvatt vara-þingmenn í stað þeirra, 46. gr. Alþtilsk. Konungsfulltrúi setti þingið, 42. gr. Alþtilsk., skoraði á menn að lýsa athugasemdum sínum um kosningar þingmanna, og stýrði fundi, meðan kosningar voru ræddar og úrskurðaðar, 47. gr. Alþtilsk. Að því loknu skoraði hann á aldursforseta að stýra fundi unz forseti var kosinn. Eftir það hafði konungsfulltrúi ekki þingstjórn, heldur forseti, að öðru en því, að honum bar að gæta þess, að þingið héldi áfram störfum sínum, svo að því mætti verða lokið á réttum tíma. Þó að tími þingsins væri lögmæltur, þá gat konungur veitt fulltrúa sínum heimild til að lengja þingtímann ákveðið eða eftir því, sem þörf krafði, enda frestaði konungsfulltrúi, ef brýn þörf var, þingslitum, og var sú ráðstöfun hans þá samþykkt síðar.[1]) Ef þingmaður missti

1) Svo var 1849, sbr. bréf innanríkisráðuneytis Danmerkur 29. sept. 1849.

kjörgengi, eða forfallaðist til lengdar, þá átti konungsfulltrúi að kveðja varamann hans til þingsetu, 56. og 58. gr. Alþtilsk. Hann réð utanþingskrifara, 53. gr. Alþtilsk. Konungfulltrúi sat alla þingfundi og gat tekið til máls svo oft sem hann vildi, en atkvæðisrétt hafði hann ekki, 44. gr. Alþtilsk. Þó átti konungsfulltúri ekki að vera við atkvæðagreiðslu, sem fór fram eftir að umræður hafa farið fram um mál samkvæmt 74. gr. Alþtilsk. eða þegar gengið er frá álitsskjölum eftir 76. gr. s. tilsk. Konungsfulltrúi lagði erindi konungs fyrir þingið, svo sem frumvörp til laga, skýrslur um lyktir þær, sem orðið höfðu á málum, er síðasta þing hafði afgreitt frá sér, gaf svör við fyrirspurnum og skýringar á þeim málum, er lögð voru fyrir þingið af konungs hálfu. Hann átti líka að fylgjast með gjörðum þingsins, og átti forseti því að láta honum í té eftirrit af þeim erindum, sem einstakir þingmenn báru upp. Þingið átti að beina til hans fyrirspurnum um opinber mál og svaraði hann þeim, ef honum þótti sér það fært. Hann tók við öllum erindum og tillögum, sem Alþingi afgreiddi til konungs og var yfirhöfuð milligöngumaður milli Alþingis og konungsvaldsins, sjá 44., 62., 69. og 76. gr. Alþtilsk. Konungsfulltrúi átti loks að hafa eftirlit með útgáfu Alþingistíðindanna, 78. gr. Alþtilsk.

Staða konungsfulltrúa var allvandasöm, einkum þegar stórmál voru á ferðinni, eins og oft var á þessu tímabili, sem kunnugt er. Þá stóð stjórnarbaráttan sem hæst við Dani, þá var fjárhagsmál Íslands og Danmerkur á döfinni, þá var fjárkláðamálið og verzlunarmálið til meðferðar, o. s. frv. Konungsfulltrúi mátti hvorki segja of lítið né of mikið. Honum var ef til vill kennt um mögur málalok á Íslandi, og hann mátti búast við, að orð hans yrði að engu höfð hjá öðrum ráðamönnum konungsvaldsins, ef hann sagði hér annað eða meira en þeim þótti henta. Staða konungsfultlrúa var svipuð stöðu landshöfðingja á Alþingi eftir 1874. En sá var þó munur, að þingseta af hendi konungsvaldsins fylgdi beinlínis landshöfðingja-embættinu, en konungsfulltrúa-starfið fylgdi ekki neinu sérstöku embætti.

## II. kafli.

## Starfshættir Alþingis.

### 53. gr.

### Þingstaður. — Þingtími. — Þingsetning. — Þingslit.

I. Þess var áður getið að nokkru (43. gr. II. 6), hversu miklar og harðar deilur urðu meðal Íslendinga um Alþingisstaðinn. Þar var þess og getið, að Reykjavík var ákveðinn þingstaður. Þetta er svo orðað í 40. gr. Alþtilsk., að Alþingi skuli halda í Reykjavik „indtil videre“ (þ. e. fyrst um sinn). Var tilætlunin, að láta Alþingi sjálft gera tillögu um breytingu á þessu, þá er því þætti þess kostur. Enda þótt allt fram á áratuginn milli 1850 og 1860 væri smámsaman að koma bænarskrár úr ýmsum áttum af landinu um flutning þingsins á Þingvöll, þá var þó engin gangskör gerð að málinu á Alþingi. Hrakspár þær, er gengu áður en þingið var stofnsett um þinghald í Reykjavik, rættust ekki. Bændur nutu sín á þinginu allt eins vel og þeir mundi hafa gert á Þingvelli, og þeir komu sér fyrir í Reykjavík hjá sæmilegu fólki. Þingið reyndist alveg eins þjóðlegt og það hefði orðið á Þingvelli, því að það var jafnan á verði um réttindi landsins. Það var því engin von til þess, að menn færi að gera tillögur á Alþingi um flutning þingsins frá Reykjavik. Þar var þinginu líka séð fyrir sæmilegum húsakynnum í hinum nýja og reisulega latínuskóla, bæði til fundarhalda, skrifstofu og skjalageymslu, er vel máttu nægja fyrst framan af. Var þingið líka háð á sama stað og í sömu húsakynnum allt þetta tímabil, eins og kunnugt er.

II. 1. Fyrsta sinni, er Alþingi skyldi heyja, áskildi konungur sér að tiltaka daginn, þegar þing skyldi hefjast, 39. gr. Alþtilsk. Var dagurinn ákveðinn, eins og fyrr segir, með opnu bréfi 6. marz 1844, 1. júlí árið 1845. En framvegis var þingsetningardagurinn ákveðinn *fyrsti virkur dagur í júlímánuði annað hvert ár*. Með því að fyrsta þingið var háð 1845, þá komu öll ráðgjafarþingin á stöku árin. Þing var líka háð öll

þau ár til og með 1873, að árinu 1851 undanteknu, enda var Þjóðfundurinn haldinn það ár. Þó að þingár og þingtími væri með þessum hætti ákveðinn, þá átti stiftamtmaður þó að kveðja þingmenn til fundar nægum tíma áður en þing skyldi hefjast, 39. gr. Alþtilsk. En vafalaust hefur þingmönnum verið skylt að koma til þings á tilsettum tíma, þó að kvaðning stiftamtmanns næði þeim ekki á réttum tíma. Þeir áttu að vísu að ganga um þinghald annað hvert ár fyrsta virkan dag júlímánaðar. Þó eru þess dæmi, að 3 þingmenn, er eigi komu til Alþingis 1853, báru sig upp undan því, að kvaðning stiftamtmanns til þeirra um þingför hafi eigi komið fyrr en í október þ. á. Stiftamtmaður sýndi fram á það, að hann hefði sent kvaðninguna frá sér í apríl, en þannig voru bréfaskil á þessum árum, sjá bréf innanríkisráðuneytis Danmerkur 9. júní 1854. Þessir 3 þingmenn hafa sýnilega litið svo á, að þeim væri hvorki rétt né skylt að taka sig upp til þingfarar, nema kvaðning stiftamtmanns kæmi áður til.

2. Sá tími, er Alþingi skyldi standa, var ákveðinn 4 vikur í 39. gr. Alþtilsk. Þessi tími varð í framkvæmd sá skemmsti tími, er þing stóð, enda var því veitt með ákvæði þessu réttur til að sitja að minnsta kosti þessar 4 vikur. Þingslit fyrir þann tíma voru því óheimil, nema öllum störfum þingsins væri þá lokið. En menn gerðu þegar í öndverðu ráð fyrir því, að lögmæltu 4 vikurnar mundi ekki allt af reynast nægar til þess að þingið fengi lokið störfum sínum. Því er veitt fyrirheit um það, að þingtíminn kunni að verða lengdur, ef ástæða þyki til þess. Þess var og skammt að bíða, að það yrði gert. Þegar á fyrsta þingárinu, 1845, var ráð gert fyrir þörf á lengingu þingtímans, því að sýnt þótti, að þingmenn, er þá voru þingstörfum óvanir, mundi ekki fá þingstörfum lokið á svo skömmum tíma. Konungsfulltrúa var því heimilað með kgsúrsk. 23. apríl 1845 að lengja þingtímann um allt að 14 dögum. Stundum gerði konungsfulltrúi þetta með ráði forseta „upp á væntanlegt samþykki“ konungs, eins og 1849, er hann lengdi þingtímann um 8 daga, og fekk auðvitað konungsstaðfestingu á þá ráðstöfun á sínum tíma, bréf innanríkisráðuneytis Danmerkur 29. sept. 1849. Þingið stóð annars allt af eitthvað fram í ágúst, oft til 5. til 8. þess mán. 1867 og 1869 stóð það fram til 12. og 13. september, og olli því stjórnskipunarmálið. Síðustu þing-

in, 1871 og 1873 stóð þing þar á móti með skemmsta móti, að eins til 2. ágústmánaðar. Það bar við þá, eins og nú, að þingmönnum sjálfum þótti þing standa helzt til lengi. 13. ág. 1861 er t. d. lagt fram bréf 7 þingmanna, þar sem þeir kveðast eigi munu lengur sitja á þingi en til 16. s. m. Þótti þeim þingmálum miða lítt áfram. En á þessu bili komu mörg mál úr nefndum, svo að þeir lýstu yfir því, að þeir mundi eigi gera alvöru af heimförinni meðan þing stæði.[1]) Auðvitað var þingmönnum skylt að sitja þingið frá upphafi til enda, nema nauðsynjar bannaði. Brottför þingmanns af þingi fyrir þinglausnir án leyfis forseta, ef um skamman tíma var að gera, eða þingsins sjálfs, var því stórfellt skyldubrot.

III. Samkvæmt 42. gr. Alþtilsk. átti að halda opinbera guðsþjónustu áður en Alþingi væri sett. Það varð vani, sem jafnan hefur haldizt, að guðsþjónusta færi fram í dómkirkju þjóðkirkju landsins í Reykjavík. Sá hefur og verið háttur á, að biskup hefur, að fyrirlagi stiftamtmanns, fengið einhvern prestvígðan mann til þess að prédika við þetta tækifæri. Alþingistíðindin hefur jafnan á skýrslu um þessa guðsþjónustu, hvenær og hvar hún var haldin, hver prédikaði og hvaða texta hann hafði valið sér. Að guðsþjónustu lokinni gengu Alþingismenn með konungsfulltrúa í broddi fylkingar til fyrsta þingfundar. Setti konungsfulltrúi þá þingið í nafni konungs. Ef þingið var kvatt saman með sérstöku konungsbréfi, eins og 1845, var það lesið í heyranda hljóði. Konungsfulltrúi var vanur að halda ræðu við þingsetningu, sem þingtíðindin voru látin flytja. Þá var tízka að hrópa konungi heillaósk, eins og enn er gert. Síðan voru kosningar þingmanna athugaðar, ef því var að skifta. Þá gekk aldursforseti til forsetasætis samkvæmt áskorun konungsfulltrúa og stýrði kosningu forseta. Þá gekk sá í forsetastól, er forseti var kjörinn, og stýrði kosningu varaforseta og þingskrifara, sbr. 48. og 54. gr. Alþtilsk.

Þingsetning hafði þá verkun, að hverjum þingmanni var síðan skylt að sækja þingfundi, meðan þing stóð, og inna þau störf af hendi, sem í þingsköpunum er mælt og þingið felur honum. Og þingið á auðvitað rétt á því að fá að vinna verk þau, sem því er lögum samkvæmt ætlað að vinna. Þó voru engin sérstök ákvæði í Alþingistilskipuninni um friðhelgi

1) Alþtíð. 1861 1414 og 1660. dálki.

þingsins né friðhelgi þingmanna. Stjórnarvöld landsins höfðu ekkert boð- eða bannvald gagnvart Alþingi. Stiftamtmaður hafði því engin slík skifti af þinginu. Hitt var annað mál, að hann gat verið konungsfulltrúi á þingi og hafði þá þau skifti af þinginu og við þingið, sem konungsfulltrúa bar að hafa.

IV. Þegar liðinn var sá tími, sem í 39. gr. Alþtilsk. segir, eða sá tími, sem Alþingi hafði verið ákveðinn í viðbót við hann, þá var Alþingi slitið. Eins og fyrr segir, þá varð lögmælti tíminn venjulega of skammur, svo að lengja varð þingtímann, svo að þingið mætti lúka störfum sínum. Þingslitum lýsti konungsfulltrúi í nafni konungs. Í lok þingslitafundar voru bæði konungsfulltrúi og forseti vanir að halda ræðu, þar sem þeir minntust helztu mála, sem rædd höfðu verið á þingi, þökkuðu samvinnu og árnuðu loks þingmönnum allra heilla og góðrar heimfarar.

Þingslit höfðu þær verkanir, að þá féllu niður störf þingsins. Mál, sem þingið hafði eigi afgreitt til fulls frá sér, lágu í salti og varð að taka þau upp eins og alveg óhreyfð mál, ef síðari þing hugðust að afgreiða þau. Þingmenn voru nú frjálsir ferða sinna og bjuggust því skjótt til heimferðar.

## 54. gr.

## Þingsköp.

I. *Þingmálið.* Eins og áður getur, var það krafa flestra Íslendinga, að allt færi fram á *íslenzku* á Alþingi, hvort sem í ræðu eða riti væri. Þetta vildu menn láta taka jafnt til þingmanna sem konungsfulltrúa. En þessu varð þó ekki framgengt til fullrar hlítar.

Samkvæmt 43. gr. Alþtilsk. var það höfuðreglan, að öll meðferð mála á Alþingi skyldi fara fram á íslenzku. Allir þingmenn áttu að tala á íslenzku, öll álit, þar á meðal álit, ávörp eða bænarskrár, er send voru konungi, átti að rita á íslenzku, og gjörðabækur þingsins átti og að skrá á íslenzku. Það er auðvitað, að erindi, sem þingmenn báru upp á Alþingi, áttu eða vera, og voru líka, á því máli, svo og viðaukatillögur eða breytingartillögur, er þar komu fram. Erindi þau, sem lögð voru fyrir þingið af hendi konungsvaldsins, bæði lagafrumvörp og athugasemdir við þau, og skýrslur

eða greinagerðir um undirtektir og afdrif þingmála, skyldi fyrst og fremst vera á dönsku, en íslenzkur texti átti þó að fylgja. Einungis íslenzki textinn var þó gefinn út í Alþingistíðindunum. Og það er einsætt, að sá texti var lagður til grundvallar meðferð mála á þingi, enda skildu þingmenn eigi allir danska tungu. Það mun ekki hafa verið amazt við þessari skipun á erindum konungsvaldsins. Þar á móti var óánægja með ákvæði 43. gr. Alþtilsk. um konungsfulltrúann. Samkvæmt greininni mátti konungsfulltrúi tala á dönsku, ef hann var ekki fær um að tala á íslenzku, og átti þá aðstoðarmaður hans, sem því hlaut að vera íslenzkur maður, að þýða það fyrir þingmönnum á íslenzku, sem konungsfulltrúi mælti á dönsku. Hvorttveggja skyldi skrá í gjörðabók, en aldrei var ræða á dönsku birt í Alþingistíðindunum, enda voru þau ætluð almenningi, sem ekki skildi dönsku. Fyrstu tvö þingin (1845 og 1847) var konungsfulltrúi danskur (Bardenfleth), og á Þjóðfundinum (Trampe), en á þingunum 1849 og 1853—1865 voru íslenzkir menn (Páll Melsted og Þórður Jónasson) konungsfulltrúar, svo að einungis íslenzka var töluð á þeim þingum; Hilmar Finsen mælti og á íslenzku á þingunum 1867—1873.

Öll álitsskjöl, bænarskrár og ávörp, sem Alþingi sendi konungi, átti að þýða á dönsku. Þýðingar þessar átti Alþingi að annast, en Alþingisforseti átti að athuga, að þýðingin væri rétt. Þetta hlaut vitanlega að verða framkvæmt þannig, að forseti lét þýða skjöl þessi á dönsku og bar svo þýðinguna saman við frummálið. Það mun ekki hafa orkað tvímælis, að kostnað af þýðingu þessara skjala skyldi greiða sem annan Alþingiskostnað. Svo var og gjörðabók þingsins, þar á meðal umræðurnar, þýddar á dönsku, og áttu forseti og þingskrifarar að votta um þýðinguna. Hún var líka greidd sem Alþingiskostnaður. Álit þingnefnda voru þar á móti ekki í öndverðu þýdd með þessum hætti. Bardenfleth, sem verið hafði stiftamtmaður á Íslandi og konungsfulltrúi á fyrsta þinginu, lét sjálfur þýða þau og taldi kostnað þar af til gjalda vegna konungsfulltrúa. Samkvæmt tillögu hans var þessu skjótlega breytt. Ákvað Kancellí í bréfi 5. jan. 1847, að nefndarálit skyldi eftirleiðis þýða á dönsku með sama hætti sem gjörðabók þingsins, enda væri þau að réttu lagi að eins einn hluti hennar, og skyldi kostnaður þar af talinn til Alþingiskostn-

aðar. Það var og vani að þýða breytingartillögur þær, sem gjörðar voru á þingi við frumvörp, en 1853 hefur það eigi verið gjört, og var ástæðan sú, að kvartað hafði stundum verið yfir því, að þýðingarnar á breytingartillögunum kæmi ekki allt af heim að máli til við upphaflega danska texta frumvarpanna, og kaus stjórnin því heldur að senda breytingartillögurnar á íslenzku eingöngu, svo að þeir þyddi þær, sem í Kaupmannahöfn gengu frá danska texta laganna. En innanríkisráðuneyti Danmerkur vildi þó ekki lengi láta þetta svo vera, heldur bauð konungsfulltrúa (Páli Melsted) í bréfi 8. júní 1855 að sjá um það, að rétt dönsk þýðing yrði framvegis gjörð af breytingartillögum þeim, sem fram kæmi á þingi, og átti konungsfulltrúi að skýra Alþingisforseta frá þessu.

Kvartað er um það af hálfu konungsvaldsins, að stundum hafi nokkuð lengi staðið á öllum þessum þýðingum, og af hálfu Íslands er sagt, að erfitt sé að fá hæfa menn til þess að gera þær. Af gjörðabók þingsins 1859 voru t. d. að eins þýddir á dönsku 9 fundir (15.—23. fundur) 28. marz 1860, enda bað varaforseti (Jón Guðmundsson) sig þá undan þeginn að láta þýða meira. Dómsmálastjórn Danmerkur leyfði þetta með bréfi sínu 20. apríl 1860. Árið eftir kom fram á Alþingi[1]) tillaga til bænarskrár um það, að síðasti liður 43. gr. Alþtilsk. yrði felldur niður, svo að eigi þyrfti forsetar þingsins framvegis að sýsla um þýðingar gjörðabókar þingsins á dönsku. Þar á móti skyldi forsetar enn annast þýðingu á nefndarálitunum, enda þótt þau fælist í síðasta lið 43. gr. Þá baðst forseti einnig undan að sjá um þýðingu gjörðabókar þingsins 1861, sbr. bréf dómsmálastj. Danmerkur 12. og 24. sept. 1861. Niðurstaðan varð sú, að með kgsúrsk. 23. jan. 1862 var síðasti liður 43. gr. tilsk. 1843 felldur niður, og átti nú dómsmálaráðuneyti Danmerkur að annast þýðingu á gjörðabókum þingsins, enda var hin svonefnda íslenzka stjórnardeild undir því, og þar munu þessar þýðingar hafa verið gerðar.

II. Eitt af því, sem allmikil áherzla var lögð á, þegar menn ræddu um stofnun Alþingis um 1840, var það, að það yrði haldið í *heyranda hljóði*. Þótti mönnum mikið undir því, að almenningur gæti fylgzt með öllum umræðum mála á þing-

1) Alþtíð. 1861 bls. 146.

inu. Fannst mönnum, sem rétt er, að með því væri fengið mikið aðhald bæði að stjórn landsins og þingmönnum um að hvorirtveggja rækti skyldu sína sem bezt. Og enn mundi það auka mikið áhuga manna og þekkingu á þjóðmálum, ef þeir ætti kost á að hlýða á umræður á Alþingi. Í Alþingistilskipuninni segir hvorki af né á um þetta efni. Á það er alls ekki minnzt. En svo var þó til ætlazt, að þingið yrði háð fyrir lokuðum dyrum og var það líka gert fyrstu þingin. Í öndvert þing 1845 var málinu þegar hreyft og sumir ágætustu þingmenn töldu þá bæði heimilt og sjálfsagt, að Alþingi væri háð í heyranda hljóði. En konungsfulltrúi kvað þinghald í heyranda hljóði óheimilt. Það væri eigi leyft í Alþingistilskipuninni og konungur hefði ekki fallizt á tillögu í þá átt, sem samþykkt hefði verið á Hróarskeldu-þingi.[1]) Á þingunum 1845 og 1847 voru og lagðar fram bænarskrár um það, að þingið yrði háð í heyranda hljóði.[2]) Þó að hvergi sé berum orðum ákveðið, að utanþingsmenn eigi að hafa aðgang að umræðum á Alþingi, þá komst sá háttur þó á þegar á Alþingi 1849, eftir orðum konungsfulltrúa þá að dæma[3]). Á þjóðfundinum 1851 voru sett þingsköp handa þeim fundi og var þar berum orðum tekið fram í 72. gr., að þinghöld skyldi fara fram í heyranda hljóði, en forseta var auðvitað jafnframt fengið vald til þess að vísa þeim burt, sem ekki gæta fullrar siðsemi og góðrar reglu.[4]) Með því nú að þjóðfundurinn 1851 var haldinn í heyranda hljóði, og það reyndist engum erfiðleikum bundið, þá má nærri geta, að mönnum hefur fundizt enn sjálfsagðara en áður, að Alþingi væri almenningi opið. 1861[5]) segir, að Alþingi sé háð í heyranda hljóði og svo að orði kveðið sem það sé alkunnugt og föst venja. Og hefur sá siður ekki verið niður lagður.

III. *Meðferð Alþingismála.* 1. Eins og áður getið, hafði konungsvaldið fyrst og fremst rétt — og skyldu — til þess að leggja alþjóðleg málefni fyrir Alþingi, enda er ráð gert fyrir þessu í 44., 49. og 64. gr. Alþtilsk. Þinginu var eflaust skylt að taka erindi konungs til meðferðar, ef þau voru þess eðlis, að álits þingsins skyldi leita. Þau voru, sem fyrr

1) Alþtíð 1845 bls. 12—16.
2) Alþtíð. 1845 bls. 107 o. s. frv. og 1847 bls. 835.
3) Alþtíð 1849 bls. 63—64.
4) Þjóðfundartíðindi 1861 bls. 120.
5) Alþingistíð. 1861 bls. 20.

segir, bæði á dönsku og íslenzku. Skyldi kynna þingmönnum efni þeirra með sama hætti sem efni þingmanna frumvarpa, 64. gr. Alþtilsk. En stjórnarfrumvörp voru jafnan prentuð, svo að hægast var og sjálfsagt að útbýta þessum frumvörpum meðal þingmanna, enda lét forseti skrifara jafnan gera það.

Auk konungsvaldsins hafði hver þingmanna rétt til þess að bera alþjóðleg málefni fram á þingi og æskja þess, að það tæki þau til meðferðar. Sá þingmaður, sem óskaði, að eitthvert mál yrði rætt á Alþingi, átti að snúa sér um það til forseta. Skyldi hann leggja fyrir forseta erindi sitt skriflegt og átti það jafnan að hafa að geyma ákveðna uppástungu, enda þótt bænarskrá hefði komið því af stað. Með þessum hætti var fenginn fastur grundvöllur til að byggja á umræður máls og alla meðferð. En út af þessu virðist þó stundum hafa verið brugðið, eins og bréf innanríkisráðuneytis Danmerkur 8. júní 1855 sýnir. Er þar fundið að þeirri meðferð, sem á máli hafi verið höfð að þessu leyti, og hafa sjálfsagt jafnan síðan frumvörp þingmanna og tillögur verið skriflegar. Auk þess sem forseti átti að veita konungsfulltrúa vitneskju um erindi þau, er einstakir þingmenn ætluðu að bera upp, skyldi slá erindum þessum upp á töflu, er til þess væri gerð. Frumvörp þingmanna voru ekki prentuð, og var þetta skipulag ekki hentugt eftir að þingmál fjölguðu og þau urðu umfangsmikil. Hafa þingmenn þeir, er létu sér annt um málin, sjálfsagt oft látið afrita tillögur annara þingmanna til þess að hafa þær við umræður og í nefndum.

Taka mátti þingmaður aftur tillögu sína allt þangað til að nefndarálit um hana hafði verið lesið upp á þingfundi, en aðrir þingmenn máttu þá taka hana upp. Eftir að nefndarálit hafði verið lesið upp, mátti flutningsmaður ekki afturkalla tillögu sína, nema samþykki allra þingmanna kæmi til.

2. Forseti ákvað, hvenær mál skyldi koma á dagskrá. Dagskrá skyldi auglýsa á töflu, eins og jafnan hefur síðan tíðkazt. Varð hver þingmaður að afla sér dagskrár sjálfur eftir þeirri dagskrá, sem auglýst var, ef hann vildi ekki láta sér hana nægja, sbr. 62. og 64. gr. Alþtilsk.

Á meðferð frumvarpa á Alþingi var nokkur munur eftir því, hvort frumvarp var stjórnarfrumvarp eða þingmanna.

Tillögur þingmanna voru ræddar þrisvar sinnum, nema þeim væri vísað frá eða þær væri felldar þegar við fyrstu umræðu. Sú umræða var oft nefnd *inngangsumræða*. Gat þeirri umræðu annars lokið með því, að nefnd væri sett til að íhuga málið eða að það gengi leiðar sinnar nefndarlaust. Frumvörp stjórnarinnar voru þar á móti einungis tvírædd. Þar var engin inngangsumræða höfð. Var talið einsætt, að þau skyldi ganga til nefndar umræðulaust. Þó kom upp óánægja með þetta skipulag, því að sumir vildu hafa sömu meðferð á konungsfrumvörpum svonefndum sem frumvörpum þingmanna.[1])

Fastanefndir voru þá engar, en vísa mátti fleirum málum en einu til sömu nefndar. Forseti eða hver annar þingmanna gat stungið upp á skipun nefndar til þess að íhuga og gera tillögur um mál. Ef engin mótmæli komu fram gegn nefndarskipun, þá var tillaga um hana venjulega talin samþykkt án atkvæðagreiðslu. Nefndir voru skipaðar 3, 5 eða 7 mönnum eftir því, hversu mál þótti mikils vert. Þær voru kosnar með þeim hætti, að þingmaður hver reit á miða nöfn þeirra, sem hann kaus. Þeir, er flest fengu atkvæði, gengu svo í nefnd. En ef tveir eða fleiri fengu jafnmörg atkvæði, þá gekk eldri maður fyrir yngra, eins og í forsetakjöri. Nefnd kaus sér formann, framsögumann og ritara, og var forseta venjulega skýrt frá því. Nefnd gat beðið þingið um ákveðna menn eða óákveðna til viðbótar. Hún gat og krafið konungsfulltrúa um upplýsingar, enda var honum heimilt að snúa sér beint til nefndar, ef hann taldi þess þörf, hvort sem hann vildi skriflega eða munnlega. Þar á móti átti hann ekki rétt til að sitja fundi nefnda, nema þær bæðist þess, 65. og 66. gr. Alþtilsk. Nefndir áttu að haga svo fundum sínum og störfum, að eigi kæmi í bága við þingfundi, 67. gr. Alþtilsk. Þeir munu venjulega hafa byrjað á hádegi, en nefndarfundir hafa verið annaðhvort á morgnum eða síðara hluta dags, eins og jafnan hefur tíðkazt. Sá nefndarmaður, sem kjörinn var til að gera uppkast að áliti, las venjulega tillögur sínar á nefndarfundi, og var það þá ráðið, hvort nefndarmenn mundi allir verða á eitt sáttir eða hvort nefndin skyldi klofna. Minni hlutinn gat gert hvort sem

1) Alþtíð. 1861 bls. 20.

hann vildi, að semja álit á sérstöku skjali eða setja álit sitt í álit meiri hlutans. Allir nefndarmenn undirrituðu þó jafnan álit meiri hlutans, en þeir, er á öðru máli voru, skirskotuðu þá til sérálits síns, ef þeir höfðu samið þesskonar álit. Nefndarálit skyldi svo formaður nefndar fá forseta í hendur, en hann lét leggja það fram þingmönnum til yfirsýnar og eigi skyldi það skemur liggja frammi en 3 daga, 68. gr. Alþtilsk. Í Alþtilsk. er eigi gert ráð fyrir því, að nefndarálit verði prentuð. Þetta var og lengi ekki gert. Frá 1869 eru prentuð nefndarálit í safni Jóns Sigurðssonar, er hann hefur haldið til haga, en hvort fyrr hefur verið farið að prenta þau, skal ósagt látið.

Þegar liðinn var frestur sá, er nefndarálit átti að liggja frammi þingmönnum til sýnis, þá gat forseti ákveðið næstu umræðu um málið. Hana hóf með því, að álit nefndarinnar eða nefndarhlutanna, ef ágreiningur var í nefnd, var lesið upp í heyranda hljóði, annaðhvort af formanni nefndar eða framsögumanni. Að því loknu lætur forseti umræður fara fram um málið. Við þessa umræðu, sem kölluð var *undirbúningsumræða,* mátti þó ekki gera neina ályktun um málið, heldur átti að eins að ræða það og tillögur nefndarinnar. Þingið gat og þegar í stað eða að lokinni þessari umræðu, ákveðið, að mál skyldi enn af nýju fara til nefndar, ef því þótti það vera óljóst, áður en ályktun yrði gerð um það. Ef helmingur þingmanna eða fleiri ákváðu, að mál skyldi aftur ganga til nefndar, þá átti hún að íhuga það af nýju. Eftir að þeirri athugun var lokið, þá hefur átt að leggja framhalds nefndarálit fram eins og áður segir. Síðan fór fram, eftir ákvörðun og auglýsingu forseta með sama hætti sem áður segir, síðari eða síðasta umræða, sem venjulega var nefnd *ályktunarumræða,* 70. gr. Alþtilsk.

3. Hverjum þingmanni var heimilt að taka til máls við allar umræður mála. Venjulega tóku menn til máls í þeirri röð, sem þeir höfðu kvatt sér hljóðs. Þegar forseti auglýsti mál til síðari (síðustu) umræðu, þá gátu ræðumenn ritað nöfn sín á auglýsingu forseta, og töluðu þeir þá fyrst. Annars gátu menn á fundum kvatt sér hljóðs og forseti veitti þeim þá leyfi til að tala. Ræðutími eða ræðufjöldi var ekki takmarkaður við inngangsumræðu eða undirbúningsumræðu, en forseti gat slitið umræðum, þegar honum virtist mál nægilega

skýrt, sbr. 70. og 71. gr. Alþtilsk. Einnig var það títt, að þingmenn sendu forseta skriflega áskorun um að slíta umræðum, ef þeim þóttu þær hafa dregizt mjög. Gat forseti þá látið þingið skera úr því, hvort umræðum skyldi lúka, með atkvæðagreiðslu. Við ályktunarumræðu átti þingmaður eigi að tala, nema einu sinni, að undanteknum framsögumanni, 71. gr. Alþtilsk. Þingmaður skyldi standa upp úr sæti sínu og tala þaðan. Skyldi hann beina máli sínu til forseta og aldrei mátti þingmaður ávarpa hver annan í ræðu með nafni, heldur kenna við kjördæmi eða konungkjör eins og jafnan hefur tíðkazt, 71. gr. Alþtilsk. Eigi mátti maður heldur halda ræðu eftir skrifuðum blöðum, nema hann læsi upp tillögu sína eða nefndarálit. En ekki náði þetta bann til forseta eða konungsfulltrúa, 72. gr. Alþtilsk. Eftir ákvörðun forseta mátti ræða mál í köflum við ályktunarumræðu. Gat það verið hentugt, ef stórmæli var, t. d. stjórnarmálið 1867 og 1869, hegningarlögin o. s. frv. Ef ekki var sett nefnd í mál, sem þingið felldi þó eigi þegar eða vísaði frá sér, þá segir ekki um umræðufjölda. Virðist þingið hafa getað ákveðið hann sjálft

4. Að lokinni ályktunarræðu fór fram atkvæðagreiðsla um mál. Sú atkvæðagreiðsla gat hnigið að því að vísa máli frá þinginu til stjórnar landsins, án þess að þingið gerði ályktun, er sýndi vilja þess um málið að öðru leyti. En oftast skifti ályktun þingsins málið að efni til: *Það gerði tillögur til konungs um málalok*. Frumvörp konungs sjálf voru ekki beinlínis borin undir atkvæði, heldur þær tillögur, sem nefnd í máli eða þingritarar höfðu samið, til konungs eða bænaskrár um ákveðin málsúrslit. Það kom t. d. fram frá nefnd álit, þar sem lagt var til, að þingið bæði konung að gefa út lög samkvæmt frumvarpi, er fram hafði verið lagt, með breytingum eða án þeirra, eða tillaga kom fram frá þingmanni, og þingið vildi fallast á hana með sama hætti, þá var tillaga nefndar eða ritara þingsins, ásamt breytingartillögum, borin upp undir atkvæði þingmanna. Ef samþykkt var að biðja konung að gera eitthvað, þá var gerð bænarskrá eða tillaga til hans um það og greint nákvæmlega, hvernig atkvæði höfðu fallið, sbr. 53. og 76. gr. Alþtilsk. Þessar bænarskrár eða tillögur voru svo undirritaðar af forseta og skrifurum og afgreiddar til konungsfulltrúa, 76. gr. Alþtilsk. Forseti réð tilhögun atkvæðagreiðslu. Hann gat látið greiða atkvæði um mál í einu lagi,

en ef margar greinar voru, hlaut atkvæðagreiðsla að fara fram um hverja. Það var og forseta að ákveða, hvernig haga skyldi þeim spurningum til þingmanna, er þeir skyldi svara með atkvæðagreiðslu sinni, sbr. 73. og 75. gr. Alþtilsk. Þingmenn risu úr sætum sínum er þeir greiddu atkvæði, enda gat forseti ráðið, með hverju móti þeir lýstu atkvæði sínu. Ef atkvæðagreiðsla var óglögg, átti að greiða atkvæði með kúlum, 75. gr. Alþtilsk. Nafnakall tíðkaðist þó mikið, enda þó að þess sé ekki getið í Alþtilsk. Var það bæði haft, er óljós þótti atkvæðagreiðsla og eftir kröfum þingmanna. Eigi var Alþingi ályktunarfært, nema ¾ hlutar þingmanna væri á fundi. Þingmenn voru frá 1845—1855 að eins 25, því að Vestmannaeyjar sendu engan á þing af því að þar hafði enginn kosningarrétt, eins og fyrr segir. Á þessu tímabili þurftu því 19 þingmenn að vera á fundi, svo að lögmæt ályktun yrði gjörð. Það var talin skoðun þingsins, sem meiri hluti greiddra atkvæða var með, og ef atkvæði voru jöfn, þá var atkvæðaefnið fallið. Þetta gilti óskorað um þingmannatillögur. Þá var engin tillaga gerð um þær til konungs. Ef atkvæði urðu þar á móti jöfn með og móti því að biðja konung um að gera frumvarp, sem hann hafði látið leggja fyrir þingið, að lögum, þá skyldi skýra honum frá álitum beggja, 61.gr. Alþtilsk.

## 55. gr.

### Þingbækur. — Bókasafn. — Alþingistíðindi.

I. Þingbækur, sbr. 53. gr. Alþtilsk., voru þessar:

1. *Dagbók* eða skrá yfir öll skjöl, sem til þingsins komu og hvernig með þau og mál þau, er með þeim komu til þingsins, var farið. Var dagbók þannig haldinn, að hvert mál náði yfir opnu í bókinni. Númer skjalsins var í línu sér, en undir var stutt lýsing á efni skjalsins og svo í línu yfir þvera opnu dálkar, þar sem skýrt var frá meðferð máls og afdrifum þess. Ef dagbók var reglulega haldin, þá mátti skjótt sjá, hvernig um hvert mál fór. — Dagbækurnar eru enn í vörzlum Alþingis.

2. *Gjörðabók*. Um hana má vísa til kaflans um þingskrifarana. Gjörðabækurnar eru enn í vörzlum Alþingis.

3. *Bréfabók*. Í hana voru skráð bréf þau, sem Alþingi bár-

ust. Þetta gilti þó ekki um bænarskrár eða slík skjöl, heldur bréf í þrengri merkingu, t. d. bréf til forseta út af prentun Alþingistíðinda o. s. frv. Bréfabækur ráðgjafarþinganna eru enn í vörzlum Alþingis.

4. Ræður þingmanna voru allt af á þessu tímabili hreinritaðar í bækur. Þar voru og bókaðar atkvæðagreiðslur og oft breytingartillögur, álitsskjöl og atkvæðaskrár. Eftir þessari bók hafa Alþingistíðindin aðallega verið prentuð. Frá því 1859 og síðan voru skjöl, er þinginu bárust, og handrit þingmanna að uppástungum og álitum fest inn í sérstakar bækur. Allar þær bækur, sem í þessum tölul. segir, eru nú geymdar í Þjóðskjalasafni.

II. *Alþingistíðindi.* Samkvæmt 78. gr. Alþtilsk. átti konungsfulltrúi að sjá um, að út væri gefið í Alþingistíðindum að öllu verulegu það, sem fram fór á Alþingi, svo skjótt sem unnt væri. Forseti þingsins átti og að veita atbeina sinn til útgáfunnar, en þingið kaus sjálft 2 þingmenn í ritnefnd til þess að annast hana.

Kostnaður af útgáfu Alþingistíðinda taldist til þingkostnaðar, og það, sem inn kom fyrir þau, gekk beint upp í útgáfukostnaðinn. Það var ákveðið með Kancellíbréfi 27. marz 1845, að landsprentsmiðjan skyldi prenta Alþingistíðindin, en Alþingi skyldi greiða henni fyrir pappír og prentun. Forseti þingsins samdi um prentun við forráðamenn prentsmiðjunnar (Stiftsyfirvöldin svonefnd), og ritnefndin bjó þau undir prentun. Konungsfulltrúi er sagður hafa ráðið, hvað í þeim skyldi standa frá þingunum 1845 og 1847, en forseti réð frágangi þeirra öllum. Það mun þó bráðlega hafa að mestu orðið verk forseta að ákveða, hvað í Alþingistíðindum skyldi birta, enda greiddu landsmenn kostnað allan af þeim, eins og af þinghaldinu að öðru leyti, sbr. bréf Jóns Guðmundssonar 13. ág. 1861.[1]) Kancelli heimtaði ókeypis 15 eintök af Alþingistíðindum handa sér og Rentukammeri með Kanc.br. 6. apr. 1847.

Allt frá 1845 til 1861 voru Alþingistíðindin óskift. Frumvörp, ræður, bænarskrár, álit, breytingartillögur, atkvæðaskrár og atkvæðagreiðslur var allt prentað hvað innan um annað í sambandi við málið, sem þær áttu við. Með Kancbr. 6. apríl

1) Alþtíð 1861 bls. 1842—1843.

1847 var skipað að prenta stjórnarfrumvörpin bæði á íslenzku og dönsku í Alþingistíðindunum, og með sama hætti skyldi birta í þeim tilskipanir þær, sem konungur gaf út handa landinu. En með Kanc.br. 22. maí s. á. var aftur horfið frá þessu. Þurfti síðan ekki að birta í Alþingistíðindunum nema íslenzka texta þeirra erinda, sem frá konungsvaldinu komu til Alþingis, og tilskipanir þær, sem út voru gefnar, þurfti ekki að birta í Alþingtíðindunum. Var ákvörðun Kanc.br. 6. apr. 1847 tekin aftur vegna þess kostnaðar og tafar, sem hún hefði haft í för með sér. Í viðbót við *ræður* þingmanna, sem allt af hafa verið meginþáttur þingtíðindanna, og *þingskjöl* (frumvörp, bænarskrár, nefndarálit, breytingartillögur, atkvæðaskrár, atkvæðagreiðslur og tillögur til konungs), var vani að birta í Alþingistíðindum — í viðaukum — ýms skjöl, sem við komu þinginu, svo sem skýrslur um afdrif tillagna þingsins hjá konungi, reikninga yfir Alþingiskostnað, samninga forseta og stiftsyfirvalda um prentun Alþingistíðinda, skýrslur um bókasafn þingsins o. s. frv.

Á Alþingi 1863 var samþykkt að skifta Alþingistíðindunum í tvennt. Í öðrum hlutanum voru þá og síðan prentaðar ræður þingmanna, skýrsla um þingsetningu og þingslit og atkvæðagreiðslur, en í hinum þingskjölin (frumvörp konungs og þingmanna, nefndarálit, atkvæðaskrár og álitsskjöl til konungs). Í síðara hlutanum eru líka prentaðir ýmsir þeir viðaukar eða fylgiskjöl, sem áður voru nefnd.[1])

III. *Bókasafn Alþingis.* Þegar á öðru þinginu, 1847, bar Jón Sigurðsson, síðar forseti, upp tillögu um það, að Alþingi kæmi sér upp *bókasafni*. Á þessu var þá hin mesta nauðsyn, þar sem bókakostur var harla lítill í bænum. Féllst þingið á þessa tillögu og bað konung um að láta 300 rbd. eitt skifti fyrir öll til stofnunar bókasafninu og síðan 100 rbd. á ári. Fekkst það[2]) og taldist framlag þetta til Alþingiskostnaðar. Var oft birt skýrsla um bókasafnið á þingi og greinargerð um það í Alþingistíðindum. Voru og kosnir menn á þingi til þess að hugsa um safnið, annast útlán úr því og bókaheimt. Hefur safni þessu síðan verið haldið við og það aukið.

---

1) Um sölu Alþingistíðinda sbr. bréf dómsmálaráðuneytis Danmerkur 25. júlí 1867.

2) Alþtíð. 1847 bls. 48—49, 386—387 og Alþtíð. 1849 bls. 721.

## III. kafli.

### 56. gr.

### Starfsvið Alþingis.

I. Þess hefur áður verið getið, að Alþingi úrskurðaði kosningar þingmanna og hvort þingmaður hefði misst kjörgengi (49. gr. að framan). Þá hefur þess einnig verið getið, að Alþingi kaus forseta sinn og varaforseta (51. gr. II. 1.), skrifara sína (51. gr. II. 2), 2 menn í ritnefnd Alþingistíðinda (51. gr. II. 3) og skipaði nefndir (54. gr. III. 2). Öll þessi störf varð að vinna til þess að þingið yfir höfuð gæti starfað og til þess að starf þess yrði kunnugt utan þings.

II. Merkasta starf þingsins var *hlutdeild þess í löggjafarstarfinu*. Sú starfsemi hefur áreiðanlega verið landinu mjög heilladrjúg, enda þótt þingið hefði einungis *ráðgjafaratkvæði* um þau löggjafarmál, sem til þess komu. En þó að svo væri, þá tókst þinginu bæði að koma fram ýmsum bótum á löggjöfinni, og að koma í veg fyrir nýmæli, sem orðið hefði landinu til óheilla eða jafnvel til fullkomins frelsistjóns. Ef Alþingi hefði eigi verið, þá hefði t. d. herskyldu í Danmörku sennilega verið dembt á Íslendinga 1857. Sennilega hefði Íslandi verið mörkuð enn auðvirðilegri staða gagnvart Danmörku en raun varð á með stöðulögunum 2. jan. 1871, ef Alþingi hefði ekki látið sjálfstæðismálið til sín taka. Hætt er líka við, að verzlunarfrelsið hefði ekki orðið lögleitt 1854, ef Alþingi hefði eigi skift sér neitt af því máli.

A. Hér þarf fyrst að gera nokkur skil á þeim *löggjafarefnum, sem konungsvaldið átti að leggja fyrir Alþingi*. Fyrsta atriðið, sem leysa þarf úr, er þetta: Hvaða löggjafarmálefni skyldi leggja fyrir Alþingi? Í Alþingistilskipuninni er þessari spurningu ekki svarað beinlínis. Þar segir að eins í 1. gr., að Ísland skuli fá sérstakt ráðgjafarþing, er heita skuli Alþingi og *fara skuli með þau málefni (Anliggender), er til dönsku ráðgjafarþinganna sé lögð samkvæmt tilsk. 28. maí 1831*, og hætti því afskifti þessara þinga af *„lögum þeim og ráðstöfunum, sem eingöngu varða“* Ísland. Hér verður þá að leita að því,

a) Hvaða löggjafarmálefni voru lögð til dönsku ráðgjafarþinganna, og
b) Hver af þeim löggjafarmálefnum voru síðan lögð til Alþingis.

a) Samkvæmt 4. gr. tilsk. 28. maí 1831 hét konungur því, að gefa ekki út nokkur lög, er horfðu til breytinga á mannréttindum þegna sinna eða eignarréttindum, né heldur ef þau lutu að breytingum á sköttum eða almennum álögum, fyrr en frumvarp þar um hefði verið lagt fyrir ráðgjafarþingin, og ef lögin áttu að varða að eins einn landshluta, þá átti að eins að leggja frumvarpið fyrir fyrir þing hans. Samkvæmt þessu átti konungsvaldið að leita álits ráðgjafarþinganna, ef breyta skyldi löggjöf um sifjarétt, erfðarétt, lögræði manna og fjárréttindi, því að eignaréttindi (Ejendoms-Rettigheder) munu hafa átt að merkja það. Svo skyldi enga skatta eða tolla eða aðrar álögur, t. d. vinnukvaðir, á leggja eða breyta þeim, sem fyrir voru, nema leitað væri álits ráðgjafarþinganna. Þar á móti hafði konungur ekki veitt loforð um að leggja fyrir ráðgjafarþingin lagafrumvörp um breytingar á fyrirmælum svonefnds allsherjarréttar (juris publici), svo sem refsilögum, nema þeim mætti koma í flokk mannréttinda, enda voru þau borin undir dönsku ráðgjafarþingin. Fyrirmæli um dómaskipun og meðferð einkamála voru ekki meðal þeirra frumvarpa, sem konungi var skylt að leggja fyrir ráðgjafarþingin. Þar á móti kann að mega telja ákvæði laga um meðferð opinberra mála til laga, er varða persónuleg réttindi manna. Löggjöf um stjórnarskipun og stjórnarfar — að skattamálum fráteknum og tolla o. s. frv. — þurfti ekki að leggja fyrir ráðgjafarþingin, nema ef frumvarp varðaði að einhverju leyti persónuleg réttindi manna eða fjármálefni. Það er auðséð, að takmörkin varð erfitt að draga, enda varð það venja, að bera flestöll lagafrumvörp undir ráðgjafarþingin, í hvaða átt sem þau gengu, nema grundvallarlögin, sem sérstakur þjóðfulltrúafundur undirbjó. Hinsvegar varð frumvarp, sem konungur gerði að lögum, bindandi, þó að það væri ekki lagt fyrir ráðgjafarþing. jafnvel þótt svo skyldi vera, enda var konungi í sjálfs vald sett, hvort hann tók tillögur ráðgjafarþinganna til greina eða ekki. Hann gat bæði hætt við að gera frumvarp að lögum, þótt hann hefði lagt það fyrir þau, og gert það að lögum eftir að þingin höfðu látið fram tillögur sínar, án þess að fara eftir þeim.

b) Eftir 1. gr. Alþtilsk. átti, eins og vikið var að, að leggja fyrir Alþingi þau *lög* (þ. e. lagafrumvörp), sem áður höfðu verið lögð fyrir Hróarskeldu-þing og eingöngu vörðuðu Ísland. Eftir þessu var skylda konungsvaldsins til þess að leggja lagafrumvörp fyrir Alþingi tveimur skilyrðum bundin: 1) *að* frumvarp horfði til breytinga á mannréttindum, fjárréttindum eða sköttum og öðrum álögum í almenningsþarfir, og 2) *að* málið varðaði einvörðungu Ísland.

Um fyrra atriðið má vísa til þess, sem segir í a) hér á undan. Því má þó bæta við, að hér hélt konungsvaldið sig alls ekki innan þeirra takmarka, sem sett eru í 1. gr. Alþtilsk. sbr. 4. gr. tilsk. 28. maí 1831. Þau frumvörp, er vörðuðu áðurgreind efni (mannréttindi, fjármál einstaklinga, skatta, tolla og aðrar álögur) hafa jafnan verið lögð fyrir þingið. Svo var jafnan leitað tillagna þess, hvort lögskipa ætti hér dönsk lagaboð um þessi efni. En auk þess voru fjöldamörg mál lögð fyrir þingið af hálfu konungsvaldsins, sem því hefði verið óskylt að leggja þangað eftir 1. gr. Alþtilsk., bókstaflega skilinni. Þetta má sýna betur með nokkrum dæmum. Eftir 1. gr. Alþtilsk. sbr. 4. gr. tilsk. 28. maí 1831 var t. d. tvímælalaust skylt að leggja frumvarp að nýjum erfðalögum fyrir Alþingi, frumvarp til breytinga á gildandi lögum um vogrek, er lögð voru fyrir Alþingi 1847, og um skyldu íslenzkra manna til þess að inna af hendi herþjónustu á svonefndum herflota Danmerkur, eins og til stóð að leggja á landsmenn og lagt var fyrir til álita Alþingis 1857. Öll þessi mál teljast til þeirra mála, sem Alþingi átti rétt á að segja álit sitt um. Einnig skyldi konungsvaldið svo 1. gr. Alþtilsk. sbr. tilsk. 28. maí 1831 4. gr. að refsilagafrumvörp skyldi leggja fyrir Alþingi áður en þau yrði gerð að lögum á Íslandi, kgl. augl. 21. maí 1847 II. 7. Þar á móti var ekki skylt, samkv. áðurnefndum lagaboðum, að leggja fyrir Alþingi frumvörp um stofnun skóla, svo sem barnaskóla í Reykjavík, fjölgun þingstaða í sumum sýslum, samgöngur á sjó, fjölgun kaupstaða o. s. frv. Það má segja það dönskum stjórnarvöldum, sem konungur var látinn fela íslenzk mál í Kaupmannahöfn, til lofs, að þau hafa borið undir Alþingi flestöll löggjafarmál, er eingöngu vörðuðu Ísland, hvort sem 1. gr. Alþtilsk. sbr. 4. gr. tilsk. 28. maí 1831 tóku til þeirra eða ekki. Loks má geta þess, að kon-

ungur hét því sérstaklega að breyta eigi Alþingistilskipuninni, án þess að leita álits Alþingis, og að leita tillagna þess um það, hvernig greiða skyldi Alþingiskostnaðinn, 79. gr. Alþtilsk.

Um síðara atriðið, að málefnið varðaði *eingöngu* Ísland, skal þess þegar getið, að með konungsbréfi 23. sept. 1848 var Íslandi heitið því, að grundvallarákvarðanir þær, er nauðsynlegar kynni að verða vegna sérhátta Íslands, til þess að ákveða stjórnskipulega stöðu þess í ríkinu, skyldi eigi verða teknar til fullnaðar fyrr en Íslendingar hefði átt kost á að láta uppi tillögur sínar um þær á sérstakri samkomu hér í landi. Samkvæmt þessu heitorði voru sett lög um kosningar til þessarar samkomu 28. sept. 1849, eftir að Alþingi hafði haft málið til meðferðar, og fulltrúum stefnt saman til Þjóðfundarins, er hefjast skyldi 1. júlí 1850, sem kunnugt er. En Þjóðfundinum var slitið áður hann hefði lokið störfum sínum, þegar sýnt var, að ekki mundi nást samkomulag milli konungsfulltrúa (Trampe greifa) og meiri hluta íslenzku fulltrúanna. Það var eigi tilætlun konungsvaldsins í fyrstu, að Alþingi tæki þátt í umræðum um stjórnskipulega stöðu Íslands gagnvart Danmörku, heldur átti Þjóðfundurinn að gera það. En þetta fór á aðra leið. Þó að konungur væri ekki látinn ganga að frumvarpi meiri hluta Þjóðfundarins, þá þótti samt ekki henta að demba á landið því innlimunarfrumvarpi, sem konungsfulltrúa var fengið í hendur til að bera upp á Þjóðfundinum. Í auglýsingu konungs 12. maí 1852 er því að vísu eindregið haldið fram, að skoðanir og kröfur meiri hluta (36) Þjóðfundarmanna sé bæði ósamrímanlegar þáverandi stöðu landsins og að þær yrði landinu til glötunar, ef þær kæmi til framkvæmda, en konungur lofaði þó að leita álits og tillagna Alþingis áður en málinu væri til lykta ráðið. Var það og tvisvar gert, á þingunum 1867 og 1869, þó að í hvorugt sinnið drægi saman. Samt sem áður er hér dæmi þess, að mál, er bæði varðaði Ísland og Danmörku, væri borið undir Alþingi. Einnig var fyrirhuguð lausn fjármálaskifta Íslands og Danmerkur borin undir Alþingi 1865, sem kunnugt er.

Af hálfu Danmerkur hefur því lengst um verið haldið fram, að grundvallarlög Dana 5. júní 1949 (endurskoðuð 28. júlí 1866) hafi náð gildi á Íslandi, öll ákvæði þeirra, er við gæti átt. Með það fyrir augum var það fullyrt, að dönsk lög, sem vörðuðu „alríkið“ (þ. e. öll þau lönd, er þá lutu kon-

ungi í Danmörku, næði gildi á Íslandi, án þess að þau þyrfti að leggja fyrir Alþingi, svo sem fyrirmæli um konung og konungserfðir, um meðferð konungsvalds, ef konungur getur ekki sjálfur með það farið, fána, meðferð utanríkismála, um mynt, her og flota o. s. frv. Þess konar lög eða frumvörp að þeim voru því eigi lögð fyrir þingið, sbr. t. d. bréf dómsmálastjórnar Danmerkur 17. apríl 1858. Þó vildi danska stjórnin bera fjárlaga-ákvæði þau, er snertu Ísland, undir Alþingi, og var konungsfulltrúa boðið með kgsúrsk. 1. júní 1857 að bera það upp á Alþingi, hversu þetta mætti verða. En Alþingi hirti ekki að taka neinn þátt í því máli að svo komnu, en þess beiddist það, að því yrði veitt fjárveitingarvald og skattálögu.[1]) En af hvorugu varð að sinni, eins og menn vita.

B. Þá kemur til athugunar, *hvort og að hverju leyti Alþingi hafi af sjálfsdáðum haft heimild til þess að gera tillögur um nýmæli í lögum.* Í tilsk. 28. maí 1831 5. gr. um ráðgjafarþing Danmerkur segir berum orðum, að þau þing megi gera tillögur um breytingar á almennum landslögum eða sérlögum einstakra landshluta, ef þeim þætti það æskilegt. Og í 68. gr. tilsk. 15. maí 1834 um dönsku ráðgjafarþingin segir, að hverjum þingmanni sé heimilt að bera upp frumvörp á þingi og gera tillögur til breytinga eða auka við frumvörp þau, er þar koma fram. Ákvæði 5. gr. tilsk. 28. maí 1831 eru ekki í Alþingistilskipuninni, en fyrirmæli 68. gr. tilsk. 15. maí 1834 eru þar á móti orðrétt, að breyttu breytanda, tekin í 59. gr. Alþtilsk. Samkvæmt þessu var hverjum þingmanni rétt að bera upp á þingi tillögur um almenn málefni. Þar til teljast auðvitað tillögur um *nýmæli í lögum.* Það sést á 62. og 69. gr. Alþtilsk., að þinginu er rétt og skylt að taka frumvörp einstakra þingmanna til meðferðar, svo framarlega sem þingmaðurinn fær forseta til þess að taka þau á dagskrá. En það var forseta vafalaust skylt að gera, ef tillögur þingmanns voru að formi og efni þinglegar, alveg eins og nú. Eftir að nefndarálit er komið um tillögu þingmanns getur hann ekki tekið hana aftur, samkvæmt 69. gr. Alþtilsk., og samkvæmt 70.—76. gr. voru uppástungur einstakra þingmanna afgreiddar með líkum hætti sem frumvörp konungs. Réttur

1) Alþtíð. 1857 bls. 77—78, 566—616, 617—643, 901—908.

íslenzka ráðgjafarþingsins var að þessu leyti alveg sami sem réttur dönsku ráðgjafarþinganna, enda þótt ekki væri sett í íslenzku Alþingistilskipunina samskonar ákvæði sem í 5. gr. tilsk. 28. maí 1831. Það var víst ekki heldur nokkru sinni efast um þenna rétt Alþingis til þess að afgreiða tillögur þingmanna um laganýmæli, hvort sem þau lutu að breytingum á gildandi lögum eða að lagasetningu um efni, sem þangað til hafði vantað lög um. Konungsfulltrúi lýsti því jafnvel á Alþingi 1849, hversu dýrmætur réttur það væri, að Alþingi mætti búa til frumvörp og leggja þau fyrir konung.[1])

Mjög margt af tillögum þeim, sem þingmenn báru fram á Alþingi, áttu rót sína að rekja til bænarskráa eða áskorana, sem samþykktar höfðu verið á mannfundum víðsvegar um landið. Voru þesskonar plögg send Alþingi eða einstökum þingmönnum. Þingmenn tóku síðan málið upp, ef þeim sýndist, samkv. 62. gr. Alþtilsk., ýmist svo, að þeir gerðu bænarskrána að frumvarpi sínu eða sömdu sérstakt frumvarp um efnið. Svo gátu þingmenn tekið algerlega upp hjá sjálfum sér flutning löggjafarefna á Alþingi. En sá var munur á meðferð frumvarpa konungs og frumvarpa þingmanna, að konungsfrumvörp voru jafnan afgreidd að efni til, gerð tillaga um það, hvort þau skyldi breytt eða óbreytt, verða að lögum eða ekki. En uppástungur þingmanna voru stundum felldar eða þeim var vikið frá nefnd og 2. umræðu (undirbúningsumræðu).

Þó að þingmönnum væri almennt rétt að bera upp á Alþingi tillögur til lagasetningar, sem þinginu var líka rétt að afgreiða til konungs, þá er ekki með því skorið úr því, hvort tillögur þessar skyldi að eins varða þau löggjafarefni, sem 1. gr. Alþtilsk., sbr. 4. gr. tilsk. 28. maí 1831 getur, þ. e. löggjöf um persónuleg réttindi manna, fjárréttindi, skatta eða aðrar opinberar álögur, er snerta Ísland eingöngu. Ef tillöguréttur þingmanna, og heimild Alþingis til meðferðar þessara mála, hefði verið svo takmarkaður, þá hefði þinginu verið óleyfilegt að afgreiða tillögur til konungs, ef þær fóru út fyrir þessi takmörk. Hver sem tilætlun löggjafans hefur verið í önd-

1) Alþtíð. 1849 bls. 656.

verðu um þetta, þá hefur þessari greiningu mála í framkvæmd aldrei verið haldið. Vitanlega teljast mörg þeirra löggjafarmála, er Alþingismenn báru upp tillögur um, til þeirra málaflokka, sem í 1. gr. Alþtilsk. sbr. 5. gr. tilsk. 28. maí 1831 segir, svo sem mál um skyldur leiguliða og réttindi, hjúskapur öreiga, afnám gjaftolls og manntalsfiska, um landamerki jarða o. s. frv. Hins vegar báru þingmenn upp fjölda tillagna um löggjafarefni, sem gengu langt út fyrir þau takmörk, sem sett eru í áðurnefndum tilskipunum. Má þar til nefna tillögur um stofnan búnaðarskóla, lagaskóla, læknaskóla og kennslustofnun í íslenzkum fræðum, um málflutningsmenn við landsyfirdóminn, spítala í Reykjavík, að opinberar eignir verði ekki seldar án samþykkis Alþingis, um löggildingu verzlunarstaða, um undirskrift konungs undir íslenzkan texta laga, er gilda áttu á Íslandi, um sveitarstjórnarmál, afnám danskrar tungu í öllum stjórnmálum Íslands innan lands og utan, um læknaskipan landsins, um lagningu sævarsíma milli Íslands og annara landa (1861) o. s. frv. Verður eigi betur séð en að Alþingi hafi yfir höfuð tekið til meðferðar öll þau mál, er það taldi landinu horfa til nytsemdar, hvort sem þau voru innan við takmörk þau, er getur í framanrituðum tilskipunum eða ekki. Að vísu var talið, að þingið væri ekki bært að ákveða valdsvið sitt, því að Alþingistilskipunin segði fyrir um það, en hana ætti konungur einn að skýra. Þetta kann að hafa verið rétt, en meðan engin skýring kom á lagaboðum þessum og ekkert bann við að afgreiða hvaða löggjafarefni sem var til konungs, þá hafði þingið alveg frjálsar hendur í þessu efni. Alþingistilskipunin *bannaði* þinginu ekki að taka til umræðu og afgreiðslu nein þau löggjafarmál, er því þótti hlýða að afgreiða. Þetta vald þingsins skifti afar miklu máli. Þótt oft veittist erfitt að koma þeim, sem í Danmörk gegndu eða áttu að gegna málum landsins, í skilning um það, hvað gera þyrfti, þá komust þó ýmsar bætur fram fyrir atbeina Alþingis, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis. Skriffinnskan í stjórnarráðunum í Kaupmannahöfn, sem með mál Íslands fóru, var að vísu fram úr hófi og seinagangur hinna dönsku skrifstofna — því að íslenzka stjórnardeildin svo nefnda í Kaupmannahöfn var dönsk skrifstofa — var alveg ótrúlegur og skeytingarleysið um afgreiðslu íslenzkra mála þar virðist hafa verið hóflítið, en margt það, sem fram mæðist landinu til hagsbóta á þessu

tímabili, ef ekki flest, var Alþingi að þakka. Vitanlega varð Alþingi að hamra fram sömu kröfurnar og bera fram sömu bænirnar árum saman. Sumar gengu fram að lokum, en sumar ekki. Dágott dæmi þessa er verzlunarmálið. Þegar á fyrsta þinginu, 1845, var þetta mál tekið til meðferðar og bænarskrá send konungi. En eigi varð því máli þó ráðið til lykta fyrr en 1854. Annað sýnishorn um þrautseigju Alþingis og stirðleika konungsvaldsins er baráttan fyrir íslenzkri tungu. 1847 baðst Alþingi þess, að konungur staðfesti íslenzka texta þeirra laga, er sett væri handa Íslandi, með undirskrift sinni. Þetta fekkst loks 1859, þannig að bæði danskur texti og íslenzkur skyldi jafnréttháir vera.

*III. Afskipti Alþingis af landsstjórn og framkvæmd laga.* Samkvæmt 5. gr. tilsk. 28. maí 1831 um dönsku ráðgjafarþingin gátu þau tekið til umræðu kvartanir um framkvæmd laga og stjórn almenningsstofnana og gert tillögur til konungs um þessi mál. Þessi grein var, eins og áður er sagt, ekki tekin í Alþingistilskipun 8. marz 1843. En í 1. gr. hennar segir, að hið fyrirhugaða Alþingi skuli taka við meðferð þeirra mála, er varða eingöngu íslenzk lög og *ráðstafanir* (Foranstaltninger) og dönsku ráðgjafarþingin höfðu haft á hendi. Í þessu, að Alþingi taki til meðferðar „ráðstafanir", sem varða Ísland einvörðungu, felst vafalaust réttur til þess að athuga og segja álit sitt um stjórn landsstofnana, löggæzlu og lagaframkvæmd yfirleitt. Dönsku þingin höfðu þenna rétt, og íslenzka þingið tók við honum samkvæmt 1. gr. Alþtilsk. Þinginu var því alveg jafnskylt að taka til meðferðar almennar kvartanir um lagaframkvæmd í landinu eða stjórn almenningsstofnana sem tillögur um nýmæli í lögum. Þetta verður enn auðsærra, ef litið er á 77. gr. Alþtilsk. Þar segir, að þingið skuli ekki skifta sér af umsóknum eða kvörtunum einstakra manna, heldur vísa þeim til konungs eða annars þess stjórnarvalds, sem hlut á að máli. Þó skyldi þingið bregða af þessari meðferð, ef fram kom sönnun fyrir því, að einstaklingur hefði verið rangindum beittur og einhver þingmaður bar málið upp á Alþingi. Gat þingið þá gert ályktun um málið og vísað því til konungs. Má af fyrra hluta þessarar greinar ráða það, að þingið skyldi taka til meðferðar almennar kvartanir um lagaframkvæmd og landsstjórn, með því að það er sérstaklega tekið fram, að einstakra manna

umsóknum og kvörtunum skuli ekki sinna. Og af síðara hluta greinarinnar má leiða þá ályktun, að *almennum* kvörtunum skuli því fremur sinna sem kvartanir *einstakra manna* megi þó taka til umræðu, ef þeir virðist hafa verið rangindum beittir. Ennfremur segir í 44. gr. Alþtilsk., að konungsfulltrúi taki við þeim tillögum, umsóknum og kvörtunum, er þingið afgreiði, og komi þeim til konungs. Þetta getur að vísu átt við mál þau, er í 77. gr. Alþtilsk. segir, en ógefað einnig til annara mála, er þingið hefur tekið til afgreiðslu, enda bendir staður þessa ákvæðis í tilsk. til þess, að það skuli eigi að eins miða við 77. gr., heldur fyrst og fremst við fyrirmæli 1. gr. Alþtilsk., þar sem aðalheimildin fyrir afskiftum þingsins af framkvæmdarmálum landsins er. Skilyrðið til þess, að þingið fengist við þessi mál, var hér sem ella, að einhver þingmaður tæki málið upp með þeim hætti, sem í 62. gr. Alþtilsk. segir. Var málið síðan rætt sem aðrar tillögur þingmanna.

Á Alþingi kom, sem vita má, stundum til umræðu framkvæmd laga í ýmsum greinum. Árið 1847 komu t. d. á dagskrá festu-uppboð konungsjarða, hversu óheppileg þau væri. Konungsfulltrúi hélt því fram, að Alþingi ætti ekki með að taka þess konar mál til meðferðar. Sama mál kom aftur fram á þinginu 1849, og sömu mótbárum þá hreyft.[1]) En mótbárur þessar höfðu við engin rök að styðjast, eins og áður er sýnt, enda fór meiri hluti þingsins sínu fram og afgreiddi málið til konungs. 1853 kom fram tillaga um að skora á stiftamtmann að birta skilagrein um innheimtu Alþingistollsins, og komu þá enn fram sömu mótbárurnar, að þingið brysti vald til þess að hlutast um það mál. Samt var samþykkt ályktun um að senda stiftamtmanni erindi um málið.[2]) 1863 bar Jón Guðmundsson ritstjóri upp áskorun til Alþingis um að það hlutaðist til um það, að gjöf Kelsalls yrði varið samkvæmt tilætlun gjafarans. Hafði Kelsall, enskur maður, gefið fé eftir sinn dag til þess að reisa bókhlöðu við Latínuskólann. Hafði danska stjórnin með bréfi 17. okt. 1859 fallizt á tillögu stiftsyfirvalda um, að húsið skyldi þegar reist. Síðan lá stjórnin á málinu til 6. júlí 1861 og segir þá, að húsbygg-

1) Alþtíð. 1847 bls. 436, 438, 1849 bls. 84—87.
2) Alþtíð. 1853 bls. 93, 704.

ingunni verði að fresta, með því að gjöfin nægi að eins til að reisa húsið, en þá vanti fé til greiðslu fyrir bókavörzlu o. fl.[1]) Og þannig mætti lengi rekja. Aðfinningar eða athugasemdir um löggæzlu eða landsstjórn máttu auðvitað líka vel leiða til álits eða bænarskrár um breytingu á gildandi lögum til konungs, eins og t. d. í málinu um festu-uppboð þjóðjarða, sem áður getur. Þessi heimild Alþingis til að finna að því, sem þótti fara aflaga um landsstjórn og löggæzlu, var mjög þýðingarmikil. Alþingi gat fyrir hana komið af stað ýmsum endurbótum á landsstjórn og löggæzlu, hvort sem til þess þurfti lög eða að eins stjórnarráðstöfun. Og afskifti þingsins af þessum málum máttu vel verða nokkurt aðhald að æðstu stjórn landsins um að fara hvorki skemmra né lengra en rétt var.

IV. Samkvæmt 77. gr. Alþtilsk. átti þingið yfir höfuð ekki að skifta sér af umsóknum eða kvörtunum einstakra manna. Átti það að vísa slíkum erindum til konungs eða þeirra stjórnarvalda, sem hlut áttu að máli. En ef einhver þingmanna var fullsannfærður um það, að einstakur maður hefði verið rangindum beittur, þá mátti hann bera það mál upp á Alþingi og flytja þar fram gögn fyrir máli sínu. Mátti þingið þá, ef því þótti mál til þess fallið, gera skriflega greinargerð um það til konungs. Með skírskotun til þessara ákvæða gat hver sá, er taldi sig hafa orðið fyrir einhverskonar ójafnaði, borið sig upp fyrir Alþingi. Sjálfsagt er aðallega átt við ójöfnuð eða rangindi, er einstakur maður taldist hafa orðið fyrir af hálfu embættismanna eða annara, sem fóru með ríkisvaldið. Og kom það, hvort slíkt mál kæmi á dagskrá, undir því, hvort nokkur Alþingismanna vildi bera það upp, sbr. 62. gr. Alþtilsk. Í raun og veru er ekki neitt aðhald að þingmönnum um það í 77. gr., hvaða mál þeir mætti bera upp á Alþingi fyrir einstaka menn. Ef *þingmaður* var sannfærður um, að einstaklingur hefði verið röngu beittur af stjórnarvaldi, þá gat hann borið málið upp á Alþingi. Ef honum tókst að sannfæra meiri hlutann um það, að hann færi með rétt mál, þá mátti búast við, að þingið sinnti erindi hans. Mátti setja slík mál í nefnd, og fara þá að öllu með þau sem önnur þingmál, er einstakur þingmaður bar upp.

1) Alþtíð. 1863 I bls. 119 o. s. frv.

Þó að löggjafinn hafi hugsað sér það, að rangindi embættismanna yrði einungis eða aðallega tekin til meðferðar samkvæmt 77. gr. Alþingistilsk., þá gátu þó líka komið til Alþingis kvartanir undan ójöfnuði einstaklinga, einkum ef ætlazt var til þess, að þessvegna yrði gerðar ráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins til þess að hindra það, að slíkt gerðist framvegis. Því kærðu menn t. d. ránskap erlendra sjómanna á varplöndum og yfirgang þeirra á fiskimiðum til Alþingis. Mál þessi voru þess eðlis, að ástæða var til þess að þingið semdi greinargerð um þau og beindi henni á rétta staði með beiðni um, að ráðstafanir yrði gerðar til þess að hefta slíkt framvegis. Það er langur uppi að telja þau mál þessa eðlis, sem til þingsins gátu komið, því að engin takmörk voru í rauninni fyrir því, hverjum þeirra þingið kunni að sinna.

Þó að eigi yrði sagt, að einstakur maður væri beinlínis rangindum beittur, þá gat hann freistað þess að rita þinginu erindi um hagi sína, ef honum þótti kostur sinn erfiður og það væri á valdi ríkisstjórnar að bæta hann. Þetta gat vitanlega aðallega tekið til embættismanna. Sem dæmi þess konar málaleitana má nefna erindi Jóns Þorkelssonar, síðar rektors Latínuskólans, um launabót 1863.[1]) Alþingi gat tekið slík erindi til umræðu og ályktunar, ef það vildi, og mælt með því, að beiðni aðilja yrði honum veitt, ef því þótti það sanngjarnt, enda var það hér, sem annars, skilyrði, að einhver þingmanna tæki upp erindið til flutnings á þinginu.

Gat þingið orðið einstökum mönnum að liði með þessum hætti. En vandfarið var, því að ofmikil greiðasemi gat vel orðið til þess, að beiðnir þeirra yrði of margar og sumar rakalitlar, og þær tefði þingið frá merkari störfum og nauðsynlegri.

V. Konungur gat veitt Alþingi þátttöku í ýmsum efnum, sem nú mundi til framkvæmdastarfa talin. Auk þess sem framkvæmd ýmissa efna var borin undir Alþingi, bar það við, að Alþingi var falið að nefna mann til undirbúnings löggjafar um ákveðið efni. Dæmi þessa er tilnefning eins manns í póstmálanefnd.[2])

VI. Samkvæmt 57. gr. Alþtilsk. gat Alþingi samþykkt fyrirmæli um leiðréttingar á kjörskrám til afnota við kosningar til

1) Alþtíð. 1863 I 129.
2) Alþtíð. 1859 bls. 293.

Alþingis. Þesskonar ákvarðanir gátu þó einungis náð til framtíðarinnar, en kosningu mátti eigi ógilda, þó að sleppt hefði verið mönnum ranglega af skrá eða þeir ranglega teknir á hana. Þingið hefur ekki talið þörf á að gera beinlínis ályktanir um leiðréttingar á kjörskrám. Það kvartaði stundum um það, að aðferð kjörstjórna um kjörskrárgerð og kosningar hefði verið aðfinnsluverð, en varla um hitt, að mönnum hefði verið ofaukið eða ranglega sleppt af kjörskrám.

VII. Í rauninni má telja bænarskrá og hvert erindi, sem þingið sendi konungi, *ávarp* til hans. En venjulega er þó ekki með orðinu *ávarp* til konungs átt við þesskonar erindi. Ávörp voru helzt kölluð erindi til konungs í því skyni að votta honum þakkir vegna einhverrar ráðstöfunar, t. d. 1845 fyrir stofnun Alþingis,[1]) eða lotningu. Stundum var þá tækifærið líka notað til þess að víkja að ákveðnu máli eða jafnvel ofin í ávarpið greinargjörð um ákveðið mál, er þá þótti mestu skifta, eins og stjórnarskrármálið 1863.[2]) Auðvitað eru eigi glögg mörk milli venjulegrar bænarskrár til konungs eða tillögu um eitthvert mál og ávarps. Það er einatt að eins formatriði, hvort heitið er haft.

VIII. Eins og nú er títt, þá mátti og bera upp *fyrirspurnir* um eitthvert það mál, er þingið eða alþjóð varðaði. Fyrirspurna er að vísu ekki getið í Alþingistilskipuninni, en ekki er efast um, að heimilt sé að bera þær upp, enda segir Jón Sigurðsson á Þjóðfundinum út af fyrirspurn, er hann bar þar upp, að Þjóðfundurinn hljóti að hafa eins mikil réttindi og *Alþingi*, og því sé rétt að bera upp fyrrispurnir á honum.[3]) Þó að fyrirspurnir sé ekki nefndar í Alþingistilskipuninni, gátu þingmenn þó klætt þau mál, er þeir báru upp, í þann búning. Svo var það forseta, er þingmaður hafði snúið sér til hans samkvæmt 62. gr. Alþtilsk., að taka það mál á dagskrá. Þingið réð svo, hvort það vildi lofa fyrirspyrjanda að bera málið fram, og konungsfulltrúi, sem fyrirspurninni hlaut að vera beint að, ákvað fyrir sitt leyti, hvort hann svaraði fyrirspurninni. Fyrirspurnir voru sjaldgæfar á ráðgjafarþingunum.[4]) Menn fóru þá leið venjulega, að bera upp bænarskrár

1) Alþtíð. 1845 bls. 54—55.
2) Alþtíð. 1863 I. bls. 517—522.
3) Þjóðfundartíðindi bls. 198.
4) Á Þjóðfundinum 1851 komu fram þrjár fyrirspurnir, sem konungsfulltrúi neitaði að svara. Þjóðfundartíðindi bls. 197.

um mál eða áskoranir og fengu með þeim hætti skýrslur um það efni, sem þeir höfðu tekið sér fyrir hendur að hreyfa eða fá fram í dagsbirtuna.

IX. Alþingi átti upptökin að 1000 ára hátíðinni 1874. Uppástungan kom fram um hana á Alþingi 1865.[1])

## IV. kafli.

## Alþingiskostnaður.

57. gr.

I. Til kostnaðar af Alþingishaldinu taldist, sbr. 79. gr. Alþtilsk.:

1. Dagkaup og ferðakostnaður Alþingismanna, jafnt þjóðkjörinna sem konungkjörinna.

2. Kaup aukaskrifara þingsins, þar á meðal skrifara þingforseta, sem munu, eins og áður er sagt, hafa haft svipað verkefni og skrifstofustjórar Alþingis höfðu síðar. Til þingkostnaðar taldist líka endurgjald fyrir bækur þingsins, pappír og ritföng, prentun þingskjala, eftir að hún fór að tíðkast, viðhald húsbúnaðar þingsins og skrifstofugagna. Þar á móti taldist kostnaður vegna konungsfulltrúa, eins og áður segir (52. gr.) eigi til Alþingiskostnaðar. Húsbúnaður, er í upphafi var til þingsins lagður, var greiddur af Jarðabókarsjóði án endurgreiðslu af Alþingistollinum, kgsúrsk. 30. apr. 1845. Þá var til Alþingiskostnaðar talið kaup fyrir þýðingar á gjörðabók þingsins og aðrar þýðingar á dönsku af skýrslum um þingið, eins og fyrr segir.

3. Til bókasafns þingsins voru í öndverðu lagðir 300 rbd. og síðan árlega 100 rbd., og loks 1865 og síðan 20 rd. á ári til bókavörzlu. Greiddist þetta sem Alþingiskostnaður.

4. Allur kostnaður af útgáfu Alþingistíðinda greiddist sem Alþingiskostnaður, undirbúningur þeirra undir prentun, prófarkalestur, pappír, prentun, hefting, útsending o. s. frv.

II. Reikningur Alþingiskostnaðar var jafnan birtur aftan

1) Alþtíð. 1865 L A bls. 458, II bls. 342.

við Alþingistíðindin. Var kostnaður af þinghaldinu jafnan lítill hjá því, sem nú gerist, enda færri þingmenn og skrifarar, skemmri þingtími og minna talað. Samkvæmt reikningunum var kostnaður af þinginu 1845 6636 rbd., 1855 er hann talinn 6096 rbd., 1865 er hann kominn upp í nálægt 11770 rbd., en 1873 er hann kominn niður í 7282 rbd. 1867 verður hann langhæstur, 14313 rbd. Á þingunum 3, 1865, 1867 og 1869, voru hin mestu stórmál á ferðinni, kláðamálið og fjárhagsmálið 1865 og stjórnskipunarmálið 1867 og 1869 og þing stóð óvanalega lengi 1867 og 1869, eins og áður er getið. Aftur á móti voru þingin 1871 og 1873 skömm þing, stóðu að eins fram yfir mánaðamótin júlí—ágúst.

III. Til greiðslu Alþingiskostnaðarins gekk:

1. Það, sem heimtist fyrir seld Alþingistíðindi. Það hrökk vitanlega mjög skammt upp í kostnaðinn, oftast nálægt 400 rbd., og

2. *Alþingistollurinn.* Samkvæmt 79. gr. Alþtilsk. átti að greiða kostnað þann, sem talinn er í I. 1—4 og eigi greiddist af andvirði seldra Alþingistíðinda, af Jarðabókarsjóði. En endurgreiða skyldi Jarðabókarsjóði það, sem hann hafði lagt út með þeim hætti, er síðar yrði ákveðið og eftir að álit Alþingis væri fengið um málið. Þingið hafði málið til meðferðar 1845, og lagði þá til, að lagður yrði skattur á fasteignir, er gengi að erfðum eða skifti um eiganda með öðrum hætti, 4 rbd. á hverja 100 rbd. af virði fasteignar. Og átti Alþingiskostnað að greiða með þessu gjaldi. En það er ávantaði, skyldi að ⅔ jafnað á tíundar-hundruð fasteigna og að ⅓ á tíundar-hundruð lausafjár.[1]) Konungsvaldið féllst ekki á þessar tillögur og lagði málið af nýju fyrir Alþingi 1847. Í frumvarpi stjórnarinnar var ákveðið, að þingkostnaði skyldi öllum jafna á jarðir og lausafé í áðurnefndum hlutföllum.[2]) Alþingi þótti ekki hentugt að miða við jarðarhundruð, og lagði nú til, að ¾ hlutum Alþingiskostnaðar væri jafnað niður á afgjald (landskuld og leigur) jarða (og innstæðukúgilda) og ¼ á tíundarbært lausafé.[3])

Var loks gefið út opið bréf 18. júlí 1848, þar sem á er kveðið, hvernig kostnaði þessum skuli niður jafna. Hlaut Jarðabókasjóður að greiða kostnað af 2 fyrstu þingunum. Var víst

1) Alþtíð 1845 bls. 585.
2) Alþtíð 1847 Viðbætir A, bls 46.
3) Sama rit 1847 bls. 454.

ætlazt til þess, að kostnað þeirra skyldi fyrst greiða af skatti þeim, er inn kæmi, enda segir svo í opnu bréfi 18. júlí 1848, að konungur hafi talið nauðsynlegt að koma skipun á það, hvernig Jarðabókasjóður skuli fá Alþingiskostnaðinn endurgreiddan, svo að þær fjárhæðir, sem endurgreiða beri, verði ekki óhæfilega háar. Og er með þessu átt við nauðsyn á skjótri ákvörðun skattsins, svo að Alþingiskostnaður hrúgist ekki upp fyrir mörg þing áður en skattur verði á lagður. Með opna bréfinu 18. júlí 1848 voru tillögur Alþingis 1847 algerlega lögleiddar. Og skyldi nú jafna niður Alþingiskostnaði á afgjöld jarða að ¾ og á tiundar-hundruð lausafjár að ¼. Lénsjarðir presta og jarðir góðgerðastofnana (milde Stiftelser) voru þó undanþegnar þessu gjaldi. Var þetta skilið svo, að prestssetrin, kirkjujarðir, þar á meðal jarðir bændakirkna, og spítala væri skattfrjálsar. Gjaldið var, sem sjá má, að ¾ *tekjuskattur*, en að eins lagður á tekjur af *jörðum*, en að ¼ *eignarskattur*, og að eins lagður á lausafé.

Þessi ákvæði ollu allmikilli óánægju í sumum sveitum landsins. Þóttu gjaldstofnarnir of fáir. Vildu menn fyrst og fremst, að goldið væri af fasteignum bændakirkna, að prestsmötu frá dreginni. Svo vildu menn leggja skattinn á kaupstaðahús og jafnvel á laun embættismanna. Alþingi 1849 hafði málið enn til meðferðar og lagði nú til, að Alþingistolli yrði jafnað á hús í kaupstöðum þannig, að 50 rbd. í húsverði svaraði til eins lausafjárhundraðs. Enn fremur lagði þingið til, að skatt skyldi greiða af jörðum bændakirkna eins og öðrum jörðum, að prestsmötu frá dreginni. Með opnu bréfi 2. marz 1853 var ákveðið, að greiða skyldi skattinn af jörðum bændakirkna, að prestsmötu frá dreginni, en að öðru sat við það, sem áður hafði verið.

Um leið og opna bréfið 18. júlí 1848 var gefið út setti dómsmálaráðherra Danmerkur sýslumönnum og heppstjórum reglur, dags. s. d., er þeir skyldi fara eftir um virðingar eigna til afgjalds, er Alþingistollinum skyldi síðan jafnað á. Skyldi hreppstjórar kjósa með sér í hreppi hverjum tvo menn, er þeir töldu bezt til fallna. Hreppstjóri gerði skrá yfir jarðir í hreppi sínum. Ef jörð var í byggingu, þá átti leigjandi að skýra frá landskuld þeirri og kúgildaleigum, er hann galt, en ef hann vildi það ekki eða gaf rangt upp, þá skyldi meta leigu, eins og þar sem eigandi bjó sjálfur á jörð sinni. Skýrslum um eftirgjöld

jarða átti hreppstjóri að safna á hreppskilaþingum á hausti. Þá er hann hafði lokið skýrslusöfnun þessari, skyldi hann reikna afgjöld, er greidd voru í landaurum, til peninga eftir verðlagsskrá sýslunnar, ef til var tekið, í hverju gjalda skuli, t. d. í smjöri, ám, fiski o. s. frv. eða eftir meðalverði allra meðalverða, ef að eins er tiltekin álnatala eða hundraða, en ekki í hverju skuli gjalda. Skyldi hreppstjóri hafa lokið starfa þessum svo snemma, að jarðabók hans gæti komizt sýslumanni í hendur eigi síðar en 5 vikum fyrir manntalsþing.

Stiftamtmaður ákvað skatthæð á hvert hundrað ríkisdala, er afgjald og tíundað lausafé námu, en sýslumenn reiknuðu, hvað á hvern gjaldanda í sýslu sinni kæmi og innheimtu á manntalsþingum, eins og önnur opinber gjöld. Skyldi leiguliðar greiða skattinn, en gátu krafið hann aftur af landsdrottni.

# Viðbætir.

## Þjóðfundurinn 1851.

58. gr.

I. Árið 1851 var Alþingi ekki háð. Þá var haldinn þjóðfundur til þess að ræða um stöðu Íslands gagnvart Danmörku og verzlunarmálið o. fl. Ekki má svo skiljast við ráðgjafarþingin 1845—1873, að eigi sé nokkuð minzt á Þjóðfundinn, enda má telja sögu hans einn þátt þingsögunnar.

II. *Aðdragandi Þjóðfundarins.* Kristján konungur 8. hafði lofað Dönum stjórnarbreytingu, en hann lézt 20. jan. 1848. Tók þá Friðrik 7. konungdóm. Endurtók hann loforð föður síns. Samkvæmt því loforði var ráðgjafarþingunum dönsku, er kvödd voru til fundar með konungsbr. 4. apr. 1848, boðið að gera tillögur um ríkisfund (Rigsforsamling), er undirbúa skyldi stjórnarbreytinguna, og um kosningarlög til þessa ríkisfundar. 7. júlí 1848 voru kosningarlög þessi gefin út. Ríkisfund skyldi skipa 193 þingmönnum. Áttu 5 þeirra að vera af hálfu Íslands á samkomu þessari, og kjöri konungur þá sjálfur. Það var tilætlunin, að Danmörk fengi þing, er tæki þátt í löggjafarvaldi og fjárveitingar með svipuðum hætti og þjóðþingin gera nú. Þetta var mönnum hér kunnugt. Sömdu

menn hér ávarp til konungs, og var það undirritað 11. sept. 1848 af 150 málsmetandi mönnum. Var farið fram á það, að Ísland fengi sérstakt löggjafarþing, eins og Danmörk, og að Íslendingar sjálfir mætti velja menn á danska ríkisfundinn.[1])

Þessu ávarpi var svarað með konungsbr. 23. sept. 1848, eins og kunnugt er. Bæn landsmanna um sérstakt löggjafarþing var tekið svo, að ekki væri það tilætlun konungs, „at de Grundbestemmelser, der med Hensyn til Islands særlige Forhold maatte vere nödvendige for at ordne denne Landsdels forfatningsmæssige Stilling i Riget, skulde endeligen vedtages förend efterat Islænderne i en egen Forsamling i Landet derover ere hörte", (þ. e. „að grundvallarfyrirmæli þau, er vegna sérhátta Íslands kynni að vera nauðsynleg til þess að ákveða stjórnskipulega stöðu þessa landshluta í ríkinu, skulu eigi vera sett til hlítar, fyrr en eftir að Íslendingar hafi á sérstökum fundi í landi sínu verið spurðir álits"). Menn sjá á þessu, að litlu var lofað með þessu bréfi og enn minni urðu efndirnar, eins og síðar mun sjást. Ísland er nefndur „landshluti", er vera skuli stjórnskipulega hluti af danska ríkinu. Í samræmi við þetta var það auðvitað, að ekkert fyrirheit var veitt um það, að farið yrði eftir tillögum eða óskum Íslendinga.

Beiðni Íslendinga um, að þeir mætti sjálfir kjósa fulltrúa á ríkisfund Dana, svaraði konungur svo, að þess væri ekki kostur vegna fjarlægðar landsins. Danmörk mætti ekki við svo langri bið, sem fulltrúakosningar á Íslandi hefði í för með sér og ferð íslensku fulltrúanna til Danmerkur. Sem betur var, fengu Íslendingar ekki ósk sína uppfyllta að þessu leyti. Ef þeir hefði fengið að kjósa fulltrúa á grundvallarlagaþing Danmerkur, þá hefði þeim verið torveldari rökfærsla fyrir því, að grundvallarlög Danmerkur gilti ekki á Íslandi.

Samkvæmt kgsbr. 28. sept. 1848 lagði konungsvaldið fyrir Alþingi 1849 „Frumvarp til laga um kosningar til fulltrúasamkundu þeirrar, er ræða skyldi stjórnskipulega stöðu Íslands í ríkinu". Alþingi afgreiddi málið og voru lög um kosningar þessar gefin út 28. sept. 1849. Í kosningarlögunum 1. gr., var fulltrúatalan ákveðin 46, og áskildi konungur sér að nefna 6 af þeim. Skyldi hvert lögsagnarumdæmi vera eitt

1) Ný Kollegialtidende 1848 bls. 689.

kjördæmi og velja 2 þingmenn, nema Skaftafellssýsla, sem var 2 kjördæmi, er sinn kaus þingmanninn hvort, 2. gr.

III. a. Skilyrði kosningarréttar voru þessi, 3. gr.:

1. *Óflekkað mannorð.* En enginn, sem með dómi er sakfeldur fyrir verknað, sem svívirðilegur er í almenningsáliti, mátti kjósa, né heldur sá, sem ákærður hefur verið fyrir slíkan verknað og eigi að fullu sýknaður. Sá, er að eins var sýknaður „af frekari ákærum réttvísinnar", hafði því eigi kosningarrétt.

2. Þrjátíu ára aldur á kjördegi.

3. Fullt fjárforræði. Sá, sem sviftur var fjárræði, gjaldþrota eða kyrrsettur, átti því eigi kosningarrétt.

4. Gjald til sveitar, enda standi maður eigi í skuld fyrir sveitarstyrk. Nú var engin lágmarksupphæð til tekin, eins og síðar varð í tilsk. 6. jan. 1857.

5. Að aðili ætti með sig sjálfur. Sá mátti þó kjósa, sem var að vísu öðrum háður, en veitti heimili forstöðu eða verzlun eða ef hann hafði tekið stúdentspróf.

6. Kjósandi skyldi hafa haft óslitna dvöl í kjördæminu síðasta árið.

7. Kjósandi skyldi vera þegn konungs Danmerkur.

Eins og sjá má, voru þessi kosningarlög stórum frjálslegri en kosningarréttar-ákvæðin í Alþtilsk. 8. marz 1843. Þótt það sé eigi berum orðum sagt, þá höfðu *karlmenn* þó einir kosningarrétt til þjóðfundarins.

b. Skilyrði kjörgengis voru þau, er í a. 1., 3., 4., 5. og 7. tölul. segir. Einungis 25 ára aldurs var krafizt og ársdvöl í kjördæmi var ekki heimtuð, 4. gr. Auðvitað voru *karlar* einir líka kjörgengir.

c. Utan Reykjavíkur skyldi hreppstjóri í hreppi hverjum með presti gera kjörskrá og í Reykjavík dómkirkjupresturinn með formanni bæjarstjórnar, 6. gr. Skrárnar átti síðan að leggja fram á heimili prests, og í Reykjavík á bæjarþingstofunni, og skyldi birta það að minnsta kosti 14 dögum áður en kjósa átti, 7. gr. Kjörstjóri (sýslumaður, bæjarfógeti) og aðstoðarmenn hans úrskurðuðu á kjördegi kærur út af kjörskrá, er fram komu 4 dögum fyrir kjördag, 9. og 13. gr. Kjördag átti að auglýsa með að minnsta kosti 8 daga fyrirvara, enda skyldi sami vera kjördagur í öllum kjördæmum sama amts, ef þess var kostur, 9. gr. Kjörstjóri kjöri sér til

aðstoðar tvo góða menn, sem vel voru kunnugir í kjördæminu. Amtmaður ákvað kjörstað í amti sínu, að fengnu áliti kjörstjóra. Kosning sjálf fór með svipuðum hætti og kosning til Alþingis, sjá 14., 16. og 17. gr. Enginn mátti greiða utankjördæmismanni atkvæði, nema kjörstjórn væri sannað, að hann væri kjörgengur og vildi taka við kjöri, 15. gr. — sama ákvæði sem í tilsk. 6. jan. 1857 5 gr. Þeir tveir, er flest fengu atkvæði, voru kjörnir fulltrúar. Ef tveir fengu jafnmörg atkvæði, réð aldur, en ef þeir voru jafnaldra, þá skyldi hlutkesti ráða, 18. gr. Kjörstjórar áttu að láta fulltrúum í té kjörbréf, og skyldi fulltrúar hafa þau með sér, 21. gr. Ef einhver kjördæmismaður — um hina var víst, að þeir tóku við kjöri — vildi eigi taka við kjöri, þá skyldi hann þegar skýra frá því, svo að aukakosning mætti sem fyrst fara fram, 20. gr. Þjóðfundar-fulltrúar áttu að fá 3 rbd. í dagkaup, eins og Alþingismenn, frá því er þeir fóru að heiman og til þess er þeir komu aftur heim, og 4 rbd. daglega í fæðispeninga og ferðakostnað, 22. gr.

Kjörstjórnir skyldi fá þóknun fyrir starfa sinn eftir opnu bréfi 6. júlí 1848, eins kjörstjórnir við Alþingiskosningar.

Til þess var ætlazt, að kosningarnar yrði eigi síðar en í maímánuði 1850. Það mun upphaflega hafa verið tilætlunin, að Þjóðfundurinn yrði haldinn sumarið 1850, en úr því varð ekkert. Með opnu bréfi 16. maí 1850 var ákveðið, að fundurinn skyldi hefjast 1851 4. júlí. Stjórn landsins svonefndri lá ekki á, þegar Ísland átti í hlut, fremur þá en áður var og síðan var lengstum. 19. maí 1851 var Trampe, er þá var stiftamtmaður á Íslandi, skipaður konungsfulltrúi á fundinum með heimild til að nefna sér aðstoðarmann, og skyldi hann fá 1500 rbd. aukreitis vegna Þjóðfundarins. Auk þess voru veittir 9000 rbd. á fjárlögum Dana til að greiða kostnað af fundinum. Stiftamtmaður ætlaði reyndar að jafna kostnaði af Þjóðfundinum niður sem Alþingiskostnaði, svo að kostnaðurinn yrði endurgreiddur ríkissjóði Danmerkur. En amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu mótmælti því, að þetta væri löglegt, og innanríkisráðherra Danmerkur var á sama máli, svo að lagt var fyrir stiftamtmann að afturkalla skipun sína um að innheimta Þjóðfundarkostnaðinn af Íslendingum, sjá bréf innanríkisráðherra 20. apríl 1852.

IV. 1. Þjóðfundarmenn komu 37 þjóðkjörnir og 5 konung-

kjörnir — Þórður Sveinbjörnsson var veikur, en kom síðar á fundinn — á tilsettum tíma. 4. júlí var fundurinn þó ekki settur, heldur daginn eftir, 5. júlí, og voru þó þá ekki komin plögg þau, sem von var á frá Kaupmannahöfn. Komu fulltrúar saman í Alþingissalnum að boði Trampes stiftamtmanns kl. 12 á hádegi. Var þá gengið til kirkju, en að lokinni guðsþjónustu setti stiftamtmaður fundinn með ræðu. Var höfð hin sama skipan á og þegar Alþingi var sett. Elzti þingmaðurinn gekk til forsetastóls samkvæmt beiðni stiftamtmanns og stjórnaði fundi, meðan kjörbréf voru rannsökuð. Gengu menn í 2 flokka, A og B. Athugaði A-flokkur bréf fulltrúanna í B-flokki og B-flokkur fulltrúa í A-flokki, og þótti ekkert athugavert. Voru þá allir þeir fulltrúar, sem komnir voru, lýstir rétt kjörnir. Þá er kjörbréfarannsókn var lokið, var forseti og varaforseti kjörinn og skrifarar fundarins.[1]) Fundurinn hafði að þessu leyti algerlega sömu réttindi sem Alþingi.

2. Þjóðfundinum höfðu engin þingsköp verið sett. Hefur fundarmönnum ekki þótt mega hafa þingsköp Alþingis, þau er í Alþingistilskipuninni getur og öllum þorra fundarmanna voru kunn. Á 2. fundi var kosin 7 manna nefnd til þess að undirbúa þingsköp fundarins. Voru síðan hafðar tvær umræður um frumvarp nefndarinnar, og voru svo samþykkt þingsköp fundarins á 7. fundi 15. júlí. Síðan voru kosnir embættismenn fundarins af nýju, forseti (Páll Melsted amtmaður) og 2 varaforsetar (Kristján Kristjánsson og Eggert Briem), og 4 skrifarar.[2])

V. Aðalatriði þingskapa Þjóðfundarins skal nú greina:[3])

1. Fundinn skyldi heyja í *heyranda hljóði*. Forseti hafði vald til að vísa þeim burt, er eigi gættu allrar siðsemi og eigi hlýðnuðust áminningu hans. Einnig gat forseti eða 10 þingmenn stungið upp á því, að þinghöld um ákveðið mál skyldi fara fram innan luktra dyra, og skyldi þingið svo skera úr því með atkvæðum, 72. og 73. gr. þingsk.

2. *Réttur og skyldur Þjóðfundarmanna.*

a. Þingmenn skyldi vera *friðhelgir*. Utan þings átti hver

1) Þjóðfundartíðindi bls. 1—6.
2) Þjóðf.tíð. bls. 121.
3) Þingsköp Þjóðfundarins, eins og hann gekk frá þeim, eru prentuð í Þjóðf.tíð. bls. 111—120.

þingmaður að vera vítalaus fyrir ræður sínar og atkvæði á þingi, 1. gr. þingsk. Hér virðist fundurinn hafa farið út fyrir þau takmörk, sem honum voru sett. Hlutverk hans var að gera tillögur um mál, er fyrir hann voru lögð, en eigi að setja lög dómstólum eða öðrum. Um meiðyrði, er Þjóðfundarmaður hefði haft um fundarmann eða aðra, hefði því mátt sækja hann fyrir dómi með venjulegum hætti. Munu fundarmenn hafa tekið þessi fyrirmæli í þingsköp sín úr grundvallarlögum Dana.

b. Þingmanni hverjum var rétt að taka til máls og tala svo lengi í senn sem hann vildi, enda héldi hann sér við málið, en ef hann gerði það ekki, þá varð hann sekur um þingsafglöpun. Sama var, ef þingmaður rifjaði upp útkljáð mál, ef hann atyrðir þingið eða þingmenn, beitir konungi eða vilja hans í því skyni að beygja frjáls atkvæði manna eða hótar þinginu ofríki á nokkurn veg, 6. og 7. gr. þingsk. Standandi skyldi hver þingmaður tala og snúa máli sínu til forseta eða þingsins, og áttu menn að tala eftir því, sem þeir kvöddu sér hljóðs, en ef tveir gerðu það jafnsnemma, þá í röð eftir ákvörðun forseta, 2. og 3. gr. þingsk. Við 1. og 3. umræðu máttu menn einungis tala tvisvar, nema flutningsmaður máls og framsögumaður nefndar, 49. gr. þingsk. Og enginn mátti tala um efni máls eftir að atkvæðagreiðsla var byrjuð, en tala mátti stuttlega um atkvæðagreiðslu sjálfa, 67. gr. þingsk. Enginn mátti flytja ræðu skrifaða af blöðum, nema forseti, 5. gr. þingsk.

c. Sérhverjum þingmanni skyldi heimilt að bera upp *uppástungu* um hvað sem er samkvæmt reglum þingskapanna, 4. gr. þingsk. Um bænarskrár annara manna segir í 60. gr. þingsk. Þær gátu því að eins komið til umræðu, að einhver þingmanna tæki þær upp. Skyldi þingmaður, er flutti mál, snúa sér til forseta með uppástungu sína, og átti forseti að geta hennar á fundi. Átti hún síðan að vera til sýnis, þar til forseti tók hana á dagskrá, og skyldi þá leita atkvæða um það, hvort uppástungu skyldi prenta áður málið kæmi til umræðu. Ef þingið neitar því, þá telst uppástungu hrundið og má hún ekki koma aftur til umræðu óbreytt á þinginu, 36. gr. þingsk. Heimilt var þingmanni að taka uppástungu sína aftur, hversu langt sem umræðu var

komið, en taka mátti þá annar þingmaður hana upp, 37. gr. þingsk.

d. Heimilt var hverjum þingmanni að bera upp *breytingartillögur* við frumvörp eða uppástungur, sbr. 56. gr. þingsk., enda gat hver þingmaður krafizt þess, að breytingartillögu væri frá vísað, og skar þing úr því umræðulaust, 58. gr. þingsk.

e. Þá var þingmönnum rétt að bera upp *fyrirspurnir* á fundi til erindreka konungs. Leita skyldi forseti samþykkis fundarins til þess að bera upp fyrirspurn. Ef þingið leyfði fyrirspurn, þá skyldi prenta hana og ákveða, hvenær hún skyldi koma til umræðu, 55. gr. þingsk. Þrjár fyrirspurnir komu fram á Þjóðfundinum. Eina flutti Jón Sigurðsson, forseti, um þær lyktir, er fallið hefði á mál Alþingis 1849 hjá konungi.[1]) Konungsfulltrúi (Trampe) sagðist eigi hafa umboð til að svara fyrirspurn þessari, og var hún eigi tekin á dagskrá.[2]) Þá bar síra Ólafur Einarsson á Stað upp fyrirspurn um komu dönsku hermannanna hingað, hvort þeir væri sendir eftir beiðni yfirvalda hér, eftir hvers skipun eða ráðstöfun, í hverjum tilgangi og á hvers kostnað þeir væri hingað komnir og hversu lengi þeim væri ætlað að vera hér.[3]) Höfðu verið sendir hingað 25 danskir dátar um sumarið. Hefur danska stjórnin líklega verið hrædd við upphlaup hér, vissi sem var, að landsmönnum mundi lítt geðjast að frumvarpi því um réttarstöðu Íslands, sem lagt var fyrir þjóðfundinn. Ekki svaraði Trampe stiftamtmaður heldur þessari fyrirspurn. Síðasta fyrirspurnin var frá síra Hannesi Stephensen um fundafrelsi, og var henni ekki heldur svarað.[3])

f. Þingmaður mátti, þegar hann var krafinn atkvæðis um mál, leggja lagalyrit fyrir það, en það var í því fólgið, að hann bar fram skriflega eða munnlega andmæli sín á móti málinu og átti svo að bóka þau, 71. gr. þingsk.

g. Þingmönnum var skylt að sækja fundi, nema forföll bannaði, enda skyldi þingmaður skýra forseta frá þeim, Sá þingmaður, sem ekki sótti fund forfallalaust, missti dag-

1) Þjóðfundatíðindi bls. 171.
2) Sama rit bls. 196—199, 316.
3) Sama rit bls. 196—198.

laun sín að því sinni, 10. gr. þingsk. Skylt var þingmönnum og að taka við skipun í nefndir og önnur störf innan þings, sem þeir voru löglega kosnir til, 11. gr. þingsk., að greiða atkvæði, er nafnakall var haft, 65. gr. þingsk., að hlýða forseta og halda þingsköp. Ef þingmaður hélt eigi þingsköp þrátt fyrir áminningu forseta, þá gat forseti vísað honum af fundi eina stund eða lengur og svift hann dagkaupi, 2. og 7.—9. gr. þingsk.

3. Embættismenn Þjóðfundarins voru: *forsetar* og *skrifarar*.

a. Þingmenn kusu *forseta* og *varaforseta*. Forsetar voru kjörnir með meiri hluta greiddra atkvæða, 12. gr. þingsk. Forseti boðaði fundi og stýrði þeim. Hann átti að sjá um, að þingstörf væri rækt sem bezt, tók við skjölum þingsins og stóð fyrir ritstörfum þess og reikningum, 14. gr. þingsk. Forseti tók við öllum uppástungum þingmanna, bænarskrám og fyrirspurnum, 14. gr. þingsk., sbr. 36, 55. og 60. gr. Hann ákvað dagskrá hvers fundar fyrirfram og mátti eigi breyta henni síðar, nema með samþykki þingsins. Ef 10 þingmenn óskuðu dagskrá öðruvísi en forseti hafði ákveðið hana, þá skar fundurinn úr, 30. og 31. gr. þingsk. Forseti lét prenta nefndarálit, 44. gr. þingsk. Hann stýrði atkvæðagreiðslu og úrskurðaði, hvernig henni skyldi haga. Skyldi hann láta prenta atkvæðaskrár handa hverjum þingmanni. Atkvæðagreiðslu var svo hagað, að fyrst skyldi þeir þingmenn standa upp úr sæti sínu, er með voru, en hinir síðan, er móti voru. Nafnakall skyldi hafa, ef atkvæðagreiðsla var óglögg eða 7 þingmenn kröfðust þess. Breytingartillögur voru fyrst bornar undir atkvæði áður en hið upphaflega frumvarp, 61.—65. og 68. gr. þingsk. Loks átti forseti að hafa umsjá með útgáfu fundartíðindanna með Tíðindanefndinni, 28. gr. þingsk. Ef forseti vildi taka til máls, átti hann að víkja úr forsetastóli, 15. gr. þingsk. Skrifara hefur forseti haft sér við hönd með svipuðum hætti og forsetar Alþingis.

b. *Bókhald* Þjóðfundar var líkt bókhaldi Alþingis: *Dagbók*, þar sem skýrt var frá gangi málanna, líkt og á Alþingi. 2. *Bréfabók* og 3, *Gjörðabók*, þar sem skráð var það, er á fundum gjörðist með svipuðum hætti sem á Alþingi. Áttu *skrifarar* fundarins að annast um bókhaldið. Skrifarar áttu að hafa aukaskrifara — utanþingsskrifara — til aðstoðar sér

til að skrifa upp ræður þingmanna á þingfundum. Átti að leggja ræðurnar hreinritaðar fram og þingmenn skyldi svo leiðrétta þær eftir þörfum. Loks áttu skrifarar að telja saman atkvæði, 17.—19. gr. þingsk., og lesa upp gjörðabók frá síðasta fundi í upphafi næsta fundar, 32. gr. þingsk.

4. *Nefndir.* Þær voru fernar: Hlutfallsnefndir, kosningarnefndir, Tíðindanefnd og Þingskapanefnd.

a. Hlutfallsnefnd var þannig skipuð, að forseti skifti öllum þingmönnum í þrjá flokka eftir hlutfalli, og var hver flokkur nefnd fyrir sig, er kaus sér forseta og skrifara. Ræddi hlutfallsnefnd mál það, er henni var falið, áður en það kom til fyrstu umræðu, sem aðrar nefndir, en lét ekkert álitsskjal frá sér fara, 20., 21. og 39. gr. þingsk. Ef hlutfallsnefnd vildi láta álitsskjal koma um mál, þá gat fundurinn allur kosið menn til að rita það, eða suma, en hlutfallsnefndir suma, 43. gr. þingsk. Hlutfallsnefndir tóku fyrst til meðferðar frumvörpin þrjú, sem konungsvaldið lagði fyrir Þjóðfundinn.[1])

b. *Kosningarnefndir* voru svo kosnar, að hver þingmaður ritaði á seðil nöfn þeirra manna, sem hann vildi kjósa í nefnd, og voru þeir rétt kjörnir, er fengu meiri hluta allra greiddra og gildra atkvæða. Ef eigi fengu í fyrstu atrennu nógu margir svo mörg atkvæði, þá átti að kjósa þá, er vantaði í nefnd með sama hætti sem fyrr, en en ef enn fá eigi nógu margir þá atkvæðatölu, sem þarf, þá átti að nefna þá, er flest atkvæði fengu, tvöfalt fleiri en þá, sem þarf og kjósa um þá. Ef fleiri en einn fengu jafnmörg atkvæði, átti hlutkesti að ráða, 22. og 23. gr. þingsk. Bæta mátti mönnum við nefnd, ef hún beiddist þess, 24. gr. þingsk. Nefnd kýs sér forseta og skrifara, áttu kosningarnefndir að skila skriflegu áliti, er prenta skyldi, sbr. 44. gr. þingsk. Jafnan mátti stinga upp á því, er mál var til umræðu, að vísa því til nefndar eða einstökum atriðum þess, svo og að vísa máli aftur til nefndar, sem áður hefur haft það til athugunar, 50. gr. þingsk. Þau þrjú frumvörp, sem konungsvaldið lét leggja fyrir Þjóðfundinn, voru sett í nefnd.[2])

---

1) Sbr. Þjóðfundartíð. bls. 110—111.

2) Þjóðfundartíð. bls. 199 (verzlunarmálið), 496 (frumvarpið um „stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins“) og 526 (frumvarpið til laga um kosningar til Alþingis).

c) *Tíðindanefnd.* Hún var föst 3 manna nefnd, sem ætlað var að sjá um útgáfu tíðinda af þjóðfundinum. Þá nefnd skipuðu Pétur biskup Pétursson, Jens Sigurðsson, síðar rektor, og Gísli Magnússon kennari. Hún sá um útgáfu Þjóðfundartíðinda með forseta, með sama hætti og ritnefnd Alþingistíðinda sá um útgáfu þeirra, 28. gr. þingsk. Var upplag þeirra ákveðið af forseta fundarins 1000. Voru þau gefin út í Reykjavík 1851. Er tilhögun á þeim svipuð og á Alþingistíðindunum til 1861.

d) *Þingskapanefnd* 3 manna var einnig fastanefnd. Skyldi hún athuga þingsköpin, er fundurinn hafði sett sér, og gera tillögur um breytingar, ef henni sýndist, 29. gr. þingsk. Þessi nefnd mun ekki hafa sýnt neinn árangur af störfum sínum, enda var annað, sem meir kallaði að en breyting á þingsköpum fundarins.

5. *Málameðferð.* Eins og sagt var, voru hlutfallsnefndir látnar athuga málin, sem konungsvaldið lét leggja fyrir Þjóðfundinn. Eiginlega hefur sú málsmeðferð verið nokkurskonar undirbúningur undir lögskipaða meðferð mála á fundinum. Um lagafrumvarp voru 3 umræður. Fyrsta umræða átti að vera um aðalefni og stefnu frumvarps, en ekki um einstakar greinir, nema þörf yrði til skýringar. Að lokinni umræðu voru greidd atkvæði um það, hvort frumvarp skyldi lengra ganga eða eigi, og ef frumvarp skyldi lengra ganga, hvort nefnd skyldi setja í það eða ekki, 41. og 42. gr. Í annari umræðu voru teknar sérstakar greinar frumvarps og breytingartillögur og hvert sér borið undir atkvæði og síðast leitað atkvæða um það, hvort frumvarp, þannig breytt, skyldi fara til þriðju umræðu, 45. gr. þingsk. Í þriðju umræðu skyldi frumvarp rætt með þeim breytingum, sem á voru orðnar í annari umræðu. Nýjar breytingartillögur máttu að eins koma frá nefnd eða 10 nafngreindum þingmönnum, og sé þær birtar eigi síðar en deginum áður, 46. gr. Þegar umræðum var lokið og atkvæði voru greidd, skyldi forseti láta lesa upp frumvarp og spyrja þingið, hvort það vilji „játa, að þetta allt sé þannig lögleitt“. Nú var frumvarp samþykkt, og áttu þá skrifarar þingsins og nefnd, er sett hafði verið í málið, að rannsaka frumvarpið af nýju. Og ef þeir fundu augljósa ósamhljóðan í því eða beina villu, þá áttu þeir að bera það upp á fundi og stinga upp á leiðréttingum. Ef fundurinn féllst á leiðréttingarnar, þá skyldi forseti láta

lesa upp frumvarpið og leita af nýju atkvæða, sem áður, 48. gr. Þetta er mjög merkilegt ákvæði, og væri þess full þörf á þingi nú á dögum, þar sem stundum eru samþykktar tillögur, er ekki má samríma við önnur ákvæði frumvarps.

Bænarskrár skyldi ræða í 2 umræðum, 52. gr. þingsk. Sama var um uppástungur þingskapanefndar, 54. gr. þingsk.

Mál gat Þjóðfundur afgreitt með ýmsum hætti:

a. Með því að samþykkja tillögur um það. Til þess þurfti jafnan meira hluta atkvæða, enda væri fundur lögmætur, $^3/_4$ þingmanna á fundi, 70. sbr. 34. gr. þingsk. Ef jöfn voru atkvæði með og móti, þá var mál fallið. Þjóðfundurinn gat látið frumvarpi fylgja bænarskrá til konungs. En til þess kom reyndar eigi, því að Þjóðfundurinn fekk eigi tækifæri til að lúka, nema einu mála þeirra, sem til hans voru lögð, verzlunarmálinu. Í því samþykkti hann frumvarp til laga eins og kunnugt er. Var meðferð þess á fundinum samræm þingsköpunum, eins og vænta mátti.[1]) Hin tvö frumvörpin komu eigi nema til 1. umræðu, og nefnd skilaði áliti sínu í hvoru þeirra. En konungsfulltrúi sleit fundinum 9. ágúst, og veitti fundarmönnum ekki færi á að ræða aðalmálið, sem þeim var stefnt saman til að ræða. Var sú meðferð bæði heimskuleg og harkaleg. Þó að konungsfulltrúi teldi sig vita það, að þeir, sem með konungsvaldið fóru, mundi eigi vilja samþykkja tillögur Þjóðfundarins um réttarstöðu landsins gagnvart Danmörku, þá mátti vita það, að miklu heppilegra og vinsælla hefði verið, að lofa fundinum að lúka störfum sínum og fá með vissu vilja hans í máli því, er hann var kvaddur til þess að segja óskir landsmanna um. Slík hermdarverk sem þau fundarslit gleymast seint á Íslandi.

b. Máli mátti lúka með frestun um óákveðinn tíma, en eftir að atkvæðagreiðsla var byrjuð, mátti þó ekki hafa þessa meðferð á því, 51. og 66. gr. þingsk. Ef stungið var upp á, að þingið tæki fyrir næsta mál á dagskrá, þá var máli frestað um óákveðinn tíma, ef dagskrár-tillagan var samþykkt, 53. gr. þingsk.

c. Vísa mátti máli frá. Mátti stinga upp á því í upphafi umræðu og skyldi þá skorið úr því umræðulaust, 53. gr. þingsk.

d. Fella mátti mál við hverja umræðu sem vera skyldi.

---

1) Sbr. Þjóðfundartíð. bls. 52—53, 122—146, 199—315, 317—412.

Afskifta Alþingis — og Þjóðfundar — af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga verður rækilegar getið annarstaðar, og á því eigi við að rekja þau hér.

# B. Tímabilið 1875—1930.

## Löggjafarþingin.

### 59. gr.

### Forspjall.

I. Eins og getið var áður, lagði konungsvaldið fram á Þjóðfundinum 1851 frumvarp til laga um „stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins og um ríkisþingskosningar á Íslandi". Aðalefni þessa frumvarps var það, *að* grundvallarlög Danmerkurríkis frá 5. júní 1849 skyldi vera gild á Íslandi, *að* Ísland skyldi velja fulltrúa til beggja deilda danska ríkisþingsins og *að* Ísland skyldi hafa nokkur mál fyrir sig, er konungur átti að hafa æðsta vald í „samkvæmt grundvallarlaganna 18.—21. gr." Frumvarp konungs þetta var hið rammasta innlimunarfrumvarp, sem Íslandi hefur nokkru sinni verið boðið. Þess var því varla væntandi, að meiri hluti Þjóðfundarmanna vildi ganga að því. Sex af sjö manna nefnd, sem kosin var til þess að íhuga málið, bjuggu til alveg sjálfstætt frumvarp. Samkvæmt því átti konungur að vera sameiginn Íslandi og Danmörku, svo og konungserfðir og ríkisstjórn, er konungs missti við. Gert var ráð fyrir því, að sammál yrði fleiri, ef svo semdist, og að Ísland ætti erindreka hjá konungi, er konungur kysi. Sá erindreki átti að eiga setu og „atkvæði" í ríkisráðinu í þeim málum, sem kynni að verða sameiginleg og Ísland varða. Í öllum öðrum málum átti löggjafarvaldið að vera hjá konungi og Alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum í „landinu sjálfu".[1])

Þegar konungsfulltrúi sá tillögur meiri hluta nefndarinnar, þá hefur hann þegar þókzt skynja það, að eigi mundi sam-

1) Þjóðfundartíðindi bls. 427, 509.

an draga með konungsvaldinu og Íslendingum að því sinni. Og svo tók hann, sem áður segir, það óyndisúrræði að slíta fundinum 9. ágúst áður en hann fengi afgreitt aðalmálið, sem til hans var lagt. 36 Þjóðfundarmanna skrifuðu ávarp til konungs, þar sem þeir kvörtuðu undan ofríki þessu og báru fram óskir fundarins. Þessu ávarpi var svarað með auglýsingu konungs 12. maí 1852. Segir þar, að konungi mislíki það, hvernig Þjóðfundinum lauk og að bæði í áliti meiri hluta nefndarinnar í málinu þar og af langflestum fundarmönnum sé haldið fram skoðunum á stöðu Íslands gagnvart konungsríki hans, er algerlega komi í bág við allt réttarástand landsins. Þykir það fjarri lagi, að Ísland skuli krefjast samskonar stöðu um öll mál sín sem konungsríkið hafi, þar á meðal æðsta dómstól, fullkomið fjárveitingarvald og skattálögu, og sérstaka ráðherra, er sé íslenzkir og ábyrgist verk sín fyrir Alþingi. Loks segir í auglýsingu þessari, að konungur telji óráðlegt að leggja fram sem stendur nokkurt frumvarp um stjórnarskipun Íslands, en því var þó lofað, að ekki skyldi settar nýjar ákvarðanir um stjórnarskipulagsstöðu Íslandi „í ríkinu“ fyrr en álit Alþingis væri fengið.

Danska valdið, sem með Íslands mál fór um þessar mundir, lét sér eigi ótt um að gera þessum málum Íslands skil. Á málfundum manna víðsvegar um land voru samþykktar á árunum 1850—1870 bænarskrár um stjórnarbætur og sendar Alþingi. Og Alþingi sendi konungi líka bænarskrár um sama efni 1853, 1855, 1857, 1859, 1863 og 1873, auk frumvarpanna 1867 og 1869, en konungsvaldið (þ. e. þeir, er framkvæmdu það, ráðherrar Danmerkur), létu ekkert gera í málinu fyrr en 1867. Þá var loks lagt fyrir Alþingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi. Og það var óvefengjanlega bezta frumvarpið, sem þaðan hefur komið um þetta efni. Að vísu byrjaði frumvarpið á því, að Ísland skyldi vera óaðskiljanlegur hluti Danmerkurríkis. Sameiginleg mál Íslands og Danmerkur áttu að vera: Konungur og konungsætt, konungserfðir og meðferð konungsvalds, er konungur má eigi fara með það sjálfur, ríkisráðið, utanríkismál, varnir á sjó og landi, þegnréttur, mynt, ríkisskuldir og ríkiseignir og póstgöngur milli Íslands og Danmerkur. Hæstiréttur Danmerkur skyldi verða æðsti dómstóll í íslenzkum málum, þar til Ísland gerði aðra skipun

þar á. Þegar Ísland yrði til þess fært, átti það að taka þátt í meðferð sammála þessara. Með konungsúrskurði átti að skera úr ágreiningi um það, hvort mál væri sammál eða sérmál. Þótti frumvarp þetta á sínum tíma frjálslegt, en þó dró enn ekki saman. Alþingi breytti frumvarpinu nokkuð, að sumu leyti til skemmda. Það vildi telja upp sérmálin, en með því var frumvarpinu spillt. Stjórnin taldi upp sammálin, og var þá rökrétt ályktun þar af, að öll mál önnur voru sérmál landsins. En eftir að sérmálin voru líka talin, þau er löggjafinn mundi eftir í svipinn, mátti allt af vænta mála, er hvorki kæmi undir talningu sammála né sérmála, og þá mátti búast við ágreiningi um þau. Á hinn bóginn voru sumar breytingartillögur þingsins til bóta.[1]) Konungsvaldið gekk ekki að tillögum Alþingis. En árið 1869 var enn lagt fyrir Alþingi „Frumvarp til laga, er nákvæmar ákveður hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu". Frumvarp þetta var afturför í verulegum atriðum frá frumvarpi konungsvaldsins 1867. Nú voru t. d. sérmál Íslands talin upp, og öll önnur mál urðu því sammál. Þetta frumvarp vildi Alþingi 1869 ekki, og hélt sér til þess, er það hafði lagt til 1867.[2]) 1867 samþykkti Alþingi, að Ísland skyldi vera „óaðskiljanlegur hluti Danaveldis" og ítrekar þá samþykkt 1869. En þó þótti handhöfum konungsvaldsins of langt gengið um réttindakröfur handa landinu. Eftir þetta var málið ekki borið undir Alþingi. Í stað þess lagði dómsmálaráðherra Danmerkur, sem þá fór með íslenzk mál, fyrir ríkisþingið danska „Frumvarp til laga um stjórnskipulega stöðu Íslands í ríkinu". Var það samþykkt á ríkisþingi Dana 1870 og staðfesti konungur það 2. jan. 1871. Var staða Íslands þar með ákveðin með dönsku valdboði.

Samkvæmt þessum lögum, er lengst um voru nefnd „stöðulögin", var Ísland „óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum". Þessi „landsréttindi" voru í því fólgin, að Ísland fekk forræði á 9 málaflokkum, („sérmál"), en öll mál önnur voru „sammál", er Ísland hafði engin afskifti af. „Sérmálin" voru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er þar að lýtur. Hæstiréttur Danmerkur skyldi þó framvegis verða æðsti dómstóll í íslenzkum málum og breyting á því

1) Alþ.tíð. 1867 II. bls. 11 o. s. frv., 618 o. s. frv.
2) Alþ.tíð. 1869 II bls. 10 o. s. frv., 385 o. s. frv.

átti eigi að verða, án þess að „hið almenna löggjafarvald ríkisins tæki þátt í því“;

2. Lögreglumálin;
3. Kirkju- og kennslumálefni;
4. Lækna- og heilbrigðismálefni;
5. Sveita- og fátækramálefni;
6. Vegir og póstgöngur á Íslandi;
7. Landbúnaður, fiskveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir;
8. Skattamál beinlínis og óbeinlínis;
9. Þjóðeignir, opinberar stofnanir og sjóðir.

Damörk lagði 60 þús. kr. til Íslands árlega, auk nokkurrar fjárhæðar næstu 30 árin. En annars átti öllum skuldaskiftum landanna að vera lokið.

Alþingi 1871 mótmælti gildi stöðulaganna af því, hvernig þau voru til orðin og af því að þingið vildi ekki viðurkenna það, að skuldaskiftin milli landanna væri á enda kljáð.[1]) Þessi mótmæli voru alls eigi tekin til greina.

Alþingi 1873 samþykkti frumvarp til stjórnarskrár handa Íslandi, sem það bað konung að staðfesta. En til vara bað það hann að gefa landinu stjórnarskrá, og til þrautavara, að þjóðfundur yrði kvaddur saman á 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar 1874 til þess að undirbúa það mál.[2]) Frumvarp þingsins 1873 hlaut nú ekki konungsstaðfestingu. En í þess stað varð konungur við tilmælum Alþingis 1873 um að gefa landinu stjórnarskrá. Hún var staðfest 5. jan. 1874 og skyldi öðlast gildi 2. ágúst það ár. Stjórnarskrá 5. jan. 1874 nefnist „Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands“. Hún náði að eins til „sérmála“ stöðulaganna. Alþingi fekk nú með konungi *löggjafarvald* í þeim málum. Til þess tíma hafði þingið einungis haft *ráðgjafaratkvæði,* eins og kunnugt er. Með stjórnarskránni urðu og margar breytingar aðrar á þinginu, svo sem skifting þess í tvær deildir. Var raunverulega mjög mikið fengið, er þingið fekk löggjafarvald um mörg þau málefni, er landið hlaut að varða mestu, eins og þá stóð. Það var orðið langar leiðir á eftir öllum menningarlöndum álfunnar um allar samgöngur og verklegar framkvæmdir. Þó að öllu þok-

1) Alþ.tíð. 1871 II bls. 556—558 sbr. 634.
2) Sama rit 1873 II bls. 265.

aði hægt áfram lengi eftir að þingið hafði fengið löggjafarvaldið, þá var þinginu þó heimilt að veita fé til ýmiskonar nauðsynja og að samþykkja frumvörp um skatta og tolla til þeirra. En allt hafði áður orðið að sækja til danskra stjórnarvalda. Það eru engin undur, þó að seint hafi sókzt starfið, þar sem landið hafði fyrst verið sogið og kúgað með ódæmum nálega 2 aldir *(einokunaröldin)* og síðan algerlega vanrækt hátt upp í öld, meðan því var einvörðungu stjórnað af útlendum mönnum í öðru landi.

Með konungsúrsk. 14. júlí 1874 var jafnframt stofnað sérstakt íslenzkt ráðuneyti í Khöfn., er fór með „sérmál" landsins. En dómsmálaráðherra Danmerkur gegndi þessu starfi. Var það an vitanlega litils framtaks að vænta um mál Íslands.

II. Með stjórnarskránni 5. jan. 1874 verður sú breyting á Alþingi, sem mest ber á. Og því hefur svo verið dvalið við aðdraganda þeirra tíðinda, sem þá gjörðust. Nú verður engin breyting á hlutverkum eða skipun þingsins fyrr en 1904. Með stjórnarskrárbreytingu þeirri, er gerð var 1902 og 1903 og hlaut staðfestingu konungs 3. okt. 1903, varð sú breyting á, að ráðherra íslenzkra „sérmála" varð búsettur í Reykjavík, átti nú sæti á Alþingi og bar ábyrgð fyrir því. Raunverulega jókst nú vald Alþingis stórum, því að hér eftir réð það, hver ráðherra landsins skyldi vera, eins og síðar verður betur vikið að.

Ánægjan með stjórnarskrárbreytinguna 1903 varð eigi óblönduð. Lagafyrirmæli og mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir um „sérmál" landsins voru jafnan borin upp fyrir konungi í ríkisráði Danmerkur, án þess að svo væri boðið í lögum, þar til 1903. En í stjórnskpl. 3. okt. 1903 var það ákvæði berum orðum sett, að Íslands mál skyldi bera upp fyrir konungi „í ríkisráði". Þótti sumum í þessu kenna innlimunar, og urðu um það allmiklar deilur. Munu þær hafa vakið þá hugmynd til lífs, að gera skyldi nú tilraun til þess að skipa sambandi Íslands og Danmerkur að nýju með *samningum* milli beggja aðilja. Friðrik konungur 8., sem var Íslandi góðviljaður og mest verður danskra konunga síðan Kristján 8. leið, beittist fyrir þessari hugmynd. Sumarið 1906 sóttu íslenzkir Alþingismenn heimboð til Danmerkur frá Ríkisþingi Dana og voru þá eitthvað ræddir möguleikar á því að taka upp samninga um allt stjórnskipunarsamband landanna. Árið eftir (1907)

kom Friðrik konungur til Íslands. Var þá 30. júlí skipuð nefnd 20 þingmanna til þess að undirbúa „nýja löggjöf um stjórnskipulega stöðu Íslands í dönsku ríkisheildinni“ (Det Samlede danske Rige). Í nefnd þessari voru 7 Alþingismenn og 13 Ríkisþingsmenn. Nefnd þessi sat á rökstólum í Kaupmannahöfn frá 28. febr. 1908 til 14. maí s. á. Varð að lokum samkomulag með öllum nefndarmönnum, að einum (Skúla Thoroddsen) undanteknum, um frumvarp („Udkast“) til laga um „ríkisréttarsamband Íslands og Danmerkur“. Aðalákvæði frumvarps þessa voru þessi:

A. Ísland átti að vera „frjálst og sjálfstætt land, er eigi verður af hendi látið“, og áttu Danmörk og Ísland að vera sambandsríki („Statsforbindelse“), er heita skyldi „Danska ríkisheildin“ („Det samlede danske Rige“).

B. Sammál beggja landa skyldi vera:

1. *Óuppsegjanleg:*

a. Konungur, konungsætt, reglurnar um lögræði konungs og trúarbrögð og um meðferð konungsvalds, þegar konungur er ólögráður, sjúkur eða fjarstaddur, eða ef konungslaust verður, borðfé konungs og konungsættar og önnur útgjöld til hennar.

b. Utanríkismál. Þó mátti enginn ríkjasamningur koma til framkvæmda á Íslandi, nema rétt íslenzk stjórnarvöld hefði veitt þar til atbeina sinn.

c. Hervarnir á sjó og landi, svo og herfáni.

d. Jafnrétti milli þegna hvers lands í hinu.

2. *Uppsegjanleg* eftir 37 ár voru þessi mál:

a. Landhelgisvarnir, þó svo að Ísland átti að mega auka gæzluna eftir samkomulagi við Danmörk.

b. Ríkisborgararéttur.

c. Peningaslátta.

d. Hæstiréttur, þó svo að Ísland gat stofnað hæstarétt hjá sér, þegar það gerði breyting á dómaskipun landsins.

e. Kaupfáninn út á við.

Danmörk átti að fara með sammálin á sinn kostnað, þar til öðruvísi yrði ákveðið með lögum, er bæði löndin samþykkti.

Ágreining um það, hvort mál væri sammál eða sérmál, skyldi stjórnir landanna reyna að jafna með sér, en annars kostar átti gerðardómur, skipaður 4 mönnum, er konungur

átti að kveðja til, 2 eftir tillögu Alþingis og 2 eftir tillögu Ríkisþingsins, að skera úr. Oddamann áttu gerðarmenn að velja sjálfir, en ef þeir yrði eigi á hann sáttir, þá skyldi dómsforseti hæstaréttar (Danmerkur) vera sjálfkjörinn oddamaður.[1])

Þetta frumvarp var svo lagt fyrir Alþingi 1909, eftir að almennar Alþingiskosningar höfðu farið fram sumarið 1908. Alþingi 1909 samþykkti annað frumvarp, er lengra gekk, en vitað var, að Danir vildi eigi að því ganga, og eyddist málið svo. Tilraunir þær, sem enn voru gjörðar 1911 og 1912 til að leysa sambandsmálið, urðu og árangurslausar.

Breytingar þær, er gerðar voru á stjórnskipunarlögum landsins með lögum nr. 12 19. júní 1915 skifta þetta mál að því leyti sem þá voru tekin úr lögum ákvæðin um konungkjörna þingmenn, en landkjörnir þingmenn komu í staðinn. Þá fengu konur líka kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis. Breytti þetta nokkuð svip Alþingis. Með lögum 2. jan. 1917 var ráðherrum fjölgað úr einum í þrjá og breytti þetta einnig ofurlítið útliti þingsins. En mestu máli skifta þó hér dansk-íslenzk sambandslög 30. nóv. 1918. Þá varð landið frá 1. des. viðurkennt fullvalda ríki, og verksvið Alþingis varð þar með rýmra, því að síðan hefur það haft löggjafarvald í *öllum* málum landsins, í stað þess að áður hafði það einungis löggjafarvald í málum þeim, er voru sérmál þess samkvæmt stöðulögunum svo nefndu.

Sambandslögin 30. nóv. 1918 leiddu af sér stjórnarskrárbreytingu. Þegar á Alþingi 1919 var lagt fram frumvarp til „stjórnarskrár konungsríkisins Íslands", er þá var samþykkt og síðan, að undangengnum almennum kosningum haustið 1919, lagt fyrir Aukaþing 1920, afgreitt þaðan óbreytt og síðan staðfest 9. maí 1920. Í stjórnarskránni eru gerðar ýmsar breytingar á kosningarrétti og kjörgengi til Alþingis og öðrum ákvæðum, sem þingið varða, enda verður þeirra betur getið, þegar þar að kemur.

III. Eins og áður, verður yfirlitsgleggst að skifta sögu Alþingis á þessu tímabili í kafla. Í I. kafla skal lýsa skipun þingsins í sameinað Alþingi og deildir, tölu þingmanna og kjöri, skyldum þingmanna og réttindum o. fl. Í II. kafla koma svo starfshættir Alþingis, svo sem setning, þingtími,

1) Betænkning af den Dansk-islandske Kommission af 1907, bls. VII—XIII.

þingslit o. s. frv. Þá kemur í III. kafla um verkefni þingsins, um lagasetning, afskifti af landsstjórn o. s. frv. Loks verður í VI. kafla talað um skrifstofu Alþingis, Alþingistíðindi og Alþingiskostnað.

## I. kafli.

## Skipun Alþingis.

### 60. gr.

### Almennar athugasemdir.

I. Samkvæmt 1. gr. stjskr. 5. jan. 1874 fekk Alþingi, sem auðvitað var látið halda nafni sínu, hluttöku í löggjafarvaldinu með konungi í þeim málum, sem landið fekk forræði á („sérmálin"). Með þessu var þó alls eigi komið á þingræðisstjórn í landinu, því að Alþingi hafði, eins og áður getur, alls eigi hönd í bagga með skipun ráðherra eða lausn. Stjórnarskráin stóð alveg óbreytt, þar til stjórnskipunarlög nr. 16 3. okt. 1903 komu til framkvæmda. Þó að það væri ákveðið, að landið fengi sérstakan ráðherra, er búsettur væri á landi hér, þá var eigi þar með fengin þingræðisstjórn, enda nefndi konungur hinn fyrsta ráðherra Íslands á ábyrgð og með undirskrift danska forsætisráðherrans. En þetta breyttist skjótt, enda lýsti konungur því yfir í ríkisráði 24. maí 1905,[1]) að málameðferð Ríkisþingsins skyldi eigi lengur hafa áhrif á ákvörðun sína um það, hvort ráðherraskifti verði á Íslandi. Enda skiftu ráðuneytisskifti í Danmörku síðan engu máli um ráðherra Íslands, og var hann jafnan síðan útnefndur og honum veitt lausn á sína ábyrgð og með undirskrift sinni með konungi undir skipunarbréf sitt í embætti og lausnarbréf úr því.[2]) Var þá komið á þingræði í íslenzkum sérmálum, því að nú réð þingið því raunverulega, hver ráðherra Íslands skyldi vera, þó að skipunarvaldið væri í orði kveðnu í höndum konungs. Eftir að ráðherrum var fjölgað (1917) hefur formaður ráðuneytisins jafnan undirritað skipunar- og lausnarbréf sitt og hinna ráðherranna.

1) Alþ.tíð. 1905 B I 2—3.
2) Sbr. Alþ.tíð. 1909 B II 623.

Í Stjórnarskránni nr. 9 18. maí 1920 1. gr. er berum orðum mælt, að stjórnskipulag landsins sé þingbundin konungsstjórn. Og felst í þessu, að Alþingi ræður því venjulega, hverir fari með ráðherradóm í landinu, og tekur þetta nú til *allra* mála þess. Ennfremur var þinginu lögmælt í 2. gr. Stjskr. 1920 slík þátttaka í löggjafarvaldinu sem áður var, auðvitað með þeirri breytingu, að löggjafarvald Alþingis nær nú til *allra* mála landsins.

Alþingi fer því frá 1875 með eina grein ríkisvaldsins. Þetta vald leiðir það frá stjórnarskrárgjafanum. Það verður eigi af Alþingi tekið lögum samkvæmt nema með því að breyta stjórnarskránni, til 1920 með breytingu á stjskr. 1874 og með þeim hætti, sem í 61. gr. hennar segir, og nú með breytingu á stjskr. 18. maí 1920 76. gr. 1. málsgr. Ef Alþingi væri öðruvísi niður lagt eða verkahringur þess, eins og hann var mæltur í stjórnarskránni, takmarkaður, þá væri það stjórnarbylting.

II. Alþingi var bæði eftir stjskr. 5. jan. 1874, með lögum nr. 16. 3. okt. 1903 og nr. 12 19. júní 1915 og eftir stjskr. nr. 9 18. maí 1920 samkoma kjörinna þjóðarfulltrúa. Þessum þjóðarfulltrúum, sem jafnan eru nefndir *Alþingismenn*, verður að skifta í tvo flokka. Í annan þessara flokka koma *Alþingismenn kosnir í sérstökum kjördæmum*, en í hinum flokknum verða *konungkjörnir Alþingismenn* og síðar *landkjörnir*. Áður en lýst er sameinuðu Alþingi og deildarskipun þingsins verður bezt að tala um tölu, kjörgengi og kosningarrétt og kosningar hvorra þessara þingmanna-flokka.

## Alþingismenn kosnir í sérstökum kjördæmum.

### 61. gr.

### Tala kjördæmakosinna Alþingismanna. Kjördæmi. Kjörtími.

I. Samkvæmt 14. gr. stjskrár. 5. jan. 1874 voru kjördæmakjörnir Alþingismenn, er þá voru sama sem þjóðkjörnir Alþingismenn, 30 að tölu. En breyta mátti þessari tölu með lögum. Þurfti því eigi til þess þá meðferð, er hafa skyldi almennt eftir 61. gr. stjskr. 1874, þá er breyta skyldi stjórnarskránni.

Með 4. gr. stjórnskipunarlaga nr. 16 3. okt. 1903 var kjördæmakjörnum þingmönnum fjölgað í 34, en óbreytt stóð heimildin til að breyta tölu þeirra með almennum lögum. Tölunni 34 á kjördæmakjörnum þingmönnum er haldið í 3. málsgr. 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 12 19. júní 1915 og í 1. málsgr. 26. gr. stjskr. 18. maí 1920, en tölunni má enn breyta með lögum. Þessi heimild var þegar notuð í lögum nr. 11 18. maí 1920 um þingmannakosning í Reykjavík. Samkvæmt 1. gr. þeirra eiga Alþingismenn Reykjavíkur að vera 4, en voru áður 2, svo að kjördæmakjörnir Alþingismenn eru nú 36.

II. *Kjördæmaskifting* landsins var ákveðin af nýju í 18. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 16 14. sept. 1877. Voru kjördæmin 21 alls. Þar af átti að kjósa 2 þingmenn í hverju þessara 9 kjördæma *(tvímenningskjördæmi)*:

Gullbringu- og Kjósarsýslu,
Árnessýslu,
Rangárvallasýslu,
Suður-Múlasýslu,
Norður-Múlasýslu,
Eyjafjarðarsýslu og Akureyri,
Skagafjarðarsýslu,
Húnavatnssýslu og
Ísafjarðarsýslu með Ísafjarðarkaupstað.

En 1 Alþingismann átti að kjósa í þessum 12 kjördæmum *(einmenningskjördæmi)*:

Vestmannaeyjum,
Vestur-Skaftafellssýslu,
Austur-Skaftafellssýslu,
Norður-Þingeyjarsýslu,
Suður-Þingeyjarsýslu,
Strandasýslu,
Barðastrandarsýslu,
Dalasýslu,
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu,
Mýrasýslu,
Borgarfjarðarsýslu og
Reykjavíkurkaupstað.

Þessi kjördæmaskipun stóð óbreytt til 1902. Með lögum nr. 36 6. nóv. það ár var sú breyting gerð, að Ísafjarðarsýslu með Ísafjarðarkaupstað var skift í 2 einmenningskjördæmi:

Vestur-Ísafjarðarsýslu og
Norður-Ísafjarðarsýslu með Ísafjarðarkaupstað.

Árið eftir (1903) voru kaupstaðirnir 3, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður, gerðir að sérstökum einmenningskjördæmum með lögum nr. 19 3. okt., og voru kjördæmi nú orðin alls 24 á landinu, en 1 þingmanni var nú bætt við Reykjavík, er verið hafði einmenningskjördæmi, svo sem áður er sagt. Verður nú engin breyting á kjördæmaskipun þar til Húnavatnssýslur verða sitt kjördæmið hvor samkvæmt lögum nr. 17 19. júní 1922 og Hafnarfjörður er gerður að sérstöku einmenningskjördæmi með lögum nr. 20 7. maí 1928 og Gullbringu- og Kjósarsýsla einnig.

III. *Kjörtímabil* kjördæmakjörinna Alþingismanna var 6 ár, 14. gr. stjskr. 5. jan. 1874, og 1. málsgr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915. Var þessari reglu eigi breytt fyrr en með 27. gr. stjskr. nr. 9. 18. maí 1920. Var nú kjörtímabilið fært niður í 4 ár og hefur svo verið síðan. Eftir 26. gr. laga nr. 16 14. sept. 1877 skyldi kjörtímabil talið frá 1. sept., ef almennar kosningar fóru fram í þeim mánuði. Ef almennar kosningar fóru fram á öðrum tíma árs, átti að ákveða sérstaklega í opnu bréfi um kosningar, frá hvaða tíma kjörtímabil skyldi telja. Eftir 25. gr. laga nr. 18 3. okt. 1903 og 23. gr. laga nr. 28 3. nóv. 1915 skal kjörtíminn allt af talinn frá hinum almenna kjördegi, þegar almennar kosningar fara fram. Kjörtímabil getur þó styttra orðið öllum kjördæmakjörnum þingmönnum eða einstökum þeirra:

1. Ef Alþingi er rofið samkvæmt 8. gr. stjskr. 5. jan. 1874, sbr. 14. gr. Sama regla gildir nú eftir stjskr. nr. 9 18. maí 1920, sbr. 27. gr. Þá fellur niður umboð allra kjördæmakjörinna þingmanna og almennar kosningar á þeim skulu fara fram. Og gilda þær næstu 6 ár, nema þing verði enn rofið á því tímabili.

2. Ef þingmaður andast, segir af sér eða missir kjörgengi, 14. stjskr. 5. jan. 1874, stjórnskpl. nr. 12 19. júní 1915 9. gr. 2. málsgr. og 28. gr. stjskr. 18. maí 1920, sbr. og 42. og 46. gr. Skal þá jafnan kjósa þingmann að eins fyrir þann hluta kjörtímabilsins, sem eftir er, sbr. og 27. gr. kosningalaga nr. 16 14. sept. 1877, 54. gr. laga nr. 18 3. okt. 1903 og 53. gr. laga nr. 28 3. nóv. 1915.

Varaþingmenn kjördæmakjörnir hafa eigi verið síðan stjórnarskrá 5. jan. 1874 kom í gildi.

62. gr.

**Kosningarréttur og kjörgengi.**

A. *Kosningarréttur.* Kosningarréttarskilyrðin hafa smámsaman mjög breytzt. Verður þá að rekja hvert skilyrði sér, svo sem það kann að hafa breytzt unz það hefur niður fallið. Og skal þeim nú lýst. Er þá hentast I. að taka reglurnar, eins og þær eru til 1915, og síðan II. ákvæðin eftir stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 og stjskr. nr. 9 18. maí 1920.

I. 1. *Karlar* einir höfðu kosningarrétt eftir stjskr. 5. jan. 1874, eins og verið hafði til þess tíma. Eigi segir þetta þó berum orðum, en svo var jafnan litið á áður og síðar, sbr. og b-lið 6. gr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903. Konur voru því aldrei á kjörskrá teknar. Því voru konur sviftar kosningarrétti þar til stjórnskpl. nr. 12 19. júní 1915 komu til framkvæmdar. Samkvæmt 10. gr. þeirra fengu konur kosningarrétt með sömu skilyrðum sem karlar. Þó áttu þær eigi að fá kosningarréttinn allar í einu, heldur þannig, að þegar semja skyldi kjörskrár fyrsta skifti eftir að stjskpl. nr. 12 1915 komu til framkvæmdar, þá skyldi einungis setja þær konur á skrá, sem voru þá orðnar 40 ára. Næsta skifti skyldi taka á kjörskrá 39 ára konur og svo koll af kolli, unz allar þær konur, sem 25 ára voru, þegar stjskpl. 1915 komu til framkvæmdar, voru komnar á skrá. Mundi slíkt hafa tekið 7½ ár. En eftir þann tíma áttu allar konur að fá kosningarrétt með sömu skilyrðum og karlar. Með stjórnarskrá nr 9 18. maí 1920 29. gr. 1. málsgr. var þessu breytt, svo að þá fengu allar 25 ára konur kosningarrétt eftir sömu reglum sem karlar, enda þótt þær hefði ekki fengið hann eftir 10. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915. Eftir núgildandi lögum *hafa konur því kosningarrétt til Alþingis eftir algerlega sömu reglum sem karlmenn.* Og giftar konur hafa þenna rétt sjálfstætt, en leiða hann eigi frá manni sínum. Þó að hann hafi t. d. tapað réttinum vegna gjaldþrota eða glæpa, þá heldur kona hans honum þrátt fyrir það.

2. Eftir 17. gr. 1. tölul. stjskr. 5. jan. 1874 skyldi allir bændur, sem höfðu grasnyt og guldu nokkuð til allra stétta, hafa

kosningarrétt til Alþingis. Þó skyldi þeir, sem með sérstaklegri ákvörðun kynni að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki missa fyrir það kosningarrétt sinn. Þetta ákvæði var tekið orðrétt eftir a-lið 1. gr. tilsk. 6. jan. 1857, og má því um skýringu á því vísa að öllu til skýringar á samsvarandi ákvæði í tilsk. 1857 (45.gr. I. 3. að framan). Í stjórnskpl. nr. 16 3. okt. 1903 6. gr. a-lið er þetta fyrirmæli orðrétt endurtekið. Þar á móti er það niður fellt í stjórnskpl. nr. 12 19. júní 1915 10. gr. Og hefur það eigi verið kosningarréttarskilyrði síðan.

3. Þótt maður væri eigi bóndi, þá átti hann þó kosningarrétt, ef hann var kaupstaðarborgari og ef hann galt til sveitar að minnsta kosti 8 krónur á ári, b-liður 17. gr. stjskr. 1874. Þetta ákvæði var og tekið óbreytt úr 1. gr. d-lið tilsk. 6. jan. 1857. Og má því vísa um skýringu á því til 45. gr. I. 6. að ofan. Eigi er þetta skilyrði tekið í stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903 óbreytt. Sjá 5 hér á eftir.

4. Þótt maður fullnægði eigi 2. og 3. skilyrðinu hér á undan, þá átti hann þó kosningarrétt, ef hann var þurrabúðarmaður og galt til sveitar að minnsta kosti 12 krónur á ári. Þetta skilyrði var tekið úr e-lið 1. gr. tilsk. 6. jan. 1857. En eigi er það tekið óbreytt í stjskpl. nr 16 3. okt. 1903 6. gr.

5. Í stað skilyrða þeirra, sem í 3. og 4. segir, er það skilyrði sett í b-lið 6. gr. stjskpl. nr. 16 3. okt 1903, að aðili skuli vera karlmaður, ekki öðrum háður sem *hjú*, og gjaldi að minnsta kosti 4 króna aukaútsvar á ári. Hér í voru fólgnir bæði kaupstaðarborgarar, þurrabúðarmenn og lausamenn, ef þeir guldu 4 króna aukaútsvar. Við hafa þá bætzt 1903 a) lausamenn, er 4 króna útsvar guldu, og b) kaupstaðarborgarar og þurrabúðarmenn, er greiddu aukaútsvar frá 4—8 (eða 12) króna á ári. Þar á móti voru allir vinnumenn sviftir kosningarrétti eftir sem áður. Skilyrði um útsvarsgreiðslu og að maður væri eigi öðrum háður sem hjú, voru alveg niður felld með 10. gr. stjskpl. nr 12 19. júní 1915. Þó fengu hinir nýju kjósendur, sem hér greinir (hjúin), kosningarréttinn smátt og smátt, eins og konurnar. En stjskr. nr 9 18. maí 1920 29. gr. 1. málsgr. tók þessar hömlur líka af.

6. Embættismenn, skipaðir af konungi eða öðru þar til bæru yfirvaldi, áttu kosningarrétt, þótt þeir fullnægði eigi skilyrðunum, sem hér hafa nefnd verið, d-liður 17. gr. stjskr. 1874

og c-liður 6. gr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903. Þetta skilyrði, að aðili væri embættismaður, var niður fellt með 10. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915, en tekið var það úr b-lið 1. gr. tilsk. 6. jan. 1857.

7. Loks áttu kosningarrétt þeir, sem tekið höfðu lærdómspróf við háskólann í Kaupmannahöfn, prestaskólann í Reykjavík eða annað þess konar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þótt þeir sé eigi í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir, c-liður 17. gr. stjskr. 5. jan. 1874. Er þetta að efni til einnig tekið úr c-lið 1. gr. tilsk. 6. jan. 1857. Og að efni til það endurtekið í d-lið 6. gr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903. En niður var þetta skilyrði fellt með 10. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915.

8. Loks var það auðvitað skilyrði eftir 17. gr. stjskr. 5. jan. 1874, *að aðili væri 25 ára á kjördegi, hefði óflekkað mannorð, hefði verið heimilfastur síðasta árið fyrir kjördag í kjördæminu, væri fjár síns ráðandi og stæði eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.* Voru þessi skilyrði endurtekin í 6. gr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903.

II. Eins og sýnt hefur verið, voru skilyrðin um *kyn og stöðu manna, útsvarsgreiðslu* eða *lærdómspróf* felld niður með stjskp. nr. 12. 19. júní 1915. Má því segja, að þá yrði kosningarrétturinn nokkurnveginn *almennur*, en áður höfðu einungis haft kosningarrétt *bændur, er grasnyt höfðu og guldu eitthvað til allra stétta, kaupstaðarborgarar og þurrabúðarmenn, er útsvar guldu og síðar lausamenn, embættismenn og menn með lærdómsprófi.* Allar konur og öll hjú voru svift kosningarrétti. Eftir 1915 var reglan sú, að *allir, jafnt karlar sem konur, hjú sem lausafólk*, höfðu kosningarrétt, ef þeir fullnægðu þessum skilyrðum:

1. Voru 25 ára að aldri á kjördegi. Þetta skilyrði er bæði í 10. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 og í núgildandi ákvæði í 29. gr. 1. málsgr. stjskr. nr. 9 18. maí 1920.

2. Eftir 10. gr. stjskpl. nr. 12 1915 var það kosningarréttarskilyrði, að aðili væri *annaðhvort fæddur á Íslandi eða hefði átt hér lögheimili 5 síðustu árin fyrir kosningu.* Skilyrðinu um fæðingu á Íslandi var sleppt í stjskr. nr. 9 1920, en búsetuskilyrðinu er haldið. Er það því nú kosningarréttarskilyrði, að *aðili hafi verið búsettur á Íslandi 5 síðustu ár-*

*in áður en kosningar fara fram*, þær er hann ætlar að taka þátt í.

3. Um *ríkisborgararétt* var eigi sett skilyrði í stjskpl. nr. 12 1915. Allir svo nefndir danskir ríkisborgarar (þ. e. Íslendingar og Danir) höfðu auðvitað kosningarrétt, ef þeir voru annaðhvort fæddir hér eða höfðu haft hér lögheimili 5 síðustu árin. En slíkt hið sama var um annara ríkja borgara. Þessu var breytt með stjskr. nr. 9 1920 29. gr. Nú er íslenzkur *ríkisborgararéttur kosningarréttarskilyrði*. Skiftir eigi máli, með hvaða hætti hann er fenginn, hvort sem það er fyrir fæðingu af íslenzkum ríkisborgara, fyrir hjúskap, fæðingu á Íslandi af erlendum ríkisborgara 19 ára vist á Íslandi eða með sérstökum lögum (naturalisation). Undantekningar frá þeirri reglu, að aðili skuli hafa íslenzkan ríkisborgararétt, eru þó þessar:

a. Samkvæmt 6. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóv. 1918 hafa danskir ríkisborgarar á Íslandi jafnrétti við íslenzka ríkisborgara. Í samræmi við þetta er svo mælt í 75. gr. stjskr. nr. 9 18. maí 1920, að danskir ríkisborgarar skuli hafa hér kosningarrétt til Alþingis með sömu skilyrðum að öðru leyti sem íslenzkir ríkisborgarar.

b. Stjórnarskrá nr. 9 18. maí 1920 kom til framkvæmdar 1. jan. 1921. Samkvæmt 10. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 höfðu ýmsir annara ríkja borgarar (þ. e. þeir, sem hér voru fæddir og heimili höfðu átt eitt ár í kjördæmi eða höfðu átt hér lögheimili 5 síðustu árin fyrir 1921) kosningarrétt. Honum halda þeir samkvæmt 1. bráðabirgðaákvæði stjskr. 1920, enda fylli þeir að sjálfsögðu önnur kosningarréttarskilyrði. Það var skilyrði, að þessir menn hefði náð kosningarréttinum *fyrir* 1. jan. 1921. Ella hafa þeir eigi öðlazt hann, nema þeir hafi síðan gerzt íslenzkir ríkisborgarar.

4. Þá á aðili að hafa verið *búsettur í kjördæminu 1 ár*. Þetta hefur jafnan verið svo skilið, að það ætti við síðasta árið fyrir kosningu, sbr. 5. gr. kosningarlaga nr. 28 3. nóv. 1915. Aðilja ber að sanna það, að hann fullnægi öllum þeim skilyrðum (1.—4.), sem hér hafa talin verið, ef það orkar tvímælis.

5. Þá er *óflekkað mannorð* skilyrði kosningarréttar, bæði eftir 10. gr. stjskpl.1915 og 29. gr. stjskr. 1920. Kosningalögin skýra þetta svo, að enginn verði talinn hafa óflekkað mann-

orð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því aðeins, að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, lög nr. 28 3. nóv. 1915 2. gr. Þetta er og hefir jafnan verið svo skilið, að allir aðrir en þeir, sem með dómi eru sekir orðnir um verk svívirðilegt að almenningsáliti, hafi óflekkað mannorð. Enginn missir því kosningarrétt vegna flekkaðs mannorðs, nema:

a. *Dómur* hafi gengið um mál hans.
b. Þar sem hann sé dæmdur *sannur að sök.*
c. Um *refsiverðan verknað.*
d. Er sé svívirðilegur í almenningsáliti.

Játning aðilja er því eigi næg, ef eigi gengur dómur um mál hans. Ef kjörstjórn neitar að taka mann á kjörskrá af þessum sökum, þá er það hennar að sanna, að refsidómur hafi gengið um aðilja. Þegar sannað er, að slíkur dómur hafi gengið, þá mundi aðilja bera að sanna það, að verkanir hans væri brott fallnar.

6. Þá skal aðili vera *fjár síns ráðandi,* 10. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 og 29. gr. stjskr. 1920. Þetta hefur jafnan verið skilið svo, að menn, sem sviftir eru fjárræði eða ef ólokið er gjaldþrotaskiftum á búi þeirra, sé sviftir kosningarrétti. Það er og bert af 2. málsgr. 10. gr. stjskpl. nr. 12 1915 og 2. málsgr. 29. gr. stjskr. 1920, er segir, að kona teljist fjár síns ráðandi, þótt hún hafi óskilið fjárlag með manni sínum, að „fjár síns ráðandi" nær einnig til takmarkana á fjárforræði fjárráða manna, og maður, sem á bú sitt í óloknum gjaldþrotaskiftum, missir kosningarrétt á meðan. En hann er látinn hafa kosningarrétt jafnskjótt sem skiftum er lokið. Þar á móti missir arfsalsmaður (próventumaður) eigi kosningarrétt. Sá, sem kyrsettur er vegna skulda, myndi sennilega missa réttinn, því að kyrrsetning firrir hann valdi til að ráðstafa fé sínu.

Um sönnunarbyrði fer eins og í 5. segir.

7. Þá er það loks skilyrði, að aðili standi eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, 10. gr. stjskpl. nr. 12 1915 og 29. gr. stjskr. 1920. Stjórnarskrárgjafinn felur almenna löggjafanum að skera úr því, hvaða veizlur til handa aðilja af hálfu hreppsfélags eða bæjarfélags eða ríkis skuli telja sveitarstyrk. Ef sveitarstyrkur hefur verið eftir gefinn, þá stendur hann ekki í vegi fyrir kosningarrétti. Það er því eigi heldur löglegt að

svifta mann kosningarrétti fyrir styrk af hreppi eða kaupstað, ef styrkur er eigi afturkræfur lögum samkvæmt, því að þá stendur styrkþegi eigi í skuld fyrir hann. Almenni löggjafinn getur ákveðið, að styrkir veittir ýmsum mönnum vegna ákveðinna atvika skuli eigi taldir sveitarstyrkir, svo sem til foreldra fyrir skólabókum eða kennsluáhöldum barna þerra, til sjúklinga vegna spítalavistar, styrkur veittur sextugum mönnum og eldri o. s. frv. Sjá lög nr. 57 30. júlí 1909 (vist á holdsveikraspítala), lög nr. 42 31. maí 1927 og lög nr. 43 s. d. 42., 43., 44., 63., 66. og 67. gr.

Sönnunarbyrði þess, að aðili hafi þegið afturkræfan sveitarstyrk, hefur kjörstjórn, en kjósandi verður að sanna, að styrkur sé greiddur eða eftirgefinn.

B. *Kjörgengi.* Hér er og hentast að greina milli I. tímabilsins frá 1874—1915 og II. tímabilsins frá 1915—1930.

I Samkvæmt 18. gr. stjskr. 5. jan. 1874 skyldi þingmannsefni fullnægja öllum kjörgengisskilyrðum 17. gr., að undanteknu skilyrðinu um eins árs búsetu í kjördæmi. Og rýmkun sú, er gerð var um lausamenn og niðurfærslu útsvarsgjaldsins með stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903 (A. I. 5.) tók einnig til þingmannsefna, svo að lausamaður, sem greiddi 4 kr. útsvar, var einnig kjörgengur til Alþingis eftir stjskpl. nr. 16 1903. En auk kosningarréttarskilyrðanna, sem talin voru, skyldi þingmannsefni fullnægja eftirfarandi skilyrðum samkvæmt 17. gr. stjskr. 5. jan. 1874 sbr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903:

1. Enginn var kjörgengur, sem var *þegn annars ríkis eða í þjónustu þess að öðru leyti.* Einungis danskir ríkisborgarar (Íslendingar og Danir) höfðu hér kjörgengi. En þar að auki voru allir konsúlar annara ríkja sviftir kjörgengi, þótt þeir væri íslenzkir eða danskir.

2. Þá var það kjörgengisskilyrði, að aðili hefði verið að minnsta kosti 5 síðustu árin í þeim löndum í Norðurálfunni, sem lágu undir Danaveldi. Það var því eigi nóg, þótt hann hefði verið á Grænlandi eða í Vestur-Indíum. Hins vegar þurfti hann ekki að vera heimilisfastur á Íslandi.

3. Loks skyldi þingmannsefni vera 30 ára að aldri þegar kosningin fór fram.

Öll þessi skilyrði átti þingmannsefni að sanna, nema að hann væri ekki í þjónustu annars ríkis. En eigi skyldi kjörstjórnir rannsaka kjörgengi, því að Alþingi átti úrskurðarvald

þess máls, stjskr. 1874 29. gr. og 23. gr. kosningarlaga nr. 16 14. sept. 1877.

II. Eftir 10. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 voru kosningarréttarskilyrði og kjörgengisskilyrði hin sömu, nema að

1. Eins árs búsetuskilyrði í kjördæminu tók ekki til þingmannaefna, en heimilisfastir áttu þeir að vera á landi hér, og

2. Að dómendur, sem eigi höfðu jafnframt dómarastörfum umboðsstörf á hendi, skyldi vera ókjörgengir. Þetta tók einungis til dómaranna þriggja í landsyfirdóminum.

Samkvæmt 30. gr. stjskr. nr. 9 18. maí 1920 var og hver ríkisborgari, sem kosningarrétt hafði, einnig kjörgengur. Afbrigði þau, sem getur í 1. og 2. hér á undan, gilda einnig eftir 30. gr. stjskr. 1920.

63. gr.

**Kjörstjórnir. — Kjörskrár. — Kosningar.**

I. Stjórnarskipunarlögin hafa eigi að geyma reglur um kosningar. Fela þau almenna löggjafanum að skipa þeim efnum með kosningarlögunum, stjskr. 5. jan. 1874 18. gr. 3. málsgr. og stjskr. nr. 9 1920 29. gr. 3. málsgr. Með kosningalögum nr. 16 14. sept. 1877 voru settar fyrstu reglurnar um Alþingiskosningar eftir að Alþingi fekk löggjafarvald. Næst voru sett fyrirmæli um kosningar til Alþingis með lögum nr. 18 3. okt. 1903, og voru þá skipaðar leynilegar kosningar. Lögin frá 1903 giltu að mestu þar til sett voru lög nr. 28. 3. nóv. 1915, er nú gilda með nokkrum viðaukum, og svo lög nr. 11 18. maí 1920 um kosningar þingmanna í Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. kosningal. 1877 átti að vera *kjörstjórn* í hverju kjördæmi. Í Reykjavík var oddviti bæjarstjórnar, sem þá var bæjarfógeti, formaður kjörstjórnar, en að auki 2 menn kosnir af bæjarstjórn, og var annar úr bæjarstjórn, en hinn úr flokki kjósenda. Utan Reykjavíkur var sýslumaður formaður kjörstjórnar, en auk hans áttu sæti í henni 2 menn kosnir af sýslunefnd. Var annar þeirra einhver sýslunefndarmanna, en hinn kjörinn úr hópi kjósenda í kjördæminu. Þar sem sýsla var 2 kjördæmi, þar var sýslumaður oddviti kjörstjórnar í báðum kjördæmum, eins og í Skaftafellssýslum, Þingeyjarsýslum og síðar Ísafjarðarsýslum. Formaður kjörstjórnar átti að sjá um undirbúning

kosninga og að kjörskrárnar væri við á kjörfundi. Kjörstjórn stóð svo fyrir kosningu, 19.—22. gr. kosnl. 1877.

Með kosningalögum nr. 18 3. okt. 1903 varð sú breyting, að nú skyldi vera *undirkjörstjórn* í hverjum hreppi, því að nú var sú regla tekin upp, að kjósa í hreppi hverjum. Sama var um kaupstaði. Í hreppum var hreppstjóri sjálfkjörinn formaður, en með honum átti sæti í kjörstjórn oddviti hreppsnefndar og þriðji maður, er hreppsnefnd kaus. Í kaupstöðum kaus bæjarstjórn undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild, er kaupstað var skift í, og eina, ef kaupstað var óskift. Undirkjörstjórn kjöri sjálf formann sinn, kosnl. 1903 9. gr. — Undirkjörstjórnir stýrðu kosningum hver í sínum hreppi eða kjördeild. Auk þess skyldi yfirkjörstjórn vera í hverju kjördæmi, skipuð sýslumanni og bæjarfógeta sem formanni og annars valin eins og áður var.

Með lögum nr. 28 3. nóv. 1915 7. gr. voru ákvæðin um undirkjörstjórnir látin haldast óbreytt í öllu verulegu. En með lögum nr. 50 27. júní 1925 var sýslunefndum veitt heimild til þess að skifta hreppum líka í kjördeildir, 2 eða 3, þegar torfærur, mikill kjósendafjöldi, víðátta o. s. frv. gera það æskilegt. Skipar þá hreppsnefnd undirkjörstjórn hverri kjördeild, og er hreppstjóri, hreppsnefndaroddviti og varamaður hans formenn undirkjörstjórna. Á skipun yfirkjörstjórna voru gerðar nokkrar breytingar með lögum nr. 28. 3. nóv. 1915 8. gr. Eins og áður skal sýslumaður eða bæjarfógeti vera formaður yfirkjörstjórnar, þar sem hann er heimilisfastur í kjördæmi. En annars kostar skipar landsstjórn oddvita. Og ef einhver yfirkjörstjóra er sjálfur í kjöri, þá skal hann víkja úr yfirkjörstjórn, þó eigi oddviti fyrr en opna skal atkvæðakassana. Meðkjörstjórar eru annars skipaðir með sama hætti sem áður var. Þóknun kjörstjóra, sjá l. 1877 38. gr., lög 1903 57. gr., lög 1915 56. og 77. gr.

I. *Kjörskrár.* Í öllum kosningalögunum er hreppsnefndum og bæjarstjórnum boðið að semja árlega að vetrinum skrá yfir kjósendur í hreppnum eða kaupstaðnum — og nú fyrir hverja kjördeild sérstaka skrá, ef hreppi eða kaupstað er skift í kjördeildir — í stafrofsröð. Kjörskrá gildir eitt ár, frá 1. júlí til 30. júní næsta ár, og skal taka á kjörskrá alla þá, er hafa kosningarrétt eða ætla má, að fái hann þar í hreppi eða kaupstað til 30. júní næsta ár, og gera þá athuga-

semd um það, hvenær aðili fær réttinn. Sá, er eigi er tekinn á skrá, getur kært til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, en ef hún tekur eigi kröfu hans til greina, þá getur hann látið dómstólana skera úr. Sjá kosningl. nr. 16 14. okt. 1877 7.—17. gr., lög nr. 18 3. okt. 1903 10.—18. gr., lög nr. 15 9. júlí 1909 1.—3. gr., lög nr. 28 3 nóv. 1915 9.—17. gr., lög nr. 50 27. júní 1925 og lög nr. 13 15. júní 1926.

III. *Fyrirskipun kosninga.* Þegar almennar kosningar eiga að fara fram vegna þess, að kjörtímabil er liðið, og þegar þing er rofið, þá er gefið út opið bréf, sem konungur undirritar, þar sem almennar kjördæmakosningar eru fyrirskipaðar. Ef almennar kosningar eiga að fara fram, af því að kjörtímabil er liðið, er kjördagur lögmæltur. En þegar almennar kosningar fara fram vegna þingrofs, þá skal tiltaka kjördag í opna bréfinu, kosnl. nr. 16 14. sept. 1877 25. gr., nr. 18 3. okt. 1903 55. gr. og nr. 29 1915 54 og 79. gr. Ef *uppkosning* (þ. e. kosning vegna þess, að Alþingi hefur ónýtt kosningu) eða *aukakosning* (þ. e. kosning vegna þess, að þingmanns missir við áður kjörtími er liðinn) verður nauðsynleg, þá skyldi landshöfðingi, samkvæmt kosnl. 1877 27. gr. og 1903 54. gr., og síðan ráðherra, samkvæmt lögum nr. 15 9. júlí 1909 7. gr. og kosnl. 1915 53. og 76. gr., fyrirskipa kosningar. Ef kosning ferst fyrir í einhverjum hreppi af óviðráðanlegum orsökum, þá skal undirkjörstjórn ákveða kjördag af nýju, lög nr. 15 9. júlí 1909 8. gr. og 45. gr. kosnl. 1915. Sama er, ef undirkjörstjórn fær ekki seðlasendingu frá yfirkjörstjórn á réttum tíma, 1. mgr. 51. gr. kosnl. 1915. Ef atkvæðasending kemur þar á móti ekki til skila úr einhverjum hreppi til yfirkjörstjórnar, þá fyrirskipar hún kosningu af nýju í hreppnum og tiltekur kjördag., s. l. 51. gr. 3. mgr.

IV. *Kosningar.* Hér verður að greina á milli A. Kosninga til Alþingis eftir kosnl. nr. 16 14. sept. 1877, B. Óhlutbundinna kosninga eftir lögum nr. 18 3. okt. 1903, lögum nr. 15 9. júlí 1909 og lögum nr. 28 3. nóv. 1915 og loks C. Hlutbundinna kjördæmakosninga í Reykjavík. Ennfremur verður að skýra frá D. Kosningum utan kjörstaða.

A. Alþingiskosningar eftir kosnl. 1877 skyldi venjulega fara fram í septembermánuði áður en Alþingi skyldi koma saman næsta ár. Kjörþing var eitt í hverju kjördæmi, en oddviti kjörstjórnar ákvað dag og stund og auglýsti. Var þá eigi sami kjördagur um land allt, eins og síðar varð, og gat því t.

d. maður, sem fallið hafði við kosningar í einu kjördæmi, ef til vill boðið sig fram í öðru, en ógild var kosning, ef sami maður lét samtímis kjósa sig í fleirum kjördæmum en einu. Ef þingmannsefni var sjálfur á kjörfundi og lýsti þar yfir því, að hann tæki við kjöri, þá var það gilt framboð, þótt það hefði eigi áður komið fram. Sá, er eigi var á kjörfundi, gat því að eins löglega boðið sig fram, að oddvita kjörstjórnar hefði verið skýrt frá því skriflega kveldinu fyrir kjördag. Allir skyldi frambjóðendur hafa meðmælendur, einn eða fleiri kjósendur. Á kjördegi máttu bæði frambjóðendur og meðmælendur tala og voru stundum langar ræður haldnar fyrir kosningar á kjörfundum. Svo máttu kjósendur bera upp spurningar fyrir þingmannsefni eftir að þau og meðmælendur þeirra höfðu lokið máli sínu. Að umræðum loknum var gengið til kosningar. Hún var opinber, eins og eftir tilsk. 8. marz 1843. Enginn gat neytt kosningarréttar, nema hann gerði það sjálfur á kjörþingi. Kusu menn eftir hreppum og var skráð við nafn hvers kjósenda, sem neytti atkvæðisréttar, hvern eða hverja hann kaus. Síðastir kusu kjörstjórar. Að kosningu lokinni skyldi kjörstjórn telja saman atkvæði. Enginn var rétt kjörinn, nema hann hefði hlotið meira en helming greiddra atkvæða. Ef enginn, eða eftir því sem á stendur, einungis annar þeirra, sem boðnir eru fram til kosningar, hlaut svo mörg atkvæði, skyldi aftur kjósa óbundnum kosningum. Ef nú enginn fekk heldur meira hluta greiddra atkvæða, skyldi enn kjósa á ný, en að eins milli þeirra tveggja — eða ef kjósa skyldi tvo, milli þeirra fjögra — sem við hina seinni kosningu höfðu fengið flest atkvæði. Ef fleiri höfðu jafnmörg atkvæði, þá réð hlutkesti um það, hver skyldi boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Ef atkvæði voru jöfn við þriðju kosningu, skyldi og hlutkesti ráða. Þessi aðferð var heldur óheppileg og því óheppilegri sem fleiri kjósendur neyttu atkvæðisréttar síns. Margir fóru af fundi, einkum þeir, sem voru langt að komnir, undir eins, þegar þeir höfðu kosið. Þegar atkvæðatalningu var lokið fyrsta skifti, þá mátti því búast við því, að mikill meiri hluti kjósenda væri bak og burt. Og gat því niðurstaðan af atkvæðagreiðslunni öðru sinni orðið allt önnur en hún hafði orðið hið fyrra sinnið. — Kjörstjórn gaf út kjörbréf til handa þeim, er hún lýsti kjörna, og kjörgögn öll skyldi hún senda landshöfðingja, sjá kosningalög 1877 25.—36. gr.

B. *Óhlutbundnar kosningar samkvæmt lögum nr. 18 3. okt. 1903, lögum nr. 15. 9. júlí 1909, lögum nr. 18 20. okt. 1913 og lögum nr. 28 3. nóv. 1915.* Í öllum kjördæmum landsins héldust þingmannakosningar óhlutbundnar, eins og verið hafði eftir lögum nr. 16 14. sept. 1877, og hafa haldizt, nema í Reykjavík. Þar voru hlutbundnar kosningar ákveðnar, samkvæmt heimild í 4. málsgr. 26. gr. stjskr. 1920, með lögum nr. 11 18. maí 1920. Með lögum nr. 18 3. okt. 1903 og lögum nr. 15 9. júlí 1915 4.—8. gr. sbr. lög nr. 18 20. okt. 1913 voru að ýmsu leyti sett ný fyrirmæli um kosningar til Alþingis, auk þess, sem áður segir um undirkjörstjórnir.

Þá var það fyrst ákveðið um *framboð þingmannsefnis,* að það skyldi skriflegt vera og komið í hendur yfirkjörstjórnar eigi síðar en 4 vikum fyrir kjördag, og áttu að fylgja framboði skrifleg meðmæli að minnsta kosti 12 kjósenda í kjördæminu. *Kjördagur* varð nú hinn sami um land allt þegar almennar Alþingiskosningar fóru fram (upphaflega 10. sept., og eftir lögum nr. 15 1909 fyrsti vetrardagur), og mátti enginn bjóða sig fram, nema í einu kjördæmi, kosningal. 1903 23. og 25. gr. Eftir kosningal. 1915 gilda í öllu verulegu sömu reglur um framboð þingmannaefna, sjá 18. gr., og kjördagur til almennra kosninga var þar og ákveðinn 1. vetrardagur. Þessu var enn breytt með lögum nr. 47 14. júní 1929 þannig, að almennar kosningar skulu nú fram fara 1. laugardag í júlímánuði, þegar kjörtímabil er út runnið eða þegar þing er rofið. En ef kjósa skal í einstökum kjördæmum aðeins í stað látins þingmanns eða af öðrum ástæðum (aukakosning, uppkosning), er kjördagur sérstaklega ákveðinn, kosningal. 1903 54. og 55. gr. og kosningal. 1915 53 og 54. gr. Höfuðbreytingarnar sem gerðar voru með lögum nr. 18 3. okt. 1903 voru þó þær, *að kosning skyldi fram fara í hverjum hreppi á landinu* og að kosningar skyldi vera *leynilegar.* Þegar framboðsfrestur er liðinn, lætur yfirkjörstjórn gjöra *kjörseðla* svonefnda, þar sem á eru skráð í stafrofsröð nöfn frambjóðenda, er gild framboð hafa sent að dómi hennar. Seðlar þessir eiga að vera jafnstórir um land allt, enda er stærðin tiltekin í kosningalögunum, lög nr. 18 1903 19.—22. gr., lög nr. 18 20. okt. 1913 og lög nr. 28 1915 20.—22. gr. Í hreppi hverjum hefur undirkjörstjórn (eða undirkjörstjórnir, ef hreppi er skift í kjördeildir) og í kaupstöðum forstöðu fyrir kosningarathöfn. Enginn gat kosið til 1914, nema hann væri sjálfur á kjörfundi

og gæfi sig fram við undirkjörstjórn. Kjósandi fær kjörseðil hjá undirkjörstjórn og merkir í einrúmi við nafn þess eða þeirra, sem hann kýs, og lætur svo seðilinn samanbrotinn í þar til gerðan atkvæðakassa. Að lokinni kosningarathöfn kemur undirkjörstjórn atkvæðakassa til yfirkjörstjórnar, sjá 7. og 8. kafla laga nr. 18 3. okt. 1903 og 24.—25 gr. laga nr. 28 3. nóv. 1915. Yfirkjörstjórn telur svo á fyrirfram auglýstum stað og tíma atkvæði í kjördæminu. Sá, eða þeir, er flest hlýtur atkvæði, verður kjörinn þingmaður. Fær yfirkjörstjórn honum kjörbréf. Ef tvö þingmannsefni eða fleiri hafa jafnmörg atkvæði, þá ræður hlutkesti, lög nr. 18 1903 9. kafli og lög nr. 28 3. nóv. 1915 46.—52 gr.

Síðan tekið var að kjósa í hverjum hreppi, hafa Alþingiskosningar verið stórum betur sóttar að tiltölu en áður hafði verið. Í fyrsta skifti voru kosningar leynilegar og í hverjum hreppi 1908. Fyrir þann tíma hafði þátttaka verið mest í kosningum 1902 og 1903, rúm 50% þeirra, sem á kjörskrá voru, en 1908 varð hluttakan upp undir 80%.[1]) En síðan hefur þó oltið á ýmsu. Stundum hefur kosningaþátttakan ekki farið yfir 50% og komizt hæst milli 70% og 80%.

C. *Hlutbundnar kjördæmakosningar.* Svo sem að var vikið, var heimilað í 26. gr. stjskr. 1920, að ákveða mætti með almennum lögum, að kjósa þingmenn Reykjavíkur hlutbundnum kosningum, og var svo fyrir skilið í lögum nr. 11 18. maí 1920, jafnframt því sem þingmönnum kjördæmisins var fjölgað úr 2 í 4. Í Reykjavík gilda framvegis ákvæði kosningalaga nr. 28 3. nóv. 1915, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi látið um mælt í lögum nr. 11 1920. En afbrigði eru, sem vænta má, allmörg, því að hlutbundnar kosningar eru í eðli sínu svo frábrugðnar einföldum kosningum. Þær voru hér áður kunnar frá kosningum í bæjarstjórnir í kaupstöðum og frá landskjörinu.

Um kosningar þessar athugast sérstaklega: Afhenda skal yfirkjörstjórn áður en framboðsfrestur er liðinn lista með nöfnum framboðinna þingmannaefna. Tala listanna er óákveðin, en ef fram kemur meira en einn listi, þá merkir yfirkjörstjórn þá hvern sínum bókstaf (A B C o. s. frv) eftir þeirri röð, sem þeir berast í. Eigi mega fleiri vera nöfn á lista en þeir eru, sem kjósa skal, en færri mega þau vera. Skriflegt leyfi allra þeirra

1) Hagskýrslur Íslands 64 bls. 6—7.

þarf, sem á lista eru settir, og er nafn þess, sem eigi hefur veitt slíkt leyfi, strikað út af lista. Yfirlýsing að minnsta kosti 100 kjósenda um stuðning skal fylgja lista hverjum, lög nr. 11 1920 3. og 4. gr. Yfirkjörstjórn skal síðan úrskurða gildi framkominna lista. Að því loknu auglýsir hún í Lögbirtingablaði, hverir sé í kjöri. Ef aðeins einn gildur listi er fram kominn, fer engin kosning fram, og lýsir yfirkjörstjórn þá rétt kjörna þingmenn, svo marga sem kjósa skal.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla, og eru listarnir prentaðir á kjörseðil hver við annars hlið eftir bókstafsröð sinni, fremstur A-listi, síðan B-listi og svo koll af kolli. Kosning er leynileg, og merkir kjósandi kross framan við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, er hann vill kjósa, eða við eitthvert nafn á þeim lista, enda er honum rétt að breyta röð þeirra, sem frambjóðendur eru í á lista, eða strika nöfn út. Yfirkjörstjórn telur atkvæði að kosningu lokinni. Er hér tvenns að gæta: 1. Hversu marga þingmenn hver listi skuli fá og 2. Hverir kosningu hljóti þeirra manna, sem á lista hverjum eru.

*Um 1.* Atkvæði þau, sem á hvern lista hafa fallið, skal telja sér. Síðan er heildartala hans fundin. Þar næst er deilt í heildartöluna með 1, síðan með 2 o. s. frv. Ef t. d. kjósa skal 4 þingmenn, en fram hafa komið 4 gildir listar, og atkvæði hafa fallið þannig, verður útkoman þessi:

| A | B | C | D |
|---|---|---|---|
| *5000* | *3800* | *2200* | 2000 |
| *2500* | 1900 | 1100 | 1000 |
| 1666⅔ | 1266⅔ | 733⅓ | 666⅔ |

A-listi fær 2 þingmenn, B-listi 1 og C-listi einnig, en D-listinn fær engan.

*Um 2.* Vegna heimildarinnar til þess að strika út nöfn á lista og færa nöfn upp eða niður, má ekki byggja á því, að röðin haldist óbreytt, og verður því að gæta að breytingum og reikna atkvæðatölu hvers listamanns. Sá, sem efstur er á lista, fær heilt atkvæði, ef ekki er við honum hreyft. Sá næsti fær brot úr atkvæði, þar sem listamannatalan er nefnari, en teljari er listamannatalan að frádreginni tölu þeirra, sem ofar eru aðilja á listanum. 2. maður á 4 manna lista fær t. d. $\frac{4-1}{4} = \frac{3}{4}$ úr atkvæði, því að einn er fyrir ofan hann. 3. maður fær $\frac{4-2}{4} = \frac{1}{2}$ úr atkvæði, því að 2 eru ofar honum, en 4. maðurinn fær

$\frac{4-3}{4} = \frac{1}{4}$ úr atkvæði, því að 3 eru fyrir ofan hann. Efsti maður á lista er því kosinn með jafnmörgum atkvæðum og listi hans fær, ef hann er hvergi strikaður út eða færður niður. 2. maður listans fær með sama hætti $^3/_4$ af atkvæðatölu listans o. s. frv. Ef fleiri fá jafnmörg atkvæði á lista, sem verða má vegna breytinga, þá ræður hlutkesti, nema báðir eða allir verði kjörnir, l. 1920 9. og 10. gr.

*D. Kosningar utan kjörstaða.* Eins og fyrr var að vikið, voru settar reglur um heimild manna til að kjósa utan kjörstaðar með lögum nr. 47 30. nóv. 1914. Samkvæmt 1. gr. laga þessara máttu sjómenn og aðrir, sem eru staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir ætti að kjósa, þegar kosning fer fram, greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta þar sem þeir eru staddir, á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra í sveitum og bæjarfógeta í kaupstöðum atkvæði sitt. Sá maður, sem ætlar úr hreppi sínum eða kaupstað og væntir þess, að hann verði þar eigi á kjördegi, gat notað heimild þessara laga með því að hann sneri sér til hreppstjóra eða bæjarfógeta og greiddi þar atkvæði. Þeir, sem voru á skipi, greiddu þar atkvæði með yfirsýn skipstjóra eða þess, sem í stað hans kemur. Tilhögun var sú, að kjósandi fekk auðan, þar til gerðan seðil, og skrifaði hann þar á nöfn þingmannsefna þeirra, er hann kaus, eða listabókstaf, ef hlutfallskosning er. Svo skyldi hann og fylla út prentað eyðublað með nafni sínu, heimili, stöðu og því næst ritaði embættismaður eða sýslunar eða skipstjóri vottorð sitt á fylgibréfið um, að kjósandi hefði kosið í einrúmi og að dagsetning væri rétt.

Eftir því sem kjörgögn þessara kjósenda bárust hreppstjóra eða bæjarfógeta, skyldi þeir innfæra þau í áframhaldandi töluröð á sérstaka skrá, og senda þau síðan kjörstjórn svo tímanlega, að þau væri komin til hennar áður en kjörfundur var settur. En hún rannsakaði fylgibréfin og merkti á kjörskrá við nöfn þeirra kjósenda, sem þannig höfðu kosið, en gild atkvæðaumslög voru lögð í atkvæðakassann. Umslög, sem kjörstjórn voru afhent eftir að atkvæðagreiðsla var byrjuð, voru rannsökuð með sama hætti og akvæðaumslög látin í kassann áður en atkvæðagreiðslu var lokið. Þessar reglur hafa verið í lögum síðan óbreyttar að öllu verulegu, sjá lög nr. 50 20. júní 1923 og lög nr. 58 7. maí 1928, sem nú gilda um þetta efni.

Þeir, er eigi máttu að heiman komast til kjörstaðar, máttu eigi neyta kosningarréttar, því að vist þeirra á kjörþingi eða

hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta eða á skipi, ef sjómaður átti í hlut, var óhjákvæmilegt skilyrði. Þessu var svo farið unz þeim mönnum, sem ekki voru ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, var með lögum nr. 33 20. júní 1923 veitt heimild til þess að neyta réttarins á heimili sínu, enda skyldi þeir sanna vanmátt sinn með vottorði læknis, þar sem til hans náðist, eða hreppstjóra. Í sveitum tók hreppstjóri við atkvæðum þessara manna, en í kaupstöðum bæjarfógeti eða fulltrúi hans. Og var meðferð hin sama sem við kosningar utan kjörstaða eftir lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. Þessi heimild laga nr. 33 1923 þótti vera svo misbrúkuð, að hún var numin úr lögum árið eftir með lögum nr. 35, 4. júní 1924.

## B. konungkjörnir Alþingismenn og landkjörnir.

64. gr.

### Konungkjörnir Alþingismenn.

Samkvæmt 14. gr. stjórnarskr. 5. jan. 1874 og 4. gr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903 kvaddi konungur til þingsetu 6 menn, er nefndir voru jafnan *konungkjörnir* þingmenn. Auðvitað fór sú stjórnarathöfn, eins og aðrar slíkar ráðstafanir, fram á ábyrgð ráðherra Íslands og með undirskrift hans, ásamt konungi, undir kjörbréf þessara þingmanna. Mun landshöfðingi lengstum, meðan landshöfðingjadæmið stóð, hafa stungið upp á mönnum til konungskjörs við ráðherrann og hann hefur svo gert tillögur sínar til konungs og látið undirbúa kjörbréf. Engum var skylt að taka við konungkjöri, fremur en þjóðkjöri, en það þótti virðingarmerki og trausts, að vera skipaður konungkjörinn. Eftir að landshöfðingjadæmið var lagt niður, réð ráðherra Íslands auðvitað algerlega skipun konungkjörinna þingmanna. Þótt ekki væri það sérstaklega mælt í stjórnarskránni 5. jan. 1874, þá hefur víst aldrei verið vafi um það, að konungkjörnir þingmenn skyldi fullnægja kjörgengisskilyrðum þjóðkjörinna þingmanna. Og yfirleitt verður að ætla, að reglur stjórnarskipunarlaga og þingskapa hafi náð jafnt til þeirra sem til annara þingmanna, nema öðruvísi væri sérstaklega um mælt. Kjörtímabil þeirra var líka 6 ár, og ef konungkjörinn þingmaður sagði af sér eða dó, þá var kjörinn maður í stað hans það sem eftir var kjörtímans. Konungkjörnir varaþingmenn hafa eigi

verið nefndir síðan stjskr. 5. jan. 1874 kom til framkvæmdar. Konungkjörnir þingmenn höfðu yfirleitt öll þingmanns réttindi, svo sem undanþágu undan kyrrsetningu og varðhaldi eftir 32. gr. stjskr. 5. jan. 1874, rétt til dagpeninga og ferðakostnaðar o. s. frv. Þeir voru og einungis bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá umbjóðanda sínum, stjórninni, sbr. 31. gr. stjskr. 5. jan. 1874. Alþingi skar og úr því, hvort konungkjörinn þingmaður var löglega kjörinn, og mundi hafa dæmt um kjörgengismissi hans sem annara Alþingismanna. Með sama hætti hvíldu á þeim skyldur þingmanna, svo sem skylda til þess að gegna forsetastarfi eða skrifara á Alþingi, taka sæti í nefndum, hafa framsögu í málum, sækja þingfundi, hlýða forseta o. s. frv. Höfuðmunur á stöðu þjóðkjörins þingmanns og konungkjörins var sá, *að þingrof náði eigi til konungkjörinna þingmanna*, samkvæmt 14. gr. stjskr. 1874.

Þótt konungkjörnum þingmönnum væri óskylt að fylgja stjórninni framar en sannfæring þeirra leyfði þeim, þá komst þó sú trú inn hjá þjóðinni, og þótti hún nokkuð styðjast við reynslu, að þeir væri helzt til hallir undir stjórnina í málum þeim, sem helzt varð deila um milli meira hluta þings og stjórnar. Það varð því ósk margra manna, að kjörréttur stjórnarinnar yrði úr lögum numinn, en eigi varð það þó fyrr en með stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 7. gr. Á Alþingi 1915 sátu konungkjörnir þingmenn síðasta sinni. Því verður eigi neitað, að ýmsir af mikilhæfustu mönnum landsins hafa verið konungkjörnir, og að þeir hafa lagt gott til margra mála á þingi, enda voru hinir reyndustu embættismenn landsins oft til starfans kjörnir.

65. gr.

## Landkjörnir Alþingismenn.

I. Samkvæmt 8. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 komu 6 landkjörnir þingmenn í stað konungkjörnu þingmannanna. *Kjörtímabil* hinna landkjörnu þingmanna var ákveðið 12 ár í stjskpl. nr. 12 1915 1. málsgr. 9. gr., þó svo að helmingur þeirra átti að fara frá 6. hvert ár. Ekki náði þingrof heldur til landkjörinna þingmanna. Skilyrði *kosningarréttar* til landkjörs voru samkvæmt 10. gr. 3. málsgr. stjskpl. 1915 öll hin sömu sem

til kjördæmakjörs, að því undanteknu, að aldurstakmarkið var sett 35 ár. Kjörgengisskilyrði voru og hin sömu sem kjördæmakjörinna þingmanna, nema að þeir skyldi vera 35 ára gamlir. Tölu landkjörinna þingmanna mátti líka breyta með lögum, 7. gr. stjskpl. 1915. Í gildandi stjórnarskrá nr. 9 18. maí 1920 26. gr. 3. málsgr. eru frumákvæðin um landkjörna þingmenn. Eru þeir enn 6 og má breyta tölu þeirra með almennum lögum. Kjörgengisskilyrði eru enn hin sömu sem um kjördæmakosna segir, nema aldurstakmarkið er framvegis 35 ár. Kjörtímabil þeirra er 8 ár og fer helmingur þeirra frá 4. hvert ár, 27. gr. stjskr. nr. 9 1920. Þingrof nær nú og eigi til landkjörinna þingmanna. En að öðru leyti sæta þeir sömu skyldum og hafa sömu réttindi sem kjördæmakjörnir þingmenn.

II. Bæði eftir 3. málsgr. 10. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 og eftir 3. málsgr. 29. gr. stjskr. 1920 skulu kosningalög setja nánari reglur um kjör landkjörinna þingmanna. Þegar skal það tekið fram, að ákvæði laga um kosningar utan kjörstaðar gilda jafnt um landkjör og kjördæmakjör, og má því að öllu vísa til þess, er áður hefur verið um þau atriði sagt. Þar á móti hljóta ýmsar reglur um landkjör að vera nokkuð með öðrum hætti. Landið er hér allt eitt kjördæmi og einungis þrír menn eru kosnir 4. hvert ár. Ákvæðin um landkjör eru í kosningalögum nr. 28 3. nóv. 1915 II kafla. Og eru þessi hin helztu afbrigði frá reglum um kjördæmakjör:

Það ár, sem landskjör skal fara fram, eiga hreppsnefndir í hreppum og bæjarstjórnir í kaupstöðum að gera kjörskrá til landkjörs jafnhliða hinum árlegu kjörskrám. Ráðherra skipi í tæka tíð *landskjörsstjórn,* er situr í Reykjavík. Í henni eru 3 menn og 2 til vara, og velja kjörstjórar sér oddvita. Kosningar eru *hlutbundnar,* með sama hætti sem þingmannakosningar í Reykjavík. *Kjördagur* skal að jafnaði vera 1. júlí. 8 vikum fyrir kjördag skal afhenda landskjörstjórn lista með nöfnum framboðinna þingmannaefna, ásamt meðmælum kjósenda, 170 talsins af öllu landinu með hverjum lista, er skiftist á einstaka landshluta með ákveðnum hætti. Venjulega skulu vera tvisvar sinnum fleiri nöfn á hverjum lista en kjósa skal þingmenn, og þó mega færri nöfn vera, en alls eigi fleiri. Landskjörstjórn auglýsir svo í Lögbirtingablaði lista þá, sem hún hefur metið gilda. Hún skal og útbúa kjörseðla, sem hafa skal með sama sniði sem kjörseðlar til kosninga í Reykjavík. Og verður auð-

vitað að miða seðlatölu við kjósendafjölda um land allt. Landskjörstjórn sendir kjörseðlana svo sýslumönnum og bæjarfógetum til afnota í kjördæmum landsins, en þeir senda þá síðan undirkjörstjórnum. Kosið er leynilegri kosningu í hverjum hreppi og kaupstað, eins og þegar kjördæmakosningar fara fram, og stýra undirkjörstjórnir þeim kosningum. Kosningaraðferðin er slík sem við þingmannakosningar í Reykjavík. Undirkjörstjórn sendir svo sýslumanni eða bæjarfógeta kjörgögn öll að kosningu lokinni. Lætur hann alla seðlana úr kjördæminu síðan í einn kassa, sem hann sendir svo landskjörstjórn. En hún auglýsir svo atkvæðatalningu, enda fer um hana eins og um atkvæðatalningu við Alþingismannakjör í Reykjavík. Gilda og sömu reglur um það, hvort listi fær þingmann sem þar og um atkvæðagildi milli þeirra sín á milli, sem á lista eru. Landskjörstjórn gefur út kjörbréf.

III. *Varaþingmenn landkjörnir.* Vegna þess, hversu dýrt og umstangsmikið landkjörið er, vildu menn forðast það, að þurfa að efna til landkjörs, þótt eins landkjörins þingmanns missti við. Því var svo fyrir mælt í 2. málsgr. 9. gr. stjspl. nr. 12 1915, að landkjörnir varaþingmenn skyldi vera jafnmargir af hverjum lista sem aðalþingmenn. Varamenn voru kosnir samtímis og aðalmenn og með sama hætti. Þessi ákvæði eru tekin alveg óbreytt í 28. gr. stjskr. nr. 9 18. maí 1920. Varaþingmenn landkjörnir verða því þeir menn á lista hverjum, sem fá næsta atkvæðatölu þeim, sem kosnir verða aðalþingmenn. Ef listi t. d. fær 2 aðalþingmenn landkjörna, A og B, þá verða C og D, sem næsta fá atkvæðatölu, varaþingmenn. C tekur þá sæti hvors aðalþingmannsins, sem fyrr missir við, og D þess, er síðar fer frá eða forfallast. En ef sæti bæði aðalmanns og varamanns losnar, og enginn af þeim varamönnum, sem listinn fekk, er til, þá verður að fara fram kosning bæði aðalmanns og varamanns. Slík kosning fór fram haustið 1926, er aðalþingmaður eins listans og varamaður hans voru báðir látnir. Er þetta að vísu óheppilegt skipulag, en orð bæði 28. gr. stjskr. 1920 og 76. gr. kosningalaga nr. 28 3. nóv. 1915 þykja svo ótvíræð um þetta atriði, að eigi verði um villzt, sérstaklega hin síðarnefnda grein, enda vísar síðasta málsgr. 29. gr. stjskr. 1920 til kosningalaganna um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalþingmanna landskjörinna.

Annað atriði er það, *hvenær* varamaður skuli taka þingsæti

aðalmanns. Eftir 2. málsgr. 9. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 skyldi varamaður koma til, ef aðalþingmaður „deyr" eða „fer frá". Hið síðarnefnda tilvik náði bæði til þess, ef þingmaður sagði þingmennsku af sér, missti kjörgengi samkvæmt úrskurði Alþingis og sjálfsagt líka per analogiam, ef Alþingi ónýtti kjör aðalmanns samkvæmt 29. gr. stjskr. 5. jan. 1874 og 78. gr. kosningalaga nr. 28 3. nóv. 1915. En ef aðalþingmaður fekk forföll, svo að hann mátti ekki sækja ákveðið þing, þá var um það deilt, hvort varamaður mætti taka þingsæti hans eða hvort það skyldi standa autt það þing. Alþingi skar svo úr þessu árið 1918, að varamaður mætti taka sæti aðalþingmanns, sem lýst hafði yfir því, að hann gæti eigi setið á því þingi vegna veikinda, enda fylgdi læknisvottorð, sem staðfesti þessa yfirlýsingu.[1]) Í 28. gr. gildandi stjskr. nr. 9 18. maí 1920 er skýrara ákvæði um þetta. Eins og áður, tekur varamaður sæti aðalþingmanns, ef hann *deyr* eða *fer frá* En auk þess skal varamaður koma í stað aðalmanns, ef hann *„forfallast"*, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort sem það er reglulegt Alþingi eða aukaþing, eða því, sem eftir er af því þingi. Er svo að sjá, sem varamaður eigi að sitja það þing út, sem hann fær sæti á, enda þótt forföll aðalmanns standi ekki allt það þing.

Ráð er gert fyrir því í kosningalögum nr. 28 3. nóv. 1915 76. gr., að varaþingmaður kunni að hafa gerzt kjördæmakjörinn þingmaður eftir að hann var kjörinn varaþingmaður. Ef nú þá verður autt sæti aðalmanns þess, er hann er varamaður fyrir, þá skal hann taka sæti varamannsins engu að síður, en svo skal kjósa þingmann í kjördæminu í stað hans. Nú er víst, að aðalþingmaður landskjörinn getur sagt af sér þingmennsku meðal annars af því, að hann hefur hlotið þingmannskjör í kjördæmi, og það þótt enginn varamaður sé til þess að taka þingsæti hans. En þá er eigi samræmi í því, ef varamaður, sem hlotið hefur þingmannssæti fyrir kjördæmi, má eigi segja af sér varaþingmennsku til þess að hann megi halda þingmennsku fyrir kjördæmi sitt.

Ef aukakosning landkjörins þingmanns þarf fram að fara, þá gildir hún einungis þann tíma, sem sá átti eftir af kjörtímabilinu, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

---

1) Alþtíð 1918 B bls. 15—38.

66. gr.

**Úrskurðarvald um þingmannskjör.**
(„Prófun kjörbréfa").

I. Samkvæmt 29. gr. stjskr. 5. jan 1874 átti Alþingi að skera sjálft úr því, *hvort þingmenn þess væri löglega kosnir.* Þessi regla er endurekin í 16. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 og í gildandi stjskr. 18. maí 1920 42. gr. Þó að svo segi, að þingið úrskurði sjálft, hvort þingmenn þess sé löglega kosnir og þó að þetta mætti skilja svo, að það ætti að eins við gildi sjálfrar kosningarinnar, þá hefur aldrei orkað tvímælis, að Alþingi skyldi fyrst og fremst úrskurða um *kjörgengi* Alþingismanna. Í kosningalögum nr. 16 14. september 1877 23. gr. segir, að eigi sé nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sé sannað fyrir kjörstjórn, en hún geti þó ekki bannað umræður um það mál, ef framboði er mótmælt af því, að kjörgengi frambjóðanda er efað, en að Alþingi úrskurði um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru. Í kosningalögum nr. 18 3. okt. 1903 3. málsgr. 23. gr. segir einnig, að kjörgengi þurfi eigi að sanna fyrir kjörstjórn og að Alþingi úrskurði það mál. Þessi regla er endurtekin í 3. málsgr. 18. gr. kosningalaga nr. 28. 3. nóv. 1915 um kjördæmakosna þingmenn og sama regla er um kjörgengi landkjörinna þingmanna eftir 18. gr. sömu laga, sbr. þingskl. nr. 29 3. nóv. 1915 5. gr. 2. og 5. málsgr. Þá úrskurðar Alþingi, hvort varaþingmaður megi taka sæti, eins og 1918, er einn hinna landkjörnu þingmanna veiktist og lýsti sig ófæran til að sitja á þingi að því sinni, svo sem áður getur. Alþingi úrskurðar ennfremur öll þau atriði, er sjálfa kosninguna varða, svo sem um lögmæti undirbúnings hennar, kjörskrár, framferði kjörstjórna, jafnt undirkjörstjórna sem yfirkjörstjórna, svo og landskjörstjórnar, hvort ógilda skuli kosning vegna þess, að sá hafi kosið, sem eigi var á skrá, eða þeim hafi verið meinað að kjósa, sem þar var, hvort kjörseðill sé rétt merktur eða á honum merki, er geri hann þekkjanlegan, falsanir atkvæða o. s. frv. Þó að á kosningu sé einhverir gallar, þá leiðir ekki af því, að Alþingi ógildi hana, því að sannanlegt kann að vera, að þeir gallar hafi engu ráðið um úrslitin. En ef svo er ástatt, að líklegt eða mögulegt er, að úrslit hefði orðið önnur, ef engar mis-

fellur hefði orðið, þá hefur kosning verið felld úr gildi.[1]) Skiftir þá auðvitað miklu máli, hver atkvæðamunur verið hefur milli þess þingmannsefnis, sem lýstur var kosinn, og keppinautar hans eða keppinauta. Svo má og vera, að þingmannsefni hafi sjálfur átt sök á misfellunum, og mundi þá oft verða tekið harðara á þeim. En jafnvel þótt einhver kjósandi eða kjörstjóri hafi haft glæpsamlegt athæfi í frammi í sambandi við kosninguna, þá leiðir eigi af því, að hún verði felld úr gildi, ef þingmaður er sjálfur sýkn og brotið hefur engu máli skift um úrslitin.

II. Sú hefur jafnan verið reglan, að á fyrsta þingfundi eftir almennar kosningar eða ef einn nýkosinn þingmaður eða fleiri koma til þingsetu, að þingmenn gangi eftir hlutkesti í þrjá flokka, er *kjördeildir* eru nefndir. Fyrsta deild rannsakar kjörbréf þingmanna í þriðju deild, önnur deild kjörbréf þingmanna í fyrstu deild og þriðja deild kjörbréf þingmanna í annari deild. Hver deild kýs sér framsögumann, eða ef ágreiningur verður, þá kýs hvor eða hver deildarhluti sinn framsögumann. Kjördeild gerir munnlegar tillögur, sem svo eru ræddar á fyrsta þingfundinum fyrirvaralaust. Greiða allir þingmenn atkvæði og einnig um kosningu sína, nema frestað sé að taka hana gilda. Annars getur þingið gert þrennt: úrskurðað kosningu gilda, úrskurðað kosningu ógilda eða frestað úrskurði um kosningu.

Til þess að rannsaka kosningar, sem frestað er, og svo til þess að rannsaka og gera tillögur um kosningakærur frá kjósendum, sem síðar kunna að koma fram, — en þær mega koma unz 4 vikur eru af þingi, — svo og kjörbréf þingmanna, er síðar koma til þings, er kosin nefnd 5 manna — eftir þingskpl. nr. 14 7. apr. 1876 3 manna og deildarforseta beggja. — Þessi nefnd skilar venjulega skriflegu áliti. Venjulega hefur þingið lokið úrskurðun á kosningum þegar á fyrsta fundi eða næstu daga eftir þingsetningu. Sjá um þetta efni þingskpl. nr. 14 7. apríl 1876 1. og 3. gr., nr. 45 10. nóv. 1905 1 og 3.—4. gr. og nr. 29 3. nóv. 1915 1. og 3.—5. gr. Ef þingið úrskurðar kjördæmiskjörinn mann frá þingsetu, þá verður uppkosning að

1) Sbr. t. d. Alþtíð. 1909 (kosning Valtýs Guðmundssonar og Björns Þorlákssonar á Seyðisfirði) 1920 (kosning Jóns Magnússonar og Jakobs Möllers í Reykjavík). Sbr. þar á móti Alþt. 1928 B I 38—39 149, 255 (kosning Jóns Auðuns Jónssonar í Norður-Ísafjarðarsýslu).

fara fram á þingmanni í stað hans, því að Alþingi getur eigi lýst annan kjörinn.

67. gr.

**Skipun Alþingis (sameinað þing, deildir þingsins).**

I. Með stjskr. 5. jan 1874 var gerð þýðingarmikil breyting á skipulagi Alþingis. Eins og áður segir, var Alþingi óskift, einungis ein málstofa, meðan það hafði aðeins ráðgjafarvald um löggjöf landsins og önnur efni. Og eftir 1874 var að nokkru leyti haldið því skipulagi, því að enn mátti þingið starfa í einni heild, einni málstofu, þar sem allir þingmenn sitja fund og vinna saman. Heitir slíkur fundur „*Sameinað Alþingi*" í 35., 40. og 41. gr. stjskr. 1874. Og hefur haldið því nafni síðan, sjá t. d. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 8. gr. 4. mgr. og 15. gr. og stjskr. 1920 26. gr. 4. mgr. 34. gr., 39. gr., 41. gr. 2. mgr., 48., 53. og 54. gr. Það má telja undantekningu, að Alþingi starfi í einni málstofu, því að venjulega fara störf þess fram í deildunum. Þingsetning fer þó allt af fram í sameinuðu þingi, þingskl. 1876 1. gr. 1905 1. gr. og 1915 1. gr., og þinglausnir, þó að þeirra sé ekki sérstaklega getið í lögum. Lagafrumvarp, er deildirnar hafa ekki getað orðið á sáttar, að undanteknum frumvörpum til laga um breytingar á stjórnarskránni, koma loks í sameinað Alþingi til loka-meðferðar, stjskr. 5. jan 1874 28. gr. og 1920 41. gr. Þar er úrskurðað um kosningar Alþingismanna og kjörgengi, þar eru nú kosnir endurskoðendur landsreikninga, síðan 1915, stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 15. gr. stjskr. 1920 39. gr. Þar fara og fram ýmsar kosningar opinberra starfsmanna, sem Alþingi eru faldar. Loks hefur það tíðkazt á síðari tímum, að ýmiskonar tillögur til þingsályktunar hafa verið bornar upp í sameinuðu Alþingi, þar skal gera ályktun um málshöfðun á hendur ráðherrum fyrir embættisbrot, lög nr. 11 20. okt. 1905 10. gr., þar skal taka ákvörðun um uppsögn dansk-íslenzkra sambandslaga samkvæmt 18. gr. laga nr. 39 30. nóv. 1918 o. s. frv.

II. Samkvæmt 15. gr. stjskr. 1874 skyldi Alþingi skiftast í tvær deildir: *Efri þingdeild* og *Neðri þingdeild*. Hefur þessari skiftingu verið haldið síðan, sem kunnugt er, sbr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903 5. gr. og nr. 12 1915 8. gr. og stjskr. 1920 26. gr. o. fl.

1. Eftir stjskr. 1874 15. gr. var *efri deild* skipuð 12 þingmönnum, 6 konungkjörnu þingmönnunum, sem áttu þar allt af sæti, meðan konungkjör þingmanna var í lögum. Síðast sátu konungkjörnir þingmenn á Alþingi 1915, sem kunnugt er. Síðan komu landkjörnu þingmennirnir 6 í stað konungkjörnu þingmannanna í efri deild, og hafa setið þar síðan á aukaþinginu 1916—17, sjá stjskpl. nr. 12 1915 8. gr. og stjskr. 1920 26. gr. Samkvæmt 15. gr. stjskr. 1874 áttu einnig sæti í efri deild 6 kjördæmakjörnir („þjóðkjörnir") þingmenn, er sameinað Alþingi kaus óbundnum kosningum fyrsta sinni, er þing kemur saman eftir að nýjar, almennar kosningar hafa farið fram, og gildir sú kosning kjörtímabilið. En ef sæti einhvers hinna sex þjóðkjörnu þingmanna í efri deild losnaði á kjörtímabilinu, þá skyldi sameinað þing koma saman, eftir að þingmaður var kosinn í stað þess, er frá hafði farið, til þess að kjósa þingmann til efri deildar í stað hans, og gilti sú kosning það, sem eftir var kjörtímabilsins. Eins og fyrr segir, var þjóðkjörnum þingmönnum fjölgað um 4, úr 30 í 34, með 4. gr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903, en jafnframt var þjóðkjörnum þingmönnum í efri deild fjölgað um 2, svo að nú urðu þeir 8, en þingmenn í efri deild alls *14*, sjá 8. gr. stjspl. nr. 12 1915 og 26. gr. stjskr. 1920. Sú regla hefur allt af haldizt, að breyta megi með almennum lögum tölu þingmanna í hvorri deild, samkvæmt síðastnefndum gr. stjskpl. 1915 og stjskr. 1920.

Hlutfallskosningar tíðkuðust ekki eftir þingskpl. 1876, enda vafasamt, hvort fyrirmæli 15. gr. stjskr. 1874 um „óbundnar" kosningar þjóðkjörinna þingmanna til efri deildar, hefði ekki girt fyrir það, að þeirri aðferð hefði mátt beita, þó að hún hefði verið leyfð í þingsköpum. Með lögum nr. 22 22. maí 1890 voru hlutfallskosningar leyfðar einungis, er kjósa skyldi *nefndir*, og hefði þau lög því engu getað um breytt kjör þjóðkjörinna þingmanna til efri deildar, ef stjskr. 1874 skipar aðra kosningaaðferð. Stjskpl. nr. 16 1903 gerðu enga breytingu á fyrirmælum stjskr. 1874 um þetta atriði. Og í þingskpl. nr. 45 1905 5. gr. segir enn, að þjóðkjörna þingmenn til efri deildar skuli kjósa óbundnum kosningum. Með 8. gr. stjskpl. nr. 12 1915 var loks gerð sú breyting, að ekki var neitt kveðið á um það, með hverjum hætti kosning hinna 6 kjördæmakjörnu þingmanna til efri deildar skyldi fara fram. Ekki var heldur sagt í 26. gr. stjskr. 1920, hvernig kjósa skuli áðurnefnda 8 þingmenn til efri deild-

ar. Í samræmi við ákvæði stjórnskipulaganna lætur 6. gr. þingskpl. nr. 29 1915 það óumtalað, hvernig kosning þessi skuli vera. Eftir 1915 er því heimilt að kjósa þá hlutbundnum kosningum, sbr. 48. þingskl. 1915, enda voru þingmenn til efri deildar fyrsta sinni kosnir hlutbundnum kosningum á aukaþinginu 1916—17. Sú aðferð hefur allt af síðan verið höfð, þegar 2 eða fleiri menn hafa verið kosnir til efri deildar.

2. *Neðri deild* hefur jafnan verið skipuð öllum þeim kjördæmakjörnum þingmönnum, sem ekki hafa setið í efri deild samkvæmt því, sem áður var greint. Eftir því sátu í neðri deild 24 þingmenn samkvæmt 15. gr. stjskr. Eftir þingmannafjölgunina 1903 urðu þeir 26, 5. gr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903, og hélzt sú tala, unz kjördæmakjörnum þingmönnum var fjölgað um 2, úr 34 í 36, með 1. gr. laga nr. 11 18. maí 1920. Síðan hefur neðri deild verið skipuð 28 þingmönnum.

## 68. gr.

### Skyldur Alþingismanna og réttindi.

I. Þó að manni sé óskylt að gefa kost á sér til þingsetu og þótt engan skuli nauðugan kjósa, þá er sá, sem boðið hefur sig fram og kosningu hefur hlotið, skyldur til þess að sækja þing, þegar honum er kunnugt, hvenær þing skal koma saman. Fyrir þessu er gert eindregið ráð, en þó setja lög engin sérstök viðurlög, ef þingmaður sækir eigi þing forfallalaust, en líklega mætti láta það varða refsingu, eftir þeim greinum hegningarlaganna, sem varða vanrækslu í embætti eða sýslan. Þingsköpin leggja þingmönnum þá skyldu á herðar, að sækja alla þingfundi, nema forföll banni, enda skýri þingmaður forseta frá þeim. Forseti getur þó veitt þingmanni brottvistarleyfi tvær nætur, en eigi lengur, nema deildin samþykki, þingskpl. nr. 14 7. apríl 1877 42. gr., nr. 45 10. nóv. 1905 42. og 50. gr. og nr. 29 3. nóv. 1915 33. gr. Þingskapalögin 1877 og 1905 höfðu engin viðurlög, ef Alþingismaður sótti eigi þingfund forfallalaust og hafði eigi fjarvistarleyfi, en í 53. gr. þingskpl. 1915 segir, að þá skuli hann missa af dagkaupi sínu. Ákvæðin um skyldu Alþingismanna til að sækja þingfundi og bann þingskapanna við brottför þingmanns af þingi sýna það og glöggt, að þingmönnum er skylt að sitja þing til enda, þar til því er sagt upp, nema burtfararleyfi komi

til. Þá eiga þingmenn í allri hegðan sinni á þingfundum að hlíta fyrirmælum laga og ákvörðunum forseta um það, er að góðri reglu lýtur. Því skal þingmaður standa upp úr sæti, meðan hann talar, eigi ávarpa aðra þingmenn með nafni, heldur kenna þá við kjördæmi eða kosningu og víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins, þingskpl. 1876 28. gr., 1905 35. gr. og 1915 34. gr. Ef almenn óregla skyldi koma upp á fundi, þá skal forseti gera hlé á fundi um stundarsakir eða slíta honum alveg, ef nauðsyn krefur, þingskpl. 1876 31. gr., 1905 39. gr. og 1915 39. gr. Ef forseti vítir þingmann tvisvar á sama fundi, þá má svifta hann málfrelsi á þeim fundi með samþykki fundarins, þingskpl. 1876 31. gr. og 1915 53. gr. Ennfremur skal sá þingmaður, sem eigi hlýðir forseta, missa dagkaup sitt þann dag eftir þingskpl. 1915 53. gr. Eigi mátti þingmaður lesa upp skrifað mál, nema forseti leyfði það, eftir þingskpl. 1876 29. gr. og í 38. gr. þingskpl. 1905 var samskonar bann við upplestri bæði skrifaðs máls og prentaðs, en í þingskpl. 1915 38. gr. er einungis bann við upplestri prentaðs máls, nema forseti leyfi. Í þingskpl. 1876 32. gr. segir, að það þyki koma í bága við góða reglu, að þingmenn geri góðan róm eða illan að einhverju. En eftir yngri þingsköpunum mundi þetta verða talið til óreglu, er forseti getur vítt eftir 39. gr. þingsk. 1905 og 1915, sbr. 53. gr. þingskpl. 1915.

II. a. Nýjum þingmanni var skylt að vinna eið að stjórnarskránni jafnskjótt sem kosning hans var metin gild, samkvæmt 30. gr. stjskr. 1874, þingskpl. 1876 2. gr., þingskpl. 1905 2. gr. og þingskpl. 1915 2. gr. En eftir stjskr. nr. 9 18. maí 1920 43. gr. getur þingmaður einnig innt af hendi þessa skyldu með drengskaparheiti. „*Nýr*“ þingmaður er hér jafnan einungis látið taka til þeirra einu þingmanna, sem *fyrsta skifti* koma til þingsetu. Sá, sem einu sinni hefur unnið eið eða drengskaparheit á Alþingi, þarf því ekki að gera það aftur, þótt hann sé nýkosinn eftir að hann hafði verið utan þings.

Þá eru auðvitað gerðar kröfur til þess, *að þingmenn leysi af hendi venjuleg þingstörf*. Þeim er því fyrst og fremst skylt að taka að sér þau forystustörf, sem lög leggja á þá beinlínis, eins og aldursforseta í sameinuðu Alþingi og í báðum deildum þingsins er skylt að stýra fundi eftir kvaðningu landshöfðingja eða ráðherra áður og nú forsætisráðherra, þar til forseti er kjörinn, þingskpl. 1876 1. gr., 1905 1. gr. og 1915 1. gr. Því er hverjum

þingmanni og skylt að taka við forsetakjöri og varforseta, hvort sem það er í sameinuðu Alþingi eða í deild, og gegna starfa þeim til þinglausna, nema þingið eða deildin leysi hann undan honum, sbr. 35. gr. stjskr. 1875 og 48. gr. stjskr. 1920, þingskpl. 1876, 2. og 6. gr., 1905 2., 7., 9. og 11. gr., 1915, 2., 8. og 10. gr., svo og að vera forseti milli þinga, sbr. þingskpl. 1876 5. gr. 3. málsgr., 1905 12. gr. og 1915 13. gr. Þá er þingmönnum skylt að taka við kosningu til skrifara, hvort sem er í sameinuðu Alþingi eða í deild og gegna því þingið út, nema þingið eða deildin vilji leysa þá undan starfanum, þingskpl. 1876 2. og 7. gr. 1905 2., 7. og 13. gr. og 1915 3., 7. og 8. gr. Þá er þingmönnum skylt að taka sæti í nefndum þeim, er sameinað Alþingi vill setja þá í eða deildin, sem þeir eiga sæti í. Þetta tekur bæði til nefnda eftir 22. gr. stjskr. 1874 og 35. gr. stjskr. 1920, kjörbréfanefndar eftir þingskpl. 1876 3. gr., þingskpl. 1905 3. gr. og 1915 4. gr., og annara nefnda. Eftir þingskpl. 1876 og 1905 var það alveg óákveðið, í hversu margar nefndir hver einstakur þingmaður var kosinn, sbr. þingskpl. 1876 9. og 10. gr., þingskpl. 1905 15. og 16. gr., og var störfum því einatt mjög misskift milli manna. Sumir voru í fjölda nefnda og voru hlaðnir störfum, en aðrir voru í fám nefndum og höfðu lítið að gera. Þessu var breytt með þingskpl. nr. 29 1915. Samkvæmt 16. gr. þeirra eru 7 fastanefndir, sem vísa má til flestum þingmálum, og með lögum nr. 3 2. marz 1928 var bætt við 8. fastanefndinni *(utanríkismálanefn)*. Í 16. gr. þingskpl. 1915 vor svo fyrirmælt, að engin nþingmaður mætti vera í fleirum fastanefndum en tveimur, og átti þetta að fyrirgirða það, að nokkur maður yrði ofhlaðinn störfum og að þingstörf tefðist þess vegna. En þetta síðast nefnda ákvæði var niður fellt með áðurgreindum lögum nr. 3 frá 1928, svo að nú eru engar lögskorður reistar við því, að sami maður verði í fleirum nefndum en tveimur. Vinnunefnd skal ákveða fundatíma nefnda og gæta þess, að þeir rekist ekki á, og er þa rmeð séð fyrir því, að sami maður verði eigi kosinn í fleiri nefndir en það, að hann geti sinnt störfum í öllum, án þess að árekstur verði. Hinsvegar var erfitt að fylgja því ákvæði í efri deild, að enginn mætti setja í fleirum fastanefndu men tveimur vegna mannfæðar þar.

Sá, sem flest fær atkvæði við óhlutbundna nefndarkosningu, kveður hana saman, en við hlutfallskosningu sá, sem fyrst var kosinn; þingskpl. 1905 17 gr. og 1915 18. gr. Hver

nefndarmanna er skyldur til að taka við formennsku í henni og fundarskrifarastörfum, svo og skrifarastarfi og framsögumanns í þeim málum, sem nefnd felur honum. Eftir þingskpl. 1876 og 1905 voru engar skorður við því reistar, hversu mörg mál voru hverjum einstökum nefndarmanni falin til framsögu, sbr. 9. gr. þingsk. 1876 og 17. gr. þingsk. 1905. En eftir 10. málsgr. 16. gr. þingskpl. 1915 er enginn fastanefndarmaður skyldur að hafa á hendi í senn framsögu í fleirum en tveimur málum.

Um skyldu þingmanna til að greiða atkvæði hefur farið nokkuð með ýmsum hætti. Eftir 35. gr. þingskpl. 1876 og 42. gr. þingskpl. 1905 var þingmanni skylt að vera við atkvæðagreiðslu í sameinuðu þingi og sinni deild. Ef atkvæðagreiðsla var óglögg, þá gat forseti haft nafnakall, eða ef mál var hvorki fellt né samþykkt. Og ef þingmaður færðist þá undan að greiða atkvæði, þá taldist hann með meiri hlutanum, nema hann færði rök fyrir undanfærslu sinni, sem forseti tók gild, 35. og 37. gr. þingskpl. 1876 og 42. og 44. gr. þingskpl. 1905. Eftir þingskpl. 1915 44. gr. er hverjum þingmanni berum orðum gert skylt að greiða atkvæði, og ef haft er nafnakall, þá skal hann leiða rök að heimild sinni til undanfærslu, og sker forseti úr því, hvort rökin skuli tekin til greina, en skjóta má þingmaður úrskurði forseta undir deildina eða þingið. Ef þingmaður telst eigi hafa rökstutt undanfærslu sína, þá skal hann, ef hann greiðir ekki atkvæði, verða af dagkaupi þann dag samkvæmt 53. gr. þingskpl. 1915.

Loks má geta þess, að þeir kjördæmakjörnir þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs til setu í efri deild samkvæmt stjskr. 5. jan. 1874 16. gr., stjskpl. nr. 3 16. okt. 1903 5. gr., stjskpl. 1915 8. gr. og stjskr. nr. 9 18. maí 1920 26.gr., eru skyldir að taka við þeirri kosningu.

III. Margt af því, sem hér hefur verið talið til *skyldna* Alþingismanna, felur einnig í sér *réttindi* þeim til handa. Þeim er rétt að sækja þingfundi. Það eru þingmannsréttindi þeirra, að mega taka við kjöri til forsetadæmis, til skrifarastarfa, til setu í nefndum og til ritarastarfs eða framsögu í nefnd. Það er og þingmannsréttindi, að mega taka þátt í kosningum forseta, skrifara og nefnda, að geta ráðið úrslitum mála með atkvæði sínu o. s. frv. En auk þess eru þingmönnum veitt ýmiskonar réttindi, sem eigi verða jafnframt kallaðar lögskyldur, er á þá sé lagðar. Og skal þeim réttindum hér stuttlega lýst:

1. Helztu réttindi þingmanna eru fólgin í heimild þeirra til þess bæði að ráða því, *hvaða málefni skuli koma til meðferðar á Alþingi og hvernig með þau skuli fara.* Um þessi atriði skal athugað:

a. Samkvæmt 38. gr. stjskr. 1874 og 51. gr. stjskr. 1920 má hvorug þingdeildin — og auðvitað ekki heldur sameinað Alþingi — taka við neinu máli, nema einhver þingdeildarmanna flytji það, sbr. þingskpl. nr. 14. 1876 27. gr. 1. mgr., nr. 45 1905 51. gr. og nr. 29 1915 51. gr. Hins vegar er hverjum þingmanni heimilað í stjskr. 1874 37. gr. og 1920 50. gr. að bera upp í deild sinni — og þá líka í sameinuðu Alþingi, ef þingsköp leyfa að bera þar upp slíkt mál — sérhvert almennt málefni, ef deildin leyfir það, og æskja um það skýrslu. Þó að hér sé ekki berlega átt við *frumvörp til laga*, þá hefur aldrei orkað tvímælis, að þingmenn hefði rétt til að bera upp slík frumvörp hver í sinni deild. Eftir þingskl. 1876 var þingmönnum enginn tími markaður til flutnings lagafrumvarpa, en í 18. gr. þingskpl. 1905 og 1915 segir, að frumvörp, er þingmenn bera upp og útbýtt er 4 vikum eftir þingsetning, verði því að eins tekin fyrir, að deildin leyfi, þar sem frumvarp er borið upp. Þá hefur aldrei vafi leikið á heimild Alþingismanna til þess að bera upp *fyrirspurnir* í deild sinni, en skilyrði er það þó, að hún leyfi það, sbr. þingskpl. 1876 24. gr., 1905 31. gr. og 1915 31. gr., og *tillögur til þingsályktunar*, bæði um það, hvað deild eða sameinað Alþingi skuli gera, svo sem ályktun um skipun nefndar til að íhuga ákveðið efni, að lýsa vantrausti á ráðherra o. s. frv., eða um að skora á ráðherra að hafast eitthvað að eða jafnvel að láta eitthvað ógert, sbr. þingskpl. 1876 22. gr. og 27. gr. 2. mgr., 1905 29 gr. og þingskpl. 1915 29. gr. Þá er talað í 1. mgr. 27. gr. þingskpl. 1876 um bænarskrár, ávörp, kærur og þesskonar málaleitanir frá utanþingsmönnum, er einhver Alþingismaður kunni að flytja í deild sinni. Þingskpl. 1905 30. gr. og þingskpl. 1915 32. gr. tala um ávörp til konungs, sem og er heimilað hvorri þingdeild að senda eftir 21. gr. stjskr. 1874 og bæði þingdeildum og sameinuðu þingi eftir 34. gr. stjskr. 1920. Er ekki efasamt, að hver einasti Alþingismaður getur borið upp slíkt ávarp. Kærur og bænarskrár verða nú ekki bornar upp, nema í tillögu til þingsályktunar, þar sem ráðherra eða landsstjórnin væri beðin um að gera eitthvað, t. d. að láta rannsaka eitthvað, greiða einhverjum réttmæta kröfu á

ríkissjóð o. s. fr. Fyrir 1904 voru konungi stundum sendar bænarskrár í ávarpsformi, en eftir þann tíma hefur slíkt ekki tíðkazt.

b. Hver þingmaður getur haft áhrif á meðferð máls í deild sinni eða sameinuðu þingi með ýmsum hætti. Fyrst og fremst er þingmanni rétt að taka til máls um hvert það efni, sem fyrir liggur eftir reglum þingskapanna, sbr. 30. gr. þingskpl. 1876, 35.—38. gr. þingskpl. 1905 og 34.—38. gr. þingskpl. 1915, að bera upp viðaukatillögur eða breytingartillögur við frumvörp og aðrar tillögur, sbr.13., 14., 16., 17. og 23. gr. þingskpl. 1876, 21., 22., 24. og 30. gr. þingskpl. 1905 og 22.—27. og 32. gr. þingskpl. 1915, að krefjast þess, að máli verði vísað frá umræðu, 26. gr. þingskpl. 1876, 34. gr. þingskpl. 1905 og 42. gr. þingskpl. 1915, að máli verði frestað um tiltekinn eða ótiltekinn tíma, 42. gr. þingskpl. 1915, að umræður hætti, 33. gr. þingskpl. 1876, 40. gr. þingskpl. 1905 og 37. gr. þingskpl. 1915, að fundur verði haldinn fyrir luktum dyrum, 40. gr. stjskr. 1874, sbr. 39. gr. þingskpl. 1876, 47. gr. þingskpl. 1905 og 49. gr. þingskpl. 1915, 53. gr. stjskr. 1920, að atkvæðagreiðsla fari fram með nafnakalli, 37. gr. þingskpl. 1876, 44. gr. þingskpl. 1905 og 46. gr. þingskpl. 1915, að deild ákveði dagskrá, 34. gr. þingskpl. 1876, 41. þingskpl. 1905 og 43. gr. þingskpl. 1915, að brugðið verði af þingsköpum, 43. gr. þingskpl. 1876, 53. gr. þingskpl. 1905 og 54. gr. þingskpl. 1915. Þá er það og hverjum þingmanni einnig réttur, að hann má greiða athvæði um öll þingmál, er til atkvæðagreiðslu koma, sbr. 35.—37. gr. þingskpl. 1876, 42.—44. gr. þingskpl. 1905 og 44.—46. gr. þingskpl. 1915. Þó er þingmanni bannað að greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín, samkvæmt 5. mgr. 44. gr. þingskpl. 1915, enda var þetta ákvæði ekki áður í lögum. Þetta fyrirmæli mun brjóta bág við stjórnarskrána, sem enga undantekningu gerir um rétt þingmanna til að greiða atkvæði um þingmál. Ekki er þessu ákvæði beitt, þegar fjárveiting er ekki *sérstaklega* til þingmanns sjálfs, heldur til stéttar þeirrar, sem hann telst til, enda gæti þingmenn t. d. alls ekki sett lög um þingfararkaup sitt eða ferðakostnað, ef ákvæðinu í 5. málsgr. 44. gr. þingskpl. 1915 væri ekki þannig beitt. Um forseta þingsins,sjá næstu grein.

2. *Friðhelgi Alþingismanna.* Samkvæmt 32. gr. stjskr. 1874 og 45. gr. stjskr. 1920 eru Alþingismönnum veitt ýms hlunnindi „meðan Alþingi stendur yfir". Með þessu er átt við tímann frá

þingsetningu til þinglausna. Friðhelgi þingmanna tekur því ekki til þess tíma, er fer til þingfarar eða heimferðar, né heldur þótt þeir dveljist á þingstaðnum fyrir eða eftir þingsetningu. Aftur kann að vera vafasamt, hvort friðhelgin stendur þann tíma, sem fundum þingsins kann að vera frestað samhvæmt stjskr. 1874 7. gr. og stjskr. 1920 19. gr. Virðist friðhelgin eigi ná til slíkrar frestunar. Friðhelgi Alþingismanna er fólgin í því:

a. *Að ekki má taka þá fasta fyrir skuldir.* Þar með er *útilokað* að *kyrrsetja* Alþingismann vegna skulda. Og því næst er bannað, að setja Alþingismann í skuldafangelsi samkvæmt sátt eða dómi, enda þótt slík meðferð á skuldunautum væri heimil eftir almennum lögum, sbr. 18. gr. laga nr. 19 4. nóv. 1887. Ekki mundi heldur heimilt vera að setja Alþingismann í fangelsi vegna vangreiðslu á fúlgu, þótt slíkt sé heimilt samkvæmt t. d. fátækralögum.

b. *Að ekki má setja þá í varðhald, nema þeir sé staðnir að glæp.* Hér er átt við gæzluvarðhald, en ekki handtöku, sem vel getur verið óhjákvæmileg, enda þótt þingmaður sé alls ekki staðinn að glæp.

c. *Að ekki má höfða mál á hendur þingmanni, nema hann sé staðinn að glæp.* Sambandið í greininni og eðli málsins sýnir það, að málshöfðunarbannið hlýtur einungis að taka til opinberra mála, en ekki einkamála. Úr því að ekki er t. d. bönnuð aðför í eignum Alþingismanns né heldur að taka bú hans til gjaldþrotaskifta eftir beiðni lánardrottna hans, þá er ólíklegt, að bannað sé að höfða venjulegt einkamál á hendur honum, meðan þing stendur.

d. Að enginn Alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur „talað“ (stjskr. 1874), „sagt“ (stjskr. 1920) á þinginu. Þingmenn verða því ekki látnir sæta refsingu né skaðabótum fyrir meiðyrði, er þeir hafa í ræðu eða riti á þingi. Þetta tekur til ummæla á þingfundum og í nefndum og í nefndarálitum. Það tekur og til opinberra mála jafnt og einkamála. Og friðhelgi þessi nær vitanlega að eins til ummæla þingmanna í rækslu þingstarfa sinna.

Deild sú, er þingmaður á sæti í, getur veitt leyfi til þess, að hann verði kyrrsettur, settur í varðhald og að mál verði höfðað á hendur honum vegna afbrota og meiðyrða.

3. Þá eru fyrirmæli um *kaup þingmanna* og *ferðakostnað*.

Verður fyrst rætt um dagkaup þingmanna, þá ferðakostnað og síðan um úrskurð á reikningum þingmanna.

a. Samkvæmt 37. gr. kosnl. nr. 16 14. sept. 1877 skyldi Alþingismenn fá í kaup 6 krónur á dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurftu til ferðarinnar til þings, þann tíma, sem þing stóð og loks þann tíma, er til heimferðar þurfti. Þessi fyrirmæli giltu óbreytt, þar til dagkaup þingmanna var hækkað upp í 8 krónur. Þingmönnum, búsettum utan Reykjavíkur, skyldi þó gjalda aukaþóknun, 2 krónur fyrir hvern dag, sem þeir dveljast á þingstaðnum, lög nr. 10 22. okt. 1912 1. gr. Við þetta sat, þar til 1917. Í lok reglulega þingsins það ár ákváðu forsetar að greiða þingmönnum 30% uppbót á dagkaup þeirra frá þingsetningu til þinglausna, og höfðu fjárveitinganefndir lagt það til. Á Aukaþingunum 1918 var og greidd dýrtíðaruppbót á dagkaup þingmanna, 40% samkvæmt 2. gr. laga nr. 33 22. nóv. 1918. Loks voru sett ný ákvæði um dagkaup þingmanna í lögum nr. 36 28. nóv. 1919, og skyldi þeir nú fá 12 krónur á dag, 1. gr., og dýrtíðaruppbót af þeirri upphæð samkvæmt lögum um dýrtíðarupppbót embættismanna, 3. gr. Og gildir þessi regla enn. Fengu þingmenn uppbót eftir þessum lögum á dagkaup sitt þingið 1919.

b. Eftir 37. gr. kosnl. nr. 16 1877 áttu þingmenn einnig að fá endurgoldin *ferðakostnað* til þings og af þingi. Var hverjum einstökum þingmanni eigi ákveðin nokkur sérstök upphæð. Með lögum nr. 10 1912 var þar á móti sá háttur upp tekinn, að ákveða það, hversu mikinn ferðakostnað hver þingmanna skyldi fá. Og var hann að vonum mjög mismunandi, eftir því hvar á landinu þingmaður átti heima. Í lögum nr. 36 1919 var horfið frá þessu, og aftur tekin sú regla, að ferðakostnaður skyldi goldinn eftir reikningi, 2. gr. laga 1919. Og gildir þessi regla enn.'

c. Samkvæmt 37. gr. kosnl. 1877 skyldi nefnd, kosin af sameinuðu þingi, úrskurða ferðakostnaðarreikninga þingmanna, en deildarforseti ávísa þingmönnum í deild sinni bæði ferðakostnaði og dagkaupi. Þessi nefnd hefur verið skipuð 5 mönnum og er venjulega kosin undir þinglausnir. Eftir lögum nr. 10 1912 4. gr. og nr. 36 1919 2. gr. gildir sama regla sem fyrr um nefndarkjör, úrskurðun og ávísun ferðakosnaðar. En nefndin skal ennfremur, samkvæmt berum orðum laganna, úrskurða dagkaupsreikninga þingmanna. Ferðakostnað heim af þingi og dagkaup frá þinglokum til heimkomu áætlar þingmaður, en nefndin úrskurðar síðan. Þingfararkaup greiðist auðvitað úr ríkissjóði.

4. Samhvæmt stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 12. gr. 2. mgr. átti konungur að kveðja Alþingi til aukafundar, ef meiri hluti þingmanna í hvorri deild krafðist þess. Þá var reglulegt þing haldið einungis annaðhvert ár. Hins vegar hafði reynslan sýnt það, að meira hluta þingmanna hafði þótt nauðsyn bera til aukaþinghalds og skorað á ráðherra að gera ráðstafanir til þess, en hann hafði ekki orðið við þeirri áskorun. En samkvæmt 31. gr. stjskr. 1920 kemur Alþingi saman ár hvert, og þótti því óþarft að heimila þingmönnum þenna rétt lengur.

5. Til réttinda þingmanna má telja það, að þeir eru eigi bundnir við neinar reglur frá kjósendum sínum, heldur einungis við sannfæringu sína, 1. mgr. 31. gr. stjskr. 1874 og 1. mgr. 44. gr. stjskr. 1920. Þingmenn ber því ekki að lögum að telja umboðsmenn kjósenda sinna í venjulegri merkingu. Þeim er rétt og skylt að athuga hvert efni algerlega sjálfstætt, alveg án tillits til vilja kjósenda sinna. Enda geta kjósendur ekki svift þá þingmannsréttindum fyrir lok kjörtímabils. Það getur landsstjórnin ein með þingrofi.

69. gr.

## Embættismenn Alþingis.

I. Embættismenn þingsins eru *forsetar og skrifarar deildanna og sameinaðs þings* kallaðir, sbr. þingskpl. 1915 2. mgr. 8. gr. Það er sameigið um alla þessa embættismenn, að þeim er lögskylt að taka við starfanum og að kosningin gildir allan þingtímann, þingskpl. 1876 2. og 4. gr., 1905 7. gr. og 1915 8. gr. Sameinað Alþingi getur þó leyst sína embættismenn undan starfanum og deildirnar sína með samþykkt meiri hluta þingmanna eða deildarmanna eftir þingskpl. 1915 2. mgr. 8. gr., en ekki var þessi regla fyrr í lögum, enda þótt ætla mætti, að slíkt hefði fyrr verið leyfilegt með afbrigðum frá þingsköpum, samkvæmt 43. gr. þingskpl. 1876 og 53. gr. þingskpl. 1905. Í þingsköpum var ekki heldur neitt ákvæði um að svifta embætttismenn þessa starfanum, áður þingi lyki, fyrr en í þingskpl. 1915. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. þeirra getur bæði sameinað þing og deildirnar vikið embættismönnum sínum frá, en til þess þarf þó ⅔ atkvæði þingmanna eða deildarmanna. Til þessa hefur aldrei komið enn þá. Embættismenn þingsins hafa vitanlega allar sömu skyldur og öll

sömu réttindi sem þingmenn yfir höfuð, nema sérstaklega sé öðru vísi mælt í lögum eða eðli málsins eða venjur leiði af sér sérstöðu þeim til handa. Og verður þá hér á eftir að athuga, að hve miklu leyti því sé að skifta. Verður þá fyrst um forseta talað og skrifara síðan.

II. *Forsetar.* Samkvæmt þingskapalögunum eru fjórar tegundir forseta: *Aldursforsetar, forsetar, varaforsetar* og *millipingaforsetar.* Er hentast að tala um hverja sér.

A. *Aldursforsetar.* Jafnskjótt sem Alþingi er sett, hefur elzti þingmaðurinn (þ. e. sá þingmaður, sem elztur er að *aldri)* verið kvaddur til forsetasætis í sameinuðu þingi, áður af landshöfðingja, og síðan af ráðherra, til þess að stjórna störfum þingsins, þar til forseti er kosinn. Þegar nýir eru þingmenn, hvort sem þeir eru einn eða fleiri, þá stýrir aldursforseti umræðum og atkvæðagreiðslu um kosningu eða kosningar, og síðan eiðvinningu eða heitvinningu nýrra þingmanna. Að því loknu stýrir hann kosningu forseta sameinaðs Alþingis, 1. og 2. gr. 1. mgr. þingskpl. 1876, 1. og 2. gr. þingskpl. 1905 og 1915. Og er þá lokið störfum aldursforseta í sameinuðu þingi. Með sama hætti fer í hvorri deildanna. Á fyrsta fundi gengur elzti þingmaður hennar til forsetasætis og stýrir kjöri forseta, þingskpl. 1876 4. gr., 1905 6. gr. og 1915 7. gr. Aldursforseti hefur vitanlega haft sama vald um fundarstjórn og sömu skyldur sem forsetar, en hann hefur haft atkvæðisrétt, eins og þingmenn almennt, eftir þingskpl. 1876, með því að hann er hvergi sviftur þeim rétti, þar til lög nr. 22 22. maí 1890 1. gr. tóku af honum atkvæðisréttinn. Gat hann því eftir þann tíma ekki tekið þátt í kosningu forseta sameinaðs þings eða atkvæðagreiðslu um gildi kosninga. Svo stóð til þess er aldursforseti fékk aftur atkvæðisréttinn með 9. gr. þingskpl. 1905, og nú hefur hann öll sömu réttindi og allar sömu skyldur sem forsetar, meðan hann situr í forsetastóli, og greiðir því atkvæði sem aðrir forsetar, 10. gr. þingskpl. 1915.

B. *Forsetar.* 1. *Kjör.* Stjskr. 1874 35. gr. og 1920 48. gr. veita bæði sameinuðu þingi og deildum þingsins rétt til þess að kjósa forseta sinn. Um kosningu forseta, bæði í sameinuðu þingi og í þingdeildum, hefur jafnan verið farið þannig að: Ef einhver fær meir en helming greiddra atkvæða, þá er hann kjörinn. En ef enginn fær svo mörg atkvæði, þá skal aftur kjósa óbundnum kosningum. En ef þá fær enn enginn meira en helming greiddra atkvæða, þá er kosið bundnum kosningum um þá tvo, er flest

fengu atkvæði, en hlutkesti ræður, ef báðir hafa fengið jafn mörg, þingskpl. 1876 2. og 4. gr., 1905 2. og 6. gr. og 1915 3. og 7. gr.

2. Réttindi forseta. Eins og fyrr segir, er hér einungis ástæða til að geta þeirra afbrigða, er um réttindi forseta gilda. Jafnframt er rétt að minna á það, að skyldustörf þeirra fela jafnframt í sér réttindi. En þar ber meira á skyldu-hliðinni og verður því betur rætt um forsetastörfin í 3. hér á eftir. Um réttindin skulu hér að eins þessi atriði nefnd:

a. Það hafa jafnan verið óskrifuð lög, að forsetar væri þegnir undan nefndarstörfum, hvor í sinni deild, og forseti sameinaðs þings þar. Þar á móti er forseti sameinaðs þings ekki þeginn undan nefndarstörfum í sinni deild, né deildaforsetar í sameinuðu þingi, ef nefnd er skipuð þar. Eftir þingskpl. 1876 voru deildaforsetar sjálfkjörnir í nefnd þá, er kjörinn var samkvæmt 3. gr. til að athuga kosningar, sem frestað var að úrskurða, síðar fram komnar kosningakærur eða kjör þingmanna, sem síðar komu til þings. Eftir þingskpl. 1905 og 1915 kýs sameinað þing alla þessa nefndarmenn. Hins vegar eru forsetar deilda nú sjálfkjörnir í vinnunefnd þingsins samkvæmt 16. gr. þingskpl. 1915.

b. Eftir 5. gr. þingskpl. 1876 voru forsetar sviftir atkvæðisrétti hvor í sinni deild og forseti sameinaðs þings þar. Þessi regla stóð síðan í þingsköpum til 1915, lög nr. 22, 22. maí 1890 1. gr. og þingskpl. 1905 10 gr. En eftir að þingskpl. 1915 komu til framkvæmdar hafa forsetar haft atkvæðisrétt, eins og aðrir þingmenn, 46. gr. þingskpl. 1915. Málfrelsi hafa forsetar jafnan haft, en ef þeir ætla að mæla framar en forsetastarfi þeirra krefst, þá skulu þeir víkja úr forsetastóli á þingmannabekk, meðan þeir tala, og ganga síðan til forsetasætis, er þeir hafa lokið máli sínu. Stýrir varaforseti fundi á meðan.

3. Hér skal telja störf forseta. Þau má flokka sem nú segir:

a. *Þingstjórn.* Samkvæmt þingskpl. 1875 34. gr., 1905 41. gr. og 1915 43. gr. ákveður forseti dagskrá fyrir næsta fund í lok hvers fundar. Þessu verður þó vitanlega ekki allt af komið við, því að ekki er allt af vitað, hvenær næsti fundur verður eða hvaða mál þar skal taka til meðferðar, og ákveður forseti þá dagskrá og auglýsir, þegar þess er kostur og þörf gerist. Deild getur þó bæði ákveðið, að mál skuli taka á dagskrá og að mál skuli ganga út af dagskrá. Þegar forseti hefur ákveðið dagskrá, þá getur hann og tekið mál af dagskrá og breytt röð á málum á henni. Höfuðverk forseta er fundarstjórnin. Þeir skulu stjórna fundum, deilda-

forsetar hvor í sinni deild og forseti sameinaðs þings þar. Þeir eiga að sjá um, að allt fari fram með góðri reglu, þingskpl. 1876 5. gr., 1905 10. gr. og 1915 11. gr. Þeir veita mönnum leyfi til að taka til máls, enda snúa þingmenn máli sínu til forseta eða fundarins. Forseti getur stungið upp á því, að umræður hætti, ef honum þykir þess þörf. Hann getur veitt þingmönnum leyfi til þess að lesa upp prentað mál, Þingskpl. 1876 28.—30. og 33. gr., 1905 35.—38. og 40. gr. og 1915 34—38. gr. Þingmönnum er skylt að hlíta úrskurðum forseta að því leyti sem varðar viðhald á góðri reglu. Eftir þingskpl. 1876 31. gr. gat forseti stungið upp á því við þingið eða deildina, að þingmanni væri synjað máls á þeim fundi vegna óþinglegrar framkomu hans, en ekki hefur þetta ákvæði verið tekið í þingskapalögin 1905. Þar á móti getur deild eða þing svift þingmann málfrelsi eftir tillögu forseta samkvæmt 53. gr. þingskpl. 1915. Svo er forseta veitt heimild í öllum þingskapalögunum til þess að gera fundarhlé um stund eða að slíta alveg fundi, ef almenn óregla skyldi koma upp, þingskpl. 1876 31. gr., 1905 39. gr. og 1915 39. gr. Ef þingmaður hefur óvirðuleg orð í ræðu eða víkur með öllu frá umtalsefninu, þá skal forseti víta hann fyrir, eftir 53. gr. þingskpl. 1915. Þá skal forseti birta þingdeild o. s. frv., hvaða skjöl hafi verið lögð fram á lestrarsal og útbýtt í deild, þingskpl. 1876 27. gr., 1905 10. gr. og 1915 11 gr. Hann skal annast afgreiðslu allra mála frá deildinni og taka við erindum til hennar, sbr. þingskpl. 1876 15.—19. gr., 1905 23.—25. gr. og 1915 24.—26. gr., sbr. og þingskpl. 1876 24. gr., 1905 31. gr. og 1915 31. gr. Forsetar kveða upp úrskurði um skilning þingskapa, þar á meðal um frávísun tillagna um efni, sem áður er talið fallið, eða tillagna, er þykja fela í sér stjórnarskrárbreytingu, sbr. þingskpl. 1876 20. og 31. gr., 1905 26. og 39. gr. og 1915 27., 32. og 39. gr. Forseti stýrir atkvæðagreiðslu, þingskpl. 1876 36. og 37. gr., 1905 44. og 45. gr. og 1915 45. og 46. gr., og sker úr því, hvort atriði skuli telja samþykkt eða fellt. Þingdeild sker úr því, hvort undanfærsla þingmanns undan því að greiða atkvæði við nafnakall skuli talin lögmæt eða ekki, eftir þingskpl. 1876 35. gr., en forseti eftir 42. gr. þingskpl. 1905 og 1915. En þingdeild getur þó ónýtt úrskurð forseta, ef þingmaður skýtur honum til hennar. Forseta hefur jafnan verið heimilað að veita þingmönnum brottvistarleyfi af þingi allt að tveimur dögum, þingskpl. 1876 42. gr., 1905 50. gr. og 1915 33. gr. Í sambandi við þingstjórn forseta má

nefna vald þeirra til að svifta þingmann dagkaupi, ef hann er fjarstaddur í leyfisleysi, þegar greiða skal atkvæði, neitar að greiða atkvæði við nafnakall án þess að færa gildar ástæður, eða óhlýðnast fyrirmælum forseta um fundarhegðun eða úrskurðum, þingskpl. 1915 53. gr. Er þetta refsivald forseta fyrst komið í lög með þingskpl. 1915. Til þess tíma gat forseti einungis ávítað þingmenn fyrir óþinglega framkomu á þingfundi og slitið fundi, ef nauðsyn bar til. Til þingstjórnar má og telja afskipti forseta af áheyrendum. Getur forseti fyrst og fremst krafizt þess, að málefni verði rætt fyrir luktum dyrum, en þingið eða þingdeild sker svo úr. Forseti skipar annars fyrir um það, með hverjum hætti utanþingsmönnum skuli veittur kostur á því að hlusta á umræður, og getur vísað burt áheyrendum, sem eigi eru kyrrir eða hljóðir, stjskr. 1874 40. gr. og 1920 53. gr., þingskpl. 1876 39. og 40. gr., 1905 47. og 48. gr. og 1915 49. og 50. gr.

b. Þá fara forsetar með fjármálefni Alþingis, bæði meðan þing stendur og milli þinga. Samkvæmt þingskpl. 1876 5. gr. 2. mgr. og 1905 10. gr. 2. mgr. skyldi forsetar beggja deilda standa í sameiningu fyrir reikningum þingsins. Þó skyldi hvorum deildarforseta heimilt að ávísa þingmönnum í sinni deild dagkaupi þeirra og ferðakostnaði. Eftir þessu áttu forsetar að ávísa í sameiningu öðrum gjöldum til greiðslu. Forseti sameinaðs Alþingis hafði því ekki afskipti af fjármálum þingsins, nema forsetar deildanna kallaði hann til ráðagerða eða ef þeir voru ósammála. Deildarforsetar héldu ekki sjálfir reikninga þingsins. Tilkynntu þeir landshöfðingja og síðan stjórnarráði greiðslur þingsins, er þeir höfðu ávísað, og var reikningur þingsins síðan gerður á skrifstofum landshöfðingja og í stjórnarráði, eins og aðrir reikningar landsins. Síðan var Alþingisreikningurinn birtur í aðallandsreikningnum og endurskoðaður af endurskoðendum landsreikninganna.

Það hefur verið venja, að ávísa þingmönnum dagkaupi sínu vikulega og upp í ferðakostnað eftir ástæðum. En hvorttveggja er greitt til fullnaðar eftir að þingfararkaupsreikninga-nefnd hefur samþykkt reikninga þingmanna.

Með þingskpl. nr. 29, 3. nóv. 1915 urðu nokkrar breytingar á afskiftum forseta af fjárreiðum Alþingis. Starfi skrifstofustjóra var nú gerður að fastri stöðu, í stað þess að skrifstofustjóri þingsins hafði að eins starfað um þingtímann og stuttan tíma

eftir þinglausnir. Létti skrifstofustjóri nú allmiklum störfum af forsetum, því að hann skal standa fyrir öllum reikningum Alþingis. Það er að vísu aðalreglan nú sem fyrr, að forsetar ávísi gjöldum Alþingis, og að ekkert sé greitt fyrir þingið, nema forsetar ávísi því. Deildarforsetar eru nú vanir að ávísa í félagi því, sem greiða skal. En þó er það venja, að forseti sameinaðs þings gefi út ávísanir með öðrum deildarforseta, ef ekki næst til hins. Nú heldur skrifstofustjóri Alþingis reikninga þingsins að öllu leyti, bæði meðan þing stendur og einnig milli þinga. Fé til Alþingis er að sjálfsögðu veitt á fjárlögum, en ráðherrar bera enga ábyrgð á notkun þess fjár, því að forsetar einir ráðstafa því. En vitanlega geta bæði endurskoðendur landsreikninga og Alþingi sjálft gert athugasemdir við fjármeðferð Alþingisforseta. En undir ráðherra standa forsetar ekki um fjárreiður þingsins.

c. Samkvæmt þingskapalögum 1876 5. gr. og 1905 10. gr. ráða forsetar deildanna ritara þingsins, skrifstofustjóra og þingskrifara, og aðra starfsmenn, svo sem dyraverði, umsjónarmenn á göngum, pöllum, lestrarsal o. s. frv., og kveða á um kaup þeirra. En eftir þingskpl. 1915 11. gr. gera forsetarnir þetta allir í sameiningu, svo að forseti sameinaðs Alþingis hefur nú jafnan rétt hinum til þess að kveða á um þessi efni. Skal skrifstofustjóri nú aðstoða forseta í þessum efnum.

d. Eftir þingskpl. 1876 5. gr. og 1905 10. gr. áttu deildarforsetar að annast útgáfu Alþingistíðinda, ráða útsölumenn þeirra og annast um geymslu á þeim. Svo áttu þeir að annast um geymslu á bókasafni þingsins og skjalasafni. Forsetar fengu þóknun fyrir prófarkalestur Alþingistíðindanna, en ekki var þeim þó skylt að vinna það verk sjálfir, en fá skyldi þeir þá færa menn til þess í stað sinn. Sama var, ef vinna þurfti sérstök verk í þágu bókasafns þingsins eða skjalasafns, t. d. skrásetning. Forsetum var ekki skylt að vinna slík störf, en ef þeir unnu þau sjálfir, þá gátu þeir greitt sér fyrir það hæfilega þóknun. Þessi störf öll, bæði útgáfa Alþingistíðinda og annað, er þau varðar og forsetar gerðu áður, og umsjón bókasafns og skjalasafns þingsins á skrifstofustjóri nú að annast, samkvæmt þingskpl. 1915 11. gr. En háður er hann eftirliti forseta um öll þessi störf.

e. Samkvæmt 5. gr. þingskpl. 1876 höfðu „báðir deildarforsetar milli þinga vald til þess fyrir hönd deildanna að gera þær ráðstafanir, sem með þarf, viðvíkjandi hinni innri skipun deildarinnar". Þegar Alþingi fekk fjárveitingarvald, átti það ekkert

hús yfir sig, og hafa elztu þingskl. þess því ekki nein ákvæði um eftirlit með húsakynnum þingsins. En í hinum tilvitnuðu orðum felst skylda og heimild til handa deildarforsetum til eftirlits með innanstokksmunum þeim, er þingið átti, milli þinga. Eftir að Alþingishúsið var reist, hafði landshöfðingi[1]) eftirlit með því, eins og öðrum opinberum byggingum, að lögum, þó að forsetar hefði eflaust getað skift sér af því máli eftir þörfum og vild sinni. En eftir 10. gr. þingskpl. 1905 var umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og þinghússgarði, jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, fengin deildarforsetum í hendur. Svo skyldi þeir og sjá um, að allt væri í lagi í Alþingishúsinu, þegar Alþingi kæmi saman. Þessar reglur stóðu óbreyttar þangað til þingskpl. 1915 komu til framkvæmdar. Samkvæmt 11. gr. þeirra eru öll þessi störf fengin skrifstofustjóra þingsins undir eftirliti allra forsetanna. Vitanlega ákveða þeir allar viðgerðir á húsinu eða breytingar, er máli skifta. Miklar breytingar eða auka við húsið mundi þeir þó alls ekki leyfa sér að gera eða hafa heimild til að gera, nema Alþingi hafi veitt til þess samþykki sitt.

f. Ef svara þarf sérstaklega fyrir aðra hvora deildina, þá gerir forseti hennar það. En forseti sameinaðs Alþingis hefur þar á móti fyrirsvar alls þingsins, þá er þess þarf, t. d. ef Alþingi er boðið að senda fulltrúa til þess að vera við einhver hátíðleg tækifæri staddur o. s. frv. Í heild sinni var Alþingi t. d. boðið til Danmerkur af Ríkisþingi Dana sumarið 1906. Og hlaut forseti sameinaðs þings þá að koma fram um ræðuhöld o. fl. fyrir hönd þingsins.

C. Varaforsetar. Samkvæmt 35. gr. stjskr. 1874 skyldi þingið sjálft kjósa varaforseta sinn. Þetta var jafnan skilið svo, að sameinað Alþingi skyldi kjósa varaforseta sinn og deildirnar sína varaforseta. Eftir að forseti sameinaðs þings var kjörinn, skyldi þegar kjósa varaforseta, 1. mgr. 2. gr. þingskpl. 1876. Ennfremur skyldi kjósa sinn varaforsetann í hvorri deild þegar eftir forsetakjör, 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Voru varaforsetar bæði í sameinuðu þingi og í deildunum kosnir með sama hætti sem forsetar.

Þingskl. 1905 1. mgr. 2. gr. lætur regluna um einn varaforseta í sameinuðu þingi haldast. Þar á móti skyldi, samkvæmt 6. gr., kjósa tvo varaforseta í hvorri þingdeild og með sama hætti sem

1) Sbr. Alþtíð. 1881 I 480, II 1167.

forseta. Þetta skipulag stendur óbreytt eftir þingskpl. 1915 3. og 7. gr.

Í stjskr. 1920 segir einungis um kjör forseta, en ekki um varaforseta. Það hefur þótt óþarft. Hefur verið talið einsætt, að Alþingi hefði þenna rétt og ætti að hafa hann.

Um kjörtímabil varaforseta, skyldu þeirra til þess að taka við starfanum og lausn undan honum fer með sama hætti sem um forseta. Í forföllum forseta gengur varaforseti að öllu í hans stað, þingskpl. 1876 6. gr., 1905 11. gr. og 1915 12. gr. Þegar forseti deildar forfallast, þá tekur fyrri varaforseti sæti hans, en ella annar varforseti. Og ef forseti getur ekki gegnt forsetastörfum milli þinga, þá skal varaforseti koma í stað hans, ef hann getur það, o. s. frv.

D. *Milliþingaforsetar.* Í þingskpl. 1876 segir ekki um milliþingaforseta. Og er því ekki gert ráð fyrir þeim þar. En borið gat það við, að hvorki forseti né varaforseti væri búsettur í Reykjavík eða í grennd við hana, og varð þá nauðsynlegt að kjósa mann til að gegna forsetastörfum milli þinga, svo sem til að annast útgáfu Alþingistíðinda o. fl. Í þingskpl. 1905 12. gr. og 1915 13. gr. er þar á móti berum orðum sagt, að kjósa skuli í þinglok þingmann, sem heima eigi í Reykjavík eða í grennd við hana, ef hvorki forseti né varaforseti á heima á áðurnefndum stöðum, til þess að annast störf forseta milli þinga. Og eru þessir menn nefndir milliþingaforsetar. Er jöfn skylda til þess að taka við þessum starfa sem forsetastarfa almennt, enda er einsætt, að milliþingaforsetar hafa sama vald og sömu réttindi milli þinga sem forsetar almennt. Kosning þeirra fer með sama hætti sem kosning annara forseta.

III. *Skrifarar Alþingis.* Í stjskr. er ekki getið skrifara, hvorki þeirri frá 1874 né þeirri frá 1920. En í öllum þingskpl. eru fyrirmæli um skrifara þingsins. Í sameinuðu þingi hafa jafnan verið kosnir 2 skrifarar jafnskjótt sem forseta kosningum er lokið. Og í hvorri deild slíkt hið sama. Til þess er þingskpl. 1905 komu til framkvæmdar, voru skrifarar bæði í sameinuðu þingi og deildunum kosnir óbundnum kosningum, en bæði eftir þingskpl. 1905 og 1915 skal kjósa skrifara hlutbundnum kosningum, ef tiltekin tala þingmanna krefst þess. Kosning skrifara gildir allan þingtímann, eins og kosning forseta, enda er þingmönnum skylt að taka við starfanum, nema þingið eða deildin leysi þá undan honum, sjá þingskpl. 1876 1. mgr. 2. gr. og 4. gr., 1905 1.

og 3. mgr. 2. gr. og 6. gr. og 1915 1. og 3. mgr. 3. gr. og 7. gr. Um niðurlagningu skrifarastarfans og frávikningu skrifara fer með sama hætti sem um forseta var sagt.

Aðalstarf skrifaranna hefur jafnan verið *gjörðabókarhaldið*. Eftir þingskpl. 1876 7. gr. sbr. 8. gr. áttu skrifarar að halda stutta gjörðabók undir eftirliti forseta, og skyldi þar skrá efni umræðna og úrslit þeirra. Sömu reglu er haldið í 13. sbr. 14. gr. þingskpl. 1905 og 1915 14. sbr. 15. gr. Skal og annar skrifarinn jafnan undirrita með forseta gjörðabók og önnur erindi frá sameinuðu þingi eða þingdeild. Skrifarar skulu og telja atkvæði þingmanna á þingfundum og sjá um skráningu ályktana deilda eða sameinaðs þings. Getur forseti og skift störfum milli skrifara eftir ástæðum. Eftir 7. sbr. 8. gr. þingskpl. 1876 áttu skrifarar að greiða sjálfir fyrst atkvæði, en eftir þingskpl. 1905 12. sbr. 13. gr. gilti þetta einungis um atkvæðagreiðslu með nafnakalli. Eftir þingskpl. 1915 14. sbr. 15. gr. gildir ekkert sérstakt um atkvæðagreiðslu skrifara. Þegar nafnakall er haft, þá greiða þeir atkvæði, þegar að þeim kemur í þingmannaröðinni.

Skrifarar eru nú alls ekki vanir að hreinrita gjörðabækur þingsins. Þeir gera einungis drög að þeim á þingfundum, en svo eru utanþingsskrifarinn einhver eða skrifstofumaður látinn ganga frá henni.

Varaskrifarar eru ekki kosnir. En auðvitað kýs deild eða þing skrifara í stað þess, er upphaflega var kjörinn, ef hans missir við langan tíma eða skamman.

## 70. gr.

**Landshöfðingi. — Ráðherra Íslands. — Landritari. — Ráðherrar.**

I. Þar til 1. febr. 1904 fór dómsmálaráðherra Dana, sem kunnugt er, jafnframt sínu embætti með „sérmál“ Íslands svo kölluð. Hann sat aldrei á Alþingi, enda gerir stjskr. 1874 ekki ráð fyrir því, að hann komi þar. Hins vegar er svo mælt í 34. gr. stjskr. 1874, að landshöfðingja skyldi vera heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á Alþingi. Einnig gat stjórnin veitt öðrum manni umboð til þess að vera á Alþingi við hlið landshöfðingja og láta því í té nauðsynlegar skýrslur. Þessi heimild var ekki notuð. Loks gat stjórnin veitt öðrum manni umboð til þess að semja

við þingið í forföllum landshöfðingja. Ef landshöfðingi forfallaðist og eigi var settur sérstakur maður til að svara fyrir stjórnina á Alþingi, þá hlaut forseti yfirdómsins að gera það, því að hann var lögákveðinn staðgöngumaður landshöfðingja almennt samkvæmt 21. gr. í erindisbr. landshöfðingja 22. febr. 1875. Landshöfðingi mátti vera þingmaður og svo sá, er í stað hans gat komið, en ekki þurfti svo að vera, enda var enginn landshöfðingja Alþingismaður, meðan hann gegndi því embætti. Landshöfðingi, eða staðgöngumaður hans, mátti taka svo oft til máls sem hann vildi, en gæta skyldi hann að öðru leyti þingskapa. Atkvæðisrétt hafði landshöfðingi ekki, nema hann væri jafnframt þingmaður, sbr. og 2. mgr. 14. gr. þingskpl. 1876. Þó mátti ekki víkja frá þingsköpum, nema samþykki landshöfðingja kæmi til, þingskpl. 1876 43. gr. Stafaði þetta af því, að annars kostar hefði verið unnt að koma að landshöfðingja algerlega óviðbúnum með hvaða málefni sem vera skyldi. Landshöfðingi var samskonar milligöngumaður milli þings og stjórnar og konungsfulltrúi hafði verið á ráðgjafarþingunum. Fyrirspurnir mátti bera upp til landshöfðingja, sbr. 37. gr. stjskr. 1874. Hann varð að svara til athafna sinna í embætti á Alþingi, því að þótt hann ætti embætti sitt alls ekki undir þinginu, þá gat það fundið að ýmsum gjörðum hans, líkt og þingmenn finna nú að gjörðum ráðherra. En svo var rétt að beina til hans fyrirspurnum um aðgjörðir eða aðgjörðaleysi ráðherra, og hann átti að svara eftir föngum. Stjórninni mun hafa verið talið skylt að hafa umboðsmann sinn á Alþingi, svo að þingið gæti jafnan fengið þær skýrslur og skýringar í hverju máli, sem það þurfti og stjórnin gat gefið. Þegar stjórnarskipunarlög nr. 3 16. okt. 1903 komu til framkvæmdar, en það var 1. febr. 1904, þá var landshöfðingja embætti lagt niður. Landshöfðingi fekk venjulega aukreitis 2000 kr. fyrir fyrirsvar sitt á Alþingi fyrir stjórnina, sbr. t. d. rgjbr. 30. maí 1881 og 4. maí 1901.

*II. Ráðherra Íslands. Landritari.* Eins og fyrr er sagt, fluttist æðsta stjórn „sérmálanna“ inn í landið 1. febr. 1904. Ráðherra Íslands varð þá búsettur í Reykjavík, með fullri ábyrgð á embættisverkum sínum fyrir Alþingi, enda var þinginu veitt vald til að ákæra ráðherra, samkvæmt 2. gr. stjskpl. 1903. Það varð nú auðvitað mál, að ráðherra hlaut að verða bæði rétt og skylt að sitja á Alþingi, hvort sem hann var jafnframt Alþingismaður eða ekki. Hann mátti taka til máls svo oft sem hann vildi,

en gæta skyldi hann þingskapa, 10. gr. stjskpl. nr. 16, 3. okt. 1903, og ekki hafði hann atkvæðisrétt, nema hann væri jafnframt þingmaður. Samþykki ráðherra þurfti til afbrigða frá þingsköpum, þingskpl. 1905 53. gr. og 1915 54. gr. Fyrirspurnum var nú beint til ráðherra, í stað landshöfðingja áður, en ráðherra réð, hvort hann svaraði þeim, þingskpl. 1905 31. gr. og 1915 31. gr. Sú venja komst skjótt á, að Alþingi réð því, hver ráðherra skyldi vera. Ráðherra varð því að standa þinginu reikningsskap ráðsmennsku sinnar miklu framar en landshöfðingi og hinir dönsku ráðherrar, er áður höfðu farið með mál Íslands, höfðu gert. Sá háttur var nú og upp tekinn, að bera upp traustsyfirlýsingar og vantrausts til ráðherra, eins og í öðrum svonefndum þingræðislöndum tíðkast. Ennfremur hefur það verið venja, að neðri deild tæki sérstaklega til umræðu ávirðingar ráðherra í embætti hans, í sambandi við umræður sínar um fjárlagafrumvarpið („Eldhússdagur“).

Um leið og ráðherrann fluttist inn í landið, var landritaraembættið stofnað, sbr. stjskpl. nr. 16, 3. okt. 1903 3. mgr. 1. gr. og lög nr. 17 s. d. Ef ráðherra hefði dáið eða forfallast skyndilega meðan Alþingi sat, þá átti landritari stöðu sinni samkvæmt að koma í stað hans á Alþingi, sbr. síðastnefnda gr. stjskpl. 1903 og 1. gr. stjskpl. nr. 12, 19. júní 1915. En auk þess gat ráðherra jafnan veitt landritara umboð sitt til þess að sitja á Alþingi í forföllum sínum. Enda gat ráðherra einnig veitt einhverjum öðrum manni slíkt umboð, 10. gr. stjskpl. 1903. Umboðsmaður ráðherra hafði yfirleitt sömu réttindi og skyldur sem ráðherra sjálfur, meðan hann sat á Alþingi. Hann mátti því taka til máls svo oft sem hann vildi, hafði einungis atkvæðisrétt, ef hann var jafnframt þingmaður, samþykkis hans þurfti til þess að bregða af þingsköpum, hann svaraði fyrirspurnum o. s. frv. Landritari fór jafnan með umboð ráðherra í forföllum hans, enda var það að öðru jöfnu langheppilegast, því að landritari var manna kunnugastur stjórnarframkvæmdum öllum um þær mundir, með því að hann var yfirmaður hverrar skrifstofu í stjórnarráðinu og flest mál, er nokkurs var um vert, gengu um hendur hans. Það var t. d. venja, að landritari gerði uppkast að fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar á þessum árum, ávísaði því, er goldið var samkvæmt fjárlögum o. s. frv., svo að honum mátti ýmislegt vera kunnara af stjórnframkvæmdum en ráðherra sjálfum.

Með lögum nr. 1, 2. jan. 1917 var ráðherrum fjölgað. Sam-

kvæmt síðustu mgr. 1. gr. stjskpl. 1915 var landritaraembættið þá lagt niður. Og kemur nú að

III. tímabilinu, er *þrír ráðherrar* sitja á Alþingi. Samkvæmt 47. gr. stjskr. 1920 eiga ráðherrar, hvort sem þeir eru fáir eða margir, sæti á Alþingi samkvæmt embættisstöðu sinni. Er alveg augljóst, að Alþingissetan er ráðherrum bæði réttur og skylda. Annars er staða hvers ráðherra á Alþingi nú mjög svo með slíkum hætti sem ráðherra Íslands fyrr. Og má því yfirleitt vísa til þess, sem um hann var sagt í II. hér að framan. Milli ráðherra er þó nú verkaskifting, því að hver hefur sínar málagreinir, en áður var ráðherra einn fyrir svörum. Þess skal geta, að samþykki allra ráðherra, sem staddir eru á þingfundi, mun þurfa til afbrigða frá þingsköpum samkvæmt 54. gr. þingskpl. 1915, og að réttur þingmanna til fyrirspurna til ráðherra er lögvarinn með 50. gr. stjskr. 1920.

## II. kafli.

## Starfshættir Alþingis o. fl.

### 71. gr.

### Samkomustaður Alþingis. — Samkomutími. — Þingsetning.

I. *Samkomustaður. Alþingi hefur allt af verið háð á þessu tímabili í Reykjavík.* Er og svo mælt bæði í 20. gr. stjskr. 1874 og í 33. gr. stjskr. 1920, að samkomustaður Alþingis skuli jafnaðarlega vera í Reykjavík. En þegar sérstaklega er ástatt, getur konungur þó skipað fyrir um, að þingið komi saman á öðrum stað á Íslandi. Eftir þessu er alls kostar óheimilt að láta Alþingi koma saman nokkurs staðar utan Íslands. Hins vegar má heyja það utan Reykjavíkur, ef sérstaklega stendur á. En slíkt er alger undantekning. Ástæða gæti t. d. falizt í því, að friði þingsins og frelsi væri hætta búin í Reykjavík. Svo kemur Alþingi saman á Þingvelli við Öxará á 1000 ára afmæli sínu. Með því að samkomustaður Alþingis er ákveðinn með stjórnarskrárákvæði, þá verður þingið ekki flutt úr Reykjavík, nema 33. gr. stjskr. 1920 verði fyrst löglega breytt samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjskr. 1920.

Fyrstu þrjú löggjafarþingin voru háð í Alþingissalnum í latínuskólanum, eins og ráðgjafarþingin. En á Alþingi 1879 var

veitt fé í fjárlögum áranna 1880 og 1881 til þess að reisa hús yfir Alþingi. Var hornsteinninn lagður að hinu nýja Alþingishúsi 9. júní 1880, en lokið var húsinu áður þing kæmi saman 1881. Var það fyrsta þingið, sem var háð í hinu nýja Alþingishúsi, þar sem það hefur síðan verið haldið[1]).

II. Samkomutími Alþingis. 1. Samkvæmt 5. gr. stjskr. 1874 skyldi reglulegt Alþingi koma saman annað hvert ár. Auk þess gat konungur kvatt þing saman til aukafunda (aukaþing). Þessi regla um reglulegt þing annað hvert ár var endurtekin í stjskpl. nr. 16 1903 3. gr., en heimild veitt til þinghalds ár hvert. En gamla lagið stóð óbreytt til 1. jan. 1921, er stjskr. 1920 kom til framkvæmdar. Samkv. 18. og 31. gr. hennar skal Alþingi koma saman ár hvert, og er hér við reglulegt Alþingi átt, enda stendur heimild konungs til þess að kalla saman Alþingi til aukafunda. Reglulegu þingin komu frá því, að stjskr. 1874 kom til framkvæmda, allt af á ár með ójafna ártalinu (1875, 1877 o. s. frv.). Frá og með árinu 1921 hefur reglulegt Alþingi jafnan verið háð ár hvert. Aukaþing voru mörg háð, meðan reglulegt þing var háð einungis annað hvert ár (1886, 1894, 1902, 1912, 1914, 1916/1917, 1918 og 1920). Síðan hefur ekki verið haldið aukaþing.

2. Það hefur leikið á ýmsu í lögum, hve nær á árinu reglulegt Alþingi skyldi hefjast. Með þeim samgöngum, sem menn áttu við að búa á Íslandi um og eftir 1870, mátti frágangssök telja að halda þingið, nema að sumarlagi. Samkvæmt 19. gr. stjskr. 1874 var því svo mælt, að reglulegt Alþingi skyldi saman koma fyrsta virkan dag í júlímánuði, en konungi var þó heimilað að tiltaka annan samkomudag sama ár. Konungur gat því vel ákveðið, að þing skyldi byrja fyrr á árinu eða síðar, en aldrei gat hann frestað samkomu reglulegs Alþingis til næsta árs, þannig að það hefði komið að öllu leyti á ár með jöfnu ártali. Samkvæmt 7. gr. stjskpl. nr. 16, 3. okt. 1903 skyldi reglulegt Alþingi framvegis koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði, nema konungur hefði tiltekið annan dag á sama ári, og gat þing því komið saman af sjálfsdáðum hinn lögákveðna dag, ef konungur hafði eigi þá þegar ákveðið annan dag. Jafnframt var veitt heimild til að breyta þessu með almennum lögum. Samkvæmt þessari heimild var svo ákveðið með lögum nr. 41, 20 okt. 1905, að reglulegt Alþingi skyldi koma saman 15. febrúar eða næsta virkan dag á eftir, nema konungur hefði tiltekið annan samkomudag sama

1) Sbr. Alþtíð. 1881 II 1—2.

ár.[1]) Mönnum kom ekki saman um það, hver samkomutími þingsins heppilegastur væri. Sumir vildu hafa „vetrarþing", en aðrir „sumarþing". Var nú aftur breytt til með lögum nr. 9, 22. okt. 1912 og ákveðið af nýju, að þing skyldi hefjast fyrsta virkan dag í júlímánuði. Stóð svo, þar til 1921. Í 31. gr. stjskr. 1920 er samkomudagur reglulegs Alþingis aftur færður til 15. dags febrúarmánaðar eða, ef hann ber á helgidag, til næsta virks dags, nema konungur hefði tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Í þessu felst sú breyting, að konungi er nú óheimilt að fresta samkomu reglulegs Alþingis lengur en til 15. febr. eða 16., ef 15. ber á helgidag, en vel getur konungur sett samkomudaginn fyrr á árinu, og hefur það stundum verið gert, t. d. 1930, er þing kom saman 17. janúar. Ef reglulegt Alþingi hefur ekki verið kvatt saman 15. (16.) febr. eða fyrr á árinu, þá getur það enn komið saman af sjálfs dáðum, og mundi þá forseti sameinaðs þings, er síðast var kosinn, og ef fyrsta þing væri eftir almennar kosningar, þá aldursforseti, eiga að kveðja þingmenn til Alþingisstefnu. Það var skylda ráðherra Íslands og nú forsætisráðherra, síðan ráðherrum var fjölgað, að sjá um kvaðningu þingmanna til Alþingis. Er konungi fengið opið bréf til undirskriftar, þar sem þingsetningartími er til tekinn, og síðan er bréfið birt í Lögbirtingablaði og A-deild Stjórnartíðinda. En jafnframt er hverjum þingmanni sérstaklega tilkynnt, hve nær þingið skuli saman koma.

Aukaþing getur konungur kvatt saman, hve nær sem þörf þykir, enda getur konungur til tekið daginn eftir því, sem hentugt þykir. Aukaþing var t. d. kvatt saman í desember 1916 og í apríl 1918 og síðan í september sama ár.

III. Þingsetning. Þingsetningardaginn voru þingmenn vanir að koma saman fyrst í Alþingissal latínuskólans, meðan þingið var háð þar, en síðan í Alþingishúsinu, á þeim tíma, er landshöfðingi og síðan ráðherra (forsætisráðherra) hafði tiltekið. Eftir það hafa þeir jafnan gengið til kirkju og hlýtt á guðsþjónustu í dómkirkju þjóðkirkjunnar í Reykjavík, eins og áður hafði tíðkazt. Er biskupi enn falið að útvega einhvern prestvígðan mann til þess að prédika. Að guðsþjónustu lokinni ganga þingmenn síðan aftur til fundarstaðar síns, nú í neðri deildar sal Alþingishússins. Þá las landshöfðingi upp opna bréfið um sam-

1) Alþingi 1907 var þó háð að sumri vegna heimsóknar Friðriks konungs 8., að því er ætla má.

komu Alþingis og síðan umboð sitt til þess að setja þingið, og lýsti það samkvæmt þessu sett. Í stað landshöfðingja kom svo ráðherra Íslands eftir að hann varð búsettur á Íslandi, og forsætisráðherra eftir að ráðherrum var fjölgað. Stundum gaf konungur þar að auki út sérstakt ávarp til þingsins og las þá landshöfðingi (ráðherra) það upp. Hefur svo jafnan verið venja að hrópa konungi nífalt árnaðaróp. Ef enn hefur vantað allmarga þingmenn, þá hefur frekari aðgerðum einatt verið frestað, þar til er þeir voru komnir. Annars kostar skoraði landshöfðingi og síðar ráðherra (forsætisráðherra) á elzta þingmanninn að ganga til forsetastóls og stýra fundi, þangað til forsetakjöri væri lokið. Minnist hann og látinna manna, er á þingi hafa setið, en dáið síðan síðasta þing var háð. Velur hann sér tvo þingmenn til skrifara. Ef kosningar þingmanna, eins eða fleira, skal prófa, þá er það fyrst gjört. Síðan vinna nýir þingmenn eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. Þar næst skal kjósa forseta sameinaðs þings. Hann gengst síðan fyrir kosningu varaforseta og skrifara. Þá er kosin kjörbréfanefnd. Loks skal velja kjördæmakjörna þingmenn til setu í efri deild, ef þing er fyrsta þing eftir almennar kosningar eða kjósa þarf í skarð þingmanns, er látizt hefur eða autt er orðið sæti hans af öðrum ástæðum, þingskpl. 1876 1.—3. gr., 1905 1.—3. og 5. gr. og 1915 1.—4. og 6. gr.

Að störfum loknum í sameinuðu þingi eftir þingsetningu skiftast þingmenn í deildir. Gengur í hvorri deild elzti þingmaðurinn í forsetasæti og kveður tvo deildarmenn til skrifara og gengst síðan fyrir forsetakosningu. Að því loknu tekur forseti deildarinnar við forsetastörfum og lætur kjósa varaforseta og skrifara, þingskpl. 1876 4. gr., 1905 6. gr. og 1915 7. gr.

Ekki voru fyrirmæli í þingsköpum um það áður, hvernig sætum skyldi skifta í deildum með þingmönnum. Og fór það eftir samkomulagi, hvar hver hafði sæti. Það er eigi fyrr en 1915, að sett eru ákvæði um þetta efni. Eftir að kosningar í deildum þingsins hafa farið fram, skal hluta um sæti þingmanna, annara en skrifara og forseta, þingskpl. 1915 7. gr. 2 mgr. Situr þá hver deildarmaður í því sæti, er hlutkesti segir til, nema þingmenn verði á sáttir að skifta sætum, eins og stundum hefur við borið.

Setning Alþingis skiftir máli að ýmsu leyti. Þá hefst helgi þingsins, og friðhelgi þingmanna. Þá er lokið heimildinni til að setja bráðbirgðalög eftir 11. gr. stjskr. 1874, 6. gr. stjskpl. 1915

og 25. gr. stjskr. 1920. Þá geta þingstörf hafizt og þá byrja skyldur þingmanna og ráðherra til þingstarfa og skyldur um stjórn þings og hlýðni við forseta o. s. frv.

72. gr.

**Þingsetutími. — Reglulegt Alþingi og Auka-Alþingi. — Þingfrestun. — Þingrof. — Þinglausnir.**

I. Samkvæmt 5. gr. stjskr. 1874 mátti reglulegt Alþingi ekki eiga setu lengur en 6 vikur, nema samþykki konungs kæmi til. Þessu mátti þó breyta með lögum. En sú heimild var aldrei notuð. Með 3. gr. stjskpl. nr. 16, 3. okt. 1903 var þingsetutíminn lengdur í 8 vikur, en að öðru leyti var reglan hin sama sem áður: Samþykki konungs þurfti til þess að láta þingið sitja lengur og ákvæðinu mátti framvegis breyta með lögum. Stendur þetta svo, unz stjskr. 1920 kom til framkvæmdar. Eins og auðvitað var, þá reyndist þessi tími oft of skammur. Fjárlögum og ýmsum öðrum mikilsverðum málum varð ekki lokið á stuttum tíma. Bót var ráðin á þessu með því að landshöfðingja og síðar ráðherra var með konungsbréfi fengin heimild til þess að lengja þingsetutímann ákveðinn tíma, venjulega 14 daga, eða 4 vikur, sjá t. d. opið bréf nr. 6, 7. maí 1877. Meðan ekki var símasamband milli Íslands og Danmerkur, var konungsbréfið um lengingu þingtímans gefið út að vorinu fyrir þingsetningu, en eftir að símasambandið komst á, var heimildin stundum fengin símleiðis, enda var tíminn stundum framlengdur oftar en einu sinni. Vitanlega var þessi regla orðin alveg úrelt fyrir löngu. Þingið gat aldrei lokið störfum á tíma þeim, sem því var markaður í stjórnskipunarlögum. Því var þessum ákvæðum breytt með 18. gr. stjskr. 1920, þannig, að þinginu, var enginn ákveðinn tími markaður. Sú ein takmörkun er sett, að því megi ekki slíta „fyrr en fjárlög eru samþykkt". Þetta fyrirmæli verður að skilja svo, að stjórnin megi ekki slíta reglulegu þingi fyrr en séð er til hlítar, hvort þingið hefur samþykkt fjárlög eða fellt þau. Þegar t. d. þingið hefur fellt fjárlög fyrir stjórninni, þá eru henni einungis tveir kostir fyrir höndum: Annar að beiðast lausnar þegar í stað og hinn, að rjúfa þing. Ef hún tekur síðara kostinn, hlýtur hún bráðlega að slíta þingi. Og þá er það leyfilegt þrátt fyrir orðalag 18. gr. stjskr. 1920. Nú er það í raun og veru undir Alþingi sjálfu komið, hversu

lengi það starfar, þótt stjórnin hafi að formi til rétt að slíta því gegn vilja þess. En það gerir hún ekki, nema hún lendi í alvarlegri ósátt við meiri hluta þings og rjúfi það þess vegna.

Á öldinni, sem leið, sat þingið tíðast um 8 vikur. En í seinni tíð hefur sá tími reynzt of stuttur. Er nú alvanalegt, að þingið standi fulla þrjá mánuði. Og skilur þó jafnan eftir óútrædd ýms mál, sem fyrir það hafa verið lögð.

II. *Reglulegt Alþingi* og *auka-Alþingi*. Hér að framan hefur stundum verið greint á milli „reglulegs Alþingis" og „auka-Alþingis". Í stjórnskipunarlögum er víða greint milli þessara þingtegunda, sjá stjskr. 1874 5., 7., 10. og 61. gr., stjskpl. 1903 3., 7. og 8. gr., stjskpl. 1915 12., 14. og 21. gr. og stjskr. 1920 18., 22., 31., 38. og 76. gr. 1. mgr. Eins og áður hefur verið sagt, gerði Alþtilsk. 8. marz 1843 engan mun reglulegra þinga og aukaþinga, enda var aldrei háð aukaþing þann tíma, sem hún var í gildi.

Lögum samkvæmt hefur jafnan, síðan stjskr. 1874 var sett, verið allmikill munur milli reglulegra þinga og aukaþinga, og skal nú gerð grein fyrir honum:

1. Ráðherra var og er *lögskylt* að búa til og leggja fyrir konung til undirskriftar nægilega snemma opið bréf til undirskriftar um kvaðningu reglulegs Alþingis annað hvert ár og nú á hverju ári (sjá 71. gr. II.) og birta síðan bréfið. Auka-þing hvorki var né er skylt samkvæmt stjórnskipunarlögum að kalla saman, nema samkvæmt 61. gr. stjskr. 1874 og 21. gr. stjskpl. 1915, ef reglulegt Alþingi samþykkti breytingar á stjórnarskránni eða stjórnarskipunarlögum 1903 eða 1915 þær, er ekki má gera með almennum lögum, og eftir 12. gr. stjskpl. 1915, ef meiri hluti þingmanna krafðist þess. Eftir að reglulegt Alþingi er háð ár hvert, verður ekki aukaþings þörf, þó að reglulegt Alþingi samþykki stjórnarskrárbreytingar, því að þær má taka til meðferðar á næsta reglulegu þingi, eins og gert var 1928. Fram til 1915 var aldrei haldið aukaþing, nema þess gerðist þörf vegna samþykktar á stjórnarskrárbreytingum eftir 61. gr. stjskr. 1874, en meðan stríðið stóð, voru aukaþing háð 1916—17 og 1918, þó að stjórnarskrárbreytingar væri ekki til meðferðar. Það hefur, þegar frá eru teknar samþykktir til stjórnarskrárbreytinga, jafnan verið hallkvæmis-atriði, hvort kveðja skyldi saman aukaþing. Konungi (þ. e. auðvitað eftir tillögum og á ábyrgð

ráðherra) var heimilað að gera það í 6. gr. stjskr. 1874 og er það enn eftir 18. gr. stjskr. 1920.

2. Reglulegt Alþingi kemur saman lögmæltan dag (sjá 71. gr. II.), en stjórninni er í sjálfs vald sett, hve nær aukaþing kemur saman. Þó er auðsætt, að aukaþing og reglulegt Alþingi geta ekki staðið samtímis.

3. Reglulegt Alþingi átti heimtingu til þess að sitja að minnsta kosti 6 eða 8 vikur eftir hinum eldri ákvæðum stjórnskipulaga (sjá 71. gr. II.). Og nú má aldrei slíta því fyrr en fullséð er um afdrif fjárlagafrumvarpsins. Hins vegar réð stjórnin því, samkvæmt 6. gr. stjskr. 1874, hversu lengi aukaþing mætti standa. Og sama gildir enn, því að 18. gr. stjskr. 1920 tryggir einungis reglulegu Alþingi rétt til að sitja þar til fullséð er um afdrif fjárlagafrumvarps, en segir ekkert um það, hversu lengi aukaþing standi. Samt sem áður mundi aukaþing sjálft raunverulega ráða starfstíma sínum, þó að stjórnin hafi að formi til rétt til að slíta því án vilja þess, eins og reglulegu Alþingi.

4. Yfir höfuð fer aukaþing með sömu mál sem reglulegt Alþingi. Þó er og nokkur munur að þessu leyti. Aukaþingi eru engin sérstök mál fengin til meðferðar samkvæmt stjórnskipulögum. Frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskránni, er reglulegt Alþingi hafði samþykkt, var ekki einu sinni *lögskylt* að leggja fyrir aukaþingið, sem háð var næst á eftir samkvæmt 61. gr. stjskr. 1874 og 21. gr. stjskpl. 1915. Þar á móti var stjórninni og er beinlínis *lögskylt* að leggja fyrir hvert reglulegt þing, jafnskjótt sem það er saman komið, frumvarp til fjárlaga fyrir næsta fjárhagstímabil, 25. gr. stjskr. 1874, 8. gr. stjskpl. 1903, 14. gr. stjskpl. 1915 og 38. gr. stjskr. 1920. Þessi ákvæði stjórnskipulaganna hafa jafnan verið talin einn af hyrningarsteinum þingbundinnar konungsstjórnar. Í samræmi við það er fyrirmæli 11. gr. stjskpl. 1915 og 3. mgr. 23. gr. stjskr. 1920, þar sem bannað var að gefa út bráðabirgðafjárlög, ef Alþingi hafði samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. Fjáraukalög hafa stöku sinnum verið lögð fyrir aukaþing, t. d. 1914, enda er það að sjálfsögðu heimilt. Sama er um landsreikningalög, en til þess hefur ekki komið, að þau hafi verið lögð fyrir aukaþing. Sérstaklega má geta þess, að það er jafnheimilt að bera upp á aukaþingi frumvarp til breytinga á stjórnskipunarlögum sem á reglulegu þingi, 61. gr. stjskr. 1874, 21. gr. stjskpl. 1915 og 1. mgr. 76. gr. stjskr. 1920.

III. *Þingfrestun.* Samkvæmt 7. gr. stjskr. 1874 gat konungur frestað fundum hins reglulega Alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema Alþingi samþykkti, og ekki nema einu sinni á ári. Þó að einungis segi um frestun á fundum *„reglulegs“* Alþingis, þá var ekki talið efasamt, að konungur gæti með sama hætti frestað fundum auka-Alþingis, enda er slíkt einsætt, með því að hann mátti slíta því eftir vild, óbundinn af stjórnskipunarlögum. Takmörkunin á heimild stjórnarinnar er nokkurs konar viðauki við eða fylling á reglunni um heimild reglulegs Alþingis til setu ákveðinn tíma. Þá heimild gat ófyrirleitin stjórn gert að engu í verki og framkvæmd með því að ákveða þingfrestun ótiltekinn eða óhæfilega langan tíma. Reglunni um þingfrestunar-heimild stjórnarinnar er haldið í 19. gr. stjskr. 1920, með þeim breytingum þó, að reglan á nú eftir berum orðum greinarinnar jafnt við reglulegt þing sem aukaþing, og að nú má stjórnin ekki fresta þingfundum lengur en tvær vikur, nema samþykki þingsins komi til. Til þingfrestunar samkvæmt 7. gr. stjskr. 1874 og 19. gr. stjskr. 1920 hefur aldrei komið fyrr en 1930, er leyft var að fresta fundum þingsins með ályktun í sameinuðu þingi 16. apríl til 26. júní s. á. Þar á móti hafa forsetar einatt látið líða svo virka daga, stundum marga í einu, að engir fundir hafa verið haldnir. En þetta er ekki frestun þingfunda sú, er í stjórnarskránum segir. Frestun þingfunda samkvæmt áðurnefndum greinum stjórnarskránna getur vitanlega því að eins komið til mála, að Alþingi hafi verið sett, því að frestun á samkomutíma þings og frestun á fundum þegar setts þings, sem 7. og 19. gr. stjórnarskránna greina, er sitt hvað. Forsætisráðherra auglýsir opið konungsbréf um þingfrestun í sameinuðu þingi. Var það gert 19. apríl 1930.

Þingfrestun veldur stöðvun á þingstörfum, meðan hún stendur, en taka má þau upp aftur, eins og við þau var skilið, þegar fundir hefjast af nýju. Þingmenn missa á meðan þeirra sérréttinda, sem þingsetan veitir þeim, svo sem dagkaup, nema meðan þeir eru á leið heim til sín, og sennilega friðhelgi samkvæmt 32. gr. stjskr. 1874 og 45. gr. stjskr. 1920.

IV. *Þingrof.* Með þingrofi er jafnan átt við ógildingu kosninga þingmanna almennt, áður en kjörtímabili er lokið. *Lögskylt* hefur stjórninni jafnan verið og er enn að rjúfa þing eða „leysa upp“ þingið, eins og það er nefnt í stjskr. 1874, þegar

samþykkt hefur verið frumvarp til laga um breytingar á stjórnskipunarlögum landsins, samkvæmt 61. gr. stjskr. 1874, 21. gr. stjskpl. 1915 og 1. mgr. 76. gr. stjskr. 1920. Annars er þingrof konungi einungis *heimilt*, en aldrei skylt að lögum. Samkvæmt 8. gr. stjskr. 1874 getur konungur leyst upp Alþingi og samkvæmt 20. gr. stjskr. 1920 getur hann rofið það, sem allt er eitt og sama. Þetta á jafnt við reglulegt Alþingi og aukaþing. Þingrof tók ekki til konungkjörinna þingmanna eftir 14. gr. stjskr. 1874, eins og áður greinir. Eftir 1. mgr. 9. gr. stjskpl. 1915 náði þingrof ekki heldur til þingmanna, er kosnir voru hlutbundinni kosningu, og þá komu í stað konungkjörnu þingmannanna. Loks gildir sama regla eftir 27. gr. stjskr. 1920, þannig að þingrof nær ekki til þingmanna, kosinna hlutbundnum kosningum um land allt, þ. e. „landkjörinna“ þingmanna. Hinir allir, og þar með þingmenn Reykjavíkur, sem kosnir eru líka hlutbundnum kosningum, missa þingmennskuna, þegar þing er rofið. Enn þá hefur aldrei til þess komið í þingsögu Íslands síðan 1874, að þing væri rofið, nema þegar samþykkt hefur verið stjórnarskrárbreyting, að undanteknu þingrofinu 1908, opið bréf nr. 7 8. maí 1908, er þing var rofið vegna „Uppkastsins“, enda höfðu sömu þingmenn þá setið á 3 reglulegum þingum.

Ákvörðun um þingrof leggur ráðherra til undirskriftar fyrir konung og birtir síðan, að undirskrift fenginni. Ef þingi er ekki slitið áður en opna bréfið er gefið út, þá verður því venjulega þá þegar slitið. En oftast hefur þingi verið slitið áður, t. d. 1919. Þess er að gæta, að nú má ekki rjúfa þing fyrr en fullséð er um samþykkt fjárlagafrumvarpsins, samkvæmt 18. gr. stjskr. 1920. Þingmenn missa þingmennsku frá dagsetningu opna bréfsins, nema beint sé öðruvísi um mælt, eins og gert var 1908.

Samkvæmt 8. gr. stjskr. 1874 skyldi stofna til nýrra kosninga áður en 2 mánuðir væri liðnir frá þingrofi, þ. e. frá dagsetningu opna bréfsins um þingrof. Sama regla gildir nú eftir 20. gr. stjskr. 1920. Fyrirmælið um, að stofna skyldi til kosninga innan tveggja mánaða frá þingrofi, var ekki svo skilið, að kosningar sjálfar ætti að láta fara fram á þessum fresti, heldur svo, að kjördagur skyldi vera ákveðinn áður en hann væri liðinn. Því var Alþingi t. d. rofið með opnu bréfi 20. okt. 1913, en kjördagur ákveðinn með opnu bréfi s. d. 11. apríl 1914, eða nálega misseri eftir þingrof. 1919 og 1927 fóru kosningar þar á móti fram innan tveggja mánaða eftir þingrof. Með

kosningunum hefst nýtt kjörtímabil allra kjördæmakjörinna þingmanna.

Það þótti þegar 1874 nauðsyn að skipa fyrir um það, hve nær stjórnin skyldi kveðja hið nýkosna Alþingi til fundar í síðasta lagi eftir þingrof. Var svo mælt í 8. gr. stjskr. 1874, að það skyldi saman kvatt „á næsta ári" eftir að það var leyst upp. Ef reglulegt þing var rofið, þá leiddi af þessari reglu, að næsta þingið hlaut að verða aukaþing, því að reglulegt þing varð einungis háð annað hvert ár. Það var nægilegt, að þingið kæmi saman einhvern tíma á næsta ári eftir þingrofið. Eftir 20. gr. stjskr. 1920 skal þing kallað saman eigi síðar en átta mánuðum eftir þingrof. Er því möguleiki á því, að tvö þing, annað reglulegt, en hitt aukaþing, komi á sama ár.

V. *Þinglausnir.* Þingi hefur jafnan verið sagt upp í nafni konungs, eins og það hefur verið sett í nafni hans. Meðan landshöfðingjadæmið stóð, var landshöfðingja jafnan fengið með opnu bréfi konungs vald til þess að segja þinginu upp. En eftir að ráðherra Íslands varð búsettur í landinu, fekk hann sér jafnan umboð konungs til þess, og forsætisráðherra, síðan ráðherrum var fjölgað. Á þingslitafundi, sem vitanlega er haldinn í sameinuðu Alþingi, er forseti vanur að lesa stutta skýrslu um athafnir þingsins og árna þingmönnum farsældar. Þegar lýst er þingslitum, þá er enn vani, að þingmenn rísi úr sætum sínum og æpi konungi til árnaðar.

Verkanir þinglausna eru fyrst og fremst þær, að þingmönnum er rétt að fara hverjum til heimilis síns og að helgi þeirra fram yfir aðra menn og öðrum sérréttindum er lokið. Hvert það mál, sem Alþingi hefur tekið til meðferðar, en ekki lokið, fellur þar niður, svo sem þingið hefði ekkert við það átt. Þótt þingið hefði t. d. átt einungis eftir að ræða frumvarp til laga í sameinuðu þingi, þegar þingi var slitið, þá yrði að taka sama frumvarp til meðferðar frá rótum, þó að það kæmi óbreytt fram á næsta þingi. Kemur í þessu fram glöggt munurinn á frestun þingfunda samkvæmt 7. gr. stjskr. 1874 og 19. gr. stjskr. 1920 annars vegar og þinglausna hins vegar.

73. gr.

**Ýms réttindi Alþingis og þingdeildanna.**

I. *Helgi Alþingis.* Hvorki í stjórnarskr. 1874 né í stjskpl. 1903 voru nokkur fyrirmæli um *friðhelgi* Alþingis. Þau voru fyrst sett í 13. gr. stjskpl. 1915. Segir þar svo: „Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi". Er þetta orðrétt tekið í 32. gr. stjskr. 1920. Þetta ákvæði er sýnilega þýðingarlítið.

Stjórnskipunarlög leggja auðvitað enga hegningu við, þó að friðhelgi þingsins sé brotin. Í almennum hegningarlögum 25. júní 1869 86. og 87. gr. er þar á móti lögð refsing við því, ef maður *vekur uppreisn* til þess að breyta stjórnskipuninni eða leitast við að gera það á annan *ólöglegan* hátt. Er Alþingi óbeinlínis varið með þessum fyrirmælum, því að tilraun til þess að afnema Alþingi með þeim hætti, sem í lagagreinum þessum segir, eða breyta skipun þess eða valdi á ólöglegan hátt, mundi varða refsingu slíkri sem þar greinir. En höfuðákvæði hegningarlaganna til verndar Alþingi eru þó í 88. og 96. gr. Samkvæmt 88. gr. varðar það þungri refsingu (ríkisfangelsi eða hegningarvinnu allt að 8 árum), ef maður með ofbeldi, hótunum um ofbeldi eða á annan ólöglegan hátt leitast við að aftra því, að kosningar til Alþingis fari fram, eða að Alþingi komi saman eða gegni störfum sínum á tilsettum tíma, án þess þó að 86. gr. eigi við. Og samkvæmt 96. gr. skal sá, er ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, eða lætur boð út ganga, er að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi, ef afbrotið á ekki undir 86. gr.

II. Hér að framan hefur verið minnzt á ýms réttindi þingsins, sem fólgin eru í því, að það ræður mörgu um skipulag sitt og hvernig fundahöld fari fram að ýmsu leyti. Það úrskurðar kosningu þingmanna og kjörgengi (66. gr. að framan), kýs kjördæmakjörna þingmenn til efri deildar (67. gr. II), það velur forseta sína og skrifara (69. gr. II B, C og D og III), það getur jafnvel komið saman af sjálfsdáðum (71. gr. II. 2.), það veitir samþykki sitt til frestunar funda sinna (72 gr. III.), samþykkir málshöfðun o. s. frv. á hendur þingmanni (68. gr. III 2.), getur ákveðið dagskrá sína (69. gr. II B 3, a. 74. gr. II. D.) og úrskurðað, hvort það skuli háð í heyranda hljóði eða ekki (69.

gr. II. B. 3. a. og 74. gr. II. E.), úrskurðað um þingsköp, ef forseti ber atriði undir þing eða deild, (s. st.), það samþykkir fundargjörðir sínar (78. gr. III.), getur ákveðið, að umræður hætti (69. gr. II. B. 3. a. og 74. gr. II. E.), úrskurðar um skyldu þingmanns til að greiða atkvæði (68. gr. II. a.), getur svift þingmann málfrelsi á fundi (st. st.), leyfir fyrirspurnir (68. gr. II. 1. a.), leyfir, að frumvörp verði tekin til meðferðar, þótt liðnar sé 4 vikur frá þingsetningu eða meir (s. st.) og samþykkir afbrigði frá þingsköpum (74. gr. II. B.). Þessi réttindi eru stundum nefnd „kollegiöl".

III. Það má telja til réttinda þingsins, að það hefur vald til þess að taka til meðferðar og afgreiða eftir því, sem því virðist við eiga, öll þau mál, sem í III. kafla að neðan segir, svo sem að ræða og afgreiða lagafrumvörp, að samþykkja þingsályktunartillögur um alþjóðleg málefni, að koma fram fyrir landið gagnvart öðrum ríkjum og gagnvart konungi, að koma fram gagnvart ráðherrum landsins, að hafa eftirlit með fjárreiðum landsins og stjórn, að velja ýmsa starfsmenn utan þings o. s. frv. Þessum réttindum eru ýms nöfn gefin, svo sem löggjafarréttur, fyrirsvar landsins út á við, eftirlitsréttur o. fl. Skal yfir höfuð vísað til III. kafla hér á eftir.

## 74. gr.

### Almennar þingskapareglur.

I. Svo var mælt í 41. gr. stjskr. 1874 og svo er enn ákveðið í 54. gr. stjskr. 1920, að þingsköp bæði sameinaðs Alþingis og þingdeildanna skuli setja með *lögum*. Þingið getur því ekki sett sér reglur um starfshögun sína með þingsályktun, eins og sumstaðar annarstaðar tíðkast. Það er auðvitað, að almenni löggjafinn, sem setur samkvæmt þessu þinginu starfsreglur, verður í hvívetna að halda þau ákvæði, sem sett eru um störf þingsins í stjórnarskipunarlögum. Ef almenni löggjafinn skyldi setja ákvæði í þingskapalög, sem í bága færi við stjórnarskipunarlög, þá væri þinginu, bæði sameinuðu Alþingi og hvorri deild fyrir sig, bæði rétt og skylt að hafa slík fyrirmæli að engu. Sætir slíkt úrskurði forseta, en vel má hann bera málið undir þingið eða viðkomandi deild. Í 5. gr. þingskpl 1876, í 1. gr. laga nr. 22 22. maí 1890 og 10. gr. þingskpl. 1905 voru allir

forsetar þingsins sviftir atkvæðisrétti, meðan þeir gegndu forsetastörfum, og þykir mönnum nú sem þetta ákvæði hafi ekki verið í samræmi við stjórnarskrána. Var það og fellt niður, er þingskpl. 1915 voru sett. Hinsvegar telja sumir ný ákvæði hafa komizt í síðastnefnd þingskapalög, er fari í bága við fyrirmæli stjórnskipulaga. Annað þessara ákvæða er í síðustu málsgr. 32. gr., þar sem heimtaðir eru ⅔ greiddra atkvæða til samþykktar fjárveitingu, sem öll fjárveitinganefnd hefur mælt í móti með nafnakalli bókuðu í fundabók hennar. Hitt er í síðustu málsgr. 44. gr., þar sem lagt er bann við því, að þingmaður greiði atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

Hér á eftir skal reynt að lýsa þeim reglum í þingsköpum, sem nokkurn veginn almennar má telja, af því að þær eiga við öll eða flest mál, sem til þingsins koma og sæta meðferð þess.

II. A. Það hefur jafnan verið, og er enn, óhjákvæmilegt skilyrði til þess, að þingið eða önnur hvor deild þess megi taka mál til meðferðar, að einhver þingmanna, ef mál skal aðeins koma í sameinað þing, eða einhver þingdeildarmanna, ef mál skal fyrst sæta meðferð annarar hvorrar þingdeildar, flytti það, 38. gr. stjskr. 1874 og 51. gr. stjskr. 1920. Þetta merkir það, að eigi skal forseti taka á dagskrá til umræðu og ályktunar nokkurt mál, nema það sé samkvæmt tilmælum einhvers þingmanna. Þetta tekur þó auðvitað ekki til mála þeirra, sem ráðherra (og áður landshöfðingi fyrir hönd ráðherra) óskar, að þingið taki til meðferðar. Eftir 9. gr. stjskr. 1874 gat konungur (þ. e. ráðherra) borið upp á Alþingi uppástungur til laga og annara ályktana og sama regla er nú í 21. gr. stjskr. 1920. Þetta merkir það, að forseta er skylt að taka á dagskrá tillögur þær, sem stjórnin leggur fram á Alþingi. Landshöfðingi bar þær fram áður, en síðan ráðherra Íslands og nú einhver ráðherranna. Skiftir hér engu, hvort ráðherra er þingmaður eða ekki. Ennfremur eru deildum þingsins eða sameinuðu þingi falin ýms störf í lögum, sem ekki má fresta og forseta er skylt að veita þinginu eða viðkomandi deild færi á að inna af höndum, svo sem kjör endurskoðenda landsreikninga, 26. gr. stjskr. 1874, 15. gr. stjskpl. 1915 og 39. gr. stjskr. 1920, kjör dómenda í landsdóm samkvæmt 4. gr. laga nr. 11 20. okt. 1905, kosning manna í Dansk-íslenzka ráðgjafarnefnd, samkvæmt 16. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, og kosningar ýmsra fleiri opinberra starfsmanna. Ef einhver málaleitun kemur til þingsins eða þingdeildar frá utan-

þingsmanni, t. d. beiðni um það, að deild samþykki málshöfðun á hendur þingmanni samkvæmt 32. gr. stjskr. 1874 og 45. gr. stjskr. 1920, getur forseti tekið slíkt mál á dagskrá, enda þótt enginn annara þingmanna gerist flutningsmaður þess. En þá gerist forseti sjálfur flytjandi málsins að því leyti sem hann fullnægir skilyrðunum til þess, að málið verði tekið til umræðu og ályktunar.

Samkvæmt 9. gr. stjskr. 1874 og 21. gr. stjskr. 1920 hafði stjórnin og hefur enn rétt til þess að leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annara samþykkta. Ekki er samsvarandi almenn regla berum orðum mælt í stjórnarskipunarlögum um þingmenn. En það er sýnilega gert ráð fyrir henni í 38. gr. stjskr. 1874 og 51. gr. stjskr. 1920. Eftir þeim greinum *má* þingdeild sýnilega taka til meðferðar mál, er einhver þingdeildarmanna — og þá líka sameinað þing, ef einhver þingmanna flytur það. Undirskilið er auðvitað, að erindið sé að formi og efni til þinglegt. Um það dæmir forseti, er hann tekur mál á dagskrá, en vitanlega getur þingið síðar, er málið kemur til þess, dæmt um það fyrir sitt leyti, t. d. vísað máli frá, af því að það sé ekki þinglega framborið, t. d. ósæmileg orð í tillögu. En réttur þingmanns nær eflaust svo langt, að hann getur borið það undir þingið samkvæmt 34. gr. þingskpl. 1876, 41. gr. þingskpl. 1905 og 43. gr. þingskpl. 1915, hvort tiltekið mál, er hann hefur flutt, skuli koma á dagskrá. Það er af þessu einstætt, að forseti getur fyrst um sinn tafið framgang máls með því að taka það alls ekki á dagskrá, en þingið eða þingdeild getur að lokum skorið úr því, hvort það skuli tekið til meðferðar. Til þessa hefur víst sjaldan komið, að forsetar hafi beitt valdi sínu til þess að stöðva mál með þessum hætti, enda væri það sýn misbeiting forsetavaldsins.

Eftir þingskpl. 1876 var það ekki bannað, að bera upp aftur frumvarp eða tillögu, sem felld hafði verið, hvorki í þeirri deild, sem frumvarpið hafði fellt, né í hinni né í sameinuðu þingi. Þar á móti var bannað í þingskpl. 1905 27. gr., og er enn bannað í 28. gr. þingskpl. 1915, að bera upp aftur á sama þingi frumvarp, sem fellt hefur verið í annari hvorri deildinni. Bann þetta tekur bæði til flutnings af nýju í sömu deild og svo í hinni deildinni. Einnig væri óleyfilegt, eftir *analogiu* téðra greina, að bera af nýju upp í annari hvori deildinni frumvarp, sem fallið hefði í sameinuðu þingi. Um tillögur til þingsályktunar verður

eflaust sama að gilda sem um lagafrumvörp, því að söm er ástæða til þess, að girða fyrir það, að aftur sé komið með felldar þingsályktunartillögur, sem um lagafrumvörp. Því mundi ekki heimilt að flytja í sameinuðu þingi tillögu til þingsályktunar, sem felld hefði verið í annari hvorri deildinni. Um önnur mál er vafasamara, t. d. hvort deild geti síðar leyft fyrirspurn, sem hún hefur áður bannað að bera upp, eða hvort hin deildin megi leyfa hana, hvort rökstudd dagskrá, sem felld hefur verið í deild, megi koma aftur undir atkvæði, þegar sama mál eða annað kemur þar síðar til umræðu, eða hvort slík dagskrá megi koma til atkvæða síðar í hinni deildinni eða í sameinuðu þingi. Það mun varla jafnrík ástæða til þess að banna slíkt sem um lagafrumvörp eða þingsályktunartillögur, og er því ekki öruggt, að beita megi reglunni um lagafrumvörp hér.

Það getur auðvitað orkað tvímælis, hvort mál það, sem flutt er, sé sama málið sem áður hefur verið fellt. Skiftir það ekki máli, hverju *nafni* frumvarp eða tillaga nefnist eða *búningur* þess að öðru leyti. Hitt varðar öllu, hvort það er sama frumvarp að *efni* til. Forseti verður að skera úr þessu, alveg eins og um það, hvort breytingartillaga sé rétt borin upp eftir 30. gr. þingskpl. 1905 og 32. gr. þingskpl. 1915.

Eins og bæði stjórn og þingmönnum hefur jafnan verið heimilt að bera upp mál í deild eða sameinuðu þingi eftir því, sem við hefur átt, svo hefur þeim og allt af verið rétt að flytja *viðaukatillögur* og *breytingartillögur* við mál, hvort sem þeir hafa sjálfir flutt það eða aðrir. Eftir þingskpl. 1876 var þessi réttur ekki bundin öðrum takmörkunum en þeim, að tillaga væri þingleg að efni og búningi, nema við þriðju umræðu lagafrumvarpa. Þá mátti að vísu landshöfðingi og nefnd í heild sinni, og einnig meiri og minni hluti hennar, bera upp breytingartillögur sem ella, en einstakir þingmenn máttu það ekki, nema þeir flytti tillöguna að minnsta kosti 3 í efri deild og 6 í neðri deild, 14. gr. þingskpl. 1876. Breytingartillögu við breytingartillögu mátti þó hver einstakur þingmaður allt af flytja, samkvæmt 23. gr. sömu laga. Samkvæmt 30. gr. þingskpl. 1905 og 32. gr. þingskpl. 1915 má nú hver þingdeildarmaður, og í sameinuðu þingi hver þingmaður, flytja breytingartillögu við hverja umræðu sem er.

Í þingskpl. 1876 var ekki bannað að flytja breytingartillögu, sem felld hafði verið áður, eða breytingartillögu um at-

riði, sem fallið var. Um þetta segir í 30. gr. þingskpl. 1905 og 32. gr. þingskpl. 1915, sem eru samhljóða. Samhvæmt þessum greinum er bannað að bera upp breytingartillögu um atriði, sem fellt hefur verið í deild, í sömu deild á sama þingi, en rétt er að bera hana upp í hinni deildinni eða í sameinuðu þingi, ef tækifæri verður til þess eftir þingsköpum, þ. e. ef málið kemur þar til ályktunar að efni til. Þetta fyrirmæli þingskpl. á að girða fyrir það, að felld frumvörp, eða þingsályktunartillögur, verði borin upp að nýju sem breytingartillögur við önnur mál. En ákvæðið er eftir orðum sínum víðtækara. Það meinar mönnum það líka, að flytja breytingartillögu eða viðaukatillögu um nokkurt fellt atriði. En svo er ekki langt gengið í framkvæmdinni. Ef breytingartillagan fer ekki *alveg* í sömu átt sem hin, er felld var, þá er hún leyfð, t. d. hefur verið felld tillaga um fjárveitingu til ákveðins manns. Við síðari umræðu fjárlagafrv. er leyft að flytja samskonar tillögu með breyttri fjárhæð. Annars virðist fyrirmælum þessum ekki vera fylgt harðlega í verki og framkvæmd, enda eru þau óljós og ekki auðvelt að fylgja þeim réttilega og svo, að fullt samræmi verði. Oft má og orka tvímælis, hvað sé sama atriði og hvað ekki. Er forseta falin úrlausn þess.

B. 1. *Hvenær þing eða þingdeild sé ályktunarfær.* Samkvæmt 36. gr. stjskr. 1874 og 35. gr. þingskpl. 1876 mátti hvorug þingdeild gera ályktun um mál, nema ⅔ deildar-þingmanna væri á fundi og greiddi þar atkvæði. Samkvæmt þessu þurftu 16 þingmenn hið fæsta að vera á fundi í neðri deild og 8 í efri deild og greiða þar atkvæði til þess, að lögleg ályktun yrði þar gerð um mál. Um skyldu þingmanna til þess, sjá 68. gr. II. a. Eftir 28. gr. stjskr. 1874 og 19. gr. þingskpl. 1876 skyldi ⅔ þingmanna úr hvorri deild á fundi í sameinuðu Alþingi til þess að lögmæt ályktun yrði þar tekin um lagafrumvörp. Það má ef til vill telja það vafa bundið, hvort þessi regla gilti að eins um lagafrumvörp, eða hvort hún skyldi líka gilda um tillögur til þingsályktunar. Ef orð 28. gr. stjskr. 1874 og 19. gr. þingskpl. 1876, sbr. orðið „málið", hafa ekki tekið til þingsályktunartillagna, þá hefur þó sennilega átt að fara með þær að þessu leyti eftir analogiu greina þessara.

Það er glöggt, að krafan um það, að ⅔ þingmanna í deild eða samanlagðir ⅔ þingmanna úr hvorri deild skyldi vera á fundi og greiða atkvæði, gat auðveldlega veitt veikum minni

hluta færi á því að stöðva mál með því að sækja ekki fund eða neita þar að greiða atkvæði. Þó að t. d. frumvarp til laga hefði haft mjög öruggt fylgi í neðri deild, gátu 5 þingmenn í efri deild stöðvað framgang þess í sameinuðu þingi með því að sækja ekki þingfund, þegar mál skyldi afgreiða þar. Því var þessu breytt með 9. og 11. gr. stjskpl. nr. 16 3. okt. 1903. Eftir 11. gr. varð lögmæt ályktun gerð í hvorri deild, ef *meira en helmingur* var á fundi og greiddi þar atkvæði, og í sameinuðu þingi mátti löglega ályktun gera, samkvæmt 9. gr. stjskpl. 1903, ef *meira en helmingur* þingmanna hvorrar deildar var á fundi og greiddi atkvæði. Fyrirmælum þingskapalaga var svo breytt í samræmi við þetta, 25. og 42. gr. þingskl. 1905. Skyldi nú — er þingmenn urðu 40 eftir 4. gr stjskpl. 1903 — að minnsta kosti 14 þingmenn vera á fundi og greiða atkvæði til þess, að neðri deild væri ályktunarfær, og 8 þurfti í efri deild. Í sameinuðu þingi þurfti 14 úr neðri deild og 8 úr efri deild, eða að minnsta kosti 22 þingmenn til þess, að þar mætti löglega ályktun gera. Regla 9. gr. stjskpl. 1903 um þingsókn í sameinuðu Alþingi og fyrirmæli 11. gr. sömu laga um þingsókn í deildum Alþingis eru óbreytt tekin í 41. og 49. gr. stjskr. 1920. Í neðri deild — þar sem nú sitja 28 þingmenn, lög nr. 11 8. maí 1920 1. gr. — skulu 15 þingmenn hið fæsta vera á fundi og greiða atkvæði til þess að lögleg samþykkt verði þar gerð. Í efri deild þarf 8, sem áður, en í sameinuðu þingi 15 + 8 = 23.

2. Stjórnskipunarlögin segja ekkert um það, hversu mikið atkvæðamagn þurft í deildum Alþingis til þess að kjósa menn eða samþykkja tillögu. Þar á móti segir bæði í 28. gr. stjskr. 1874, í 9. gr. stjskpl. 1903 og 41. gr. stjskr. 1920, að til samþykktar lagafrumvarpa í sameinuðu Alþingi þurfi ⅔ greiddra atkvæða með frumvarpi, að fjárlögum og fjáraukalögum undanteknum, en meiri hluti ræður úrslitum um einstök atriði. Hversu mikið þurfi til annars, bæði um þingsályktunartillögur í sameinuðu þingi og allar tillögur í deildum þingsins, ákveður almenni löggjafinn í þingsköpunum. Það var almenn regla eftir 35. gr. þingskpl. 1876 og 45. gr. þingskpl. 1905, að „afl atkvæða“ skyldi ráða úrslitum við atkvæðagreiðslur um öll mál, þar sem ekki væri öðruvísi mælt í stjórnskipunarlögum eða þingsköpum, og við má bæta: öðrum lögum. „Afl atkvæða“ var þá látið merkja meira hluta greiddra atkvæða, enda greiddi svo margir atkvæði sem því svaraði, að deild eða þing væri ályktunarfært. Ef t.

d. 16 atkvæði voru greidd í neðri deild eftir 36. gr. stjskr. 1874 — deildarmenn voru 24 —, þá var mál samþykkt, ef 9 atkvæði voru greidd með því, en 7 móti, enda greiddi 8 ekki atkvæði.

Í 41. gr. stjskr. 1920 er sama regla um atkvæðamagn það, sem í sameinuðu Alþingi þarf til þess, að lagafrumvörp verði þar löglega samþykkt. Almenna löggjafanum er því enn fengin heimild til þess að kveða á um það, hversu mikið magn atkvæða þurfi annars til löglegrar samþykktar. Og segir í 47. gr. þingskpl. 1915, sem stjskr. 1920 lætur óhreyfða, að afl atkvæða ráði um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum. En auk þess segir í 2. mgr. 44. gr. og í 47. gr þingskpl. 1915, hvað afl atkvæða sé. Í 2. mgr. 44. gr. segir, að engin ályktun sé lögmæt, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni. Í 47. gr. segir, að það sé afl atkvæða, ef meiri hluti þingmanna þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir eru, gera annað hvort að játa eða neita. Þessi skilgreining hugtaksins „afl atkvæða“ gerir það að verkum, að nú þarf meiri hluta atkvæðisbærra fundarmanna til þess að lögmæt ályktun verði gerð. Og sá, sem nú greiðir ekki atkvæði, verður því ekki talinn með meiri hluta, eins og fyrr var venja. Því hefur frumvarp verið lýst fallið í efri deild, þó að 7 atkvæði væri með því, 6 greiddi atkvæði á móti, en einn greiddi ekki atkvæði. Vantaði meiri hluta atkvæðisbærra þingmanna. Við þenna forsetaúrskurð er þó athugavert, að forseti hefði átt að viðhafa nafnakall og láta þingmann þann, sem ekki greiddi atkvæði, rökstyðja undanfærslu sína og knýja hann til að greiða atkvæði, nema undanfærslan þætti á rökum byggð.

Um kosningar embættismanna þingsins segir í 2. gr. þingskpl. 1876, 2. gr. þingskpl. 1905 og 3. gr. þingskpl. 1915 sbr. 4. gr. þingskpl. 1876, 6. gr. þingskpl. 1905 og 7. gr. þingskpl. 1915. Má vísa til þess, sem þar um hefur áður verið sagt. Um *kosningar í nefndir* var svo ákveðið í 38. gr. þingskpl. 1876, að ⅓ hluti greiddra atkvæða nægði til þess að vera löglega kosinn í nefnd. Voru þá ekki hlutfallskosningar í lögum. Sama regla er í 16. gr. þingskpl. 1905 um óhlutbundnar nefndarkosningar, með þeim viðbæti, að auður seðill taldist greitt atkvæði. Ef því t. d. 12 seðlar komu fram í efri deild, en 3 voru auðir, þá þurfti maður að minnsta kosti 4 atkvæði til þess að vera löglega kosinn í nefnd, þó að í rauninni hefði einungis 9 greitt atkvæði.

Þessi regla er endurtekin í 17. gr. þingskpl. 1915, en er nú orðin þýðingarlaus, því að allar nefndir eru nú á tímum kosnar hlutfallskosningu. Ef ekki fekkst nefnd fullskipuð við ítrekaða kosningu, þá skyldi kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig að vanti einn í nefndina, þá er kosið um tvo, ef tvo vantar, þá um þrjá o. s. frv., er flest höfðu atkvæði. Ef tveir eða fleiri fá jöfn atkvæði, ræður hlutkesti.

Með lögum nr. 22 22. maí 1890 voru hlutfallskosningar í *þingnefndir* í lög leiddar. Skyldi þá aðferð hafa, ef ⅓ þingdeildarmanna eða þingmanna í sameinuðu Alþingi krafðist þess. Var þá aðferðin sú, að þeir, sem komu sér saman um að kjósa sömu mennina, skrifuðu nöfn þeirra á seðla. Tölu nefndarmanna skyldi svo deila í tölu atkvæðaseðlanna, og var þá sú tala, er þá kom út, atkvæðatala. Ef t. d. 23 atkvæðaseðlar komu fram í neðri deild en fimm manna nefnd skyldi kjósa, þá varð hlutfallstalan 4, því að broti skyldi sleppa. Forseti las svo fyrst upp efsta nafnið, sem stóð á hverjum seðli, en seðlum með sama nafni efst var raðað í bunka sér. Forseti lýsti þann, er fyrstur hafði fengið jafnmörg atkvæði og hlutfallstalan var, rétt kosinn. Síðan voru lesin upp nöfn þau, sem næst voru í röðinni o. s. frv. Ef enginn á seðli fekk hlutfallstöluna, komst enginn þaðan í nefnd. Um þessa aðferð var breytt í þingskpl. 1905 46. gr. og er sú aðferð (sem kennd er við de Hondt) nú og höfð samkvæmt 48. gr. þingskpl. 1915. Skila þeir, er komið hafa sér saman um lista, miða með nöfnum þeirra manna, sem þeir ætla að kjósa. Forseti merkir framkomna lista A., B., C., o. s. frv. Fundarmenn kjósa síðan um listana samkvæmt þessu. Síðan les forseti upp atkvæði stafnafns hvers lista, og fara úrslit kosninga alveg með sama hætti sem lýst er um kosningar Alþingismanna í Reykjavík og um landskjör. Skyldi hlutfallskosningar hafa eftir 46. gr. þingskpl. 1905, ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi kröfðust þess. Gildir þessi regla enn eftir 48. gr. þingskpl. 1915.

Þá er kjósa átti menn til *starfa utan þings*, t. d. endurskoðendur landsreikninganna, fóru þær kosningar eftir 2. gr. þingskapalaga 1876, 38. gr. sömu laga. Þar á móti var heimilað að kjósa utanþingsstarfsmenn með hlutfallskosningum, ef kjósa skyldi 2 eða fleiri, í þingskpl. 1905, og gildir sama eftir 48. gr. þingskpl. 1915. Ef ekki eru hafðar hlutfallskosningar við þess

konar kosningar, þá fara þær með sama hætti sem kosningar embættismanna þingsins.

Aukinn meiri hluta þurfti og þarf enn stundum til þess að lögleg ályktun verði gerð. Þetta hefur jafnan gilt, ef taka skal mál á dagskrá og til umræðu á sama fundi, 34. gr. þingskpl. 1876, 41. gr. þingskpl. 1905 og 43. gr. þingskpl. 1915, og til afbrigða frá þingsköpum, 43. gr. þingskpl. 1876, 53. gr. þingskpl. 1905 og 54. gr. þingskpl. 1915. Hefur jafnan þurft $^3/_4$ atkvæða til þessa hvorstveggja. $^2/_3$ hluta atkvæði fundarmanna þarf eftir 2. málsgr. 8. gr. þingskpl. 1915 til þess að víkja frá embættismönnum þingsins og til þess, að krafa um atkvæðagreiðslu um mál umræðulaust verði löglega samþykkt. Samkvæmt 18. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóv. 1918 þarf $^2/_3$ atkvæða í sameinuðu þingi til þess að slita samningi þeim, er í sambandslögunum felst. Loks skal minnzt á ákvæði síðustu mgr. 32. gr. þingskpl. 1915.

C. *Þingnefndir.* Áður hefur verið talað um kjörbréfanefnd og nefnd til athugunar þingfararkaupsreikningum. Samkvæmt 9. gr. þingskpl. 1876 og 15. gr. þingskpl. 1905, sem að efni til eru samhljóða, gat hvor þingdeild fyrir sig skipað bæði stöðugar eða fastar nefndir til þess að íhuga og gera tillögur um ákveðnar tegundir mála, og lausar nefndir eða nefndir til að íhuga einstakt mál. Til slíkra nefnda mátti líka vísa síðar einstökum skyldum málum. Það tíðkaðist ekki mikið að skipa fastar nefndir, meðan þingskpl. 1876 og 1905 voru í gildi. Hitt var venjan, að skipa nefnd í hvert mál, en alloft var skyldum málum þó vísað til áður skipaðrar nefndar. Nefndafjöldi varð með þessum hætti mjög mikill, og vinna kom allmisjafnt niður á þingmönnum. Sumir voru miklum störfum hlaðnir, en aðrir höfðu aftur á móti helzt til lítið starf. Einnig vildu störf í einni nefnd reka sig á störf í annari, og urðu vinnubrögðin því einatt lakari en skyldi.

Með þingskpl. 1915 varð meginbreyting á skipulagi þingnefnda. Samkvæmt 16. gr. þeirra skal hvor þingdeild skipa fastar nefndir til þess að athuga og gera tillögur um ákveðnar tegundir mála. Má og til fastrar nefndar síðar vísa skyldum málum. Deild sker jafnan úr því, til hvaða fastanefndar hverju máli skuli vísa, ef það fer í nefnd á annað borð. Í hvorri deild skal jafnan kjósa sjö fastanefndir á 2. fundi. Og eru þessar nefndir sem hér greinir:

1. *Fjárhagsnefnd.* Til hennar er venja að vísa landsreikningalögum ásamt fjáraukalögum þeim, sem landsreikningalögunum fylgja, frumvörpum um tollmál og skatta, ríkislántökur, bankamál og fjármál yfir höfuð, sem ekki þykja eiga fremur að fara til annarar nefndar.

2. *Fjárveitinganefnd.* Aðalverkefni hennar er athugun á fjárlagafrumvörpum og erindum til þingsins, sem í sambandi við þau standa. Ennfremur skal leita umsagnar fjárveitinganefndar um frumvörp, er til nefndar ganga, eða tillögur, þar sem farið er fram á gjöld úr ríkissjóði, og skal fjárveitinganefnd þá láta uppi álit sitt um fjárhagsatriðið í málinu, og á það álit hennar að fylgja nefndarálitinu.

3. *Samgöngumálanefnd.* Til hennar fara vegamál og vita, um skipaferðir, síma, póst og yfir höfuð þau mál, er samgöngur varða. Þessi nefnd er vön að athuga sérstaklega þann kafla fjárlagafrumvarpsins í neðri deild, sem hefur að geyma tillögur um fjárveitingar til samgangna.

4. *Landbúnaðarnefnd.* Hún er vön að fara með þau mál öll, sem landbúnað varða, svo sem frumvörp um landsleigu, bankamál landbúnaðarins, friðun skóga og annara landsgæða, meðferð alidýra, menntastofnanir landbúnaðarins o. s. frv.

5. *Sjávarútvegsnefnd.* Til þessarar nefndar er vísað þeim málum, er varða sjávarútveg og sjómennsku, svo sem lögum um sjómenn, veiðiaðferðir, fjármál sjávarútvegsins, menntastofnanir hans o. s. frv.

6. *Menntamálanefnd.* Þangað koma mál öll um barnafræðslu og unglinga, svo og um hina æðri skóla, stjórn fræðslumála o. s. frv.

7. *Allsherjarnefnd.* Til hennar er vísað mörgum málum og óskyldum. Hverju því máli, sem ekki þykir eiga að fara til einhverra áðurtalinna 6 nefnda, er oftast vísað til allsherjarnefndar, nema það þyki svo mikilsvert, að sett sé sérstök nefnd í það, eins og t. d. frumvörp til breytinga á stjórnarskránni, vatnalagafrumvörpin 1923, Íslandsbankamálið á Alþingi 1930 o. s. frv.

Eftir 16. gr. þingskpl. 1915 mátti enginn vera í fleiri nefndum en tveimur. Þetta var fellt niður með 1. gr. laga nr. 3 22. marz 1928, vegna þess, að erfitt var að fylgja þeirri reglu í efri deild, þar sem einungis sitja 13 menn, sem í nefnd verða skipaðir. Í engri fastanefnd mega fleiri menn vera en fimm, nema í

fjárveitinganefnd neðri deildar mega sjö vera. Fimm skulu skipa fjárveitinganefnd efri deildar. Í neðri deild eru nefndir annars skipaður fimm mönnum og í efri deild þremur. Með samþykki deildar getur nefnd aukið við sig tveimur mönnum, og hefur fjárhagsnefnd neðri deildar stundum gert það.

Hver fastanefnd kýs sér formann og fundaritara. En auk þess kýs fastanefnd sér ritara fyrir hvert mál, og er hann jafnframt framsögumaður þess máls.

Lausanefndir er þingdeildunum enn heimilt að skipa. En ekki er það gert, nema mál þyki svo áríðandi eða erfitt, að engri fastanefndanna verði falið það. Lausanefnd kýs sér formann og ritara, sem jafnframt er framsögumaður.

Ný nefnd er *vinnunefndin*. Hún er skipuð formönnum fastanefnda og forsetum og varaforsetum deildanna. Hún skal ráða vinnubrögðum allra nefndanna í deildunum. Hún ákveður því fundastað og fundatíma fastanefndanna og gætir þess, að ekkert rekist á. Vinnunefnd getur og hlutast til um mannabýtti í nefndum, ef það þykir hentugt vegna vinnubragða, og ef viðkomandi fastanefndir samþykkja. Annars kostar getur vinnunefnd skotið málinu undir úrskurð deildarinnar.

Það er og ný tilhögun, að samkynja nefndir sín úr hvorri deild vinni saman sem ein nefnd væri. Heitir sú nefnd *samvinnunefnd*. Þessi heimild þingskapanna 1915 hefur stundum verið notuð. Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa t. d. stundum unnið saman að ákveðnum málum. Lausanefndum beggja deilda er og jafnrétt sem fastanefndum að vinna saman. Þetta gerðu t. d. stjórnarskrárnefndirnar 1919, fullveldisnefndirnar 1917 og 1918 o. s. frv.

Máli má vísa til nefndar á hverju stigi þess. Nefnd ber að semja álit um mál og skila því á skrifstofu Alþingis, sem svo lætur prenta það, 10. gr. þingskpl. 1876, og 18. gr. þingskpl. 1915.

Þegar mál kemur í sameinað þing, sem sætt hefur áður meðferð beggja deilda, verður ekki skipuð nefnd í það þar. Þegar mál er þar á móti borið upp í sameinuðu Alþingi, án þess að deildirnar hafi haft það til meðferðar, t. d. þingsályktunartillaga, þá hlýtur þinginu að vera rétt að setja nefnd í það. Fastanefnda er eigi getið í sameinuðu þingi, nema kjörbréfanefndar, fyrr en lög nr. 3 3. marz 1928 komu út. Samkvæmt 2. gr. þessara laga skal sameinað Alþingi í byrjun hvers þings kjósa sjö manna nefnd, sem nefnist utanríkismálanefnd. Skal vísa til

hennar utanríkismálum öllum og þeim öðrum málum, er þingið eða önnur hvor deildin ákveður. Það er og sérkenni þessarar nefndar, að hún starfar einnig *milli þinga,* og skal ráðuneytið bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga, til ráðuneytis.

Kosning nefndar samkvæmt 22. gr. stjskr. 1874 og 35. gr. 1920 hefur farið og fer sem nefndarkosningar.

D. *Dagskrá.* Forseti ákveður venjulega dagskrá í fundarlok fyrir næsta fund, ef einhver mál liggja fyrir, er þá megi taka til meðferðar. Ef svo er ekki, þá ákveður forseti dagskrá næsta fundar, þegar mál verða til, er taka má til meðferðar. En nú má vera, að deildarmenn vilji ekki hlíta ákvæðum forseta um dagskrá til næsta fundar. Gátu þá eftir þingskpl. 1876 4 þingmenn í efri deild og 8 í neðri deild gert uppástungu um tiltekna dagskrá, en eftir 41. gr. þingskpl. 1905 og 43. gr. þingskpl. 1915 er nóg, ef 3 í efri deild og 6 í neðri deild gera tillögu um dagskrá og kröfu um, að deildin ákveði hana. Um ákvörðun dagskrár í sameinuðu þingi eru engin ákvæði. Ef nú farið er fram á það, að tiltekið mál sé látið ganga út af dagskrá, þá skal afhenda forseta tillöguna um það sama dag sem dagskráin er sett. En ef þess er krafizt, að tiltekið mál verði tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram. Í upphafi næsta fundar skal svo greiða atkvæði umræðulaust um tillöguna. Ef þingmaður vill láta taka fyrir á fundi mál, sem þá er ekki á dagskrá, þá þarf til þess ¾ atkvæða og leyfi ráðherra (áður landshöfðingja). Þegar forseti hefur ákveðið dagskrá, þá er honum rétt bæði að breyta málaröð á henni og taka mál út af dagskrá, og er slíkt algengt, fyrst og fremst, þegar ekki vinnst tími til að lúka dagskrá, og svo eftir tilmælum flutningsmanns eða framsögumanns eða í samráði við þá. Sjá um dagskrá 34. gr. þingskpl. 1876, 41. gr. þingskpl. 1905 og 43. gr. þingskpl. 1915.

E. *Umræður.* Eftir 40. gr. stjskr. 1874 og 53. gr. stjskr. 1920 skulu umræður bæði í deildum þingsins og í sameinuðu þingi fara fram fyrir opnum dyrum. Fyrir luktum dyrum skal þó halda fund, ef forseti eða 3 menn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess og fundurinn samþykkir það. Samkvæmt 50. gr. þingskpl. 1915 skipar forseti annars fyrir um það, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við þingfundi, sem haldnir eru í heyranda hljóði, enda getur hann vísað

á braut þeim mönnum, sem eigi eru kyrrir og hljóðir eða hegða sér á annan hátt ósæmilega.

Samkvæmt 14. gr. þingskpl. 1876 mátti enginn þingmanna taka oftar til máls við nokkra umræðu lagafrumvarpa en tvisvar, nema framsögumaður. Eftir 36. gr. þingskpl. 1905 og 33. gr. þingskpl. 1915 gildir í aðalatriðum sama regla. Þó er flutningsmanni máls, auk framsögumanns nefndar, líka leyft að tala þrisvar, en öðrum ekki, nema gera stutta athugasemd eða til að bera af sér sakir eða um gæzlu þingskapa. Forseti veitir mönnum venjulega kost á að tala í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs, en getur þó vikið frá því, sbr. 30. gr. þingskpl. 1876, 57. gr. þingskpl. 1905 og 36. gr. þingskpl. 1915. Um hegðan ræðumanna og vald forseta um stjórn á umræðum, sjá 29., 31. og 32. gr. þingskpl. 1876, 35., 38. og 39. þingskpl. 1905 og 34., 37., 38. og 53. gr. þingskpl. 1915 og 69. gr. II. B. að framan.

Það hefur verið gert ráð fyrir því í öllum þingskapalögunum, að umræður kynni að dragast úr hófi fram. Hefur forseta þá jafnan verið heimilað, og svo tilteknum fjölda þingmanna (4 í efri deild eftir þingskpl. 1876, og 8 í neðri deild, en síðan 3 í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi) að krefjast þess, að greidd sé atkvæði um það, hvort umræðum skuli lokið eða ekki. Sker þingfundur síðan úr, 35. gr. þingskpl. 1876, 40. gr. þingskpl. 1905 og 37. gr. þingskpl. 1915.

Loks getur þingmaður eftir 42. gr. þingskpl. 1915 stungið upp á því, að mál verði borið undir atkvæði umræðulaust, en ⅔ greiddra atkvæða þarf til þess. Slíka meðferð má hafa t. d. ef umræður yrði særandi fyrir ákveðinn mann, eða þingmenn vildi gera það manni til sæmdar að samþykkja t. d. fjárveitingu til hans umræðulaust.

Ræður þingmanna skrá utanþingsritarar, en þingmenn leiðrétta þær síðan, og svo eru þær prentaðar í Alþingistíðindunum, sem kunnugt er.

F. Eftir 11. gr. þingskpl. 1876 skyldi jafnan *prenta* lagafrumvörp, og eftir 23. gr. s. l. átti einnig að prenta breytingartillögur við lagafrumvörp. Um önnur mál er þetta ekki berum orðum sagt í þingskpl. 1876, en föst venja hefur það verið að prenta öll þau mál, sem borin hafa verið undir deild eða sameinað þing til meðferðar, hvort sem það var t. d. tillaga til þingsályktunar, fyrirspurn eða ávarp til konungs o. s. frv. Í hinum síðari þingskapalögum er berum orðum sagt, að prenta skuli bæði

lagafrumvörp, breytingartillögur við þau og tillögur til þingsályktunar, sjá þingskpl. 1905 18., 29. og 30. gr. og 1915 19., 29. og 32. gr. Hefur það orðið undantekningarlaus regla, að allt það, sem fyrir þingið hefur verið lagt til meðferðar þar, hefur verið prentað áður, nema leyft hafi verið með afbrigðum frá þingsköpum að bera upp skriflega breytingartillögu. Þessa eru dæmi, þegar mikið hefur þótt við liggja, að mál væri afgreitt fljótt og vel. Frumvörp og tillögur, sem tekið hafa breytingum við einhverja umræðu, hafa jafnan líka verið prentuð upp, eins og þau eru orðin eftir breytingarnar og þannig lögð fyrir til næstu umræðu, í hinni deildinni eða í sameinuðu þingi, eða send meðal afgreiddra mála til stjórnarinnar.

G. *Atkvæðagreiðslur.* Höfuðreglurnar um það, hvernig atkvæðagreiðsla skyldi fara fram, voru í öndverðu í 36. og 37. gr. þingskpl. 1876. Forseti réð, hvernig hann skifti atkvæðagreiðslunni og í hverri röð og innbyrðis sambandi hún fór fram. Þó gat þingdeild, ef 4 þingmenn kröfðust þess í efri deild og 8 í neðri deild, breytt ákvörðun forseta, eftir að einn af tillögumönnum og forseti höfðu tekið einu sinni til máls um tillögurnar. Einn þingmaður gat og heimtað, að atkvæðagreiðslu um breytingaratkvæði væri skift, enda bæri hann kröfuna upp áður en umræður um málið byrjaði. Þessar reglur hafa haldizt í aðalatriðum samkvæmt þingskpl. 1905 43. gr. og 1915 45. gr. Eftir þeim þarf þó ekki nema 3 í efri deild, 6 í neðri deild — og svo er nýtt ákvæði um það, að 9 þurfi í sameinuðu þingi, — að krefjast breytingar á ákvörðun forseta um skifting og innra samband atkvæðagreiðslu. Einnig telst tillaga um skiftingu á atkvæðagreiðslu um lagagrein breytingartillaga. Það er sjálfsögð venja, að bera breytingartillögur við grein undir atkvæði áður en greinina sjálfa, en hreina viðaukatillögu síðar. Ef fleiri eru breytingartillögur, þá er venja að bera þá fyrst upp, er fjarlægust er aðaltillögunni. Ef tillaga er til fjárveitingar, þá er sú breytingartillagan fyrst borin upp, er hæsta upphæð geymir. En ef breytingartillögur eru til lækkunar, verða þær bornar upp á eftir, ef hækkunartillögur hafa verið felldar, og þá sú fyrst, er mesta geymir lækkun frá aðaltillögu. Venjulega ákveður forseti á fundi, hvernig atkvæðagreiðsla skuli fara fram. En ef hún er mjög margbrotin, eins og t. d. atkvæðagreiðsla um fjárlagafrumvarpið, þá er venja að ræða breytingartillögum og viðauka eftir því, í hvaða röð þær eiga að koma undir atkvæði (at-

kvæðaskrá), og síðan er það skjal prentað og útbýtt. Er slíkt til mikils hægðarauka bæði forseta, þingmönnum og skrifstofu þingsins.

Forseti hafði samkvæmt 37. gr. þingskpl. 1876 jafnan vald til þess, ef hann hafði fulla ástæðu til að halda, að allir væri á sama máli, að lýsa atriði samþykkt án atkvæðagreiðslu, t. d. fyrirsögn frumvarps eftir að allar greinir þess hafa verið samþykktar. Þó skyldi atkvæðagreiðsla fram fara, ef einhver þingmanna óskaði þess. Og allt af skyldi atkvæði greiða, þegar samþykkja átti frumvarp eða tillögu til fullnaðar. Þessum reglum er haldið bæði í 44. gr. þingskpl. 1905 og í 46. gr. þingskpl. 1915, en þó er sú breyting, að eftir síðasttöldum lagagreinum á jafnan að greiða atkvæði um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur við allar umræður.

Atkvæðagreiðsla hefur jafnan farið fram með tvennu móti: *Án nafnakalls* eða *með nafnakalli*. Það hefur jafnan verið aðalreglan, að þingmenn greiddi atkvæði án nafnakalls. Eftir 37. gr. þingskpl. 1876 og 44. gr. þingskpl. 1905 gaf þingmaður vilja sinn til kynna með því að standa upp úr sæti sínu, hvort sem hann greiddi atkvæði með eða móti. Skorar forseti á þá, er með máli sé, að greiða fyrst atkvæði, og síðan á hina. Telja deildarskrifarar eða þings atkvæði, en forseti skýrir síðan frá niðurstöðunni. Ef enginn greiðir atkvæði móti, þá er mál samþykkt með öllum atkvæðum eða samhljóða atkvæðum svo eða svo mörgum, ef annars næg atkvæði eru greidd samkvæmt þingsköpum til að samþykkja mál. Eftir 46. gr. þingskpl. 1915 skulu þingmenn rétta upp hægri hönd, hvort sem þeir greiða atkvæði með eða móti. Nafnakall *mátti* forseti hafa eftir 37. gr. þingskpl. 1876, ef honum virtist það hentugt, enda þótt hvorki hefði komið fram krafa um það eða atkvæðagreiðsla hefði veitt efni til þess. Ennfremur segir, að forseta sé *heimilt* að hafa nafnakall, ef honum virðist atkvæðagreiðsla óglögg. Hér er auðsætt, að forseta var *skylt* að hafa nafnakall, ef ekki varð komizt að áreiðanlegri niðurstöðu með öðrum hætti. Ennfremur skyldi hafa nafnakall, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild — um sameinað Alþingi vantaði fyrirmæli — kröfðust þess. Eftir 44. gr. þingskpl. 1905 giltu að efni til sömu reglur um það, hve nær hafa skyldi nafnakall. Og eftir báðum þessum lagagreinum greiddu þingmenn atkvæði eftir stafrófsröð, svo að stundum réð sá þingmaður, er síðastur var í stafrófinu, úrslitum

mala. En nöfn þingmanna voru jafnan prentuð í stafrófsröð, og las forseti nöfnin upp eftir hinni prentuðu þingmannaskrá. Eftir 46. gr. þingkpl. 1915 á að hafa nafnakall eftir sömu reglum sem í 44. gr. þingskpl. 1905 segir, en nú skal hafa þingmannaskrá tölusetta, og hluta um það hverju sinni, á hverri raðtölunni byrja skuli nafnakallið. Með þessum hætti getur nafnakallið t. d. byrjað á nafninu „Jón Jónsson“. Heldur það síðan áfram stafrófið út og þar á eftir heldur það áfram á upphafi stafrófsins, unz kallað er upp næsta nafn fyrir framan „Jón Jónsson“ á þingmannaskrá. Forseti skal þó allt af greiða atkvæði síðastur.

Eftir 35. gr. þingskpl. 1876 og 42. gr. þingskpl. 1905 skyldi, þegar nafnakall var haft, telja þann þingmann, sem færðist undan að greiða atkvæði, með meiri hlutanum, ef undanfærsla hans þótti ekki á fullum rökum byggð. Það var mjög títt, ef ekki beinlínis venja, að leyfa þingmönnum að telja sig með meiri hlutanum. En þó hlaut forseti að bregða af þessu, ef það var nauðsynlegt til þess að komast að ákveðinni niðurstöðu, svo sem ef það kom í ljós að lokinni atkvæðagreiðslu, að greidd atkvæði voru báðum megin jafnmörg. Eftir 44. gr. þingskpl. 1915 skal forseti jafnan krefja þingmann um ástæður fyrir undanfærslu undan atkvæðagreiðslu við nafnakall. Sá, er ólöglega neitar að greiða atkvæði, á að missa dagkaup þann dag, sem fyrr segir, en eigi er nú heimild til að telja hann með meiri hlutanum, eins og áður.

H. *Afgreiðsla mála* hefur jafnan orðið með tvennum hætti: Mál hefur verið *samþykkt* eða *ekki samþykkt*.

.1 Samþykkt *lagafrumvörp* hefur jafnan átt að senda stjórn landsins, landshöfðingja fyrrum, en síðan ráðherra, sbr. 16., 18. og 19. gr. þingskpl. 1876, 23.—25. gr. þingskpl. 1905 og 24.—26. gr. þingskpl. 1915. Þótt slíkt sé ekki almennt sagt í þingskpl. um önnur samþykkt mál, þá leiðir það af eðli málsins, að stjórn landsins skal senda þau, ef ætlast er til þess, að hún geri eitthvað eða láti eitthvað ógert. Ef fyrirspurn er t. d. leyfð, þá var hún send landshöfðingja áður, en nú ráðherra, sbr. 24. gr. þingskpl. 1876, 31. gr. þingskpl. 1905 og 1915. En sama er um þingsályktanir, rökstuddar dagskrár, ávörp o. s. frv., er samþykktar eru. Forseti þeirrar deildar, sem málið hefur að lokum þamþykkt, eða forseti sameinaðs þings, ef það

hefur öðlazt samþykki þar, sér um afgreiðslu þess, en skrifstofa Alþingis undirbýr hana nú.

2. Ef mál er ekki samþykkt, þá geta afdrif þess á þingi orðið með ýmsum hætti:

a. Það er beinlínis *fellt*. En það verður, ef jafn mörg atkvæði eru með því og móti, fellt með jöfnum atkvæðum, eða ef fleiri greiða atkvæði á móti því en með því. Þetta tekur til allra þingmála, þar á meðal breytingartillagna, dagskráa o. s. frv., að undanteknum kosningum manna í nefndir eða til einhverra starfa.

b. Ef mál er *afturkallað*. Flutningsmanni — ef fleiri eru en einn, þá þarf sennilega yfirlýsing allra þeirra um afturköllun — er jafnan heimilt að afturkalla tillögu sína á hvaða stigi máls sem er, og tekur þetta bæði til stjórnarinnar og þingmanna. Í 25. gr. þingskpl. 1876, 33. gr. þingskpl. 1905 og 40. gr. þingskpl. 1915 er að vísu einungis talað um lagafrumvörp, — uppástungur í 25. gr. þingskpl. 1876 — breytingartillögur og tillögur til þingsályktunar, og í síðarnefndu lögunum tveimur fyrirspurnir. En ekki getur heldur verið vafi á því, að flutningsmanni annara tillagna sé líka heimilt að taka þær aftur, t. d. tillögu til rökstuddrar dagskrár, ávarp til konungs o. s. frv. En jafnan er hverjum öðrum þingmanni heimilt að taka tillöguna upp þegar í stað, er flutningsmaður tjáir sig taka hana aftur.

c. Mál er *„svæft"*. Ef máli er vísað til nefndar, en hún skilar aldrei áliti, þá verður málið ekki rætt til þrautar og verður því óafgreitt. Í þingsköpum er ekki og hefur ekki verið neitt ráð til þess að þvinga nefnd til að skila af sér máli. En taka mun mega mál á dagskrá, ef annar eða einhver hluti nefndar, sem klofnar, skilar áliti. Þá má vera, að mál verði út undan, gleymist eða forseti geri það með vilja að taka það ekki á dagskrá og deild hans skifti sér ekki af. Loks er það mjög títt, að þingi sé slitið svo snemma, að mál „dagi uppi". Þau koma þá ekki svo oft til umræðu, að meðferð þeirra verði lokið, eða þótt þau komi til síðustu umræðu, þá verður henni ekki lokið.

d. *Máli er vísað til stjórnarinnar,* áður landshöfðingja eða ráðherra Íslands, nú til ráðherranna einhvers. Samkvæmt 39. gr. stjskr. 1874 og 52. gr. stjskr. 1920 er hvorri þingdeild heimil sú málsmeðferð. Tekur þetta bæði til lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna. Getur þingmaður komið munnlega með til-

lögu um þetta, við hvaða umræðu máls sem er. Þetta er að vísu nokkurs konar frávísun, en nokkuð með öðrum hætti en frávísun samkvæmt 26. gr. þingskpl. 1876, 34. gr. þingskpl. 1905 og 42. gr. þingskpl. 1915. Þegar máli er vísað til stjórnarinnar, þá er hún óbeinlínis beðin að athuga það. Vísun máls til stjórnarinnar mundi trauðla girða fyrir það, að það kæmi aftur fyrir sama þing, t. d. þingsályktunartillaga eða lagafrumvarp, því að ekki verður sagt, að það sé beinlínis *fellt*.

e. *Máli er vísað frá* („einföld dagskrá"). Samkvæmt 26. gr. þingskpl. 1876 var sérhverjum þingmanni heimilt að krefjast þess, að fyrispurn, uppástungu eða breytingaratkvæði væri vísað frá, en gera skyldi kröfuna áður en nokkur annar en flutningsmaður hafði talað í málinu. Síðan skyldi þingdeild skera umræðulaust úr því, hvort máli skyldi vísað frá. Sama fyrirmæli er í 34. gr. þingkpl. 1905 og 42. gr. þingkpl. 1915, nema að sama er látið ganga yfir lagafrumvörp sem þingsályktunartillögur o. s. frv. Það er einsætt, að frávísunarkrafan verður að koma fram við fyrstu umræðu máls, ef umræður eru fleiri en ein. Fyrirspurn má vísa frá við umræðu hennar, þótt hún hafi áður verið leyfð. Hins vegar er það eins konar frávísun, ef fyrirspurn er alls ekki leyfð. Frávísun er allsjaldgæf. Mun þykja í henni felast óvirðing til flutningsmanns, með því að hann er ekki einu sinni virtur viðurmælis.

Forseta er skylt að vísa frá frumvörpum, sem hafa að geyma að áliti hans breytingar á stjórnarskipunarlögum, þeim ákvæðum þeirra, er ekki mátti breyta, nema samkvæmt 61. gr. stjskr. 1874 eða nú má eigi breyta, nema samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjskr. 1920, ef þau sýna það ekki í fyrirsögn sinni, að þau sé frumvarp til stjórnskipulaga. Breytingartillögur, sem hafa að geyma breytingar á stjórnskipunarlögum, má ekki bera upp við önnur frumvörp en frumvörp til stjórnskipunarlaga. Annars kostar skal forseti vísa þeim frá, 20. gr. þingskpl. 1876, 26. gr. þingskpl. 1905 og 27. gr. þingskpl. 1915. Svo hlýtur forseti að vísa frá máli, er áður hefur verið fellt eða samþykkt til fullnaðar, eða breytingartillögu um atriði, sem fellt hefur verið í þeirri deild, eða afgreitt til fullnaðar með öðrum hætti, enda þótt hann hefði tekið slíkt mál á dagskrá. Sbr. að framan undir A.

f. *Mál afgreitt með rökstuddri dagskrá.* Hvort sem umræðum er komið langt eða skammt og eflaust hvort sem lagafrum-

varp er eða þingsályktunartillaga og sennilega líka ávarp og fyrirspurn, ef ekki verður sagt, að „ályktun“ sé þar með gerð um efni máls, má afhenda forseta rökstudda tillögu, meðan á umræðu stendur, um að næsta mál á dagskrá verði tekið fyrir. Þetta er nokkru vægari aðferð en ber og blákköld frávísun, því að rök eru leidd að frávísuninni, og líka mildari meðferð á máli en að fella það. Sjá 26. gr. þingskpl. 1876, 34. gr. þingskpl. 1905 og 42. gr. þingskpl. 1915. Rökstudd dagskrá mun venjulega gefa til kynna, að meðferð máls á því þingi sé lokið til hlítar. En þó virðist svo mega orða slíka dagskrá, að máli væri frestað, og gæti því aftur komið á því þingi.

g. *Máli frestað.* Í þingskpl. 1876 og 1905 segir ekkert um það, hvort deild eða þing gæti ákveðið að fresta meðferð máls tiltekinn eða ótiltekinn tíma. Slíkt hefði þó víst verið hægt að gera með rökstuddri dagskrá, þó að það hafi ekki tíðkazt. En nú er skýr heimild veitt í 42. gr. þingskpl. 1915 til þess að hafa þessa meðferð á lagafrumvörpum, þingsályktunartillögum og breytingartillögum. Og sennilega mætti einnig fresta umræðum um t. d. fyrirspurnir og ávarp. Aðferðin er alveg eins og þegar einföld frávísunarkrafa kemur fram. Ef máli er frestað um ákveðinn tíma, má taka það til meðferðar aftur að honum liðnum. Og áður en tíminn er liðinn, getur deild tekið það á dagskrá. En ef máli er frestað um óákveðinn tíma, þá virðist forseti geta tekið það á dagskrá, þegar honum sýnist.

h. *Deild neitar* að taka þingmannafrumvarp til meðferðar samkvæmt 18. gr. þingskpl. 1905 og 19. gr. þingskpl. 1915, er það hefur verið útbýtt 4 vikum eftir þingsetningu. Frumvarpið telst þá fallið.

# III. kafli.

## Störf Alþingis.

### 75. gr.

### Almennar athugasemdir.

I. Eins og áður er sagt (59. gr. I) voru hin svonefndu *„sérmál“* landsins talin í 3. gr. stöðulaga 2. jan. 1871. Í þeim málum átti landið að hafa „löggjöf sína og stjórn“ út af fyrir sig á þann hátt, að löggjafarvaldið átti að vera hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum. Alþingi hefur því ekki haft dómsvald. Aðalstarf þess hefur jafnan verið þátttakan í löggjafarvaldinu. En auk þess hefur það allt af haft ýms önnur störf með höndum, er flest má telja til landsstjórnar.

Samkvæmt 2. gr. stjskr. 1874 átti Ísland eigi að taka neinn þátt í „löggjafarvaldi að því leyti, er snertir hin almennu málefni ríkisins, á meðan það ekki hefur fulltrúa á ríkisþinginu“. Þetta gilti auðvitað eigi síður um hluttöku í stjórn þessara „almennu mála ríkisins“. Vald Alþingis, bæði um löggjöf og hluttöku í landsstjórn, tók því eftir stöðulögum og stjórnarskrá aðeins til „sérmálanna“, þ. e. hinna níu málaflokka, er í 3. gr. stöðulaganna greinir, allt tímabilið frá 2. ág. 1874, er stjskr. 1874 kom til framkvæmdar, og til 1. des. 1918, er sambandslögin gengu í gildi.

Sérmálin voru talin upp í 3. gr. stöðulaganna, eins og segir í 59. gr. I. að framan. Og vísast þangað um þau. Öll þau mál, sem eigi má telja til hinna níu „sérmála“-flokka, voru „almenn mál“ eða „sammál“ beggja landanna, og því utan við valdsvið Alþingis. Þó hlaut það að taka þátt í setningu allra ákvæða um hegningu hér á landi fyrir brot á réttarákvæðum, er þessi mál vörðuðu. Tæmandi talning sammálanna verður eigi gerð. En aðalflokka þeirra má nefna:

1. *Ríkiserfðalög, fyrirmæli um skilyrði til þess að geta borið konungsnafn* (eiðstafur, trúarbrögð konungs og að hann sé eigi konungur í öðru landi) og *skilyrði til þess, að konungur geti sjálfur með konungsvald farið* (lögræði, heilbrigði, návist),

fyrirmæli annars um *lögkjör konungs* (friðhelgi hans, o. fl.) og *konungsættar*.

2. *Utanríkismál*, þar á meðal skipan utanríkisráðuneytis, hversu haga skyldi fyrirsvari „ríkisins" í hverju landi, lög og aðrar reglur um störf þeirra manna, sem með þau mál fóru.

3. *Hermál* og *flota*. Þar á meðal fyrirmæli um herþjónustu, og *herfána*, hlutleysi í ófriði eða hluttöku o. s. frv. Þó átti Alþingi og konungi að vera heimil lagasetning um vörn landsins, samkvæmt 57. gr. stjskr. 1874.

4. *Verzlunarfáninn*.

5. *Fæðingjaréttur*. (Þegnréttur, ríkisborgararéttur), bæði hverir vera skyldi dansk-íslenzkir ríkisborgarar og um svonefnt „*jafnrétti þegnanna*", sem danska stjórnin gætti stranglega, að eigi væri brotið af íslenzku löggjafarvaldi. Íslenzka löggjafarvaldið setti þó ýms ákvæði um verkanir fæðingjaréttarins, svo sem það, að hann skyldi vera skilyrði ýmiskonar réttindanautnar, t. d. embættis, skipstjórnar o. s. frv.

6. Enda þótt löggæzla og dómgæzla væri „sérmál", þá voru fyrirmæli um *landhelgi* (viðáttu hennar) og *landhelgivarnir*, kallaðar „almennt mál", og Danmörk taldi sig því eiga ein að fara með þau.

7. Fyrirmæli um *ríkiseignir* og *ríkisskuldir* setti ríkisþing Danmerkur og konungur, án þess að Ísland kæmi þar til. Þar á móti gat Ísland tekið lán, sbr. 23. gr. stjskr. 1874, handa sér og réð einnig fyrir hinum sérstöku íslenzku eignum (þjóðjörðum, kirkjujörðum, opinberum byggingum o. s. frv.).

8. *Heiðursmerki* og *nafnbætur*.

9. Enda þótt dómgæzla á Íslandi ætti að vera „sérmál", þá hélt *hæstiréttur* í Kaupmannahöfn framvegis æðsta dómsvaldi í íslenzkum málum, og gat íslenzka löggjafarvaldið eigi gert breytingu á því, nema danska ríkisþingið samþykkti. Þar á móti var Alþingi og konungi talið heimilt að setja reglur um áfrýjun íslenzkra mála til hins danska hæstaréttar, að því leyti sem þeim yrði fylgt án röskunar á skipulagi dómsins eða málsmeðferð í honum, svo sem reglur um stefnufrest í íslenzkum málum þangað og hverjum stefna skyldi, sbr. lög nr. 19 2. okt. 1895, 3. gr. og nr. 15 20. okt. 1905.

10. *Lagafyrirmæli og aðrar réttarreglur um samband landanna, Íslands og Danmerkur*, var Danmörk ein auðvitað talin

bær að setja, alveg eins og ríkisþing hennar og konungur settu stöðulögin án þess að Alþingi hefði þar hönd með í bagga. Með því að Ísland var talið *„landshluti“*, *„hluti úr ríkinu“*, *„hjálenda“* (Biland) o. s. frv., þá þótti dönskum lögfræðingum og stjórnmálamönnum það einsætt, að Ísland sjálft ætti enga *lagaheimlingu* til þess að ráða nokkru um þessi mál. Þeir töldu grundvallarlög Danmerkur gilda hér í hvívetna, þar sem við gæti átt og af því leiddu þeir líka þá ályktun, að löggjafarvald „alríkisins“ gæti kveðið á um stöðu Íslands í því „alríki“, eins og því þóknaðist.

Geta má nærri að dómsmálaráðherra Danmerkur, sem jafnframt því embætti gengdi ráðherrastörfum í „sérmálum“ Íslands frá 1874 til 1904, hafi gætt þess vandlega, að aldrei væri lagt á þessu tímabili af hálfu konungs fyrir Alþingi nokkurt lagafrumvarp eða annað málefni, sem til „almennu málanna“ mætti teljast. Þess munu víst engin dæmi, að ráðherrarnir dönsku hafi flaskað á þessu. Slíkur maður sem Nellemann, er lengst um gegndi þessari stöðu, gætti þess mjög rækilega, að hvergi væri slakað til frá stöðulögunum í stjórnmálaskiftum Danmerkur og Íslands, og eftirmenn hans fylgdu vitanlega sömu reglu í þessu efni. Vitanlega varð og sama upp á teningnum árabilið 1904 til 1918, þó að ráðherra Íslands væri íslenzkur maður og ætti heimili á Íslandi. Íslenzk lagafrumvörp, er af hálfu konungs voru lögð fyrir Alþingi, voru áður borin upp fyrir konungi í ríkisráði Danmerkur, og danskir ráðherrar gátu jafnan sett skorður við því, að konungur samþykkti uppburð nokkurs máls í sínu nafni á Alþingi, ef nokkuð það var í frumvarpinu, er færi að einhverju leyti í bága við kenningar Dana um samband landanna. Þó var hér nokkuð slakað á 1907, er millilandanefndin var sett 30. júlí það ár, til þess að undirbúa nýja löggjöf um stöðu Íslands í „Det samlede danske Rige“, sem til þess væri fallin að leggjast fyrir bæði ríkisþing (Danmerkur) og Alþingi. Með þessum hætti var því þá heitið af hálfu konungsvaldsins (og dönsku stjórnarinnar), að löggjöf um samband landanna yrði lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Þetta var og gert 1909, þótt fyrir lítið kæmi. Síðan var konungur látinn oftar en einu sinni lýsa yfir því í ríkisráði, að hann mundi eigi gera breytingu á ákvörðun sinni (1912, 1913, 1915 og 1917) um uppburð íslenzkra mála þar fyrr en ný og jafnörugg skipun yrði gerð á ríkisréttarsambandi landanna,

er ríkisþing og Alþingi samþykkti, en hann staðfesti.[1]) Einnig staðfesti konungur stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 með því fyrirmæli í 21. gr., að ef Alþingi samþykkti breytingar á sambandi Danmerkur og Íslands, þá skyldi það mál borið undir Alþingi til samþykktar eða synjunar. Hafði konungsvaldið þar með fært út verksvið Alþingis frá því, sem það var hugsað eftir stöðulögunum. Loks voru undirbúnir samningar um þjóðréttarsamband landanna sumarið 1918, er lagðir voru til samþykktar fyrir Alþingi það ár. Hefur því engin breyting verið gerð á þessu máli síðan 1904, án þess að samþykki Alþingis kæmi til.

Íslenzkir stjórnmálamenn bundu sig eigi eins við þau takmörk, sem valdi þingsins voru sett með stöðulögum og stjórnarskrá. Þegar á fyrra hluta þessa tímabils (1874—1904) báru þingmenn upp á Alþingi mál, sem vald þess náði eigi til. Merkust þeirra mála voru frumvarp um samband landanna og æðstu stjórn á landinu (endurskoðun stjórnarskrárinnar, miðlunin), hæstarétt á Íslandi og búsetu fastakaupmanna, sem þótti fara í bága við meginreglu danskra lögfræðinga og stjórnmálamanna um „jafnrétti þegnanna“. Og á síðara hluta tímabilsins kemur fánamálið, sem borið var fram á Alþingi 1912 og 1913, og niðurfelling ríkisráðsákvæðisins í stjórnarskrárfrumvörpunum 1911 og 1913, sjá stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 1. gr.[2]) Bæði þessi mál fóru út fyrir það svið, sem Alþingi var markað í stöðulögum og stjórnarskrá.

Eins og nærri má geta, skifti þingið sér af stjórn landsins í ýmsum greinum, einkum eftir að ráðherra „sérmálanna“ var hér orðinn búsettur. Auðvitað vörðuðu þau afskifti aðallega þó meðferð „sérmálanna“. En vel gat þingið tekið þann upp, að hlutast til um meðferð „almennu málanna“ og samþykkja tillögur eða áskoranir eða ávörp um einstök atriði þeirra, svo sem kvartanir vegna slælegrar landhelgigæzlu, tilmæli til stjórnarinnar um það, að hún sæi um, að rekið væri réttar landsins gagnvart erlendum aðiljum o. s. frv. 1911 samþykkti Alþingi einnig mótmæli gegn stöðulögunum, eins og sagt hefur verið, tillögurnar um fánamálið 1914 og 1917 o. s. frv.

II. Eftir 1. des. 1918 varð afar mikilsverð breyting á valdi

1) Sjá Einar Arnórsson Þjóðréttarsamband Íslands og Danmerkur, Rvík 1924, bls. 5—7.

2) Sbr. þjóðréttarsamband Íslands og Danmerkur bls. 6—8.

Alþingis: Ísland varð nú viðurkennt fullvalda ríki og tók nú í sínar hendur meðferð allra sinni mála, eins og fullvalda ríki getur haft hana, nema að umboð var Danmörku veitt til þess að fara með íslenzk utanríkismál, þ. e. framkvæmd þeirra, en eigi löggjafarvald. Í samræmi við þetta breyttist nú valdsvið Alþingis: Það hefur nú *samþykktarvald um öll löggjafarefni* og *íhlutunarvald um öll landsstjórnarmál að því leyti sem þau geta eftir eðli sínu eða landslögum komið til kasta þingsins.*

III. Störf Alþingis má greina með ýmsum hætti. Og mun sú aðalflokkun verða höfð, sem nú skal greina:

A. Störf, er varða skipun þingsins sjálfs og þinghaldið.

B. *Hluttaka í löggjafarvaldinu,* og

C. Afskifti af *landsstjórnarstörfum* („administrativ" störf).

## 76. gr.

### Hluttaka Alþingis í löggjafarvaldinu.

I. *Frumkvæði að lögum.* Samkvæmt 9. gr. stjskr. 1874 og 21. gr. stjskr. 1920 getur konungur fyrst og fremst látið leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga. Þau frumvörp eru kölluð *stjórnarfrumvörp.* Þau eru venjulega svo til komin, að ráðherra (og áður oft landshöfðingi, er svo fekk ráðherra frumvarpið til flutnings fyrir konungi) hefur samið eða látið semja frumvarp til laga, og síðan er gerð tillaga til konungs um það, að hann leyfi, að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi. Er konungur svo hefur samþykkt það, þá leggur ráðherra það fram í annari hvorri þingdeildinni. Fjárlagafrumvörp og fjáraukalaga skal stjórnin leggja fram í upphafi hvers reglulegs þings og jafnan fyrst í neðri deild, 25. gr. stjskr. 1875, 8. gr. stjskpl. 1903, 14. gr. stjskpl. 1915 og 38. gr. stjskr. 1920. Stjórnin getur borið upp frumvörp á Alþingi, hversu langt sem liðið er af þingtímanum. Á síðari tímum er það orðið títt, að ráðherrar fá þingmenn eða nefndir til þess að flytja frumvörp fyrir sig, í stað þess að leita samþykkis konungs til þess að flytja þau í nafni stjórnarinnar. Skiftir engu máli, hvor leiðin er höfð, því að samþykki konungs í þessu sambandi er algerlega þýðingarlaust, nema það, að fá þarf eigi samþykki deildarinnar til þess að hún taki málið til meðferðar, þótt það komi fram 4 vikum eftir þingsetningu. Auk stjórnarinnar hefur hver þingmaður, eins og áður segir, rétt

til þess að flytja lagafrumvarp í sinni deild. Í 18. gr. þingskpl. 1905 og 19. gr. þingskpl. 1915 er svo mælt, að samþykkis deildar þurfi til þess að hún taki þingmannafrumvarp til meðferðar, að undanteknum frumvörpum til breytinga á stjórnarskrá eða lögum um þingsköp Alþingis, ef því hefur verið útbýtt 4 vikum eða síðar eftir þingsetningu. Samþykkis þessa skal leita við fyrstu umræðu frumvarps, þegar er flutningsmaður hefur tekið til máls og skýrt frumvarpið fyrir mönnum. Það mun dæmafátt eða jafnvel dæmalaust, að deild neiti að taka frumvarp til meðferðar og felli það með þessum hætti.

II. Lagafrumvörp öll hefur jafnan átt að semja í lagaformi. Fyrirsögn frumvarpa er allt af höfð þannig: „Frumvarp til laga um“ þetta eða hitt. Og svo er frumvarpi skift niður í greinir og ef til vill kafla, einkum löngum og umfangsmiklum frumvörpum. Frumvörpum stjórnarinnar hafa jafnan fylgt einhverjar athugasemdir. Þingmannafrumvörp voru þar á móti venjulega borin upp án nokkurrar greinargerðar annarar en framsögu flutningsmanna, unz svo var boðið í þingskpl. 1915, að frumvarpi hverju skyldi fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess og yfir leitt skýring á höfuðákvæðum þess. Fer það mjög eftir viti flutningsmanna og alúð, hversu greinargerðir frumvarpa þeirra eru fullkomnar, eins og nærri má geta. Frumvörp hefur jafnan átt að láta prenta og útbýta meðal þingmanna á ákveðnum tíma, áður en þau koma til umræðu, sjá 11. gr. þingskpl. 1876, 18. gr. þingskpl. 1905 og 19. gr. þingskpl. 1915.

III. Samkvæmt 27. gr. stjskr. 1874 varð ekkert lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar fyrr en það hafði verið rætt þrisvar sinnum í hvorri deild þingsins. Og er þessari reglu óbreyttri haldið í 40. gr. stjskr. 1920, sbr. og 11. gr. þingskpl. 1876, 19. gr. þingskpl. 1905 og 20. gr. þingskpl. 1915. Við *fyrstu umræðu* liggur frumvarpið fyrir eins og það er frá hendi flutningsmanns, hvort sem stjórnin er eða þingmaður einn eða fleiri. Skal frumvarp þá rætt í heild sinni, aðalstefna þess, og eigi farið út í einstök atriði, nema nauðsynlegt þyki til skýringar. Er þessu þó eigi stranglega fylgt í framkvæmd, enda eigi vel hægt að gera það. Að lokinni fyrstu umræðu er leitað atkvæða um það, hvort frumvarp skuli ganga til 2. umræðu, en eigi greidd atkvæði um frumvarpið sjálft eða breytingartillögur, sem þegar kann að hafa verið útbýtt. Nefnd fær og oftast lagafrumvörp til athugunar, venjulega að fyrstu umræðu lokinni, en umræðu er þó

stundum frestað, þartil nefnd hefur skilað áliti sínu. Og er þá umræðu haldið áfram. Um fyrstu umræðu sjá 12. gr. þingskpl. 1876, 20. gr. þingskpl. 1905 og 21. gr. þingskpl. 1915.

*Önnur umræða* má eigi fyrr fara fram en 2 dögum (13. gr. þingskpl. 1876) eða 2 nóttum (þingskpl. 1905 21. gr. og 1915 22. gr.) eftir 1. umræðu. Þá skal ræða einstakar greinar frumvarps ásamt breytingartillögum við þær, og í köflum eftir ákvörðun forseta. Síðan er gengið til atkvæða um hverja breytingartillögu og þá grein, er hún fylgir, og svo skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarp skuli fara til þriðju umræðu. Vísa má frumvarpi enn til nefndar og fresta umræðu á meðan. Sama tíma sem áður segir eftir 2. umræðu getur frumvarp svo komizt til *þriðju umræðu*. Þá skal ræða breytingartillögur við einstakar greinar og frumvarpið í heild sinni. Að því loknu er frumvarpið sjálft borið undir atkvæði. Ef það er samþykkt, þá verður það afgreitt til hinnar deildarinnar. Í 14. gr. þingskpl. 1876 átti annar skrifara deildarinnar að skrá frumvarpið með samþykktum breytingartillögum og lesa það upp áður en það væri borið undir atkvæði, „að því leyti sem forseta þætti þess þörf". Þessi meðferð mun lítt hafa tíðkazt, enda mjög óþörf, með því að breytingatillögur og viðauka voru allt af prentaðar. Í 22. gr. þingskpl. 1905 og 23. gr. þingskpl. 1915, þar sem um þriðju umræðu lagafrumvarpa segir, er þessi regla úr þingskpl. 1876 eigi tekin. Þingmönnum er ætlað að greina það hjálparlaust, hvað undir atkvæði þeirra kemur. Þeir samþykkja eða fella frumvarpið svo breytt sem það kann að vera orðið eftir samþykkt breytingartillagnanna.

Það hefur verið undir skilið, að frumvarpi hafi eigi verið vísað frá, vísað til stjórnarinnar eða vikið frá með rökstuddri dagskrá eða afturkallað.

Þegar nú önnur deildin hefur samþykkt lagafrumvarp, þá sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar. Verður það tekið þar á dagskrá samkv. fyrirmælum þingskapa. Skal frumvarpið ræða þar þrisvar með sama hætti sem í hinni fyrri deild. Ef síðari deildin samþykkir frumvarpið óbreytt eða fellir það, svæfir, vísar því frá o. s. frv., þá er meðferð þess á því þingi lokið. Ef það er samþykkt óbreytt, sendi forseti frumvarp áður til landshöfðingja, en síðan 1904 til ráðherra, 16. gr. þingskpl. 1876, 23. gr. þingskpl. 1905 og 24. gr. þingskpl. 1915. En ef breytingar verða gerðar á lagafrumvarpi í síðari deildinni, þá fer

það, samkvæmt 40. gr. stjskr. 1874, 9. gr. stjskr. 1903 og 41. gr. stjskr. 1920, þingskpl. 1876 17. gr., 1905 24. gr. og 1915 25. gr., aftur til fyrri deildarinnar. Ef nefnd hefur fjallað um málið þar, þá sendir forseti henni það, en síðan skilar nefnd áliti sínu. Venjulega mun nefnd nú taka málið fyrir af sjálfsdáðum. Deildin ræðir nú málið í einni umræðu eftir reglum þingskapa um þriðju umræðu. Ef deildin samþykkir nú frumvarpið óbreytt, þá verður það sent til stjórnarinnar (landshöfðingja áður, ráðherra síðan). Svo má vera, að deildin felli það eða afgreiði það ekki frá sér. En ef hún breytir því enn, þá fer það svo breytt til *einnar* umræðu í hinni deildinni. Ef hún samþykkir frumvarpið nú óbreytt, eins og hin deildin skilaði henni því, þá afgreiðir forseti hennar það til stjórnarnnar. En ef frumvarpið er enn samþykkt með breytingum, þá skal forseti deildar þeirrar, er frumvarpið hafði síðast til meðferðar, senda það forseta sameinaðs Alþingis. Síðan kemur frumvarpið til einnar umræðu í sameinuðu þingi, sbr. auk áðurnefndra greina stjórnskipunarlaganna 19. gr. þingskpl. 1876, 25. gr. þingskpl. 1905 og 26. gr. þingskpl. 1915. Eftir þingskpl. 1876 mátti gera breytingartillögu við frumvarp í sameinuðu þingi með sama hætti sem í deildunum. En með 30. gr. þingskpl. 1905 er bannað að gera breytingartillögur við lagafrumvörp í sameinuðu þingi við önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu (þ. e. eina umræðu). Forseti vísaði öðrum breytingartillögum frá. Þessi regla gildir enn eftir 32. gr. þingskpl. 1915. Umræðan í sameinuðu þingi fer eftir sömu reglum sem 3. umræða. Þegar venjuleg frumvörp koma í sameinað Alþingi, þá þarf venjulegan meiri hluta atkvæða til samþykktar einstökum atriðum, en ⅔ þarf til samþykktar frumvarpsins í heild sinni.

IV. Um meðferð *frumvarpa til breytinga á stjórnarskránni* og um *fjárlagafrumvörp* og *fjáraukalaga* hafa jafnan gilt nokkrar sérreglur, og skal að þeim vikið hér:

1. Frumvörp til breytinga á þeim ákvæðum í stjórnarskrá 1874, stjórnskpl. 1903 og 1915 og stjskr. 1920, sem eigi má breyta með almennum lögum, hefur jafnan átt að nefna því nafni eða öðru líku, er gæfi til kynna efni frumvarpsins. Annars kostar skal forseti vísa frumvarpinu frá, þingskpl. 1876 20. gr., 1905 26. gr. og 1915 27. gr. Það mun þó varla farið svo strangt í þetta, að frumvarpi sé þegar vísað frá af þessari ástæðu, heldur mun

það vera rætt og kostur veittur á að koma því í rétt horf. Ef það væri ekki gert áður en frumvarpið kæmi til atkvæða við 3. umræðu í deild, þá hlyti forseti að vísa frumvarpinu frá. Það eru önnur afbrigði frá almennu reglunni, að þessi frumvörp koma eigi í sameinað þing samkvæmt 61. gr. stjskr. 1874, 21. gr. stjskpl. 1915 og 1. málsgr. stjskr. 1920. Loks verða þau eigi afgreidd frá Alþingi til staðfestingar, nema tvö þing samþykki þau að undangengnu þingrofi og almennum kosningum milli þeirra, enda verði þeim í engu breytt á síðara þinginu.

2. Fjárlagafrumvarp skal stjórnin flytja og leggja fram í byrjun hvers þings. Bæði fjárlagafrumvarp og fjáraukalaga skal fyrst leggja fram í neðri deild, 25. gr. stjskr. 1874, 9. gr. stjskpl. 1903, 14. gr. stjskpl. 1915 og 38. gr. stjskr. 1920. Með þessum hætti fær neðri deild, fjölmennari deild þingsins, raunverulega meiru um fjárlögin ráðið en hin deildin, enda er það venja, að neðri deild hefur þau stórum lengur til meðferðar en efri deild, eins og kunnugt er. Að lögum er fjárlagafrumvarp (auk fjáraukalaga og landsreikningafrumvarpa) eina frumvarpið, sem stjórn landsins er beinlínis *skylt*, samkvæmt stjórnarskránni, að flytja. Það eru afbrigði, að einfaldur meiri hluti nægir til samþykktar fjárlagafrumvarps og fjáraukalaga í sameinuðu Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjskr. 1874, 9. gr. stjskpl. 1903 og 41. gr. stjskr. 1920. Alþingi má nú eigi slíta fyrr en því hefur verið veittur til þrautar kostur á að afgreiða fjárlög, 18. gr. stjskr. 1920. Hér má og minna á ákvæði síðustu málsgr. 32. gr. þingkspl. 1915.

V. Það yrði of langt mál, að rekja það hér, hvaða málefnum skipa skuli með lögum. Hér er einungis ástæða til þess að fara fám orðum um einstök atriði, sem löggjafarvaldinu er skipað að setja lög um eða því er sérstaklega heimilað að ráða.

1. Alþingi hefur þá fyrst og fremst verið falið að setja *stjórnskipulagsákvæði* (stjórnskipunarlög í þrengri merkingu, stjórnarskrá, það eru þau ákvæði, er eigi verður breytt, nema eftir fyrirmælum 61. gr. stjskr. 1874 eða 1. málsgr. 76. gr. stjskr. 1920) landsins með lögum. Þetta var þegar sagt í 61. gr. stjskr. 1874, var endurtekið í 21. gr. stjskpl. nr. 12 19. júní 1915 og er enn í lögum samkvæmt 1. málsgr. 76. gr. stjskr. 1920. Þar með er Alþingi fengið afarmikilsvert vald. Það leggur hyrningarsteininn undir stjórn landsins, löggjöf og dómsvald, með því að því er fengið slíkt vald í hendur. En því má þó ekki gleyma, að

*Alþingis kjósendur* hafa jafnframt fengið mikilsverðan ihlutunarrétt um þessi mál. Þegar stjórnskipunarlög, sem 61. gr. stjskr. 1874 og 1. málsgr. 76. gr. stjskr. 1920 taka til, eru samþykkt, þá skal þing rjúfa og hafa almennar kosningar til Alþingis, eins og áður er sagt.

2. Annað mikilvægasta atriðið er réttur Alþingis til lagasetningar um *fjármál landsins* og *fjárstjórn*. Hér til skal fyrst nefna *skattamál* og *tolla*. Þessi mál voru meðal sérmála landsins samkvæmt stöðulögunum. Í 59. gr. stjskr. 1874 var svo mælt, að skattgjaldamálum skyldi koma fyrir með lagaboði. Og fyrirmæli þetta er endurtekið að efni til í 73. gr. stjskr. 1920. Með þessu var Alþingi fenginn réttur til að afgreiða lög um skattamál og tolla og jafnframt lögð á það skylda í þá átt. Ennfremur voru lagðar mjög þýðingarmiklar hömlur á framkvæmdarvaldið í landinu með fyrimælum 23. stjskr. 1874, þar sem svo segir, að engan skatt — en hér er orðið „skattur" samheiti allra gjalda í almannaþarfir, bæði til ríkis og sveita — megi á leggja né af taka, nema með lagaboði. Löggjafarvaldinu — og þar með Alþingi — er með þessu fengið einkavald til þess að kveða á um það, hvaða skatta og tolla skuli hér gjalda til almennings þarfa. Nú er framkvæmd þessa valds í raun réttri ein höfuðundirstaða afkomu einstaklinga og afkomu þjóðarheildarinnar. Annars vegar verður að meta það, hvað gjaldþegnar þola að greiða án þess að atvinnustyrkur þeirra þverri og einkahagur þeirra versni um of, og hins vegar þarf að gera sér grein fyrir því, hvað nauðsynlegt sé og nytsamt að gera og hversu mikið fé til þess þurfi. Það er því auðséð, að með skattaálöguvaldinu er Alþingi fengið í hendur tvíeggjað vopn, sem heill landsins veltur á, að vel sé beitt og viturlega. Þegar Alþingi fekk þetta vald, þá voru skattalög landsins gersamlega úrelt, allt var í kaldakoli innan lands eftir aldalanga áþján erlends stjórnvalds og framkvæmdaleysi. Landsmenn voru að vonum fátækir, framkvæmdarlausir og smásýnir, og var því engin furða, þótt seint sæktist róðurinn fyrst lengi vel. Atvinnuvegir landsmanna voru allir í fullri niðurníðslu og gjaldþolið því nauðalítið.

Alþingi fekk jafnframt skattálöguvaldinu annað vald, sem einnig er afarmikils virði: Vald til þess að ráðstafa því fé, sem í lands- og síðar ríkisféhirzluna kom, *fjárveitingarvaldið*. Stjórninni var þegar boðið í 25. gr. stjskr. 1874 að gera í laga-

formi frumvarp um tekjur landsins og gjöld fjárhagstímabil það, er í hönd fór, er var tvö ár, þar til það var stytt í eitt ár með 38. gr. stjskr. 1920. Þessi skylda stjórnarinnar hélzt að sjálfsögðu allt þetta tímabil, sbr. 8. gr. stjskpl. 1903 og 14. gr. stjskpl. 1915, og stendur enn samkvæmt 38. gr. stjskr. 1920. Með skattalöggvaldinu fylgir réttur til að kveða á um það, hvernig *afla* skuli fjárins, en í fjárveitingavaldinu felst heimild til að kveða á um það, hvernig *verja* skuli fénu. Þó að það skifti miklu máli, hvernig stjórnin undirbýr fjárlagafrumvarp sitt, þá varðar hitt þó enn meira, hvernig þingið gengur frá frumvarpinu að lokum, því að eftir því fara — eða eiga að fara — framkvæmdir og fjárnotkun á fjárhagstímabilinu næsta. Fer og einna mestur tími og mest vinna á Alþingi til fjárlagafrumvarpsins.

Í þessu sambandi skal þess getið, að gert var ráð fyrir *lántöku* handa landinu, en hún mátti að eins verða samkvæmt *lagaheimild*, eftir 23. gr. stjskr. 1874, og er sama fyrirmæli enn í 36. gr. stjskr. 1920. Með þessu er aukið vald Alþingis um leið og vald stjórnarinnar er takmarkað. Og með þessu er Alþingi bæði fengið vald til að meta *lánsþörfina* og ákveða, til hvers lánsfénu skuli verja, svo og til að kveða nánar á um það, með hvaða kjörum lán megi taka, ef því er að skifta o. s. frv.

Fyrstu 30 ár sjálfstjórnartímans varð raunalega lítið úr framkvæmdum hér á landi. Flest sat í gamla farinu. Kom og svo mikill harðindakafli frá 1880 til 1890, að sjaldan hafa meiri komið. Þó voru byggðar nokkrar brýr, lagðir nokkrir vegir og reistir nokkrir vitar. Og 1885 var Landsbankinn stofnaður. Kenndi þó mest sparnaðar og barlóms hjá flestum þingmönnum á þessu tímabili. Var og sá háttur hafður á, að dregið var fé saman og lagt í sjóð, er viðlagasjóður hefur heitið, fám til gagns, í stað þess að verja fénu til verklegra framkvæmda í alþjóðar þarfir. Lán eða landsskuldir þekktust þá ekki. Eftir að „sérmála"-stjórn landsins fluttist hingað heim, fara íslenzkir menn, sumir stórhuga í samanburði við það, sem áður hafði verið, með þau mál. Kemur þá annar bragur á Alþingi og fjármeðferð alla. Þá er hætt að leggja fé upp á lága vöxtu, eins og verið hafði, og þá er farið að taka landslán til þarflegra framkvæmda. Þá var Íslandsbanki stofnaður, og varð hann mikil lyftistöng undir útgerðina, einkum togaraútveginn, og verzlun. Þá var lagður sæsíminn milli Íslands og ann-

ara landa, og þá voru lagðir símar um mestan hluta landsins. Þá færðist verzlunin að miklu leyti úr höndum erlendra kaupmanna í hendur íslenzkra manna, stórútgerðin rís upp, Eimskipafélagið er stofnað, skólar eru settir á stofn, þar á meðal háskólinn, samgöngur eru stórum bættar (vegir lagðir, brýr byggðar, vitar reistir), byggt yfir söfnin o. s. frv. Síðan landið var viðurkennt fullvalda ríki (1918), hefur því auðvitað eigi síður en 1904—1918 fleygt fram. Útvegsflotinn og kaupflotinn hafa stórum aukizt, samgöngubætur hafa gerðar verið meiri en áður voru dæmi til. Landið hefur tekið til sín æðsta dómsvaldið, sem áður var í Danmörku. Síðan hefur Ísland og raunverulega tekið að sér gæzlu landhelgi sinnar, sem Danmörk að vísu tók að sér með 8. gr. sambandslaganna og með sama hætti og áður hafði verið, en lítið hefur þótt kveða að þeirri gæzlu í seinni tíð.

Framkvæmdir þessar, og yfirhöfuð allar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga, má að miklu leyti telja ávöxt af skattálöguvaldi og fjárveitingavaldi Alþingis og heimild þess til þess að taka lán handa landinu, því að mörgum framkvæmdum hefði orðið að fresta, ef lántöku-heimildin hefði eigi verið til eða ef hún hefði eigi verið notuð. Þótt of snemmt kunni nú að vera, að kveða upp dóm um meðferð Alþingis á skattálöguvaldi sínu, lántökuvaldi og fjárveitingarvaldi á tímabilinu 1904—1918 og 1918 til 1930, þá mun ekki vera of djarft að spá því, að dómur sögunnar verði sá, að þingið hafi yfir höfuð farið vel með það vald og viturlega.

Í sambandi við þessi efni verður að geta ákvæða þeirra, sem fá Alþingi vald til *gæzlu á eignum landsins* og *fjárreiðum landsstjórnarinnar*. Samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár 1874 mátti eigi selja né með öðru móti láta af hendi neina af *jarðeignum* landsins, nema slíkt væri með *lagaboði* ákveðið. Í 36. gr. stjskr. 1920 er þetta fyrirmæli þannig orðað, að nú má ekki selja eða með öðru móti láta af hendi neina af *fasteignum* landsins né *afnotarétt* þeirra, nema samkvæmt lagaheimild. Hér má og nefna 2. málsgr. 64. gr. stjskr. 1920, þar sem segir, að ákveða skuli með lögum um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi. Með þessum fyrirmælum er Alþingi fengið vald til þess að ákveða, hvaða fasteignum landsins skuli farga og hverjum ekki og með hvaða hætti megi láta þær af hendi, svo sem til hverra og með hvaða kjörum.

Eigi mundi það vera nægilegt, þótt Alþingi væri fengið vald til að ráða skattalögum og fjárlögum, ef því væri engin heimild fengin til þess að gæta að því, hvernig stjórnin framkvæmir þau lög, hvernig hún rækir skattheimtuna og hvort hún greiðir það, sem henni ber að greiða — og eigi meira — og framkvæmir það, sem henni ber að framkvæma samkvæmt fjárlögum og öðrum lögum, sem fé þarf til að framkvæma. Og svo þarf þingið að hafa eftirlit með reikningsfærslu stjórnarinnar og reikningsskilum. Þess vegna var svo mælt í 24. gr. stjskr. 1874, að ekkert gjald mætti af hendi greiða, nema heimild væri til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þessi regla er orðrétt endurtekin í 37. gr. stjskr. 1920. Hún merkir líklega upphaflega það, að stjórnin mætti aldrei greiða gjald af hendi, nema samkvæmt fjárlögum eða þegar fenginni heimild í fjáraukalögum. En nú á dögum er þessum skilningi eigi haldið. Og þýðing greinarinnar er aðallega fólgin í því, að allar greiðslur, sem eigi eru heimilaðar í fjárlögum eða þegar staðfestum fjáraukalögum, skuli taka á fjáraukalagafrumvarp og bera það undir þingið til samþykktar. En hvernig sem skilja skal ákvæði 24. gr. stjskr. 1874 og 37. gr. stjskr. 1920, þá er hitt víst, að þingið hefur vald til að finna að hverju því, sem því þykir stjórninni hafa yfirsézt um fjármeðferð landsins. Til eftirlits með henni eru sett ákvæðin í 26. gr. stjskr. 1874, í 15. gr. stjskpl. 1915 og 39. gr. stjskr. 1920 um endurskoðun landsreikninga. Þetta mál telst þó til hluttöku þingsins í landsstjórn og er til undirbúnings undir landsreikningalögin. Öllum reikningum landsins fjárhagstímabilið á stjórnin að safna í einn heildarreikning og leggja hann síðan fyrir þingið í lagafrumvarpsformi. Landsreikninganefnd athugaði frumvarp til landsreikningalaga áður, en nú fjárhagsnefndir. Síðan samþykkir Alþingi með venjulegum hætti lög um samþykkt á landsreikningnum.

3. Stjórnarskipunarlögin leggja auðvitað ýms fleiri mál til Alþingis og bjóða því að setja lög um þau eða segja, að þeim verði að eins ráðið til lykta með lögum. Um fá ein þessara tilvika, hinna merkustu, skal hér talað. Samkvæmt 3. gr. stjskr. 1874 og stjskpl. 1903 2. gr. átti að skipa fyrir um það með lögum, hvernig Alþingi gæti komið fram ábyrgð á hendur ráðherra, og enn segir hið sama í 10. gr. stjskr. 1920. Tölu ráðherra mátti að eins breyta með lögum eftir 1. gr. stjskpl. 1915. Ákvæð-

um um embættaveitingavald konungs hefur að eins mátt breyta með lögum, 4. gr. stjskr. 1874 og 16. gr. stjskr. 1920. Tölu þingmanna og deildaskipun mátti og má enn einungis breyta með lögum, 14. og 15. gr. stjskr. 1874, 5. gr. stjskpl. 1903 og 26. gr. stjskr. 1920. Nánari reglur um Alþingiskosningar getur löggjafarvaldið sett, 18. gr. stjskr. 1874 og 29. gr. stjskr. 1920. Þingsköp Alþingis á að setja með lögum, 41. gr. stjskr. 1874, 54. gr. stjskr. 1920. Samkomutíma Alþingis má breyta með lögum 7. gr. stjskpl. 1903, 12. gr. stjskpl. 1915 og 31. gr. stjskr. 1920. Greiðslur af ríkisfé til konungs og konungsættar skal ákveða með lögum, 8. gr. stjskr. 1920. Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin, nema með lagaboði, 42. gr. stjskr. 1874 og 55. gr. stjskr. 1920. Kirkjuskipun landsins og fyrirmælum um gjaldskyldu til háskólans í stað kirkjunnar má breyta með lögum, 17. og 18. gr. stjskpl. 1915, 58. og 60. gr. stjskr. 1920. Með lögum er útlendingum veittur ríkisborgararéttur, 64. gr. stjskr. 1920. Lög þarf til að taka lögnámi eign manns, 50. gr. stjskr. 1874 og 63. gr. stjskr. 1920. Með lögum má skylda menn til landvarnar, 57. gr. stjskr. 1874 og 71. gr. stjskr. 1920. Sveitastjórnarmálum skal skipa með lögum, 58. gr. stjskr. 1874 og 72. gr. stjskr. 1920. Með lagaboði skyldi afnema bönd, er hömluðu frelsi í atvinnuvegum og jafnrétti manna til atvinnu, og eigi væri byggð á almennings heillum, 51. gr. stjskr. 1874. Og nú þarf lagaboð til þess að leggja hömlur á atvinnufrelsi manna, 65. gr. stjskr. 1920 o. s. frv. En stjórnskipulagagjafinn hefur aldrei ætlað sér að telja það upp til hlítar, um hvaða mál setja skyldi lög, og hefur því alls eigi takmarkað valdsvið Alþingis að því leyti. Fer þetta eftir því, hvaða störf lögð eru beinlínis til konungs eða annara stjórnarvalda. Skipun í embætti var t. d. almennt fengin framkvæmdarvaldinu í 4. gr. stjskr. 1874, sbr. 1. gr. stjskpl. 1915, og er enn eftir 16. gr. stjskr. 1920. Konungur skipaði landshöfðingja og ákvað verksvið hans eftir 2. gr. stjskr. 1874. Og nú skipar konungur ráðherra, ákveður tölu þeirra og verksvið, 11. gr. stjskr. 1920. Konungur rýfur Alþingi og frestar fundum þess, 7. og 8. gr. stjskr. 1874 og 18. og 19. gr. stjskr. 1920. Ráðherra ber mál upp fyrir konungi, stjskpl. 1903 1. gr., 1915 1. gr. og stjskr. 1920 12. og 14. gr. En að því leyti sem stjórnarskipunarlög skera ekki úr, þá fer það eftir venju og eðli málsins, eftir því, hvað leggja má í orðið framkvæmdarvald eða „stjórn“ í 1. gr. stjskr. 1874 og 2. gr. stjskr. 1920.

77. gr.

## Afskifti Alþingis af landsstjórnarstörfum („administrativ“ störf).

I. Það er, svo sem kunnugt er, höfuðregla stjórnskipulaga vorra, að konungur hefur æðsta vald í öllum málum landsins („sérmálunum“ samkv. stjskr. 1874), nema þeim, sem sérstaklega eru undan honum tekin, en það er dómsvaldið að öllu og löggjafarvaldið að nokkru. Þar á móti er hann enn að nafni til handhafi framkvæmdarvaldsins, sem er að vísu raunverulega í hendi ráðherra og annara embættismanna og sýslunar, sbr. stjskr. 1874 1.—3. gr., stjskpl. 1903 1. gr. og 2. gr. stjskr. 1920. Alþingi hefur því almennt ekki framkvæmdarvaldið með höndum, enda er það eigi vel til þess fallið. Þingið er seinvirkt, þar er eigi að vænta þeirrar þekkingar, sem þarf til meðferðar margra embættismála og framkvæmda, og það stóð fyrrum eigi nema 6—8 vikur annað hvert ár og nú nálægt 3 mánuðum árlega. Samt sem áður eru því falin nokkur framkvæmdarstörf eða afskifti af stjórn landsins bæði út á við og inn á við. Og verða þau störf Alþingis talin hér á eftir.

II. Það er gert ráð fyrir því í 9. gr. stjskr. 1874 og 21. gr. stjskr. 1920, að Alþingi geri ýmsar aðrar ályktanir eða setji aðrar samþykktir en lög, því að konungi er heimilað að leggja fyrir það uppástungur til laga og „ályktana“ (1874) og „tillögur til laga og annara samþykkta“ (1920). Þingið má t. d. kæra ráðherra eftir 3. gr. stjskr. 1874 og ræður málshöfðun gegn honum eftir 13. gr. stjskpl. 1903 og 10. gr. stjskr. 1920. Ávarp til konungs má samþykkja á Alþingi, 21. gr. stjskr. 1874 og 34. gr. stjskr. 1920. Og loks er hverjum þingmanni heimilað að bera upp í deild sinni sérhvert alþjóðarmálefni og æskja skýrslu ráðherra um það, 37. gr. stjskr. 1874 og 50. gr. stjskr. 1920. Það hefur og orðið tízka, að Alþingi hefur rætt og gert ályktanir um hverskonar almennt málefni, sem það hefur talið þörf að hlutast til um, og er gert ráð fyrir þessu í öllum þingsköpunum, sjá þingskpl. 1876, 22., 25., 26. og 27. gr. („uppástungur“ eru hér annað en lagafrumvörp) og einkum þingskpl. 1905 29. gr. og 1915 29. gr. Ákvörðun Alþingis um slíkt mál er þá eigi gerð í lagasniði, heldur í þingsályktunarsniði eða sem rökstudd dag-

skrá. Og verður því að setja hér nokkrar athugasemdir um hvorartveggja þessara ályktana. Ennfremur má þar næst minnast ofurlítið á aðrar aðferðir, sem þingið eða þingmenn hafa til að láta álit sitt uppi.

1. a. Í 23., 25. og 26. gr. þingskpl. 1876 er gert ráð fyrir því, að „uppástungur", aðrar en lagafrumvörp, komi fram frá einstökum þingmönnum eða þingnefndum. Er í greinum þessum sýnilega átt við uppástungur þær, sem nú er vant að kalla „tillögur til þingsályktunar". Um „uppástungur" þessar segir annars í 22. gr. þingskpl. 1876, að þær skuli vera samdar í ályktunarformi (Neðri deild ályktar til dæmis að skipa fimm manna nefnd til þess að athuga ákveðið efni o. s. frv.). Segja skyldi til þeirra á fundi. Hefur sú tilsaga verið í því fólgin, að tillögum þessum hefur verið útbýtt meðal þingmanna og því lýst úr forsetastóli. Síðan skyldi forseti taka tillögu á dagskrá með venjulegum hætti og gerði sjálfur tillögu um það á þeim fundi, hvernig hana skyldi ræða, hvort heldur einu sinni eða tvisvar. Skyldi svo deildin — eða þingið, ef tillaga var að eins borin upp í sameinuðu þingi — skera úr því með atkvæðagreiðslu, hversu margar umræður skyldi hafa. Venjulegt var, að forseti lýsti tillögu sína um umræðufjöldann samþykkta án atkvæðagreiðslu, ef enginn þingmanna hreyfir mótbárum við tillögu hans. Venja var að ræða „uppástungur" þessar einu sinni, nema mjög mikils þætti um þær vert. Kjósa mátti nefnd til þess að íhuga þær, og skilaði nefndin þá síðar áliti með venjulegum hætti. Tillaga gat verið svo orðuð, að deildin ályktaði að gera eitthvað, og lauk þá meðferð tillögunnar í þeirri deild. En hún gat líka verið svo orðuð, að Alþingi ályktaði eitthvað, og hlaut hún þá að ganga til hinnar deildarinnar, ef hún var samþykkt í þeirri deild, sem fyrr tók hana til meðferðar. Ef tillaga var samþykkt óbreytt í síðari deildinni, þá sendi forseti hennar hana til landshöfðingja, ef hún fór fram á, að eitthvað yrði gert af hendi stjórnarinnar. Ef síðari deildin samþykkti tillögu breytta, þá gekk hún, þannig breytt, til hinnar deildarinnar, og var rædd þar einu sinni. Ef enn gekk ekki saman, þá fór tillagan aftur til þeirrar deildarinnar, sem síðar hafði fengið hana. Ef enn gekk ekki saman, mátti tillagan fara í sameinað þing til einnar umræðu.

Það varð snemma mjög títt, að þingmenn bæri upp tillögur til þingsályktunar með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst.

Hafa þeir með þessum hætti komið á framfæri mörgum merkum málum. Upphaf margra merkra lagabálka og nýmæla eru þingsályktunartillögur, þar sem skorað hefur verið á stjórnina að rannsaka eða láta rannsaka ýms löggjafarefni og undirbúa lagafrumvörp um þau, eða koma einhverju framfaramáli annars í framkvæmd.

b. Í 27. gr. þingskpl. 1876 segir fyrst, að hvorug þingdeildin megi við nokkru málefni taka, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings, og tekur þar með upp 38. gr. stjskr. 1874. Meðal þessara málefna telur greinin síðan „bænarskrár, ávörp, kærur og þesskonar málaleitanir frá utanþingsmönnum". Forseti skyldi segja til allra slíkra erinda á fundi. Afbrigði frá þingsköpum þurfti til upplestrar þeirra á fundi. Forseti gat þá sjálfur að því leyti tekið mál að sér til flutnings, að hann mátti leggja til, að nefnd yrði kosin til þess að íhuga það og ef til vill gera tillögur um það. Einnig gat hver þingmanna lýst sig flytjanda slíkra erinda, og átti þá að vísa því til þeirrar deildar, sem sá þingmaður átti sæti í, ef það hafði verið stílað til þingsins í heild sinni. Þar átti svo að taka málið á dagskrá og vísa því til nefndar þeirrar, sem flutningsmaður óskaði. Hér er gert ráð fyrir því, að flytjandi slíks erindis hafi alls ekki borið upp nokkra þinglega orðaða tillögu um málið, en vitanlega gat hann þegar gert það, og fór þá um tillögu hans eins og um aðrar þingsályktunartillögur samkvæmt því, er segir í a. hér á undan. Svo gat flytjandi þessara mála einnig borið upp tillögu til þingsályktunar, ef nefnd sú, sem fengið hafði málið til athugunar, vildi ekki sinna því. Ef nefndin þar á móti taldi deildina eiga að sinna málinu, þá flutti hún tillögu til þingsályktunar um það. Sú tillaga sætti síðan samskonar meðferð sem lýst er í a.

Þessi aðferð að kjósa nefnd í mál, sem utanþingsmaður hafði sent þinginu erindi um og enginn þingmaður hafði flutt þinglega orðaða tillögu um, var einatt höfð fyrstu þingin eftir 1874, en eftir 1880 virðist hún alveg leggjast niður. Síðan hafa einstakir þingmenn eða nefndir flutt þinglega orðaðar tillögur, sem deild þeirra eða sameinað Alþingi hefur svo tekið til meðferðar. Það mátti líka fyrrum vel verða, að þingmenn flytti þinglega orðaða tillögu um það, að deildin eða þingið skipaði nefnd til þess að íhuga mál, sem utanþingsmaður hafði sent Alþingi, alveg eins og nú tíðkast.

Í 29. gr. þingskpl. 1905 eru miklu styttri og gleggri reglur um þingsályktunartillögur en í 22. og 27. gr. þingskpl. 1876. Reglur þingskpl. 1905 staðfesta sýnilega í öllu verulegu þá venju, sem þegar hafði tíðkazt lengi og óslitið um meðferð þessara tillagna. Nú var svo mælt, að þær skyldi vera í ályktunarformi, og gilti það hvort sem stjórnin eða þingmaður flutti þær. Þær skyldi ræða einu sinni eða tvisvar, og var ein umræða oftar höfð. Stakk forseti upp á umræðufjölda, sem svo var samþykktur umræðulaust. Um nefndarskipun fór svo sem áður segir. Ef ein umræða var höfð, þá fór hún og svo atkvæðagreiðsla eftir reglum þingskapa um 2. umræðu lagafrumvarpa. Svo var og um fyrri umræðu, ef tvær umræður voru hafðar. En síðari umræða fór þá með sama hætti sem 3. umræða lagafrumvarpa. Þingsályktunartillaga gat verið svo orðuð, að deildin, sem tillagan var borin upp í, ályktaði að gera eitthvað. Þá var meðferð hennar lokið í þeirri deild. Hitt var og heimilt og títt, að tillagan væri svo orðuð, að Alþingi ályktaði að gera eitthvað. Þá varð tillagan að ganga til hinnar deildarinnar, og sætti hún þar sömu meðferð sem í fyrri deildinni. Ef tillaga var samþykt með breytingum í síðari deildinni, þá skyldi hún, þannig breytt, lögð fyrir sameinað Alþingi, og var hún útkljáð þar með einni umræðu. Loks mátti bera tillögu upp í sameinuðu þingi, án þess, að hún kæmi fyrir deildirnar. Afgreiðsla þingsályktunartillagna fór með einhverjum þeim hætti, sem segir í 74. gr. II H.

Nú eru fyrirmælin um meðferð þingsályktunartillagna í 29. gr. þingskpl. 1915. Og eru þau alveg eins og ákvæðin í 29. gr. þingskpl. 1905. Sú breyting er þó gerð, að þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, skal jafnan bera upp í báðum deildum og hafa tvær umræður um þær. Um slíkar tillögur skal einnig fá álit fjárveitinganefndar deildarinnar, samkvæmt síðustu málsgr. 16. gr. þingskpl. 1915. Þingsályktunartillögu má jafnan enn afgreiða með einhverjum þeim hætti, sem segir í 74. gr. II. H.

2. *Rökstudd dagskrá* getur einnig haft að geyma ályktun, er varðar framkvæmd einhverrar ráðstöfunar eða þá, að einhver athöfn fari ekki fram. Það er t. d. algengt, að lagafrumvarp sé afgreidd með þannig lagaðri dagskrá, að deildin eða þingið treysti því, að stjórin undirbúi mál til næsta þings eða hagi sér svo eða svo í ákveðnu máli.

3. Þótt eigi sé ályktun gerð eða rökstudd dagskrá, þá

má vera, að einstakir þingmenn eða þingflokkur láti uppi skoðun sína á ákveðnu máli og hversu hann ætli að haga sér í því. Getur slíkt álit, eða fyrirætlanir, komið fram í umræðum og nefndarálitum, bæði um lagafrumvörp, fyrirspurnir og þingsályktunartillögur. Sem dæmi má nefna hinar svo nefndu „eldhússdags"-umræður, sem tíðkazt hafa síðan stjórnin fluttist inn í landið. Þær fara fram aðallega í neðri deild við 1. og 1930 við 3. umræðu fjárlagafrumvarpsins, sem kunnugt er, og koma þar fram aðfinningar við stjórnarfar í landinu, aðallega síðan síðasta þingi var slitið. Í umræðum um fyrirspurn getur slíkt og komið fram, og þó einkum, hvað menn vilji láta stjórnina gera.

III. Þá skal líta yfir þau störf, sem Alþingi skal af höndum inna og til þessa flokks teljast.

1. *Störf, er varða samband Íslands við önnur ríki.* Hér er vitanlega eigi við það átt, að slík mál kunna að koma til Alþingis í sambandi við lagafrumvörp, svo sem lög um breytingar á sambandslögunum dansk-íslenzku, 2. málsgr. 76. gr. stjskr. 1920, sbr. áður 2. málsgr. 21. gr. stjskpl. 1915, því að þá verða afskifti Alþingis af utanríkismáli jafnframt þáttur í lagasetningar-aðgerð þess. Til 1918 gætti afskifta Alþingis af utanríkismálum vitanlega lítið, með því að þau voru í höndum danskra stjórnarvalda, nema á stríðsárunum 1916, 1917 og 1918. En síðan landið varð viðurkennt fullvalda ríki, hefur þingið hlotið að láta þessi mál meira til sín taka en áður. Það kýs sjö manna utanríkismálanefnd, eins og fyrr segir. Stjórnin getur, hve nær sem henni þykir þess þörf, leitað ráða eða ályktunar þingsins um það, hvernig hún eigi að haga sér í tilteknu utanríkismáli, og þingið getur þá gert ályktun um það eða gefið stjórninni leynilegar bendingar um álit sitt og vilja, og er það vitanlega tíðara. Merkasta ákvæðið um afskifti Alþingis af utanríkismálum er í 17. gr. stjskr. 1920. Samkvæmt henni gerir konungur (á ábyrgð íslenzks ráðherra) samninga við önnur ríki. En þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. Danmörk fer að vísu með utanríkismál Íslands í umboði þess, samkvæmt 7. gr. sambl., en eigi getur hún gert samninga við önnur ríki, nema samþykki réttra íslenzkra stjórnarvalda komi til. Þetta samþykki veitir Alþingi stundum samkvæmt 17. gr. stjskr. 1920.

Þá koma undir Alþingi ýms afskifti og ályktanir, er varða

*samband Íslands við Danmörku og konung.* Samþykki Alþingis þarf til þess, að Danmörk megi breyta núgildandi ríkiserfðalögum, 2. gr. sambl. og 3. gr. stjskr. 1920. Eigi má konungur vera þjóðhöfðingi í öðrum löndum en Íslandi og Danmörku, nema Alþingi samþykki, 4. gr. sbl. og 5. gr. stjskr. 1920. Ef fleiri en einn kallaði til ríkis á Íslandi, þá ætti sameinað Alþingi úrskurð þess máls, svo og, hvort sá, er hefði tekið konungdóm í Danmörku, væri borinn til ríkis hér á landi samkvæmt ríkiserfðalögunum. Eigi mætti breyta gildandi reglum um meðferð konungsvalds, þegar konungur er sjúkur, ólögráður eða staddur utan beggja ríkjanna, né heldur reglunum um lögræði konungs og trúarbrögð, nema Alþingi samþykkti, sbr. 3. gr. sbl. og 4. gr. stjskr. Þá má nefna það, að ákvörðun um uppsögn samnings þess, sem í sambandslögunum greinir, skal samkvæmt 18. gr. þeirra taka í sameinuðu Alþingi með ⅔ atkvæða þingmanna. Alþingi kýs og menn í dansk-íslenzka ráðgjafarnefnd samkvæmt 16. gr. sambl. Alþingi geymdi annað eintakið af eiðstaf konungs samkvæmt 2. gr. stjskpl. 1915 og gerir það nú samkvæmt 6 gr. stjskr. 1920.

2. *Afskifti Alþingis af skipun ráðherra og lausn .— Ákæruvald þess á hendur ráðherrum.* Svo sem áður er greint, hafði Alþingi engin afskifti af skipun og lausn þess manns, sem með ráðherravald fór í íslenzkum málum, þar til æðsta stjórn landsins fluttist til Íslands (1904). Í stjskpl. 1903 segir að vísu ekkert beinlínis um það, að Alþingi megi hafa hönd í bagga með því, hver með ráðherravaldið fari. En svonefnt *þingræði* komst hér þó bráðlega á, þannig að venjulega mætti enginn ráðherra vera, nema hann hefði stuðning meiri hluta þings eða að minnsta kosti hlutleysi. Varð auðvitað að bregða af þessu, ef þing var svo skipað, að enginn gat náð meiri hluta eða hlutleysi nægilega margra þingmanna. Þegar 1909, í neðri deild, var borin upp tillaga til þingsályktunar, þar sem lýst var vantrausti á ráðherra og skorað á hann að biðjast lausnar. Með því að sýnt var, að ráðherra var kominn í minnihluta í þinginu, þá baðst hann þegar lausnar. En meiri hlutinn benti á mann í staðinn og réð raunverulega, hver við tæki. Og þannig var það, meðan einn var ráðherra, að enginn tók við því embætti, nema hann hefði áður tryggt sér stuðning meiri hluta þingsins, eða að minnsta kosti góðviljað hlutleysi. Eftir að ráðherrum var fjölgað, hefur og meiri hluti þingsins ráðið eigi að eins, hver

skyldi forsætisráðherra vera, heldur einnig samverkamönnum hans, hinum tveimur ráðherrunum. Og þessu hefur verið svo háttað, jafnvel þótt ráðherraskifti færi fram milli þinga, eins og sumarið 1927. Alþingi getur og látið sér nægja, að krefjast þess, að annar eða báðir hinna ráðherranna fái lausn og að þingið nefni svo til ráðherra í stað hans eða þeirra. Vantraustsyfirlýsingu má bera upp bæði í deildum og í sameinuðu þingi, eins og gert var 1918.

Nú kynni einhver að segja, að þessi afskifti Alþingis af því, hver með ráðherravald fari, brjóti í bága við fyrirmæli 11. gr. stjskr. 1920, þar sem segir, að *konungur* skipi ráðherra og veiti þeim lausn. En við þessu liggur það svar, að í 1. gr. sömu stjórnarskrár segir, að stjórnskipulagið sé *„þingbundin konungsstjórn"*. Í þessu hugtaki felst það meðal annars, að þingið eigi að ráða þeirri höfuðstefnu eða þeim höfuðstefnum, sem ríkja eiga um stjórn lands og löggjöf, og til þess er nauðsynlegt, að það eigi þess kost að tilnefna ráðherrana, og það var þá föst venja í löndum með þingbundinni konungsstjórn, þegar stjórnarskrá 1920 var sett. Er því auðsætt, að 11. gr. stjskrár. 1920 verður að skýra með hliðsjón af fyrirmælum 1. gr. Merkir 11. gr. það, að konungur undirritar bæði skipunar- og lausnarbréf ráðherra, en hún segir ekkert um það, hver annars ráði því, hvenær leysa skuli ráðherra frá embætti og hverja skipa í staðinn. Um það fer meðal annars eftir venju þeirri, sem komin var á, og hugtakið „þingbundin konungsstjórn", sem lögskipuð er í 1. gr. stjskr., helgar.

Alþingi getur dæmt athafnir ráðherra og athafnaleysi *siðferðilega* og *pólitiskt*. En *lagadóm* getur þingið eigi fellt yfir þeim. Eftir 3. gr. stjskr. 1874, sbr. 2 bráðabirgðaákvæði hennar, átti Alþingi að geta komið fram ábyrgð á hendur ráðherra eftir þeim reglum, sem nánar yrði skipað fyrir um með lögum, eins og það er orðað. En þau lög voru aldrei sett, meðan þetta ákvæði stóð í gildi. Hæstiréttur Danmerkur átti þá að dæma mál þau, er hér segir. Svo var Alþingi einnig heimilað að bera sig upp undan því, hvernig landshöfðingi beitti sínu valdi, en þá átti konungur að ákvarða hverju sinni, hvernig þeirri ábyrgð skyldi komið fram. Samkvæmt 2. gr. stjskpl. 1903 átti Alþingi enn ákæruvaldið á hendur ráðherra fyrir embættisrekstur hans, eftir þeim reglum, er síðar skyldi settar með lögum, en þangað til þau lög kæmi, skyldi hæstiréttur Danmerkur

framvegis dæma þau mál. Ákvæði um ákæru og dómsvald í málum þessum voru svo sett með lögum nr. 11. 20. okt. 1905. Samkvæmt 10. gr. þessara laga skyldi ákvörðun gera um málshöfðun gegn ráðherra — og landritara, ef hann gegndi ráðherraembætti á eigin ábyrgð, sbr. 1. gr. stjskpl. 1903 og 1915 — með þingsályktunartillögu í sameinuðu þingi, og stendur enn við þetta. Dæmir landsdómur þessi mál. Aldrei hefur Alþingi enn þá samþykkt ályktun um málshöfðun á hendur ráðherra. Alþingi getur hér, sem þingin annarstaðar, og samþykkt *traustsyfirlýsingu* til ráðherra, bæði í deild og sameinuðu þingi. En eigi mun það hafa verið gert, nema einu sinni, í sameinuðu þingi 1907.

3. *Afskifti Alþingis af endurskoðun landsreikninga o. fl.* Auk ákvörðunar um fjárveitingar og skattaálögur, hefur Alþingi hönd í bagga með endurskoðun á fjármeðferð stjórnarinnar. Þartil má telja landsreikningalögin, en þeirra er getið í sambandi við löggjafarstörf þingsins. Hér verður þar á móti að geta endurskoðenda landsreikninganna.

Samkvæmt 26. gr. stjskr. 1874 voru endurskoðendur tveir, og átti sín þingdeildin að kjósa hvorn þeirra og ákvað þingið laun þeirra. Þessi ákvæði stóðu óbreytt til 1915. Í stjskpl. 1915 15. gr. var ákveðið, að endurskoðendur landsreikninga skyldi vera þrír og kosnir í sameinuðu þingi með hlutfallskosningu, enda ákvæði þingið laun þeirra. Þessi breyting var til þess gerð, að minni hluta flokkar gæti líka komið að endurskoðanda, svo að endurskoðunin yrði fullkomnari og meira aðhald að stjórninni væri þar með fengið.[1]) Landsreikningurinn með athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum endurskoðenda er jafnan lagður fyrir Alþingi og fyrst fyrir neðri deild. Þar var honum áður vísað til 3 manna nefndar, landsreikninganefndar. Hún athugaði síðan öll þessi gögn. Að því loknu bar hún fram tillögu í svo eða svo mörgum liðum um þau efni, er henni þótti sérstaklega athugaverð eða aðfinnsluverð og skoraði á stjórnina að gæta þess framvegis, að slíkt ráðlag yrði eigi haft. Þessar tillögur voru svo ræddar tvisvar í neðri deild eftir reglum um 2. og 3. umræðu um lagafrumvörp og einnig í efri deild, ef þar var líka sett nefnd í málið, 21. gr. þingskpl. 1876. Í 28. gr. þingskpl. 1905 eru alveg sömu reglur.

1) Í Alþtíð. 1877 II 604 o. s. frv. eru reglur um endurskoðun landsreikninga.

Aftur á móti eru engar sérreglur um þessar tillögur í þingskpl. 1915, og er því farið með þær að öllu eftir almennum reglum um þingsályktunartillögur í 29. gr. þeirra.

4. Alþingi hafa borizt og berast jafnan allmörg erindi frá utanþingsmönnum. Er áður talað um meðferð þeirra eftir 27. gr. þingskpl. 1876. Fjöldi slíkra erinda er um styrki úr ríkissjóði eða aðrar fjárgreiðslur. Þau erindi fóru til fjárlaganefnda áður og til fjárveitinganefnda nú. Þær geta gert tillögur um, að sett sé fjárveiting á fjárlagafrumvarp eða fjáraukalaga eða jafnvel um að skora á stjórnina að greiða fé annars samkvæmt erindi. Einnig má vera, að einstakir þingmenn taki upp málið, ef nefndin gerir það ekki. Með þessum hætti komast margar fjárgreiðsluheimildir eða fjárgreiðsluskipanir í fjárlög. En auk fjárbeiðna berast þingi margar áskoranir um að gera hitt og þetta og margt slíkt taka þingmenn upp hjá sjálfum sér og bera upp um það tillögur til þingsályktunar.

Geta slíkar tillögur beinzt að því, að þingið eða deildin sjálf geri eitthvað, t. d. skipi nefnd til athugunar ákveðnu máli eða ákveðnum málaflokki, t. d. skattamálum, launum embættismanna o. s. frv., eða til þess að skora á stjórnina að gera eitthvað eða jafnvel að láta eitthvað ógert. Eru því engin takmörk sett, að hvaða alþjóðar málefnum eða einstaklings þingsályktunartillaga getur beinzt. Þingið eða landsstjórnin hlýtur þó allt af að vera annar aðilinn. Þingið getur ekki beint áskorun til annara en stjórnarinnar og eigi ákveðið með þingályktun, að aðrir en það sjálft eða stjórnin skuli gera eitthvað. Og vitanlega á þingið eigi að ákveða sjálft að gera eða skora á stjórnina með þessum hætti að gera neitt, sem brýtur í bág við lög. Þó hefur þessu varla verið bókstaflega fylgt allt af, þegar einstaklingar eða stéttir manna hafa hag af, t. d. dýrtíðaruppbót samkvæmt þingsályktun á aukaþinginu 1916—1917.

5. *Fyrirspurnir.* Samkvæmt 37. gr. stjskr. 1874 og 50. gr. stjskr. 1920 er hverjum þingmanni rétt að bera upp sérhvert almennt mál í þingdeild sinni og beiðast þar um skýrslu þ. e. landshöfðingja eða umboðsmanns ráðherra (ef hann var annar) eftir stjskr. 1874, en ráðherra eftir stjskr. 1920. Ráðherra er eigi lögskylt að svara. Og þótt svo væri, þá væri skyldan til þess háð því, að málefnið sé upp borið með ákveðnum hætti — í fyrirspurnarformi. Eftir að fyrirspurn er fram komin, er það borið upp í deildinni, hvort hana skuli leyfa að

bera þar fram. Ef það er leyft, þá sendir forseti ráðherra (áður landshöfðingja) hana. Ráðherra skýrir forseta síðan frá því, þegar hann þykist geta svarað fyrirspurninni. Þá getur forseti tekið hana á dagskrá. Þá útlistar fyrirspyrjandi mál sitt, en ráðherra svarar. Geta og orðið langar og heitar umræður við fyrirspurnir. En enga ályktun má gera við slíka umræðu. Sjá 24. gr. þingskpl. 1876, 31. gr. þingskpl. 1905 og 1915.

6. *Ávörp* til konungs gat hvor deild samþykkt samkvæmt 21. gr. stjskr. 1874. Sú var meðferð á því máli, að einhverir þingmenn fluttu tillögu um, að deild þeirra sendi konungi ávarp, og ef hún var samþykkt, var nefnd kosin til að semja ávarpið, er svo var samþykkt í deildinni með einni umræðu. Eigi var talið heimilt að senda ávarp milli deilda, sbr. 32. gr. þingskpl. 1905 og 30. gr. þingskpl. 1915, og eigi þótti sameinuðu Alþingi heimilt að senda konungi ávarp, ráðhbr. 10. nóv. 1875,[1]) en sameinað Alþingi hafði samið 3 ávörp 1875.

Farið er nú með ávarp sem þingsályktunartillögu að öðru en því, að það verður eigi sent milli þingdeilda. Í 34. gr. stjskr. 1920 var ákvæði um ávarp til konungs látið standa, þótt mönnum væri ljóst, að það væri nú orðið þýðingarlítið, enda eru nú fjöldamörg ár síðan það hefur verið notað, en sú breyting var gerð, að sameinuðu Alþingi var einnig heimilað að senda konungi ávarp.

Efni ávarpa hefur verið ýmiskonar: Heillaósk, þakklæti, beiðni um framkvæmdir í alþjóðarþarfir o. s. frv. Slíkum beiðnum eða áskorunum beinir þingið nú til ráðherra, en eigi konungs, sem enga stjórnarathöfn má fremja, nema eftir tillögu og á ábyrgð ráðherra.

7. *Rannsókn mála.* Samkvæmt 22. gr. stjskr. 1874 gat hvor þingdeild fyrir sig sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning. Þingdeildin gat veitt nefndum þessum rétt á að heimta skýrslur munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Það þótti einsætt, að þingdeild gæti eigi skipað neinn mann eða nefnd til að rannsaka mál milli þinga.[2]) Þessu var þó eigi haldið nema að formi til, því að þingið benti eftir aldamótin oft á menn til starfa í nefndir milli þinga, sem ráðherra svo kjöri. Þessi heimild til að setja

1) Þess vegna þóttist ráðherra eigi geta borið ávarpið fyrir konung.
2) Alþtíð 1875 II 312.

rannsóknarnefndir stendur nú í 35. gr. stjskr. 1920, og er slík sem heimildin í 22. gr. stjskr. 1874, nema að því leyti sem takmörkunin um það, að rannsóknarnefnd geti eigi starfað milli þinga, er niður felld. Getur hvor þingdeild nú skipað nefnd þingmanna, er starfa má einnig milli þinga. Eftir 35. gr. stjskr. 1920 getur því hvor deild t. d. skipað þingmenn til að rannsaka launamál, skattamál o. s. frv. Sameinað þing getur ekki skipað nefnd, er hafi vald til að heimta skýrslur slíkar sem í 22. gr. stjskr. 1874 og 35. gr. stjskr. 1920 segir, en það getur annars líka skipað nefndir til að rannsaka hver alþjóðarmál, sem því sýnist, t. d. menn í milliþinganefndir. Nefnd með *rannsóknarvaldi* eftir áðurnefndum greinum stjórnarskránna hafa sjaldan verið skipaðar og aldrei síðan á Alþingi 1911 út af frávikningu framkvæmdarstjóra og gæslustjóra Landsbankans.[1])

Aðferð sú, sem höfð hefur verið, þegar menn hafa viljað skipa nefnd til að rannsaka almenningsmál, hvort sem nefndin skyldi hafa rannsóknarvald eftir 22. gr. stjskr. 1874 eða eigi, hefur verið sú, að einhver eða einhverir fylgismanna þeirrar ráðstöfunar hafa borið upp tillögu til þingsályktunar, þar sem segir, að deildin álykti að skipa nefnd til þess að rannsaka og ef til vill að gera tillögur um ákveðið mál. Svo er með þessa tillögu farið sem hverja aðra þingsályktunartillögu. Ef hún er samþykkt, þá fer nefndarkosningin fram samkvæmt dagskrá, annaðhvort á sama fundi eða síðar. Um kosningu hefur auðvitað farið sem um aðrar nefndarkosningar.

8. Auk kosninga endurskoðenda landsreikninga og kosningar í Dansk- íslenzka ráðgjafarnefnd, hafa sameinuðu Alþingi eða deildum þingsins verið faldar ýmsar kosningar opinberra sýslunarmanna, og eru það enn. Sín þingdeild kaus hvorn af hinum tveimur gæzlustjórum Landsbankans, lög nr. 14 18. sept. 1885 19. gr., þar til sú skipun var niður lögð frá 1. jan. 1918 samvkæmt lögum nr. 80 14. nóv. 1917. Samkvæmt lögum nr. 2 12. jan. 1900 3. gr. kaus sameinað Alþingi annan endurskoðanda Landsbankans, og hefur gert það jafnan, þar til fjármálaráðherra var falin skipun þeirra með lögum nr. 48 31. maí 1927. Samkvæmt sömu lögum 34. gr. átti sameinað Alþingi að kjósa 4 menn í bankaráð Landsbankans. Þessi kosning var aftur fengin í hendur svonefndri Landsbankanefnd„ er sett er á stofn

1) Alþtíð 1911 II. þingskj. 35 og 47.

með lögum nr. 10 15. apríl 1928, en hana kýs sameinað Alþingi, sömu lög 34. gr. Frá stofnun Íslandsbanka og til 1930 kaus sameinað Alþingi 3 menn í fulltrúaráð Íslandsbanka, lög nr. 11 7. júní 1902 17. gr. og lög nr. 66 10. nóv. 1905 17. gr. Sameinað Alþingi hefur jafnan kosið framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðsins, en sín deild hvorn gæzlustjóra hans, lög nr. 2 10. febr. 1888 7. gr. Í verðlaunanefnd af Gjafasjóði Jóns Sigurðssonar kýs sameinað Alþingi 3 menn, og forseta, varaforseta og ritnefnd Þjóðvinafélags kýs sameinað Alþingi á einkafundi. Í efri deild eru nefndar frá tvennar tylftir af hinum 72 kjörnu dómendum í Landsdóm, en í sameinuðu þingi eru dregnir út tvennar tylftir til setu í þeim dómi, lög nr. 11 20. okt. 1905 4. gr.

Í sameinuðu Alþingi 1917 fór og fram hlutkesti um landskjörna þingmenn, er frá skyldi fara samkvæmt bráðabirgðarákvæðum stjskpl. 1915.

## IV. kafli.

## Skrifstofa Alþingis, Alþingistíðindi. — Alþingiskostnaður.

78. gr.

I. *Skrifstofa Alþingis.* Í 69. gr. II B. 3. er gerð grein fyrir störfum forseta í sambandi við skrifstofu Alþingis. Eins og þar er tekið fram, þá var skrifstofa þingsins opin ef til vill örlitlu fyrir þing, meðan þing stóð og fáa daga þar á eftir. Forsetar réðu skrifstofustjóra og skrifara á skrifstofunni eftir þörfum, og annað þjónustufólk þingsins. Skrifstofustjórinn stýrði skrifstofu Alþingis, sá um, að samþykktar breytingartillögur og viðauka við frumvarp væri færðar inn í texta þeirra áður en þau færi til prentunar, las prófarkir af þingskjölum, bjó út ávísanir, annaðist að ýmsu bréfagerðir forseta, hélt *bréfabók* þingsins og *dagbók* (málaskrá), sá um, að skjöl væri lögð fram á lestrarsal, hafði eftirlit með hreinritun *gjörðabóka* deilda og sameinaðs Alþingis o. s. frv. Svo var þetta til 1915.

Samkvæmt 12. gr. 2. málsgr. þingskpl. 1915 var skrifstofustjórastaðan gerð fast embætti. Ráða forsetar Alþingis hann í sameiningu til 6 ára í senn, og hefur hann laun samkvæmt launalögum nr. 71 28. nóv. 1919 9. gr., og dýrtíðaruppbót með

sama hætti sem aðrir embættsimenn. Störf skrifstofustjóra Alþingis eru þessi:

1. Hann aðstoðar forseta um ráðningu þingskrifara og annara starfsmanna þingsins, bæði á skrifstofu þess og annarstaðar.

2. Hann stendur fyrir öllum reikningum Alþingis. Þetta gildir eigi einungis, meðan Alþingi stendur, heldur einnig milli þinga. Nú hefur Alþingi alveg sína sérstöku reikningsfærslu og bókhald. Annast skrifstofustjóri það. Hann býr því út ávísanir, er forsetar gefa svo út, og gerir heildarreikning þingsins. Sá reikningur er einn hluti landsreikninga, og er því rétt, að endurskoðendur þeirra prófi hann.

3. Skrifstofustjóri hefur þau skrifstofustörf með höndum, er skrifstofustjóri Alþingis hafði áður meðan þingið stóð, svo sem undirbúning þingskjala til prentunar. En þar að auki á hann nú að annast ritstjórn og prófarkalestur Alþingistíðindanna, ráða útsölumenn þeirra, hafa á hendi geymslu á upplögum þeirra, og annast útsendingu þeirra og innheimtu andvirðis þeirra. Þessi störf eru nú orðin svo umfangsmikil, að skrifstofustjóri verður að hafa á skrifstofu þingsins aðstoðarmenn allt árið.

4. Loks skal skrifstofustjóri hafa gæzlu bókasafns þingsins og skjalasafns á hendi. Svo skal hann og hafa umsjón Alþingishússins bæði um þingtímann og milli þinga, gæta muna þingsins, þar á meðal þinghúsgarðsins. Honum ber að sjá um, að hús og munir sé í lagi, þegar Alþingi kemur saman og að ekkert vanti, sem hafa þarf, til þess að þingstörf megi ganga sæmilega, að svo miklu leyti sem það stendur í valdi hans.

Skrifstofustjóri er háður eftirliti forseta, enda setja þeir honum erindisbréf.

Auk skrifstofustjóra og skrifara á skrifstofu Alþingis vinna, meðan þing stendur, allmargir *utanþingsskrifarar*, sem forsetar ráða með aðstoð skrifstofustjóra. Þessir menn skrifa ræður þingmanna, er þeir svo leiðrétta. Auk þess hafa sumar þingnefndir haft utanþingsskrifara, svo sem fjárveitinganefndir.

II. *Bækur* Alþingis hafa verið hinar sömu sem í byrjan: *Dagbók, gjörðabækur* og *bréfabók*. Það er fyrir löngu lagt niður að skrá ræður í gjörðabækur, og hafa þær að eins stutta skýrslu að geyma af því, sem á fundum deilda eða sameinaðs Alþingis gerist. Hefur hvor deild sína gjörðabók og sameinað

Alþingi sina. Gjörðbók skal liggja til sýnis á skrifstofunni að minnsta kosti 2 tíma fyrir fund, svo að þingmenn geti kynnt sér hana. Gjörðabók síðasta fundar er venjulega lesin upp í byrjun næsta fundar, og undirrituð af forseta og öðrum skrifaranum. Ef einhver hefur athugasemd að gera, þá getur hann borið hana upp á fundi og kemur hún í skýrslu næsta fundar, sbr. 13. gr. þingskpl. 1905 og 14. gr. þingskpl. 1915.

III. *Alþingistíðindi.* 1. Eins og áður, hafa jafnan verið prentuð tíðindi frá öllum þingum síðan 1875. Var prentun *þingskjala* boðin í 11., 17. og 23. gr. þingskpl. 1876. Og þótt ekki sé beinlínis lögboðin prentun allra þingskjala, þá komst sá háttur á, að þau voru öll prentuð. Og í 41. gr. þingskpl. 1876 var boðið að prenta umræður, bæði í deildum þingsins og í sameinuðu þingi. Í hinum nýrri þingsköpum er prentun þingskjala auðvitað líka lögboðin, sbr. 18., 24., 29., 30., 31. og 41. gr. þingskpl. 1905 og þingskpl. 1915 19., 25., 29., 31. og 52. gr. Og bæði hafa þau endurtekið fyrirmæli hinna eldri þingskapalaga um prentun á umræðum, bæði í deildunum og í sameinuðu þingi, þingskpl. 1905 41. gr. og 1915 52. gr.

2. Tilhögun á útgáfu Alþingistíðinda hefur allt af verið sú, að þingskjölin hafa verið prentuð og gefin út í bindi sér, með sjálfstæðu blaðsíðutali. Frá 1875—1881, að báðum árum meðtöldum, var tilhögunin eins og hún hafði verið frá 1863—1873. Sjölin voru gefin út í fyrra hluta þingtíðindanna, en ræðurnar í síðara hlutanum, ásamt yfirliti. Frá 1883—1903 voru umræður í efri deild og sameinuðu þingi settar í fyrra hlutann (A), umræður í neðri deild í annan hlutann (B.), og skjölin í þriðja hlutann (C.). 1905 var aftur tekinn upp hinn eldri háttur: Þingtíðindunum var nú skift í tvo hluta, A. og B. Skjölin voru nú gefin út í fyrra hlutanum (A.) og umræðurnar í hinum síðara (B.), og var því haldið til 1917. En 1918 var önnur skifting upp tekin. Í A.-hlutanum komu nú þingskjölin, í B.-hlutanum umræður um samþykkt mál, með efnisyfirliti, bæði í deildum og í sameinuðu þingi, og loks í C.-hlutanum umræður um fallin mál, óútrædd og afturkölluð, ásamt umræðum um fyrirspurnir, og svo stendur til 1920. Síðan 1921 hafa þingtíðindin verið fjórskift: Í A.-hlutanum eru skjölin, í B.-hlutanum eru umræður um samþykkt *lagafrumvörp,* í C.-hlutanum umræður um fallin lagafrumvörp og óútrædd og loks í D.-hluta umræður um þingsályktunartillögur og fyrirspurnir.

3. *Ritstjórn Alþingistíðinda.* Forsetar þingdeildanna áttu að standa fyrir útgáfu Alþingistíðindanna bæði eftir 5. gr. þingskpl. 1876 og 10. gr. þingskpl. 1905, en eigi önnuðust þeir útgáfuna sjálfir, heldur var árin 1875—1881, að báðum árum meðtöldum, tveggja manna ritnefnd falið að sjá um útgáfuna, líkt og verið hafði á ráðgjafarþingunum. En frá 1883—1889 annaðist Björn Jónsson, þá ritstjóri, síðar ráðherra, útgáfuna á umræðum þingsins samkvæmt samningi við forseta (og landshöfðingja), og síðan hann og Hannes Þorsteinsson, síðar þjóðskjalavörður, til og með 1903. Frá 1905—1914 önnuðust forsetar deildanna útgáfuna, en samkvæmt þingskpl. 1915 11. gr. hefur skrifstofustjóri Alþingis síðan staðið fyrir útgáfu Alþingistíðindanna og annast hana sjálfur með aðstoð skrifstofumanna sinna.

4. Um efni og tilhögun Alþingistíðindanna voru engar reglur settar í þingskpl. 1876 og 1905 aðrar en þær, sem þegar hefur verið getið. Í 2. málsgr. 52. gr. þingskpl. 1915 eru þar á móti settar nokkrar reglur um þetta efni. Þar segir svo, að í Alþingistíðindunum megi „ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum bera með sér". Þetta tekur til allra þeirra skjala, sem *útbýtt hefur verið í þinginu,* og eiga þau öll þess vegna að koma í Alþingistíðindunum. Að skjal hefur „komið fram" í þinginu, merkir hér ekki annað. Þar á móti verða skjöl eigi þingskjöl fyrir það eitt, að þau eru lögð fram á lestrarsal þingsins. Þingskjölin, að stjórnarfrumvörpum undanteknum, eru tölumerkt í áframhaldandi röð. Auk þess koma fram í þinginu „rökstuddar dagskrár", sem eigi eru tölusettar, eins og þingskjölin, heldur venjulega prentaðar inni í ræðum um það mál, sem þær koma fram í. Oft eru prentuð hin og önnur erindi og álit ásamt nefndarálitum, og eru þá slík skjöl einnig hluti nefndarálits.

Enn segir í 2. málsgr. 52. gr. þingskpl. 1915, að engar breytingar megi gera á neinu því, er samkvæmt framansögðu á að koma í Alþingistíðindunum, „nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur". Um þingskjölin er þess getandi, að skrifstofa Alþingis — og stjórnarráðsmenn af stjórnarfrumvörpum — hefur þegar lesið prófarkir af þeim öllum og þau eru svo prentuð í skjalaparti Alþingistíðinda eftir því. Ef skrifstofan finnur síðar prentvillur, sem henni hefur yfir skotizt, þá má

og skal hún leiðrétta þær. En annars ber að fylgja handriti því, sem eftir er prentað. *Ræðurnar* leiðrétta þingmenn, og skal prenta eftir handritum að ræðunum leiðréttum .Eigi má þar breyta neinu, nema ritvillur má auðvitað leiðrétta og annað smávegis, sem sýnilega miðar til að gera málið skýrara, svo sem setning lestrarmerkja.

Þá segir loks í 2. málsgr. 52. gr. þingskpl. 1915, að engu megi „bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting". Hér er fráleitt átt við það, að alls eigi megi prenta nokkurn hlut, nema þingskjöl, eins og það hugtak er skýrt að framan, skýrslur úr gjörðabók, svo sem um þingsetningu, kosningar embættismanna þingsins, atkvæðagreiðslur og úrslit mála, ýmsar kosningar, rökstuddar dagskrár og þingslit, og ræður þingmanna. Það er og hefur jafnan verið venja, að birta ýmislegt fleira í skjalaparti þingtíðindanna, svo sem skýrslu um bókasafn Alþingis, ýms merkileg erindi, sem þinginu hafa borizt og eigi hafa verið gerð þingskjöl samkvæmt framansögðu, skýrslur um Alþingiskostnað, yfirlit yfir ræðufjölda og skýrslur um samanlagða ræðulengd hvers þingmanns, dagkaup hvers þingmanns og ferðakostnað o. s. frv. Það, sem við er átt með þessu banni í 52. gr. þingkspl. 1915 er það, að engu sé bætt inn í þingskjöl eða skýrslur úr gjörðabók, sem vani er eða lögskylt er að birta í Alþingistíðindum, eða í ræður, nema þess sé óhjákvæmileg þörf til skýringar eða í því felist auðsæ leiðrétting. Það fer vitanlega eftir álitum skrifstofustjóra, hvenær slík óhjákvæmileg þörf er fyrir hendi.

Í skjalabarti þingtíðindanna eru fyrst og fremt birt öll lagafrumvörp, sem borin eru upp á Alþingi, hvort sem þau eru stjórnarfrumvörp eða frumvörp, er þingmenn flytja, þingsályktunartillögur allar, fyrirspurnir og ávörp. Frumvörp og þingsályktunartillögur eru bæði birt eins og skjöl þessi koma fyrst fram, síðan með áorðnum breytingum eftir hverja umræðu og svo að lokum eins og þau hafa verið samþykkt til hlítar. Ef tillögu að ávarpi eða fyrirspurn er breytt, þá er ávarpið o. s. frv. birt þannig breytt. Þá koma nefndarálit öll og fylgiskjöl, sem með þeim kunna að vera. Dagskrár er eigi vant að birta í þingtíðindunum. Auk þessara skjala eru einatt birt í skjalaparti ýms fylgiskjöl, eins og áður er að vikið.

Í „ræðupartinum" eru nú birtar skýrslur um þingsetningu,

prófun kjörbréfa, atkvæðagreiðslur og úrslit mála, skýrslur um kosningar þær, er fram fara á Alþingi, þinglausnir[1]) og svo ræður þingmanna, er þeir halda á þingfundum, þar á meðal úrskurðir forseta og rökstuddar dagskrár, eftirlit o. fl.

IV. Alþingistollurinn var lagður niður samkvæmt lögum nr. 9 11. febr. 1876. Frá þeim tíma skyldi greiða allan kostnað af Alþingi úr ríkissjóði. Gjöld til hins fyrsta löggjafarþings voru tekin á gjaldahlið fjárhagsáætlunarinnar 1875 og Alþingistollur settur á tekjuhlið hennar. Kostnaður af Alþingi 1877 var tekinn í gjaldahlið fyrsta fjárlagafrumvarpsins, sem Alþingi samþykkti, og hefur svo jafnan síðan verið.

Alþingiskostnaður hefur jafnan talizt:

1. Dagkaup og ferðakostnaður Alþingismanna, svo og kaup skrifstofustjóra, utanþingsskrifara og annara starfsmanna við þingið. Þar á móti var þóknun til landshöfðingja fyrir að sitja á Alþingi talin til kostnaðar af æðstu stjórn landsins, en eigi til Alþingiskostnaðar.

2. Kostnaður af prentun og útgáfu þingskjala Alþingis og Alþingistíðinda, útsending þeirra og útsölu.

3. Kostnaður af viðhaldi húss og húsbúnaðar, hitunar og lýsingar o. fl.

Alþingiskostnaður hefur lengst um farið mjög hækkandi í krónutali. Kostnaður af þinghaldi 1875 varð t. d. milli 33 og 34 þúsundir króna, 1879 36,800 kr., 1889 36,600 kr., 1899 38,900 kr. og 1909 um 60,000 kr., 1913 er hann kominn upp í 121,600 kr. Á stríðsárunum varð prentun og pappír og flest annað stórum dýrara en áður og þingfararkaup og ferðakostnaður hækkaði. Þingin árin 1917 til 1919 kostuðu yfir 200,000 krónur á ári. Og hefur sá kostnaður þó fremur aukizt en minkað. Undanfarið hefur Alþingiskostnaður numið upp undir fjórðung miljónar, enda standa þingin nú venjulega fulla 3 almanaksmánuði.

---

1) Fyrrum var skýrsla um þingsetningu og þingslit þó birt í skjalaparti.

# Efnisyfirlit.

*Serknesku tölurnar merkja blaðsíðutal.*


I. Forspjall.

1. gr. Gerð grein fyrir efni ..... 3— 5
I. Réttarsaga Alþingis 3. — II. Lýsing hins forna þings 3—4. III. Hvaða stofnunum lýsa skuli 4—5. — Alþingi hið nýja 5.

2. gr. Aðdragandi og upphaf Alþingis ..... 5—17
I. Bygging Íslands. Landnámsöld. Þing stofnuð fyrir 930 5—10. — II. Undirbúningur Alþingis. Úlfljótur 10—12. III. „Landkönnun" Gríms 12—13. — IV. Hve nær Alþingi var sett 13—16. — V. Hve nær á árinu 16. — VI. Þýðing setningar allsherjar-þings 16—17. — VII. Hvað gerðist á fyrsta allsherjarþinginu 17.

## I. þáttur.

A. Tímabilið 930—1271.

3. gr. Þingstaðurinn ..... 18—27
I. Hvar settur 18. — II. Eignarréttur að Þingvelli 18—21. — III. Þingmörkin 21—22. — IV. Hof, kirkja á Þingvelli 22—24. — V. Búðir 24—26. — VI. Lögrétta 25. — VII. Lögberg 25—26. — VIII. Hólmar í Öxará 26—27.

4. gr. Þingtíminn ..... 27—31
I. Hvenær þing hófst 27. — II. Hversu lengi það skyldi standa 27—28. III. Hver þingstörf voru unnin dag hvern 28—31.

5. gr. Þinghelgun. — Þingslit (þinglausnir) ..... 31—35
I. Þinghelgun 31—34. — II. Þingslit 34—35.

6. gr. Þingsóknarmenn ..... 35—43
I. Þeir, er lögskylt var að sækja Alþingi 1. Goðar 35—37. — 2. Lögsögumaður 37. — 3. Bændur 37—39. — 4. Vottar, kviður 39. — 5. og 6. ýmsir fleiri 39—40. — II. Réttur manna til þingsóknar 40. — III. Hverir eigi máttu sækja Alþingi 40—42. — IV. Þingvistin 42—43.

7. gr. Lögrétta. — Skipan ..... 43—47
I. Hvernig í upphafi 43—45. — II. Eftir Grágás 45—47.

8. gr. Lögrétta. — Fundaköld. — Refsiákvæði ..... 48— 51
Hvenær halda skyldi fundi 48—50. A. Fundastjórn 50—51. — B. Refsingar fyrir truflanir 51.
9. gr. Lögrétta. — Störf hennar ..... 52— 70
I. Yfirlit 52. — II. A. Lögsögumannskjör 52—53. — B. Eftirlit með lögsögu 53. — C. Úrskurðun lögmálsþrætna 53—57. — D. Veiting leyfa 57—59. — E. Lagasetning 59—69. — III. Fyrirsvar út á við 69—70.
10. gr. Dómstörf á Alþingi. — Upphafsorð ..... 70— 74
Dómaskipun fyrir setningu fjórðungsdóma 70—74.
11. gr. Dómstörf á Alþingi. — Fjórðungsdómar ..... 74— 91
I. Heiti fjórðungsdóma 74. — II. Hversu mörgum dómendum skipaðir 74—81. — III. Hvar settir á Þingvelli 81. — IV. Hvaða mál þeir skyldi dæma 81—82. — V. Almenn dómaraskilyrði 83. — VI. Skilyrði til að dæma einstök mál 84—85. — VII. Málflutningur i fjórðungsdómum 85—91.
12. gr. Dómstörf á Alþingi. — Fimmtardómur ..... 91—101
I. Setning fimmtardóms o. fl. 91—94. — II. Nafnið fimmtardómur 94. — III. Hvaða mál þar skyldi dæma 95—96. — IV. Málsmeðferð i fimmtardómi 96—98. — V. Dómsuppsaga 98—101.
13. gr. Dómstörf á Alþingi. — Prestadómur ..... 101—103
I. Dómsvald kirkjunnar 101—102. — II. Prestadómur, skipun og dómstarf 102—103.
14. gr. Þingstörf að lögbergi o. fl. ..... 103—105
I. Hvar lögberg var 103. — II. Skipan 103. — III. Störf unnin að lögbergi 104—105.
15. gr. Goðar. — Lögsögumaður ..... 106—109
A. Goðar og þingstörf 106. — Lögsögumaður og þingstörf hans 106—109.
16. gr. Niðurlagsorð ..... 109—114
I. Þinghald 930—1262 109—112. — II. 1262—1271 112—114.

B. Tímabilið frá 1271—1800.

I. kafli.

*Almenn greinargerð um Alþingi 1271—1800.*

17. gr. Stjórnarbreytingin 1271 ..... 114—118
I. Lögbækurnar Járnsíða og Jónsbók 114—116. — II. Sýsluskifting landsins 116. — Yfirstjórn þess hérlend 117—118.
18. gr. Þingstaðurinn ..... 119—125
I. Á Þingvelli. Flutningur þingsins 119—123. — II. Þinghelgin 123—124.
19. gr. Lögrétta o. fl. ..... 125—134
I. Lögberg 125. — II. Hvar lögréttan var 125—126. —

III. Vébönd. Lögréttuhús 126—132. —IV. Klukka 132—134.

20. gr. Búðir á Þingvelli. — Þingvist ..... 134—136
I. Búðir. Tjöld 134—135. II. Þingvist 135—136.

21. gr. Nafn þingsins. — Þingtími ..... 137—143
I. Heiti þingsins 137—138. — II. Hvenær Alþingi skyldi hefjast 138—140. — III. Hversu þing skyldi lengi standa 140—143.

22. gr. Alþingissetning. — Þinggrið. — Allsherjarregla á Alþingi. — Þinglausnir ..... 143—154
I. Alþingissetning 143—147. — II. Þingfriður 147—149. — III. Regla og siðir á Alþingi. Drykkjuskapur 150—153. — IV. Uppsögn Alþingis 153—154.

23. gr. Alþingisbækur ..... 154—167
I. Til 1631 154—156. — II. Eftir 1631. Þingbókahald 156—158. — III. Prentun Alþingisbóka 158—159. — IV. Hve nær fullbúnar 159—160. — V. Bókhaldið á þinginu 160—162. — VI. Efni Alþingisbóka 162—166. — VII. Málið á Alþingisbókunum 166—167.

II. kafli.
*Þingsóknarmenn.*

24. gr. Almennt um þingsóknarmenn ..... 168—170

25. gr. Lögmenn ..... 170—191
I. Upphaf lögmannsdæma 170—171. — II. Skipun lögmanna 171—176. — III. Lausn frá embætti 176—177. — IV. Skilyrði til þess að vera lögmaður 177—179. — V. Launakjör 179—185. — VI. Ýms önnur réttindi lögmanna 185. — VII. Embættisstörf lögmanna 186—190.

26. gr. Nefndarmenn. — Lögréttumenn ..... 191—232.
I. Upphaf lögréttumanna og nefna 191—195. — II. Löghæfi nefndarmanna (aldur, efnahagur mannorð o. s. frv.) 195—199. — III. Lausn frá starfanum 199—200. — IV. Tala nefndarmanna: a) Hve marga nefna skuli til þingfarar. Eftir Járns. og Jónsbók 200—204. Síðar 204—205. b) Hversu marga skuli nefna til lögréttusetu 205—208. — V. Kaup lögréttumanna og önnur hlunnindi, þingfararkaup, skattgreiðsla o. fl. 208—216. Önnur fríðindi 216—219. — VI. Skyldur nefndarmanna (þingreið, lögréttuseta o. fl.) 219—232.

27. gr. Alþingisskrifari ..... 232—242
I. Upphaf Alþingisskrifara 232—234. — II. Skilyrði til starfans 234. — III. Kaup og hlunnindi 235—238. — IV. Skyldur 238—242.

28. gr. Æðstu umboðsmenn konungsvaldsins ..... 242—248
I. „Valdsmenn“ 242—243. — II. Fastir embættismenn konungs (hirðstjóri, höfuðsmaður, amtmenn o.

s. frv.) 243—245. — III. Sérstakir erindrekar 245—246. — IV. Áhrif embættismanna o. fl. 247—248.

29. gr. Sýslumenn ..... 248—257
I. Upphaf sýslumanna o. fl. 248—249. — II. Þingreið sýslumanna 249—254. — III. Þingstörf sýslumanna 254—257.

30. gr. Klausturhaldarar, umboðsmenn ..... 257—259
I. Upphaf klausturhaldara og umboðsmanna jarða 257—258. — II. Þingreiðarskylda og þingstörf 258—259.

31. gr. Lærðir menn ..... 259—270
I. Þingreið biskupa og presta í katólskum sið 259—262. — II. Eftir siðaskifti 262 o. s. frv. A. Í Hólabiskupsdæmi 263—264. B. Í Skálholtsbiskupsdæmi 264 o. s. frv. Synodus 265—270.

32. gr. Aðiljar einkamála ..... 270—277
I. Greining dómsmála 270. — II. Þingreið aðilja. Hvenær þeir skyldi vera komnir til þings 271—276.

33. gr. Sakamenn. — Flytjendur sakamála. — Böðlar .. 277—282
I. 1. Munur á meðferð mála eftir Jónsbók 277—278, 2. Flutningur sakamanna til Alþingis 278—281. — II. Flytjendur sakamála á Alþingi 281. — III. Böðlar 281.

34. gr. Aðrir þingsóknarmenn ..... 282—284
I. Almennt 282. II. Vottar. Óæðri dómendur 282. — III. Kærendur og ýmsir, sem önnur erindi áttu. — Fylgdarmenn höfðingja o. s. frv. 282—284.

III. kafli.

*Þingstörf.*

35. gr. Almennar reglur um þingstörfin ..... 285—290
I. Hvaða störf skyldi vinna á Alþingi 285—287. — II. Almennar reglur um framkvæmdir starfa á Alþingi 287—290.

A. Dómstörf Alþingis.

36. gr. Lögrétta (lögþingisréttur) ..... 290—317
I. Dómstólar á Þingvelli 290—291. — II. Tvö tímabil: 1271—1720 og 1720—1800 291. — III. Skipun dómenda einstakra mála 291—293. — IV. Í hvaða málum lögrétta dæmdi 293—297. — V. Málsmeðferð í aðaldráttum 297—304. Dómar og dómsuppsaga 304—309. Áfrýjun 309—310. — VI. Málsmeðferð eftir Norsku lögum 310—312. Áfrýjun 312—316. Þingmálið 316—317.

A. Dómstörf Alþingis. Framhald.

37. gr. Yfirréttur ..... 317—326
I. Upphaf yfirréttar 317—319. — II. Skipun yfirréttar 319—321. — III. Ritari yfirréttar og bókhald 321—

322. — IV. Hvar yfirrétt skyldi heyja 322—324. — V. Dómsvald yfirréttar 324—325. — Málsmeðferð í yfirrétti 325—326. — VII. Niðurlagning 326.

38. gr. Gestaréttur. — Synodalréttur ..... 326—327

B. Löggjafarstarf Alþingis.

39. gr. Löggjafarstarf lögréttu ..... 328—346
I. Löggjafarstarf lögréttu 328. — II. a. Atbeini lögréttu um setning laga þar sem konungur hafði haft frumkvæði. 1. Nauðsyn þess, að Alþingi tæki þátt í setningu slíkra laga 328—334. 2. Hversu Alþingi tók þátt í setningu slíkra laga 334—40. b. Lagasetning lögréttu á eindæmi sitt, Jónsbók Þingfb. 4 340—346.

C. Önnur störf Alþingis.

40. gr. ..... 346—375
I. Athugasefdir 346—347. — II. Konungshyllingar 347—351. — III. Fyrirspurnir ýmsar og svör 351—352. — IV. Eiðatökur einstakra manna 352—353. — V. Kjör lögmanna, biskupa og Alþingisskrifara 353. — VI. Framkvæmd refsinga 354—356. — VII. Fyrirsvar landsins gagnvart konungsvaldinu 357—358. — VIII. Afskifti af stjórn innanlands og landshögum 358—360. — IX. Sáttargerðir o. fl. 360—361. — X. Ráðstafanir á konungseignum og kirkju 361—364. — XI. Þinglýsingar og birtingar ýmiskonar 365—375.

41. gr. Niðurlagning Alþingis hins forna ..... 376—380
I. Aðdragandi 376—379. — II. Breyting sú, er niðurlagningin olli 379—380.

II. þáttur.

Alþingi 1845—1930.

42. gr. Forspjall ..... 381—382
A. Tímabilið 1845—1874. (Ráðgjafarþingin).

43. gr. Endurreisn Alþingis ..... 382—395
I. Upphaf ráðgjafarþinga í Danmörku 382—384. — II. Aðdragandi að endurreisn Alþingis. Embættismannanefndin 1839 og 1841 384—389. Ágreiningatriði um tilhögun þingsins og þingstað o. fl. 389—393. Alþingi stofnað 393—394. — III. Efnisskipun 394—395.

I. kafli.

*Skipun þingsins.*

44. gr. Almennar athugasemdir ..... 395—396
Kjördæmi 395. Þingmannatala 395—396.

45. gr. Kosningarréttur til Alþingis ..... 396—403
I. Kosningarréttar-skilyrði (karlmaður, eigandi fast-

eignar, eða leigjandi, bóndi, embættismaður o. s. frv.) 396—400. — II. Önnur skilyrði (mannorð, fjárráð, aldur, búseta, sveitarstyrkur) 400—402.

46. gr. Kjörgengi ..... 403—407
I. Tímabilið 1845—1857, fasteignareigandi, þegn Danakonungs, aldur, kristin trú, mannorð o. s. frv. 403—404. — II. Tímabilið 1857—1873 404—407.

47. gr. Kjörstjórnir. — Kjörskrá. — Fyrirskipun kosninga. — Kosningarathöfn. — Kjörbréf o. fl. .... 407—416
I. Kjörstjórnir 407—408. — II. Kjörskrár 408—410. — III. Fyrirskipun kosninga 410—11. — IV. 1. Kjörstaður 511. 2. Kjördagur 411—412. — V. Kjörþing. Framboð. Vald kjörstjórnar. Athöfnin 412—415. — VI. Gjörðabók. Kostnaður 415.

48. gr. Varaþingmenn ..... 416—418
I. Kosning. Kjörgengi 416. — II. Hve nær varaþingmaður skyldi taka sæti aðalmanns 416—418.

49. gr. Úrskurður kjörgengis og kosninga ..... 418—420
I. Úrskurðun Alþingis bæði á kjörgengi og kosningu 418—419. — II. Kjörbréf. Aðferð 419—420. — III. Missir kjörgengis 420.

50. gr. Konungkjörnir Alþingismenn ..... 421

51. gr. Réttindi Alþingismanna og skyldur ..... 421—428
I. Réttindi almennt og skyldur (þingsókn, skylda til starfa og réttur. Kaup) 421—423. — II. 1. Forsetar 423—426. 2. Skrifarar 426—428. 3. Ritnefnd Alþingistíðinda 428.

52. gr. Konungsfulltrúi ..... 428—431
Kvaðning 428—429. Kaup 429—430. Þingstörf 430—431.

II. kafli.
*Starfshættir þingsins.*

53. gr. Þingstaður. — Þingtími. — Þingsetning. — Þingslit ..... 432—435
I. Þingstaður 432. — II. Samkomudagur. Hversu lengi þing skyldi standa 432—434. — III. Þingsetning 434—435. — IV. Þingslit 435.

54. gr. Þingsköp ..... 435—443
I. Þingmálið 435—437. — II. Þing í heyranda hljóði 437—438. — III. Meðferð Alþingismála. 1. Tillöguvald 438—439. 2. Dagskrá 439—440. Nefndir 440—441. 3. Umræður 441—442. 4. Atkvæðagreiðsla 442—443.

55. gr. Þingbækur. — Bókasafn. — Alþingistíðindi .... 443—445
I. Þingbækur 443—444. — II. Alþingistíðindi 444—445. — III. Bókasafn 445.

III. kafli.

56. gr. Starfsvið Alþingis ..... 446—458
I. Störf vegna þinghaldsins sjálfs 446. — II. Hlutdeild í löggjafarstarfinu 446. A. Löggjafarmál, er konungsvaldið leggur og skyldi leggja fyrir Alþingi 446—448. — B. Hvort Alþingi hafi getað haft frumkvæði að lagasetningu 450—453. — III. Afskifti Alþingis af landsstjórn og framkvæmd laga 453—455. — IV. Erindi einstakra manna 455—456. — V. Þátttaka í fleiri málum 456. — VI. Leiðréttingar á kjörskrám 456—457. — VI. Ávörp og bænarskrár til konungs 457. — VII. Fyrirspurnir 457—458.

IV. kafli.

*Alþingiskostnaður.*

57. gr. Alþingiskostnaður ..... 458—461
I. Alþingiskostnaður, hvað hafi verið 458—459. — II. Alþingistollur 459—461.

## Viðbætir.

**Þjóðfundurinn 1851.**

58. gr. Þjóðfundurinn ..... 461—472
I.—II. Aðdragandi 461—463. — III. Kosningarréttarskilyrði til þjóðfundarins 463—464. — IV. Tala fundarmanna 464—465. — V. Þingsköp Þjóðfundarins. 1. Háður í heyranda hljóði 465. 2. Réttur og skyldur þjóðfundarmanna (friðhelgi, málfrelsi, tillöguréttur, fyrirspurnarréttur o. fl.) 465—468. 3. Forsetar og ritarar 468. Bókhald 468—469. 4. Nefndir 469—470. 5. Málameðferð 470—472.

**B. Tímabilið 1875—1930.**

(Löggjafarþingin).

59. gr. Forspjall ..... 472—479
I. Sambandsmálið á Þjóðfundinum 472—473. — Árin 1867 og 1869 473—474. — Stöðulögin 474—475. — Stjórnarskráin 1874 475—476. Tilraunirnar 1907—1909 477—478. — Sambandslögin 1918 478. — II. Efnisskipun 478—479.

I. kafli.

*Skipun Alþingis.*

60. gr. Almennar athugasemdir ..... 479—480
Staða ráðherra og stjórnartilhögun 1903—1918 479—480. Efnisskipun 480.

A. Alþingismenn kosnir í sérstökum kjördæmum.

61. gr. Tala kjördæmakosinna Alþingismanna. — Kjördæmi. — Kjörtími ..... 480—483
Tala kjördæmakjörinna Alþingismanna 480—481. — Kjördæmaskifting 481—482. — Kjörtímabil 482—483.

62. gr. Kosningarréttur og kjörgengi ..... 483—489
A. Kosningarréttur: 1. karlar 483. — 2. Bændur, embættismenn o. s. frv. 483—485. — Aldur, þegnréttur, búseta, mannorð, fjárráð, sveitarstyrkur 485—488. — B. Kjörgengi 488—489.

63. gr. Kjörstjórnir. Kjörskrár. Kosningar ..... 489—497
I. Kjörstjórnir 489—490. — II. Kjörskrá 490—491. — III. Fyrirskipun kosninga 491. — IV. Kosningar. A. Eftir kosningalögum 1877 491—493. — B. Óhlutbundnar kosningar samkvæmt lögum nr. 18 3. okt 1903 og nr. 28 3. nóv. 1915 o. fl. 493—494. — C. Hlutbundnar kjördæmakosningar (Reykjavik) 494—496. — D. Kosningar utan kjörstaða 496—497.

B. Konungkjörnir Alþingismenn og landkjörnir.

64. gr. Konungkjörnir Alþingismenn ..... 497—498

65. gr. Landkjörnir Alþingismenn ..... 498—501
I. Tala, kosningarréttur, kjörgengi, réttindi og skyldur 498—499. — II. Kosningar landkjörinna þingmanna 499—500. — III. Vara-þingmenn landkjörnir 500—501.

66. gr. Úrskurðarvald um þingmannakjör („Prófun kjörbréfa“) ..... 502—504
I. Kjörgengi og kosning þingmanna 501—503. — II. Aðferð 503—504.

67. gr. Skipun Alþingis (sameinað þing, deildir þingsins) ..... 504—506
I. Sameinað Alþingi 504. — II. Þingdeildir 504—506.

68. gr. Skyldur þingmanna og réttindi ..... 506—514
I. Skylda að sækja þing og þingfundi 506—507. — II. Eiður þingmanna. Drengskaparorð. Þingstörf 507—509. — III. Réttindi þingmanna (áhrif á meðferð mála, friðhelgi, þingfararkaup, ferðakostnaður, krafa um aukaþing, ekki bundnir við álit kjósenda sinna) 509—514.

69. gr. Embættismenn Alþingis ..... 514—522
I. Hverir sé o. fl. 514—515. — II. Forsetar 515 o. s. frv. A. Aldursforsetar 515. B. Forsetar (kjör, réttindi og skyldur) 515—520. C. Varaforsetar 520—521. D. Millibingaforsetar 521. — III. Skrifarar Alþingis 521—522.

70. gr. Landshöfðingi. — Ráðherra Íslands. — Landritari. — Ráðherrar ..... 522—525

I. Landshöfðingi 522—523. — II. Ráðherra Íslands. Landritari 523—524. — III. Ráðherrar 524—525.

II. kafli.
*Starfshættir Alþingis o. fl.*

71. gr. Samkomustaður Alþingis. — Samkomutími. — Þingsetning ..... 525—529
I. Samkomustaður 525—526. — II. Samkomutími 526—527. — III. Þingsetning 527—529.

72. gr. Þingsetutími. — Reglulegt Alþingi og Auka-Alþingi. — Þingfrestun. — Þingrof. — Þinglausnir ..... 529—535
I. Hversu Alþingi skuli lengi eiga setu 529—530. — — II. Reglulegt Alþingi og auka-Alþingi 530—531. — III. Þingfrestun 532. — IV. Þingrof 532—534. — V. Þinglausnir 534.

73. gr. Ýms réttindi Alþingis ..... 535—536
I. Helgi Alþingis 535. — II. Ýms réttindi, er varða störf sjálfs þingsins („kollegiöl" réttindi) 535. — III. Yfirlit 535—536.

74. gr. Almennar þingskapareglur ..... 536—554
I. Setning þingskapa 536—537. — II. A. Flutningur mála á Alþingi 537—540. — B. Hve nær þing, eða þingdeild, sé ályktunarfært og hversu mikið atkvæðamagn þurfi til löglegra samþykktar 540—544. C. Þingnefndir 544—547. D. Dagskrá 547. E. Umræður 547—548. F. Prentun þingskjala 548—549. G. Atkvæðagreiðslur 549—551. H. Afgreiðsla mála 551—554.

III. kafli.
**Störf Alþingis.**

75. gr. Almennar athugasemdir ..... 555—559
I. Valdsvið Alþingis 1875—1918 555—558. — II. Frá 1918 558—559. — III. Flokkun á störfum Alþingis 559.

76. gr. Hluttaka Alþingis í löggjafarvaldinu ..... 559—568
I. Flutningur lagafrumvarpa 559—560. — II. Undirbúningur lagafrumvarpa 560. — III. Meðferð lagafrumvarpa almennt á Alþingi 560—562. — IV. Stjórnarskrárfrumvörp og fjárlaga 562—563. — V. Athugasemdir um það, hvaða mál eru fengin Alþingi til löggjafar (stjórnskipunarlög, fjárlög, tollamál og skatta o. fl.) 563—568.

77. gr. Afskifti Alþingis af landstjórnarstörfum („administrativ" störf) ..... 569—580
I. Valdagreiningin 569. — II. Þingsályktanir, rökstuddar dagskrár o. fl. 569—573. — III. Störf Alþingis, er lúta að landsstjórn talin (samband Ísland við

önnur lönd, afskifti af ráðherrum, fjárstjórn, erindi utanþingsmanna, fyrirspurnir, ávörp, rannsókn mála, ýmsar kosningar) 573—580.

IV. kafli.

78. gr. Skrifstofa Alþingis. — Alþingistíðindi. — Alþingiskostnaður o. fl. ..... 580—585
I. Skrifstofa Alþingis 580—581. — II. Bækur Alþingis 581—582. — III. Alþingistíðindi 582—585. — IV. Alþingiskostnaður 585.

# Viðauki.

## Tímabilið 1930—1944.

1. gr.

### Inngangur.

I. Styrjöldin mikla hófst 1. sept. 1939, eins og kunnugt er. Fyrstu 8 mánuði styrjaldarinnar héldust samgöngur milli Íslands og Danmerkur nokkurn veginn ótruflaðar, en 9. apríl 1940 hertóku Þjóðverjar Danmörku. Þá var sýnt, að samgöngur milli landanna hlutu að leggjast niður. En afleiðing þess hlaut að verða sú, að konungur mátti ekki fara með vald það, sem honum var fengið í stjórnarskránni. Einnig var ljóst, að Danmörk gat ekki heldur farið með utanríkismál Íslands samkvæmt umboði því, er í 7. gr. sambandslaganna greinir. Loks var augljóst, að Danmörku var algerlega fyrirmunað að rækja gæzlu íslenzkrar landhelgi samkvæmt 8. gr. sambandslaganna. Þegar fregnin um hertöku Danmerkur barst hingað, þá hlaut íslenzka ríkisvaldið þegar að gera einhliða ráðstafanir til gæzlu þessara mála allra. Alþingi samþykkti því þegar 10. apríl 1940 svo fellda ályktun:

„Með því að ástand það, sem nú hefur skapazt, hefur gert konungi Íslands ókleift að fara með vald það, sem honum er fengið í stjórnarskránni, lýsir Alþingi yfir því, að það felur ráðuneyti Íslands að svo stöddu meðferð þessa valds."

Með annarri ályktun, gerðri sama dag, lýsti Alþingi yfir því, að Ísland tæki einnig að svo stöddu meðferð utanríkismála og landhelgisgæzluna að öllu leyti í sínar hendur.

Samkvæmt fyrri þingsályktuninni fór ráðuneytið með konungsvaldið á Íslandi. Þessi skipun breytti að því leyti svip Alþingis, að handhafi konungsvaldsins sat nú fundi þingsins. Þessi skipun stóð til 17. júní 1941. Með lögum nr. 25 16. júní 1941 var ákveðið, að sameinað Alþingi skyldi kjósa ríkisstjóra, er færi með konungsvaldið. Var ríkisstjóri því næst kjörinn 17. júní 1941. Ríkisstjóri gat nú komið á fundi Alþingis og lýst setningu þess, þingfrestun, þingrofi og þinglausnum. Breytingin, sem verður með kjöri ríkisstjóra, er í því fólgin, að

konungsvaldið er greint frá ráðherravaldinu í verki og framkvæmd. Þessi skipan stendur svo, þar til er lýðveldi er stofnað á Íslandi samkvæmt stjórnarskrá nr. 33 17. júní 1944. Sama daginn er svo kjörinn hinn fyrsti forseti íslenzka lýðveldisins á fundi í sameinuðu Alþingi á Þingvelli við Öxará. Forseti hefur sömu aðstöðu gagnvart Alþingi um setningu þess, frestun þess, þingrof og þinglausnir sem ríkisstjóri hafði.

II. Samkvæmt 26. gr. stjskr. nr. 9 18. maí 1920 skyldi kjósa 34 þingmenn í sérstökum kjördæmum og 6 þingmenn hlutbundnum kosningum í einu lagi um land allt. Kjördæmaskipun var sú, er lýst er að framan, bls. 481—482. Alþingiskosningar leiddu það í ljós, að stjórnmálaflokkarnir fengu ekki þingmenn í réttu hlutfalli við atkvæðatölu þá, er þeir hlutu í Alþingiskosningum. Í Alþingiskosningum 1927 fékk Íhaldsflokkurinn 42.5% atkvæða, en að eins 13 þingmenn. Alþýðuflokkurinn fékk 19,1% atkvæða og 4 þingmenn. Framsóknarflokkurinn fékk hins vgear 19 þingmenn kjörna, þótt hann fengi einungis 29,8% atkvæða. Fyrirsvarsmenn flokka þeirra, er töldu sig bera skarðan hlut frá borði, höfðu nú uppi eindregnar kröfur um breytingu á þessu skipulagi. Töldu þeir það í anda lýðræðis og þingræðis, að hver stjórnmálaflokkur fengi þingmannatölu í réttu hlutfalli við kjósendatölu sína. Eftir atkvæðamagni sínu í kosningum 1927 hefði Íhaldsflokkurinn átt að fá 15 þingmenn, Framsóknarflokkurinn 11 og Alþýðuflokkurinn 7.[1])

Á Alþingi 1931 bar stjórnin upp frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskránni.[2]) Var lagt til, að landkjör Alþingismanna yrði numið úr lögum, og að kjörgengi og kosningarréttur til Alþingis yrði bundinn við 21 árs aldur.

Þessar breytingar fullnægðu auðvitað ekki kröfu hinna óánægðu stjórnmálaflokka. Frumvarp þetta varð ekki útrætt á þinginu, enda var borin upp vantraustsyfirlýsing á stjórnina, sem leiddi til þingrofs og almennra Alþingiskosninga þá um vorið. Úrslit Alþingiskosninganna urðu þau, að Framsóknarflokkurinn fékk meiri hluta þingsæta og þurfti því ekki stuðning Alþýðuflokksins, sem hafði veitt honum stuðning síðan sumarið 1927. Á sumarþinginu 1931 báru þingmenn Sjálfstæðisflokksins í efri deild upp frumvarp til laga um breytingar á

1) Hagskýrslur nr. 64 bls. 13—14 (Alþ. kosn. 1926—27).
2) Alþtíð. 1931 A þingskj. 12.

stjórnarskránni (þingskjal 39). Aðalatriði þessa frumvarps var það, að Alþingi skyldi svo skipað, að hver þingflokkur fengi þingmenn í samræmi við atkvæðatölu, sem greidd yrði frambjóðendum flokksins samtals við almennar Alþingiskosningar. Frumvarp þetta varð ekki útrætt á þinginu. Hins vegar var samþykkt tillaga um að skipa milliþinganefnd í málið (Alþtíð. 1931 A, þingskj. 328. Sumarþingið). Eftir starfslok nefndarinnar flutti svo stjórnin á Alþingi 1933 frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskránni. Varð nú samkomulag um málið, enda var frumvarpið samþykkt á þinginu og loks afgreitt til fullnaðar, eftir þingrof og almennar Alþingiskosningar, á Alþingi 1934. Hlaut frumvarpið síðan staðfestingu konungs 24. marz 1934.

Eftir skipan þeirri, sem gerð var með stjórnskipunarlögunum nr. 22 24. marz 1934, urðu kjördæmakjörnir Alþingismenn 38 að tölu, 32 kosnir óbundnum kosningum í einmenningskjördæmum og 6 í Reykjavík, kosnir hlutbundnum kosningum. Landkjör 6 þingmanna var afnumið. En með þeim hætti varð kröfuni um jafnrétti flokkanna vitanlega ekki fullnægt, Þess vegna var svo mælt, að vera skyldu allt að 11 uppbótarþingmenn „til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar". Þingmenn gátu samkvæmt þessu orðið 49 hið flesta.

Næst fóru almennar Alþingiskosningar fram árið 1937. Kosningaúrslit urðu þau, eftir úthlutun 11 uppbótarþingsæta til Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks, Kommúnistaflokks og Bændaflokks, að Framsóknarflokkurinn fékk 19 þingmenn og meðaltal atkvæða á hvern 766. Sjálfstæðisflokkurinn fékk 17 þingmenn og meðaltal atkvæða á hvern 1419. Alþýðuflokkurinn fékk 8 þingmenn, og meðaltal atkvæða á hvern 1385. Kommúnistaflokkurinn fékk 3 með 1644 atkvæðum á hvern. Og Bændaflokkur loks 2 með 1789 atkvæðum á hvern.[1]) Ef nokkurn veginn fullur jöfnuður hefði átt að verða milli allra þingflokka, þá hefði orðið að úthluta 27 þingsætum í viðbót, eða 38 þingsætum alls, svo að þingmannatalan hefði orðið 76, og uppbótarþingmenn og kjördæmakjörnir þingmenn hefðu þá orðið jafnmargir.

1) Hagskýrslur nr. 96 bls. 17—18.

Þrátt fyrir misrétti það, sem stjórnmálaflokkarnir, er ekki fengu fulla tölu þingmanna eftir atkvæðamagni sínu, töldu sig verða fyrir, ér þó ekki freistað breytinga fyrr en árið 1942. Þá um vorið er borið upp á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskránni, sem samþykkt var, enda var þing þá rofið og almennar Alþingiskosningar fóru fram 5. júlí s. á. Síðan kemur Alþingi saman aftur 4. ágúst 1942 og samþykkir stjórnarskrárbreytinguna til fullnaðar. Hlaut hún staðfesting ríkisstjóra 1. sept. 1942. Hámarkstala þingmanna var nú 52, en höfuðbreytingin var sú, að í tvímenningskjördæmunum 6 skyldi kjósa hlutbundnum kosningum.

Í kosningum í júlí 1942 fékk Framsóknarflokkurinn 20 þingmenn með 801 atkvæði að meðaltali á hvern þingmann, en hinir flokkarnir fengu, eftir úthlutun uppbótarþingsæta, 32 þingsæti samtals. Sjálfstæðisflokkurinn fékk 17 þingmenn með 1351 atkvæði að meðaltali á hvern, Sósialistaflokkurinn 10 með 1570 atkvæði á hvern og Alþýðuflokkurinn 7 með 1496 atkvæði á hvern. Ef átt hefði að ná nokkurn veginn fullum jöfnuði, þá hefði þurft að úthluta alls 34 uppbótarþingsætum.[1])

III. 17. maí 1942 gerði Alþingi ályktun um það, að Ísland hafi þá öðlazt rétt til fullra sambandsslita við Danmörk, með því að Danmörk hafi ekki getað farið með mál þau, er hún tók að sér að fara með í umboði Íslands með sambandssamningnum frá 1918, enda verði sá samningur ekki endurnýjaður. Einnig lýsti Alingi þá þeim vilja sínum, að lýðveldi yrði stofnað á Íslandi jafnskjótt sem sambandinu við Damörk yrði formlega slitið. Á sumarþinginu 1942 var svo flutt frumvarp til breytinga á stjórnarskránni þess efnis, að samþykki eins Alþingis og samþykki meiri hluta allra kosningabærra manna í landinu væri nægilegt til að gera þær breytingar á stjórnarskránni, sem gera þyrfti til stofnunar lýðveldis á Íslandi, er sambandinu við Danmörku yrði slitið. Var þing því enn rofið og nýjar kosningar fóru fram 18.—19. október 1942. Alþingi kom því næst saman 14. nóvember, þriðja sinni á árinu 1942, og samþykkti til fullnaðar frumvarp þetta til breytinga á stjórnarskránni, er svo var staðfest 16. des. s. á.

Í Alþingiskosningunum í október 1942 komu glöggt í ljós verkanir breytinga þeirra, sem gerðar voru á skipulagi Al-

1) Hagskýrslur nr. 113 bls. 19.

þingiskosninga með stjórnskipunarlögunum nr. 78 frá 1. sept. s. á. Náðist nú að vísu ekki fullur jöfnuður milli flokkanna miðað við samanlagt atkvæðamagn hvers þeirra, en þó varð breytingin mjög til bóta frá sjónarmiði þeirra flokka, sem vanhaldnir töldust með hinu eldra skipulagi. Sjálfstæðisflokkurinn fékk nú 20 þingsæti með 1150 atkvæði að meðaltali á hvert, Framsóknarflokkurinn fékk 17 með 1057 atkvæðum á hvert, Sósialistaflokkurinn 10 með 1105 atkvæði á hvert og Alþýðuflokkurinn 7 með 1207 atkvæðum á hvert. Hefði þá þurft enn að úthluta 3 uppbótarþingsætum til þess að nokkurn veginn fullur jöfnuður fengist.[1])

2. gr.

**Skipun kjördæma.**

Eftir 1. gr. stjórnskipulaga nr. 22/1934 voru 32 þingmenn kosnir óbundnum kosningum í sérstökum kjördæmum. Þar af voru 6 kjördæmi, þar sem kjósa skyldi tvo þingmenn í hverju (tvímenningskjördæmi). Þessi kjördæmi eru:

1. Skagafjarðarsýsla.
2. Eyjafjarðarsýsla ásamt Siglufjarðarkaupstað.
3. Norður-Múlasýsla.
4. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
5. Rangárvallasýsla.
6. Árnessýsla.

Kjördæmi, þar sem kjósa skal einn þingmanna (einmenningskjördæmi) eru þessi:

1. Borgarfjarðarsýsla.
2. Mýrasýsla.
3. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
4. Dalasýsla.
5. Barðastrandarsýsla.
6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
7. Ísafjarðarkaupstaður.
8. Norður-Ísafjarðarsýsla.
9. Strandasýsla.
10. Vestur-Húnavatnssýsla.

---

1) Hagskýrslur nr. 113 bls. 19.

11. Austur-Húnavatnssýsla.
12. Akureyrarkaupstaður.
13. Suður-Þingeyjarsýsla.
14. Norður-Þingeyjarsýsla.
15. Seyðisfjarðarkaupstaður.
16. Austur-Skaftafellsýsla.
17. Vestur-Skaftafellssýsla.
18. Vestmannaeyjakaupstaður.
19. Hafnarfjarðarkaupstaður.
20. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

Reykjavík var eftir sem áður sérstakt kjördæmi, en þingmönnum var fjölgað úr 4 í 6, og jafnmargir varaþingmenn kosnir samtímis og með sama hætti, enda var nú beinlínis boðið í stjórnskipulögunum, að kosning þingmanna skyldi vera hlutbundin í Reykjavík. Kjördæmin voru talin sem hér var greint í 5. gr. kosningalaga nr. 18 25. jan. 1934.

Með stjórnskipulögum nr. 78 1. sept. 1942 voru þessar breytingar gerðar á kjördæmaskipun og kosninga:

1. Siglufjörður var gerður sérstakt einmenningskjördæmi.
2. Kosning í tvímenningskjördæmum skyldi vera hlutbundin, og jafnmargir varamenn kosnir þar samtímis og á sama hátt.
3. Reykjavík fékk 8 þingmenn í stað 6.
4. Eftir stjórnskipulögum nr. 22/1934 mátti skipta tvímenningskjördæmum með einföldum lögum. Þessi heimild er niður felld með stjórnskipulögum nr. 78/1942, svo að nú verður tvímenningskjördæmunum að eins skipt með stjórnarskrárbreytingu. Í 5. gr. kosningalaga nr. 80 7. sept. 1942 eru svo kjördæmin talin með sama hætti sem í kosningalögum nr. 22/1934 og samkvæmt breytingum þeim, sem gerðar voru með stjórnskipulögum nr. 78/1942.

II. Tala *kjördæmakjörinna* þingmanna var eftir stjórnskipulögum 1934 38, þar af 20 í einmenningskjördæmum, 12 í tvímenningskjördæmum og 6 í Reykjavík. En eftir stjórnskipulögum 1942 er 3 bætt við, tveimur í Reykjavík og 1 á Siglufirði, svo að nú eru þeir alls 41.

3. gr.

## Uppbótarþingsæti.

I. Með stjórnskipulögum nr. 22/1934 var, eins og áður er vikið að, landkjör Alþingismanna numið úr lögum. Hins vegar var svo mælt, að úthluta skyldi allt að 11 þingsætum til „jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar". Eru fyrirmæli c-liðar 1. gr. stjórnskipulaga nr. 22/1934 alveg samhljóða ákvæðum d-liðar stjórnskipulaga nr. 78/1942 um skipulag þessara uppbótarþingsæta og eru nú í d-lið 31. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944. Í stjórnskipulögunum eru þingsæti þessi nefnd „jöfnunarþingsæti", en í lögum um Alþingiskosningar eru þau kölluð „uppbótarþingsæti", sbr. XIV. kafla kosningalaga nr. 18/1934 og nr. 80/1942, og í almennu máli eru þau jafnan svo nefnd. Ákvæði stjórnskipulaganna um jöfnunarþingsæti stefna að því, að hlutfallið milli samanlagðrar atkvæðatölu hvers flokks eftir almennar Alþingiskosningar og þingmannatölu verði sem líkast. Ef t. d. flokkurinn A fær 30000 atkvæði og 15 þingmenn, þá ætti flokkurinn B, sem hefur fengið 20000 atkvæði, að fá 10 þingmenn. Hlutfallið milli þingmannatölu og atkvæðatölu væri þá hið sama hjá báðum, 1:2000. Hver þingmaður flokkanna hefði þá að meðaltali 2000 atkvæði bak við sig. Með úthlutun 11 uppbótarþingsæta hefur jöfnuði hvergi nærri orðið náð með þeirri kjördæmaskipun og kosningaskipulagi, sem í gildi var eftir stjórnskipulögum nr. 22/1934 og kosningalögum nr. 18 s. á. Jöfnuði verður nokkurn veginn náð með því að landið allt sé eitt kjördæmi með hlutbundnum kosningum eða tala uppbótarsæta sé ekki bundin tilteknu hámarki, heldur úthlutað uppbótarþingsætum, unz fyllri „jöfnuði" yrði ekki náð. „Reikningslegum jöfnuði" verður væntanlega aldrei náð.

II. Stjórnskipulög láta ekki um það mælt í einstökum atriðum, hvernig fara skuli um skipun uppbótarþingsæta. Þau fela almenna löggjafanum að setja fyrirmæli um það í lögum um Alþingiskosningar. Almenna löggjafanum er því frjálst að skipa þeim málum svo sem honum þykir heppilegast innan þeirra markalína, sem sett eru í stjórnskipulögunum.

1. Höfuðtakmark ákvæða stjórnskipulaganna er, eins og greint hefur verið, að hver þingflokkur geti fengið þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við atkvæðtölu sína eftir almennar Alþingiskosningar, að hlutfallið milli þingmannatölu og atkvæðatölu verði sem líkast hjá öllum flokkum. Fyrirmælum kosningalaga ber því að haga svo, að þessu takamarki verði náð, svo sem kostur er eftir fyrirmælum stjórnskipulaganna. Það er því frá því sjónarmiði áríðandi, að hver flokkur nái þeirri atkvæðatölu, sem hann á með réttu, og að atkvæðin njóti sín fyllilega, er ákveða skal þingmannatöluna. Og vitanlega ætlast stjórnarskrárgjafinn einnig til þess, að hlutur utanflokkamanna, sem bjóða sig fram til þingmennsku, verði ekki skertur, En það atriði skiptir þó ekki máli um úthlutun uppbótarþingsæta, eins og síðar verður vikið að.

2. Uppbótarþingsætum á að úthluta „til jöfnunar milli þingflokka". *Þingflokkar* einir geta því fengið uppbótarsæti. Frambjóðandi til Alþingis utan flokka, sem kosningu nær, getur ekki fengið uppbótarþingmann með sér, enda þótt hann hafi fengið nægilega háa atkvæðtölu til þess. Efsti maður á utanflokka lista í Reykjavík hefur t. d. fengið 3000 atkvæði og hlotið kosningu. 2. sæti á þeim lista kynni að hafa verið talin hærri atkvæðatala en meðaltalsatkvæðatala þess flokks á hvern þingmann, sem þá tölu hefur lægsta. En utanflokka listinn fær þó engan uppbótarþingmann. Þetta er alveg ótvírætt eftir stjórnskipulögunum. Stjórnskipulög hafa enga skilgreiningu á hugtakinu *þingflokkur* eða *flokkur*. Og kosningalög hafa ekki heldur skilgreiningu á því. Flokkur byggist á samtökum manna, er tekið hafa sér nafn og sett hafa sér einhverjar skipulagsreglur, kosið sér stjórn og ákveðið sér stefnu í landsmálum og birt hana opinberlega. Ef þessum skilyrðum er fullnægt, þá sýnist mega nefna samtökin flokk eftir almennri málvenju.

En *flokkur* er ekki sama sem *þingflokkur*. Flokkur, sem fyrsta sinni býður menn fram til þingmennsku eða hefur oftar en einu sinni haft menn í framboði, en alderi hlotið þingsæti, er ekki þingflokkur í venjulegri merkingu. Hann er ef til vill tilvonandi þingflokkur, en ekki meir. Sá flokkur, sem aldrei hefur starfað á Alþingi, verður ekki talinn þingflokkur. Vafasamara kann að vera um flokk, sem starfað hefur áður á Alþingi, en ekkert þingsæti hefur átt á síðasta þingi fyrir kosningar. Næst er sanni, að hann hafi hætt að vera þingflokkur,

þegar hann hætti að eiga sæti á Alþingi. En ef þetta væri tekið þannig, þá mundi nýr flokkur eða gamall flokkur, sem ekki átti sæti á síðasta þingi fyrir kosningar, ekki geta fengið uppbótarþingmann eftir almennar Alþingiskosningar, þótt hann hefði atkvæðatölu til. Mundi slíkt varla vera talið réttlátt eða í anda lýðræðis. Með því að stjórnskipulögin hafa ekki skilgreint hugtakið þingflokkur, hlýtur almenna löggjafanum að vera heimilt að skilgreina það með skynsamlegum og sanngjörnum hætti. Þetta er gert í 125. sbr. 28. gr. kosningalaganna beggja. Samkvæmt 28. gr. verður stjórnmálaflokkur, sem ekki hefur átt fulltrúa á síðasta þingi fyrir kosningar, að fullnægja tilteknum skilyrðum um atkvæðamagn í síðustu kosningum, ef hann hefur þá haft frambjóðanda eða frambjóðendur, eða yfirlýsingar um fylgi tiltekinna kjósendatölu. Ef flokkur fyllir þessi skilyrði, þá telst hann flokkur í kosningum. Og hann telst samkvæmt 125. gr. kosningalaganna *þingflokkur,* ef hann hefur hlotið að minnsta kosti eitt þingsæti í kjördæmi í kosningunum. Og fær hann þá uppbótarþingsæti, ef efni standa til.

Þingflokkur er sá einn flokkur, sem náð hefur að minnsta kosti einu þingsæti í almennum kosningum. Uppbótarsætin skulu vera til jöfnunar milli *þingflokka.* Sá flokkur, sem hefur að vísu verið talinn stjórnmálaflokkur í kosningunum samkvæmt 28. gr. kosningalganna, en hefur ekkert þingsæti fengið í kjördæmi, getur því ekki heldur fengið uppbótarsæti, jafnvel þótt samanlögð atkvæðatala hans út af fyrir sig gæti veitt honum rétt til þess. Í sjálfu sér sýnist það ekki hugsunarrangt, að slíkur flokkur gæti fengið uppbótarsæti. Hann er fulltrúi tiltekinnar landsmálastefnu, og kosningarnar hafa leitt í ljós, að stefnan hefur nægilegt kjósendafylgi til eins eða fleiri fulltrúa á þinginu. Ef landið allt væri eitt kjördæmi, þá mundi slíkur flokkur hafa fengið þingfulltrúa. Landskjörstjórn leysir úr því, hvort flokkur eigi rétt til uppbótarþingsætis, 125. gr. kosningalaganna beggja.

3. Vera má, að flokkur telji sér kjör í tilteknu kjördæmi vonlaust, þótt hann hafi nægilegt fylgi í einhverjum öðrum kjördæmum, svo að hann hefur líkur til að hreppa uppbótarþingsæti. Þess vegna telur hann sér þá nauðsynlegt, að atkvæði hans í fylgislitla kjördæminu komi fram, því að þau geta ef til vill valdið úrslitum um uppbótarsæti handa honum. Hins vegar er framboð í kjördæmi jafnan bundið nokkrum kostnaði og

fyrirhöfn. Loks má vera, að einhverir kjósendur, sem flokkinum fylgja, hafi ekki skap af einhverjum ástæðum til að greiða frambjóðanda flokks eða kjördæmislista atkvæði, en létu atkvæði sitt koma fram flokkinum til hags, ef þess væri kostur með öðrum hætti. Stjórnskipulagagjafinn hefur tekið þessi atriði til greina og séð fyrir því, að flokkur geti náð atkvæðum þeim, sem hann kann að eiga í kjördæmi, þó að hann bjóði þar ekki fram þingmann. Þetta má verða með þeim hætti, að flokkur hafi svo nefndan landslista í kjöri í almennum alþingiskosningum. Þetta er flokki heimilt, en aldrei skylt. Geta þá kjósendur greitt landslista atkvæði. Og jafnvel þótt flokkur hafi bæði mann eða lista í kjöri í kjördæmi, þá geta kjósendur valið á milli kosningar frambjóðanda eða lesta, ef því er að skipta, annars vegar og landslistans hins vegar. Atkvæði greitt landslista reiknast bæði frambjóðanda eða lista í kjördæmi, 114. gr. kosningalaganna beggja, og telst einnig til atkvæða flokksins, er uppbótarsætum skal úthluta.

Á landslista eru þeir einir, sem flokkur býður fram í kjördæmum. Stjórnskipulögin tala einungis um *frambjóðendur* flokka í því sambandi. Aðra menn er því óheimilt að setja á landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær uppbótarþingsæti, taka sæti eftir þeirra röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu, segir í c-lið 1. gr. stjórnskipulaga nr. 22/1934 og d-lið 1. gr. stjórnskipulaga nr. 78/1942. Þetta verður ekki tekið bókstaflega, því að enginn frambjóðandi á landslista, sem hlotið hefur kosningu í kjördæmi, verður uppbótarþingmaður. Þetta er auðvitað undir skilið í lagagreinum þessum. Annars verður hér að vísa til greinargerðar um úthlutun uppbótarsætanna samkvæmt 128. gr. kosningalaganna.

Því næst er ákvæði um röðun frambjóðenda á landslista. Segir í áðurnefndum ákvæðum stjórnskipulaganna, að að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skuli skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Svo er að sjá sem á landslista þurfi því að vera tíu menn hið fæsta, og að flokkur sá, sem ber hann fram, þurfi að hafa boðið fram í kjördæmum utan Reykjavíkur að minnsta kosti fimm menn. Er þá landslista, sem ekki er raðað þannig á, líklega ólöglegur. Landskjörstjórn verður þá að synja honum viðtöku, og flokkurinn verður þá af því hagræði, sem landslisti

veitir. En flokkurinn missir vitanlega ekki réttar síns til uppbótarþingsæta fyrir það, því að þann rétt hefur flokkur óskertan, þótt hann hafi engan landslista borið fram. Annars vísast til greinargerðar hér á eftir um kosningar.

4. gr.

## Kosningarréttur og kjörgengi til Alþingis.

1. Kosningarréttur til Alþingis var bundinn þessum skilyrðum eftir 29. gr. stjórnarskrár nr. 9 18. maí 1920:

1. Að kjósandi væri 25 ára gamall, þegar kosning fór fram (þ. e. á kjördegi).
2. Að hann hefði íslenzkan ríkisborgarrétt.
   Undantekningar voru þó tvær frá þessu skilyrði.
   a) Danskir ríkisborgarar höfðu, að öðrum skilyrðum fullnægðum, kosningarrétt samkvæmt 75. gr. stjórnarskrár 1920, sbr. 6. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóv. 1918.
   b) Þeir, menn, sem öðlazt höfðu kosningarrétt áður en stjórnarskrá 1920 gekk í gildi (þ. e. 1. jan. 1921), héldu honum, þótt þeir hefðu ekki fullnægt skilyrðum um íslenzkan ríkisborgararétt.
3. Að kjósandi hefði óflekkað mannorð.
4. Að hann hefði verið heimilisfastur á Íslandi síðustu 5 árin fyrir kosningu.
5. Að hann hefði verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár.
6. Að hann væri fjár síns ráðandi, og
7. Stæði ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Með stjórnskipulögum nr. 22/1934 voru þessar breytingar gerðar á framangreindum ákvæðum stjórnarskrár 1920:

1. Kosningarréttaraldur var færður niður í 21 ár.
2. Skilyrðið um búsetu í kjördæmi var niður fellt.
3. Skilyrðinu um það, að aðili stæði ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, var og sleppt.
4. Loks var skilyrðinu um það, að aðili væri „fjár síns ráðandi“ breytt svo, að hann skyldi vera „fjárráður“. Krafan um það, að aðili skyldi vera „fjár síns ráðandi‘, tók bæði til lögræðis og umráðaréttar hans yfir fé sínu. Sá, sem

ófjárráður var vegna æsku eða sviptingar lögræðis, og sá, er skorti heimild til ráðstöfnunar fjár síns vegna gjaldþrotaskipta eða vegna kyrrsetningar á sjálfum honum, var sviptur kosningarrétti. En krafan um það, að aðili skuli vera „fjárráður", tekur einungis til *ólögráðra manna*, hvort sem þeir eru ólögráðir vegna æsku eða vegna sviptingar lögræðis.

Með Alþingisályktun 16. júní 1944, sbr. Alþingisályktun 25. febr. og auglýsingu 16. júní s. á. (Stjórnartíðindi 1944 A bls. 39—40), var því lýst yfir, að dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918 væri niður fallinn. Í samræmi þar við var ákvæðið um kosningarrétt og kjörgengi danskra ríkisborgara til Alþingis, sem var í 75. gr. stjórnarskrár nr. 9/1920, fellt niður, er stjórnarskrá nr. 33/1944 var sett. Hins vegar þótti rétt að láta danska ríkisborgara halda jafnrétti því við íslenzka ríkisborgara, þar á meðal kosningarrétti og kjörgengi til Alþingis, er þeir höfðu haft samkvæmt 6. gr. sambandslaganna, fyrst um sinn. Því er svo mælt í lögum nr. 18 24. marz 1944, að þeir, er hafi fengið danskan ríkisborgararétt fyrir 9. apríl 1940 samkvæmt þar um gildandi reglum eða öðlazt hann síðar eftir sömu reglum, skuli halda jafnrétti samkvæmt 6. gr. sambandslaganna, þar til 6 mánuðum eftir að samningar milli Íslands og Danmerkur um það mál geta hafizt. Vegna styrjaldarinnar var hvorki unnt að semja um þessi mál né önnur, er skipti landanna vörðuðu. Til samræmis við ákvæði laga nr. 18/1944 er svo mælt í 2. málsgr. ákvæða stjórnarskrár nr. 33/1944 um stundarsakir, að danskir ríkisborgarar, sem kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis höfðu öðlazt eftir 75. gr. stjórnarskrár 1920, skuli halda þessum réttindum fyrst um sinn áðurnefndan tíma.

Loks höfðu nokkrir menn, er hvorki voru íslenzkir né danskir ríkisborgarar, öðlazt kosningarrétt til Alþingis samkvæmt ákvæðum 10. gr. stjórnskipulaga nr. 12/1915 (sjá bls. 486 að framan). Þeir þessara manna, sem réttinn hafa fengið fyrir 1. jan. 1921, er stjórnarskrá nr. 9/1920 kom til framkvæmdar, skulu og halda honum samkvæmt áðurnefndu ákvæði um stundarsakir í stjórnarskrá nr. 33/1944.

Kosningarréttarskilyrði gildandi stjórnskipulaga eru þá samkvæmt því, er sagt hefur verið, þessi:

1. 21 árs aldur á kjördegi.
2. Íslenzkur ríkisborgararéttur með tveimur undantekningum:
   a) um danska ríkisborgara, og
   b) um þá, sem hvorki eru íslenzkir né danskir ríkisborgarar, ef þeir hafa öðlazt réttinn fyrir 1. jan. 1921.
3. Búseta á Íslandi síðustu 5 árin fyrir kosningu.
4. Óflekkað mannorð. Eftir 2. gr. kosningalaga nr. 18/1934 og nr. 80/1942 gildir sama regla sem áður um það, að enginn teljist hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru. Refsidómar fyrir brot framin áður en almenn hegningarlög nr. 19/1940 gengu í gildi (þ. e. 12. ágúst 1940) hafa engin ákvæði um það, hvort brot skuli telja svívirðilegt að almenningsáliti eða ekki. Kjörstjórnir verða því eftir sem áður að skera úr því hverju sinni, hvort aðili, sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot framið fyrir 12. ágúst 1940, hafi óflekkað mannorð eða ekki og hvort því skuli taka hann á kjörskrá eða ekki, enda getur aðili leitað úrskurðar dómstóla um það eftir 24. gr. kosningalaga nr. 80/1942 (áður 24. gr. laga nr. 18/1934 og 1. gr. laga nr. 15/1938) sbr. hæstaréttard. VI. 629, VIII. 273). En ef brot er framið eftir 12. ágúst 1940, þá er skorið úr því í refsidómi samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, hvort aðili skuli vera sviptur kosningarrétti. Og ber kjörstjórnum þá algerlega að fara eftir ákvæðum dómsins. Ef aðili er sviptur kosningarrétti í dómi, þá skal ekki taka hann á kjörskrá, hvaða álit sem kjörstjórnin kann að hafa á verknaði hans. Og ef aðili er ekki sviptur kosningarrétti, þá skal taka hann á kjörskrá, hvort sem kjörstjórn líkar betur eða verr.
5. Fjárræði. Er einungis átt við lögræði (habilitas), en ekki ráðstöfunarheimild eigna (competentia). Sbr. að framan bls. 607—608. Fjárræðisaldur er nú almennt 21 ár samkvæmt lögum nr. 60/1917. En með því að 21 árs aldur er annað kosningarréttarskilyrði, þá er ljóst, að ekkja eða kona skilin við mann sinn að borði og sæng eða fullum lögskilnaði fær ekki þar með kosningarrétt, þótt hún sé fjárráð, ef hún hefur ekki náð 21 árs aldri. Þá missir og hver sá kosningarrétt, sem sviptur er fjárræði, hvort sem það er gert með dómsúrskurði eftir almennu heimildinni í lög-

um nr. 60/1917 eða með ráðherraúrskurði eftir sérheimildinni í framfærslulögum nr. 52/1940 50. gr.

II. Samkvæmt 5. gr. stjórnskipulaga nr. 22/1934 (nú 34. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944) er hver *ríkisborgari*, sem hefur kosningarrétt til Alþingis, einnig kjörgengur. Þingmaður má því nú vera 21 árs gamall. Bú hans má sæta gjaldþrotameðferð og hann má standa í skuld fyrir sveitarstyrk. Þótt kjörgengi til Alþingis sé bæði í 30. gr. stjórnarskrár nr. 9/1920 og 5. gr. stjórnskipulaga nr. 22/1934 (nú 34. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944) eftir orðunum bundið við íslenzka ríkisborgara eina, þá sýna ákvæði stjórnarskrár 1920 um stundarskair, sem ekki er breytt með stjórnskipulögum nr. 22/1934 og endurtekin eru að þessu leyti í 2. málsgr. ákvæða stjórnarskrár nr. 33/1944 um stundarsakir, að erlendir ríkisborgarar, sem kosningarrétt hafa til Alþingis samkvæmt framansögðu eru einnig kjörgengir til Alþingis.

Ákvæði 2. málsgr. 30. gr. stjórnarskrár nr. 9 1920 um kjörgengisskort dómenda þeirra, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, var látið standa óbreytt, er stjórnarskrárbreytingin var gerð með stjórnskipulögum nr. 22/1934. Aldrei hefur leikið á tveim tungum, að réttarskerðing þessi taki til dómenda hæstaréttar, og hins vegar, að hún taki ekki til varadómara í hæstarétti, sbr. 4. málsgr. 5. gr. laga nr. 112/1935, né til embættislausra manna, sem skipaðir eru í dóma, svo sem í dóma í fasteignamálum, í félagsdóm og sjó- og verzlunardóm. En athugandi er, hvort hún kynni ekki að taka til héraðsdómaranna þriggja í Reykjavík, borgaradómara, borgarfógeta og sakadómara. Þess má þegar geta, að bæjarfógetinn í Reykjavík var talinn kjörgengur og sat á Alþingi eftir skiptingu bæjarfógetaembættisins forna samkvæmt lögum nr. 26/1917. Með lögum nr. 67/1928 var meðferð opinberra mála og lögreglustjórn fengin lögreglustjóra, en meðferð einkamála lögmanni. Var aldrei úr því skorið í framkvæmd, hvort lögmaður væri kjörgengur til Alþingis. En hann hafði nokkur umboðsstörf á hendi, svo sem afhendingu nokkurra leyfisbréfa, Alþingiskosningar, borgaralegt hjónaband o. fl. Þegar lögreglustjóraembættinu var skipt með lögum nr. 67/1939, komu og nokkur umboðsstörf í hlut sakadómara, svo sem framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins. Eftir lögum nr.

65/1943, er lögmannsembættinu var skipt, hefur sakadómari sömu umboðsstörf á hendi sem áður. Borgardómari framkvæmir borgaralega hjónavígslu, skipar nokkra opinbera starfsmenn og úrskurðar fátækramálefni, 2. gr. laga nr. 65/1943. Og borgarfógeti fer með skráningu félaga og skipa, nótarialgerðir, yfirfjárráð og Alþingiskosningar, 3. gr. sömu laga. Munu umboðsstörf þessi vera nægileg til þess að undanþiggja þessa embættismenn ákvæðum 2. málsgr. 34. gr. núgildandi stjórnarskrár, enda virðist vera rétt að skýra þau ákvæði þröngt, með því að þau eru hrein undantekningarákvæði.

Samkvæmt 6. gr. stjskr. nr. 33/1944 má forseti Íslands ekki vera Alþingismaður. Staða hans er því, eins og staða hæstaréttardómara, ósamræmanleg þingsetu.

5. gr.

**Alþingiskosningar.**

I. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 18/1934 og laga nr. 80/1942 er skipun kjördeilda í aðalatriðum sú, er mælt var í lögum um Alþingiskosningar nr. 28/1915 og lögum nr. 50/1925. Hver kaupstaður og hreppur er sérstök kjördeild, en hreppsnefnd í hreppum og bæjarstjórn í kaupstöðum er heimilt með samþykki yfirkjörstjóra að skipta hreppi eða kaupstað í kjördeildir, hreppum þó aldrei í fleiri en fjórar. Í hreppi, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 20 kjósendur, sem búsettir eru í sama hreppshluta, rétt á því, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörstjórn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar.

II. *Kjörstjórnir.* 1. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð þremur mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins, og jafn marga skal kjósa til vara. Hlutfallskosningu skal hafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar í hreppi eða þeirri kjördeild, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir með sér störfum, 10. gr. kosningalaganna 1934 og 1942.

2. *Um yfirkjörstjórnir* í hverju kjördæmi segir í 9. sbr. 11. gr. laga nr. 18/1934 og nr. 80/ 1942, og eru fyrirmæli 8. gr. laga nr. 28/1915 um kosningar til Alþingis látin haldast að efni til. Í Reykjavík er formennska yfirkjörstjórna fengin borgarfógeta í stað lögmanns áður, 3. gr. laga nr. 65/1943.

3. *Landskjörstjórn.* Stjórnskipulög nr. 22/1934 hafa engin fyrirmæli um það, hver hafa skyldi á hendi kosningastarf, að því er landslista og úthlutun uppbótarþingsæta varðar. Almenna löggjafanum er falin ráðstöfun á þeim málum. Framkvæmd þeirra er falin landskjörstjórn, sem sameinað Alþingi kýs hlutbundnum kosningum hverju sinni eftir almennar Alþingiskosningar. Landskjörstjórn er skipuð 5 mönnum, og jafn marga skal kjósa til vara. Landskjörstjórn kýs sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum, 7. og 8. gr. kosningalaga 1934 og 1942.

III. *Kjörskrár.* 1. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir annast samningu kjörskráa, eins og áður. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild í febrúarmánuði ár hvert. Kjörskrá gildir nú frá 15. júní til 14. júní næsta ár. Allar Alþingiskosningar fara eftir þeim kjörskrám það tímabil.

2. Kjörskrá geymir skírteini um heimild allra þeirra, sem á henni standa, til þess að kjósa á kjörskrártímabilinu mann eða lista frambjóðenda til setu á Alþingi. Hver, sem stendur á kjörskrá, þá er hún er fengin kjörstjórn til afnota á kjördegi, á rétt á að greiða atkvæði, enda þótt hann hafi verið tekinn ranglega á skrá. Og enginn getur fengið að kjósa, ef nafn hans stendur ekki á kjörskrá, jafnvel þótt honum hafi verið ranglega sleppt, 85. gr. beggja áðurnefndra kosningalaga. Á kjörskrá skal taka alla, sem heima eiga í kjördeild og kosningarrétt eiga, þegar gengið er frá kjörskrá, og einnig þá, sem þá hafa ekki fullnægt aldurskilyrðinu eða skilyrðinu um 5 ára búsetu í landinu, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum síðar á kjörskrártímabilinu. Nú er sú breyting gerð í 18. gr. kosningalaganna beggja, að kjörskrá er ekki beinlínis lögð fram, eins og gera skyldi eftir 12. gr. laga nr. 28/1915, en eiga skal almenningur þó aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða í skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Geta þá þeir, sem finna vilja að kjörskrá, borið fram skriflegar athugasemdir sínar, þar til er kjörskrá gengur í gildi, þ. e. til 15. júní. Kvartanir þessar skal

svo úrskurða með sama hætti sem kærur, er koma fram, þegar skrá er lögð fram fyrir Alþingiskosningar.

En ef Alþingiskosningar eiga að fara fram í einstöku kjördæmi eða um land allt, þá skal leggja kjörskrá fram tveimur mánuðum áður á hentugum stað, einum eða fleirum, að undan genginni auglýsingu þar um, 19. gr. laga nr. 18/1934 og 19. gr. laga nr. 80/1942. Ef frestir til kosninga eru styttir, þá má og stytta fresti til framlagningar kjörskrár, 23. gr. nefndra laga. Kærur vegna kjörskrár skulu þá vera komnar til oddvita hreppsnefndar eða bæjar- eða borgarstjóra þremur vikum fyrir kjördag með gögnum þeim og rökum, er aðili kann að hafa til stuðnings kröfu sinni. Ef krafizt er þess, að einhver, sem tekinn hefur verið á kjörskrá, verði felldur af henni, þá skal senda honum eftirrit af kærunni. Hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal síðan úrskurða kærur eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjördag, og gera það á opinberum fundi, enda hafi aðiljar haft færi á að skýra mál sitt. Úrskurði sína skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn skrá í gerðabók sína og undirrita og leiðrétta kjörskrá samkvæmt þeim. Verður kjörskrá ekki síðan breytt, nema samkvæmt dómi, 20. og 21. gr. laga 1934 og 1942. Samning aukakjörskrár, er jafnan skyldi gera í maímánuði eftir 11. gr. laga nr. 28/1915, er niður felld.

3. Eftir 16. gr. laga nr. 28/1915 gat hver sá, er kjörstjórn hafði synjað kosningarréttar, borið málið undir dómstóla. Engir aðrir áttu rétt til að leita úrlausnar dómstóla um kosningakærur. Sá, er heimtaði annan mann tekinn á kjörskrá eða strykaðan af kjörskrá, varð að hlíta úrskurði hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Með ákvæðum 24. gr. laga nr. 18/1934 er heimildin til að bera kosningakærur undir dómstóla rýmkuð svo, að eftir henni gat hver sá, sem var óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, skotið málinu til dómstóla. Heimildin er því veitt öllum kærendum, hvort sem þeir hafa kært vegna sín eða annarra. Á sama hátt gat sá, sem vegna fjarvistar eða annarra forfalla átti ekki kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá fyrr en kærufrestur var liðinn, sótt málið fyrir dómi, ef það varðaði sjálfan hann. Ef málið varðaði ekki sjálfan hann, heldur t. d. það, að annar maður hefði verið ranglega tekinn á kjörskrá eða ranglega sleppt af kjörskrá, þá var hann ekki bær að leita

dómsúrskurðar um það (Hæstaréttardómar VII. 629). Með 1. gr. laga nr. 15/1938 var heimildin enn rýmkuð þannig, að sá, sem ekki gat komið fram með kæru út af kjörskrá fyrir lok kærufrests vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum, gat borið málið undir dómstóla, hvort sem það varðaði sjálfan hann eða aðra. Það hefur verið tilætlunin, að dómur í héraði í slíkum málum gæti fallið svo fljótt, að aðili gæti komizt á kjörskrá og neytt kosningarréttar, ef hann ynni málið. Þess vegna var svo mælt í 24. gr. laga nr. 18/1934, að fara skyldi með mál þessi sem gestaréttarmál. En gestaréttarmeðferð var úr lögum numin með 224. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í 1. gr. laga nr. 15/1938 og 24. gr. laga nr. 80/1942 er dómara gert skylt að hraða svo máli, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Ekki virðist þurfa að birta bæjarstjórn eða hreppsnefnd stefnu, en skipa skal dómari þeim talsmann í málinu, er gæta skal réttar þeirra. Dómi skal fullnægja þegar er aðili sýnir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eftirrit hans. Fullnæging dómsins er auðvitað í því fólgin, að aðili er settur á kjörskrá, ef honum er dæmdur kosningarréttur. Í 24. gr. laga nr. 18/1934 var ekki um það sagt, hvaða verkun áfrýjun dóms, er veitti aðilja kosningarrétt, skyldi hafa. Eftir aðalreglunni um verkun áfrýjunar mátti ef til vill ætla, að áfrýjun frestaði framkvæmd dómsins, svo að aðili fengi þá ekki neytt kosningarréttar, ef héraðsdómi var skotið til æðra dóms. Og varð málssóknin þá þýðingarlítil, jafnvel þótt unnt væri að koma áfrýjun fram fyrir kjördag. Í niðurlagi 1. gr. laga nr. 15/1938 var svo mælt, að áfrýjun dóms, þar sem aðilja er veittur kosningarréttur, fresti ekki framkvæmd dómsins. Og er þetta ákvæði endurtekið í 24. gr. laga nr. 80/1942. Nú ber því hreppsnefndum og bæjarstjórnum að taka hvern þann aðilja, sem kosningarréttur hefur verið dæmdur, á kjörskrá, enda þótt dómi kunni þegar að hafa verið skotið til æðra dóms. Hins vegar er áfrýjun jafn heimil sem áður og kann að skipta máli, þrátt fyrir niðurlagsákvæði 24. gr. laga nr. 80/1942. Í fyrsta lagi má vera, að málaefni séu slík, að úrlausn æðra dóms skipti máli um gerðir hreppsnefnda og bæjarstjórna eftirleiðis, og í öðru lagi kynni úrlausn æðra dóms, er synjaði aðilja kosningarréttar andstætt niðurstöðu héraðsdóms, að geta skipt máli um lögmæti þeirrar kosningar, sem aðili hefurf tekið þátt í. Ef úrslit þeirrar kosningar hafa t. d. oltið á einu atkvæði eða jafnvel hlutkesti, þá

má vera, að atkvæði þessa eina kjósanda hafi riðið baggamuninn. Eftir úrlausn æðra dóms hefur að minnsta kosti sá aðili eða þeir aðiljar, sem æðri dómur synjaði atkvæðisréttar, greitt atkvæði ranglega. Sýnist Alþingi þá geta ónýtt kosninguna eða jafnvel eiga að gera það. En ef sýnt er, að atkvæði þessa aðilja hefur hvorki gert til né frá um úrslit kosningar, þá mun ekki ætlandi, að hún yrði ónýtt. Þó má hugsa sér, að svo tæpt stæði, að atkvæði slíks kjósanda eða slíkra kjósenda kynnu að hafa aflað flokki uppbótarþingsætis, og kynni Alþingi að ónýta kosningu þess vegna, einkum ef flokkaskipting væri slík, að það gæti skipt máli.

IV. *Framboð*. Hér verður að greina milli framboða þingmannaefna fyrir sérstök kjördæmi, hvort sem kjósa skal óbundið eða hlutbundið, og landslista. Framboð skal nú vera komið til yfirkjörstjórnar eigi síðar en 31 degi fyrir kjördag.

Í einmenningskjördæmum skal fylgja framboði skrifleg yfirlýsing frambjóðanda og meðmælenda hans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann býður sig fram. Þetta skiptir máli um úthlutun uppbótarþinngsæta, er telja skal, hversu mörg atkvæði stjórnmálaflokkur hefur fengið í kosningum. Hins vegar er ekki krafizt vottorðs flokksstjórnar um það, að hún hafi samþykkt framboð aðilja fyrir hönd flokksins. Framboð er þó vitanlega ekki ógilt, þótt vottorðið vanti, en frambjóðandi telst þá utan flokka.

Í tvímenningskjördæmum voru kosningar óbundnar, þar til er stjórnskipunarlög nr. 78/1942 gengu í gildi, eins og fyrr er sagt. En nú fer um framboð í tvímenningskjördæmum með sama hætti sem í Reykjavík, með því að hlutbundnar kosningar skal hafa í öllum kjördæmum, þar sem kjósa skal fleiri en einn þingmann. Skal því senda yfirkjörstjórn lista með nöfnum frambjóðenda í þeirri röð, er þeir, sem að lista standa, ákveða. Fylgja skal skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á lista standa, um samþykki þeirra til þess að vera á listanum. Ef samþykki frambjóðanda vantar, þá skal yfirkjörstjórn nema nafn hans af listanum. Einnig skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn er boðinn fram. Annars kostar telst listinn utan flokka. Á listum þessum mega ekki vera fleiri menn en sem nemur tvöfaldri tölu þeirra þingmanna, sem kjósa skal. Í Reykjavík mega þeir því vera 16, en ekki fleiri, og í tvímenningskjördæm-

um 4. Ef fleiri eru, verður listi þó ekki ógildur, en yfirkjörstjórn strykar út þau nöfn, sem of aukið er, öftustu nöfnin.

Eins og fyrr er sagt, heimilaði c-liður 1. gr. stjórnskipulaga nr. 22/1934 stjórnmálaflokkum að hafa landslista í kjöri í almennum Alþingiskosningum. Sakir þessa ákvæðis varð að setja allmargar alveg nýjar reglur um skipun landslista. Um *mannaval á landslista*, sem aðeins má vera einn fyrir hvern flokk, er svo mælt, að enginn, sem er í kjöri utan flokka í kjördæmi, má vera á landslista. Landskjörstjórn mundi því nema nafn slíks manns af lista. Flokkur má ekki afla sér atkvæða með því að fá utanflokksmann á lista, því að með þeim hætti kynni hann að afla sér fleiri uppbótarþingmanna en honum bæri. Þeir einir mega vera á landslista, sem af hálfu viðkomandi flokks eru í kjöri í kjördæmum í þeim kosningum, er ekki hafa afsalað sér sæti þar, og aldrei fleiri frambjóðenda úr nokkru kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn og varaþingmenn. Í einmenningskjördæmi er einn frambjóðandi fyrir hvern flokk, og sá einn má þá vera þaðan á landslista þess flokks. Í öðrum kjördæmum mega frambjóðendur flokks á lista aldrei vera fleiri en tvisvar sinnum þingmannatalan, eins og áður er sagt, og virðist því sem óþarft hafi verið að nefna það, að flokkur mætti ekki hafa fleiri menn á landslista úr nokkru kjördæmi en sem nemur tölu þingmanna þar og varaþingmanna, með því að frambjóðendatalan er þannig takmörkuð, en frambjóðendur flokksins einir mega vera á landslista, og „frambjóðanda“ verður hér að merkja *löglegan* frambjóðanda. Nöfn frambjóðenda á landslista skal setja eftir stafrófsröð, en stjórnmálaflokki er heimilt að láta fylgja landslista sínum skrá yfir frambjóðendur flokksins í kjördæmum í þeirri röð, er flokkurinn óskar, að þeir hljóti uppbótarþingsæti, 30. gr. kosningalaganna 1934 og 1942. Þetta skiptir máli um úthlutun uppbótarþingsæta eftir 2. málsgrein 128. gr. laga nr. 18/1934 og 2. málsgr. 128. gr. laga nr. 80/1942. Eftir c-lið 1. gr. stjórnskipulaga nr. 22/1934 (d-lið stjórnskipulaga nr. 78/1942 og d-lið 31. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944) er röð 10 efstu manna á landslista ákveðin þannig, eins og fyrr segir, að annað hvert sæti að minnsta kosti sé skipað frambjóðendum utan Reykjavíkur, og er ekki gerandi ráð fyrir því, að það samrýmist því, að nöfn frambjóðanda séu í stafrófsröð á listanum, og ekki er heldur gerandi ráð fyrir því, að þetta ákvæði stjórn-

skipunarlaga samrýmist því ákvæði kosningarlaganna, að flokksstjórn raði á listann, nema það sé undir skilið, að röðin í 10 efstu sætin sé í samræmi við áðurnefnt fyrirmæli stjórnskipulaga. En segja má, að því takmarki stjórnskipulaga, að varna því, sé þá náð, að of margir Reykvíkingar hljóti uppbótarsæti, með því að einungis einn frambjóðandi úr sama kjördæmi verður eftir á landslista, þá er landskjörstjórn hefur samkvæmt 128. gr. kosningalaganna beggja numið þá alla af lista, sem ekki skulu koma til greina, er uppbótarsætum er úthlutað. En hvað sem um þetta er, þá væri viðkunnanlegra, að ákvæði kosningalaganna væru ótvírætt í samræmi við fyrirmæli stjórnskipulaganna.

Landslista skal fylgja skrifleg skýrsla um það, hvaða flokkur beri hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Ef flokkurinn hefur átt fulltrúa á síðast háðu Alþingi, þá nægir slík skýrsla. Ef flokkur hefur að vísu áður átt fulltrúa á Alþingi, en ekki því, er síðast var háð fyrir kosningar, þá skal meira til. Þó kynni að vera vafasamt, hvort flokkur, sem t. d. hefði fengið einn þingmann kjörinn í einmenningskjördæmi, en sá hefði ekki setið á síðast háðu Alþingi vegna veikinda, án þess að aukakosning hefði farið fram í kjördæminu, ætti ekki að njóta hlunninda ákvæðis þessa. Slíkur flokkur hefur þó sýnt það, að hann hafði nægilegt kjósendafylgi til að hafa fulltrúa á Alþingi, þó að svo óheppilega tækist til, að fulltrúinn mátti ekki neyta réttarins. En jafnvel þótt þingflokkur hafi ekki átt fulltrúa á síðast háðu Alþingi, nægir þó yfirlýsing flokksins, ef hann hefur náð 1000 atkvæðum í síðustu Alþingiskosningum. En ekki nægir það, þótt flokkur hafi fengið slíka atkvæðatölu saman lagt um land allt. Hann verður þar að auki að geta sýnt tiltekið lágmarksfylgi í ákveðnu kjördæmi í þeim kosningum, er nemi að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum. „Greidd" atkvæði munu bæði vera gild atkvæði og ógild, en 500 atkvæðatalan sýnist eiga að miðast við gild atkvæði, þó að um þetta megi sjálfsagt deila, með því að orð laganna orka tvímælis.

Þótt flokkur fullnægi hvorugu áðurnefndra skilyrði, þá getur hann samt borið fram landslista, ef hann lætur fylgja lista sínum til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá að minnsta kosti 500 kjósendum um, að þeir fylli flokkinn, og að þeir séu ekki í neinum öðrum stjórnmálaflokki, er taki þátt í þeim kosn-

ingum. Af kjósendum þessum skulu að minnsta kosti vera 20% kjósenda á kjörskrá eða 500 kjósendur úr einu og sama kjördæmi. Eftir þessu væri yfirlýsing 500 kjósenda í Reykjavík nægileg til sönnunar kjördæmafylginu. Sjá annars um framboð VI. kafla laga nr. 18/1934 og VI kafla laga nr. 80/1942.

Landslista skal tilkynna landskjörstjórn eigi síðar en 30 dögum fyrir kjördag.

V. *Kosningaundirbúningur af hálfu kjörstjórna.* Yfirkjörstjórnir í einmenningskjördæmum úrskurða lögmæti framboða með sama hætti sem áður. Í tvímenningskjördæmum og í Reykjavík skal og yfirkjörstjórn úrskurða framkomna lista. Skal merkja þá með sama hætti sem landskjörstjórn hefur merkt landslistana. Listi frá utanflokkamönnum er merktur bókstaf í framhaldandi stafrófsröð á eftir listum flokkanna. Síðan gerir yfirkjörstjórn listana almenningi kunna með auglýsingu í útvarpi og Lögbirtingablaði, í Reykjavík einnig í dagblöðum bæjarins.

Að liðnum framboðsfresti skal landskjörstjórn einnig halda fund, þar sem lögmæti framkominna landslista er úrskurðað. Ef gallar eru á lista, er aðiljum veittur kostur á að lagfæra þá, en landskjörstjórn kveður síðan upp úrskurð, ef gallarnir eru ekki leiðréttir. Má þá vera, að landlista verði vísað frá með öllu. Þar af leiðir þó alls ekki, að viðkomandi flokkur fái ekki uppbótarþingsæti, ef atkvæðatala hans veitir honum rétt til þess, en hugsanlegt er, að hann hefði fengið fleiri uppbótarþingsæti, ef hann hefði haft landslesta, þótt slíkt verði aldrei hægt að sanna. Því er ekki gert ráð fyrir því, að Alþingi ónýti kosningu fyrir það eitt, að landslisti hefur verið ranglega tekinn gildur eða honum hefur verið ranglega vísað frá, enda mundi þá þurfa að ónýta allar kosningarnar.

Þegar landskjörstjórn hefur úrskurðað listana, merkir hún þá með bókstöfum, með A. B. C o. s. frv. eftir upphafstaf í nafni þeirra stjórnmálaflakka, sem listana hafa borið fram. Listana birtir landskjörstjórn síðan í útvarpi og Lögbirtingablaði og jafnframt er birt skrá sú, er geymir röð þá. er flokkur kann að hafa sett frambjóðendur sína í á lista samkvæmt heimildinni í 30. gr. laga nr. 18/1934 og laga nr. 80/1942. Auk þessa ber landskjörstjórn að senda öllum yfirkjörstjórnum, hreppstjórum og sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík nú borgarfógeta) skriflega tilkynningu um landslista og nægilega

mörg eintök af þeim prentuðum, svo að festa megi upp eintak af þeim á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa. Sjá 35.—41. gr. laga nr. 18/1934 og laga nr. 80/1942.

VI. *Kjörseðlar.* 1. Enn sem fyrr er þeim, sem staddir eru eða gera ráð fyrir, að þeir verði staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir eru á kjörskrá, og geta því ekki sótt kjörfund, heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar, 64. gr. laga nr. 18/1934 og 64. gr. laga nr. 80/1942. Kjörseðillinn er þá hafður alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans limbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi, en jaðrar hans aðgreindir með ríflunum frá seðlinum, svo að þá megi rífa af og opna þannig seðilinn. Með hverjum seðli er fylgibréf, þar sem á eru eyðublöð undir tvær yfirlýsingar. Á annað skal rita nafn, stöðu og heimili kjósanda og vottorð viðkomandi opinbers starfsmanns eða skipstjóra, ef kosning fer fram á skipi, um það, að kosningin hafi farið fram hjá honum. Á hitt ritar kjósandi sjálfur yfirlýsingu um það, að hann hafi í einrúmi og þvingunarlaust útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur, og að hann hafi ekki kosið annars staðar, 45. gr. laga nr. 18/1934 og 45. gr. laga nr. 80/1942.

2. Eftir lögum nr. 18/1934 voru kosningar aðeins hlutbundnar í Reykjavík. Varð þá að greina milli kjörseðla utan Reykjavíkur annars vegar og kjörseðla í Reykjavík hins vegar. Nú er kosning hlutbundin bæði í Reykjavík og tvímenningskjördæmunum sex, en óbundin í einmenningskjördæmunum. Má því nú greina milli kjörseðla í kjördæmum með óhlutbundnum kosningum og kjörseðla í kjördæmum með hlutbundnum kosningum.

a) Ef kosning skal vera óbundin, skal skipta kjörseðli með svörtum borða þvert yfir seðilinn í tvo hluta. Efri hlutanum skal svo skipta með feitum þverstrykum í skákir svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi. Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrykum í svo margar skákir sem ætla má, að landslistar verði margir. Nöfn allra frambjóðenda í kjördæmi skal prenta í skákirnar í efra hluta eyðublaðsins, eitt nafn í hverja skák, í stafrófsröð eftir heitum stjórnmálaflokka þeirra, sem frambjóðandi býður sig fyrir, enda skal geta þess við hvern frambjóðanda, fyrir hvaða flokk hann er. Frambjóðandi utan flokka kemur á eftir, og skal þess einnig geta, að hann sé frambjóðandi utan flokka. Ef

fleiri en einn frambjóðandi utan flokka er í kjöri, skal raða þeim eftir starfrófsröð. Á neðri hluta kjörseðils skal ætla hverjum landslista eina skák. Skal þeim raða eftir starfrófsröð flokkanna, og geta skal þess, hvers flokks hver listi er, 51. og 54. gr. laga nr. 18/1934 og 51. og 54. gr. laga nr. 80/1942.

b) Ef kosning er hlutbundin. Eyðublaði undir kjörseðil skal hér einnig skipta í tvo hluta, efri og neðri, með sama hætti sem eyðublaði kjörseðils til óbundinnar kosningar. Listana skal síðan prenta hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Bókstafur hvers lista skal standa yfir listanum, sem geyma skal nöfn frambjóðenda hans í réttri röð. Geta skal þess við hvern lista, fyrir hvaða flokk hann er, og svo, ef listinn er utan flokka listi. Neðri hluti eyðublaðsins er ætlaður landslistum að öllu með sama hætti sem um kjörseðla í óbundnum kosningum var mælt.

VII. *Kjördagur* skal vera hinn sami um land allt, síðasti sunnudagur í júnímánuði. Ef Alþingi er rofið, geta almennar Alþingiskosningar auðvitað ekki allt af farið fram á hinum reglulega kjördegi. Ákveður forseti Íslands þá kjördag, sem hagað verður þá eftir þörfum hverju sinni, 136. gr. laga nr. 18/1934 og 136. gr. laga nr. 80/1942. Samkvæmt hinu almenna ákvæði kosningalaganna skal Alþingiskosning jafnan fara fram einn og sama dag. Af þessu var brugðið samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 80/1942 í kosningum í október 1942. Þá skyldu vera tveir kjördagar í kjördeildum, sem ekki væru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kauptúns. Hvort sem almennar Alþingiskosningar fara fram vegna þess að kjörtímabilið er liðið eða vegna þingrofs, þá skulu allar kosningar taldar frá hinum almenna kjördegi, enda þótt einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi, 59. gr. laga nr. 18/1934 og 59. gr. laga nr. 80/1942. Aukakosning og uppkosning í kjördæmi gildir því einungis þann tíma, sem þá er eftir af almenna kjörtímabilinu eða þangað til Alþingi kynni að verða rofið.

VIII. Hin rækilegu ákvæði kosningalaga til Alþingis um sjálfa kosningaathöfnina, sem í aðalatriðum geyma reglur þær, sem giltu fyrir 1930, verða ekki raktar hér. Einungis þykir hlýða að geta þeirra atriða, sem hin breytta skipun frá 1934 hefur í för með sér.

1. Í kosningum utan kjörstaðar eru settar nokkrar reglur, er miðast við hina nýju skipun. Ef kjósa skal hlutbundið, þá

ritar kjósandi á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, ef til vill breytingu á röðinni. Er þetta reyndar sama regla sem gilti um kosningar í Reykjavík eftir að hlutbundnar kosningar voru þar lögmæltar. En vera má, að kjósandi vilji ekki kjósa þann lista, sem boðinn er fram í kjördæmi, eða nokkurn þann mann, sem boðinn er fram í einmenningskjördæmi, og getur hann þá greitt atkvæði landslista þess stjórnmálaflokks, sem honum er helzt að skapi. Ef kosning er óhlutbundin, þá ritar hann nafn þess lista á kjörseðilinn. En ef kosning er hlutbundin í kjördæmi hans, þá ritar hann „landslisti" framan við listabókstaf þann, er hann skráir á kjörseðilinn, 68. og 69. gr. laga nr. 18/1934 og 68. og 69. gr. laga nr. 80/1942.

2. Í kosninngum á kjörstað varð auðvitað að taka til greina hina nýju skipun um hlutbundnar kosningar og landslista. Ef kosning er hlutbundin, setur kjósandi kross við lista, ef til vill með breytingum á nafnaröð eða útstrykun einhverra þeirra nafna, sem á lista standa, 89. og 90. gr. áðurnefndra laga. Kjósendum til leiðbeiningar skal bæði í kjörfundarstofu og kjörklefa festa upp landslistana, 82. gr. laga 1934 og laga 1942.

IX. *Kosningaúrslit.* Hér verður að greina milli úrslita kosningar í hverju einstöku kjördæmi og úrslita úthlutunar uppbótarþingsæta. Skal þá fyrst rætt um kosningaúrslit í kjördæmum og því næst um úthlutun uppbótarþingsæta.

A. 1. Eftir eldri reglum skyldi skipa frambjóðanda talsmann, er atkvæðatalning hófst og kosningaúrslit voru ákveðin. Sams konar gildir nú, ef ekki er umboðsmaður fyrir lista í kjördæmi eða landslista, 108. gr. laga 1934 og laga 1942. Frambjóðendur í einmenningskjördæmum og stjórnmálaflokkur, sem að lista stendur, þar sem hlutbundin kosning er, munu venjulega setja umboðsmenn, einn eða fleiri, fyrir sig, er atkvæði eru talin, og eru þeir þá og sjálfsagðir umboðsmenn landslista flokksins. En vera má þó, að flokkur hafi einungis landslista og hafi ekki talið nauðsyn á umboðsmanni fyrir sig.

2. Í kosningalögum 1934 og 1942 eru að nokkru nýjar reglur um það, hvenær atkvæði verði ógild metin, enda var þörf nýrra ákvæða um þetta efni vegna landslistanna. Meginreglan er sú, að atkvæði verði gilt, ef ekki orkar tvímælis, hvaða framjóðanda eða hvaða lista kjósandi hefur viljað greiða atkvæði, enda þótt einhverir gallar kunni að vera á. Eru ýmis dæmi slíkra

galla nefnd í 111. gr. kosningalaga 1934 og 1942. Gilt er t. d. atkvæði, þótt merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu í áritun manns, sem kýs utan kjörfundar, þótt í stað listabókstafs standi nafn stjórnmálaflokks þess, er slíkur kjósandi vill gefa atkvæði sitt, þótt kjósandi setji kross við nafn einhvers frambjóðanda á lista í stað þess að setja krossinn fyrir framan listabókstafinn sjálfan o. s. frv. Slík talning getur auðvitað aldrei verið tæmandi, heldur einungis verið til leiðbeiningar yfirkjörstjórnum. Þær eiga að skera úr þeim tilvikum, sem lögin nefna ekki, í anda laganna.

Hins vegar eru í 110. gr. beggja laganna 1934 og 1942 talin nokkur tilvik, þar sem atkvæði skal meta ógilt. Þessum tilvikum má í rauninni skipta í tvo flokka. Annars vegar eru tilvik, þar sem ekki verður ráðið með vissu, hvaða frambjóðanda eða hvaða lista aðili hefur kosið. Þessu er svo farið, ef hann hefur merkt við nafn fleiri en eins frambjóðanda í einmenningskjördæmi, merkt við fleiri en einn lista í tvímenningskjördæmi eða í Reykjavík, ef merkt er við tvo landslista, við frambjóðanda eða lista flokksins A og jafnframt við landslista flokksins B o. s. frv. Sama er, ef ekki verður ráðið af því, sem stendur á utankjörfundarseðli, við hvaða frambjóðanda í einmenningskjördæmi, við hvaða lista í kjördæmi með hlutbundinni kosningu eða hvaða landslista er átt. Aftur á móti er það gilt atkvæði, þótt bæði sé merkt við lista í kjördæmi og landslista sama flokks, því að þá er ekki um að villast, hvern aðili vill kjósa, 112. gr. kosningalaga 1934 og 1942. Ef skilað er auðu með öllu, þá hefur í raun rétti ekki verið greitt atkvæði, og því var óþarft að taka það fram, að slíkt „atkvæði" sé ógilt. Hins vegar eru tilvik, þar sem slík merki þykja vera á kjörseðli, að ráða megi af þeim, að kjósandi hafi viljað gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í seðli, sem ætla má, að hafi verið þar sett í sama skyni. Ljósast dæmi þessa er það, ef kjósandi hefur sett nafn sitt á kjörseðil eða nafn annars manns eða að eins gervinafn, því að allt slíkt má gera seðil auðkennilegan. Annars má fara mjög varlega í ógildingu kjörseðla, þótt einhver merki megi á þeim finna, t. d. einhver stryk eða rispu, því að oft kann slíkt að stafa af klaufaskap kjósanda, hann er skjálfhentur o. s. frv. Loks er seðill undantekningarlaust ógildur, ef ekki er notaður kjörseðill sá, sem kjörstjórn hefur fengið kjós-

anda. Má telja það tilvik til þessa flokks, því að notkun slíks seðils mætti vel hafa verið til þess ætlað að veita tilteknum manni eða mönnum vitneskju um það, hvern tiltekinn aðili hafi kosið.

3. Hin nýja skipun stjórnskipulaga nr. 22/1934 hafa valdið nokkrum breytingum á reglum þeim, sem áður giltu um úrskurðun atkvæðatalna frambjóðanda, og lista að því er Reykjavík varðaði. Má í þessu sambandi greina milli kosningar í einmenningskjördæmum og hlutbundinna kosninga.

a. Í einmenningskjördæmunum eru hverjum frambjóðanda auðvitað talin þau gild atkvæði, sem sjálfum honum hafa verið greidd, með krossum við nafn hans á kjörseðli eða nafnritun hans á utankjörfundarseðla. En við atkvæðatölu þá, sem hann fær með þeim hætti, skal einnig leggja tölu þeirra atkvæða, sem fallið hafa á landslista þess flokks í kjördæmi hans, sem frambjóðandinn er í kjöri fyrir. Frambjóðandi í einmenningskjördæmi getur eftir þessu orðið kjörinn, þótt hann hafi minna persónulegt fylgi en keppinautur hans, ef stjórnmálaflokkur sá, sem hann telst til, hefur þar meira fylgi. Meðan kosning í tvímenningskjördæmum, frá 1934 til 1942, var óhlutbundin, nutu báðir frambjóðendur flokks í kjördæmi hagnaðar af atkvæðum þeim, sem á landslista flokks þeirra féllu. Ef frambjóðendur flokks í slíku kjördæmi eru fleiri en einn, teljast landslistaatkvæðin einungis þeim, sem hefur flest persónuleg atkvæði. Ef þeir hafa jafnmörg persónuleg atkvæði, ræður hlutkesti, hvor hafa skuli landslistaatkvæðin, 114. gr. laga nr. 18/1934 og 114. gr. laga nr. 80/1942.

b. Ef kosið er hlutbundinni kosningu (í tvímenningskjördæmum og í Reykjavík), þá verður fyrst að finna það, hversu marga þingmenn hvor eða hver lista eigi að fá. En síðan skal skera úr því, hverir þeirra frambjóðenda, sem á lista eru, eigi að hljóta kosningu. Þingsætatala hvers lista fer eftir atkvæðum þeim, sem fallið hafa á listann, að viðbættum atkvæðum þeim, sem fallið hafa á landslista þess flokks, sem landslistan hefur borið fram. Ef listar eru fleiri en einn fyrir sama flokk, þá skal einungis telja þeim lista landslistaatkvæðin, sem hærri eða hæsta hefur atkvæðatölu fyrir. Ef þau atkvæði eru jafn mörg, þá ræður hlutkesti, hvor eða hver fær landlistaatkvæðin. Síðan er reiknað, hversu marga þingmenn hver listi fái og með sama hætti sem áður hefur verið mælt í lögum, sjá 115. gr. laga

nr. 18/1934 og 115 gr. laga nr. 80/1942. Um ákvörðun þess, hverir hreppi kosningu á lista fer enn eftir sömu reglum, sem giltu eftir hinum eldri kosningalögum. Sjá að framan bls. 495—496. Af hverjum lista verða jafnmargir varaþingmenn kosnir og listinn fær þingmenn. Hins vegar fær listi ekki varaþingmenn, ef hann hefur ekki fengið þingmann, enda þótt hann hafi til þess atkvæðamagn. Sjá 116. og 118. gr. kosningalaga 1934 og 1942.

4. Með því að landskjörstjórn skal úthluta þingflokkum uppbótarþingsætum í samræmi við atkvæðamagn það, er þeir hafa fengið um land allt í almennum Alþingiskosningum, verður hún að fá áreiðanlegar skýrslur um það úr hverju kjördæmi landsins. Í því skyni skal landskjörstjórn gera eyðublöð, er senda skal hverri yfirkjörstjórn á landinu, enda skulu yfirkjörstjórnir skrá á eyðublöð þessi skýrslu um þessi atriði:

1. Hversu mörg gildi atkvæði haf fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru.

2. Í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, hve mörg gild atkvæði hafi verið greidd hverjum frambjóðanda persónulega.

3. Í kjördæmi, þar sem kosning er hlutbundin, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig, og hvernig atkvæðatala hvers lista skiptist milli frambjóðendanna á hverjum lista, eftir þeim útreikningi, sem í kosningalögunum er ákveðinn.

Skýrslum þessum skulu og fylgja skilríki frambjóðenda og í kjördæmum, þar sem kosning er hlutbundin, skilríki listanna um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafi, hver um sig, verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum, 122. gr. kosningalaga 1934 og 1942. Landskjörstjórn verður að leggja þessar skýrslur til grundvallar starfi sínu. Hún verður að gera ráð fyrir þeim atkvæðum öllum gildum, sem yfirkjörstjórn hefur metið gild. Og hún getur ekki tekið þau atkvæði til greina, sem yfirkjörstjórn hefur metið ógild, enda þótt hún teldi yfirkjörstjórn hafa yfirsézt.

B. Hlutverk landskjörstjórnar er, auk nokkurrar þátttöku í kosningaundirbúningi, úthlutun uppbótarþingsæta samkvæmt ákvæðum stjórnskipulaga. Starf hennar er mestmegnis fólgið í útreikningum. Þegar er landskjörstjórn hafa borizt úr öllum kjördæmum skýrslur þær, sem getið var, skal hún koma saman til að inna starf sitt af hendi, enda auglýsi hún stað og stund með hæfilegum fyrirvara. svo að umboðsmönnum stjórnmála-

flokkanna veitist kostur á því að vera við staddir, er úthlutunin fer fram.

1. Fyrsta verk landskjörstjórnar er athugun og úrlausn þess, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja frambjóðendur þá og framboðslista, er í kjöri hafa verið í síðustu almennuum Alþingiskosningum, og hverja skuli telja utan flokka. Þetta síðasta skiptir miklu máli, því að þingmaður í einmenningskjördæmi og listi utan flokka talinn fær ekki uppbótarþingsæti. Ef aftur á móti aðili er talinn stjórnmálaflokkur og hefur fengið þingsæti, eitt eða fleiri, þá getur hann komið til greina, er uppbótarþingsætum skal úthluta. Úrlausn þess, hvort aðilja skuli telja þingflokk eða ekki, er því fengin landskjörstjórn. Og stjórnmálaflokkur er orðinn þingflokkur, ef hann hefur fengið þingsæti í almennum Alþingiskosningum að dómi landskjörstjórnar.

2. Landskjörstjórn verður því næst að gera sér grein fyrir því, hver saman lögð atkvæðatala hvers þeirra flokka, er hún hefur úrskurðað þingflokk, hafi orðið í kosningunum. Og grundvöllur undir úrlausn hennar á því atriði eru áðurnefndar skýrslur yfirkjörstjórnanna. Eftir 126. gr. laga nr. 18/1934 var þetta starf nokkru flóknara en nú er eftir 126. gr. laga nr. 80/1942, með því að óbundnar voru kosningar bæði í einmenningss- og tvímenningskjördæmum, en nú er annað hvort kosið óbundið í einmenningskjördæmi eða hlutbundið (í Reykjavík og í tvímenningskjördæmunum sex). Eftir 126. gr. kosningalaga 1934 skiptust atkvæði þingflokkanna í sex flokka, er telja skyldi þau og ákveða áhrif þeirra um úthlutun uppbótarþingsætanna. Komu þar til greina:

1. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í einmenningskjördæmum. Þessi atkvæði hlaut hver flokkur að eiga alveg óskipt.

2. Samanlögð atkvæði greidd framboðslista flokksins í Reykjavík, einum eða fleiri. Einnig þessi atkvæði koma óskipt til greina.

3. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, er kosnir hafa verið einir sér. Hér er átt við það tilvik, sem ekki var dæmalaust, að kjósandi merkti að eins við nafn annars frambjóðandans, en kysi hvorki hinn né nokkurn annan, sem í kjöri var.

4. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðend-

um flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið tveir og tveir saman. Þessi regla var eðlileg, því að kjósandinn er einn, þótt hann fái að kjósa tvo þingmenn, og atkvæði hans því eitt, en ekki tvö.

5. Helmingur samanlagðra greiddra atkvæða frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið með frambjóðendum annarra flokka. Hér hefði ef til vill mátt orða það, að slík atkvæði ættu ekki að koma til greina, með því að kjósanda mætti telja flokksleysingja. En ef fleiri flokkar en einn hafa haft menn í kjöri, má þó segja, að kjósandi hafi þó heldur viljað kjósa frambjóðendur þeirra tveggja flokka, sem hálft fengu atkvæði hans, en frambjóðendur annarra flokka.

6. Samanlögð atkvæði greidd landslista flokksins. Þessi atkvæði mátti algerlega skipa á bekk með atkvæðum í einmenningskjördæmum, og var því auðvitað, að þau yrðu talin flokknum óskipt.

Eftir 126. gr. laga nr. 80/1942, er einungis kosningar í einmenningskjördæmum eru óbundnar, eru atkvæðaflokkarnir, er úthluta skal uppbótarþinngsætum, að eins þrír:

1. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, þ. e. í öllum einmenningskjördæmunum.

2. Samanlögð atkvæði greidd framboðslistum flokksins í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, þ. e. í Reykjavík og tvímenningskjördæmunum.

3. Samanlögð atkvæði greidd landslista flokksins. Eftir nýrri ákvæðunum verður starf landskjörstjórnar að þessu leyti tölulvert einfaldara en eftir ákvæðum kosningalaga nr. 18/1934.

Þegar landskjörstjórn hefur reiknað hverjum flokki atkvæði samkvæmt því, sem nú hefur sagt verið, verður næst fyrir að skera úr því, hvort úthluta skuli uppbótarþingsætum, og, ef þess verður þörf, hvernig sú úthlutun skuli verða. Verða þá verkefnin tvenn: Fyrst skal greiða úr því, hvaða flokkar skuli fá uppbótarsæti og hversu mörg hver flokkur, og síðan verður að leysa úr því, hverir frambjóðenda á landslista flokksins skuli hreppa uppbótarsætin.

a. Um fyrra atriðið eru ákvæði í 127. gr. kosningalaga nr. 18/1934 og nr. 80/1942. Skal landskjörstjórn þá fyrst deila tölu kjördæmiskosinna þingmanna hvers flokks í samanlagða tölu

atkvæða hans í kosningunum. Fæst með þessum hætti meðaltalsatkvæðatala hvers flokks á hvern kjördæmakjörinn þingmann hans. Lægsti kvótinn, sem fram kemur í deilingu þessari, er kallaður í áðurnefndri lagagrein „hlutfallstala“ kosningarinnar. Hlutfallið er auðvitað brot, þar sem talan 1 er teljari, en meðaltalsatkvæðin (kvótinn) nefnarinn. Þetta má bezt skýra með dæmi. Ef flokkarnir A, B, C og D eiga hlut að máli og hafa fengið kjördæmiskjörna þingmenn og samanlagða atkvæðatölu þannig:

A 17 þingmenn og 14000 atkvæði eða $823\frac{9}{17}$ á hvern,
B 14 þingmenn og 22000 atkvæði eða $1571\frac{3}{7}$ á hvern,
C 6 þingmenn og 10000 atkvæði eða $1666\frac{2}{3}$ á hvern,
D 4 þingmenn og 6000 atkvæði eða 1500 á hvern.

„Hlutfallstala“ kosningarinnar er hér $1:823\frac{9}{17}$.

Ef uppbótarþingsætum mætti úthluta þar til er fullur jöfnuður eða nær því væri fenginn, þá ætti útkoman að vera þessi:

B á að fá þingmenn alls $22000:823\frac{9}{17}$ eða 26 þingmenn.
C þingmenn alls $10000:823\frac{9}{17}$ eða 12 þingmenn.
D þingmenn alls $6000:823\frac{9}{17}$ eða 7 þingmenn.

Brotum er þó sleppt, en nær fullum jöfnuði yrði ekki komizt. Þingmenn í þessu dæmi yrðu þá alls 62, en mega ekki verða fleiri en 52 eftir stjórnskipulögum, með því að uppbótasæti mega ekki vera fleiri en 11. En með því að tölu uppbótarsætanna er hámark sett, verður úthlutun þeirra ekki svo einföld sem í dæmi þessu. Landskjörstjórn verður að gera reikningslega raun til þess, hversu mörg uppbótasæti hver flokkur eigi að hljóta. Ritar hún upp atkvæðatölu allra flokka annarra en þess, er lægsta atkvæðatölu hefur fengið á hvern kjördæmiskjörinn þingmann, hverja aftur undan annarri í sömu línu, og deilir síðan í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi flokks kosinna í kjördæmum, fyrst að við bættum 1, síðan 2 o. s. frv., unz síðustu útkomurnar (kvótarnir) geta ekki á þann hátt orðið jafnari „hlutfallstölunni“. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Þetta má bezt skýra með dæmi og má þá nota sama dæmið sem áður var tekið.

| B | C | D |
|---|---|---|
| 22000:15—1400 | 10000: 7—1428 $\frac{4}{7}$ | 6000:5—1200 |
| :16—1375 | : 8—1250 | :6—1000 |
| :17—1294 $\frac{2}{17}$ | : 9—1111 $\frac{1}{9}$ | :7—837 $\frac{1}{7}$ |
| :18—1222 $\frac{2}{9}$ | :10—1000 | :8—750 |
| :19—1157 $\frac{17}{19}$ | | |
| :20—1100 | | |
| :21—1047 $\frac{13}{21}$ | | |

Þá fær B 7 uppbótarþingmenn, C 3 og D 1. Deilingunni skal eftir 127. gr. kosningalaganna beggja halda áfram, þar til kvótarnir verða svo líkir „hlutfallstölunni" sem verða má. En hér er deilingunni einungis haldið áfram svo langt sem þörf er til að sýna, hversu marga uppbótarþingmenn hver flokkur getur fengið. B hefur nú hlotið alls 21 þingsæti, C 9 og D 5, og er þá þingmannatalan full. En fullur jöfnuður hefur ekki fengizt. Ef alveg fullur reikningslegur jöfnuður hefði átt að fást, þá hefði enn átt að úthluta 10 þingsætum. Flokkinn B vantar enn 5 þingsæti, flokkinn C vantar 3 og flokkinn D 2.

Það er auðvitað og líka sagt í 127. gr. beggja margnefndra kosningarlaga, að fyrsta uppbótarþingsætinu skal úthluta þeim þingflokki, sem hæsta á útkomuna, og svo koll af kolli eftir hæð útkomtalnanna. Í dæminu fær C því fyrsta uppbótarsætið, B þrjú hin næstu, C hið fimmta, B hið sjötta, D hið sjöunda o. s. frv. Ef sá jöfnuður næst, sem yfir höfuð er auðið að fá, áður en úthlutað hefur verið 11 uppbótarþingsætum, þá er úthlutun lokið. Þá hefur hver flokkur fengið þá þingsætatölu, sem honum ber eftir meginreglu stjórnskipulaga um jöfnuð meðal þingflokkanna. Það er auðvitað aðalreglan, að uppbótarsæti sé ekki úthlutað á tölu lægri en „hlutfallstalan" er. En í 127. gr. kosningalaganna beggja er þó gert ráð fyrir því, að uppbótarsæti verði úthlutað á lægri tölu. Svo getur staðið á, að flokk vanti einungis lítið á til þess að hann geti fengið uppbótarsæti eða fleiri uppbótarsæti en hann hefur þegar fengið, enda hafi ekki þegar verið úthlutað öllum hinum lögmæltu uppbótarsætum, en þó yrði meðaltalsatkvæðatala hans á hvern sinna þingmanna eitthvað lægri en sú tala þess flokks, er hafði hana lægsta. Þá verður slíkum flokki úthlutað uppbótarþingsæti, en þó því að eins, að enginn annar þingflokkur hefði fengið hærri atkvæðatölu á hvern þingmann, ef hann hefði bætt við sig því þingsæti. Naumast getur komið til þess, að nota þurfi þessa

reglu, meðan sú skipun stendur óbreytt, er nú gildir, því að litlar líkur eru til þess, að úthluta megi öllum þeim uppbótarsætum, sem allir þeir þingflokkar, sem til greina koma, eiga reikningslega rétt til. Eftir Alþingiskosningarnar í október 1942 hefði t. d. þurft að úthluta 14 uppbótarsætum, eða þremur í viðbót við hin 11 lögmæltu, til þess að nokkurn veginn jöfnuður hefði fengizt milli þingflokka þeirra, sem þá áttu hlut að máli.[1])

b. Þá kemur að úrlausn þess, hverir frambjóðendur þingflokks, sem á landslista eru, skuli fá uppbótarþingsæti. Um það atriði eru ákvæði 128. gr. kosningalganna beggja. Fyrst skal nefna tvær reglur, sem ófrávíkjanlegar eru:

1. Enginn, sem hlotið hefur kosningu í kjördæmi, fær uppbótarþingsæti. Þessi regla er vitanlega sjálfsögð. Ef henni væri ekki fylgt, þá mundu allar kjördæmakosningar verða markleysa. Landskjörstjórn verður í þessu efni að fara algerlega eftir úrlausnum yfirkjörstjórna. Ef yfirkjörstjórn hefur gefið út kjörbréf til handa frambjóðanda, þá verður í þessu sambandi við svo búið að standa, jafnvel þó að þeir gallar kunni að vera á honum sjálfum eða kosningu hans, að fyrirsjáanlega muni Alþingi ógilda kosninguna. Uppkosning skal fara fram, ef Alþingi ógildir kosningu, en það skiptir ekki máli, þótt sá frambjóðandi, sem hér á hlut að máli, falli í þeirri kosningu og hefði því getað komið til greina, ef söm hefðu orðið úrslitin um hann í almennu kosningunum. Kosningalögin segja að vísu ekkert sérstaklega um þetta tilvik, sbr. 133. gr. kosningalaga 1934 og 1942, en þögn þeirra um það virðist tvímælaust verða að skýra svo, að löggjafinn ætlist ekki til þess, að slík niðurstaða uppkosningar raski ákvörðun landskjörstjórnar um uppbótarþingmenn.

Sá, sem hlotið hefur varaþingsæti í hlutbundinni kosningu í kjördæmi, getur hins vegar hlotið uppbótarþingsæti, ef efni standa til að öðru leyti, og skal þá hlutaðeigandi yfirkjörstjórn gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, sem varaþingmaðurinn var á, varaþingmannskjörbréf, 117. gr. kosningalaganna beggja.

2. Ef fleiri en einn þeirra, sem verið hafa í kjöri í einhverju kjördæmi, geta annars komið til greina, er úthluta skal uppbótarsætum, þá skal nema þá brott alla, nema þann, er hæsta

1) Hagskýrslur nr. 113 bls. 19, sbr. bls. 52.

atkvæðatölu hefur fengið. Sama kjördæmi getur því ekki fengið meira en einn varaþingmann af sama flokki. Þó að Sjálfstæðisflokkurinn hefði t. d. það atkvæðamagn í Reykjavík, að tveir frambjóðendur á lista hans gætu vegna atkvæðatölu sinnar átt kröfu til uppbótarþingsætis, þá getur einungis annar þeirra, sá er hærri hefur atkvæðatölu, komið til greina. Hugsunin, sem liggur bak við þessa reglu, er sú, að uppbótarþingsætin skuli dreifast meðal kjördæmanna um landið eftir föngum. Fámennu og afskekktu kjördæmin eigi einnig að njóta hagnaðar af uppbótarþingsætunum eigi síður en stóru og fjölmennu kjördæmin.

Eins og áður getur, er nöfnum frambjóðanda flokks í almennum Alþingiskosningum raðað á landslista eftir stafrófsröð. Skal nú fyrst gert ráð fyrir því, að flokksstjórn hafi ekki látið fylgja landslista sínum skrá yfir frambjóðendur flokksins samkvæmt 4. málsgr. 30. gr. beggja kosningalaganna. Landskjörstjórn tekur þá landslista, eins og hann er gerður, með nöfnum frambjóðenda í stafrófsröð. Ber þá að leggja til grundvallar þá atkvæðatölu, er hver þeirra hefur fengið í kjördæmi, þar sem hann bauð sig fram eða var á lista. Þeim, er var í framboði í kjördæmi með óbundinni kosningu, eru þá reiknuð þau gild atkvæði, sem hann fékk þar. Þeim, sem verið hefur á lista í kjördæmi með hlutbundinni kosningu, skal hins vegar einungis reiknað það atkvæðamagn, sem talið var sæti því, er hann skipaði á listanum. Ef hann hefur t. d. verið fimmti maður á lista, sem fékk 5000 atkvæði, þá telst sæti hans ⅕ af atkvæðatölu listans, eða 1000 atkvæði, enda er þá hvorki gert ráð fyrir því, að hann hafi verið strykaður út né færður til á listanum í kosningunni. Þegar landskjörstjórn hefur sannreynt atkvæðatölu frambjóðenda flokks á landslista, þá skal hún skipa þeim í röð af nýju þannig, að efstur verði sá, sem hefur hæsta atkvæðatölu þeirra, sem raða skal á hinn nýja lista. Annar í röðinni verður sá, sem að efsta manninum frá töldum, hefur atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu. Þriðji verður sá, er þá hefur hæsta atkvæðatölu og fjórði sá, er atkvæði fékk í kjördæmi sínu, er hæstri nemur hundraðstölu, o. s. frv. á víxl. Tökum til dæmis úthlutun uppbótarsæta til Alþýðuflokksins eftir októberkosningarnar 1942. Sæti því, er Haraldur Guðmundsson skipaði á lista flokksins í Reykjavík, voru talin 1651 at-

kvæði.[1]) Enginn þeirra, er til greina komu, hafði svo háa atkvæðatölu. Hann varð því efstur á lista landskjörstjórnar. Barði Guðmundsson fékk 378 gild atkvæði í einmenningskjördæmi og 30% greiddra gildra atkvæða þar, sem var hæsta hundraðstala atkvæða, er nokkur maður á landslista flokksins hafði fengið. Hann varð því annar í röðinni á lista landskjörstjórnar. Guðmundur Í. Guðmundsson fékk 497 atkvæði í einmenningskjördæmi. Það var hæsta atkvæðatala, næsta atkvæðatölu Haralds Guðmundssonar. Guðmundur varð því þriðji maður á lista landskjörstjórnar. Fjórði maður á lista landskjörstjórnar var Erlendur Þorsteinsson, sem fékk 370 atkvæði í einmenningskjördæmi og 25% greiddra gilda atkvæða þar, en það var næsthæsta hundraðstalan, sem nokkur á landslista flokksins fékkk, þeirra er ekki náðu kosningu í kjördæmi.

Ef stjórnmálaflokkur hefur raðað á landslista sinn samkvæmt heimildinni í 4. málsgr. 30. gr. kosningalaganna, þá skal auðvitað nema þá frambjóðendur alla brott, sem ekki eiga að koma til greina samkvæmt því, er áður var sagt. Hins vegar skiptir röðunin því máli, að sá, sem efstur var samkvæmt röðun flokks, skal koma í þriðja sæti á lista landskjörstjórnar. Sá, sem annar var, kemur í sjötta sætið, þriðji í níunda sætið o. s. frv. En hér er þess þó gætandi, að sá, sem efstur er á lista flokksstjórnar, annar o. s. frv., kunna að eiga ofar sæti á lista landskjörstjórnar samkvæmt reglum þeim, er lýst var, og taka þeir þá sæti á lista landskjörstjórnar samkvæmt því. Fyrsti maður á röðuðum lista flokksstjórnar á t. d. efsta sætið á lista landskjörsjtórnar, sjötti maður annað sætið o. s. frv. En þá sýnist eiga að skipa hinum á lista flokksstjórnar svo í röð á lista landskjörstjórnar sem áður var sagt. Ef t. d. efsti maður á lista flokksstjórnar hefur hlotið efsta sætið á lista landskjörstjórnar sakir þess að hann hafði hæsta atkvæðatöölu, kemur annar maður á lista flokksstjórnar í þriðja sæti á lista landskjörstjórnar. Ef fjórði maður á lista flokksstjórnar fengi annað sætið á lista landkjörstjórnar, mundi annar maður á lista flokksstjórnar allt að einu verði þriðju í röðinni á lista landskjörstjórnar o. s. frv.

Loks má vera, að flokkur hafi engan landslista, en eigi þó rétt til uppbótarþingsæta. Er auðsætt, að flokkur á ekki að missa

1) Brotum er sleppt.

uppbótarsæta fyrir þær sakir. Landskjörstjórn á þá að gera slíkum flokki uppbótarsætalista, er skipaður sé öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendur fyrir neitt kjördæmi en þar skyldi kjósa þingmenn og varaþingmenn. Ef fleiri hafa verið í kjöri í kjördæmi en þar skyldi kjósa þingmenn, tekur sá þeirra sæti á uppbótarlista, er hærri hafði atkvæðatölu, ef um tvímenningskjördæmi er að tefla, en annars sá, sem hæsta hafði atkvæðatölu. Síðan nemur landskjörstjórn þá frá, er hlotið hafa kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá verða eftir, í röð á listann eftir þeim reglum, sem lýst hefur verið, þegar flokksstjórn hefur ekki raðað á lista sinn.

Ef tveir eða fleiri hafa jafna atkvæðatölu, hvort sem um sæti á lista landskjörstjórnar eða rétt til uppbótarsætis er að tefla, þá skal hlutkesti ráða, 2. málsgr. 127. og 2. málsgr. 128. gr. kosningalaga 1934 og 1942. Eftir 1. gr. stjórnskipulaga nr. 22/1934 og 1 .gr. stjskpl. nr. 78/ 1942 og nú 31. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 á hver flokkur, sem uppbótarþingmann fær, rétt til jafnmargra varamanna. Varasætum er úthlutað eftir sömu reglum sem uppbótarþingsætum. Er því úthlutað tvöfaldri þingsætatölu til uppbótar, og verður síðari helmingurinn varasæti, 129. gr. kosningalaga 1934 og 1942.

Þá er landskjörstjórn hefur gert lista sinn og úrskurðað, hversu marga uppbótarþingmenn hver flokkur skal fá, kann það að koma í ljós, að ekki séu svo margir eftir á lista sem uppbótarþingmennirnir urðu. Þá skal hlutaðeigandi flokksstjórn nefna til menn, sem komi neðst á lista landskjörstjórnar, eftir því sem þarf til viðbótar á listann. Setur landskjörstjórn flokksstjórn hæfilegan frest til þess að nefna mennina, 3. málsgr. 128. gr. kosningalaganna beggja. Þótt það sé ekki sagt berum orðum í lögunum, þá hlýtur flokksstjórn að kveða á um röð þeirra manna á listanum, er hún nefnir samkvæmt þessu ákvæði. Þeir menn, er þannig eru nefndir á lista, verða svo varaþingmenn flokksins. Eftir þessu er ljóst, að kosningalögin veita flokksstjórn rétt, að vísu takmarkaðan, til að velja alþingismenn. Í stjórnskipulögum nr. 18/1934 1. gr., stjórnskipulögum nr. 78/1942 og nú í 31. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 segir, að varamenn uppbótarþingmanna skuli kosnir samtímis og á sama hátt sem þeir. Ekki verður efazt um það, að Alþingiskjósendur skeri úr því með atkvæðum sínum, hversu

marga uppbótarþingmenn (aðalmenn og varamenn) hver flokkur fær og hverir verði kjörnir. Ekki orkar það heldur tvímælis, að Alþingiskjósendur eiga engan þátt í því, *hverir* verði varamenn uppbótarþingmanna, að því leyti sem flokksstjórn nefnir menn á lista landskjörstjórnar. Flokksstjórn ákveður það ein. Hún, en ekki kjósendur, kýs þá Alþingismenn. Verður ekki betur séð, en að þetta fari í bága við ákvæði stjórnskipulaga.

Landskjörstjórn gefur út kjörbréf til handa uppbótarþingmönnum og varamönnum þeirra. Uppbótarþingmenn eru nefndir landskjörnir og eru kallaðir 1., 2., 3. landskjörinn o. s. frv. eftir þeirri röð, sem þeir fá kosningu. Samsvarandi gildir um varamennina, 130. gr. kosningalaganna beggja.

6. gr.

**Úrskurðarvald um þingmannskjör.**

I. Í 46. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 er endurtekin regla hinna eldri stjórnskipulaga um það, að Alþingi skeri sjálft úr því, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Stjórnarskráin segir það ekki berum orðum, að Alþingi skuli úrskurða um *kjörgengi nýkjörins* þingmanns. En aldrei hefur verið vafi um það, að það atriði skyldi sæta úrlausn Alþingis. Með því að Alþingi er berum orðum fengið úrskurðarvald um *missi* kjörgengis manns, er á þingi hefur setið, þá væri mjög óeðlilegt, að það færi ekki einnig með úrskurðarvald um kjörgengi hans á kjördegi eða á þeirri stund, er hann ætlar að taka sæti á Alþingi. Í 31. og 142. gr. laga nr. 18/1934 og nr. 80/1942 segir berum orðum, að kjörgengi frambjóðenda þurfi ekki að sanna fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, og að Alþingi úrskurði það. Og í samræmi við þetta eru fyrirmæli 140. gr. kosningalaganna beggja, þar sem ræðir um kærur til Alþingis um kjörgengisskort nýkjörins þingmanns, og ákvæði 4. og 5. gr. þingskapalaga nr. 115/1936 um kjörbréfanefnd og hve nær kærur út af kjörgengisskorti þingmanns skuli vera komnar til Alþingis.

Alþingi sker úr því, hvort þingmenn séu löglega kosnir. Þar til teljast öll atriði, er kosningu varða, svo sem lögmæti framboðs, hvort það er framboð einstaks manns eða lista, undir-

búningur kjörskrár og kosninga, atferli kjörstjórna eða annara, að svo miklu leyti sem það kann að skipta máli um kosningu o. s. frv.

II. Alþingi þarf auðvitað að hafa þau gögn, sem nauðsynleg eru til úrslausnar um gildi kosninga. Því er yfirkjörstjórnum boðið að senda dómsmálaráðuneyti alla ágreiningsseðla og eftirrit úr gerðabók sinni, 5. málsgr. 113. gr. kosningalaganna beggja. Samsvarandi gildir um landskjörstjórn, 132. gr. beggja sömu laga. En ráðuneytið skal leggja þessi gögn fyrir Alþingi í þingbyrjun. Alþingi getur úrskurðað kosningu ógilda, án þess að hún hafi verið kærð, eða frestað að taka hana gilda, 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 115/1936. En aðalreglan er þó sú, að Alþingi tekur ekki upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar þingmanna framar en eftirrit úr gerðabókum yfirkjörstjórna og landskjörstjórnar veitir ástæðu til. Felst þar í, að Alþingi hlýtur að gæta að því, að þingmenn hafi kjörbréf, gefið út af réttum aðilja, 3. málsgr. 5. gr. sbr. 1. gr. þingskapalaga nr. 115/1936 og 142. gr. kosningalaganna beggja. Ef nokkrir verulegir gallar eru á kosningaundirbúningi, kosningarathöfn eða gerðum kjörstjórna annars eða vafi kynni að leika á kjörgengi þingmanns, þá er venjan sú, að kjósendur, einn eða fleiri, kæri kosningu. Eftir 142. gr. kosningalaganna beggja á kærandi að senda dómsmálaráðuneyti kæru sína tvíritaða innan 4 vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst og þó allt af áður en næsta Alþingi eftir kosninguna kemur saman. Dómsmálaráðuneytið skal svo senda annað samrit kærunnar frambjóðanda þeim, er kæran varðar, eða umboðsmanni lista, ef kæran varðar einhvern framboðinna lista, en hitt samritið skal ráðuneytið senda Alþingi. Þessi ákvæði munu hafa verið sett í því skyni að verja þingið fyrir stöðugum kærum út af kosningum eftir að það er tekið til annarra starfa, enda nokkurs virði, að sem fyrst verði úr því skorið, hverir sé löglegir Alþingismenn vegna vinnubragða þingsins. Segir og í lögum nr. 20/1934, 1. gr., sem orðrétt er endurtekin í 4. málsgr. 5. gr. þingskl. nr. 115/1936, að kærur yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skuli því að eins taka til greina, að þær séu komnar til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi. Auðsætt sýnist þó, að þessi ákvæði verði ekki allt af haldin bókstaflega. Í fyrsta lagi mun ekki verða komizt hjá því að sinna síðar fram kominni kæru, er varðar kjörgengi þing-

manns, jafn vel þótt kosning hans hafi verið tekin gild og hann hafi gegnt þingstörfum um sinn, t. d. ef það verður reynt, að þingmaður hefur framið verknað, sem hefur valdið honum missi kosningarréttar.[1]) Í öðru lagi má vel vera, að verulegar misfellur varðandi kosningu verði eigi kunnar fyrr en svo seint, að eigi hafi verið unnt að kæra kosningu vegna þeirra innan áðurnefndra tímamarka, t. d., mútur eða nauðung hafi verið í frammi hafðar. Í þriðja lagi getur Alþingi sjálft vikið frá fyrirmælum þingskapa sinna eftir 64 gr. laga nr. 115/1936, enda komi afbrigðin ekki í bága við stjórnarskrána. Í 1. málsgr. 4. gr. þingskapalaganna er loks beinlínis gert ráð fyrir því, að kærur yfir kosningu, sem þegar hefur verið tekið gild, eða kjörgengi, verði teknar til meðferðar á Alþingi. Skal kjörbréfanefndin meðal annars rannsaka slíkar kærur.

III. Í 142. gr. kosningalaga 1934 og 1942 eru nokkur ný ákvæði um það, hve nær kosningu skuli meta ógilda. Og má vist telja þau staðfesta nokkurn veginn eldri venjur um þessi efni. Kosningu manns, sem Alþingi telur bresta kjörgengisskilyrði, verður auðvitað allt af að ógilda, jafn vel þótt engum verði gefin sök á þeim galla, t .d. ef nýkosinn þingmaður reynist skorta íslenzkan ríkisborgararétt. En gallar á kosningu þurfa út af fyrir sig alls ekki allt af að valda ógildingu kosningar. Þó skal það undantekningarlaust varða ógildingu kosningar, ef þingmaður hefur verið í kjöri í tveimur kjördæmum eða á tveimur listum eða fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt utanflokka í sömu Alþingiskosningum. Sama mundi verða, ef sami maður væri á tveimur listum, bornum fram af mismunandi utanflokkamönnum. En þessi tilvik munu naumast koma fyrir, því að yfirkjörstjórnir athuga framboð bæði einstakra manna og lista og mundu benda frambjóðendum og aðstandendum lista á gallana, og mundu aðiljar sjá sinn hag í lagfæringum á þeim. Annars ræður það mestu, þegar meta skal gildi gallaðrar kosningar, *hvort misfellur hafa getað skipt máli um úrslit hennar*. Margar kosningamisfellur hafa sýnilega engu ráðið um úrslit kosningar. Deila hefur t. d. orðið um það, hvort taka skyldi eitt atkvæði fallins frambjóðanda gilt eða ekki. Þótt talið væri, að það hefði verið

1) Á Alþingi 1935 var t. d. um það deilt, hvort uppbótarþingmaður, sem skilið hafði við flokk sinn, hefði þar með fyrirgert þingseturétti sínum, og því svarað neitandi af meiri hluta Alþingis (Alþt. 1935 B. 2339 o. s. frv.).

ranglega metið ógilt, mundi eigi eiga að ógilda kosningu fyrir það, ef úrslit hefðu sýnilega orðið hin sömu, ef það hefði verið metið gilt. En ef svo stendur á, að atkvæði tveggja frambjóðenda í einmenningskjördæmi eða tveggja lista í tvímenningskjördæmi hafa orðið jöfn, af því að atkvæðið var metið ógilt, og hlutkesti hefur því ráðið úrslitum, þá mundi sú kosning væntanlega verða metin ógild. Margar misfellur eru svo vaxnar, að ekkert verður fullyrt um það, hvort þær hafi skipt nokkru máli, t. d. ef kjörskrá hefur ekki legið almenningi til sýnis alveg fulla tvo mánuði fyrir kosningar samkvæmt 19. gr. kosningalaganna. Sama er um fjölmargar minni háttar misfellur af hálfu kjörstjóra. Hins vegar mundi það orka ógildi kjörbréfs, ef kjörstjórn hefði vegna rangs útreiknings atkvæða veitt þeim frambjóðanda kjörbréf, sem færri hafði atkvæði. En þá mundi kosningarathöfnin ekki verða ógilt að öðru leyti, heldur mundi yfirkjörstjórn væntanlega verða skylduð til að veita þeim frambjóðanda kjörbréf, sem það hefði átt að fá samkvæmt réttum kosningaúrslitum. Annað mál er það, að slík mistök eru harla ólíkleg. Hins vegar mundi það valda ógildi kosningar, ef svo margir hafa ranglega verið teknir á kjörskrá eða svo mörgum hefur verið ranglega sleppt af kjörskrá, að úrslit hefðu getað hafa orðið önnur, ef rétt hefði verið að farið.

En stundum verður þó samkvæmt 142. gr. kosningalaganna að ógilda kosningu, jafnvel þótt misfellurnar hafi ekki, svo að séð verði, skipt máli um kosningaúrslit. Atferli frambjóðanda, umboðsmanna hans eða meðmælenda lista kann að vera svo löglaust eða ósæmilegt, að ekki megi láta þeim órefsað fyrir það, svo að það mundi særa almenning og hnekkja virðingu Alþingis, ef kosning væri metin gild, svo sem ef einhver þessara aðilja hefur keypt atkvæði, beitt nauðung eða stórfelldum blekkingum um atriði, er miklu máli skipta, fölsunum atkvæða o. s. frv., sbr. 139 gr., kosningalaganna 1934 og 1942. Hins vegar þykir það ekki eiga að koma frambjóðanda eða flokki hans til tjóns, þótt aðrir en áðurnefndir aðiljar, t. d. kjörstjórnir eða kjósendur, gerist sekir um vísvitandi misfellur, ef þær reynast ekki skipta máli um úrslit kosningar. Slíkar ávirðingar kunna allt að einu að vera refsiverðar samkvæmt XXII. kafla kosningalaganna beggja eða eftir XIV. kafla almennra hegningarlaga, ef kjörstjóri á hlut að máli eða annar opinber starfs-

maður, sem starfa skal að kosningum samkvæmt starfsskyldu sinni.

Vitanlega verður það einatt vafasamt matsatriði, hvort misfellur skuli meta svo verulegar, að ógildingu kosninga varði. Verulegur telst gallinn, ef *ætla* má, að hann skipti máli um kosningaúrslit. Um misfellur af hálfu frambjóðanda, umboðsmanna hans og meðmælanda lista segir berum orðum, að þeir orki ógildingu kosningar, ef þeir eru *verulegir*. Það metur Alþingi að sjálfsögðu.

IV. Verkanir ógildingar kosninga. Úrskurður um ógildingu kosningar í einmenningskjördæmi hlýtur auðvitað að hafa þá verkun, að kosning verður að fara þar fram af nýju. Ef um lista er að tefla, fer um alla þingmenn kosna af listanum eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild, 4. málsgr. 142. gr. kosningalaganna beggja. Þá verður uppkosning að fara fram. Mundi kosning listans í heild þá venjulega verða úrskurðuð ógild, og taka þá ákvæði 2. málsgr. 143. gr. kosningalaganna til þess, en þar segir svo, að öll kosningin í kjördæmi með hlutbundnum kosningum skuli endurtekin, ef heill listi er úrskurðaður ógildur. Ef misfellur varðandi lista snerta framboð hans og telja mætti þær verulegar, þá er hætt við því, að listinn verði í heild metinn ógildur. En ef misfellur varða einungis tiltekinn frambjóðanda á lista, en aðrir gallar eru ekki á, sem orka ættu ógildingu kosningar listans, þá mun kosning ekki eiga að fara fram af nýju, heldur mun þá varamaður taka sæti þess þingmanns, sem misfellan varðaði. Í 1. málsgr. 143. gr. kosningalaganna beggja virðist vera til þessa ætlazt og er berum orðum sagt, ef maður verður af þingmennsku vegna missis kjörgengis. Ef sá maður einhver, sem orðið hefur uppbótarþingmaður missir þingmennsku af ástæðum, sem varða hann sjálfan eingöngu, þá virðist varamaður einnig eiga að taka sæti hans, enda væri mjög hart, ef endurtaka skyldi kosninguna alla fyrir þær sakir. En ef kosning heils lista er ógilt, þá verður jafnan að láta kosningu fara fram af nýju. Þá verður *öll* kosningin, og ekki að eins kosning þess lista, endurtekin, 2. málsgr. 143. gr. kosningalaganna beggja.

V. Uppkosning skiptir auðvitað sama máli um þingmennsku fyrir það kjördæmi, sem hún fer fram í, og kosning, sem er þáttur í almennum Alþingiskosningum. Hér er einungis ástæða

til að athuga það, hvort uppkosning geti gert breytingar á uppbótarþingsætum. Uppkosning í einu kjördæmi eða fleirum, sem reyndar er sjaldgæf og ólíkleg, getur auðveldlega breytt eitthvað hlutfalli milli þingmannatölu flokka og atkvæðatölu. Einn flokkur bætir við sig atkvæðum í kjördæmi og vinnur ef til vill þingsæti á kostnað annars flokks. Svo má þá verða, að flokkurinn A ætti að fá einum uppbótarþingmanni fleira, en flokkurinn B ætti að missa einn uppbótarþingmann, eða einum uppbótarþingmanni ætti að bæta við, enda hafi tala þeirra ekki verið fyllt eftir síðustu almennar kosningar. Í 133. gr. kosningalaganna beggja er skorið úr þessum atriðum. Í fyrri málsgr. greinarinnar segir, að landskjörstjórn skuli, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi fyrir það þingsæti sitt. En í síðari málsgr. segir þó jafnframt, að uppbót (þ. e. tala uppbótarþingsæta) flokks miðist aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna, þó að frambjóðandi hans fjölgi við sig atkvæðum í uppkosningu. Þótt flokkinn hafi t. d. vantað 5 atkvæði til þess að fá einum uppbótarþingmanni fleira eftir aðalkosninguna, þá fær hann ekki þá uppbót eftir uppkosninguna, þó að hann bæti við sig í henni 5 atkvæðum eða meir. Ef flokkur fækkar hins vegar atkvæðum sínum í uppkosningu svo, að hann hefði t. d. átt að fá einum uppbótarþingmanni færra, ef hann hefði haft þá atkvæðatölu eftir aðalkosninguna, þá fækka uppbótarsæti hans um eitt. Loks segir svo, að flokkur, sem í aðalkosningum hefur ekki komið að manni í kjördæmi, fái ekki rétt til uppbótarþingsætis, þótt hann fái þingsæti í uppkosningu. Uppkosning getur því haft í för með sér þingmannafækkun, en ekki fjölgun. Ef uppkosning leiðir til fækkunar uppbótarþingsæta, þá verður og samsvarandi fækkun varamanna, því að þeir verða aldrei fleiri en uppbótarþingmennirnir eru í öndverðu eftir almennar kosningar.

7. gr.

**Skipun Alþingis (sameinað þing, þingdeildir).**

Stjórnskipulög nr. 18/1934, sem ákvað tölu Alþingismanna allt að 49, hafði í för með sér nokkra breytingu á skipan Al-

þingis. Hins vegar skiptir fjölgun Alþingismanna í allt að 52 samkvæmt stjórnskipunarlögum nr. 78/1942 ekki slíku máli um skipun þingsins sem hin áðurnefndu stjórnskipunarlög. Þriggja þingmanna viðbótin veldur að vísu samsvarandi fjölgun í sameinuðu þingi og í þingdeildunum, en meginreglur um skipun deildanna eru hinar sömu sem lögleiddar voru með stjórnskipunarlögum 1934 2. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 20/1934 og 5. gr. laga nr. 50/1936, nú 6. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 115/1936. Samkvæmt 2. gr. stjórnskipulaga nr. 18/1934, nú stjórnarskrá nr. 33/1944 32. gr., á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. En ef tala þingmanna verður svo, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild. Ef talan 3 gengur upp í tölu þingmanna, verður nákvæmlega þriðjungur þingmanna í efri deild og tveir þriðjungar í neðri deild. Nú eru þingmenn 52, og verða því 17 í efri deild og 35 í neðri deild. Stjórnskipulögin láta það óákveðið, hvernig haga skuli kosningu þingmanna til efri deildar og hversu langan tíma kosning skuli gilda. Almenni löggjafinn hefur því frjálsar hendur um það atriði. Þessu þurfti að skipa áður en stjórnskipulög nr. 18/1934 komu til framkvæmdar, og voru því þegar í lögum nr. 20/1934 2. gr. sett ákvæði um kosningu til efri deildar. Þegar eftir kosningu starfsmanna í sameinuðu þingi og kosningu kjörbréfanefndar skal kjósa til efri deildar þá tölu þingmanna, sem þar eiga sæti, og skal kosning vera hlutbundin. Ekki segir þar, hvort kosning skuli einungis gilda eitt þing eða kjörtímabilið. Úr þessu er svo skorið í þingskapalögum nr. 115/1936 8. gr. 1. málsgr. þannig, að kosning til efri deildar skuli gilda allt kjörtímabilið. Þó að boðið væri í 2. gr. laga nr. 20/1934, að kosning til efri deildar skyldi vera hlutbundin, var ekki berum orðum sagt, að hver flokkur, sem komið gæti þingmanni í deildina, væri skyldur til að bera fram lista til kosningarinnar eða greiða atkvæði. Mátti því svo fara, að flokkur teldi sér hag í því að leggja engan til frá sér til deildarinnar. Þetta hafði komið fyrir, en sætti andmælum af hálfu annarra flokka. Tveir flokkar báru fram sameiginlegan lista og þriðji flokkur sinn, en fjórði flokkurinn kvaðst ekki óska að bera upp lista, en gerði það þó, eða formaður flokksins síðar, þótt sá listi væri úrskurðaður ógildur, að margra skoðun ranglega, en annar listi með manni úr þeim flokki, en eigi bor-

inn fram af flokknum, tekinn gildur.[1]) Fyrir því var svo mælt í 5. gr. laga nr. 50/1936, að hverjum þingflokki skuli skylt að tilnefna á lista þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. En ef tveir flokkar eða fleiri eru í bandalagi um kjör til efri deildar eða þingflokkar og þingmenn utan flokka, þá skal talan á listanum vera miðið við samanlagt atkvæðamagn bandalagsins. Efri deild verður með þessum hætti nokkurs konar smækkuð mynd af neðri deild, enda verður styrkleikahlutfallið milli flokka mjög líkt í báðum deildum. Ef atkvæðamagn tveggja eða fleiri kjöraðilja er jafnt í kosningu til efri deildar við kosningu síðasta manns þangað, þá skal hvor eða hver tilnefna mann í vafasætið, en hlutkesti ræður svo, hvor eða hver hreppir það. Flokkur er því að eins skyldur að tilnefna þingmann eða þingmenn til efri deildar, að hann hafi atkvæðamagn til að koma manni þangað. Flokkur eða kosningabandalag þriggja manna getur komið einum manni í efri deild með þingmannatölu þeirri, sem nú er. Utanflokkamenn einir sér geta því engu ráðið um skipun efri dieldar, en flokkur getur sett þá á lista sinn. Ef flokkur, sem atkvæðamagn hefur til að koma manni í efri deild, skýtur sér undan skyldi sinni, þá nefnir forseti sameinaðs alþingis þingmann eða þingmenn úr þeim flokki eða kosningabandalagi til efri deildar í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Og er sá eða þeir rétt kjörnir til efri deildar. Skal hér og hlutkesti ráða, ef þörf gerist. Ekki eru fyrirmæli um það, hvernig úr því skuli skera, hvort telja megi kosningabandalag milli flokka eða flokka og utanflokkamanna, ef ekki hefur fengizt yfirlýsing þeirra þar um eða það hefur komið fram á fulltryggan hátt. Slíkt bandalag kynni að hafa komið í ljós í kosningum forseta sameinaðs þings, svo að varla verði um villzt, jafn vel þótt kosning sé leynileg, því að atkvæðatala flokks getur sýnt það, að hann hafi fengið viðbót við atkvæðatölu sína, sem svari til þess, að annar flokkur eða utanflokksmenn hafi verið í bandalagi við hann um þær kosningar. Ef sæti losnar í efri deild og annar maður er kosinn í staðinn, þá tilnefnir sá flokkur, sem skipa á sætið samkvæmt 6. gr. þingskapalaganna, mann í auða sætið. Þessi maður þarf því ekki nauðsynlega að vera nýi þingmaðurinn. Þótt nefndur sé einungis „kosinn“ þing-

1) Alþtíð. 1934 B. 11 o. s. frv.

maður, með því að löggjafinn hefur haft einmenningskjördæmakjör í huga, hlýtur reglan að gilda jafnt, ef varamaður þingmanns með hlutbundinni kosningu eða uppbótarþingmanns tekur sæti á Alþingi.

8. gr.

## Helztu breytingar á lögkjörum Alþingis og Alþingismanna síðan 1930.

1. *Friðhelgi Alþingis og vernd.* Samkvæmt 32. gr. stjórnarskrá nr. 9/1920 og nú 36. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 er Alþingi friðheilagt og enginn má raska friði þess eða frelsi. Refsifyrirmæli til verndar Alþingi voru fyrr í 96. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, en nú í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 100. gr. Sá verður sekur við ákvæði 100. gr. hegningarlaganna, er a) ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, b) lætur boð út ganga, sem að því lýtur eða c) hlýðir slíku boði. Greinin varðar *árás* á Alþingi, er hafi í för með sér hættu fyrir það sjálft eða sjálfræði þess. Ákvæði greinarinnar taka til ofríkis athafna, sem beinast gegn ákvörðunarrétti Alþingis um athafnir sínar. Árás í orðum mun ekki vera refsiverð eftir þessari grein, nema orðin feli í sér *boð* til annarra um framningu slíkrar árásar. Hvatnig til slíkra verka mundi vera refsiverð eftir hlutdeildarreglum hegningarlaganna, sbr. 22. gr. þeirra, og eftir 121. gr. þeirra, ef hún beinist ekki til ákveðins manns og er opinberlega látin í ljós. Refsing fyrir brot samkvæmt 100. gr. hegningarlaganna er 1 árs fangelsi hið skemmsta, en getur orðið ævilangt fangelsi.

Bæði í almennum hegningarlögum og í lögum um kosningar til Alþingis eru miklu rækilegri fyrirmæli um brot á fyrirmælum kosningalaga og um ýmiss önnur brot, sem refsiverð eru, þótt þau séu ekki framin í sambandi við Alþingiskosningar. Má nefna 102. og 103. gr. hegningarlaganna og 146—150. gr. kosningalaganna beggja. Auk þess má telja fyrirmæli 139. gr. kosningalaganna, um óleyfilegan kosningaáróður, óbeinlínis til verndar Alþingi, með því að þau eiga að stuðla að því, að niðurstöður kosninga verði sem réttust mynd af skoðunum og óskum kjósanda, og þar með að Alþingi og ráðstafanir þess verði einnig sem réttust mynd af skoðunum og óskum kjósenda.

Brot í sambandi við Alþingiskosningar kunna þeir að fremja, sem samkvæmt opinberri starfsskyldu eiga að vinna að Alþingiskosningum, svo sem hreppsnefndir og bæjarstjórnir, sem annast eiga gerð kjörskrár, kjörstjórar í kjördeildum, menn í yfirkjörstjórnum og landskjörstjórn. Brot þeirra varða öll við ákvæði XIV. kafla almennra hegningarlaga eftir atvikum saman borið við einstakar greinir sömu laga, sbr. 138. gr. hegningarlaganna, nema sérákvæði kosningalaganna um refsingar séu einhlít. Sérstök refsifyrirmæli um ávirðingar þeirra opinberra starfsmanna, sem að Alþingiskosningum starfa, eru í 146. gr., 8. tölul., 147. og 1.—3. tölul. 148. gr. kosninglaaganna beggja (Ýmiss konar vanræksla, óleyfileg aðstoð við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, njósn um kosningu kjósanda, frásögn um kjör hans, vanskil á kjörgögnum o. s. frv.). Um annarra manna brot eru og allrækileg ákvæði. Í 102. gr. hegningarlaganna er refsing lögð við því, ef maður leitast við að aftra því, að Alþingiskosningar fari fram. Og í 103. gr. þeirra og í 149. og 150. gr. kosningalaganna eru fyrirmæli um refsingar fyrir stórfelldustu brotin, svo sem kaup og sölu atkvæða, nauðung, sviksemi við kjósendur, rangfærslu á niðurstöðum atkvæðagreiðslu, undanskot atkvæða o. fl. Í 147. gr. kosningalaganna er refsing mælt fyrir margvísleg minni háttar brot, svo sem ávirðingar frambjóðanda og annarra varðandi framboð, ávirðingar kjósenda í sambandi við atkvæðagreiðslu, útgáfu villandi kosningaleiðbeininga o. fl.

II. *Ýmis atriði varðandi skipun Alþingis og þingsköp.* Í þeim efnum hafa nokkrar breytingar orðið síðan 1930, sem ekki hefur áður verið getið, og ýmislegt nýtt við bætzt, og skal það hér talið.

1. Með lögum nr. 54/1934 var ákveðið, að varaforsetar, fyrsti og annar, skyldu vera tveir í sameinuðu þingi, eins og í þingdeildunum. Þetta ákvæði var svo tekið í 1. málsgr. 3. gr. þingskapalaga nr. 115/1936.

2. *Varaþingmenn.* Í stjórnskipulögum nr. 18/1934 var ekki um það mælt, hve nær varaþingmenn skyldu taka sæti á Alþingi, og hefur því almenna löggjafanum verið fengið vald til að skipa því máli. Voru sett um það fyrirmæli í 144. gr. kosningalaga nr. 18/1934, nú kosningalög nr. 80/1942 144. gr. Þingmenn í kjördæmum með hlutbundnum kosningum og uppbótarþingmenn hafa varaþingmenn, eins og fyrr er sagt. Ef slíkur

þingmaður fellur frá eða forfallast, þar með talinn missir kjörgengis og væntanlega einnig, ef kosning hans eins á lista er ógilt, sbr. 143. gr. kosningalaganna, tekur varamaður sæti á Alþingi í stað hans. Varamenn taka sæti eftir kjörröð sinni, fyrsti varamaður fyrst, síðan annar o. s. frv., hvar sem aðalþingmaður hefur verið í kjörröðinni. Þó að t. d. annar maður af lista Sjálfstæðisflokksins falli frá eða forfallist, þá mundi fyrsti varamaður þess lista taka sæti hans, nema hann sitji þegar á þingi í stað annars þingmanns af listanum. Og alveg tilsvarandi gildir um varamenn uppbótarþingmanna.

Þingsetutíma varamanna fer eftir því, hvers vegna sæti aðalmanns hefur orðið autt. Ef hann deyr, missir kjörgengi eða segir af sér þingmennsku, þá situr varamaður á Alþingi það, sem eftir er kjörtímabilsins. En ef aðalþingmaður forfallast vegna veikinda „eða annars", getur hann látið varamann sinn taka sætið, meðan forföll standa, þó aldrei skemur en tvær vikur, nema Alþingi verði rofið áður en því er slitið eða frestað.

Tilkynna skal þingmaður forseta deildar sinnar eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni standa. Engar takmarkanir eru settar um forföll. Þau geta bæði verið fólgin í veikindum þingmannsins sjálfs og heimafólks hans, öðrum skyldustörfum hans og einstaklingsnauðsynjum annars. Og umsögn þingmannsins sjálfs nægir þeim til sönnunar. Í lögunum segir, að þingmaður, sem forfallast, eigi *rétt* á að láta varamann sinn taka sæti sitt, meðan forföllin standa. Hætt er við, að sá flokkur, sem þingmaðurinn telst til, mundi telja sig vanhaldinn, ef þingmaður forfallaðist lengi, en hirti ekki að láta varamann sinn taka sæti sitt. Og mætti þá ef til vill ætla, að flokkurinn hefði sjálfstæðan rétt til þess að heimta, að þingmaðurinn annað hvort kæmi sjálfur eða varamaður í stað hans.

Varamaður tekur sæti í þingnefndum þeim, sem aðalþingmaðurinn situr í, og er því auðsætt, að varamaður sezt í þá deild, sem aðalþingmaðurinn sat í, enda hefur varamaðurinn öll þingmannsréttindi og skyldur, meðan hann situr á Alþingi.

Kjörbréf varamanna eru prófuð um leið og kjörbréf þingmanna samkvæmt 2. málsgr. 1. gr. þingskapalaganna.

3. Á nefndaskipun Alþingis hefur orðið nokkur breyting síðan 1930, með því að bætt hefur verið við hinar föstu nefndir

þingsins nokkrum nýjum nefndum og breyting hefur orðið á skipun fjárveitinganefndar.

Í hvorri deild þingsins hefur þessum nefndum verið bætt við:

a) *Iðnaðarnefnd*, lög nr. 12/1932, nú 16. gr. þingskapalaga nr. 115/1936.

b) *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd*, lög nr. 8/1943.

Í sameinuðu Alþingi hafa þessar nefndir verið lögskipaðar:

a) Með því að ákveðið var í 6. gr. stjórnskipulaga nr. 22/1934, að fjárlög og fjáraukalög skyldi leggja fyrir sameinað Alþingi og afgreiða þar að öllu leyti, og með því að þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, skal og afgreiða í sameinuðu þingi að öllu leyti samkvæmt lögum nr. 50/1934, nú 29. gr. þingkapalaga nr. 115/1936, þá var fjárveitinganefndum deildanna ekkert verkefni eftir skilið. Því var svo mælt í 4. gr. laga nr. 20/1934, að skipa skyldi þegar á 2. fundi sameinaðs Alþingis fasta fjárveitinganefnd 9 manna, er tekur frumvarp til fjárlaga, fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, til meðferðar.

b) Samkvæmt 4. gr. laga nr. 20/1934, nú 16. gr. þingskapalaga nr. 115/1936, skal á 2. fundi sameinaðs Alþingis skipa *utanríkismálanefnd* 7 manna og eftir 16. gr. þingskapalaganna 7 menn til vara. Til þessarar nefndar skal vísa utanríkismálum, sem til þingsins koma, og þeim öðrum málum, er sameinað Alþingi eða önnur hvor deildin ákveður. En vafalaust verða þau mál að einhverju leyti að varða skipti ríkisins út á við, t. d. utanríkisverzlun, samningagerðir við önnur ríki o. s. frv. Um þessa nefnd er það sérstakt, að hún starfar einnig milli þinga, og skal þá ráðuneytið jafnan bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga. En sá háttur er mjög hafður að bera mál þessi undir nefndina, áður en þau eru borin fyrir þingið, og auðvitað ekki síður þau mál, sem eftir eðli sínu þurfa ekki eða eiga ekki að fara til þingsins.

c) Tillaga til þingsályktunar, sem borin er upp í þingdeild, skal leggja fyrir sameinað Alþingi, ef ekki verður samkomulag um hana milli deildanna, en hvorug deildin fellir hana þó. Einnig er það mikill siður að bera upp í sameinuðu þingi tillögur til þingsályktunar um margháttuð efni, sbr. 29. gr. þingskapalaganna. Slíkar tillögur er oft nauðsynlegt að athuga í nefnd, en í lögum um þingsköp var ekki mælt um aðrar nefndir í sameinuðu þingi en nú hefur verið talið. Því var svo mælt í

lögum nr. 56/1938, að einnig skyldi kjósa á 2. fundi sameinaðs Alþingis *allsherjarnefnd*, skipaða 7 mönnum, og á að vísa til hennar öðrum málum en þeim, sem fjárveitinganefnd og utanríkismálanefnd fær til meðferðar frá sameinuðu þingi. Allsherjarnefnd getur því fengið mjög margvísleg mál til athugunar. En sjálfsagt getur hún leitað álits þeirra nefnda deildanna, sem málinu mundi helzt hafa verið vísað til, ef það hefði verið borið upp í þingdeild.

4. *Útvarp frá Alþingi.* Í 9. gr. laga nr. 20/1934 er gert ráð fyrir því, að umræðum á Alþingi kunni að vera útvarpað, og forsetum þingsins heimilað að setja upp ræðustóla í því skyni. Í lög nr. 50/1936 voru loks tekin fyrirmæli um útvarp umræðna á Alþingi og eru þau ákvæði svo tekin í þingskapalög nr. 115/1936. Eru aðalákvæðin þar í V. kafla (51.—60. gr.). Takmarkanir eru settar um það, hve nær útvarpa skuli umræðum á Alþingi. Mundi og ótakmarkaður réttur til slíks, ef hans væri neytt út í æsar, standa því mjög í vegi, að ríkisútvarpið gæti innt af hendi aðrar skyldur sínar gagnvart útvarpsnotendum. Útvarpa skal skilorðslaust:

a) Þingsetningu og þinglausnum. Er sjálfsagt talið, að almenning fýsi að vita setningu Alþingis og hvað þar fer fram. Á þinglausnafundi er það venja, að forseti sameinaðs Alþingis gefi skýrslu um þingstörfin, sem aðallega er fólgin í greinargerð um það, hversu mörg lagafrumvörp hafi sætt meðferð á þinginu og hver afdrif þeirra hafa þar orðið.

b) Framsöguræðu fjármálaráðherra um frumvarp til fjárlaga.

Skal forseti þá gera ráðstafanir til útvarps að sjálfsdáðum. Ef óskað er, þá er skylt að útvarpa:

a) Hálfrar stundar umræðum af hálfu annarra þingflokka við upphaf fyrstu umræðu fjárlaga, enda hafi fjármálaráðherra þá rétt til stundarfjórðungs svarræðu. Mun vera til þess ætlazt, að flokkur sá, er fjármálaráðherra telst til, fái engan útvarpstíma að þessu sinni, því að ráðherrann er víst talinn fyrirsvarsmaður þess flokks.

b) Þegar samþykki allra þingflokka kemur til. Þá hefur komið fram ósk um útvarpsumræður frá einum flokki eða tveimur.

c) Nú má vera, að þingflokkur óski útvarpsumræðna, en annar eða aðrir flokkar neiti um samþykki sitt til þeirra, og

skal þá samt útvarpa umræðu, ef þingflokkur itrekar kröfu sína. En réttur til útvarps án samþykkis annarra þingflokka gildir þó að eins um tvær umræður umfram þann flokk, sem sjaldnast hefur neytt þessa réttar. Ef flokkurinn A hefur aldrei neytt réttarins, mundi enginn annar flokkur geta neytt hans oftar en tvisvar á sama þingi.

Þá eru fyrirmæli, sem eiga að tryggja þingflokkum jafnrétti. Hver þingflokkur á að fá jafn langan ræðutíma, enda skal forseti gefa þingmönnum færi á að tala þannig, að flokkarnir skiptist á. Einnig er þingmönnum utan flokka veitt heimild til að tala í útvarp, þegar umræðum er útvarpað, en fá þó ekki meira en hálfan þann ræðutíma, sem þingflokki er ætlaður. Og ef fleiri eru utanflokkaþingmenn en einn, þá fá þeir aldrei lengri ræðutíma samanlagt en einn þingflokkur hefur.

Útvarpstími er ekki takmarkaður við þingsetningu eða þinglausnir, og ekki er ræðutími fjármálaráðherra um framsögu fjárlaga í fyrstu umræðu heldur takmarkaður. Annars er útvarpstími jafnan takmarkaður. Umræðum er hagað svo, að fyrirsvarsmenn þingflokka tala hver á eftir öðrum og utanflokkamenn, ef því er að skipta, og er það kallað umferð. Síðan kemur næsta umferð með sama hætti, og fær þá hver flokkur tiltekinn tíma í hverri umferð. Í framhaldsumræðu fyrstu umræðu fjárlaga og í umræðu um vantraust á ráðuneyti eða ráðherra er umferðafjöldinn ákveðinn og er tími hverrar umferðar mæltur í þingskapalögunum þannig, að ræður í fyrstu umferð megi taka eina klukkustund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjá stundarfjórðunga. Þá er útvarpsumræðum um fjárlög og vantrauststyfirlýsingu að fullu lokið. Útvarpsumræðu um þessi efni geta þá ekki síðan farið fram, nema með afbrigðum frá þingsköpum eftir 64. gr. þingskapalaganna. Þegar umræðum er útvarpað annars, skulu umferðir vera tvær, og hver þingflokkur fær þrjá stundarfjórðunga til umráða, enda má ákveða, að umræður standi ekki lengur en þrjár klukkustundir samtals og styttir forseti þá umferðartíma að sama skapi.

Þingflokkar ráða nauðvitað, hverir flokksmanna tala fyrir flokkinn, en forseti stjórnar umræðum, sem annars. Ræðumenn tala ekki úr sæti sínu, eins og annars, heldur verða þeir að vera við hljóðnemann, 34. gr. þingskapalaganna. Loks skal þess geta, að svo er mælt í 52. gr. þingskapalaganna, að ákvæði 35. gr.

þeirra um málfrelsi ráðherra gildi ekki um útvarpsumræður. Ráðherra getur auðvitað talað í útvarp, en einungis með sama hætti sem aðrir þingmenn, ef hann er þingmaður. En mjög má um það efast, hvort þetta ákvæði 52. gr. þingskapalaganna fær samrýmzt 51. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, áður 47. gr. stjórnarskrár nr. 9/1920. Samkvæmt henni mega ráðherrar taka svo oft til máls sem þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa að vísu, sem mun merkja, að ræðutíma þeirra megi stytta eftir sömu reglum sem annarra, en ekki svipta þá rétti til að taka til máls, meðan umræðu er ekki lokið. Ef t. d. ráðherra væri borinn þungum sökum í útvarpsræðu, þá er hann það verr settur en ella, að hann getur ekki borið af sér sakir á þeim vettvangi. Ef ráðherra er í þingflokki, má að vísu gera ráð fyrir því, að flokkur hans veiti honum hluta af sínum ræðutíma til að bera af sér sakir, en jafnvel þótt svo væri, þá kæmi það ekki að haldi, ef áburðurinn væri geymdur, þar til er talsmenn flokksins hafa að fullu notað ræðutíma flokksins.

5. *Kjör þingmanna.* Þingmenn njóta auðvitað dýrtíðaruppbótar á þingfararkaup sitt með sama hætti sem aðrir opinberir starfsmenn. En annars hefur lögum um þingfararkaup ekki verið breytt síðan lög nr. 36/1919 voru sett, fyrr en 1943, er lög nr. 9 það ár mæla Alþingismönnum aukin hlunnindi. Samkvæmt þessum lögum á ríkisstjórnin að sjá hverjum þingmanni, sem búsettur er utan Reykjavíkur, fyrir leigulausum bústað, meðan á þingi stendur, enda hafi þingmaður borið fram ósk um það með hæfilegum fyrirvara. Þeir utanþæjarþingmenn, sem sjálfir sjá sér fyrir húsnæði, skulu fá húsaleigustyrk eftir mati þingfararkaupsnefndar. Einnig er ríkisstjórninni heimilað að láta reisa hús eða kaup hús fyrir þingmannabústað, og að verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess, og á rekstrarkostnaður slíks húsnæðis að teljast með Alþingiskostnaði. Loks er ríkisstjórninni veitt heimild til að leigja húsnæði til þessara nota.

IV. Í inngangi þessarar greinargerðar var stutt yfirlit þeirra aðgerða, sem Alþingi hafði með höndum varðandi skilnað Íslands og Danmerkur. Hér verður að geta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjafarstarfi Alþingis síðan 1930. Þær breytingar eru tvenns konar: Breytingar um meðferð fjárlaga og fjáraukalaga og breytingar á valdi Alþingis um lagasetningu almennt.

1. Eftir eldri reglum fengu fjárlög og fjáraukalög meðferð

í báðum deildum þingsins áður en þau gátu komið til meðferðar í sameinuðu Alþingi, eins og önnur lagafrumvörp. Með stjórnskipulögum nr. 22/1934 6. gr. var þessu breytt þannig, að frumvarp til þesara laga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þau þar með þremur umræðum. Sameinað Alþingi kýs, eins og áður er sagt, fjárveitinganefnd, sem athugar frumvörpin, sem svo sæta meðferð í sameinuðu þingi með samsvarandi hætti og í hvorri deild áður. Ákvæðin um þetta standa nú í 42. og 45. gr. stjskr. nr. 33/1944. Fjárlagafrumvarp og fjáraukalaga verða afgreidd með einföldum meiri hluta, eins og áður.

2. Samkvæmt 26. gr. stjskr. nr. 33/1944 skal leggja lagafrumvörp fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en 2 vikum eftir að það hefur verið samþykkt. Ráðherra sá, sem fara á með málið samkvæmt starfaskiptingu milli ráðherranna, á auðvitað að annast framlagningu frumvarps fyrir forseta. Ef hann gætir þess ekki að gera það innan þessara tímamarka, þá hefur hann sjálfsagt unnið sér til ábyrgðar. Ráðherra mundi varla geta afsakað sig með því, að þing- eða deildarforseti hefði ekki sent honum frumvarp í tæka tíð, því að það má staðfesta eftir þingskjalinu, sem ráðherra er innan handar að ná og nota. En vafasamt kann að vera, hvort vanrækslan hefur víðtækari afleiðingar. Er frumvarp fallið niður, ef dregizt hefur 2 vikum lengum að leggja það fyrir forseta til staðfestingar? Ef svo er, þá mundi staðfesting síðar ekki stoða, og dómstólar mættu þá ekki dæma eftir slíkum „lögum". Í 22. gr. stjórnarskr. nr. 9/1920 var svo mælt, að frumvarp, sem ekki hafði hlotið staðfestingu konungs áður en næsta reglulegt Alþingi kom saman, væri fallið niður. Þetta ákvæði er ekki í stjórnarskr. nr. 33/1944. Nú sýnist svo, að berum orðum hefði þurft að segja það, ef brot á tímamarksákvæði 26. gr. ætti að hafa í för með sér niðurfall frumvarpsins. En annars má sjálfsagt um þetta deila. Ef forseti staðfestir frumvarp, nær það lagagildi, auðvitað að því tilskildu, að ráðherra undirriti það með honum. En ef forseti synjar frumvarpi staðfestingar, þá er það þó ekki þar með fallið úr sögunni. Forseti hefur heimild til að synja frumvarpi staðfestingar, og þarf ekki til þess atbeina nokkurs ráðherra, enda má vera, að allir ráðherrarnir séu andstæðir forseta um synjunina. Hefur nefnd þeirri, sem undirbjó frumvarpið að stjórnarskránni, verið þetta öldungis ljóst, svo sem sjá má í at-

hugasemd hennar við 26. gr. frumvarpsins. Synjunarrétturinn er persónulegur réttur forsetans, eins og t. d. réttur til að segja lausu forsetaembætti, er hann getur neytt án atbeina ráðherra.

Þó að forseti synji frumvarpi staðfestingar, þá fær það engu að síður lagagildi, en leggja skal það svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla svo úr gildi, ef samþykkis er synjað, en halda gildi sínu, ef samþykki fæst. Með þessum hætti fær Alþingi vald til að setja nokkurs konar bráðabirgðalög, ef forseti synjar staðfestingar. Tilvikið er ekki ósvipað örlögum bráðabirgðalaga eftir 28. gr. stjórnarskr. 1944. Bráðabirgðalög hafa verið framkvæmd, en falla úr gildi, ef Alþingi samþykkir þau ekki. Sams konar yrði um Alþingislög, sem forseti synjaði staðfestingar. Atkvæðagreiðsla kjósenda kæmi hér í stað Alþingis, sem hefur samþykki eða synjun samþykkis bráðabirgðalaga á valdi sínu, alveg eins og samþykki Alþingislaganna eða synjun er á valdi kjósenda. Úrlausn þess, hvernig færi um athafnir, sem framkvæmdar hafa verið á vafatímabilinu samkvæmt Alþingislögunum, mundi fara með svipuðum hætti og samsvarandi úrlausnir um athafnir framkvæmdar eftir útgáfu bráðabirgðalaga og þangað til Alþingi hefur ákveðið örlög þeirra.

V. Loks skal minnzt á *nokkur störf umboðslegs eðlis,* er til kasta Alþingis hafa komið á tímabili þessu. Áður er atbeina Alþingis um slit sambandsins við Danmörku getið. Annað mikilvægt *utanríkismál* hafði Alþingi einnig til meðferðar, þar sem var herverndarsamningur Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, staðfestur í ríkisráði 10. júlí 1941 (Stjórnartíðindi 1943 A bls. 328—336). Af mikilsverðum *innanríkismálum* má hér nefna kjör ríkisstjóra samkvæmt lögum nr. 25/1941 og kjör forseta Íslands, fyrsta sinni samkvæmt 1. málsgr. ákvæða stjórnarskrár nr. 33/1944 um stundar sakir. Annars hefur Alþingi gert ályktanir um alls konar framkvæmdir um innanríkismálefni með sama hætti og áður tíðkaðist.

# Efnisyfirlit.

*Serknesku tölurnar merkja blaðsíðutal.*


1. gr. Inngangur ..... 597—601
I. Aðgerðir Alþingis 1941 um stjórn og löggjöf landsins eftir hernám Danmerkur 597—598. — II. Atkvæðatala og þingmanna stjórnmálaflokka 1920—1934 og frá 1934—1942. Stjórnskipulagabreyting 1943 598—600. — III. Alþingisályktun 17. maí 1940. Kosningar sumar og haust 1942. Stjórnarskrárbreyting 600—601.

2. gr. Skipun kjördæma ..... 601—602
I. Kjördæmi eftir stjórnskipulagabreytingu 1934 og 1942 600—601. — II. Tala Alþingismanna eftir sömu lögum 602.

3. gr. Uppbótarþingsæti ..... 603—607
I. Réttur stjórnmálaflokka til þingmannatölu í hlutfalli við samanlagt atkvæðamagn. Uppbótarþingmenn 603. — II. Almenni löggjafinn kveður á um uppbótarþingsæti innan marka stjórnskipulaga 603. 1. Gæta skal þess, að jöfnuður milli flokka náist 604. 2. Hvað þingflokkur sé 604—605. 3. Landslistar, hverir megi vera á landslista og í hvaða röð 605—697.

4. gr. Kosningarréttur og kjörgengi til Alþingis .... 607—611
I. Kosningarréttur eftir stjórnarskrá nr. 9/1920 607. Kosningarréttur eftir stjórnskipulögum nr. 22/1934 607—608. Kosningarréttur að núgildandi lögum 608—610. — II. Kjörgengi. Dómarar 610—611.

5. gr. Alþingiskosningar ..... 611—633
I. Kjördeildir 611. — II. Kjörstjórnir 1. Kjörstjórnir í kjördeildum 611. 2. Yfirkjörstjórnir 612. 3. Landskjörstjórn 612. — III. Kjörskrár. 1. Gerð kjörskrár og gildi 612. 2. Efni kjörskrár. Kærur vegna kjörskrár og úrskurður um þær 612—613. Úrlausn dómstóla um kjörskrárkærur og þýðing hennar 613—615. — IV. Framboð. Í einmenningskjördæmum 615. Í tvímenningskjördæmum og í Reykjavík 615—616.

Framboð á landslista 616—618. — V. Undirbúningur af hálfu kjörstjórna. Aðgerðir yfirkjörstjórna 618. Aðgerðir landskjörstjórnar 618—619. — VI. Kjörseðlar. 1. Kjörseðlar handa mönnum, sem kjósa utan kjörstaða 619. 2. Kjörseðlar í óbundnum kosningum 619—620. Kjörseðlar í hlutbundnum kosningum 620. — VII. Kjördagur 620. — VIII. Kosningaathöfnin. 1. Kosning utan kjörstaða 620—621. 2. Kosningar á kjörstað 621 — IX. Kosningaúrslit. A. Kosningaúrslit í kjördæmum. 1. Umboðsmenn 621. 2. Úrskurður um gild atkvæði og ógild 621—623. 3. Úrskurðun atkvæðatalna. a. Í einmenningskjördæmum 623. b. Í tvímenningskjördæmum og í Reykjavík 623—624. 4. Skýrslur yfirkjörstjórna til landskjörstjórnar 624. B. Hlutverk landskjörstjórnar. Aðallega útreikningar 624—625. 1. Úrlausn um það, hverjum stjórnmálaflokki skuli telja frambjóðendur, og hvaða flokka skuli telja þingflokka 625. Úrlausn um samanlagða atkvæðatölu hvers flokks. Reglur um það 625—626. a. Úrlausn um það, hvaða flokkar skuli fá uppbótarþingsæti og hversu marga. Reglur um það 626—629. b. Hverir verði uppbótarþingmenn. Uppbótarþingmenn geta ekki orðið: 1. þeir, sem kosningu hafa hlotið í kjördæmi 629. 2. Þeir, er fallið hafa í kjördæmi, nema sá, er hæsta atkvæðatölu hefur fengið 629—630. Úthlutun uppbótarþingsæta milli þeirra, er koma til greina 630—632. Réttur flokksstjórnar til að bæta þingmannaefnum á lista landskjörstjórnar 632—633. Kjörbréf landskjörstjórnar 633.

6. gr. Úrskurðarvald um þingmannskjör ..... 633—638
I. Alþingi úrskurðar kosningar 633—634. — II. Kosningagögn. Hve nær Alþingi lýkur úrlausn sinni um gildi kosninga 634—635. — III. Reglur um það, hve nær úrskurða skuli kosningu ógilda. 635—637. — IV. Verkanir ógildingar kosninga 637. — V. Uppkosning og þýðing hennar 637—638.

7. gr. Skipun Alþingis (sameinað þing. Þingdeildir) .. 638—641
Tala þingmanna í deildum 638—639. Kosning sameinaðs Alþingis í deildir 639—641.

8. gr. Helztu breytingar á lögkjörum Alþingis og Alþingismanna síðan 1930 ..... 641—649
I. Friðhelgi Alþingis. Lög um brot í sambandi við Alþingiskosningar 641—642. — II. Breytingar varðandi skipun Alþingis og þingsköp. 1. Varaforsetar 642. 2. Varaþingmenn 642—643. 3. Breytingar varðandi nefndaskpun (iðnaðarnefnd og heilbrigðis- og félagsmálanefnd í deildum. Utanríkismálanefnd, fjár-

veitinganefnd og allsherjarnefnd í sameinuðu Alþingi) 643—645. 4. Útvarp frá Alþingi. Hve nær skylt er skilyrðislaust að útvarpa og hve nær ella 645—646. Ákvarðanir um útvarpstíma og hverir tala 646—647. 5. Kjör þingmanna 647. — IV. Breytingar á löggjafarstarfi Alþingis síðan 1930. 1. Meðferð fjárlaga í sameinuðu Alþingi 647—648. 2. Ef lagafrumvarp er of seint lagt fyrir forseta, og ef forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar 648—649. V. störf Alþingis umboðslegs eðlis 649.